Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á deildafundum 27. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar [22. mál] (A. 22).

Á 4. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Sþ., 7. des., var till. aftur tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Umr. verður hagað þannig, að hver þingflokkur hefur 45 mínútur til umráða, sem skiptast í tvær umferðir, fyrri umferð 25—30 mínútur og sú síðari 15—20 mínútur eftir atvikum, þannig að ræðutími hvers flokks verði samtals 45 mínútur. Röð flokkanna verður þessi: Sjálfstfl., Framsfl., Alþb., Alþfl. Tekur þá fyrst til máls hæstv. forsrh., Ólafur Thors, og talar af hálfu Sjálfstæðisflokksins.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þáltill. sú á þskj. 22, sem hér er til umr., fer fram á, að Alþ. samþykki, að fundum þingsins verði frestað frá 30. nóv. eða síðar, ef henta þykir, svo sem það er orðað, enda verði þingið kvatt saman eigi síðar en 28. jan. n. k. og þá að sjálfsögðu fyrr, ef rétt þykir.

Ástæðan til þess, að ég hef fyrir hönd stjórnarinnar borið þessa till. fram, er sú, að vegna þess að ríkisstj. tók ekki við völdum fyrr en 20. f. m., þ. e. a. s. sama daginn og Alþ. kom saman, hefur henni ekki gefizt nægur tími til að kynna sér til hlítar skýrslur þær um efnahagsafkomu þjóðarinnar, sem ýmsir helztu hagfræðingar landsins undir forustu efnahagsráðunauts stjórnarinnar, Jónasar Haralz ráðuneytisstjóra, hafa verið og eru enn að vinna að. Fékk fyrrv. hæstv. ríkisstj. hina fyrstu þeirra í hendur nokkru eftir kosningar, en við umboðsmenn Sjálfstfl. við samningana um stjórnarmyndun fengum þær ekki fyrr en um 10. nóv. Skýrslur þessar eru langar og fylgiskjölin mörg og von á fleirum. Þurfa þessi gögn nákvæmrar athugunar, en endanlegar ályktanir af þeim er ekki auðið að draga, fyrr en rannsókninni er lokið, sem enn getur dregizt nokkuð. Stjórnin telur þess vegna nauðsynlegt, að hún geti einbeitt sér að athugun á þessum höfuðmálum, sem allt veltur á, að vel takist til um.

Í rauninni tel ég þessi fáu orð nægjanlega greinargerð fyrir þingfrestunartillögunni, en vegna ofsafenginnar andstöðu stjórnarandstæðinganna gegn till., sem lýst hefur sér í látlausu málþófi undanfarna daga og nætur, skal ég þó bæta nokkru við.

Á undanförnum árum, t. d. 1954, 1955 og 1957, var Alþ. frestað frá því um miðjan desember og allt fram í febrúar, án þess að nokkrum andmælum væri hreyft. Stjórnin átti sér því eðlilega alls einskis ills von, þegar hún bar tillöguna fram. Það kom henni þess vegna gersamlega á óvart, að sömu menn¡rnir, sem áður hafa borið fram eða staðið að svipuðum tillögum, skuli nú allt í einu umhverfast, missa algerlega stjórn á skapi sínu og hafa hér í frammi dag og nótt málflutning, sem er í engu samræmi við fyrri aðgerðir þeirra, meðan þeir voru í stjórn eða stjórnarliði. Þannig hefur Tíminn t. d., ef ég man rétt, eftir hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, um þingfrestunina þessi ummæli: „Þetta er fullkomið gerræði og lítilsvirðing við löggjafarsamkomuna og grímulaus tilraun til að svipta hana áhrifavaldi" o. s. frv. Rökin fyrir þessum harða dómi eiga svo að vera þau, að óafgreidd mál liggi fyrir þinginu.

Ég leyfi mér nú að skora á framsóknarmenn að upplýsa, hvenær þingi hafi yfirleitt verið frestað eða slitið, án þess að fjöldi óafgreiddra mála hafi legið fyrir. Það hefur a. m. k. aldrei skeð, síðan ég kom á þing fyrir nærri þremur og hálfum áratug. Svona rökfærsla sýnir það eitt, að menn eru miður sín, hafa glatað bæði dómgreind og jafnvægi.

Síðan er talað um „eymd stjórnarinnar", svo sem Tíminn kveður að orði, að hafa ekki úrræði í efnahagsmálunum á reiðum höndum sama daginn og stjórnin tók við völdum. Þetta segja menn¡rnir, sem kvöddu saman Alþingi 10. okt. 1957 og lýstu að sönnu yfir, að án samráðs við þinglið sitt gætu þeir alls engar tillögur gert um lausn efnahagsmálanna. Síðan héldu þeir þinginu svo aðgerðalausu í 8—9 vikur, að hrein undantekning var, að nefndir héldu nokkurn fund, að fjvn. einni undantekinni, og þingfundirnir stóðu að meðaltali

aðeins hálfa klukkustund á viku þessa rúma tvo mánuði. Allan þann tíma átti ríkisstj. í innbyrðis deilum.

Samráð við þingið hafði hún hins vegar alls ekkert, ekki heldur við stuðningsmenn sína, flesta a. m. k., og sannaði þar með, að þingið væri alls ekki kvatt saman til þess, að stjórnin hefði við það samráð eða samstarf, heldur einvörðungu í því skyni að reyna að breiða yfir sundurlyndi innan sjálfrar ríkisstj.

Snemma í desembermánuði gaf stjórnin öllum á óvart fyrirmæli um afgreiðslu fjárlaga, sem þó aðeins voru nafnið eitt, en frestaði síðan þingi upp úr miðjum desember og allt fram í febrúar með það heit á vörum, að þá skyldi úrræðin þó a. m. k. ekki skorta. Því heiti brást hún þó sem fleiru og lét þingið sitja athafna- og auðnulítið og enn án þess, að samráð væri haft við það, fram í maímánuð, að stjórnin lagði fram gengisfellingarfrv. sitt, bjargráðin svonefndu. Allt var þetta til lítils sóma, til viðvörunar, en ekki til eftirbreytni. Það er von, að slíkir menn séu viðkvæmir fyrir virðingu Alþ. og dómharðir um stjórn, sem er að taka við þrotabúi þeirra og leyfir sér að biðja um fárra vikna frest til þess að kynna sér súpuna.

Ég játa hreinskilnislega, að mér er fullkomin ráðgáta, hvers konar æði hefur gripið þessa menn. Helzt er, ef satt er, að hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, sem einna verst hefur látið, sé orðinn svo vanur að rexa og „regera", að honum fatist, þegar *hann* á ekki bara að skipa öðrum fyrir verkum, heldur líka að beygja sig fyrir ákvörðun meiri hluta Alþingis.

Nei, stjórnarandstæðingar verða að gera sér ljóst, að athæfi þeirra undanfarna daga er þeim ekki til sóma. Það dregur úr, en eykur ekki virðingu þjóðarinnar fyrir Alþingi, og er þess vegna skaðlegt. Ég held líka, að ástæðan til þess, að þeir gáfust upp, sé sú, að kjósendur þeirra hafi aðvarað þá. Sannleikurinn er sá, að þjóðin vill sterka stjórn, stutt og athafnamikið þing. Þeim vilja þjóðarinnar ber okkur alþingismönnum að hlýða.

Allir hv. þm. hljóta lengi að hafa vitað, að mikill vandi er fyrir höndum.

Við skulum aðeins renna augunum um öxl. Það er rúmt ár liðið, frá því að þáv. hæstv. forsrh. tilkynnti Alþ., að ný verðbólgualda væri riðin yfir þjóðina og stjórn hans væri sjálfri sér sundurþykk um öll úrræði til úrbóta, hann treysti sér þess vegna ekki til að etja kappi við þá örðugleika, sem fram undan væru, og bæðist því lausnar fyrir sjálfan sig og ráðuneyti sitt. Þessum boðskap fylgdu síðan þær upplýsingar frá efnahagsmálaráðunaut stjórnarinnar, Jónasi Haralz, að yrði ekki tafarlaust spyrnt við fótum, mundi vísitalan, sem þá hafði verið 185 stig, verða 270 stig eða jafnvel hærri eftir eitt ár. Enn væri auðið að veita viðnám, ef það væri gert tafarlaust, ella yrði það of seint. Svona var viðhorfið, þegar Emil Jónsson myndaði ráðuneyti sitt 23. des. s. l.

Ég spyr nú: Hver vill gera sig að þeim einfeldning að láta sem hann haldi, að upp úr þessu kviksyndi yrði komizt með því einu móti, að Alþfl. losaði sig við Framsfl. og kommúnistana úr ríkisstj. og fengi í staðinn loforð Sjálfstfl. um að verja hann vantrausti? Nei, svo einfaldur er enginn. Allir, sem einhverja nasasjón hafa af stjórnmálum, vissu, að hér var róttækra aðgerða þörf, hér þurfti að lyfta grettistökum.

En engum úrræðum varð við komið í umboði þjóðarinnar, fyrr en það var þjóðin sjálf, en ekki gamalt ranglæti, sem réð á Alþingi. Fyrir því varð fyrst að breyta stjórnarskrá landsins, eins og nú hefur gert verið. En til þess að hindra, að lengra væri haldið á ógæfubrautinni, meðan á þessu stóð og þar til Alþingi gæti starfað í umboði þjóðarinnar, tók Alþfl. að sér að mynda stjórn, sem Sjálfstfl. hét að verja vantrausti í bili gegn því, að Alþfl. gerði bráðabirgðaráðstafanir til þess að stöðva óðavöxt verðbólgunnar og flytti auk þess með Sjálfstfl. frumvarp um endurreisn lýðræðisins á Íslandi, en hvort tveggja var sameiginlegt áhugamál beggja flokkanna.

Báðir flokkarnir héldu þetta samkomulag. Að öðru leyti var það Alþfl., en ekki Sjálfstfl., sem stjórnaði landinu. *En það er mál fyrir sig.*

Alþfl. lagði frá öndverðu áherzlu á, að hans hlutverk væri aðeins að stöðva ógæfuna í bili, stjórn hans væri aðeins bráðabirgðastjórn, það yrði svo vandi hinnar nýju stjórnar að glíma við *arf vinstri stjórnarinnar* og líðinna ára, þ. á m. hina nýju verðbólgu, sem Hermann Jónasson réttilega sagði að risin væri, þegar hann baðst lausnar.

Nú hefur þessi nýja stjórn verið mynduð og er þegar tekin til óspiltra málanna að kynna sér til hlítar alla aðstöðuna til þess síðan, svo fljótt sem auðið er, að ráðast á þann þjóðarvoða, sem við er að etja. Hvort sá ásetningur endist Íslendingum til björgunar og blessunar, veltur á því, hvernig þjóðin tekur þeim úrræðum, sem ríkisstj. mun að loknu þinghléinu bera fram og munu miða að því að treysta allan grundvöll efnahagslífsins. Að framkvæma þær rannsóknir, sem slík úrræði verða að byggjast á, er óhemjuverk, sem sérfræðingar einir eru færir um að inna af hendi og nú er komið langleiðis. Að draga ályktanir af þeim upplýsingum, sem endanlega koma í ljós, og semja tillögur til úrræða er líka mikið verk, en um það ber ríkisstj. og ríkisstj. einni að hafa alla forustu. Síðan kemur til kasta Alþ. sem hins rétta valdhafa að ákveða, hvað lögfesta beri.

Þetta er viðhorfið í dag. Getur það nú undrað nokkurn mann, að ríkisstj., sem tekur við völdum 20. f. m., sama dag og Alþ. kom saman, óski þess, að sér gefist kostur á að grandskoða alla aðstöðuna? Er nokkur sá, að hann æski þess, að stjórnin beri fram till. í þessu mikla máli, sem örlög þjóðarinnar geta oltið á, sem kynni að vera ábótavant vegna þess eins, að stjórninni hefði ekki unnizt tími til þess að skoða allar hliðar málsins? Vissulega vill enginn góðgjarn maður, að slíkt hendi þjóðina. Hitt vita þeir, sem kunnugir eru, að sitji Alþingi, á stjórnin ekki fullan vinnufrið, sem og það, að án afskipta og forustu ríkisstj. er sjaldan fullt gagn að störfum Alþ. Þetta veit ég að er líka skoðun framsóknarmanna, eða svo var a. m. k. öll þau ár, sem við vorum saman í stjórn.

Framsfl. hefur kvartað undan því, að ég hafi ekki gefið Alþ. skýrslu um efnahagsástandið, en flutt um það ræðu í Varðarfélaginu, og segir þau

vinnubrögð með öllu óþolandi. Ekki þarf ég langt að leita fordæma fyrir slíku. Hermann Jónasson lofaði úttekt þjóðarbúsins fyrir opnum tjöldum, þegar hann myndaði vinstri stjórnina í júlílok 1956, og kvaddi tafarlaust hingað erlenda sérfræðinga í þessu skyni. Rúmum tveimur mánuðum síðar eða hinn 7. okt. 1956 hélt hann ræðu í Framsóknarfélaginu í Reykjavík, tilkynnti þar, að úttektin hefði farið fram, og skýrði m. a. frá því, að hún staðfesti hrakspár hans sjálfs um fjárhagsafkomuna o. s. frv., bráðlega mundi þjóðin fá að vita allan sannleikann, svo hugnanlegur sem hann væri eða hitt þó heldur. Það loforð brást að sönnu eins og svo margt annað þrátt fyrir margfalda eftirgangsmuni á Alþ. Eftir stendur, að framsóknarmenn telja heimilt að skýra almennum flokksfundi frá mikilsverðum upplýsingum, en þegja jafnan þunnu hljóði á Alþ. árum saman.

Þessu fordæmi vil ég ekki fylgja. Strax og stjórnin hefur kynnt sér málið til hlítar, mun hún gefa Alþ. og raunar líka allri þjóðinni allar upplýsingar, sem máli skipta. Í dag læt ég nægja að minna á það, sem sést af opinberum gögnum, en það er m. a. þetta:

1) Undanfarin 5 ár hafa Íslendingar árlega eytt 200 millj. kr. meira en þeir öfluðu.

2) Íslendingar þurfa á næsta ári að nota 11% af andvirði gjaldeyristekna þjóðarinnar til greiðslu á vöxtum og afborgunum erlendra skulda. Ein eða engin þjóð veraldarinnar er í þessum efnum jafndjúpt sokkin sem við.

3) Af þessu leiðir, að engin stofnun í veröldinni, sem gegnir því hlutverki að lána þjóðum, sem eiga mörg verkefni óleyst eins og Íslendingar, getur lengur lánað okkur eyrisvirði að óbreyttum aðstæðum, hvorki til langs né skamms tíma, einfaldlega vegna þess, að stofnskrár þessara lánsstofnana heimila ekki að lána þeim þjóðum, sem svo miklu hafa hlaðið á sig af óhagstæðum lánum sem við höfum gert.

Hin geysimiklu erlendu lán, sem Íslendingar hafa tekið undanfarin þrjú ár, eru öll veitt okkur úr sérstökum sjóðum, sem stjórn Bandaríkjanna ræður yfir. Aðeins fá lönd hafa orðið þeirra fríðinda aðnjótandi og einvörðungu undir fátíðum kringumstæðum.

Ég get þess, að svo að kalla öll þessi skuldabyrði hvíldi á herðum vinstri stjórnarinnar, þegar hún baðst lausnar 4. des. 1958.

Þetta er sú hlið. Hin er sá dómur efnahagsráðunauts vinstri stjórnarinnar, Alþýðufl.-stjórnarinnar og núv. stjórnar, Jónasar Haralz ráðuneytisstjóra, að nú sé um tvennt að velja: að stöðva verðbólguna tafarlaust eða að yfir skelli óðaverðbólga, þ. e. a. s. líf eða dauði.

Fyrir stjórninni liggur nú að rannsaka sannleiksgildi þessara orða, og reynist þau sönn, sem vart þarf að efa, þá að leita allra úrræða til að verjast voðanum. Mun stjórnin einskis láta ófreistað til þess að tryggja framtíð þjóðarinnar og jafnframt hafa það höfuðsjónarmið, að bráðabirgðaförnir þær, sem óhjákvæmilegt virðist að færa þurfi, verði þeim sem léttbærastar, sem við erfiðust kjörin búa.

Það er svo auðvitað kjarni málsins, keppikefli, hugsjónin, að takast megi í náinni framtíð eigi aðeins að halda núverandi lífskjörum, heldur einnig að bæta þau. Þetta er hægt, ef þjóðin vill, þekkir sinn vitjunartíma og stendur einhuga að nauðsynlegum aðgerðum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar ríkisstj. var mynduð, reyndi hún strax að gera sér grein fyrir því, hvaða stórverkefni væru mest aðkallandi og hver vinnubrögð væru hagkvæmust varðandi lausn þeirra. Fjárlög ríkisins og róttækar efnahagsaðgerðir hlutu að verða efst á baugi. Að tilhlutan fyrrverandi stjórnar höfðu farið fram undirbúningsrannsóknir á efnahagsástandi og horfum. Það var ljóst, að óhjákvæmilegt yrði að ætla 6—8 vikur til að undirbúa tillögur í efnahagsmálum í hendur Alþingis. Frv. til fjárlaga fyrir næsta ár lá fyrir fullgert og prentað, ágætlega undirbúið af hæstv. fyrrv. fjmrh., Guðmundi Í. Guðmundssyni, og starfsmönnum ráðuneytisins. En frv. var byggt á þeirri skipan útflutnings- og innflutningsmála, sem nú hefur ríkt um hríð, og þar sem þarf að gerbreyta því kerfi öllu, verður og að gerbreyta fjárlagafrv.

Fljótlega var því horfið að því ráði að semja nýtt fjárlagafrv., sem lagt yrði fyrir Alþingi um svipað leyti og tillögur í efnahagsmálum. Nú lágu fyrir tvær hugsanlegar leiðir um vinnubrögð. Önnur sú, að Alþingi héldi áfram fundum sínum allan þennan biðtíma sýslandi við einhver önnur mál en hin aðkallandi stórmál, ráðherrar væru bundnir við þingfundi, fyrirspurnir og málþóf ergilegra stjórnarandstæðinga og gætu því ekki starfað að stórmálum í næði. Hin leiðin var sú, að Alþ. ákvæði að fresta fundum sínum þennan tíma, ríkisstj. gæti þá gefið sig alfarið að efnahagstillögunum og þær lægju fyrir tilbúnar ásamt fjárlögum, þegar þing kæmi saman að nýju.

Ríkisstj. ræddi þessar leiðir við þá alþm., sem styðja hana. Allir þm. stjórnarflokkanna og allir ráðh. voru á einu máli um, að síðari aðferðin væri fortakslaust hyggilegri og hagkvæmari vinnubrögð fyrir alla aðila, þjóð og þing og stjórn.

Þegar þetta lá fyrir, lagði hæstv. forsrh. fram till. til þál. um samþykki Alþingis til frestunar á fundum þess til janúarloka í samræmi við yfirlýstan vilja meiri hluta alþm. Jafnframt beitti ríkisstj. sér fyrir tveimur málum, sem nauðsynlegt var að afgreiða fyrir þingfrestun: annað um að heimila venjulegar greiðslur úr ríkissjóði tvo fyrstu mánuði ársins, unz fjárlög væru samþ., hitt um óbreytta framlengingu á nokkrum tekjulögum, sem gilda um eitt ár í senn. Sams konar frumvörp hafa oft legið fyrir Alþingi áður og verið samþykkt þar ágreinings- og hljóðalaust, og öll skynsamleg rök mæltu svo eindregið með þessum vinnubrögðum, að þingreyndir menn urðu furðu lostnir, þegar stjórnarandstaðan í stað þess að fallast á þessar aðgerðir reis upp gegn þeim með slíkum ofstopa, taugatitringi og rosa, að elztu menn muna ekki annað eins veður.

Við skulum nú virða fyrir okkur lítillega þessar sápukúlur, sem þeir hafa blásið upp og kallað rök gegn frestun funda. Í fyrsta lagi: Þingfrestun heitir á máli stjórnarandstæðinga ofbeldi, gerræði, þingræðisbrot, ríkisstj. sé að reka nýkosna þingmenn heim, senda þá hvern og einn á sína

sveit, svo að ég noti nokkur orðatiltæki þeirra undanfarna sólarhringa. Þar til er því fyrst að svara, að þingfrestanir með samþykki Alþingis eru tíðar, ýmist um stuttan eða langan tíma. T. d. var fundum Alþingis frestað eitt sinn í sex mánuði eftir till. forsrh., sem þá var, Hermanns Jónassonar. En auk þess er það ekki stjórnin, heldur Alþingi sjálft, sem tekur endanlega ákvörðun um frestun, ef hún á að standa lengur en tvær vikur. Ásakanir stjórnarandstæðinga um þingræðisbrot og gerræði, ef þingi er frestað án samþykkis þeirra, þýða því grímulaust þetta: Vér, framsóknarmenn og kommúnistar, 27 að tölu, eigum að ráða, en ekki 33 þm. í stjórnarliðinu. Meiri hluti Alþingis og ríkisstjórnin skal beygja sig undir vilja minni hlutans. — Á annan veg verður afstaða þeirra ekki skýrð, þegar búið er að afklæða hana stóryrðum og blekkingum.

Í öðru lagi: Ég ætla, að flestir, ef ekki allir þm. viðurkenni, að eðlilegt og óhjákvæmilegt sé að fresta afgreiðslu fjárlaga fram yfir nýár. Afleiðing þess varð auðvitað sú, að samþykkja þurfti nú lög um fjárgreiðslur úr ríkissjóði fyrstu tvo mánuði ársins. Hvort tveggja þetta hefur iðulega komið fyrir áður, t. d. oftlega í ráðherratíð hv. 1. þm. Austf. En þótt þessi frestur sé nauðsynlegur nú vegna þess, hve seint á árinu stjórnin var mynduð og efnahagsaðgerðir fram undan, ber vitaskuld að stefna að því sem meginreglu, að fjárlög séu afgreidd fyrir áramót. En hvert er þá ádeiluefnið í þessu sambandi? Það, að 1. umr. fjárlaga fer ekki fram nú fyrir þingfrestun, heldur þegar þing kemur saman að nýju.

Við 1. umr. fjárlaga heldur fjmrh. venjulega ýtarlega ræðu, fjárlagaræðuna, og skal henni útvarpað samkv. þingsköpum. Þar gerir hann grein fyrir frv. almennt og í einstökum atriðum, rekur fjárhagsafkomu ríkisins á liðnu ári og því ári, sem er að líða, ræðir ástand og horfur í efnahags- og fjármálum og höfuðstefnu stjórnarinnar í þeim málum. Með hliðsjón af því, að samið verður nýtt fjárlagafrv. og efnahagsráðstafanir enn á undirbúningsstigi, má það öllum mönnum ljóst vera, að ólíkt gleggri skil er hægt að gera þessum málum í janúarlok en í desemberbyrjun og að þing og þjóð hafa miklu meira gagn af fjárlagaræðu, sem flutt er mánuði eftir áramót, en mánuði fyrir áramót. Þessa ákvörðun um 1. umr. fjárlaga hafa stjórnarandstæðingar kallað ýmist óvenjulega aðferð eða einsdæmi eða brot á þingvenju eða lagabrot eða jafnvel stjórnarskrárbrot, allt eftir því, á hvaða stigi geðshræringa þeir hafa verið staddir.

Stjórnarskráin segir, að frv. til fjárlaga skuli lagt fyrir reglulegt þing, þegar er það er saman komið. Þetta var gert. En hvergi í stjórnarskrá né lögum stendur eitt orð um það, hvenær fjárlagaræðan skuli haldin og 1. umr. fara fram. Engin þingvenja er heldur til um þetta. Í reynd hafa liðið af þinghaldinu ýmist nokkrir dagar eða vikur, jafnvel upp í fimm vikur, til 1. umr. fjárlaganna. Að þessu sinni mun 1. umr. fjárlaganna fara fram í fyrstu viku, eftir að þing kemur saman að nýju, m. ö. o. áður en þrjár vikur eru liðnar af þinghaldinu.

Varðandi afkomu ríkissjóðs á árinu 1959 vil ég taka það fram nú, eins og hæstv. fyrrv. fjmrh. sagði í útvarpsræðu í október og einnig segir í grg. fjárlagafrv., sem liggur fyrir Alþingi, að ekki er ástæða til að óttast greiðsluhalla á yfirstandandi ári.

Þá er í þriðja lagi frumvarpið um bráðabirgðabreytingu og framlengingu nokkurra tekjulaga, þ. e. að framlengja óbreytt ákvæði, sem staðið hafa árum saman varðandi ýmis gjöld til ríkissjóðs. Þessi lög hafa framsóknarmenn framlengt ár eftir ár og enginn teljandi ágreiningur um þau lengi, en nú hafa þeir allt á hornum sér. Það er kallað óviðeigandi og óþinglegt að hafa þessar framlengingar í einu frv. nú í stað fimm áður. En það er á alla lund hagkvæmara að hafa þennan hátt á, og sízt situr á Framsfl. að gagnrýna það, því að hann beitti sér á sínni tíð fyrir frv., sem breytti tuttugu lögum í einu lagi, án þess að ég sé að vitna til þess frv. sem fagurrar fyrirmyndar. En nú má ekki framlengja þessi lög til eins árs, eins og alltaf hefur verið gert áður undir forustu hv. 1. þm. Austf., heldur aðeins til tveggja mánaða. En ef rannsókn efnahags- og fjármála leiðir til breytinga á þessum tekjustofnum, geta þær breytingar að sjálfsögðu komið til framkvæmda hvenær á árinu sem er.

Einn liður þessara framlenginga er söluskatturinn. Sá skattur er gallaður í núverandi mynd á marga lund, og er hafin endurskoðun á honum frá grunni. Stjórnarandstæðingar hafa í þessu sambandi tekið upp fyrri tillögur mínar um, að fjórðungur söluskattsins renni til bæjar- og sveitarfélaga. En um leið flytja þeir tillögu um, að þessi skipan skuli aðeins gilda í tvo mánuði, janúar og febrúar næsta árs. Ég er þeirrar skoðunar nú sem fyrr, að sveitarfélögin þurfi nýja tekjustofna, þ. á m. óbeinan skattstofn eins og söluskattinn, en ekki um tveggja mánaða skeið, heldur þurfi varanlega lausn. Það var því eitt af fyrstu verkum mínum í ríkisstj. að hefja undirbúning að nýrri löggjöf um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, og munu tillögur um þau mál, a. m. k. suma þætti þeirra, koma fyrir Alþingi síðar í vetur.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Kosningum er nú nýlega lokið, og það er dálítið fróðlegt að rifja upp þær skyndilegu breytingar, sem hafa orðið á viðhorfum eftir kosningarnar frá því, sem áður var. Ég ætla að minna ykkur á það, kjósendur Alþfl., að þið brugðuzt aldrei reiðari við en ef ég sagði við ykkur, að ráðamenn flokksins mundu nota atkv., sem þið greidduð frambjóðendum hans, til þess að koma Sjálfstfl. til valda. Þið sögðuð mörg við mig, að þetta væru ósannindi og áróður. Hverjar eru nú staðreyndirnar, kjósendur góðir? Ráðamenn Alþfl. létu blað sitt segja eftir kosningarnar, að málefni mundu ráða, með hverjum yrði unnið. Þið, sem enn trúðuð, hélduð því, að samið hefði verið um málefni, er ríkisstj. var mynduð. Nú er komið í ljós það gagnstæða. Stjórn hefur verið mynduð án málefnasamnings um höfuðatriðin og ekki með einu orði reynt í samtölum við aðra flokka en Sjálfstfl. að prófa það, hverjir ættu helzt samleið um málefnin. Ráðamenn Alþfl. telja það svo sjálfsagt, að þeir eigi samleið með

íhaldinu einu, að þeir neita því sem fjarstæðu að ræða við Framsfl. og Alþb. Í þeirra augum getur slíkt ekki komið til mála. Þið, kjósendur Alþfl., sem urðuð okkur reiðastir, er við sögðum ykkur allt þetta fyrir kosningarnar, hvað segið þið nú?

Ráðamenn Alþfl. töluðu mikið um þann sparnað að hafa ráðh. aðeins fjóra, þessi ráðdeildarsemi væri til eftirbreytni framvegis. Við sögðum ykkur, að þetta væru blekkingar fyrir kosningar. Hvað segið þið nú um ráðherrana 7 eftir kosningar? Nú er ekki talað um kostnaðinn, heldur að fólkið lifi um efni fram.

Eins og landsmönnum er í fersku minni, var það mest áberandi málið í kosningabaráttunni, að Alþfl.-ráðherrunum hefði — að eigin sögn — tekizt að stöðva dýrtíðina, enda væru það einu mennirnir í landinu, sem þyrðu að stjórna. Hagur ríkissjóðs og útflutningssjóðs, sögðu þeir, að stæði með blóma.

Enginn efi er á því, að margir kjósendur kusu stjórnarflokkana í þakklætisskyni fyrir að hafa komið öllu þessu til leiðar, enda væri þeim einum trúandi til að halda áfram stöðvunarstefnunni. Nú er fyrst kosið um stöðvunarstefnuna, sagði einn mikilsmetinn Alþýðuflokksmaður við mig, þegar hann var að fara á kjörstað. Er þá ekki allt í bezta lagi eftir kosningarnar? Ríkisstj. Alþfl., sem Sjálfstfl. myndaði s. l. vetur, tók við úr hendi vinstri stjórnarinnar tekjuafgangi hjá ríkissjóði, sem mun í reynd nema 70—80 millj. kr., auk einhvers tekjuafgangs hjá útflutningssjóði. Arfurinn, sem stjórnarflokkarnir tóku við úr eigin hendi, var hins vegar kauphækkunaraldan mikla, sem þeir komu á til þess að fella vinstri stjórnina, eins og kunnugt er.

Það eina, sem fyrrv. stjórn gerði, var að hækka útflutningsuppbætur og niðurgreiðslur um 250—300 millj. kr., sóa í þessa hít tekjuafganginum frá vinstri stjórninni, skera niður verklegar framkvæmdir, hrúga inn hátollavarningi meira en dæmi eru til, skilja eftir sig vanskilavixla utan lands og innan fyrir því, sem ekki var hægt að skrapa saman. Þetta eru blákaldar staðreyndir, sem blasa við eftir kosningar. Hver er svo afleiðingin, er í ljós kemur eftir kosningar? Haldið þið ekki, að það hafi verið stöðvun verðbólgunnar, eins og lofað var og þið kusuð þá fyrir að hafa framkvæmt? Nei, hér er farið með svo ferlegar blekkingar, að afleiðingar stjórnarstefnunnar eru allt annað en það, sem þjóðinni var talin trú um og lofað í kosningunum.

Þegar myndun hæstv. núv. ríkisstj. var lýst hér á Alþ., var gefin stutt yfirlýsing og almennt orðuð um stefnu stjórnarinnar, ekki eitt orð sagt um stöðvun stjórnarflokkanna á verðbólgunni, sem hafði verið aðalkosningamálið. En í þess stað fór hæstv. forsrh. á fund í Sjálfstæðishúsinu og sagði flokksmönnum sínum, að ástand og horfur væru miklu verri en stjórnarflokkarnir hefðu getað gert sér í hugarlund fyrir kosningar. Vanta mundi um 250 millj. kr. til þess, að ríkissjóður og útflutningssjóður gætu staðið við nauðsynlegar skuldbindingar sínar á næsta ári. Jónas Haralz, sérfræðingur ríkisstj. í efnahagsmálum, talaði 1. desember s. l. Hann talaði heldur ekkert um stöðvunarstefnu stjórnarflokkanna, sem mest var talað um fyrir kosningar. Og því fór svo fjarri, að hann teldi fyrrv. ríkisstj. hafa stöðvað verðbólguna, að eftir stjórnartímabil hennar taldi hann ekki verðbólgu yfirvofandi, heldur óðaverðbólgu. Í kosningunum var ykkur sagt, að með því að kjósa stjórnarflokkana væruð þið að kjósa stöðvunarstefnuna. Eftir kosningarnar upplýstist, að þið voruð að kjósa þá, sem hafa leitt yfir þjóðina óðaverðbólgu.

En þetta sögðum við framsóknarmenn þjóðinni í kosningunum. Við sögðum, að það væri blekking og ósannindi, að fyrrv. ríkisstj. hefði stöðvað verðbólguna, heldur væri hún að gera ástandið enn þá verra en áður með því að sóa fjármunum til þess eins að fela dýrtíðina þangað til eftir kosningar, til þess eins að blekkja kjósendur til fylgis við sig með vísvitandi ósannindum. Nú er þetta staðfest, og sönnunargögnin eru hæstv. forsrh. og sérfræðingur ríkisstj. í efnahagsmálum.

Það hefur verið ófrávíkjanleg hefðbundin venja, að fjmrh. héldi fjárlagaræðu sína um fjárlagafrv. fyrstu daga þings — og þingmönnum og þjóðinni þannig í heyranda hljóði gerð grein fyrir staðreyndum um fjárhagsafkomuhorfur, áður en störf þingmanna við vandamálin hefjast. Frá þessari grundvallarreglu þingræðisins hefur ekki þótt fært að víkja, þó að nýr fjmrh. hafi tekið við í byrjun þings og fráfarandi fjmrh. hafi samið fjárlagafrv. Nú mun það mála sannast, að sjaldan eða aldrei hefur verið meiri ástæða til að gefa þessa hefðbundnu skýrslu en einmitt nú. En þá upplýsist, að hæstv. ríkisstj. ætlar að láta það verða sitt fyrsta verk að brjóta niður þessa venju. Hún heimtar tekjuöflunarfrumvörp samþ. og að sér sé veitt bráðabirgðagreiðsluheimild úr ríkissjóði, síðan skyldi þingið sent heim umsvifalaust án þess að fá nokkra skýrslu um ástand og horfur nema það, sem frétzt hefur utan úr bæ. Allt skyldi þetta gert með margföldum afbrigðum frá þingsköpum. Brátt kom einnig í ljós, að hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að neita að leggja fyrir Alþ. til atkvgr., áður en það verði sent heim, brbl. um búvöruverðið, sem falla úr gildi 15. þ. m.

Hæstv. forsrh. mun hafa órað fyrir því, þó að hann léti ekki svo áðan, að stjórnarandstaðan tæki þessum furðulegu vinnubrögðum ekki þegjandi. Þess vegna óskaði hann viðræðna við formenn stjórnarandstöðunnar um málið. Afstaða okkar framsóknarmanna var og er þessi: Ríkisstj. er auðvitað sjálfráð um það, hvaða frest hún þarf enn að taka, til þess að hún treysti sér til að koma fram með till. um hið nýja efnahagskerfi. Þó hefur hæstv. ríkisstj. sagt svo mikið um áform sín, að ýmsum mun vera það kærkomin vitneskja og munu áreiðanlega kunna að nota sér hana vel, meðan frestur inn varir. Þetta atriði verður rætt síðar.

En við gerðum og gerum þá ófrávíkjanlegu kröfu, að áður en þinginu er frestað, sé fullnægt þeirri hefðbundnu þingræðislegu reglu og venju, að fjmrh. gefi þingi og þjóð skýrslu um fjárhagsafkomu og horfur. Enn fremur krefjumst við þess, að brbl. um búvöruverð verði lögð fyrir Alþ. og því veitt tækifæri til að taka fullnaðarafstöðu til þeirra, áður en þau falla úr gildi 15. þ. m. Þetta teljum við lágmarksskyldu ríkisstj., sem vill hafa þingræði í heiðri.

Í rökræðum um málið færir ríkisstj. ekki fram

neinar frambærilegar ástæður fyrir þessum óþingræðislegu bolabrögðum. Hún hrekst frá einu í annað. Hún talar um sparnað. Sannað hefur verið, að um engan sparnað er að ræða. Hún talar um aðgerðalaust þing. Sannað er, að þetta er ósatt. Fyrir þinginu liggja mörg aðkallandi mál, þ. á m. þau tvö, sem ég áður hef nefnt og ber að afgreiða, áður en þingi er frestað. Hún segist þurfa vinnufrið. Enginn er á móti því, enda hefði hæstv. ríkisstj. fengið betri vinnufrið með því að komast hjá því að standa í þreytandi þrefi dag eftir dag og nótt við að brjóta niður þingræðislegar venjur.

Það er ekki undarlegt, þó að spurt sé: Hvers vegna fremur ríkisstj. þetta gerræði? Sumir segja, að stjórnarflokkarnir þori ekki að gefa þjóðinni rétta skýrslu um afkomuhorfur nú, því að svona fljótt eftir kosningar verði þetta of snöggt áfall fyrir kjósendur, sem fyrir kosningar voru látnir trúa því, að stjórnarflokkarnir hefðu stöðvað verðbólguna, eins og ég hef rakið. Þetta kann að vera. Sumir geta sér þess til, að hin ótímabæra frestun sé til þess gerð, að þingið sé ekki til staðar, er bráðabirgðalögin um búvöruverðið falla úr gildi 15. þ. m. Þegar búið sé að senda þingið heim, ætli hæstv. ríkisstj. að gefa út ný brbl. Ef þetta yrði gert, mætti eins gera það hvað eftir annað og í fleiri stórmálum. Það væri ekki þingræði, heldur einræði. Ég trúi ýmsu um þessa stjórn eftir að hafa séð óverjandi brot hennar á hefðbundnum venjum og þingsköpum, en að hún fremji slíkt athæfi, trúi ég ekki, fyrr en ég tek á.

Til þess að geta brotið niður tvær meginreglur þingræðisins, að halda fjárlagaræðuna og leggja fyrir brbl. eðlilega, áður en Alþ. er frestað, eru forsetar þingsins látnir hafa sig til þess að fremja gerræði á gerræði ofan. Fimm frv. er slegið saman í eitt og ræðutími þingmanna þannig styttur niður í ⅛ af því, sem þingsköp lögheiga. Ofan á þetta er ræðutíminn skorinn niður, sem ekki hefur átt sér stað í tíu ár. Það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. sé að þreifa fyrir sér um það, hve mikið hún geti brotið niður af þingræðinu á sem stytztum tíma. En yfirbragð ráðherranna seinustu daga virðist sýna, að þeir hafi komizt að raun um, að þetta sé ekki eins auðvelt og þeir hafa haldið. Stjórnin afsakar sig með því, að meiri hl. Alþ. samþykki aðgerðirnar. Það gerðu líka nazistar og fasistar, þegar þeir brutu niður þingræði á Ítalíu og Þýzkalandi, notuðu til þess auðsveipan meiri hluta. Allt er þetta athæfi hæstv. ríkisstj. hættulegt þingræðinu, fordæmanlegt og vítavert.

Ill var þín fyrsta ganga. Það eru vissulega sannmæli um þessa ríkisstjórn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég tel þingfrestun, eins og nú standa sakir, óvenjulega, óþingræðislega, ólýðræðislega og óskynsamlega. Ég get því ekki á hana fallizt. Þess eru engin dæmi í íslenzkri þingsögu, að Alþ. hafi verið frestað á fyrstu starfsdögum þess, þegar öll þess verkefni eru á byrjunarstigi. Það er einsdæmi, að þingmenn séu sendir heim um nálega tveggja mánaða skeið frá öllum verkefnum óleystum. Alþingi hefur aldrei fyrr verið frestað án þess, að fjárlagaræða hafi áður verið flutt, fjárlagafrv. vísað til n. og athugun þess þar hafin. Það nær engri átt, að Alþ. sé frestað, án þess að það fjalli um vandamál, sem úrlausnar bíður á næsta leiti, það er verðlagsmál landbúnaðarins. Með fyrirhugaðri þingfrestun er gömlum og fastmótuðum venjum varpað fyrir róða, en lagt inn á nýjar brautir í starfsháttum þingsins. Þær leiðir stefna í ógöngur.

Samkv. 42. gr. stjórnarskrárinnar er skýlaust skylt að leggja fjárlagafrv. fyrir hvert reglulegt Alþingi í þingbyrjun. Það stjórnarskrárboð á auðvitað að stuðla að því, að þingið geti strax farið að starfa að fjárlagasetningunni og þurfi eigi hennar vegna að tefjast óeðlilega. En samkv. 22. gr. stjórnarskrárinnar er bannað að slíta Alþ., fyrr en fjárlög hafa verið samþykkt. Að öðrum kosti væri boð stjskr. um framlagningu fjárlagafrv. í upphafi þings út í bláinn. Lögum samkvæmt og venju er fjárlagafrv. fylgt úr hlaði með sérstökum hætti. Samkv. 2. mgr. 51. gr. þingskapalaga flytur fjmrh. framsöguræðu við 1. umr. um fjárlagafrv., svokallaða fjárlagaræðu. Þeirri ræðu skal jafnan útvarpa svo og athugasemdum annarra flokka, eins og menn þekkja. Þegar þessum þætti umr. er lokið, er henni frestað og málinu vísað til fjvn. Jafnframt því, sem eðlilegur grundvöllur er lagður að meðferð málsins með þessum hætti, eru þjóðinni allri veittar mikilsverðar upplýsingar um fjárstjórn ríkisins. Það leiðir af stjórnarskrárákvæðinu um framlagningu fjárlagafrv. í þingbyrjun, að fjárlagaræðuna á að halda svo fljótt eftir þingsetningu sem tök eru á, enda er það föst venja. Fjárlagafrv. hefur að vísu verið útbýtt á fyrstu dögum þessa þings. Því er hins vegar yfir lýst af hæstv. fjmrh., að fjárlagaræðan verði alls ekki flutt fyrir þingfrestun og fjárlagafrv. verði þar af leiðandi ekki vísað til n. fyrr en einhvern tíma eftir að þing kemur aftur saman að nálega tveimur mánuðum liðnum. M. ö. o., Alþ. á raunverulega ekki að fá fjárlagafrv. til meðferðar, fyrr en það kemur saman að nýju, þegar einn mánuður er liðinn af sjálfu fjárlagaárinu.

Er nú stjórnarskrárboðinu um framlagningu fjárlagafrv. í þingbyrjun fullnægt með þvílíkum starfsháttum? Er stjórnarskrárákvæðinu fullnægt með því einu, að frv. sé útbýtt í upphafi þings? Það liggur í augum uppi, að ef þessum spurningum væri svarað játandi, væri tilgangi stjórnarskrárákvæðisins alls ekki náð. Slíkur skilningur á stjórnarskrárgreininni bryti blátt áfram í bág við heilbrigða skynsemi. Ég held, að hin eina rétta og eðlilega skýring á þessu stjórnarskrárboði sé sú, að fjárlagafrv. eigi raunverulega að flytja í þingbyrjun, þ. e., að þá eigi að leggja það fyrir þingið með framsöguræðu, fjárlagaræðunni, enda styðst það við langa venju. Það er því að mínum dómi engum efa undirorpið, að með þeim starfsháttum, sem hér eru fyrirhugaðir, er stjórnarskrárfyrirmælið um framlagningu fjárlagafrv. í þingbyrjun algerlega sniðgengið. Er vandséð, til hvers slíkt fordæmi getur leitt. Ef svona er farið að, má alveg eins festa þingi þrjá eða fjóra mánuði fram á sjálft fjárlagaárið, án þess að fjárlagaræða sé haldin. Hvar eru þá mörkin?

Sjálfsagt eru þeir menn til, sem létu sér stjórnarskrána í léttu rúmi liggja, ef hér væri um haganleg vinnubrögð að öðru leyti að ræða. En það er nú öðru nær en svo sé. Auk þess, sem stjórnar-

skráin er sniðgengin með fyrirhuguðum starfsháttum, eru þeir óhagkvæmir. Það liggur í augum uppi, að það væru heppilegri vinnubrögð að byrja nú fyrir þingfrestun 1. umr. fjárlaga og vísa frv. til fjvn. Gæti n. síðan unnið að frv. í þinghléinu með venjulegum hætti. Slíkt mundi spara tíma síðar. Sé frv. ekki vísað til fjvn. fyrr en t. d. einhvern tíma í febrúarmánuði, er auðsætt, að annaðhvort verður, að fjvn. fær ónógan tíma til athugunar sinnar á frv. eða afgreiðsla fjárlaga hlýtur að dragast óhæfilega langt fram á fjárlagaárið.

Fyrirhuguð vinnubrögð verða ekki réttlætt með því, að núv. fjmrh. hafi ekki samið fjárlagafrv., að hann sé nýlega setztur í ráðherrasætið og því sé þess ekki að vænta, að hann geti skömmu eftir þingsetningu haldið fjárlagaræðu, því að þannig hefur staðið á áður. En hinn nýi fjmrh. hefur þá auðvitað fullnægt umræddu stjórnarskrárákvæði og haldið fjárlagaræðu á tilsettum tíma, auðvitað með eðlilegum fyrirvara um það, að frv. sé undirbúið af öðrum ráðh. Ég vil t. d. í þessu sambandi sérstaklega minna á haustþingið 1949. Hér er því við skýr fordæmi að styðjast, sem sjálfsagt er að fylgja, enda beinlínis lögskylt, svo sem ég hef sýnt fram á.

Undanbrögð þau um flutning fjárlagaræðu, sem hér eiga sér stað, verða ekki heldur réttlætt með því, að hina nýju ríkisstj. skorti upplýsingar til að byggja á skýrslu til þingsins um afkomu ríkissjóðs og fjárhagsástandið almennt. Þær upplýsingar hlýtur stjórnin að hafa, eftir því sem fram hefur komið utan þings, reyndar með heldur óviðkunnanlegum hætti. Það eru því engar — alls engar — ástæður fyrir hendi, er réttlæti það, að fjárlagaræðu og byrjunarmeðferð fjárlaga sé skotið á frest.

Rök ríkisstj. fyrir þingfrestun eru þau, að hún þurfi að fá starfsfrið til að undirbúa og ganga frá tillögum sínum í efnahagsmálum. Enginn finnur að því, að ríkisstj. gefi sér tóm til undirbúnings þeim till. Það var af hálfu stjórnarandstöðunnar ekkert því til fyrirstöðu, að vinnubrögðum þingsins væri þannig hagað, að ríkisstj. væri tryggður nægur starfsfriður, og það hefði áreiðanlega ekki sætt neinni andspyrnu, að fundum Alþ. hefði verið frestað um sinn í framhaldi af venjulegu hátíðahléi. Því er hins vegar mótmælt, að það þurfi að senda þingið heim um nær tveggja mánaða skeið til þess, að ríkisstj. gefist starfsfriður. Þingið er ekkert fyrir ríkisstjórninni. Það er því firra hjá hæstv. forsrh., þegar hann lét sér þau orð um munn fara, að ríkisstj. hefði ekki starfsfrið, á meðan þingið sæti. Það er hins vegar sjálfsögð skylda ríkisstj. að hafa samráð við Alþingi um úrræði þau í efnahagsmálum, sem hún hugsar sér. En ríkisstj. hefur ekki viljað neitt samkomulag um skynsamleg vinnubrögð. Hún vill aðeins eitt, og það er að losna við þingið. Þegar hún hefur fengið samþykkt tekjuöflunarfrumvörp og bráðabirgðaútgjaldaheimildir, segir hún bara við þingmenn, eins og maðurinn sagði forðum: Nú get ég, nú megið þið fara heim.

Ríkisstj. virðist líta á sig sem húsbónda þingsins. Gamall konungsstjórnarlegur hugsunarháttur skýtur upp hjá henni kollinum. En samkvæmt íslenzkum stjórnarháttum er það ótvírætt Alþ., sem á að segja ríkisstj. fyrir verkum, en ekki öfugt. Og það er ekki ríkisstj. ein, sem þarf á starfsfriði að halda. Alþ. á einnig heimtingu á starfsfriði. Þingmenn eiga vissulega rétt á því að koma á framfæri hér á Alþ. áhugamálum sínum og sinna umbjóðenda. Af eðlilegum ástæðum hefur þingmönnum enn ekki gefizt tóm til að ganga frá flutningi mála sinna nema að litlu leyti. Það lýsir fullkominni lítilsvirðingu, leyfi ég mér að segja, á Alþ. og þingmönnum að ætla að senda þá heim án þess að gefa þeim færi á að rækja þingmannsstörf sín að nokkru ráði. Sú framkoma ríkisstj. og þingmeirihluta er hvort tveggja í senn óþingræðisleg og ólýðræðisleg.

Þó að þingmönnum hafi til þessa gefizt stuttur starfsfriður, þá er það nú svo, að nú þegar hafa mörg og merkileg mál verið lögð fyrir þetta þing. Það þarf því ekki að fresta þingi nú vegna þess, að það hafi ekki nægileg verkefni, en þeim verkefnum hefur þingið alls ekki fengið að sinna.

Eitt er þó það verkefni, sem sjálfsagðast var að Alþ. fjallaði um þegar í stað og áður en því var frestað. Það eru brbl. um bindingu búvöruverðsins. Það er nú augljóst, að þingi á að fresta, án þess að því gefist kostur á að fjalla að ráði um þau brbl. Samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar skal ætíð leggja brbl. fyrir næsta Alþingi. Í því ákvæði segir að vísu ekki beinlínis, hvenær þingtímans það skuli gert. Það eitt er þó í samræmi við réttar þingræðisreglur og lýðræðislegan hugsunarhátt, að brbl. séu jafnan lögð fyrir Alþ. sem fyrst eftir þingbyrjun, og mun svo hafa verið oftast nær. En hvað sem um það er almennt, þá var alveg sérstök ástæða til þess að leggja þessi brbl. fyrir Alþ., svo fljótt sem tök voru á, þar sem þau falla úr gildi 15. des. n. k. Eftir þann tíma er gagnslaust, að þingið taki þau til meðferðar.

Þegar hafðar eru í huga yfirlýsingar sjálfstæðismanna frá því í kosningabaráttunni s. l. haust um fébætur bændum til handa og um það, að þingmenn flokksins mundu greiða atkv. gegn brbl., er þau kæmu til kasta Alþ., hefði mátt ætla, að landbrh. þeirra hefði ekki verið seinn á sér að leggja brbl. fyrir Alþ. og gefa þannig flokksbræðrum sínum kost á því að standa við gefin heit um það mál. En þar hefur raunin orðið önnur á. Þrátt fyrir nær daglega eftirgangsmuni var það ekki fyrr en s. l. föstudag, þegar alveg var komið að þingfrestun, að stjórnin lét útbýta brbl. á Alþingi. Það er alveg ljóst, að stjórnin ætlaði sér alls ekki að leggja brbl. fyrir Alþingi fyrir þingfrestun, en hún guggnaði fyrir gagnrýni og kröfum framsóknarmanna. En þó að hún hafi nú neyðzt til að leggja lögin fram og e. t. v. megi segja, að hún hafi þar með fullnægt bókstaf stjórnarskrárinnar, þá er auðsætt, að framlagning laganna nú er aðeins gerð til málamynda.

Sú framkoma ríkisstj. að senda þingmenn heim, án þess að brbl. séu tekin til afgreiðslu, gefur bendingu um, hverra efnda megi vænta af sjálfstæðismönnum í þessu máli. Þeir hafa raunar þegar sýnt það með öðrum hætti hér á Alþ. Í báðum deildum Alþ. fluttu framsóknarmenn brtt. við frv. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, þar sem ríkisstj. var heimilað að greiða framleiðendum land-

búnaðarafurða þá 3.18% verðhækkun, sem þeim bar samkv. útreikningi hagstofunnar. Þessa till. felldi stjórnarliðið. Þessi framkoma sjálfstæðismanna er vissulega lærdómsrík fyrir þá bændur, sem til þessa hafa léð þeim atkvæði. Og hvað tekur við 15. desember? Verði ný brbl. ekki sett, hljóta framleiðsluráðslögin aftur að koma að fullu í gildi. Ætlar ríkisstj. að framlengja gildi verðbindingarlaganna með nýjum brbl.? Hvernig sem menn annars líta á mál þetta, er auðsætt, að sérstaka nauðsyn bar til, að Alþ. fjallaði um það. Auðvitað er æskilegt, að fulltrúar framleiðenda og neytenda ræðist við og reyni að ná samkomulagi, en á það eitt má ekki treysta, úr því sem komið er. Það er fullkomið ábyrgðarleysi að senda þingið heim að þessu máli óleystu.

Þingfrestun nú þýðir undanbrögð í þessu máli. Hún þýðir það, að sjálfstæðisþingmenn vilja ekki standa við gefin heit í málinu. Það er sá kjarni þessa þingfrestunarmáls, sem allir landsmenn skilja þrátt fyrir allar tylliástæður, sem uppi eru hafðar.

Erfið vandamál bíða úrlausnar. Ég hef verið og er þeirrar skoðunar, að þau vandamál verði ekki leyst á viðunandi hátt nema með víðtækri samvinnu og samstöðu stjórnmálamanna. Vitaskuld hlýtur ríkisstj. og þingmeirihluti að ráða því, hverjar leiðir eru valdar. En það er stundum skynsamlegt að fara hófsamlega með valdið. Það er óskynsamlegt af þingmeirihluta að beita minni hlutann ofríki og sýna honum lítilsvirðingu. Með því eru vissulega ekki sköpuð skilyrði fyrir víðtækri samstöðu um lausn aðsteðjandi vanda. Framkoma stjórnarliðsins á þessu nýbyrjaða þingi ber vitni um ofríkishneigð á háu stigi. Tekjuöflunarfrumvörp og útgjaldaheimildir hafa verið drifin í gegn á næturfundum með margföldum afbrigðum. Fellt hefur verið að taka aðkallandi mál á dagskrá. Umr. hafa verið skornar niður. Ráðh. hefur neitað að gefa þinginu lögboðna skýrslu um fjárstjórn ríkisins. Og þinginu á að fresta á fyrstu starfsdögum þess þrátt fyrir eindregin mótmæli stjórnarandstöðunnar. Með þessum hætti sviptir þingmeirihlutinn stjórnarandstöðuna starfsaðstöðu og skýtur ríkisstj. um sinn undan gagnrýni löggjafarsamkomunnar. Þessi vinnubrögð eru óskynsamleg og skapa óheppilegt fordæmi. Og þess ætti meiri hlutinn að minnast, að hjólið snýst, — að sá, sem er í meiri hluta í dag, getur orðið í minni hluta á morgun.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hvað er það, sem gerir þingfrestun þá, sem ríkisstj. er nú að berja í gegnum þingið, sérstæða og dæmalausa með öllu í þingsögu Íslendinga? Það er þetta: Alþingismenn fá fyrst að heyra um þingfrestunina í blöðum stjórnarflokkanna, og þar er sagt frá því sem gerðum hlut, að Alþ. verði sent heim, áður en málið er tilkynnt á sjálfu Alþingi. Nýkjörið Alþingi er leyst upp og sent heim á fyrstu starfsdögum þingsins, og munu engin dæmi um slíkt í allri þingsögunni. Þingfrestunin er knúin í gegn án samráðs við stjórnarandstöðuna, og slíkt er alveg óvenjulegt. Alþ. á að senda heim, án þess að því hafi gefizt tími til að ljúka beinum og ótvíræðum skyldustörfum sínum. Þannig átti að senda þingið heim, áður en ríkisstj. legði fyrir þingið brbl. um verðlagningu landbúnaðarvara, þó að bein fyrirmæli séu í stjórnarskrá landsins um, að skylt sé að leggja brbl. þegar fyrir næsta þing, sem saman kemur, eftir að brbl. hafa verið gefin út, — og þannig á að senda þingið heim, áður en 1. umr. fjárlaga hefur farið fram og áður en fjmrh. gefur þá skýrslu um fjármál ríkissjóðs, sem undantekningarlaus venja hefur verið, að gefin væri í byrjun hvers fjárlagaþings.

Strax í þingbyrjun er reynt að keyra mál í gegn á næturfundum og svo langt gengið um óvenjulegan fundartíma, að þingfundur er haldinn á þeim tíma, sem fullveldisfagnaður fer almennt fram í höfuðborginni, og 1. desember þannig gerður að fundardegi á Alþingi.

Umræður um þingmál eru skornar niður á algerlega fordæmalausan hátt. Í ofurkappi ríkisstj. að knýja fram þingfrestun í upphafi þings er gengið svo langt, að ráðherrar kasta fram frumvörpum og krefjast þess, að þau séu afgreidd á næturfundum, en sömu ráðherrar óvirða þingið með því að mæta ekki á þingfundum til þess að svara fyrirspurnum, sem þeim þó ber ótvíræð skylda til að gera.

Þingfrestunina ber því að með næsta einkennilegum hætti að þessu sinni.

Það er algerlega rangt, sem fulltrúar Sjálfstfl. hafa haldið fram hér í kvöld, að stjórnarandstaðan hafi ekki viljað samþykkja þingfrestun og veita ríkisstj. vinnufrið. Um það hefur engin deila staðið, heldur hitt, að ríkisstj. ætlar að knýja fram þingfrestun, án þess að þingið fyrst ljúki skyldustörfum sínum. Hér hafa viðurkenndar þingræðisreglur verið þverbrotnar, gamlar þingvenjur fótum troðnar og minni hl. á Alþingi beittur grímulausu ofbeldi. Þessar vinnuaðferðir ríkisstj. bera vott um lítilsvirðingu á Alþingi Íslendinga, þingsköpum þess og gömlum þingreglum. Þær sýna hættulega ofbeldishneigð, sem gjalda verður varhug við, ef ekki á í algert óefni að reka.

En hvers vegna grípa stjórnarflokkarnir til þessara dæmalausu vinnubragða? Hvað rak þá út í þessar ógöngur? Það er skoðun mín, að tvennt réði hér mestu um. Annað er það, að flokkar ríkisstj. hafa leikið sig inn í pólitíska sjálfheldu með setningu brbl. um verðlagningu landbúnaðarvara. Annar flokkurinn hefur hátíðlega lýst yfir því, að hann sé á móti brbl. og muni fella þau á Alþingi. Hinn flokkurinn gaf lögin út og segist standa og falla með lögunum. Annar stjórnarflokkurinn hefur lofað bændum að greiða þeim 3.18% verðhækkun á afurðir, en hinn hefur látið ýmsa framámenn sína lýsa því yfir, að þeir fallist aldrei á að greiða bændum þessar uppbætur. Greinilegt er, að stjórnarflokkarnir hafa ekki fremur samið um þetta vandamál sín á milli en önnur, og því standa þeir nú ráðalausir frammi fyrir brbl. Bráðabirgðalögin ganga úr gildi 15. des. n. k., og fyrir þann tíma verður eitthvað að gerast í verðlagsmálum landbúnaðarins. Ráðleysi ríkisstj. í þessum efnum brýzt svo fram í því að reyna að losa sig við þingið fyrir 15. des. og skapa sér þannig aðstöðu til þess að klóra yfir vandann, væntanlega með nýjum brbl. Ný brbl., sem sett væru rétt eftir að löglega kosið Alþingi væri þannig rekið þeim, væri auðvitað hið freklegasta þingræðisbrot.

Hin ástæðan til þessa ofurkapps, að reka þingið

heim strax í þingbyrjun, er eflaust úrræðaleysi ríkisstj. í efnahagsmálunum og stórháskalegar till. nokkurra stuðningsmanna hennar í þeim málum. Það hefur að vísu orðið ljóst, að stjórnarflokkarnir hafa hvorki í efnahagsmálunum né öðrum málum samið um neina fasta stefnu. Þeir hafa aðeins komið sér saman um, að þjóðin lifi um efni fram og því sé nauðsynlegt að skerða lífskjör almennings í landinu. Sú yfirlýsing gefur út af fyrir sig glögga hugmynd um, í hvaða átt stefna á.

Af orðum og yfirlýsingum hæstv. ráðherra er erfitt að henda reiður á, hvernig ástatt er í efnahagsmálum landsins. Allir landsmenn kannast við, að fyrir nokkrum mánuðum lýsti þáv. forsrh., Emil Jónsson, yfir því, að hagur útflutningssjóðs væri góður. Menn muna líka, að þáv. fjmrh. lýsti yfir því, að hagur ríkissjóðs væri með bezta móti. Þessir hæstv. ráðherrar neituðu því báðir þá, að um nokkra óreiðuvíxla dregna á framtíðina væri að ræða varðandi fjármálalegar skuldbindingar ríkissjóðs og útflutningssjóðs. En svo skiptu þessir ráðherrar litillega um ráðherratitla án þess þó að ganga út úr stjórnarráðinu. Á samri stundu virtist allt snúast við. Hinn nýi forsrh., Ólafur Thors, gekk daginn eftir stjórnarmyndunina á fund í Varðarfélaginu, og þar tilkynnti hann söfnuði sínum, að ástandið í efnahagsmálunum væri miklu alvarlegra en nokkurn hefði órað fyrir, og bætti því við svona til skýringar, að vanta mundi um 250 millj. kr. í ríkissjóð og útflutningssjóð.

Núv. hæstv. fjmrh., ráðherrann, sem týndist á Alþingi núna í jólaönnunum, hefur staðfest ummæli Ólafs Thors og segir, að vanta muni 200—300 millj. kr. Til frekari áherzlu á hinum gífurlega vanda lýsti hann því yfir, að stjórnin mundi taka upp nýtt fjármála- og fjárhagskerfi í stað þess, sem notazt hefur verið við að undanförnu. Allir hafa skilið yfirlýsingu fjármálaráðherrans svo, að afnema eigi núverandi uppbóta- og millifærslukerfi, en jafna eigi þess í stað reikningana með stórkostlegri gengislækkun.

Yfirlýsingar ráðherranna eru harla ósamhljóða, eins og þessi dæmi sýna, þar er hver á flótta undan öðrum, og allir eru ráðherrarnir á flótta undan almenningsálitinu í landinu. En það, sem gefur öruggasta heimild um það, sem í ráði er að gera í efnahagsmálunum, er prógrammræða sú, sem ráðunautur ríkisstj. í efnahagsmálum, Jónas Haralz, flutti, sýnilega að tilhlutun stjórnarflokkanna á sjálfan fullveldisdaginn, 1. des. s. l. Efnahagsráðunautuinn lagði í ræðu sinni áherzlu á, að tvö vandamál væri fyrst og fremst við að glíma í íslenzkum efnahagsmálum nú í dag, annað var gjaldeyrisskortur inn eða hallinn í viðskiptunum við útlönd, en hitt var verðbólgan innanlands. Þeir munu vera margir, sem viðurkenna með ráðuneytisstjóranum, að þessi eru einmitt höfuðvandamálin. En hvað um úrræði hans og ríkisstj.? Hver eru úrræðin til þess að bæta úr gjaldeyrisskortinum? Jú, þau eru stórfelld gengislækkun. Gengislækkun, sem jafngildir núverandi uppbótakerfi, mundi leiða til hækkunar á verði meðalfiskibáts um 2 millj. kr. og hækkunar á verði venjulegs togara um 10 millj. kr. Hliðstæð verðhækkun yrði á öllum öðrum framleiðslutækjum. Afleiðingarnar yrðu þær sömu nú og þær urðu af gengislækkuninni 1950. Uppbygging sjávarútvegsins mundi stöðvast. Þá stöðvuðust öll fiskiskipakaup í sex ár, og hlutur framleiðslunnar í heildargjaldeyrisöflun þjóðarinnar fór þá minnkandi frá ári til árs. Gengislækkun mundi leiða af sér versnandi kjör sjómanna eins og annars vinnandi fólks. Í kjölfar þess mundu sigla vinnudeilur og truflanir í rekstri framleiðslunnar. Gjaldeyrisskorturinn mundi því ekki minnka, heldur aukast og afkoma atvinnuveganna mundi versna.

Og hvaða úrræði hafði svo ráðunautur ríkisstj. til þess að draga úr verðbólgunni innanlands? Jú, ráðið var hið sama og til lausnar á gjaldeyrisvandamálinu, stórkostleg gengislækkun. Ráðið gegn verðbólgunni er sem sagt að stórhækka allt verðlag innanlands, án þess þó að kaup hækki á móti. Ráðið er að gera eignir stóreignamanna verðmeiri en þær eru nú, skera niður verðgildi sparifjárins, skara eld að köku skuldakónga og braskara. Gengislækkunin mundi fljótlega leiða til kauphækkana vegna ört vaxandi dýrtíðar, og búast mætti þá við áframhaldandi verðhækkunum og stóraukinni verðbólgu. Gengislækkun er engin leið til lausnar á vandamálum íslenzkra efnahagsmála í dag. Hún er þvert á móti háskaleg ráðstöfun, sem mundi stórauka á vandann. Sú stefna, sem í upphafi var boðuð af vinstri stjórninni og framkvæmd þar til á miðju ári 1958, stöðvunarstefnan, þ. e. a. s. að stöðva verðlagshækkanir eins og mögulegt var í nánu samstarfi og samráði við bændur og verkamenn, en leggja jafnhliða höfuðáherzluna á uppbyggingu framleiðslunnar, stöðvunarlausan rekstur framleiðslutækjanna, bætt kjör sjómanna og fyrirframsamninga um markaði, það var rétt stefna. Sú stefna leiddi til þess, að árið 1957 jókst þátttaka báta á vetrarvertíðinni um 20% og á sumarsíldveiðunum um 25%. Sú stefna leiddi til þess, að aukin gjaldeyrisframleiðsla í sjávarútvegi nam 200 millj. kr. árið 1958. Hún leiddi til stórfelldrar aukningar í fiskiskipaflota landsins, sem nú mun fara að segja til sín í aukinni framleiðslu, ef röng stefna í efnahagsmálunum kemur ekki í veg fyrir það.

Möguleikar til aukinnar gjaldeyrisöflunar eru auðsæir öllum þeim, sem eitthvað þekkja til í íslenzku atvinnulífi. Vetrarsíldveiðin á t. d. eftir að færa okkur hundruð millj. í gjaldeyrisverðmæti. Við höfum á undanförnum árum glímt við þann vanda að ná vetrarsíldinni með hóflegum kostnaði. Það gefur auga leið, að síldveiðar að vetrarlagi í reknet eru kostnaðarsamari en sumarveiðar í herpinætur og að verðminni vetrarsíld en úrvals sumarsíld gat því aldrei verið framleidd við sömu fjárhagsaðstæður. Heföu réttrúarmenn um gengisskráningu ráðið stefnunni, hefði engin vetrarsíld verið hagnýtt hér á undanförnum árum, og þannig mætti nefna fleiri dæmi úr atvinnulífi þjóðarinnar.

Erlendir bókstafstrúarmenn munu aldrei leysa þann vanda, sem við er að eiga í íslenzkum atvinnumálum. Reynslan af ráðum þeirra er ekki góð. Árið áður en nýsköpunarstjórnin var mynduð sögðu slíkir menn, að efnahagur landsins stæði á brauðfótum. Þá átti þjóðin erlendar innistæður, sem námu 500 millj. kr. Þá var sagt, að það væri fjörráð við íslenzka atvinnuvegi að ráðast í kaup á nýjum framleiðslutækjum án þess að knýja fyrst fram kauplækkun hjá verkafólki. Í samfellt 20 ár hafa sömu menn og nú prédikt gengislækkun óskapazt

yfir verðbólgu og sagt, að þjóðin væri að ganga fram af brúninni. Þegar þeir hafa komið fram ráðum sínum, hefur það orðið til bölvunar og þjóðhagslegs tjóns. Gengislækkun þeirra 1950 féll um sjálfa sig strax á fyrsta ári og án þess að nokkur kauphækkun væri þó skollin á þá. Strax í ársbyrjun 1951 varð að taka upp bátagjaldeyriskerfið gengislækkunarreikningsmeisturunum til háðungar.

Verðbólgan innanlands hefur verið og er atvinnulífi landsins þung í skauti. En hverjar eru orsakir verðbólgunnar? Enginn vafi er á því, að sérfræðingar ríkisstj. vita það fullvel. En hvers vegna nefna þeir þá ekki orsakirnar? Skýringin er augljós. Orsakir verðbólgunnar er að rekja til þess, sem er nokkurt feimnismál ríkisstjórnarflokkanna. Orsakir verðbólgunnar er að rekja til hernáms landsins, til Marshallpeninga, til stríðsgróða og til flugvallarframkvæmdanna nú síðustu árin. Hernámið hefur truflað eðlilegan atvinnurekstur í landinu, gert nokkra menn ríka á braski og dregið vinnuafl frá gjaldeyrisatvinnuvegum landsins. Þessi verðbólguvaldur er enn í gangi, og það eru hernámsflokkarnir, gengislækkunarflokkarnir, sem bera ábyrgð á því.

Ríkisstj. mun nú takast að reka Alþingi heim. Hún mun beita meirihlutavaldi sínu til þess. Ríkisstj. hefur með yfirlýsingum sínum og frestun Alþingis í byrjun þingtímans skapað ugg og ótta hjá þjóðinni. Gjaldeyrismál landsins hafa komizt í algert öngþveiti nú síðustu dagana, sparifé er rifið út úr bönkunum, og gjaldeyri er ekki skilað til bankanna. Afleiðingarnar eru, að gjaldeyrir til nauðsynlegustu vörukaupa, eins og til kaupa á rekstrarvörum til næstu vetrarvertíðar, fæst enginn. Alþingi er látið hlaupa frá verðlagsmálum landbúnaðarins óleystum. Engir samningar eru hafnir um rekstur bátaútvegsins á næsta ári. Stéttarfélög hafa almennt sagt upp kjarasamningum, og yfirmenn á fiskiskipum búa sig undir verkfall. Það er greinilegt, að vinnubrögð ríkisstj. leiða út í algert öngþveiti. Ríkisstj. getur auðvitað frestað fundum Alþingis í tvo mánuði, en hún getur ekki frestað vandamálum atvinnuveganna. 15. des. kemur á sínum tíma, og þá ganga úr gildi lögin um verðlagningu landbúnaðarvara. Og 1. jan. kemur líka á sínum tíma, og þá á vetrarvertíðin að hefjast og þar með aðalgjaldeyrisöflun þjóðarinnar á næsta ári. Fyrir þennan tíma verður að leysa vanda atvinnuveganna. En hvað ætlar ríkisstj. sér að gera? Ætlar hún að leysa allt með nýjum og nýjum brbl.? Er meiningin að stjórna án þings? Eða er kannske ætlunin að láta allt drasla þangað til 28. janúar? Á kannske að drýgja gjaldeyristekjurnar með því að fresta allri bátaútgerð í janúar, eins og gert var, þegar íhaldið síðast hafði stjórnarforustuna á hendi?

Í dag, daginn, sem Alþingi á að rekast heim, hófst hér í Reykjavík árlegur aðalfundur Landssambands ísl. útvegsmanna. Sá fundur gerir eflaust sams konar kröfu til ríkisvaldsins og jafnan áður, þ. e. a. s. þá að fá fastan samning um rekstrargrundvöll bátaútvegsins á næstu vetrarvertíð. Fáist slíkur samningur ekki, má búast við stöðvun flotans samkvæmt yfirlýstri stefnu samtaka bátaútvegsmanna. Og í gær lauk hér í Reykjavík fundum fullskipaðrar sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands. Þar var m. a. gerð svo hljóðandi samþykkt einróma:

„Með tilliti til þeirrar óvissu, sem nú ríkir um aðgerðir stjórnarvalda í efnahagsmálum þjóðarinnar og kjaramálum verkalýðsstéttarinnar, telur sambandsstjórnin eðlilegt, að félögin hafi lausa samninga sína, þar til framvinda þeirra mála skýrist, jafnframt því sem hún varar alvarlega við öllum fyrirætlunum og aðgerðum, er rýrt gætu raunverulega launakjör alþýðunnar í landinu."

Að þessari samþykkt Alþýðusambands Íslands standa jafnt Alþýðubandalagsmenn og Alþýðuflokksmenn, jafnt þeir alþingismenn Alþb. sem sá alþingismaður Alþfl., sem sæti á í stjórn Alþýðusambandsins. Alþýðusambandið hefur varað ríkisstj. við að efna til átaka í þjóðfélaginu. Ríkisstj. má vita, að þung alvara er að baki þessari aðvörun. Það er næsta furðulegt, að ríkisstj. skuli velja sér leið ofbeldis og yfirgangs, þegar þannig er ástatt sem raun er á í atvinnu- og fjárhagsmálum landsins.

Hin ofbeldislegu vinnubrögð stjórnarinnar boða ekkert gott. Þau æsa til ófriðar. Hótanir stjórnarinnar um gengislækkun og skerðingu lífskjara hljóta að leiða til vinnudeilna og harðra átaka í þjóðfélaginu. Slík átök yrðu þjóðarheildinni til tjóns. Það er almennings í þessu landi að koma í veg fyrir, að ríkisstj. efni til slíks glapræðis.

Páll Kristjánsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þingfrestunartill. hæstv. ríkisstj., sú er hér er til umræðu, er í hæsta máta nýstárleg og óvenjuleg. Raunar var, að því er mér skilst, til þess ætlazt með þáltill. þessari, að þingið færi heim aðeins tíu dögum eftir að það kom saman að þessu sinni. Sá dráttur, sem á því hefur orðið, að þessi till. hæstv. ríkisstj. næði fram að ganga og kæmi til afgreiðslu, er því fullkomlega gegn vilja hæstv. ríkisstj., enda hefur stjórnarandstaðan hér á hv. Alþingi óspart fengið að heyra það, að töf sú, sem á hefur orðið í þessu efni, sé að kenna óþinglegu athæfi hennar, þ. e. a. s. málþófi, jafnvel einstæðu málþófi. Þessi ásökun á hendur stjórnarandstöðunni hefur við ekkert að styðjast. Um það vitnar sjálf saga Alþingis. En þessi ásökun er að því leyti merkileg, að hún innifelur það viðhorf hæstv. ríkisstj., að stjórnarandstöðunni beri að mæta slíku sem þessu og þá að sjálfsögðu því, sem á eftir kemur, með þögninni einni saman.

Hvað mundi valda þeirri fordæmislausu nýbreytni, sem felst í tillögu hæstv. ríkisstj. um heimsendingu þingmanna, og þeim aðferðum, sem í því sambandi er beitt? Stjórnarandstaðan hefur að vonum leitazt við að knýja fram svör við því, hvað á bak við lægi. Hæstv. ríkisstj. hefur orðið ógreitt um svörin. Þó hefur hæstv. fjmrh. gefið þær upplýsingar hér á Alþ., að nýtt efnahags- og fjárhagskerfi yrði tekið upp og til þess þyrfti hæstv. ríkisstj. vinnufrið.

Þá var að því komið að fá um það upplýsingar, með hvaða hætti það nýja efnahags- og fjármálakerfi yrði innleitt. Spurningum um það hefur hæstv. fjmrh. svarað með því einu að lesa upp glefsu úr svokallaðri stefnuyfirlýsingu, þeirri er hæstv. forsrh. flutti við setningu Alþingis. Allir hv. þm. vita það — sem og allir þeir, sem heyrt hafa eða lesið

yfirlýsingu hæstv. forsrh., að þar fyrirfinnst ekkert einasta orð um það, með hvaða hætti hið nýja efnahags- og fjármálakerfi verði innleitt. Það að lesa slíkt upp sem tilsvar við spurningum varðandi hið fyrirhugaða nýja efnahags- og fjármálakerfi er því eitt af tvennu, annaðhvort vottur þess, að hæstv. ríkisstj. veit ekki sitt rjúkandi ráð um það, hvernig hún ætlar að taka á efnahagsmálunum, svo undarlegt sem það þá er að boða nýtt efnahags- og fjármálakerfi, eða hæstv. ríkisstj. býr yfir þeim áformum, sem hún kýs að láta ekki uppi hér á hv. Alþingi, og er það sennilegra.

Tvennt er það, sem liggur þó ljóst fyrir í þessu sambandi. Í fyrsta lagi, að hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að hafa samband né samráð við alþýðusamtökin í landinu í sambandi við efnahagsmálin. Þar um vitnar fordæming leiðtoga Sjálfstfl. á þeirri stefnu vinstri stjórnarinnar að hafa samráð við alþýðusamtökin um aðgerðir í efnahagsmálum. Undan engu í stefnu vinstri stjórnarinnar hefur þá sviðið sárar en þessu. Og til að undirstrika fordæmingu sína á þessum vinnuaðferðum vinstri stjórnarinnar settu þeir saman kjörorðið: Aldrei framar vinstri stjórn. Annað, sem augljóst er, er svo það, að hæstv. ríkisstj. vill losna við Alþingi. Þjóðin hefur til þess ætlazt og út frá því gengið hingað til, að Alþingi hefði forustu um úrlausnir um málefni hennar, ekki sízt þegar um er að ræða vandamál, og svo mun enn vera, því mun það koma ýmsum kynlega fyrir sjónir, þegar vinnubrögð hér á hv. Alþingi eru af hálfu ríkisstj. við það eitt miðuð að senda Alþingi heim og það sem fyrst. Er það ekki sízt undrunarefni, þegar slíkt skeður í upphafi nýkjörins þings, og mun ekki eiga sér fordæmi í sögu Alþingis. Þess má og minnast, að ekki hefur skort yfirlýsingar um það, hversu vel hafi tekizt til í tíð fráfarandi ríkisstj. og hversu hreinum borðum hún hafi skilað. Mátti þá ætla, að ekki þyrfti að eyða tíma í hreingerningar.

Og hvað á allt þetta að þýða? munu þeir spyrja, sem fyrir stuttu gengu að kjörborði og kusu til Alþingis. Skyldi nokkur íslenzkur kjósandi, sem gekk að kjörborði dagana 25. og 26. okt. s. l., hafa kosið með tilliti til þess, hversu heppilegir kjörnir þingmenn væru til heimsendingar, þegar henta þætti, hvað sem liði störfum Alþingis? Og hvað er fram undan? spyrja allir þeir, sem er það mest nauðsyn að hafa atvinnu og þær atvinnutekjur, sem til þarf að geta lifað mannsæmandi lífi. Hæstv. ríkisstj. hefur svarað þessu að nokkru. Hún segir: Þjóðin hefur lifað um efni fram. Hún hefur eytt meiru en aflazt hefur. — Og af reynslu munu flestir skilja, að þetta þýðir: Kaupið er of hátt. Kaup þeirra, sem vinna að hinum ýmsu nytjastörfum í sveit og við sjó og á sjó, er of hátt. Þess vegna þarf kaupið að lækka með einhverjum ráðum, og af því að erfiðlega mun ganga að ná samkomulagi við það fólk, sem hér á hlut að máli, um það eitt að lækka kaupið og gera ráðstafanir, sem leiða munu til atvinnuleysis, þá er það ráð tekið að senda Alþingi heim. Íslenzk alþýða hefur með samtökum sínum unnið sig upp úr sárustu fátækt til mannsæmandi lífskjara. Hún hefur með vinnu sinni skapað þau verðmæti, sem þjóðin hefur yfir að ráða, og allt þetta hefur gerzt í krafti heilbrigðrar skynsemi og atorku, en ekki fyrst og fremst með aðstoð hinnar visindalegu hagfræði, sem svo er kölluð. Þess er og skylt að minnast, að hlutur hv. Alþingis í efnahagslegum framförum á Íslandi er mikill og veglegur, þó að misjafnlega hafi gengið að vísu. Og sagan sýnir svo ljóslega sem verða má, að því meira samstarf sem verið hefur milli Alþingis annars vegar og íslenzkra alþýðusamtaka hins vegar, því meira hefur áunnizt og því meiri hafa átökin orðið, og því meiri hefur orðið vegur Alþingis. Á sama hátt sýnir sagan þá staðreynd, að því minna samstarf sem verið hefur milli þessara aðila, því minna hefur áunnizt í framfaramálum þjóðarinnar. Samkvæmt þeirri þyrjun, sem nú hefur orðið hér á hv. Alþ., er það ljóst, að hæstv. ríkisstj. hefur markað Alþingi þá stefnu, sem reynslan sýnir, að miður hefur gefizt. Mun því þetta þing að óbreyttri stefnu litlu við bæta hróður hinnar sögufrægu stofnunar, Alþingis Íslendinga, og vinnustéttirnar munu að sama skapi eiga litils fagnaðar að vænta af störfum þessa hv. þings.

Efnahagsleg afkoma íslenzkrar alþýðu hefur á næstliðnum árum verið ein sú bezta, sem þekkist meðal þjóða. Er sú staðreynd til komin ekki sízt vegna samvinnu og samráðs milli Alþingis og vinnustéttanna í landinu. Hvað mundi þá þýða boðun hins nýja efnahagskerfis og fjármálakerfis með þeim hætti, sem hæstv. ríkisstj. boðar þá nýjung? Það mun fáum blandast hugur um það, að efnahagsmálastefna hæstv. ríkisstj. verður í framkvæmd kjaraskerðingarstefna, sem leiða mun til ófriðar og átaka við vinnustéttirnar í landinu, því að útilokað er, að alþýðan láti sér lynda stórfelldar kjaraskerðingar og atvinnuleysi. Eða hvort mundu nú ekki flestir minnast þeirra atvinnuaðstæðna, sem orðnar voru víða um land, þegar vinstri stjórnin tók við? — enda hafði meirihlutastefna hv. Alþingis þá um árabil ekki hirt um að hafa samráð við atvinnustéttirnar um efnahagsmál. Og mundu ekki flestir minnast gengislækkunarinnar 1950? Hverjar mundu verða afleiðingar af gengislækkun fyrir íslenzk alþýðuheimili nú, ráðstöfun, sem leiða mundi til stórfelldrar hækkunar vöruverðs? Og flestu alþýðufólki mun vera það ráðgáta enn fremur, hvernig slík ráðstöfun, stórfelld hækkun vöruverðs, á að verða lækning á hinni margumtöluðu verðbólgu innanlands.

Hið sanna í þessu mun vera það, að hæstv. ríkisstj. hefur á prjónunum stórfellda gengislækkun og ráðstafanir, sem leiða munu til atvinnuleysis, og í þessu sambandi óttast hæstv. ríkisstj. Alþingi, bæði stjórnarandstöðuna og jafnvel sitt eigið þinglið. Þess vegna er það ráð upp tekið að senda Alþingi heim og láta það koma saman aftur þá fyrst, þegar fyrirhugaðar ráðstafanir eru orðnar staðreynd.

Slíkar aðferðir munu, eins og áður getur, leiða til átaka við alþýðusamtökin í landinu. Vissulega munu alþýðusamtökin ekki sætta sig við stórfelldar kjaraskerðingar. Langsamlega flest verkalýðsfélög í landinu hafa nú lausa samninga og eru við öllu búin, enda hafa næg tilefni til þess gefizt að hafa slíkan viðbúnað. Ekki er langt síðan framin var kaupskerðing og þá látið í veðri vaka, að ekki mundi til annars meira koma í því efni. En þó að íslenzk alþýðusamtök óski ekki eftir þeirri þróun mála, sem hér er að stefnt, heldur mundu

miklu fremur kjósa þá leið, sem betur hefur gefizt, samráð og samvinnu við hv. Alþingi um aðgerðir í efnahagsmálum, þá munu þau, úr því að ekki er annars kostur, óhikað leggja til atlögu sem fyrr til varnar íslenzkum alþýðuheimilum og íslenzku atvinnulífi, til varnar þeim árangri, sem þau eiga ríkan þátt í að náðst hefur. Þeir, sem enn kjósa að sniðganga heiðarlegt samstarf og kjósa fremur að stofna til átaka, munu finna það, að sá efnahagslegi árangur, sem náðst hefur, verður ekki af hendi látinn og að mátturinn honum til varnar hefur aldrei verið meiri en einmitt í dag.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti, háttvirtir áheyrendur. Hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, virtist áðan hafa af því áhyggjur þungar, að Alþfl. hefði nú tekið upp stjórnarsamstarf við Sjálfstfl., en hefði ekki viljað ræða þau mál við Framsfl. eða Alþb. Um þetta vil ég aðeins segja það, að svo varð viðskilnaður Alþfl. við þessa tvo flokka síðast, að hann örvar ekki til áframhaldandi viðtala. Þá sleit hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, stjórnarsamstarfinu án þess meira að segja að hafa um það samráð við Alþfl. og reyndi ekki að leysa þann vanda, sem fyrir hendi var. Alþfl. skrifaði þá forsrh. þáv., Hermanni Jónassyni, bréf og óskaði eftir því, að hann legði málin fyrir Alþ. Þessu neitaði hann og hljóp í staðinn og gafst upp. Þetta örvaði ekki til þess, að umr. um þetta væru teknar upp á ný.

Þessi till. til þál., sem hér liggur fyrir, fer fram á, að fundum Alþingis verði frestað til 28. jan. n. k., til þess að ríkisstj. gefist tóm til að undirbúa tillögur sínar til lausnar þeirra efnahagsvandamála, sem nú kalla mest að. Ríkisstj., sem nú situr, tók við störfum 20. nóv. s. l., sama daginn og þing kom saman, og er því fullkomlega eðlilegt, að henni verði gefið tóm til að átta sig á þeim vandamálum, sem fyrir liggja, og til þess að gera upp við sig, hvaða leiðir hún vill fara til þess að freista að leysa þennan vanda.

Fyrrv. stjórn, minnihlutastjórn Alþfl., hafði lofað því, þegar hún tók við fyrir áramótin síðustu, að reyna að koma í veg fyrir vöxt verðbólgunnar í landinu, en þessi vöxtur verðbólgunnar var þá sú hætta, sem hvað mest ógnaði okkar efnahagskerfi og vinstri stjórn Hermanns Jónassonar gafst upp á að stöðva eða koma í veg fyrir. Stjórn Alþfl. tókst þetta. Henni tókst að gera í þessu efni nákvæmlega það, sem hún hafði lofað að reyna að gera, að koma í veg fyrir víxlhækkun kaupgjalds og verðlags eða að sú víxlhækkun héldi áfram með þeim gífurlega hraða, sem útlit var fyrir að hún mundi gera um og upp úr síðustu áramótum, ef ekki væri að gert. Og henni tókst raunar að gera meira. Henni tókst að færa hvort tveggja, verðlag og kaupgjald, nokkuð niður á við og halda hvoru tveggja stöðugu allan þann tíma, sem hún sat. En hún gerði sér ljóst og marglýsti því yfir, að með þessu væri ekki nema einn þáttur vandamálsins leystur, að vísu mjög þýðingarmikill þáttur, en þó ekki nema hluti af vandanum. Hún gerði sér líka ljóst, að hún mundi ekki sitja að völdum nema fram yfir síðari kosningar í haust, þegar kjördæmamálið væri komið heilt í höfn og nýtt Alþingi, kosið samkv. hinni nýju stjórnarskrá, væri tekið til starfa. Minnihlutastjórnir eru samkv. eðli sínu óæskilegar og stundarfyrirbrigði til þess fyrst og fremst að brúa bil, á meðan flokkarnir eru að koma sér saman um meirihlutastjórn, sem getur á eðlilegan hátt haft tryggan meiri hluta að baki á Alþingi til afgreiðslu mála þar í samræmi við sína stefnu. Það var þess vegna eðlilegt, að fyrrv. ríkisstj. gerði ráðstafanir til þess að undirbúa starf næstu ríkisstj. á þann hátt að fela efnahagsmálaráðunaut ríkisstj. að gera yfirlit um ástandið í efnahagsmálunum, er gæti legið fyrir næstu ríkisstj., þegar hún tæki við, ekki út af fyrir sig till. til lausnar, heldur yfirlit yfir ástandið, til þess að hún hefði þar grundvöll fyrir þær ráðstafanir, sem hún vildi gera. Þetta gerði fyrrv. stjórn, og efnahagsmálaráðunauturinn skilaði sínum skýrslum um þetta efni í s. l. mánuði, rétt áður en núv. stjórn tók við.

Það er þess vegna auðskilið mál, að núv. ríkisstj. þurfi nokkurn tíma til þess að gera upp við sig, hvaða leiðir hún telur rétt að fara og hvaða lausnir séu líklegastar til þess að gefa góðan árangur. Þess vegna óskaði hún eftir þingfrestuninni. Þingfrestun er út af fyrir sig engin nýjung. Slíkt hefur oft komið fyrir áður og verið talið eðlilegt og sjálfsagt. Aðalverkefni þingsins verður að taka ákvörðun um þær tillögur í efnahagsmálunum, sem ríkisstj. kemur sér saman um að flytja, og önnur mál, eins og afgreiðsla fjárlaga, verðlagsmál landbúnaðarins, húsnæðismál, tryggingamál, skattamál o. fl., koma til að verða beint og óbeint háð því, hvernig efnahagsmálin verða afgreidd. Það er þess vegna enginn hlutur eðlilegri en að gert verði hlé á störfum Alþingis, á meðan ríkisstj. er að gera upp við sig, hvaða tillögur hún muni gera til lausnar efnahagsvandanum. En viðbrögð stjórnarandstöðunnar, Framsfl. og Alþb., við þessum sjálfsögðu tillögum hafa orðið harla undarleg og ég vil segja með endemum. Þeir hafa snúizt hart gegn því, að þessi frestur yrði veittur, beitt harkalegu málþófi nætur og daga gegn því, að mál, sem þurftu að afgreiðast fyrir áramót, yrðu afgreidd, og það þó að slík mál á undanförnum árum hafi jafnan verið afgreidd svo að segja umræðulaust, og þeir hafa talið það freklegt brot á þingræðinu, að reynt væri á þingræðislegan hátt að koma í veg fyrir slíkt málþóf.

Það þarf að leita áratugi aftur í tímann til þess að finna nokkuð sambærileg vinnubrögð á Alþingi, allt út af því, að fundum Alþingis verður frestað um einn til tvo mánuði. Stjórnarandstaða í þingræðisþjóðfélagi hefur merkilegu og þýðingarmiklu hlutverki að gegna, ef hún rækir það eins og til er ætlazt. En stjórnarandstaða, sem er fyrir fram ákveðin í því að vera á móti öllu, sem gert er, hvernig svo sem það er gert, og reynir að gera þeirri ríkisstj., sem situr, allt til miska, hefur misskilið sitt hlutverk, og hún á engan rétt á sér. Heiðarleg stjórnarandstaða á að gagnrýna með rökum það, sem gert er, ef efni standa þannig til, að það sé réttlætanlegt. En hún á ekki að koma í veg fyrir, að ríkisstj. fái vinnufrið, og hún á ekki að gera tortryggilegar tillögur, sem hún inn á sér finnur að eru réttar, og sízt af öllu á hún að gera ríkisstj. upp sakir, sem hún veit að eru rangar, og hamast svo við að gagnrýna þær þannig. Það er

að setja ímynduð flokkssjónarmið ofar þjóðarhagsmunum, og það er ég viss um, að mikill meiri hluti íslenzku þjóðarinnar hefur skömm á slíku.

Vandinn, sem nú er við að glíma, er svo mikill, að til þess að nokkur von sé um, að hann verði leystur á þann hátt, sem þjóðinni í heild er fyrir beztu, verða umr. um afgreiðsluna að vera málefnalegar og heiðarlegar, en ekki mótaðar af pólitískum hagsmunum einstakra flokka eða flokkssjónarmiða. En má þá spyrja: Hver er þá vandinn, sem við er að glíma nú, og hvaða ástæður liggja til þess, að ríkisstj. getur ekki samstundis tekið afstöðu til þessa vanda og lagt fram tillögur nú þegar? Þessu skal ég nú leitast við að svara í örstuttu máli á grundvelli þeirra skýrslna, sem fyrir liggja um þetta efni.

Það er þá í fyrsta lagi, að lántökur erlendis og til stutts tíma hafa verið meiri en góðu hófi gegnir, að því er talið er, eða um 1000 millj. kr. á s. l. 5 árum samtals. Með þessum lántökum hefur verið gert hvort tveggja í senn, jafnaður gjaldeyrishallinn við útlönd og tekna aflað í útflutningssjóð, sem hafa gert honum kleift að starfa með hærra álagi á keyptan gjaldeyri fyrir útflutningsvörur en fyrir seldan gjaldeyri fyrir innfluttar vörur. Þetta er vitaskuld ekki hægt að gera nema takmarkaðan tíma, og einhvern tíma kemur að skuldadögunum. Greiðslubyrðin vegna þessara lána er nú í hlutfalli við þjóðarframleiðsluna eða þjóðartekjurnar orðin meiri en hjá flestum öðrum þjóðum, ef ekki öllum, og verður að hætta að vaxa, ef þjóðin á að geta staðið í skilum. Í öðru lagi má á það benda, að innflutningur á meira og minna óþörfum hátollavörum er annar hornsteinninn undir útflutningssjóði, þannig að sé dregið úr honum vegna gjaldeyrisskorts eða af öðrum ástæðum, þá bilar hann, svo að útflutningssjóðurinn verður rekinn með halla. Í þriðja lagi: Verðbólguskrúfa kaupgjalds og verðlags er enn til staðar, þar sem bæði kaupgjald, fiskverð og landbúnaðarafurðir er enn háð og bundið verðlagsvísitölunni. Í fjórða lagi, að gjaldeyrisvarasjóður er enginn til og raunar miklu minna en það, þar sem yfirdráttarheimildir gjaldeyrisbankanna og seðlabankans eru allar notaðar upp í topp og lausaskuldir hafa safnazt, og hefur svo staðið lengi, þó að sjaldan eða aldrei hafi verið verra en nú. Ástandið í þessum málum nú er einmitt táknrænt dæmi um það, hversu tæpt við stöndum í þessu efni, og skal ég þess vegna leyfa mér að fara um það nokkrum orðum.

Það tvennt hefur borið að nokkurn veginn samtímis, að gjaldeyrislán, sem tekið hefur verið, hefur ekki komið heim að fullu, eins og ætlað var eða á þeim tíma, sem ætlað var, og svo hitt, að sala á útflutningsvörum okkar hefur gengið tregar en búizt hafði verið við, þannig að birgðasöfnun á útflutningsvarningi hefur orðið óvenjulega mikil eða rétt um 100 millj. kr., miðað við sama tíma í fyrra.

Hvort tveggja þetta er út af fyrir sig ekki óeðlilegt. Þetta getur alltaf og alls staðar komið fyrir, að dragist að fá lán, sem ákveðið hefur verið að taka og munu koma, og svo hitt, að nokkuð dragist að selja birgðir útflutningsvara, sem til eru í landinu. En afleiðingin hefur hér orðið sú, að miklir yfirfærsluörðugleikar hafa skapazt hjá bönkunum, sem tæpast eru viðráðanlegir, og það þrátt fyrir það, að þegar þessir tímabundnu erfiðleikar eru úr sögunni, sem væntanlega verður fljótlega, þá á gjaldeyrisaðstaðan út á við að vera nokkurn veginn sú sama og var um sama leyti í fyrra. Þetta sýnir aðeins, hve djarft og óvarlega er teflt í þessum efnum. Sölutregðutímabil jafna aðrar þjóðir út með sínum gjaldeyrissjóðum. En þar sem ekkert er til af slíku, eins og hér, liggur við stöðvun, ef nokkuð ber út af.

Þessi mál öll eru ákaflega vandmeðfarin, og vissulega þarf til þess nokkurt tóm að undirbúa vandlega tillögur til úrbóta, og það er aðeins það, sem ríkisstj. hefur óskað eftir.

Í þessu sambandi verður ekki komizt hjá því að minnast á gagnrýni stjórnarandstöðunnar á fyrrv. ríkisstj. Alþfl. fyrir aðgerðir hennar í efnahagsmálunum, en þessa gagnrýni hefur sérstaklega Framsfl., forsvarsmenn hans og blöð, reklð með miklu offorsi, og lét hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, ekki sitt eftir liggja í því efni í máli sínu hér áðan. Því hefur verið haldið fram þar í sveit, að Alþfl. hafi skilið eftir sig flag í þessum málum, þegar hann lét af völdum, en þannig hefur bæði Tíminn og hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, komizt að orði. Því er haldið fram, að með óhóflegum niðurgreiðslum og víxlum, sem dregnir hafa verið á framtíðina, hafi tekizt að kaupa sér stundargrið og nú sé komið að skuldadögum. Raunar hefur mátt skilja það á þessu fólki, að mestallur vandinn, sem þjóðinni er nú á höndum, sé því að kenna, hvernig stjórn Alþfl. hafi staðið að þessum málum. Hið sanna er þó, að hér er hlutunum alveg snúið við. Fyrir aðgerðir Alþfl.-stjórnarinnar er vandi efnahagsmálanna í dag miklu auðleystari en ef sú verðbólguþróun, sem dafnaði vel í tíð vinstri stjórnarinnar, hefði fengið að þróast áfram. Allir muna, hvernig ástandið var 1958 og alveg sérstaklega í lok þess árs, þegar vísitalan hækkaði með risaskrefum, t. d. um 17 stig 1. nóv. það ár. Það var þá þegar ljóst, að ef ekki yrði að gert, mundi verðlag og verðlagsvísitala halda áfram að vaxa með sífellt auknum hraða, og sérfræðingar reiknuðu út, að hún mundi verða komin upp í a. m. k. 270 stig á haustnóttum 1959, ef ekki yrði að gert. Þetta kom stjórn Alþfl. í veg fyrir, þannig að að því leyti er miklu auðveldara við hlutina að fást nú en mundi hafa verið, ef ekki hefði verið að gert. Þessi árangur náðist, eins og menn muna, með niðurgreiðslu vöruverðs og með niðurfærslu launa um 5.4%. Vitanlega þurfti fé til að greiða verðlagið niður, en ekki var þó niðurgreiðslukostnaðurinn á vöruverði aukinn um 250—300 millj. kr., eins og segir í Tímanum 3. þ. m., heldur er þar ýkt um rúman helming, og treysta þó fáir sér til þess að ljúga svo miklu. Fjár til þessara niðurgreiðslna var aflað með því að færa tekjur ríkissjóðs á fjárlagafrv. til rétts vegar, með því að nota tekjuafganginn, sem fyrir hendi var, og með því að hækka tóbak, áfengi og bíla eða álagið á þessar vörur nokkuð. Með þessu náðust greiðsluhallalaus fjárlög án þess að leggja á nýja almenna skatta og tekjur, sem heita mátti að nægðu útflutningssjóði alveg til að standa við sínar skuldbindingar, allt án þess, að nokkrir víxlar væru dregnir á framtíðina, heldur var séð fyrir tekjum

á árinu til þess að standa undir gjöldum. Allt tal þeirra framsóknarmanna um, að hér sé byrðum ársins 1959 velt yfir á framtíðina, er því með öllu staðlausir stafir.

Þá hefur því verið haldið fram af framsóknarmönnum, að þessum árangri væri náð með hóflausum innflutningi á hátollavörum og meiri en nokkru sinni áður. Sannleikurinn í því máli er sá, að á innflutningsáætlun fyrir árið 1959 er gengið út frá svipaðri og þó heldur lægri tölu í þessu skyni en gert var ráð fyrir í áætlun ársins 1958. Og fram úr þeirri áætlun verður vissulega ekki farið, og meira að segja verður sá innflutningur þó heldur lægri en þar er gert ráð fyrir, og allar líkur benda til þess, að hann verði lægri en hann var 1958 undir stjórn þessara manna.

Allt ber þess vegna að sama brunni. Sá árangur, sem náðst hefur á árinu 1959, hefur náðst án nokkurrar víxlaútgáfu á framtíðina, og þó að fullkominn jöfnuður náist ekki í útflutningssjóði, þá er það, sem þar kann að vanta á, örlítið brot af umsetningu hans, enda hefur hann á árinu staðið betur í skilum en hann hefur gert nokkru sinni áður að dómi formanns sjóðsstjórnar, og ætti hann þó ekki að vera hlutdrægur fyrrv. ríkisstj. í vil.

En þegar allt um þrýtur fyrir þeim mönnum, sem þá kenningu hafa boðað, að fyrrv. ríkisstj. hafi með óforsjálni farið að hlutunum, er gripið til þess ráðs að rugla saman árum. Vegna þess að komið hefur í ljós, að ríkissjóður og útflutningssjóður munu þurfa allmiklu meira fé 1960 en 1959, er sagt, að þessa sjóði skorti nú þá upphæð, sem talið er að þeir þurfi árið 1960, og hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, var einnig inni á þessari hugsun hér áðan. En í gegnum slíkar blekkingar sér vitanlega hver maður. Versnandi afkoma útflutningssjóðs á árinu 1960 miðað við 1959 kemur fyrst og fremst af því, að reiknað hefur verið í áætlunum ársins 1960 með minni innflutningi á hátollavöru, en það er hún, sem hefur gefið útflutningssjóði mestar tekjurnar. Þessi minnkaði innflutningur hefur líka þau áhrif að draga úr tekjum ríkissjóðs, þannig að afkoma hans verður einnig lakari. En að halda áfram innflutningi hátollavöru svipað og gert hefur verið undanfarin ár fyrir útlend lán nær náttúrlega ekki nokkurri átt. — Aukin útgjöld vegna trygginga, menntamála og fleiri atriði á fjárl. verka líka í sömu átt. En þó að þar hafi ekki enn verið séð fyrir, hvernig þessu skuli mætt, nær náttúrlega engri átt að blanda því saman við afkomu ársins 1959.

Með þessum orðum tel ég mig hafa svarað þeirri gagnrýni, sem komið hefur fram, sérstaklega hjá framsóknarmönnum, á fyrrv. ríkisstj. Alþfl. fyrir það, hvernig hún hafi haldið á þessum málum það tæpa ár, sem hún fór með þau. En tilgangurinn er auðsær. Hann er sá að draga athyglina frá því, hvernig málin stóðu, þegar stjórn Hermanns Jónassonar hljóp frá vandanum í árslok 1958 á hengiflugsbrúninni, þar sem hann sá holskeflu dýrtíðarinnar ríða yfir.

Fyrrv. ríkisstj. tók aðeins að sér að leysa einn þátt þessara vandamála, þann að halda í skefjum víxlhækkun verðlags og launa, og það tókst. Hins vegar gat hún ekki ráðizt að öðrum þáttum þessa vandamáls, einfaldlega vegna þess, að til þess skorti hana þingfylgi á bak við sig. Það hlaut því að verða verkefni þeirrar meirihlutastjórnar, sem mynduð yrði og hefði á bak við sig nægilegan og öruggan þingvilja til að koma málum fram, að gera þetta, enda var það margtekið fram af okkur Alþfl.-mönnum, þegar stjórnin var mynduð um áramótin síðustu. Framsfl. valdi sér í vetur, þegar efnahagsmálin voru þá til umr., ekki stórmannlegt hlutskipti, þegar hann í orði reyndi að gagnrýna aðgerðirnar, en í verki treysti sér ekki til að vera á móti þeim og sat hjá við allar atkvgr. hér á Alþingi. Hann hefur þó nú komið fram sýnu verr, þar sem hann vill ekki gefa ríkisstj. tóm til að ganga frá tillögum sínum og raunar ræðst á þær, áður en þær eru komnar fram.

Það hefur komið fram oftar en einu sinni í umr. þessa daga, sem þingið hefur setið, hvers vegna Framsfl. leggur á það slíkt höfuðkapp, að Alþ. verði ekki frestað nú. Það er vegna þess, að flokkurinn telur sig hafa fundið inn á, að full samstaða væri ekki innan ríkisstj. um afgreiðslu brbl., sem sett voru í haust um verðlag landbúnaðarafurða. Þessi lög falla úr gildi 15. des. n. k. Það er á þeirri fáfengilegu trú, sem neitun á þingfrestun er byggð, að ef það tækist að halda Alþ. hér fram yfir þann tíma, mundi skerast í odda á milli stjórnarflokkanna um lausn málsins og að á þann hátt mætti takast að koma stjórninni fyrir kattarnef. Ríkisstj. hefur hins vegar lýst því yfir, þegar hún tók við, að hún muni gera sitt ýtrasta til að fá aðila, framleiðendur og neytendur, til þess að koma sér saman um lausn málsins, og þær tilraunir eru þegar hafnar fyrir nokkru. Þetta virðist vera eitur í beinum Framsfl., sem einblínir á hitt, að leysa málið einhliða og það þrátt fyrir að vitað er, að flestöll launþegasamtök bíða nú með opna samninga tilbúin til þess að gera sínar hækkunarkröfur, ef málið verður leyst á þennan hátt. Hér kemur enn fram það, sem ég hef áður nefnt, að setja flokkshagsmuni ofar þjóðarhagsmunum, en það skal Framsfl. vita, að slíkt kann ekki neinni góðri lukku að stýra, ekki heldur fyrir flokkinn sjálfan, því að á slíku hefur þjóðin hina mestu skömm.

Verðlagsmál landbúnaðarins eru vandleyst, svo vandleyst, að það verður að freista þess til hins ýtrasta að ná um þau samkomulagi. Hitt nær engri átt, þó að það kunni að kitla hinar pólitísku taugar framsóknarmanna, að koma á stað sundurlyndi innan stjórnarflokkanna um málið, að láta það verða til þess að hleypa á stað nýrri verðbólguskriðu eins og þeirri, sem Framsfl. og Alþb. hlupu frá fyrir rúmu ári. Frestur til að vinna að lausn þessara mála allra er því nauðsynlegur og skynsamlegur, og ég vænti þess, að hann verði samþykktur.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Stjórnarandstaðan vill ekki frestun á fundum Alþingis. Hefur hún því haldið uppi málþófi til þess að tefja þinghaldið. Þegar rætt hefur verið um framlengingu ýmissa laga, sem undanfarin ár hafa gengið umræðulaust í gegnum þingið, hefur stjórnarandstaðan rætt um algerlega óskyld mál, svo sem brbl. fyrrv. ríkisstj. og annað, sem ekki hefur komið dagskránni við. Ýmis brigzlyrði hafa verið höfð í frammi og talið, að ríkisstj. vildi

brjóta lög með því að leggja ekki fram á fyrstu dögum þingsins hin margumræddu brbl. Á dögum vinstri stjórnarinnar dróst í þrjá mánuði að leggja fram brbl., en að þessu sinni var aðeins liðinn hálfur mánuður af þingtímanum, þegar lögin voru lögð fram. Hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, að ríkisstj. hefði verið pínd til þess að leggja lögin fram. Þetta er vitanlega algerlega rangt, því að ríkisstj. hefur alltaf ætlað sér að fara að lögum hvað þetta mál snertir, svo sem um önnur mál.

Vitað er, að stjórnarflokkarnir hafa ekki samstöðu til þessara laga. Alþfl.-stjórnin stóð að útgáfu þeirra s. l. haust. Sjálfstfl. er andvígur lögunum. Er þetta öllum landsmönnum ljóst eftir umr. og blaðaskrif um málið fyrir alþingiskosningarnar í haust. Stjórnarandstaðan hefur gert sér vonir um, að miklar umr. um þetta mál á Alþ. gætu valdið erfiðleikum í ríkisstj. Er það og víst, að deilur um málið gætu torveldað lausn þess. Nauðsynlegra er að leysa þá erfiðu deilu, sem risin er á milli neytenda og framleiðenda, heldur en að hefja illvígar deilur á Alþ. um málið. Ríkisstj. hefur gert sér fulla grein fyrir því, að deiluna verður að leysa. Hefur því verið markvisst að því unnið að fá sættir á milli Stéttarsambands bænda og framleiðsluráðs landbúnaðarins annars vegar og fulltrúa neytenda hins vegar. Er með þessu unnið að því að gera framleiðsluráðslögin virk. Eru sátta- og umræðufundir þessa daga milli deiluaðila undir forustu Gunnlaugs Briems ráðuneytisstjóra. Deila sú, sem um er að ræða, er til komin vegna þess, að fulltrúar í sex manna n. komu sér ekki saman, þegar reikna skyldi út verðgrundvöll landbúnaðarvara á s. l. sumri. Ekki tókst heldur að ná samkomulagi um útnefningu á manni í yfirdóminn. Hagstofustjóri sýndi hins vegar fram á, að miðað við gamla grundvöllinn átti verð landbúnaðarvara að hækka um 3.18%. Fulltrúar bænda töldu, að breyttar aðstæður og aukinn rekstrarkostnaður búanna leiddi til a. m. k. 5% hækkunar. Fulltrúar neytenda töldu, að verðlagið gæti lækkað verulega, eða allt að 8%. Síðan 1. sept. s. l. hefur verðlagið samkv. brbl. verið óbreytt frá því 1. marz þessa árs. En nýr verðlagsgrundvöllur hefur ekki enn verið fundinn. Er nauðsynlegt, að það dragist ekki lengi úr þessu og deiluaðilar skipi 6 manna n. á ný svo og yfirdóminn, ef til þess kemur, að n. nái ekki samkomulagi. Með samkomulagi því, sem nú er unnið að, verður að tryggja, að bændur fái til sín það verð, sem gert er ráð fyrir í verðlagsgrundvellinum. Í öðru lagi er nauðsynlegt, að dreifingarkostnaðurinn sé á hverjum tíma eðlilegur og ekki hærri en nauðsyn ber til. Eru það sameiginlegir hagsmunir neytenda og bænda, að þannig sé um hnútana búið. Ef deiluaðilar setjast niður með samkomulagsvilja, ákveðnir í því að reikna rétt og láta staðreyndirnar tala, hlýtur deilan að leysast, og báðir aðilar munu þá sætta sig við niðurstöðuna.

Stjórnarandstaðan á þingi hefur gert sér miklar vonir um, að deilan leysist ekki með samkomulagi. Hefur hún jafnvel gert sér vonir um, að ríkisstj. félli á þessu máli. Framsóknarmenn berjast ekki í þessu máli vegna hagsmuna bændastéttarinnar, heldur til þess að torvelda samkomulagið, í von um það, að erfiðleikar innan ríkisstj. fari vaxandi út af þessu máli. Framsóknarmenn hafa flutt till. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að greiða 3.18% á landbúnaðarvörur frá 1. sept. til 15. des. n. k. Till. þessi er sýndartillaga og með öllu óþörf, enda hnýtt aftan í óskylt mál í sambandi við bráðabirgðagreiðslur úr ríkissjóði á næsta ári.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, fullyrti hér áðan, að sjálfstæðismenn ætluðu ekki að standa við loforð sín gagnvart bændum. Framsóknarmenn minna sjálfstæðismenn á yfirlýsingar sínar frá s. l. hausti með því að lesa þær upp. Þetta er þó alger óþarfi. Allir landsmenn vita um skoðanir sjálfstæðismanna og afstöðu til brbl., sem er óbreytt og í samræmi við yfirlýsingar flokksins og miðstjórnar á s. l. hausti. Á þetta þarf þess vegna ekki að minna.

Það er mikið skemmdarstarf unnið með því að magna deilur milli neytenda og framleiðenda, milli sveita og kaupstaða. Ekkert er nauðsynlegra en að auka skilning milli þjóðfélagsþegnanna, auka samstarf og eyða misskilningi. Það hefur borið á því, síðan framsóknarmenn misstu völd og áhrif, að þeir bera fram mál, sem sýnast vera hagsmunamál bænda. Er ekki að efa, að í stjórnarandstöðunni muni þeir reyna að flytja ýmis mál, sem æskilegt væri að koma í framkvæmd, en þeir treystu sér ekki til að framkvæma, meðan þeir höfðu völdin. En í sambandi við flutning slíkra mála er rétt að minnast þess, að mesta áhugamál framsóknarmanna á þingi er, að vinstri stjórnin verði endurreist. Þeir þm., sem uppvísir eru að slíkum hugsunarhætti og vilja taka upp fyrri stefnu vinstri stjórnarinnar í því formi, sem hún áður var, sbr. yfirlýsingar 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, við setningu Alþingis 20. f. m., verða ekki teknir hátíðlega, þegar þeir telja sig vilja vinna að bættum kjörum almennings í landinu.

Þjóðin veit, að stefna vinstri stjórnarinnar er hrunstefna, sem leiðir til tjóns og kjararýrnunar fyrir almenning í landinu, bæði til sjávar og sveita. Reynslan talar skýru máli hvað þetta snertir, og þarf því tæplega að fara fleiri orðum um það. Vinstri stjórnin lækkaði gengið tvisvar sinnum, en hún hefur aldrei eða fyrrv. stjórnarflokkar viljað viðurkenna það, hvorki kommúnistar né framsóknarmenn. Þess vegna er það, að við búum núna við falskt gengi, og er undraverð sú kokhreysti hjá hv. þm. Lúðvík Jósefssyni áðan, þegar hann virtist hneykslast á því, að gengisbreyting væri ef til vill í vændum, sem þó hefur ekki neitt verið ákveðið um enn.

Verkefni núv. ríkisstj. eru að leiðrétta ýmsar misfellur í þjóðarbúskapnum, sem eru arfur frá vinstri stjórninni. Ekki mun vera unnt á skömmum tíma að lagfæra allar misfellurnar, en reynt verður á markvissan hátt að vinna að þeirri leiðréttingu. Leiðin til úrbóta í vandamálum þjóðfélagsins er ekki greið, eins og nú er komið. Verkefni ríkisstj. eru vandasöm og verða að miðast við það að tryggja framtíðina og leggja grundvöllinn að góðri afkomu alls almennings. Stefna verður að bættum stjórnarháttum og tryggja öllum næga atvinnu og batnandi lífskjör í framtíðinni. Stefna ber að því að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar efnalega og pólitískt. Verður það bezt gert með því að auka framleiðsluna og útflutningsverðmætin.

Koma verður upp nýjum atvinnugreinum og tryggja starfsgrundvöll atvinnuveganna.

Ríkisstj., sem tekur við arfinum frá vinstri stjórninni, þarf að fá tíma til að undirbúa málin. Nú mun einhver spyrja: Hefur ekki Alþfl. með stuðningi Sjálfstfl. stjórnað landinu um eins árs skeið? Hefur ekki tekizt á þessu tímabili að lagfæra ýmislegt af því, sem illa var gert í tíð vinstri stjórnarinnar? Það verður að viðurkennast, að efnahagsmálin eru af eðlilegum ástæðum óleyst og að núverandi ríkisstj. stendur frammi fyrir þeim vanda að leysa úr þeim erfiðleikum, sem vinstri stjórnin gafst upp við að leysa, þegar hún hrökklaðist frá. Eigi að síður má fullyrða, að minnihlutastjórn Alþfl. gegndi mikilvægu hlutverki með því að koma í veg fyrir, að dýrtíðin héldi áfram að hækka, eins og hún hefði gert, ef stefna vinstri stjórnarinnar hefði verið ráðandi. Þegar vinstri stjórnin fór frá, var vísitalan komin upp í 202 stig. Með óbreyttri stefnu hefði vísitalan komizt upp í 270 stig í októbermánuði s. l. Þarf ekki að lýsa, hvaða afleiðingar það hefði haft í för með sér. Það var rétt, sem Hermann Jónasson sagði, þegar hann hljóp af skútunni haustið 1958, að vandinn væri óleysanlegur.

Það, sem gerzt hefur, er það, að verðbólguskrúfan hefur verið stöðvuð til bráðabirgða með niðurgreiðslum og að nokkru með því, sem almenningur lagði af mörkum í sambandi við setningu stöðvunarlaganna 1. marz s. l. En til þess að halda verðlaginu niðri á sama hátt og gert hefur verið vantar á næsta ári um 250 millj. kr., ef búa á við óbreytt kerfi. Er því eðlilegt, að litazt sé um og nýjar leiðir athugaðar. Ríkisstj. telur, að með því að gera hlé á þingstörfum fáist meiri tími til þess að vinna að lausn vandamálanna og undirbúa till. fyrir Alþingi, þegar það kemur saman í janúar n. k. Frestun á fundum Alþingis að þessu sinni er sjálfsögð ráðstöfun. Á undanförnum árum hefur seta Alþ. verið óþarflega löng. Með bættum vinnubrögðum og góðum undirbúningi mála frá hendi ríkisstj. mætti stytta þingtímann a. m. k. um tvo mánuði. Ríkisstj. ber að hafa forustu um sparnað og bætt vinnubrögð í opinberum rekstri. Leggja þarf niður nefndir og ráð, sem hægt er að komast af án. Þess ber að minnast, að þjóðin er fámenn og á mörg verkefni óleyst. Fámenn þjóð stendur ætíð í baráttu um það að halda pólitísku og efnalegu sjálfstæði. Þarf því vel að vanda það, sem gert verður í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Nauðsynlegt er að minnast þess, að þjóðin er eins og ein fjölskylda, þar sem hver verður að leggja sitt fram, ef vel á að fara. Með sameinuðu átaki mun takast að komast út úr þeim vanda, sem nú er við að etja.

Möguleikarnir eru miklir, ef þeir eru nýttir og þjóðin ber gæfu til að vinna markvisst að því að koma atvinnuvegunum á traustan grundvöll. Ríkisstj. mun með till. sínum á Alþ., þegar það kemur saman í janúarmánuði, leitast við að leggja grundvöllinn að svo traustu og fjölbreyttu atvinnulífi sem verða má til þess að tryggja þjóðinni öryggi og bjarta tíma.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Allt frá því, að Íslendingar hófu endurheimt frelsis síns og Alþ. var endurreist, hefur þótt sjálfsagt, að ríkisstj., hver sem hún var, undirbyggi mál milli þinga og legði fjárlagafrv. og frv. um önnur helztu mál og réttarbætur svo fljótt fyrir Alþingi sem nokkur kostur væri. Stundum hefur raunar orðið á þessu nokkur misbrestur, en hingað til hefur ekki verið um það deilt, að eftir þessu bæri að keppa. Einstakir alþm. hafa að sjálfsögðu frumkvæðisrétt að lagafrv. og öðrum till., en eðli málsins samkvæmt hafa þeir ekki jafna aðstöðu og ríkisstj. með allt stjórnarráðið og embættismenn ríkisins sér til styrktar til undirbúnings mála. Um engin mál á þetta frekar við en efnahagsmál slík sem nú bíða úrlausnar. Um þau verða ekki með neinu móti gerðar heildartill. af öðrum en þeim, sem aðgang hefur að öllum gögnum um afkomu ríkis og atvinnuvega og getur látið sérfræðinga vinna úr þeim til undirbúnings ákvörðunum. Lausn þessara mála er hins vegar undirstaða flests eða alls annars, sem gert verður á Alþ., þ. á m. og ekki síst afgreiðslu fjárlaga. Þinghald er þess vegna þýðingarlítið, fyrr en fram eru komnar till. um lausn þessara mála ásamt nauðsynlegum gögnum, svo að þingheimur og almenningur geti áttað sig á og dæmt um hinar fram komnu till. Það er tvímælalaust skylda ríkisstj. að leggja þessar till. fyrir þingið svo fljótt sem verða má, til þess að störf þess geti hafizt og haldið áfram með eðlilegum hætti.

Nú tók ný ríkisstj. við völdum sama dag og Alþ. kom saman. Af þessu leiðir, að hún hefur engan tíma haft til venjulegs undirbúnings til að greiða fyrir störfum þingsins. Þvert á móti stendur svo á, að fjárlagafrv. er samið undir umsjá annars fjmrh. en nú á að leggja það fram og gera grein fyrir því, að því ógleymdu, að það er að sjálfsögðu ekki sniðið eftir þeim till. í efnahagsmálum, sem hin nýja ríkisstj. á eftir að semja. Þess vegna er ákveðið, að nýtt fjárlagafrv. skuli samið, og mundi því starf fjvn. að frv. nú gersamlega unnið fyrir gýg.

Brbl. um landbúnaðarverð varð nú einnig að leggja fram af hinum nýja landbrh., sem allir vita að er efni þeirra andvígur.

Þegar svo stendur á, getur engan undrað, heldur er það eitt eðlilegt, að hin nýja ríkisstj. fari fram á það við þingið að fá þinghlé til þess að geta undirbúið mál og komið þeim í það horf, sem venjulegt er, þegar Alþ. kemur saman. Þetta er því nauðsynlegra, þar sem vandi efnahagsmálanna er nú svo mikill og aðkallandi, að lausn, hver sem hún verður, má ekki dragast lengur en óhjákvæmilegt er. Fjarstæða er þess vegna að telja það ofbeldi við þingið, þó að stjórnin fari fram á það að fá nokkurra vikna undirbúningstíma og starfsfrið. Frestun þingsins verður einmitt ekki gerð, nema meiri hluti þingsins veiti samþykki sitt til hennar. Þeir, sem hér hafa haft í frammi óhæfileg vinnubrögð, eru forustumenn stjórnarandstöðunnar, sem hafa sjálfir ásamt fylgismönnum sínum, sem þeir hafa kúskað til þess, haldið uppi málþófi á þinginu nokkuð á aðra viku um mál, sem hingað til hefur þótt sjálfsagt að afgreiða umræðulítið og oftast með afbrigðum frá þingsköpum á einum eða tveimur dögum. Þeim loddaraleik lauk ekki fyrr en sýnt var, að ef þeir létu ekki af sínum óþinglegu vinnu-

brögðum, yrði ákvæðum þingskapa beitt til þess að binda endi á málþófið.

Það er meira en hlálegt að heyra Hermann Jónasson býsnast yfir því, að umræður hafi verið skornar niður, manninn, sem beitti sér í sinni fyrstu stjórnartíð fyrir miklu harðari ákvæðum í þingsköpum um niðurskurð umræðna en áður höfðu gilt og lét síðan beita hinum nýju ákvæðum ótæpt. Jafnfráleitt er tal þessara manna um, að það sé gegn réttum stjórnarháttum, ef stjórnin leysir einstök vandamál í þinghléinu með útgáfu brbl. Stjórnskipulegur réttur til slíkrar lagaútgáfu er óumdeildur. Má þar um t. d. vitna til útgáfu stjórnar Hermanns Jónassonar á brbl. um heimild fyrir ríkisstj. til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum hinn 8. maí 1935, sem gefin voru út nokkru eftir að þingi hafði verið frestað. Og allra sízt ferst núv. stjórnarandstæðingum að saka aðra fyrir útgáfu brbl. í upphafi stjórnartíma. Minna má á, að þeir Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson komust fyrst í ríkisstj. 29. júlí 1934, en strax 9. ágúst sama ár gáfu þeir út brbl. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum um sláturafurðir og ákveða verðlag á þeim og hinn 10. sept. sama ár um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. Sízt munu aðstandendur þessara laga þó vilja gera lítið úr þýðingu þeirra, fremur en forustumenn vinstri stjórnarinnar úr þýðingu brbl. frá 28. ágúst 1956 um festingu kaupgjalds og verðlags, sem var eitt fyrsta verk þeirrar stjórnar, eftir að hún tók við völdum 24. júlí sama ár. Eftir tali framsóknarmanna og kommúnista nú hefði mátt ætla, að þeim hefði aldrei til hugar komið að setja slík grundvallarákvæði án þess að kveðja Alþingi til funda og tryggja sér fyrir fram formlegt samþykki þess. Reynslan sýnir annað. Mjólkurlögin frá 10. sept. 1934 áttu meira að segja ekki að meginefni að taka gildi fyrr en löngu eftir að Alþ. skyldi komið saman. Tilgangurinn með brbl. sýndist því einkum hafa verið sá að láta þáv. stjórnarandstöðu alls ekki komast að með sínar till., víkja henni til hliðar, eins og Hermann Jónasson stærði sig af á Hólmavík fyrir rúmu ári, að þáverandi stjórn hans væri vel á veg komin að gera með helming íslenzku þjóðarinnar. Þvílíkur hugsunarháttur er fjarri núv. stjórn. Hún ætlar sér engan að setja til hliðar, heldur mun leita samstarfs við alla þá aðila, sem hér hafa réttmætra hagsmuna að gæta, þingmenn, stéttarsamtök og aðra. Stjórnin biður um það eitt að fá tíma til þess að undirbúa till. sínar í meginmálum fyrir Alþ. til ákvörðunar þess og aðstöðu til þess að leysa einstök vandamál, sem að kunna að steðja á þessu tímabili. Allt mun þetta síðan lagt fyrir Alþ., svo fljótt sem föng eru á, en það mun koma saman aftur ekki síðar en hinn 28. jan. n. k. En auðvitað hefur engum í ríkisstj. komið til hugar að lögfesta heildarlausn efnahagsmálanna með brbl., svo sem sumir, a. m. k. Páll Kristjánsson, héldu fram í umræðunum hér áðan.

Stefnuyfirlýsingar sjálfstæðismanna og Alþfl. voru svo líkar fyrir kosningar þrátt fyrir ágreining þeirra um, að ef þeir fengju saman meiri hluta á Alþ., um einstök atriði, að engum blandaðist þá hugur bæri þeim að mynda stjórn og reyna að leysa þann voða, sem yfir vofir, í samræmi við yfirlýsingar sínar. Hermann Jónasson reyndi raunar áðan að láta svo sem allt annað hefði verið í skyn gefið fyrir kosningar. Óteljandi ummæli Tímans og Þjóðviljans sanna, að í þessu sem mörgu öðru fer Hermann Jónasson með rangt mál. Bæði Tíminn og Þjóðviljinn fullyrtu fyrir kosningar, að stefna Sjálfstfl.-manna og Alþýðuflokks í hinum stærstu málum væri hin sama. Á grundvelli þessara yfirlýsinga flokkanna greiddu kjósendur atkvæði. Úrskurður þjóðarinnar var ótvíræður. Núv. stjórnarflokkar fengu saman nær 55% atkvæða, en Framsókn og kommúnistar einungis um 42%. Myndun núv. ríkisstj. er þess vegna bein framkvæmd og fullnæging á úrskurði mikils meiri hluta þjóðarinnar. Það eitt er í samræmi við kosningaúrslitin, að þessir flokkar semji um þau ágreiningsatriði, sem eru þeirra í milli og úrlausnar krefjast.

Framsóknarmenn býsnast nú yfir því, að sjálfstæðismenn skuli ekki strax við 1. umr. hafa greitt atkv. á móti brbl. um verð á landbúnaðarvörum. Með því hefði málinu verið neitað um þinglega meðferð og fyrrv. hæstv. ríkisstj. verið sýnd frekleg óvirðing, önnur og meiri en tiðkuð er, þótt mikill málefnaágreiningur sé fyrir hendi. Framsóknarmenn eru reyndar illræmdir á meðal allra, sem með þeim hafa unnið, fyrir óbilgirni í samstarfi. Þar af m. a. kemur einangrun þeirra nú. En þó efast ég um, að jafnvel þeir hefðu beitt samstarfsflokk sinn slíkum aðförum. Fyrir sjálfstæðismenn kom það aldrei til greina. Við virðum og höldum eigin orð, en við virðum einnig réttar samstarfsreglur. Hér sem ella skiptir þó málefnaleg lausn vandans sjálfs mestu máli. Þar mun ríkisstj. leggja sig alla fram um, að samkomulag náist milli aðila sjálfra, og með öðrum tiltækilegum ráðum reyna að afstýra vandræðum.

Mikið liggur við fyrir þjóðina alla, að vel takist í þessu, og þó enn meira að leysa sjálfan meginvanda efnahagsmálanna, svo að hruni verði afstýrt og sjálfstæði þjóðarinnar verði tryggt, en það er vissulega nú í húfi. Um till. ríkisstj. er fyrst tímabært að ræða, þegar þær koma fram. Ógnartal Lúðvíks Jósefssonar hljómar innantómt, þegar menn hafa í huga þá tvöföldu gengislækkun, sem hann var aðili að, fyrst með jólagjöfinni 1956 og síðan með bjargráðunum 1958, og drógust þau þó mun lengur en hann ráðgerir nú að okkar till. muni dragast. Um það, hvernig til takist í þessum efnum, er bezt fyrir okkur alla á báða bóga að spara stóru orðin fyrir fram. Þau gera engum gagn. En að réttum lýðræðisreglum á þjóð og þing kröfu til þess, að ríkisstj. leggi fram tillögur sínar og greinargerðir eins fljótt og við verður komið. Ríkisstj. viðurkennir þessa skyldu, tekur hana á sig, en fer fram á það eitt að fá starfsfrið til að leysa hana af höndum. Síðan mun þessi ríkisstj. eins og aðrar verða dæmd eftir verkum sínum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Hæstv. félmrh. grét hér krókódílstárum út af vinstri stjórninni. Rétt er að rifja það upp í þessu sambandi, að það var þessi hæstv. ráðh., sem átti einna mestan þátt í því að gera henni ómögulegt að starfa áfram.

Það er dálítið breytt hljóðið í sumum mönnum út af erlendum lántökum. Fyrir nokkrum missirum

sagði núv. hæstv. forsrh., að þjóðin skyldi velja sig til forustu, hann gæti fengið 400 millj. hjá Adenauer og á annað hundrað millj. í Ameríku að auki vegna Sogsvirkjunarinnar. Og það átti svo sem ekki að vera mikið hik á að notfæra sér þessa möguleika. En nú er hafinn áróður gegn erlendum lántökum. Ég óttast, að þessi áróður sé hreinlega miðaður við það og eigi að vera liður í því að koma á stórfelldum samdrætti hér í landinu í framkvæmdum og samdrætti í atvinnu og að það eigi að nota þá aðferð til þess að reyna að kúska menn til hlýðni við efnahagsráðstafanir ríkisstj., þegar þær koma. Það er undarleg breyting, sem hefur allt í einu orðið á viðhorfi þessara manna til erlendra lántaka til arðgæfra framkvæmda í landinu. Ég hef illan bifur á þessum málflutningi nú þegar, og það má mikið vera, ef þetta á ekki eftir að koma í ljós.

Hv. þingmönnum er sagt við þessa umr. og þó sérstaklega í þinginu undanfarið, að það væri rétt fyrir þá að fara heim og bíða, á meðan ríkisstj. mótaði allar úrlausnir mála fyrir þingið. Áróður núv. ríkisstj. fyrir því, að Alþingi eigi að kalla saman einungis til að taka afstöðu á stuttum tíma til úrlausnar þeirra mála, sem ríkisstj. hefur mótað að alþm. fjarstöddum, mundi einfaldlega leiða til þess að gera Alþingi að málamyndastofnun eins og í einræðislöndunum, áður en nokkur vissi af, enda tíðkast þetta vinnulag ekki í neinu raunverulegu þingræðislandi. Í öllum slíkum löndum mótast úrlausnirnar með samstarfi stjórnar og þings, sem tekur langan tíma. Þetta samstarf þings og stjórnar kalla þessir menn aðgerðaleysi Alþingis.

Við vitum vel, hvað á spýtunni hangir. Menn ættu að vara sig á þessum áróðri fyrir málamyndaþinghaldi, sem kemur úr þessum herbúðum. Hann er miðaður við það eitt að minnka áhrif Alþingis sem stofnunar.

Það er fullvíst, að margir undrast nú þær fréttir, sem berast af Alþ. um aðfarir ríkisstj. og þess meiri hluta, sem hana styður. Ég held ekki of mikið sagt, að það veki beinlínis óhug með þjóðinni, hvernig ríkisstj. fer af stað. Mörgum hefur að vísu verið ljóst, að illa var í pottinn búið og ekki á góðu von, en þó mun engum hafa dottið í hug, að ríkisstj. mundi byrja starf sitt með því að berjast fyrir því á Alþ. að vísa þingmönnum heim eftir 10 daga setu á nýkjörnu þingi.

En hvernig stendur á því, að þetta skuli koma til mála? Til þess að reyna að skilja, að svona atburðir geta komið fyrir, þarf að rifja upp nokkur höfuðatriði.

Flokkar þeir, sem standa að núv. ríkisstj., hafa borið ábyrgð á málefnum landsins síðan í fyrrahaust. Fyrir síðustu alþingiskosningar í haust var því blákalt haldið að landsmönnum af þessum flokkum, að þeir hefðu stöðvað verðbólguna, stöðvað dýrtíðina. Framsóknarmenn afhjúpuðu þessa blekkingu fyrir kosningarnar og sýndu fram á, að stjórnarflokkarnir hefðu það eitt gert að auka niðurgreiðslur og uppbætur um á þriðja hundrað millj. kr. án þess að afla tekna til að mæta þessu, fram undan væri gífurlegur hallarekstur og meiri verðbólga en nokkru sinni fyrr sem afleiðing þessara ábyrgðarlausu tiltekta, að ætlunin væri að reyna að leyna því fram yfir kosningar, hvernig ástatt væri, með því að kasta upp í hinn gífurlega greiðsluhalla, sem til var stofnað þegar á þessu ári, öllum greiðsluafganginum frá árinu 1958, láta lúxusvörur sitja fyrir gjaldeyri vegna hátolla, en nauðsynjavörur sitja á hakanum og safna svo skuldum í viðbót, eftir því sem þyrfti. Eftir kosningarnar mundi svo koma fram, að tekna hefði alls ekki verið aflað upp í hinar gífurlega auknu uppbætur og niðurgreiðslur, og einnig koma fram, að verðbólguhjólið snerist raunverulega með meiri hraða fyrir þessar aðfarir en nokkru sinni fyrr. Talsmenn Alþfl. og Sjálfstfl. sögðu þetta allt helber ósannindi. Þeir héldu því blákalt fram, að þeir hefðu stöðvað verðbólguna og menn skyldu kjósa þá vegna þess, því að þeir hefðu með því sýnt fram á, hvernig taka ætti á dýrtíðarvandamálinu.

Nú er komið í ljós, að allt það, sem framsóknarmenn sögðu um þessi mál, studdist við staðreyndir, en það, sem hinir héldu fram um þessi efni, voru botnlaus ósannindi. Forustumenn stjórnarflokkanna hefur skort kjark til þess að segja Alþ. frá því, hvernig komið er, og að standa hér reikningsskil á framkomu sinni í þessum málum. Fjmrh. hefur beinlínis neitað að flytja fjárlagaræðuna, en krefst þess í staðinn, að þm. verði tafarlaust sendir heim án þess að hafa fengið nokkra skýrslu um efnahagsmálin. Er það algert einsdæmi í þingsögu Íslendinga. Forsrh. hefur ekki heldur þorað og ekki heldur aðrir ráðh. að efna til nokkurra umræðna um efnahagsmál á þessum dögum, sem þingið hefur setið, og margspurðir hafa þeir ekki fengizt til að gefa hér neinar upplýsingar um þau mál. En hæstv. forsrh. hefur talið sér sæma að fara á fund í stjórnmálafélagi hér í bænum og segja þar frá því, að það sé fyrirsjáanlegur 250 millj. kr. halli á ríkissjóði og útflutningssjóði á næsta ári að óbreyttum uppbótum og niðurgreiðslu. Hefur hann staðfest það, sem framsóknarmenn sögðu fyrir kosningar, að það hefði ekki verið aflað neinna tekna til að standa undir þeim greiðslum, sem fyrrv. ríkisstj. efndi til. En ekki þótti ástæða til að gefa þessar upplýsingar á Alþ., og þrátt fyrir margra daga tilraunir hefur reynzt ómögulegt að fá þær skýrslur fram á Alþ., sem þessar niðurstöður ráðh. í Varðarfélaginu eru byggðar á. En nú í kvöld játar hæstv. forsrh. í fyrsta skipti, að miklar og langar skýrslur liggi fyrir um þetta efni hjá ríkisstj., en þeim verður að halda leyndum fyrir Alþingi. Við megum ekki fá þessar upplýsingar, áður en alþm. eru sendir heim. Þessu til viðbótar vita menn þó, þótt fjmrh. vilji leyna því fyrir Alþ., að rekstrarafkoma ríkissjóðs er á þessu ári, miðað við 1. nóvember, rúmlega 100 millj. kr. verri en í fyrra, að lausaskuldir hafa á þessu ári aukizt verulega, þótt étinn hafi verið út 65 millj. kr. greiðsluafgangur frá því í fyrra og margir milljónatugir í ógreiddum tollum af Sogsvirkjuninni. Og þetta er kallaður greiðsluhallalaus ríkisbúskapur og yfirlýsingarnar endurteknar enn hér í kvöld. Enn fremur vita menn, að tekjur útflutningssjóðs á þessu ári hrökkva alls ekki til að greiða allar uppbætur á ársframleiðsluna, og verður því halli dreginn yfir á framtíðina í ógreiddum bótum.

Þá hefur komið fram, auðvitað líka utan Alþingis, vitnisburður frá aðalhagfræðiráðunaut ríkis-

stj., og hann er sá, að fram undan sé óðaverðbólga. Þá vita menn það, að fram undan er óðaverðbólga að óbreyttum þeim ráðstöfunum, sem fyrrv. ríkisstj. hafði gert og sagt þjóðinni að væru stöðvunarstefna í dýrtíðarmálunum í framkvæmd. Fyrir kosningarnar dirfðust þessir menn að segja: Við höfum stöðvað verðbólguna og komið öllu í ballans. En eftir kosningarnar segja þeir að vanti a. m. k. 250 millj. kr. og upplýst, að óðaverðbólga sé fram undan að óbreyttri stöðvunarstefnu þeirra. Það er ekki of mikið sagt, að þjóðin stendur blátt áfram höggdofa af undrun yfir því blygðunarleysi, sem hér hefur verið afhjúpað, og þetta kemur eins og reiðarslag yfir þá menn, sem trúðu þessum mönnum fyrir síðustu alþingiskosningar. Eru menn þó minnst búnir að sjá af stöðvunarstefnu þessara manna í framkvæmd á næstunni.

Nú bæta þessir menn gráu ofan á svart með því að segja það upp í opið geðið á mönnum, að þeir hafi alls ekki haldið því fram fyrir síðustu alþingiskosningar, að þeir hafi stöðvað verðbólguna, og ég vil biðja menn að taka vel eftir því, hversu lágt talsmenn þessara flokka munu leggjast að þessu leyti. Halda þessir menn, að þjóðin sé búin að gleyma fullyrðingum þeirra um stöðvun verðbólgunnar og afrek þeirra í því efni og fullyrðingum þeirra ósvífnum um ósannindi framsóknarmanna, þegar við upplýstum nákvæmlega það, sem nú er fram komið? Hvenær vildu þeir viðurkenna, að það, sem þeir hefðu efnt til, væri svikastöðvun, svikalogn, en fárviðri væri á næsta leiti að öllu óbreyttu? Inn í áróðursræður sínar um stöðvunarstefnuna fyrir kosningar læddu þeir á hinn bóginn ýmsum setningum um, að frekari ráðstafana mundi verða þörf. Þessar setningar, sem þá voru faldar innan um svardagana og gortið um stöðvun dýrtíðarinnar, ætluðu þeir til afnota síðar, þegar svikin kæmu í ljós, því að auðvitað var þeim ljóst, að það sanna hlaut að koma fram eftir kosningarnar. Núna, þegar þeir draga fram þessar setningar, mun hver einasti maður á Íslandi hafa í huga: Þú baðst menn að kjósa þig af því, að þú hefðir stöðvað verðbólguna, stöðvað dýrtíðina. Þú sagðir ekki þá, að þetta væri svikastöðvun fram yfir kosningarnar. Því meira sem þessir menn afsaka sig, þeim mun ljósari verða prettir þeirra. Þessu mun nefnilega aldrei verða gleymt.

Skelfing sú, sem gripið hefur þessa menn út af því, sem þeir höfðu gert og nú er fram komið, á ríkan þátt í því, að þeir þora ekki að gefa á Alþ. neinar viðhlítandi skýrslur um þessi efni, en vilja þess í stað reka Alþ. heim strax. En sannleikurinn er sá, að aðalvandi efnahagsmálanna eða nærtækustu ástæðurnar fyrir aðalvandanum í efnahagsmálunum eru skemmdarstarf Sjálfstæðisflokksmanna á efnahagslöggjöfinni frá 1958, sem auðvitað er ekki búið að bíta úr nálinni með, og svikastefna fyrrv. ríkisstj. í fjármálum, sem efndi til þess öngþveitis, sem nú er orðið.

Þeir vilja fá sem minnstar umr. um, hvernig komið er og hvað þeir höfðu sagt. Ætlun þeirra virðist sú að demba yfir menn fyrirvaralaust hinu nýja efnahagskerfi, sem farið er að hafa í hótunum að innleiða í stað stöðvunarstefnunnar, sem þeir þóttust fylgja.

Það hefur verið óskað eftir því undanfarna daga, að ríkisstj. gæfi yfirlýsingar um, að ekki yrðu sett brbl. um efnahagsmálin í þinghléinu, en ráðh. hafa enga slíka yfirlýsingu viljað gefa, og gefur það fullt tilefni til að álíta, að þeir muni jafnvel hafa í hyggju þá óhæfu að innleiða nýtt efnahagskerfi með brbl., gersamlega án samráðs og samþykkis Alþingis og eftir að hafa vísað því heim. Ég vona þó, að slíkt komi alls ekki til. En hvernig á þá að líta á gleiðgosalegar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um, að nýtt fjárlagafrv. verði lagt fram strax, þegar Alþ. kemur saman, byggt á nýju fjármálakerfi? Annars hefur þessi hæstv. ráðh. helzt afrekað það með yfirlýsingum sínum um þetta efni og fleira að koma öllu viðskiptalífi í fullkomið öngþveiti.

En hér kemur fleira til en þetta varðandi efnahagsmálin í sambandi við þessa þingfrestun. Margir telja, að ein aðalástæðan fyrir því, að ríkisstj. vill vísa þm. heim tafarlaust, sé sú, að hún ætli með því að fá aðstöðu til að gera það, sem henni sýnist, í afurðasölumálum landbúnaðarins með brbl. í þinghléinu, ef með þarf og án tillits til þess, hvað Alþingi vill. Þetta sé ástæðan til þess, að stjórnin hefur lagt slíkt ofurkapp á það að fresta þingi einmitt fyrir 15. des., en þá falla brbl. úr gildi. Og það er nú sýnilegt, að fjöldi þm., sem hefur verið kosinn á þing vegna yfirlýsinga sinna um, að þeir væru á móti brbl., ætlar að samþykkja að senda Alþ. og þar með sjálfa sig heim, án þess að ráðið hafi verið fram úr þessu máli.

Þessir þm. höfðu í dag á Alþ. tækifæri til að standa við orð sín og fella brbl., en þeir gerðu það ekki, og þeir hafa líka látið sig hafa það að fella tillögur um að bæta bændum tjón af lögunum. Ég læt menn um að álykta sjálfa um þessa framkomu hv. þm.

Út af vífilengjum hæstv. landbrh. um þetta hneyksli allt saman er rétt að upplýsa, að ráðh. hefur algerlega neitað að gefa loforð um að gefa ekki út brbl. í þinghléinu um afurðamálið, enda ekki annað sýnilegt en þingfrestun nú strax sé beinlínis, þótt ótrúlegt sé, gerð til þess, að ríkisstj. sölsi undir sig löggjafarvaldið frá Alþ. um þessi mál. Samtöl þau milli neytenda og framleiðenda, sem ráðh. talar um, koma þessu þingfrestunarmáli ekkert við og verða ráðh. ekkert skálkaskjól. Það þarf ekki að senda Alþingi heim til þess, að samtöl geti farið fram eða haldið áfram um þessi efni. En það þarf að senda Alþ. heim fyrir 15. des., til þess að ríkisstj. geti farið með þetta mál eftir sínu höfði án áhrifa frá Alþ. Heldur ríkisstj. virkilega, að menn skilji ekki þetta? Jú, áreiðanlega, og dæma hana eftir því, en ekki eftir vífilengjum hæstv. landbrh.

Þegar það kvisaðist fyrstu daga þingsins, að stjórnin mundi ætla að beita sér fyrir því að senda þingið heim tafarlaust, ætlaði ég ekki að trúa þessum orðrómi, og ég vildi ekki trúa honum. Ástandið er nú þannig eftir aðfarirnar undanfarið, að öllum skynbornum mönnum mun sýnast nauðsynlegt að samstilla sem flesta til sameiginlegra átaka í vandamálum þjóðarinnar, og allir vita, að eigi vel að fara, þarf beinlínis á slíku að halda. Það hefði átt að mega búast við því, að þeir, sem nú hafa tekið að sér forustuna, gerðu sér þetta ljóst. Það hefði sannarlega ekki veitt af því fyrir þá að efna

til betri samvinnu en nokkru sinni fyrr á milli ríkisstj. og Alþ. og yfir höfuð reyna allt, sem unnt var, til þess að koma í veg fyrir stórdeilur og óþarfadeilur. En þeir, sem nú hafa tekið að sér forustuna, virðast líta allt öðruvísi á þessi efni. Með óviturlegu frumhlaupi sínu hafa þeir farið allt öðruvísi að. Hér á Alþ. hefur það yfir höfuð verið venja að hafa samstarf við stjórnarandstöðuna, eftir því sem unnt hefur verið, um tilhögun þingstarfa. En nýir siðir koma með nýjum herrum. Nú er sá háttur upp tekinn allt í einu án þess að ræða um það einu orði við stjórnarandstæðinga á Alþ. að bera fram till. um að senda nýkosið Alþ. heim. Till. var útbýtt 27. nóv., það átti að senda þingið heim 30. nóv., og það var einn helgidagur í milli. Fátt sýnir betur það virðingarleysi fyrir Alþ., sem fram kemur í þessum aðförum, en það, að nokkurri ríkisstj. skuli detta í hug, að það sé hægt að koma slíkri fyrirrætlun fram á Alþ. Íslendinga á tveimur dögum, enda hefur ríkisstj. orðið þess áþreifanlega vör, að þannig er ekki hægt að fara með Alþingi. Hitt er annað mál, að með sífelldum næturfundum og með því að brjóta flestar hefðbundnar þingvenjur hafa þau framlengingarfrv. nú verið barin fram, sem óhjákvæmilega þurfti að lögleiða, til þess að ríkisstj. gæti komið þessari óhæfu í framkvæmd fyrir 15. des. Þetta frumhlaup hæstv. ríkisstj. að senda nýkosið Alþ. heim eftir nokkurra daga setu að öllum störfum ónunum, neita að gefa því upplýsingar og skýrslur um efnahagsmálin og koma í veg fyrir, að það taki afstöðu til brbl., er algert einsdæmi í þingsögu Íslendinga og þótt víðar væri leitað um þingræðislönd.

Til þess að klóra í bakkann eru talsmenn þessara aðfara stundum að tala um, að það þurfi að forða þinginu frá því að sitja aðgerðalausu. Fyrir þingið hafa nú verið lögð 37 mál, og það er rétt að nefna aðeins dæmi um þau mál, sem stjórnarliðið telur til aðgerðaleysis að Alþ. sinni. Ég nefni íbúðalánamálið, en hundruð manna bíða nú eftir að fá einhverja úrlausn um lán út á íbúðir sínar. Stjórnarliðið framdi þá sérstöku óhæfu að fella það að taka þetta mál á dagskrá hér fyrir nokkrum dögum. Til þess var ekki tími. Það átti að vísa þingmönnum heim. Ég nefni enn fremur frv. um eflingu millibyggðavegasjóðs og lán til vegagerðar á Austfjörðum og Vestfjörðum, frv. um lánsfé til hafnargerða, þáltill. um lausn á fjármagnsskorti fiskveiðasjóðs, till. til þál. um kaup á skipi til síldarrannsókna, um verðtryggingu sparifjár, frv. um atvinnuaukningarsjóð, um ræktunarvélakaup, og þannig mætti halda áfram að nefna dæmi um þau mál, sem fyrir þinginu liggja og eru á byrjunarstigi öll og sum ekki einu sinni hafa fengizt tekin á dagskrá vegna ofurkapps ríkisstj., sem hefur það eitt áhugamál að koma þinginu heim. Svo þykjast þessir menn vera að forða Alþ. frá því að sitja aðgerðalausu. Nei, tilgangurinn með því að senda Alþ. heim núna er aðeins einn, að losna við þingið og áhrif þess og fá aðstöðu til þess, að stjórnin geti sett löggjöf að eigin vild. Það er svo einn liðurinn í þeirri áætlun, sem virðist hafa verið gerð til þess að draga úr áhrifum Alþ., að kalla það málþóf, að þm. stjórnarandstæðinga hafa ekki tekið þessu þegjandi. Það er bein árás á málfrelsi þingmanna að kalla þær umræður málþóf, sem orðið hafa hér á hv. Alþ., síðan farið var að knýja fram með næturfundum og afbrigðum frumvörp þau, sem samþykkja þurfti til þess að geta rekið Alþ. heim. Það er bein árás á málfrelsi þingmanna að kalla þessar umr. málþóf. Með þessu eru allar þingræðisreglur brotnar og Alþ. óvirt á þann hátt, að því mun ekki verða gleymt. Og svo lengi sem þingræði stendur á Íslandi, mun verða til þessara aðfara vísað sem vítis til varnaðar.

Margir munu telja, að það hefði verið hyggilegra fyrir ríkisstj. að halda þingvenjunum öllum, gefa Alþ. allar upplýsingar um efnahagsmálin, sem unnt var að láta í té, nota tímann vel fram að eðlilegu jólafríi til þess m. a. að skapa á Alþingi sjálfu með friðsamlegri vinnu sem almennastan skilning á þeim verkefnum, sem fram undan eru í efnahagsmálunum. Margir munu gera þá kröfu til ríkisstj., að hún hefði átt að hafa manndóm til þess að taka afstöðu til verðlagsmála landbúnaðarins með því móti að leggja úrlausnir sínar í því máli fyrir Alþ., svo sem skylt er, í stað þess að hrekja Alþ. frá störfum vegna ótta síns við að eiga þau mál undir þinginu. Það er mikið gæfuleysi, sem lýsir sér í vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. og flokka hennar, og í svona ógöngur hefðu engir aðrir getað ratað en þeir, sem búnir eru að vefja sig býsna fasta í neti tvísögli og hvers kyns óheilinda.

Stjórnarandstæðingar buðu ríkisstj. samstarf um að gera vinnuáætlun fyrir Alþ. fram að jólum, og þetta legg ég sérstaka áherzlu á, — um að gera vinnuáætlanir fyrir Alþ. fram að jólum, sem tryggðu stjórninni eðlilegan starfsfrið, en jafnframt, að venjuleg þingstörf gætu farið fram, upplýsingar gefnar, mál lögð fram og reifuð, brbl. fengju þinglega meðferð, svo að tryggt væri, að eftir þingviljanum væri farið. Á ekkert slíkt hefur verið hlustað. Svarið er eitt: Farið heim, og farið strax. Það er nóg fyrir þingmennina að fá upplýsingar um efnahagsmálin, þegar þeir koma til baka og við höfum ákveðið, hvað á að gera. Við getum sett lög, ef þarf. Það þarf ekkert við þingmenn að ráðgast. Farið bara heim strax!

Þannig er afstaða ríkisstj. til Alþ., og á engin samvinnutilboð hefur hæstv. ríkisstj. viljað hlusta. Ég segi: Þetta er illa farið. Þessar aðfarir eiga ekkert skylt við það að skapa vinnufrið fyrir ríkisstj. eða vinnuhlé, eins og talsmenn ríkisstj. hafa á oddinum til málamynda, enda eru þessi vinnubrögð öll algerlega fordæmalaus. Þau eru líka af allt annarri rót runnin, eins og hér hefur verið rækilega sýnt fram á. Svona vill þjóðin áreiðanlega alls ekki láta vinna og allra síst, þegar málefni hennar standa eins og nú. Menn vilja ekki gera Alþ. að málamyndastofnun, sem ríkisstj. getur sent heim, þegar henni sýnist, og kallað síðan til að láta heima-sitjandi-meiri-hluta-brúður segja já og amen. Löggjafarvaldið er og á að vera hjá Alþ. samkv. stjórnarskránni, og því verður ekki breytt baráttulaust. Ég vona, og ég veit, að gæfa Alþingis, þessarar merkustu stofnunar íslenzku þjóðarinnar, er meiri en svo, að sá andi, sem svífið hefur hér yfir vötnunum þessa daga, síðan núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð, og er alveg nýr í þessari

stofnun, nái að eignast heimili í þessu húsi til frambúðar. *Ég er alveg sannfærður um, að ef þeir,* sem hér eiga hlut að máli, sjá ekki að sér sjálfir, þá mun þjóðin taka í taumana.

Karl Guðjónsson: Herra forseti, góðir áheyrendur. Í þessum umr. hefur ýmislegt komið fram, sem nokkur fróðleikur er í um það, hvers konar ástand ríkir á stjórnarheimilinu. Ef við lítum t. d. á ræðuhöldin hans Emils Jónssonar, hæstv. félmrh., þá er það greinilegt, að hann lifir enn þá í þeim kosningablekkingum, sem hans flokkur fór með svo óspart fyrir síðustu kosningar, að það er eins og hann hafi ekki áttað sig á því enn þá, að þar var ekki af heilindum mælt. Hann lýsti því t. d. yfir hér úr þessum ræðustóli áðan, að hans stjórn léti ekki eftir sig neina víxla, neina óreiðuvíxla til framtíðarinnar. Í sömu ræðu gat hann einnig um það, að allir yfirdráttarmöguleikar Íslendinga á erlendum vettvangi væru nú fullnotaðir og horfði til öngþveitis. Hann gat líka um það, að útflutningssjóð mundi ekki vanta neitt fé í ár, en hins vegar tugi eða hundruð millj. á næsta ári, og er þó ekki vitað, að sjóðurinn hafi tekið á sig neinar nýjar skuldbindingar frá því í ársbyrjun í fyrra. Sjálfsagt hefur hann ekki enn þá glöggvað sig á því, að gengislækkunarhugmynd sú, sem ríkisstj. fitlar nú við, sé ekki í samræmi við þá stöðvunarstefnu, sem Alþfl. hefur boðað í dýrtíðarmálum og þykist hafa náð miklum árangri í.

Ekki eru öllu ófróðlegri þær upplýsingar, sem koma frá hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktssyni, um það, að hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, sé algerlega andvígur því fjárlagafrv., sem samráðherra hans, Guðmundur Í. Guðmundsson, hæstv. utanrrh., samdi í sinni stjórnartíð. Og þá eru ekki heldur upplýsingar landbrh. alveg ónýtar um það, að í stjórninni hafi ekki verið gert neitt samkomulag um, hvernig eigi að bregðast við 3.12 prósentunum, sem sá ágæti ráðh. hefur í minni áheyrn oftlega tekið fram, að hans flokkur mundi færa bændum, enda þótt hann hér á Alþ. greiddi atkv. gegn því í dag.

En eitt er ríkisstj. sammála um. Hún vill fresta Alþ. Hún vill fresta fundum þess. Hún hefur raunar fyrir löngu ákveðið að gera það, og hún ætlaði að vera búin að því fyrir viku. Hún hefur nú þegar, *rúmum mánuði eftir kosningar, gleymt því,* til hvers þm. eru kosnir og til hvers þing er háð. Henni finnst þingið vera sér til óþæginda, og hún vill losa sig við það og telur allt of seint ganga í þeim efnum. Hennar hugmynd var sú, að þingið yrði leyst upp, eftir að þm., margir nýir sem slíkir og óvanir starfsháttum þingsins, höfðu átt þess kost í fjóra eða fimm daga að vinna að almennum þingstörfum og án þess að þeir fulltrúar, sem þjóðin hafði valið til þess að ráða vandamálum sínum til hlunns, fengju svo mikið sem að heyra skýrslu um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum, svo sem þó er bæði föst venja og lögbundin skylda í byrjun hvers reglulegs þinghalds. Ekki hugðist stjórnin heldur sinna þeirri skyldu, er stjórnarskráin ákveður, að leggja fram á þinginu brbl. til afgreiðslu. Og áður en nokkur till. sást þar um á Alþingi, sögðu stjórnarblöðin, að ákveðin væri þingfrestun á ákveðnum degi, sem nú er að vísu hjá liðinn án þingfrestunar, en rétt í kjölfar þessa var lögð fram um þetta till. á þingi, svo sem eins og til þess, að Alþ. skyldi nú gefinn kostur á því að staðfesta þessa ákvörðun Alþýðublaðsins og Vísis.

En það kom í ljós, að til voru þeir þm., sem ekki voru sammála því, að þing væri einungis kvatt saman til málamynda, og kröfðust upplýsinga um fjárreiður ríkisins og vildu sjá framan í þann vanda, sem ráðherrar voru ófáanlegir til að segja um á Alþ., en voru þeim mun ósparari á að þusa um á fundum í stjórnmálafélögum sínum úti í bæ. Þessar kröfur kölluðu ráðherrar málþóf og töldu af illum toga spunnið og einungis gert til tafar á þingstörfum og til að varna stjórninni næðis til að glíma við vandamálin, eins og þeir nefna iðrótt sína. Þess má þó geta, að ekki hefur stjórnarliðið, sem tryggt hefur sér alger ráð á þingstörfum og hraða þingvinnunnar, tekið fyrir eitt einasta mál í n. utan það eitt, sem flutt er af ríkisstj. og miðar að því að gera þingfrestunina mögulega þegar í stað. Og vart hafa önnur mál heldur komið á þingfundadagskrá, síðan stjórnin öðlaðist sitt fyrsta og hingað til sitt eina baráttumál, hugsjónina um að reka Alþ. af höndum sér.

En þótt stjórnarliðið hafi séð til þess, að ekki gæti þokað fram almennum framfaramálum, sem þegar liggja mörg fyrir hér á þingi, hafa þó komið fram í umr. og atburðum síðustu daga nokkrar athyglisverðar upplýsingar, þótt vart geti þær talizt þess eðlis, að þær boði þjóðinni bjartari framtíð. Að vísu kom hér á borð þingmanna fyrir nokkrum dögum 140 blaðsíðna kver með yfirskriftinni „Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1960". Í því er raunar að finna dálitlar upplýsingar, sem stinga verulega í stúf við þær hrollvekjur, sem mönnum er títt að flytja við hátíðleg tækifæri um ömurleik í íslenzku fjármálalífi. Þar stendur t. d.: „Að því er bezt verður séð, munu tekjur ríkissjóðs á árinu 1959 fara talsvert fram úr áætlun fjárlaga." Og eftir að sagt hefur verið frá því, að umframgreiðslur séu einnig nokkrar, svo að ekki muni verða neinn greiðsluafgangur, segir svo: „En aftur á móti er ekki ástæða til að óttast greiðsluhalla á yfirstandandi ári."

Enginn mun hafa til þess ætlazt, að þetta fjárlagafrv. gæti runnið skeið sitt á enda lítið breytt eða orðið að lögum nú fyrir áramótin, enda hófst þing nú síðar en oft áður, og af ýmsum öðrum ástæðum var ekki við því að segja, þótt afgreiðsla þess yrði að dragast fram yfir áramótin. En hitt kom á óvart, þegar hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, neitaði að halda nokkra framsöguræðu með þessu frv. og kvaðst aldrei mundu gera það, heldur semja nýtt frv. og eftir fyrirhugað þinghlé yrði það, en ekki þetta frv., tekið til umr. Þetta jafngildir auðvitað því, að ráðh., sem sjálfur lét útbýta frv. þessu á þinginu, lýsir það markleysu og ónýtt plagg. Það var vitað, að þegar Gunnar Thoroddsen tók við sínu núverandi starfi, lá þetta frv. tilbúið og prentað í rn. Það var samið á ábyrgð hæstv. fyrrv. fjmrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar. Það má vel vera, að mat núv. fjmrh., Gunnars Thoroddsens, á þessu frv. Guðmundar Í. Guðmundssonar sé rétt. En þegar í ljós var komið, að frv. Guðmundar var marklaus og ónýtur pappír,

þar auðvitað hreinlátum og snyrtilegum ráðh. að láta fjarlægja það sem annað rusl úr rn. og í þar til gert ílát utan dyra. En þetta gerði ráðh. ekki, heldur lét dreifa því á Alþ. og virðist hafa ætlað að láta þm. vera í góðri trú um, að þetta væri gott og gilt þskj. En yfirlýsing ráðh. um þetta eina plagg, sem fyrir liggur um fjárreiður ríkisins, var eitt af því, sem fram kom í umr. á Alþ. hina síðustu dagana, sem stjórnin leit svo óhýru auga og vildi með öllu sneiða hjá.

En þótt nokkur tíðindi megi það teljast, að skipta á um fjárlagafrv. eftir þinghlé, er hitt þó stærri frétt, að jafnframt eigi þá að skipta um efnahagskerfi, en það sagði ráðh. líka í þessum sömu umr., svo sem eins og í framhjáhlaupi. Að vísu eru öll ummæli einstakra ráðh. um væntanlegar efnahagsaðgerðir sem og ákvæði stjórnarsamningsins, þar sem á þær er drepið, einna líkust véfréttasvörum og bera þess greinilegan vott, að þar hefur engin stefna verið mörkuð fremur en í öðrum þáttum þjóðmála. Stjórnarsamningurinn er einungis sjö stóla sáttmáli án stefnu í þjóðmálum. Sameiginleg tilhneiging beggja stjórnarflokkanna leynir sér þó ekki, en hún hnigur í þá átt, að framkvæma beri stórfellda gengislækkun, þótt framkvæmdin skjóti báðum aðilum það miklum skelk í bringu, að enn er óvissa um það eitt, til hvers kjarkur þeirra hrekkur. Sumum stjórnarherranna kann að finnast heldur skammt liðið frá kosningaræðunum, þar sem Alþfl. gortaði mest af þeirri dáð sinni að hafa ráðið niðurlögum dýrtíðarinnar, en Sjálfstfl. vill vera viss um, að þegar framkvæmd gengisfellingarinnar kemur, verði búið að taka niður og brjóta saman alla borðana, sem hann strengdi þvert yfir aðalgötur höfuðborgarinnar með gleiðletruðu vígorðinu um það, að sá flokkur væri leiðin til bættra lífskjara, enda er samræmið á milli kenningarinnar um gengisfellingu og bætt lífskjör og stöðvun dýrtíðar helzt til ónákvæmt.

En þótt hér hafi verið sýnt fram á það, að þingfrestun í tvo mánuði, rétt þegar nýkjörið þing var að hefja störf, lítilsvirði bæði Alþ. og almennt lýðræði í landinu, er samt vert að líta á þau rök, sem stjórnarliðið hefur helzt uppi fyrir sínum málstað. Þau liggja fyrir og eru þessi: Stjórnin þarf næði og tóm til þess í fyrsta lagi að kanna efnahagsástandið og í öðru lagi að undirbúa lagasetningu til lausnar vandamálunum.

Kenningin um könnun á efnahagsástandinu er fyrst og fremst viðkvæði Sjálfstfl. Af eðlilegum ástæðum gagnar hún Alþfl. verr, þar eð menn mundu einungis brosa, ef sá flokkur ætlaði að fara að telja sig bláókunnugan í stjórnarráðinu. En þeir, sem fylgzt hafa svolitið með gangi mála að undanförnu, vita líka ofur vel, að fáfræði Sjálfstfl. er uppgerðin ein, haldlaus afsökun fyrir ráðleysi flokksins og sundurþykkju, sem nú sverfur að honum fastar en nokkru sinni áður. Þetta er raunar sami flokkurinn og fyrir réttu ári athugaði um stjórnarmyndun, tók í sína vörzlu öll gögn hins opinbera varðandi efnahagsmál og fékk þau í hendur sínum sérfræðingum. Síðan hafði Sjálfstfl. algera forustu um mótun fjárlaga fyrir þetta ár og einnig um setningu laga um útflutningssjóð, að ógleymdri þeirri efnahagsráðstöfun, sem þá átti öllu að bjarga, en það var lagasetningin um lækkun kaups og afurðaverðs í fyrravetur. Og auðvitað hefur Sjálfstfl. átt þess fullan kost að fylgjast með framvindu allri í þessum efnum hjá stjórninni, sem hann kom á laggirnar til að framkvæma sín stefnumið fyrir ári, enda þótt hann brysti þrek til þess í 11 mánuði að setjast sjálfur í þá stjórn, svo sem hann þó hefur gert nú. Það er því hin afkáralegasta viðbára og ekkert annað, þegar hann nú þykist koma að öllu bláókunnugur og þurfa miklar rannsóknir til að botna eitthvað í því, hvernig komið sé.

Hvað er þá að segja um hitt atriðið, nauðsynina á næði frá þingstörfum til að finna leiðir út úr vandamálunum? Skyldu nú ekki ráðh. og annað stórmenni, er að stjórninni stendur, nota hverja stund, sem frá þinghaldinu er hægt að víkja, til þess að glíma við vandann, til að brjóta heilann um lausnarorðið og bera saman ráð sín? Að vísu hafa sézt um það ráðherrayfirlýsingar í blöðum, að svo sé fjarvist þeirra úr þingsölum hversdagsleg, að þá sofi þeir í bólum sínum, þegar þeirra er saknað á þingfundum. En auðvitað er þetta ekki hin almenna regla, enda hefur forsrh. nýlega brýnt alþjóð og þá að sjálfsögðu ekki síður sína samráðh. um að halda nú vöku sinni, því að það sé nauðsyn þjóðarinnar, og það hafa dæmin líka sannað, að þegar næturfundum þingsins hefur verið nægilega lengi frestað, til þess að þingheimur fengi að njóta nærvistar þeirra, sem saknað var, þá hafa það ekki verið framlágir eða syfjaðir menn, upprifnir úr nætursvefni, sem á þingi hittust. Það vildi t. d. til upp úr miðnættinu aðfaranótt s. l. fimmtudags, þegar forseti Nd. svipaðist um þingbekki, áður en til atkvæða væri gengið, að honum mun hafa þótt ráðherrastólar þunnskipaðir og einnig fleiri skörð í þingmannaraðir, þar sem stjórnin átti sér stuðnings að vænta. Nú eru þeir stóru auðvitað önnum kafnir að glíma við vandann, hugsuðu menn, og þingstörfin urðu að dragast á langinn, því að forseti sýndi fullan skilning á því, að þingfylgi stjórnarinnar er það naumt, að ekki má mörg skörð í til þess, að af sé meirihlutavald þess. En hér skyldi atkvgr. fara fram á hinni tilteknu nóttu, og þeir stóru voru til kvaddir, þó að það kostaði þá nokkurt ónæði og frátafir frá glímunni við vandann. Eftir að beðið hafði verið svo sem hálfa stund, birti heldur yfir í þingsal. Ráðherrar og háembættismenn, einmitt hinir ábyrgustu gagnvart vandanum, gengu til sæta sinna. Þeir voru búnir skartklæðum þeim, sem tíðkanleg eru einungis við hinar stærstu hátíðir, og allir hinir höfðinglegustu í fasi. Þetta eru sannir höfðingjar, hlutu þeir að hugsa, er vottar urðu að þeim hátíðleik, er hér birtist. Þeir fara að eins og Skúli fógeti forðum, þegar hann sá syrta í álinn. Hann klæddist litklæðum til þess að ganga á vit þess vanda, sem hann átti fyrir höndum, og hann tók til sinna ráða, réðst gegn vandanum, og í það skiptið vann hann sitt afrek í litklæðunum. Síðan hefur aldrei til neins höfðingskapar spurzt, er næði neinum samjöfnuði við það, fyrr en þarna, að þingsalur upplýstist á náttarþeli af hvítum skartbringum og skínandi ásjónum stórmenna, er nú nutu ekki næðis að glíma við vandann, heldur urðu einnig að sinna tiltölulega litilmótlegum atkvæðagreiðslum á þingi. En þetta gerðu þeir og mögluðu hvergi,

og síðan var fundi slitið, svo að væntanlega hefur þeim skjótlega aftur gefizt tóm til glímunnar við vandann.

Nú eru vandamál þjóðarinnar auðvitað margþætt, og ekki vissu þeir, er í þingi urðu ásjáandi þessa hátíðleika, er þar birtist umrædda nótt, að hverjum þættinum störf hinna fjarstöddu stórmenna beindust, fyrr en Alþýðublaðið gaf um það nokkra vísbendingu hinn 4. þ. m., en þar birtist þá grein á forsíðu, þar sem þessar upplýsingar er m. a. að finna, og vitna ég nú orðrétt til þess blaðs, að vísu með litlum úrfellingum, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Andrew Gilchrist, ambassador Breta á Íslandi, fer héðan alfarinn einhvern næstu daga. Hann heldur fyrst til Bretlands, en þaðan til Chicago. Á miðvikudagskvöld var honum haldið kveðjuhóf í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Hver sem hlutur þessa brezka embættismanns í landhelgisdeilunni hefur verið, hefur hann persónulega og hans fjölskylda ekki átt sjö dagana sæla, síðan deilan hófst. Síðan hefur allur þorri íslenzkra embættismanna og fleiri Íslendingar afþakkað öll boð brezka sendiherrans og neitað að stíga inn í það fæti, og það var fátitt, að brezka sendiherranum væri boðið til eins eða neins af opinberum aðilum."

Þessi lýsing mun hafa átt við allt fram að kosningum. En með mikilli gleði hefur blaðið nú skýrt frá því, að hér hafi orðið á veruleg umbreyting. Þarna höfðu sem sagt umr. um þjóðmál á þingi orðið til þess að trufla okkar ráðherra, okkar fiskimálastjóra og máske fleiri sanna og góða Íslendinga í því að bæta brezka sendiherranum upp þurrlæti það, *sem þjóðin hefur sýnt honum síðan* herskip þau, sem hann er talsmaður fyrir, tóku að vernda frelsið á úthöfunum, eins og framferði brezku vígdrekanna í landhelginni okkar heitir samkv. hugmyndum herra Andrews Gilchrists og stjórnar þeirrar, sem hann starfar hér fyrir. Hinu er svo ekki að neita, að alltaf eru til menn, sem ekki kunna gott að meta, t. d. ekki vinafögnuð ríkisstj. og þessa brezka sendiherra, sem veitt hefur viðtöku svo mörgum harðorðum mótmælum sem raun er á um Gilchrist þennan. Svo er þessu t. d. varið um okkur fulltrúa Alþb. hér í þessari stofnun. Við teljum tíma ekki illa varið til umræðu um almenn þjóðmál, svo sem rekstrargrundvöll fiskiflotans, sanngjarnt verð á búvörum bænda eða fjárreiður *ríkissjóðs, og viljum láta Alþ. taka þessi mál og* raunar fleiri til athugunar og afgreiðslu, jafnvel þótt það geti truflað svefnró þreyttra ráðherra og veizlufrið stjórnarvalda hjá fulltrúum brezku stjórnarinnar, þar sem slík mál eru vafalaust litin smáum augum. Og við munum greiða atkvæði gegn frestunartillögunni, sem við enn teljum ótímabæra, og með því lýsa okkur reiðubúna til þingstarfa, þótt frekara þinghald kunni enn að trufla þann þátt glímunnar við vandann, sem fram fer til lofdýrðar brezkum sendifulltrúum. — Góða nótt.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti, góðir hlustendur. Síðan Alþingi kom saman hinn 20. f. m., hafa staðið yfir svo til linnulaus fundahöld daga og nætur. Á dagskrá hafa verið tvö mál, frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og frv. til laga um framlengingu nokkurra tekjustofna ríkissjóðs. Bæði eru þessi mál gamlir kunningjar á Alþ.

Frv. um framlengingu nokkurra tekjustofna ríkissjóðs er þannig til komið, að vissir tekjustofnar gilda aðeins til eins árs í senn, og verður því að framlengja þá með nýjum lögum fyrir lok hvers árs, ef þeir eiga að gilda fyrir næsta ár. Þetta hefur verið gert um mörg undanfarin ár. Hefur það að jafnaði tekið einn eða tvo daga og ætið verið gert nær umræðulaust. Frv. um bráðabirgðafjárgreiðslur er hins vegar borið fram vegna þess, að sé ekki búið að afgreiða fjárlög fyrir byrjun árs, er óheimilt að greiða fé úr ríkissjóði, nema sérstök heimild sé til þess veitt. Það hefur komið fyrir ótal sinnum, að þurft hefur að leita þessarar heimildar. Hún hefur ætið verið veitt og afgreidd á einum eða tveimur dögum. Að þessu sinni hafa verið teknir upp nýir siðir. Stjórnarandstaðan hefur að vísu verið því samþykk út af fyrir sig að framlengja tekjustofna ríkissjóðs og heimila bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, en engu að síður hefur hún tekið upp málþóf á Alþ. í því skyni að tefja framgang frv. Þegar málin voru á dagskrá, var haldið uppi látlausum ræðuhöldum um allt milli himins og jarðar, og sjaldan tókst að taka málin á dagskrá, án þess að á undan væru gengnar langar umræður utan dagskrár. Þetta málþóf hefur m. a. leitt til þess, að ekki hefði verið unnt, þótt menn hefðu viljað, að taka fyrir önnur mál á þinginu en þessi tvö frv., þ. á m. ekki frv. stjórnarandstöðunnar sjálfrar. Munu þessi vinnubrögð vart eiga sér fordæmi í þingsögunni.

Tilefni þessara dæmalausu aðfara stjórnarandstöðunnar er næsta furðulegt. Núv. ríkisstj. var mynduð sama daginn og Alþ. kom saman. Henni hafði því ekkert tóm gefizt til að undirbúa mál fyrir þingið né kanna ástand og úrræði í efnahagsmálum svo til hlítar, að hún gæti lagt tillögur til úrlausnar þeirra fyrir Alþingi. Ríkisstj. taldi það því eðlilegt og skynsamleg vinnubrögð að gera hlé á störfum Alþingis í nokkrar vikur, til þess að henni gæfist tími og næði til að athuga þessi vandasömu mál og ganga frá tillögum sínum. Að óreyndu var ekki búizt við því, að stjórnarandstaðan beitti sér gegn svo sjálfsagðri málsmeðferð. Stjórnarandstaðan reyndist hins vegar á öðru máli. Hún vildi hvorki láta ríkisstj. fá tíma né næði til þess að starfa. Málþófið var því tekið upp og hvers kyns tylliástæður tíndar til í því skyni að draga þingfrestunina sem mest. Mat stjórnarandstaðan meira að skapa ríkisstj. óþægindi en veita henni nokkurra daga starfsfrið til að vinna að vandamestu málum þjóðarinnar.

Fjármál ríkisins hafa mjög dregizt inn í málþófsumræðurnar. Hefur stjórnarandstaðan fundið að því, að 1. umr. hefur ekki farið fram um fjárlagafrv., hamrað á því, að niðurstöður þess bentu til þess, að verulegur halli muni vera á ríkisbúskapnum á yfirstandandi ári. Ástæðan fyrir því, að fjárlagafrv. hefur ekki verið tekið til 1. umræðu, er einfaldlega sú, að vegna fyrirætlana ríkisstj. um breytingu á tekjuskattinum verður gerbreyting á tekjuöflun fjárlagafrv., og væntanlegar ráðstafanir í efnahagsmálum, hverjar sem þær verða, munu verka mjög á fjárlagafrv. í heild. Eðlilegt er, að fullnægjandi vitneskja liggi fyrir um þessi

mál í heild, áður en fjárlagafrv. er tekið til meðferðar, enda óvinnandi verk að endurskoða frv. og ganga frá því, fyrr en vitað er, hvernig þessum málum verður skipað. Skyldu hefur hins vegar verið fullnægt með því að semja og leggja fram fjárlagafrv., sem í einu og öllu byggist á gildandi lögum, ríkjandi ástandi og óbreyttu fjárhagskerfi.

Það er ekkert nýtt, að stjórnarandstaðan geri sér tíðrætt um miklnn halla á ríkisbúskapnum á árinu 1959. Þegar verið var að afgreiða hallalaus fjárlög ársins á Alþ. á s. l. vetri, fullyrti stjórnarandstaðan, að um hreina fölsun væri að ræða. Staðhæft var, að tekjuáætlun fjárl. væri í engu samræmi við raunveruleikann og mundu tekjurnar reynast til muna minni en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Sama máli gegndi um gjaldahliðina. Stjórnarandstaðan fullyrti, að niðurskurður sá, sem fyrrv. ríkisstj. fékk samþykktan á fjárlagafrv., væri pappirssamþykkt, sem reynast mundi óframkvæmanleg, og mundu útgjöld ríkissjóðs fara langt fram úr áætlun. Fjárlögin í heild kallaði stjórnarandstaðan óreiðuvíxil ríkisstj. Alþýðuflokksins, sem falla mundi á þjóðina með miklum þunga.

Þennan boðskap flutti stjórnarandstaðan þjóðinni af miklu kappi í tvennum alþingiskosningum á liðnu sumri, og þessi boðskapur hefur verið endurtekinn hér í kvöld hvað eftir annað. En hvað er þá hæft í því, að halli verði á rekstri þjóðarbúsins á árinu 1959? Var tekjuáætlun fjárlaganna fölsuð? Voru útgjaldaliðirnir blekking? Árið 1959 er ekki enn liðið, endanlegar tölur um afkomu ríkissjóðs liggja því ekki fyrir og munu ekki liggja fyrir fyrr en á fyrstu mánuðum næsta árs. Nokkru áður en ég fór úr fjmrn. fór hins vegar fram athugun á því, hvað ætla mætti um afkomu ríkissjóðs árið 1959, miðað við þá vitneskju, sem fengin var, og reynslu undanfarinna ára. Þessi athugun hefur nú verið endurskoðuð. Niðurstaðan er sú, að því er bezt verður séð, að tekjur ríkissjóðs munu á árinu 1959 fara talsvert fram úr áætlun fjárlaga. Er það einkum tekju- og eignarskatturinn, stimpilgjöld og tekjur ríkisstofnana, sem virðast ætla að gefa betri raun en ráð hefur verið gert fyrir. Heildartekjurnar eru í fjárl. áætlaðar um 1030 millj. kr., en virðast mjög varlega áætlað reynast á milli 1080 og 1090 millj. kr. og þó tvímælalaust nær 1090 millj.

Útgjöld ríkissjóðs samkvæmt fjárl. ársins 1959 munu að vísu nú sem fyrr fara nokkuð fram úr áætlun þrátt fyrir tilraunir ríkisstj. til að draga úr umframgreiðslum. Útgjöldin voru áætluð 1030 millj. kr., en virðast ætla að nálgast 1090 millj. Útgjöld ríkissjóðs á árinu virðast því ætla að reynast mjög nálægt þeirri upphæð, sem tekjurnar koma til með að nema. Er því ekki ástæða til að óttast greiðsluhalla hjá ríkissjóði á árinu 1959, og fullyrðingar stjórnarandstöðunnar um blekkingar, falsanir og óreiðuvíxil í sambandi við fjárhagsafkomuna 1959 munu reynast tilhæfulausar.

En hvað er þá um afkomu ríkissjóðs á næsta ári? Bendir fjárlagafrv. ársins 1960 til þess, að halli hafi verið á rekstri ríkissjóðs á árinu 1959, og hvernig er hin aukna fjárþörf ríkissjóðs á næsta ári til komin?

Áður en fyrrv. ríkisstj. sagði af sér, hafði hún lokið við að semja frv. til fjárlaga fyrir árið 1960, og var það lagt fyrir Alþ. á fyrstu fundum þess í nóvember. Frv. var að sjálfsögðu miðað við gildandi lög og það verðlag og kaupgjald, sem nú er og staðið hefur óbreytt frá því snemma á árinu. Nokkrar breytingar eru á frv. frá gildandi fjárlögum. Á það bæði við um tekju- og útgjaldaliði frv. Á tekjubálki fjárlagafrv. eru felldar niður tolla- og skattagreiðslur Sogsvirkjunarinnar og greiðsluafgangur ársins 1958, sem hvort tveggja er á gildandi fjárlögum og nemur samtals 55 millj. kr. Að öðru leyti er heildarniðurstaða tekjumegin á fjárlagafrv. fyrir árið 1960 mjög svipuð og á fjárl. ársins 1959, og eru tekjurnar á frv. fyrir árið 1960 því áætlaðar um 55 millj. kr. lægri en í fjárl. fyrir árið 1959. Útgjöld ríkissjóðs eru áætluð um 43 millj. kr. hærri á fjárlagafrv. fyrir árið 1960 en þau eru á fjárl. ársins 1959, ef ekki er tekið tillit til greiðslna útflutningssjóðs. Hækkanirnar stafa yfirleitt af óhjákvæmilegri aukinni þjónustu, sem ríkið lætur í té. Afleiðing þess, að tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 55 millj. kr. lægri á næsta ári en yfirstandandi ári og útgjöldin 43 millj. kr. hærri, er sú, að ríkissjóður getur á næsta ári, að óbreyttum tekjum, ekki innt af hendi jafnmiklar greiðslur til útflutningssjóðs og hann hefur gert á árinu 1959. Í stað 152 millj. kr. greiðslu til útflutningssjóðs í núgildandi fjárlögum er því aðeins gert ráð fyrir 50 millj. kr. greiðslu í fjárlagafrv. fyrir 1960. Þarna vantar því 102 millj. kr. á, að útflutningssjóður geti á næsta ári fengið hjá ríkissjóði jafnmikið og á árinu 1959 að óbreyttum tekjum. Ef að líkum lætur, munu útgjöld ríkissjóðs aukast nokkuð í meðförum þingsins frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Samkvæmt venju er ekki óeðlilegt að áætla, að hér geti verið um milljónatugi að ræða. Gengur því enn á þá fjárhæð, sem ríkissjóður er aflögufær um á næsta ári til útflutningssjóðs. Við þetta bætist svo það, að á útflutningssjóði verður fyrirsjáanlegur halli á næsta ári vegna nýrra skildbindinga, og eykst því tekjuþörf sjóðsins á sama tíma sem greiðslugeta ríkissjóðs minnkar. Verkefni það, sem ríkisstj. bíður nú, er því að finna leiðir til að mæta hinni nýju auknu fjárþörf. Skal ekkert um það fullyrt hér, hversu mikil þessi aukna fjárþörf er. Hitt skal staðhæft, að þessir nýju erfiðleikar framtíðarinnar hagga ekki þeirri staðreynd, að ekki þarf að óttast greiðsluhalla hjá ríkissjóði á árinu 1959.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, DÓ, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, FS.

nei: HermJ, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, JK, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, PK.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Einar Olgeirsson: Þar sem hér er um að ræða ósvífna tilraun af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess að reka Alþingi heim, þegar þjóðin þarf að búa sig undir að ráða fram úr erfiðum efnahagsmálum, og þar sem það er auðsjáanlega tilætlun ríkisstj. að

losa sig við Alþ. til þess að geta beygt sitt eigið þinglið undir fyrirrætlanir, sem hún er að ráðfæra sig um núna við útlenda sérfræðinga, þá álít ég, að það nái ekki nokkurri átt, að Alþ. láti reka sig heim og gefi stjórninni þannig aðstöðu til þess að undirbúa árásir á alþýðu manna um allt land, án þess að nokkur ástæða sé til slíkra aðgerða af hálfu ríkisstj. og meiri hluta Alþingis. Ég álít nauðsynlegt þvert á móti, að tíminn hefði verið undirbúinn hér til þess að skapa öðruvísi efnahagsstefnu og heillavænlega fyrir alla alþýðu, en ekki til að blekkja menn, eins og með þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar nú í kvöld af hálfu hæstv. ríkisstj. Þess vegna segi ég nei.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Með því að sýnilegt er, að hér á Alþingi, eins og hugarfari þessarar stjórnarandstöðu er háttað, er ekki unnt að koma fram neinum skynsamlegum vinnubrögðum, þá virðist eina ráðið til þess, að svo megi verða, að þinginu verði gefið frí, á meðan ríkisstj. er að undirbúa sitt mál, og þess vegna segi ég já.

Eysteinn Jónsson: Hafi menn verið í vafa um það, til hvers átti að senda þingið heim, áður en þessi síðasti hæstv. ráðh. talaði hér nokkur orð, þá vita menn það núna. Ég mótmæli þessu og segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33:27 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 68).

2. Fjarskiptastöðvar í íslenzkum skipum.

Á 15. fundi í Sþ., 10. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun laga og reglugerða um fjarskiptastöðvar í íslenzkum skipum [54. mál] (A. 89).

Á 17. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Í síðustu heimsstyrjöld var með reglugerð fyrirskipað, að íslenzk skip skyldu hafa loftskeytatæki í bjargbátum og bjargflekum sínum. Þessi tæki voru á þeim tíma langt frá því að vera fullkomin, enda ekki komnar fram á sjónarsviðið þær tækniframfarir, sem urðu á þessu sviði síðustu ár stríðsins og á árunum þar á eftir. Sérstaklega þóttu rafhlöður tækjanna, sem voru orkugjafi þeirra, og rakavarnir mjög ófullkomnar, enda fór svo, að fyrir tilmæli skipaskoðunarstjóra var ákveðið með ráðherrabréfi árið 1947, að ekki skyldi krefjast loftskeytatækja í bjargbátum eða bjargflekum fyrst um sinn.

Þann 19. nóv. 1952 gekk í gildi alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á sjónum, sem Ísland er aðili að. Í þessum samningi er m. a. fyrirskipað, að verzlunarskip í millilandasiglingum skuli hafa hreyfanlegt neyðarsenditæki, er sé þannig útbúið, að það sé nothæft fyrir ófaglærðan mann í neyðartilfellum, það sé meðfærilegt og vatnsþétt og á að geta flotið og verið nothæft, þótt í sjóinn sé kastað. Og það er tekið fram, að helzt skuli það vera drifið af handsnúnum mótor eða viðurkenndum rafhlöðum. Þetta tæki á að hafa loftnet, sem á lofti sé með hjálp bátsmastursins, eða svokallað drekaloftnet, sem eykur langdrægni stöðvarinnar um a. m. k. helming eða allt að fjórum sinnum.

Eftir að atburður sá átti sér stað, sem flutningsmenn þessarar till. vitna til í grg. hennar, er einn af togurum okkar var talinn af meðal almennings, vegna þess að tiltölulega meinlaus sjóhnútur á mælikvarða sjómanna gerði fjarskiptatæki skipsins óvirk, svo að engu sambandi er náð við skip í fárra tugmílna fjarlægð, — þá við þær umræður, sem urðu um þennan atburð, varð sú kaldranalega staðreynd ljós, að þótt verzlunarskipi með þrettán manna áhöfn, er siglir til nágrannalanda okkar, sé skylt að hafa hreyfanlegt neyðarsenditæki, eins og ég hef þegar lýst, til að auka öryggi skipverja, þá er togari með 30—40 manna áhöfn, sem stundar veiðar á fjarlægum miðum og siglir á milli landa ekki síður en verzlunarskip, ekki skyldur til að hafa slíkt tæki um borð, einfaldlega vegna þess, að fiskiskip heyra ekki undir áðurnefndan alþjóðasamning, og þess þar af leiðandi ekki krafizt.

Á íslenzkum togurum er nú skylt að hafa eina langbylgjustöð, 150 watta, en í framkvæmdinni er þetta þó þannig, að lengra er gengið á þessu sviði, þar eð allir togarar hafa samkv. reglugerð sterkari langbylgjustöð og þar að auki 300 watta stuttbylgjustöð fyrir morse, og svo auk þess vegna áhrifa frá Landssíma Íslands og með stuðningi íslenzku skipaskoðunarinnar hafa þeir sem neyðarstöð eina tal- og morsestöð fyrir millibylgjur, sem rekin er eins og hinar með orku frá rafulum skipsins eða frá rafgeymum. En ekkert af þessum tækjum er hreyfanlegt og öll staðsett á sama stað. Á togurum okkar eru því engin hreyfanleg neyðarsenditæki, sem grípa má með í björgunarbát, ef yfirgefa þarf skipið eftir árekstur við annað skip eða ís eða vegna annarra orsaka. Það skilja allir þýðingu þess, ef ekki hefur tekizt að koma staðarákvörðun svokallaðri frá hinu sökkvandi eða brennandi skipi, áður en það var yfirgefið langt frá siglingaleiðum, eins og togararnir okkar eru venjulega. Það eru reyndar líka dæmi fyrir því, að þótt tími hafi gefizt til slíks með fjarskiptatækjum skipsins sjálfs og sú staðarákvörðun hafi verið rétt, sem þá er upp gefin, þá hafi oft liðið það langur tími, unz komizt var á hinn uppgefna stað til björgunar eða leitar, að t. d. gúmmíbjörgunarbátar hafi þá borizt vegna straums og vinda tugi og jafnvel hundruð mílna frá þeim stað. Það hljóta allir að skilja þýðingu þessara tækja undir slíkum kringumstæðum, þegar það er beinlínis grundvallarskilyrði fyrir leitarskipin að hafa sendingar þessara tækja til að miða sig áfram eftir, svo að hjálp megi berast í tæka tíð. Hér er bersýnilega úrbóta þörf, og auðsýnt er, að um leið og eldri ákvæði eru endurskoðuð, þurfi að setja reglugerð fyrir fiskiskip okkar um slík tæki, sem gengur jafnlangt og ákvæði reglugerðar þeirrar, sem er í alþjóðasamningnum um öryggi mannslífa á sjónum.

S. l. vetur var samþykkt hér á hæstv. Alþ. ályktun um læknishjálp sjómanna á fjarlægum miðum. Er mér ekki kunnugt um, að neinar raunhæfar aðgerðir hafi verið gerðar á þessu sviði af hendi íslenzkra aðila, heldur var látið sitja við það eitt að biggja boð Vestur-Þjóðverja um, að slík aðstoð yrði góðfúslega látin í té um borð í eftirlitsskipum þeim, sem fylgdu þeirra skipum á fjarlæg mið. Allir, sem vit hafa á, vita, að í þessu getur mikil hjálp verið fólgin og öryggi. En þess ber þó að gæta, að skipum þessum er fyrst og fremst ætlað eftirlit og aðstoð í skipum sinnar þjóðar, sem í flestum tilfellum eru í mikilli fjarlægð, og veldur það því, að engin raunhæf hjálp er möguleg. Og þótt leiðbeiningar fengjust og næðust með aðstoð þeirra fjarskiptatækja, sem um borð í skipunum eru, kæmu þær í flestum tilfellum ekki að notum, ekki a. m. k. að þeim notum, sem ætla mætti, vegna ónógrar tungumálakunnáttu annaðhvort viðtakenda eða jafnvel sendanda.

Flm. þessarar till. leyfa sér að benda á stuttbylgjutalstöðvar sem lið til hjálpar þessari nauðsynlegu læknisaðstoð vegna hins geysilega mikla langdrægis þeirra. Með stuttbylgjutalstöðvum má undir flestum kringumstæðum hafa talsamband við Ísland, þótt frá mjög fjarlægum hafsvæðum sé, og má þar sem dæmi nefna allar venjulegar siglingaleiðir íslenzkra verzlunarskipa svo og öll fiskimið, sem togarar okkar hafa stundað veiðar á undanfarin ár. Það eru nú tvær neyðartíðnir í notkun á mið- og langbylgjum og eru opnar hér heima allan sólarhringinn, en á þær er alls ekki treystandi, og í flestum tilfellum eru þær óvirkar, þegar um er að ræða hin fjarlægari mið og siglingaleiðir. Ef stuttbylgjutalstöðvar væru í öllum okkar verzlunarskipum og stærri fiskiskipum og hér heima væri allan sólarhringinn opin neyðartíðnimóttaka fyrir þær og frá stöðinni hér heima væri alltaf hægt að komast í samband við einhvern stað, þar sem læknavarzla væri allan sólarhringinn, þá má undir flestum kringumstæðum strax ná í ráðgefandi læknishjálp, þar sem hvorki tungumálakunnátta né fjarlægð væri þröskuldur í vegi fyrir slíku. En að sjálfsögðu yrði jafnhliða eða fyrst að fara hina eðlilegu byrjunarleið, að færa lyfjaskrín skipanna í fullkomnara horf og auka hagnýta þekkingu þeirra manna, sem um þau eiga að sjá um borð í skipunum, í slysahjálp og hjúkrun, en þar má mikið um bæta frá því, sem nú er.

Ég tel óþarfa að benda á aðra þætti þess stóraukna öryggis, sem slík þjónusta mundi veita skipi og skipshöfn, en vil þó einnig benda á enn eina hlið málsins. Ef slík þjónusta yrði veitt, yrði það til stóraukinna hagsbóta fyrir útgerðarmenn skipanna, sem þá gætu hvenær sem er haft talsamband við skipstjóra sína, hvar sem skipin eru stödd. Nú þegar eru slíkar stöðvar í 34 íslenzkum skipum og 6 munu bætast við á þessu ári, sem öll munu hafa þessi tæki. Eldri togarar og verzlunarskip okkar, sem ekki hafa þau, eru 45 að tölu. Ef tækin yrðu sett í þau skip, þá er næg orka fyrir hendi þegar í skipunum, og á því sviði þarf enga viðbót eða breytingu, og tækin sjálf er hægt að smíða hér heima hjá Landssíma Íslands. Loftskeytastöðin í Gufunesi heldur uppi nú þeim stuttbylgjuviðskiptum, sem hér eiga sér stað, en þjónustan er aðeins tvær klukkustundir á dag. En um leið og nýi sæsíminn kemst í notkun, losna stöðvar, sem geta tekið upp þjónustu við skipin allan sólarhringinn. Starfsskilyrði og starfsemi annarra landsstöðva, sem fyrir eru, þarf einnig að endurskoða. Á því sviði sem öðrum mun full þörf að gæta þess, að ný tæki og aukin tækni séu nýtt til hins ýtrasta til öryggis og hagsbóta fyrir þá, sem í hlut eiga.

Flm. þessarar till. telja, að endurskoðun laga og reglugerða um fjarskiptastöðvar í íslenzkum skipum sé fyllilega tímabær og jafnvel að skjótra aðgerða sé þörf á sumum sviðum, eins og ég hef þegar bent á. Okkur er þó ljóst, þótt við höfum bundið okkur við þá hliðina, sem að öryggi sjómanna snýr, að heildarendurskoðunar fjarskiptalaganna er þörf, og má sem lítið dæmi því til stuðnings benda á fullyrðingar fagmanna um, að lögin vinni beinlínis gegn tæknilegum framförum á þessu sviði hér á landi.

Það hefur verið ákveðin ein umr. um þessa till., og ég tel, að bæði form og efni leyfi, að hv. Alþ. taki ákvörðun um hana og afgreiði hana nú þegar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var fram haldið einn umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 165).

3. Flugsamgöngur við Siglufjörð.

Á deildafundum 27. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um flugsamgöngur við Siglufjörð [18. mál] (A. 18).

Á 5. fundi í Sþ., 2. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. og 15. fundi í Sþ., 3. og 10. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Sþ., 17. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir á þskj. 18, var flutt á fyrri hluta þessa Alþ. af Einari Ingimundarsyni bæjarfógeta og 4 öðrum hv. þm. úr Norðurlandskjördæmi vestra.

Þessi till. fer fram á það, að hæstv. ríkisstj. láti á þessu ári eða fyrir næsta þing rannsaka það, með hvaða hætti sé helzt hægt að tryggja flugsamgöngur við Siglufjarðarbæ. Það er nú nokkurn veginn augljóst, að svo einangraður staður sem Siglufjörður er oft og mörgum sinnum, er mikil þörf á því, að þangað sé hægt að tryggja flugsamgöngur. Það kemur fyrir meira að segja stundum

um hásumarið, að vegurinn yfir Siglufjarðarskarð teppist, og þá er engin samgönguleið við Siglufjörð nema á sjó, að ég ekki tali um það, sem er altítt að vetrinum, að leiðin til Siglufjarðar, landleiðin, er algerlega lokuð. Nú má að vísu segja, að það sé nokkur bót í því einstaka sinnum, að það eru möguleikar til þess að nota sjóflug eða lenda á sjó á þessum stað, eins og víða annars staðar í kringum land, en það er allsendis ófullnægjandi samgönguaðstaða. Og svo illa vill til, eins og allir þeir menn vita, sem komið hafa til Siglufjarðar, að undirlendi í grennd við Siglufjarðarbæ er tiltölulega mjög lítið og því örðugt um flugvallargerð. Þó telja kunnugustu menn, að það sé engan veginn útilokað, að þar sé hægt að gera nokkurn veginn flugvöll fyrir smærri flugvélar, en stærri flugvöll er varla um að ræða.

En hvað sem öllu því líður, gefur það auga leið, að fyrir svo fjölmenna byggð eins og Siglufjörður er, er það mjög þýðingarmikið, að rannsakað sé til hlítar, með hverjum hætti er helzt mögulegt að tryggja þangað samgöngur loftleiðina. Ég vil þess vegna mega vænta þess, að hv. Alþ. taki þessu máli með fullum skilningi og samþ. þessa till., sem hér liggur fyrir. Það er víst ákveðin ein umr. um þessa till., og legg ég til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 5. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 18, n. 249).

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í fjarveru þess hv. þm., sem allshn. hafði kjörið frsm., og samkvæmt hans ósk mun ég gera grein fyrir nál. um mál þetta. Till., sem til umræðu er, hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara athugun á, með hvaða hætti flugsamgöngur verða helzt tryggðar við Siglufjörð. Skal athugun þessari vera lokið, áður en reglulegt Alþingi 1960 kemur saman.“

Allshn. leitaði eftir umsögn flugráðs um þetta mál. Samkvæmt upplýsingum, sem flugráð hefur sent n., hefur flugmálastjórnin fyrir nokkru látið verkfræðing sinn, Ólaf Pálsson, rannsaka möguleika á byggingu flugbrautar á Siglufirði, og liggur fyrir allýtarlegt álit hans. Hann segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og kunnugt er, er Siglufjörður stuttur, 6 km á lengd, umkringdur af 700 m háum fjöllum með bröttum hlíðum á þrjá vegu. Undirlendið í fjarðarbotninum er lítið, og hlíðar fjallanna ganga í sjó niður. Eru aðstæður þar og skilyrði því slæm til að gera flugbraut, sem hæfir Douglas DC 3, sem notuð er hér í innanlandsflugi, en hún þarf 10—12 hundruð metra langa braut. Virðist vera aðeins um einn möguleika að ræða, en sá möguleiki er að gera 1300 m braut frá veginum við brúna á Fjarðará og út yfir Ráeyri.“

Fylgir allnákvæm lýsing á aðstöðu til þess verks. Að lokum segir, að kostnaður við þessa framkvæmd sé talinn ekki meiri en 5 millj. kr. Þá skýrir flugráð frá því, að það hafi samþykkt að láta gera á því athugun, hve mikið það muni kosta að fullgera sjúkrabraut á Siglufirði, 400 m langa.

Af þessu er ljóst, að hér eru athuganir í gangi, og má því ætla, að samþykkt þessarar till. muni verða til að lýsa vilja Alþ. til þess, að þessum athugunum verði haldið áfram, unz niðurstöður liggja fyrir um, hvaða möguleikar eru fyrir hendi og hver kostnaður mundi verða.

Jafnframt því að athuga þessa hlið málsins taldi allshn. sjálfsagt að kynna sér, hvað gert hefði verið varðandi þáltill., sem samþykkt var í maí 1959 um flugsamgöngur, en sú till. er ekki óskyld þessu máli. Hún kom fram hér á þingi og fór fram á athugun, sem átti að byggjast á því, að nú væru framleiddar eða mundu bráðlega verða framleiddar nýjar tegundir flugvéla, er þyrftu mjög stuttar brautir, og gætu því gerbreytzt öll viðhorf okkar til flugvallargerðar. Í bréfi, sem n. barst frá samgmrh., er upplýst, að mál þetta sé enn í athugun hjá flugráði. Er ekki að vænta, að þeirri athugun ljúki fyrr en í fyrsta lagi snemma á komandi sumri, sökum þess að sú eina flugvélategund, sem bezt virðist til innanlandsflugs fallin hér á landi og sparað gæti fé til byggingar flugvalla, er enn ekki fullreynd.

Þetta vildi ég upplýsa um till. þessa og meðferð hennar hjá allshn., en niðurstaða n. er sú, að hún mælir einróma með því, að till. verði samþykkt.

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þessarar þáltill. þakka allshn. fyrir góða og fljóta afgreiðslu á nál. um till., og ég vona, að samþykkt till. verði til þess, að framkvæmdir verði fljótlega hafnar við flugvallargerð á Siglufirði, sem tryggi, að þetta byggðarlag njóti svipaðra flugsamgangna og önnur byggðarlög á landinu, eftir því sem hentugast þykir eftir rannsókn á öllum aðstæðum.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 297).

4. Endurskoðun laga um landsdóm.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun l. nr. 11/1905, um landsdóm [82. mál] (A. 154).

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28., 35. og 36. fundi í Sþ., 23. marz, 5. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Efni þessarar þáltill., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 154, er það, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að láta fram fara á þessu ári endurskoðun laga um landsdóm og leggja till. sínar um það efni fyrir næsta Alþingi.

Það er nú svo, að ákvæði okkar stjórnarskrár um landsdóm eru heldur ófullkomin. Þar segir aðeins, að landsdómur skuli vera til og fara með ákveðin mál, þ. e. a. s. mál, sem Alþingi ákveður að höfða á hendur ráðh. út af embættisrekstri þeirra.

Þessi ófullkomnu ákvæði stjórnarskrárinnar ber þó vafalaust að skýra á þá lund, að landsdómur skuli vera sérstakur dómur, sem jafnframt sé einkadómstóll í þeim málum, sem undir hann heyra. Um skipan dómstólsins eru annars engin ákvæði í stjórnarskránni, sem þó hefði verið eðlilegt, þar sem slíkur dómstóll er í raun og veru mikilvægt atriði í stjórnskipun hvers ríkis, þó að ekki hafi reynt á hann hér. Er og venjulegt, að fyrirmæli um skipun hliðstæðra dómstóla séu í stjórnarskrá. Hér er það hins vegar svo, að löggjafanum eru algerlega gefnar frjálsar hendur um skipun landsdómsins og um málsmeðferð fyrir honum, og um það efni eru fyrirmæli í landsdómslögunum, nr. 11 frá 1905, sem á sínum tíma var lítillega breytt með lögum nr. 30 frá 1914.

Reglurnar um skipun dómsins eru að mínu viti óþarflega flóknar og þungar í vöfum og raunar ekki framkvæmanlegar lengur, án þess að nokkrar breytingar þar á séu gerðar. Þessar reglur skal ég nú aðeins rekja með örfáum orðum.

Landsdómurinn er skipaður eða á að vera skipaður 30 mönnum, 6 sjálfkjörnum og 24, sem eru sérstaklega kjörnir í dóminn, sbr. 3. og 4. gr. landsdómslaganna. Í 3. gr. landsdómslaganna segir, að sjálfkjörnu dómararnir í dóminn séu þessir: dómararnir í landsyfirdómnum þrír, séu þeir ekki alþm., og enn fremur svo margir af hinum elztu lögfræðingum landsins, er í öðrum embættum sitja, eiga ekki sæti á Alþingi og eru ekki í stjórnarráðinu, að talan verði full.

Þegar hæstiréttur var settur á stofn, var svo fyrir mælt, að þrír hæstaréttardómarar, hinir elztu að embættisaldri, skyldu eiga sæti í landsdómi, sbr. 2. mgr. 56. gr. l. nr. 22 frá 1919, um hæstarétt. Þegar svo hæstaréttardómurum var fækkað í þrjá með lögum nr. 5 frá 1924, var 2. mgr. 56. gr. breytt á þá lund, að sagt var, að hæstaréttardómendur ættu sæti í landsdómi, og er það orðalag óbreytt í 2. mgr. 56. gr. núgildandi hæstaréttarlaga, nr. 112 frá 1935. Það er þess vegna ekki alveg ljóst, hvort þar ættu nú að eiga sæti allir hæstaréttardómendurnir 5 að tölu eða aðeins 3 þeirra og þá sennilega forseti hæstaréttar og tveir hinir elztu að embættisaldri.

Um val hinna kjörnu dómenda eru fyrirmæli í 4. gr. landsdómslaganna. Kosningunni er hagað þannig eða átti að vera hagað þannig, að hver sýslunefnd og bæjarstjórn, sem talin er í 4. gr. laganna, kýs þar tiltekna tölu innanhéraðs- og innanbæjarmanna eða allar til samans 72 menn. Af þeim 72 voru síðan 24 teknir úr með hlutfallskosningu í Ed. Af þeim 48, sem þá voru eftir, voru í Sþ. 24 valdir með hlutkesti til þess að eiga sæti í landsdómi, en þeir 24, sem eftir urðu, áttu að vera varamenn. Upphaflegu dómendurnir áttu að skipa dóminn, á meðan þeir fullnægðu kjörgengisskilyrðum, en varamenn skyldi kjósa sjötta hvert ár með sama hætti og aðalmenn voru kosnir í öndverðu.

Eins og ég þegar hef sagt, er þetta kosningafyrirkomulag heldur margbrotið og þungt í vöfum. Reyndin hefur líka orðið sú, að varamenn í landsdóm hafa ekki verið kjörnir í langa hríð, enda er sýslu- og bæjarskipun sú, sem lögð er til grundvallar, orðin úrelt að nokkru. Þannig er t. d. aðeins fjórum elztu kaupstöðunum ætlað að tilnefna menn. Öll önnur bæjarfélög, tíu að tölu, hafa engan rétt í þessu sambandi. Það er og til, að sýslum þeim, sem nefndar eru í 4. gr. landsdómslaganna, hafi síðan verið skipt í tvö sýslufélög. Kjör dómenda með þeim hætti, sem í 4. gr. segir, er því lítt hugsanlegt, og af þessum sökum er nú svo komið, að engir kjörnir landsdómsmenn eru til staðar og dómurinn að því leyti óskipaður. Sum kjörgengisskilyrði dómendanna, sem sett eru í 5. gr. landsdómslaganna, verða og nú orðið að teljast úrelt. Ákvæði l. um sækjanda og verjanda eru einnig ófullkomin. Ákvæði l. um sjálfa málsmeðferðina þurfa einnig endurskoðunar við.

Að öllu þessu athuguðu er augljóst, að það er fyllilega tímabært að láta fara fram endurskoðun landsdómslaganna. Það er að vísu alveg rétt, að hér á landi hefur aldrei reynt á landsdómslögin, þar sem landsdómur hefur aldrei — sem betur fer, verður maður að segja — fengið mál til meðferðar, og er það að vísu gagnstætt því, sem átt hefur sér stað á hinum Norðurlöndunum um hliðstæða þróun.

Margir munu vera þeirrar skoðunar, að ráðh. sé nú skapað fremur lítið aðhald með refsiábyrgð og hugsanlegri kæru fyrir landsdómi, og sjálfsagt er að viðurkenna það, að ráðherrum er fyrst og fremst skapað aðhald með öðrum hætti, þ. e. a. s. með hinni þinglegu ábyrgð. En eigi að síður tel ég óhjákvæmilegt, að skýrar reglur séu einnig til um þau atriði, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. um refsiábyrgð ráðh. og hugsanlega kæru fyrir landsdómi út af þeirra embættisrekstri.

Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að hér sé um nokkurt bráðaðkallandi mál að ræða. Að vísu segir í þessari þáltill., að ríkisstj. skuli leggja till. sínar fyrir næsta Alþ. Það má vel vera, að það hafi ekki með þeim hætti átt að leggja áherzlu á hraða endurskoðunarinnar, ef svo má segja. En hvað sem um það má segja, þá er það að mínu áliti mjög óviðeigandi og ég vil segja alveg fráleitt, að dómur, sem stjórnarskráin býður að til skuli vera og er í raun og veru eitt af meginatriðum í stjórnarskipuninni, skuli vera óskipaður og löggjöfin um hann óframkvæmanleg.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 7. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 154, n. 329).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 154 um endurskoðun laga nr. 11 1905, um landsdóm. Nefndin hefur athugað till. og kynnt sér ákvæði laga um landsdóm, sem ég nefndi áðan, og í nefndinni hefur orðið samkomulag um að mæla með því, að till. verði samþykkt.

14. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðherra ber ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum, Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál."

Eins og ég sagði áðan, eru þau lög um landsdóm, sem nú gilda, frá árinu 1905, og voru þá sett í fyrsta sinn lagaákvæði um það efni eða rétt eftir að stjórnin varð innlend. Samkv. þessum lögum á landsdómur að vera skipaður 30 mönnum, þar af eru 6 sjálfkjörnir lögfróðir embættismenn, en 24 valdir á sérstakan hátt úr 72 manna hópi, sem gert er ráð fyrir að kjörinn sé af sýslunefndum og bæjarstjórnum.

Eins og bent var á við 1. umr. af hv. flm. þessarar tillögu, hafa ýmsar breytingar orðið, síðan þessi lög voru sett, þannig að þeir aðilar, sem ættu að tilnefna í landsdóminn, eru orðnir miklu fleiri en áður var. Kaupstaðirnir, sem voru 4, eru nú orðnir 14, og einnig hefur sýslum verið skipt. En nöfn þeirra sýslna og kaupstaða, sem eiga að tilnefna í dóminn, eru hins vegar fastákveðin í lögunum. Einnig getur leikið nokkur vafi á því nú, hvernig hinir 6 sjálfkjörnu dómsmenn skuli koma inn í dóminn.

Reynslan er svo sú, að þessi dómur mun í raun og veru ekki vera til. Það hafa í öndverðu verið kosnir menn í hann, en síðan er langur tími liðinn, og kosning þeirra hefur ekki verið endurnýjuð og varamenn ekki kosnir, a. m. k. ekki þannig, að telja megi, að dómurinn sé í raun og veru til staðar. Hins vegar er skýrt fram tekið í stjórnarskránni, eins og ég las upp áðan, að þessi dómur skuli vera til og honum falin ákveðin verkefni.

Nefndin er þess vegna, eins og ég sagði áðan, sammála flm. um það, að nauðsyn beri til að endurskoða þessi lög og að slík lög þurfi að vera til, á meðan ákvæði um landsdóm eru í stjórnarskránni.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 345).

5. Vinnsla sjávarafurða á Siglufirði.

Á deildafundum 30. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um verksmiðju til vinnslu sjávarafurða á Siglufirði [24. mál] (A. 30).

Á 5. fundi í Sþ., 2. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9., 11. og 16. fundi í Sþ., 28. jan., 3. og 17. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Ég ásamt þrem þm., þeim hv. 4. þm. Norðurl. v. (EI), 1. þm. Norðurl. v. (SkG) og 9 landsk. (JÞ), hef leyft mér að flytja þáltill. þá á þskj. 30, sem hér liggur fyrir. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta gera á grundvelli l. nr. 47 7. maí 1946 og l. nr. 60 24. maí 1947 kostnaðaráætlun um byggingu og rekstur verksmiðju á Siglufirði til niðursuðu og niðurlagningar á síld og öðrum síldarafurðum. Áætlun skal lokið fyrir 1. okt. 1960."

Bygging niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju á Siglufirði er mál, sem búið er að vera á dagskrá í fjöldamörg ár. Þó að merkilegt megi teljast, hefur þetta mál mætt allmikilli andstöðu og ég vil segja skilningsleysi ýmissa áhrifamanna, sem um þessi mál hafa fjallað. Þessi andstaða hefur ekki komið fram í opinberri baráttu á móti málinu, þegar það hefur verið til umr. á Alþ. eða annars staðar, heldur fyrst og fremst í neikvæðri andstöðu, þegar rætt hefur verið um framkvæmdir. Útkoman hefur því orðið sú, að ekkert raunhæft hefur verið gert til framdráttar málinu.

Árið 1946 voru samþ. á Alþ. l. um niðursuðuverksmiðju, sem reist skyldi á Siglufirði. Eins og grg. ber með sér, var að tilhlutan þáv. atvmrh., Áka Jakobssonar, þáv. þm. Siglf., flutt frv. til l. um byggingu síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins. Frv. var flutt af sjútvn. Nd. Í 1. gr. frv. segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að reisa og reka á Siglufirði verksmiðju til þess að sjóða niður og leggja síld í dósir."

Í 2. gr. segir:

„Tilgangur verksmiðjunnar er að hafa forustu um niðursuðu og niðurlagningu síldar í dósir með það fyrir augum að miðla reynslu og þekkingu á þessu sviði til annarra slíkra verksmiðja, sem reistar kunna að verða á landinu."

Frv. hlaut hinar beztu undirtektir hjá öllum þorra þáv. alþm. Ég hef lesið yfir allar umr., sem fram fóru um málið á Alþ., og kemur þar í ljós, að því er virðist, mikill áhugi alþm. fyrir framgangi málsins.

Eitt atriði var þó, sem menn deildu um, og það var stjórn væntanlegs fyrirtækis. Nokkrir þm. vildu, að stjórn verksmiðjunnar svo og allar framkvæmdir, svo sem bygging verksmiðjunnar og

rekstur, yrði falin síldarverksmiðjum ríkisins. Meiri hl. þm. beggja d. var samþykkur till. atvmrh. um, að sérstök stjórn yrði skipuð, sem sæi um byggingu verksmiðjunnar og annaðist um allan rekstur hennar. Þetta sjónarmið varð ofan á. Atvmrh. skipaði þriggja manna stjórn fyrir fyrirhugaða verksmiðju, sem hóf þá þegar nauðsynlegan undirbúning, svo sem útvegun nauðsynlegra véla, útvegun lóðar o. fl. Málið virtist nú vera komið á mjög góðan rekspöl, menn búsettir á Siglufirði voru málinu mjög fylgjandi, bæjarstjórn lét af hendi viðunandi lóð undir fyrirtækið og sýndi í verki mikinn áhuga og velvild til fyrirhugaðs mannvirkis.

Árið 1947 urðu stjórnarskipti í landinu. Nýsköpunarstjórnin lét af störfum, og við tók nú stjórn, sem var samsteypustjórn, að mig minnir þriggja flokka. Eitt fyrsta verk þeirrar stjórnar var að flytja frv. til l. um breyt. á l. um niðursuðuverksmiðjuna, þannig að stjórn fyrirhugaðrar verksmiðju skyldi falin stjórn síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði. Frv. þetta náði fram að ganga, og stjórn niðursuðuverksmiðjunnar var leyst frá störfum. Fyrsta verk stjórnar SR var að afturkalla pantanir á vélum til verksmiðjunnar, sem fyrrv. stjórn hafði gert. Með þeim ráðstöfunum þótti sýnt, hvert stefndi um frekari framkvæmdir, enda kom það á daginn, að það eru þær einu framkvæmdir, sem stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur gert í málinu.

Hvað því hefur valdið, að stjórn SR hefur ekkert gert til þess að koma málinu áleiðis, verður ekki rætt hér að neinu ráði. Sjálfsagt getur margt komið þar til greina, svo sem örðugleikar á útvegun lánsfjár, vöntun hæfra sérfræðinga í niðursuðuiðnaði og síðast, en ekki sízt, ótrú forráðamanna SR á fyrirtækinu og vantrú þeirra á því, að hægt væri að útvega örugga markaði fyrir framleiðsluvörur verksmiðjunnar.

Þá má og benda á, að á árunum eftir að l. um niðursuðuverksmiðjuna voru samþ. voru mikil síldarleysisár, og hefur það að sjálfsögðu haft sín áhrif og að einhverju leyti til þess, að úr framkvæmdum varð ekki.

Nú er það svo, að þegar ráðizt er í nýjar framkvæmdir, sérstaklega þegar um er að ræða uppbyggingu nýs og áður lítt þekkts atvinnuvegar, má búast við allmiklum byrjunarörðugleikum, bæði við framleiðsluna sjálfa og líka við útvegun markaðanna. Niðursuða á síld og niðurlagning síldar í dósir var þá lítt þekktur atvinnurekstur hérlendis, og þær fáu tilraunir, sem gerðar höfðu verið með niðursuðu á síld, höfðu gefizt misjafnlega. Bar þar margt til, svo sem fjárskortur þeirra, sem tilraunirnar gerðu, og þá kannske fyrst og fremst vöntun á hæfum og góðum sérfræðingum í niðursuðuiðnaði. Þá var það og skoðun margra þeirra manna, sem fengust við sölu sjávarafurða erlendis, að það mundi vera miklum örðugleikum bundið að selja niðursuðuvörur út úr landinu, en án þess að hægt sé að selja framleiðsluna á erlendum markaði, er óhugsandi, að hægt sé að reka slíkt fyrirtæki. Innlendur markaður fyrir niðursuðuvörur hlýtur alltaf að vera mjög takmarkaður. Það er því höfuðskilyrði fyrir rekstrarmöguleikum slíks fyrirtækis sem niðursuðuverksmiðju, að hægt sé að selja vöruna úr landi og það á hagstæðu verði. Nú er það vitað, að nágrannaþjóðir okkar, svo sem Norðmenn og Svíar, hafa um fjöldamörg ár haft með höndum niðursuðu og niðurlagningu á síld af ýmsum stærðum og gerðum í allstórum stíl og það með mjög góðum árangri. Vitað er, að við Íslendingar höfum bezta fáanlegt hráefni til slíkrar framleiðslu. Svíar kaupa árlega af okkur allmikið magn kryddsíldar og sykursíldar, sem þeir að miklu leyti leggja niður í dósir sem flök og gaffalbita.

Með því að flytja síldina út sem fullunnin matvæli er óhætt að fullyrða, að verðmæti hennar mundi þrefaldast, miðað við það, sem nú er. Það er því ljóst, að hér er um mjög mikið hagsmunamál að ræða, sem er óverjandi að draga á langinn öllu lengur. Allar líkur benda til þess, að hægt sé að útvega mikla og góða markaði fyrir niðursoðnar sjávarafurðir, svo sem síld, sjólax í olíu og hrogn, en þau eru nú flutt út ósunnin, að ég held aðallega til Svíþjóðar, en Svíarnir sjóða þau svo niður og selja þau til annarra landa, svo sem Ameríku og Grikklands, með ágætum hagnaði, eftir því sem sagt er.

Það ætti öllum landsmönnum að vera áhugamál að auka framleiðslu okkar og gera hana fjölbreyttari og breyta okkar góðu hráefnum í fullunnin matvæli. Allar þjóðir heims stefna hröðum skrefum að því að auka og endurbæta iðnað sinn og taka í þjónustu sína hin fullkomnustu tæki. Við Íslendingar verðum að vera vel á verði, ef við eigum ekki að dragast aftur úr á þessu sviði. Við verðum að leggja ótrauðir út á nýjar brautir. Við getum verið stoltir af því að eiga duglegustu og afkastamestu sjómenn í heimi, og við vitum, að í hafinu kringum landið eru ein auðugustu fiskimið heims. Þetta er allt gott og blessað. En í ljósi þessara staðreynda verðum við að hafa það hugfast, að það er engan veginn nægilegt að afla mikils. Við verðum jafnhliða að vinna að því með öllum tiltækilegum ráðum að breyta þessu ágæta hráefni í fullunnin matvæli og senda þau þannig á erlendan markað. Allar þjóðir keppa að því að láta vinna sem mest og bezt úr þeim hráefnum, sem þær framleiða í heimalöndum sínum. Enn þá seljum við úr landi mjög mikið magn af hinu ágætasta hráefni, sem hægt væri að breyta í fullkomin matvæli. Ég tel, að á þessu þurfi að verða breyting og því fyrr, því betra. Með því að flytja út fullunnin matvæli vinnst tvennt: Í fyrsta lagi fæst stórum meiri gjaldeyrir fyrir vöruna þannig flutta fullunna en áður. Í öðru lagi mundi skapast mikil atvinna í landinu með tilkomu hinna nýju iðnaðarfyrirtækja.

Þar sem mestallt verðlag er nú mjög breytt frá því, sem var, þegar lögin frá 1946 og 1947 um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins voru samþ., þótti rétt að flytja þetta mál hér á Alþ. sem þáltill., þar sem skorað sé á ríkisstj. að láta gera kostnaðaráætlun um byggingu og rekstur slíkrar verksmiðju, eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Við flm. óskum þess, að mál þetta fái örugga og jákvæða fyrirgreiðslu hjá hv. þm. og hæstv. ríkisstj. Ég vil svo leyfa mér að leggja til við hæstv. forseta, að umr. verði frestað og till. verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.
Till. visað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 4. mai, var fram haldið einni umr. um till. (A. 30, n. 349).

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Till. sú, sem fram var borin á þskj. 30 um að álykta, að Alþingi skoraði á ríkisstj. að láta gera á grundvelli laga nr. 47 frá 1946 kostnaðaráætlun um byggingu og rekstur verksmiðju á Siglufirði til niðursuðu og niðurlagningar á síld og öðrum fiskafurðum, hefur verið athuguð í fjvn. á nokkrum fundum, og nefndin hefur aflað sér álits og umsagnar frá þeim stofnunum í landinu, sem nefndin taldi gleggst mega vita um, hverjar líkur væru á því, að framkvæmd þeirrar tillögu, sem hér um ræðir, væri þjóðhagslega góð og nauðsynleg.

Nefndin fékk umsögn Fiskifélags Íslands og einnig umsögn frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins um málið, og má telja, að báðir þeir aðilar séu því meðmæltir, að slík athugun verði gerð.

Nefndin spurði einnig fiskideild atvinnudeildar háskólans um álit í þessu efni, en fiskideildin svaraði því, að hennar verkefni væri fyrst og fremst að athuga um afla og aflamöguleika, en væri ekki undir það búin að svara eða leggja til um till., sem miðuðu að vinnslu aflans, og töldu það vera nokkurt annað mál, og gaf hún þess vegna ekki sérstaka umsögn um málið.

Lögin nr. 47 frá 1946 eru heimildarlög, sem heimila ríkisstj. að reisa og reka á Siglufirði verksmiðju til að sjóða niður og leggja síld í dósir, eins og þar segir, og er í þeim lögum einnig heimild fyrir ríkisstj. að taka lán í þessu skyni.

Þegar fjvn. athugaði grg. þá, sem fylgdi því frv., sem í lög var tekið um þetta efni 1946, kom í ljós, að að verulegu leyti voru þar forsendur fyrir framkomu frv. eða setningu laganna sérstakir markaðsmöguleikar, sem þá voru taldir úti í Evrópu í stríðslokin.

Það ber að viðurkenna, að ýmislegt hefur breytzt í því efni, og er því ástæða til að rannsaka þetta að nýju núna, bæði um stofnkostnað á slíkri verksmiðju, um rekstrarkostnað hennar og um þá markaðsmöguleika, sem nú eru fyrir hendi.

Fjvn. telur rétt, að efnislega verði till. samþykkt, en hefur talið réttara að orða tillöguna nokkuð öðruvísi en gert er á þskj. 30 og hefur því lagt einróma til, að till. verði samþykkt, þannig orðuð:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka, hvort hagkvæmt muni vera og líklegt til eflingar niðursuðuiðnaði í landinu að nota heimild laga nr. 47 7. mai 1946 til að reisa verksmiðju á Siglufirði til niðursuðu sjávarafurða."

Þannig leggur nefndin sem sagt einróma til, að till. verði samþykkt.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil f. h. okkar flm. þakka hv. fjvn. afgreiðslu till. Hv. n. hefur gert orðalagsbreytingar á till. frá því, sem hún er á þskj. 30, en þar sem sú umorðun breytir ekki eðli málsins, getum við fallizt á, að till. verði eins og n. leggur til. Aðalatriðið hlýtur að vera, að till. fáist afgreidd í þeim anda, sem hún var í upphafi. Er þá að vænta þess, að eitthvað raunhæft verði gert til framdráttar því máli, sem till. okkar fjallar um.

ATKVGR.
Brtt. 349 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 388).

6. Lögreglumenn.

Á deildafundum 11. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun l. um lögreglumenn [56. mál] (A. 94).

Á 17. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Till. þessi, sem við hv. 2. þm. Norðurl. e. höfum leyft okkur að flytja á þskj. 94, fjallar um endurskoðun laga um lögreglumenn.

Löggjöfin um lögreglumenn er frá árinu 1940, og reynslan hefur sannað, að það er mjög tímabært að endurskoða þessi lög. Skal ég í því sambandi aðeins vikja að nokkrum atriðum, sem sérstaklega rökstyðja þessa skoðun okkar flm. Í fyrsta lagi er þess að gæta, að samkv. þessari löggjöf er gert ráð fyrir því, að hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu lögreglukostnaðar sé á þann veg, að ríkið greiði ⅛ hluta kostnaðar við lögreglu og löggæzlu í kaupstað, en þó því aðeins, að tala lögreglumanna sé slík, að einn lögregluþjónn komi á hverja 700 íbúa. Með þessu móti munu það naumast vera aðrir staðir en Reykjavík, sem njóta þessara hlunninda, vegna þess að yfirleitt er það ekki í bæjarfélögum, að lögreglumenn séu svo margir. Það sýnist raunverulega vera óeðlilegt á allan hátt að binda greiðslu kostnaðar við það, að lögregluþjónar séu svo og svo margir. Ef það er metið þannig af viðkomandi bæjaryfirvöldum, að ekki sé þörf svo mikils fjölda lögregluþjóna, sýnist í fyllsta máta óeðlilegt, að gerð sé beinlínis krafa til þess af ríkisvaldinu, að lögregluþjónar verði þar fleiri en talin er brýn þörf á, ef sá staður á að geta notið þessarar hlutdeildar af hálfu ríkissjóðs. Það virðist því fyllsta ástæða til þess að athuga þetta atriði, því að reynslan mun hafa sýnt það ótvírætt, að útkoman úr þessu er mjög ósanngjörn í mörgum tilfellum.

Þá er þess einnig að gæta í sambandi við ákvæði l. um ríkislögreglu, að það er mjög óákveðið um það, hvar slíkir lögreglumenn skuli staðsettir, og því hefur reyndin orðið sú, að í því hefur þótt vera nokkurt misrétti, hvaða staðir fengju hlunnindi af því að hafa ríkislögreglumenn, sem launaðir væru

af ríkissjóði, og einnig þetta atriði þarf að taka til athugunar.

Þá er loks eitt atriði, sem skiptir miklu máli og hefur orðið sérstaklega áberandi nú á síðustu árum, hversu slæmt er að hafa ekki skýrari reglur en til eru í l. um lögreglumenn, en það er varðandi héraðslögreglumenn, sem hafa verið settir í mörgum héruðum landsins. Á undanförnum árum hafa verið samþykktar sérstakar reglugerðir um löggæzlu á samkomum í sveitum í flestum eða öllum sýslum landsins. Þessar reglugerðir hafa síðan verið staðfestar af dómsmrn., en þess hefur orðið vart í því sambandi, að rn. telur ákvæði l. um lögreglumenn vera svo óljós varðandi þetta atriði, að það sé mjög hæpið, hvaða skylda hvíli á ríkissjóði til greiðslu kostnaðar í sambandi við þessa tegund löggæzlu. Þar sem hér er orðið um umfangsmikla löggæzlu að ræða, sýnist nauðsynlegt, að settar verði ákveðnar reglur í lögum um tilhögun þessarar löggæzlu, en ekki í einstökum reglugerðum, sem kannske að ýmsu leyti eru ekki samhljóða, og jafnframt, að ákveðnar reglur séu settar um, að hve miklu leyti ríkissjóður skuli bera kostnað af þessari löggæzlu.

Þá er loks eitt atriði, sem hefur á síðari árum og raunar um nokkurra ára bil verið vandamál, og það er löggæzla á tilteknum stöðum á landinu, þar sem hefur þótt vera sérstök þörf aukinnar löggæzlu af ýmsum ástæðum. Fyrir þessu er ekki gert ráð í l. um lögreglumenn, og því hefur þessi vandi verið leystur á þann hátt, að í fjárlög hafa verið teknar fjárveitingar til löggæzlu á þessum tilteknu stöðum. Það eru 11 staðir í fjárlfrv. því, sem liggur fyrir Alþ. nú, sem gert er ráð fyrir að styrkja með sérstökum fjárveitingum til þess að halda uppi löggæzlu, og fjárveitingar þessar eru mjög mismunandi eða frá 10 til 100 þús. kr. Það liggur í augum uppi, að þess er lítill eða enginn kostur fyrir fjvn. Alþ. að gera sér grein fyrir því, hver sé þörfin fyrir löggæzlu þessa á hinum einstöku stöðum, þannig að ekki sé misræmi í þessum fjárveitingum. Einnig af þessari ástæðu er nauðsynlegt að reyna að finna eitthvert form til þess að veita umræddda aðstoð og koma þessu í fastara skipulag. Það er vafalaust, að á þessum stöðum er þörf sérstakrar löggæzlu í sambandi við vertíðir, en það er jafnóeðlilegt, að ekki sé reynt að setja einhverjar ákveðnar reglur, þar sem hægt sé að finna leiðbeiningar um það og raunar sem skýrust fyrirmæli, að hve miklu leyti ríkissjóður skuli greiða slíkan kostnað, en það ekki látið vera tilviljun háð í sambandi við fjárveitingar hverju sinni, hvaða fé er veitt til þessara þarfa.

Þetta eru meginatriðin, sem liggja að baki þessari till., þau atriði, sem við teljum brýnast að taka til athugunar. En einnig kunna að sjálfsögðu að vera önnur atriði, sem koma í ljós, þegar hafizt verður handa um endurskoðun laganna. Þar sem hér er um mál að ræða, sem ekki aðeins varðar ríkið, heldur einnig sveitarfélögin mjög verulega, teljum vér eðlilegt, að um endurskoðun þessa sé haft samráð við Samband ísl. sveitarfélaga. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að orðlengja um till. þessa. Um hana mun vera ákveðin ein umr., og vil ég því leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 94, n. 369).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir á þskj. 94, fer fram á það að skora á ríkisstj. að láta endurskoða gildandi lög um lögreglumenn og hafa um það samráð við Samband íslenzkra sveitarfélaga.

Eins og fram er tekið í grg. fyrir þessari till., er hún flutt vegna þess, að það þykir nauðsynlegt að breyta þeim lögum, sem fyrir hendi eru og í gildi um lögreglumenn, og setja gleggri ákvæði, sérstaklega um það atriði, hvernig fara skuli með greiðslur sveitarfélaga og ríkissjóðs, og í öðru lagi, að hve miklu leyti er aðstoðað við lögreglustarfsemi úti um landið, sem við er sótt eftir.

Allshn. hefur rætt þessa till. og fallizt á að mæla með því, að hún verði samþ. óbreytt. N. sendi hana til umsagnar til stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga og fékk frá henni bréf, þar sem hún mælir með, að till. nái fram að ganga.

Er aðeins farið fram á undirbúning að breytingu, en ekki neitt inn á það farið í till., hvernig sú breyting skuli verða, en þess vænzt, að frv. um þetta efni verði lagt fyrir næsta reglulegt þing.

Ég sé ekki fyrir n. hönd ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en vænti þess, að hv. alþm. geti fallizt á að samþ. till. eins og hún liggur fyrir.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Svo sjálfsagt sem það er að samþ. þessa þáltill., þá er ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum um hana í viðbót við það, sem áður er fram komið. Þó vil ég aðeins með nokkrum tölum benda á, hvernig þessum málum er komið, mun gera mál mitt sem allra stytzt, en láta tölurnar einar tala.

Eina almenna reglan, sem nú er farið eftir um þátttöku ríkisins og sveitarfélaganna í löggæzlu, er sú, að ef lögreglumannatala nær vissu marki, þá greiðir ríkissjóður ⅙ af kostnaðinum. En þar að auki hafa verið settir niður viðs vegar um landið lögreglumenn, sem eru algerlega kostaðir af ríkinu, t. d. í Hafnarfirði, Akureyri, Patreksfirði, Ísafirði og Siglufirði, sem sé alger ríkislögregla. Ríkissjóður borgar 100% af kostnaði við þessa löggæzlu, í Reykjavík fyrir 20—30 lögreglumenn, á Akureyri fyrir 2, Hafnarfirði fyrir 2, Keflavík 1, Siglufirði 1, Kópavogi 1, Seyðisfirði 1, — auk þess ⅙ hluta löggæzlu þeirra staða, sem fullnægja þeim reglum að hafa tvo lögreglumenn á hverja þúsund íbúa, en sú regla gildir fyrir Reykjavík og auk þess fyrir nokkra kaupstaði aðra, t. d. Vestmannaeyjar, Keflavík, Akranes og Ísafjörð. Auk þess hefur sumarlöggæzla verið kostuð af ríkinu samkvæmt fjárlfrv. og mjög af handahófi.

Samkvæmt þessum reglum liggur ljóst fyrir, að ríkissjóður verðlaunar sveitarfélögin fyrir að hafa sem flesta löggæzlumenn, og þau verðlaun koma

þeim einum til góða, sem fjölga þeim og hafa þá sem allra flesta, en hinir, sem reyna að hafa þá færri, fá þeim mun minna úr ríkissjóði. Akureyringar hafa t. d. enga greiðslu fengið úr ríkissjóði fyrir sína lögreglumenn, nema fyrir þá tvo, sem áður hefur verið getið um að eru ríkislögreglumenn.

Sömu sögu er að segja um Árnessýslu, sem er þó önnur stærsta sýsla landsins. Hún hefur farið fram á að fá styrk til löggæzlu úr ríkissjóði, en ekki fengið. Sýslumaðurinn í Árnessýslu ritaði fjvn. á þessu þingi um þessi mál og benti á í bréfi sínu, að kostnaður við löggæzlustarfsemi í þessu eina héraði hafi á síðasta ári numið rúmlega 172 þús. kr. og muni á þessu ári nema um 220 þús. kr., ef einum föstum manni verður bætt við þann eina, sem áður hefur verið og er kostaður að öllu leyti úr sýslusjóði og af Selfosshreppi, eins og nauðsynlegt þykir vegna hinnar miklu þarfar, sem þar er á löggæzlu.

Þessi málaleitan var ekki tekin til greina af hv. fjvn., þó að dómsmrn. hafi talið samkvæmt bréfi sýslumanns til fjvn. fulla nauðsyn til þess að ráða hér bót á, og deildarstjóri dómsmrn. hefur látið svo um mælt, að hvergi á landinu væri jafnmikil þörf fyrir slíka löggæzlu og þar.

Með nokkrum tölum væri að lokum rétt að benda á, í hvert óefni og í hvert handahóf framkvæmd þessara löggæzlumála er komin. Húsavíkurbær greiddi á árinu 1957, — ég tek það ár, vegna þess að ríkisreikningur liggur hér fyrir, — 200 kr. til löggæzlumála, en ríkissjóður greiddi þar sama ár samkvæmt ríkisreikningi 15 þús. kr. Árið 1958 greiddi Húsavíkurbær ekkert til löggæzlumála. Hins vegar fékk hann fjárveitingu frá ríkissjóði, sem kostaði alla löggæzlu á þessum stað. Á sama tíma borgaði Akraneskaupstaður 302 þús. kr. til löggæzlumála, Akureyri 763 þús., Reykjavík 10 millj. kr., en Kópavogur 17 þús. rúmar, en þar er einn ríkislögreglumaður, sem settur var þar fyrir þó nokkrum árum. Neskaupstaður borgar 57 þús. kr. til löggæzlumála og Siglufjörður 370 þús. kr. Þessar tölur tala sínu máli, og þarf ekki að hafa fleiri orð þar um.

Með samþykkt þessarar till., sem hér liggur fyrir, hefur Alþingi viðurkennt, að endurskoðun þurfi nauðsynlega að fara fram á löggæzlumálum, og ég leyfi mér að varpa fram þeirri hugmynd, hvort ekki væri rétt, að dómsmrn. léti nú á þessu ári bæta úr þeim brýnustu ágöllum, sem eru á *framkvæmd löggæzlumálanna* í landinu, t. d. með því að leggja af sínu fé samkvæmt fjárl. til umbóta á þeim stöðum, þar sem þörfin er allra mest, eins og t. d. á Selfossi og í Árnessýslu.

Hér er um að ræða málefni, sem er einna mikilvægast í hverju þjóðfélagi, að skera úr um það, hvernig verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga skuli vera, hve aðild ríkissjóðs að löggæzlu eigi að vera mikil. Í Danmörku hafa þessi mál frá árinu 1938 verið algerlega í höndum ríkissjóðs og í Noregi frá árinu 1927 með fjárframlögum sveitarfélaganna. Það er vilji íslenzkra sveitarfélaga, að ríkissjóður taki á sínar herðar allan löggæzlukostnað í landinu, og þau hafa hvað eftir annað á sínum þingum gert um þetta ályktanir, sem ég ætla að leyfa mér að lokum að lesa sýnishorn af frá árinu 1956. Er það frá fulltrúaráðsfundi kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi, sem haldinn var á Ísafirði í september 1956, þar sem segir svo: „að fulltrúaráðsfundur kaupstaðanna telji eðlilegt, að þar sem bæjarstjórnir hafi engin umráð yfir störfum lögregluþjóna, séu þeir að öllu leyti launaðir af ríkinu, og skorar á Alþingi og ríkisstj. að gera lagabreytingar í þá átt, annars fái bæjarfélögin óskoraðan rétt til að ákveða fjölda lögregluþjóna hvert á sínum stað og til að ákveða að leggja þeim fleiri störf á hendur í þágu bæjanna, eftir því sem þörf gerist hverju sinni.“

ATKVGR.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 389).

7. Krabbameinsvarnir.

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um auknar krabbameinsvarnir [85. mál] (A. 161).

Á 28. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. og 36. fundi í Sþ., 5. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Sþ., 6. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir um auknar krabbameinsvarnir, felur í sér áskorun á ríkisstj. um að beita sér fyrir því í samráði við Krabbameinsfélag Íslands og heilbrigðisyfirvöld landsins, að krabbameinsvarnir verði eflda, svo sem frekast má verða. Í þeim tilgangi verði m. a. lögð áherzla á: a) að efla allar rannsóknir, sem nauðsynlegar eru við greiningu á krabbameini, b) að auka stuðning við öflun fullkomnustu tækja til rannsókna og lækninga á krabbameini, c) að bæta aðstöðu leitarstöðva Krabbameinsfélags Íslands og athuga, hvort tiltækilegt sé að stofna leitarstöðvar utan Reykjavíkur, d) að aukin verði almenn fræðslustarfsemi um sjúkdóminn.

Um síðustu aldamót voru eftirfarandi sjúkdómar algengastir og skæðastir á Íslandi: Sullaveiki, holdsveiki, barnaveiki, taugaveiki og berklaveiki. Nú hefur þessum sjúkdómum verið útrýmt að undanskilinni berklaveikinni, sem þó hefur minnkað stórkostlega síðustu áratugina. Það er athyglisvert, að tveim fyrstnefndu sjúkdómunum hefur aðallega verið útrýmt með sérstökum varnarráðstöfunum, sem byggzt hafa á heilbrigðislöggjöf.

Árið 1890 voru sett lög um sullaveikivarnir. Áður en þau komu til sögunnar, mun hér um bil fimmti

hver fullburða Íslendingur hafa smitazt af sullaveiki. Fyrsta áratug þessarar löggjafar mun tólfti hver Íslendingur hafa smitazt, næstu 10—20 árin nálega 1 af hverjum 150 og eftir árið 1920, þ. e. a. s. 30 árum eftir að þessi lög voru sett, er aðeins vitað um örfá tilfelli af sullaveikismitun.

Lög um varnir gegn holdsveiki voru sett árið 1898 eða um svipað leyti og Laugarnesspítalinn tók til starfa, og 20 árum síðar var útrýming þessa sjúkdóms svo vel á veg komin, að Guðmundur heitinn Hannesson spáði því þá, að sjúkdómurinn yrði að mestu horfinn úr landinu um miðja öldina, þ. e. um 1950. Hefur sá spádómur reynzt næsta réttur.

Hér var um að ræða sjúkdóma af þekktum orsökum, en með krabbamein horfir málið öðruvísi við, þar sem orsakir þess eru óþekktar enn. Læknar telja nú fullvíst, að verulegum árangri í baráttunni gegn krabbameini megi ná með vel skipulögðum aðgerðum, og skal hér bent á nokkur atriði því til stuðnings.

Með frumurannsóknum má í mörgum tilfellum greina sjúkdóminn fyrr en með öðrum aðferðum. Með þessari aðferð má að áliti lækna finna krabbamein í legi hjá 4% sjúklinga á aldrinum 30—50 ára, sem hafa svo óljós byrjunareinkenni, að sjúkdómurinn verður ekki greindur með öðrum aðferðum. Með rannsóknum, sem framkvæmdar voru í brezku borginni Birmingham á 2500 sjúklingum með eðlilegum röntgenmyndum af maga, fannst krabbamein hjá 1% með frumurannsóknaaðferðinni. Með þessari aðferð er oft hægt að greina krabbamein, að því er læknar telja, mjög snemma, og því fyrr sem krabbameinið er greint, því betri eru batahorfur. Reynsla í Bandaríkjunum hefur t. d. sýnt, að á krabbaleitarstöðvum er hægt að finna krabbamein hjá 8—10% þeirra sjúklinga, sem telja sig heilbrigða.

Hér á landi þarfnast nálega 500 sjúklingar árlega sjúkrahúsvistar vegna krabbameins, og eru að jafnaði 50 þeirra innan fertugs. Árlega deyja hér úr krabbameini um 200 manns, og er það næstalgengasta dánarorsökin. Krabbamein kostar meiri þjáningu fyrir einstaklinga en flestir aðrir sjúkdómar og ærið fé fyrir þjóðfélagið vegna vinnutaps, sjúkrahúsvistar o. s. frv. Að vísu kostar meira að greina krabbamein á byrjunarstigi en eftir að einkennin eru orðin ljós, en árangur af lækningunni er því betri, því fyrr sem sjúkdómurinn finnst.

Ég skal ekki hætta mér út á þá braut að ræða um þennan sjúkdóm, sem þessi till. fjallar um, frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Til þess mundi mig bresta alla þekkingu. En við flm. till. höfum leyft okkur að leita greinargerðar um þau úrræði, sem tiltækilegust eru til aukinna krabbameinsvarna, hjá samtökum lækna hér í Reykjavík. Áður en ég kem að lokaniðurstöðum þeirrar greinargerðar, vildi ég minna á það, að hér á landi hefur verið unnið mikið og þjóðnýtt starf af hálfu ýmissa ágætra lækna og nýstofnaðra krabbameinsvarnasamtaka í því skyni að efla varnirnar gegn þessum skelfilega sjúkdómi.

Það, sem stjórn Læknafélags Reykjavíkur telur í stuttu máli sagt tiltækast til skjóts árangurs af auknum krabbameinsvörnum, eru eftirfarandi atriði, og stikla ég þá aðeins á nokkrum höfuðatriðum:

1) Að sköpuð verði aðstaða til þess hér á landi að framkvæma frumurannsóknir í stórum stíl.

2) Að bætt verði aðstaða til almennra vefjarannsókna, þannig að þær gangi fljótar en nú getur orðið.

3) Að hraðað verði sjúkrahúsbyggingum, þannig að sjúklingar þurfi ekki að bíða, hvorki eftir rannsókn né meðferð, þegar grunur eða vissa er um sjúkdóminn.

4) Að athugun fari fram á því, hvort hægt sé að auka kennslu við læknadeild háskólans í greiningu krabbameins.

5) Að auknar verði rannsóknir á sviði kjarnorkufræða. Enn fremur aukið eftirlit með notkun röntgentækja og geislavirkra efna.

6) Betri tæki til geislalækninga verði fengin, og einnig verði sköpuð aðstaða til þess að nota geislavirk efni til sjúkdómsgreininga og aðstaða bætt við sjúkdómsgreiningar með röntgengeislum.

7) Handlækningameðferð á vissum tegundum krabbameins verði skipulögð betur en nú er.

8) Að auka afköst krabbaleitarstöðvarinnar og máske að stofna utan Reykjavíkur fleiri slíkar stöðvar.

9) Að komið verði á fastri skipan á skráningu krabbameinssjúklinga.

Ég vil ljúka minni stuttu framsöguræðu fyrir þessu að áliti okkar flm. mikilvæga máli með því að láta þá ósk og von í ljós, að Alþingi taki vel þessari till., að Krabbameinsfélag Íslands og önnur samtök lækna og leikmanna í landi hér, sem vinna að því að útrýma krabbameininu, verði stórlega styrkt og að allsherjar herferð verði hafin gegn þessum sjúkdómi, sem í dag heggur stærst eða næststærst skarð í raðir Íslendinga. Ég benti á það í því stutta sögulega yfirliti, sem ég gaf hér í upphafi ræðu minnar, að einmitt með löggjöf og aðgerð Alþingis hafa stórkostlegir sigrar verið unnir í baráttunni við sjúkdómana hér í þessu landi á undanförnum áratugum. Það er þörf samstilltra átaka og viðtækra ráðstafana til þess að sigrast á krabbameininu, sem margir halda að læknavísindin standi ráðþrota gagnvart í dag, en reynslan er hins vegar smám saman að sýna, að þau geta áreiðanlega sigrazt á, eins og svo fjölmörgum öðrum böli völdum í hópi sjúkdómanna.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 7. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var enn fram haldið einni umr. um frv. (A. 161, n. 358).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir, er þess eðlis, að Alþ. skori á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að krabbameinsvarnir verði eflda í landinu, í samráði við Krabbameinsfélag Íslands og að sjálfsögðu heilbrigðisyfirvöld landsins. Bent er á þörf á að efla allar rannsóknir við greiningu á krabbameini, að

auka stuðning við öflun fullkomnustu tækja til rannsókna og lækninga á krabbameini, að bæta aðstöðu leitarstöðva og athuga möguleika á því, hvort þeim sé hægt að fjölga, og auka almenna fræðslustarfsemi um þennan sjúkdóm.

Allshn. hefur fjallað um þessa till. og leitað eftir umsögnum frá landlækni og Krabbameinsfélagi Íslands. Landlæknir mælir með samþykkt till., en bendir á það í bréfi sínu, sem hann telur vera langmikilsverðasta verkefni þjóðarinnar í heilbrigðismálum nú, að ljúka þeim sjúkrahúsbyggingum, sem eru í byggingu. Sjúkrahúsbyggingar eru einmitt eitt af þeim atriðum, sem talin eru upp í fskj. með grg. með þáltill. Krabbameinsfélagið mælir mjög með þessari till. og bendir á ört vaxandi þörf á því, að auknar verði gagnráðstafanir gegn þessum sjúkdómi. Sem dæmi vil ég benda á, að samkv. upplýsingum Krabbameinsfélagsins hafa nú fyrir skömmu fundizt þrjú lungnakrabbamein á einni viku, en á árunum 1932—50, 18 ára tímabili, fundust aðeins 12 slík mein eða töluvert minna en eitt á ári. Krabbameinsfélagið bendir á, að þetta sé eðlilegt miðað við það, hversu reykingar og annað, sem talið er orsaka lungnakrabbamein, hefur farið vaxandi hér á landi í seinni tíð.

Að fengnum upplýsingum og meðmælum þessara tveggja aðila og eftir athugun á mjög ýtarlegri grg. frá Læknafélagi Reykjavíkur, sem fylgir þáltill., hefur allshn. orðið sammála um að mæla með því, að till. verði samþykkt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 390).

8. Veðdeild Búnaðarbankans.

Á 5. fundi í Sþ., 2. des., var útbýtt:
Till. til þál. um ráðstafanir til að tryggja starfsgrundvöll veðdeildar Búnaðarbankans [29. mál] (A. 39).

Á 9. fundi í Sþ., 28. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. fundi í Sþ., 2. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Sþ., 24. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Á þskj. 39 hef ég ásamt fjórum öðrum hv. þm. leyft mér að flytja till. þá, sem nú er til umr. Till. fjallar um, að Alþingi skori á ríkisstj. að láta rannsaka fjárþörf veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og undirbúi síðan tillögur um, hvernig tryggja megi veðdeildinni starfsgrundvöll með það fyrir augum, að hún geti gegnt hlutverki sínu fyrir landbúnaðinn á viðhlítandi hátt.

Það er alkunnugt, að á undanförnum árum hefur verið miklum vandkvæðum bundið að fá veðlán til lengri tíma út á jarðeignir og húsakost í sveitum, nema um nýbyggingar eða nýrækt hafi verið að ræða. Þetta hefur sérstaklega komið sér illa fyrir þá, sem hafa viljað kaupa jarðir og reisa bú. Elna stofnunin, sem hefur talið það innan síns verkahrings að hlaupa undir bagga með þessum aðilum, er veðdeild Búnaðarbankans, en vegna efnaleysis hefur hún orðið að vísa frá fjöldamörgum lánsbeiðnum, enda þótt lánsupphæðir til hvers og eins væru mjög takmarkaðar með starfsreglum deildarinnar.

Með fyrirmælum 1930 var ákveðið, að lánsfjárhæð mætti ekki fara fram úr ⅗ hlutum af virðingarverði fasteignar. Eignir skyldu metnar til verðs, sem þær eftir beztu vitund virðingarmanna hefðu í kaupum og sölum. Með bréfi atv.- og samgmrn. í júní 1943 var Búnaðarbankanum samkvæmt ósk bankans leyft að stofna nýjan flokk veðdeildar bankans, eins og orðað er í bréfinu, en það skilyrði sett ásamt öðrum, að lánsfjárhæðin í hverju einstöku tilfelli mætti ekki fara fram úr 60% af landverði jarðar, miðað við gildandi fasteignamat, og 30% af húsverði og annarra varanlegra mannvirkja á jörðinni, miðað við sama mat. Með þessum fyrirmælum rn. var hámark lána úr deildinni út á hverja jörð stórkostlega skert frá því, sem verið hafði áður, þar sem miða átti eftirleiðis við gildandi fasteignamat í stað mats, sem byggðist á sölu- og kaupverði, þ. e. a. s. markaðsverði viðkomandi eignar, eftir því sem næst yrði komizt. Frá þessari reglu og skerðingu var svo fallið þremur árum síðar og þá aftur heimilað að lána allt að 60% af landverði og 30% af húsaverði samkvæmt matsgjörð dómkvaddra manna á veðinu og þá miðað við gangverð viðkomandi eignar, eins og fram var tekið í bréfi landbrn. til Búnaðarbankans, dags. 6. ágúst 1946. Það er svo saga út af fyrir sig, að vegna getuleysis veðdeildarinnar hafa forráðamenn Búnaðarbankans ekki treyst sér til annars en að takmarka lánsfjárhæð til hverrar jarðar við 35 þús. kr. Má segja, að miðað við allt verðlag sé sú upphæð alls kostar ófullnægjandi.

Varðandi lánamál landbúnaðarins verður það að viðurkennast, sem betur fer, að tiltölulega greiður aðgangur hefur verið að lánum til nýrra framkvæmda. Á ég með því við lánveitingar stofnsjóða landbúnaðarins, ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs. Meðan veðdeild Búnaðarbankans hefur staðið svo til galtóm, hefur báðum þessum sjóðum verið séð fyrir milljónatugum árlega og þeir því getað lánað út á framkvæmdir nokkurn veginn eftir því, sem þeim hefur miðað áfram. Um það eru menn sammála, að nauðsynlegt sé að veita lán til nýræktar og nýbygginga í sveitum, ef uppbyggingin á þar ekki að stöðvast, en fram hjá þeirri staðreynd má hins vegar ekki ganga, að oft getur verið jafnrík ástæða til lánveitinga, þótt ekki sé um nýjar framkvæmdir að ræða.

Við það munu flestir kannast, að illa gengur oft og tíðum að selja góðar jarðir, þótt vel séu í sveit settar og hafi greiðan aðgang að markaði fyrir afurðir sínar. Oft og tíðum stendur ekki á mönn-

um, sem vilja kaupa, heldur hinu, að þeim eru allar leiðir lokaðar til þess að fá lán. Jarðarverð er nú orðið það hátt, að sárafáir hafa nokkra getu til þess að festa kaup á meðaljörð nema með því móti að stofna til skulda í sambandi við kaupin. Þá koma ekki til greina nema samningsbundin lán til lengri tíma, ef vel á að fara, þar sem sá arður er ekki af búskapnum, að hann standi undir skyndilánum.

Það á einmitt að vera verkefni veðdeildarinnar að geta hlaupið myndarlega undir bagga með mönnum, þegar þannig stendur á. Þjóðfélagslega séð er það jafnnauðsynlegt, að eigendaskipti geti átt sér stað á jörðum með kaupum eins og að aðstoða menn með lánveitingum og styrkjum til þess að koma upp nýrækt og nýjum húsakosti.

Við stofnun veðdeildar Búnaðarbankans og eftir að hún tók til starfa mun það hafa verið hugmyndin að tryggja henni að verulegu leyti rekstrarfé með útgáfu og sölu bankavaxtabréfa. Ef hér á landi hefðu verið skilyrði fyrir heilbrigðan verðbréfamarkað, má gera ráð fyrir því, að sala slíkra verðbréfa hefði tryggt deildinni töluvert fjármagn til útlána. Eins og allir vita, hefur þróunin í efnahagsmálunum hins vegar verið í þá áttina, að ógerlegt hefur verið að selja á frjálsum markaði verðbréf, sem greiðast hafa átt upp á mörgum árum, nema þá með miklum afföllum. Þetta ástand hefur því raunverulega útilokað veðdeildina og aðrar svipaðar stofnanir í landinu frá því að fá fé frá sparifjáreigendum.

Til þess að hindra það, að veðdeildin yrði með öllu fjárvana og þar með óstarfhæf, hefur því orðið að gera ráðstafanir til þess að útvega henni fjármagn með öðrum hætti. Vil ég í stuttu máli drepa á þær nánar, sem mér er kunnugt um.

1) Þegar tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1951 var ráðstafað, fékk veðdeildin 1 millj. króna í sinn hlut.

2) Með lögum 1955 um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954 var heimilað að lána veðdeildinni 4 millj. kr. af greiðsluafganginum með 5½% vöxtum og til 20 ára. Var sú heimild notuð og upphæðin greidd veðdeildinni.

3) Með l. nr. 31 frá 1954 var svo ákveðið, að meðan veðdeild Búnaðarbanka Íslands er ekki með frambúðarráðstöfunum séð fyrir því fé, sem henni er nauðsynlegt til að geta sinnt því margþætta hlutverki, sem henni er ætlað að lögum, skuli ríkisstj. tryggja henni með samningum við Landsbanka Íslands og aðrar peningastofnanir eða á annan hátt affallalausa sölu bankavaxtabréfa, er nemi árlega a. m. k. 1 millj. og 200 þús. kr. Í lögunum er nú tekið fram, að ríkisstj. geti ákveðið, að Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Söfnunarsjóður Íslands kaupi þessi bréf, og ákveður hún árlega upphæðina, eftir að hún hefur kynnt sér hag hlutaðeigandi stofnana og jafnframt leitað álits forstöðumanna þeirra. Hvernig sem á því stendur, hafa þessi lög aldrei komið til framkvæmda, eftir því sem ég bezt veit.

4) Í lögum nr. 44 frá 1957, um skatt á stóreignir, var ákveðið, að einn þriðji hluti þess skatts, sem innheimtist, skyldi renna til veðdeildar Búnaðarbankans. Samkvæmt þessum lögum mun deildin nú þegar hafa fengið 2 millj. og 100 þús. kr., og á árinu 1958 lánaði seðlabankinn henni 5 millj. kr. út á væntanlegar tekjur af þessum skatti. Um það, hvað deildin muni eiga eftir að fá af stóreignaskatti, get ég ekki sagt með neinni vissu, en gizka á, að það muni nema nálægt 22 millj. kr.

5) Tekið var fram í lögum frá 1957, um húsnæðismálastofnun o. fl., að fé það, sem fengist í gegnum skyldusparnaðinn og kæmi úr sveitunum, skyldi ávaxtast í veðdeildinni. Þessu fé verður veðdeildin að sjálfsögðu að skila aftur á sínum tíma og þá með vöxtum og vísitöluuppbót, ef einhver er. Um s. l. áramót mun deildin hafa fengið af skyldusparnaði um 6 millj. og 700 þús. kr.

6) Á árunum 1955 og 1956 mun veðdeildin hafa fengið lán úr ríkissjóði samtals að fjárhæð 6 millj. kr., sem síðan var breytt í óafturkræft framlag árið 1957.

7) Árið 1957 fékk veðdeildin 5 millj. kr. hjá atvinnuleysistryggingasjóði að láni.

Allar þessar ráðstafanir hafa orðið til þess að létta undir með veðdeildinni, þótt þær hafi ekki hrokkið til þess, að hún gæti veitt þá þjónustu, sem brýn nauðsyn er fyrir. Í útlánum hjá deildinni munu nú vera um 27.5 millj. kr. Eigið fé deildarinnar með varasjóði mun vera um 10.7 millj. kr. Það, sem á vantar til þess að ná útlánunum, er lánsfé, sem deildin hefur fengið frá seðlabankanum, atvinnuleysistryggingasjóði og af skyldusparnaði.

Vegna þess, hvernig til hefur tekizt í fjármálalífi okkar undanfarandi ár, verður það án efa vandamál, hvernig tryggja megi veðdeildinni fjárráð til frambúðar. Við flm. þessarar till. teljum vænlegast til árangurs, að ríkisstj. láti rannsaka, hvaða leiðir komi helzt til greina, og geri á grundvelli þeirrar athugunar ákveðnar tillögur, sem þá yrðu væntanlega lagðar fyrir Alþingi. Ríkisstj. hefur greiðan aðgang að öllum gögnum og upplýsingum, sem að gagni mega koma, og mundi að sjálfsögðu hafa samráð við Búnaðarbankann og aðrar stofnanir landbúnaðarins. Fram hjá þeirri staðreynd verður og ekki heldur gengið, að varanleg lausn á fjárhagserfiðleikum veðdeildarinnar fæst ekki án tillits til annarra vandamála varðandi lánamálin í heild. Því er lagt til, að ríkisstj. láti rannsaka fjárþörf veðdeildarinnar og geri síðan tillögur um það, hvernig tryggja megi henni fjármagn, svo að hún geti starfað með eðlilegum hætti. Ég leyfi mér því að fara fram á það við hæstv. forseta, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þessi till. er um það, að rannsökuð verði fjárþörf veðdeildar Búnaðarbankans og síðan gerðar till. um það, hvernig unnt sé að tryggja henni fjármagn, til þess að hún geti starfað með eðlilegum hætti. Um þetta er vitanlega gott eitt að segja, því að það er þörf fyrir fé til veðdeildar Búnaðarbankans, til þess að hún geti gegnt sínu hlutverki.

Hv. 1. flm. hefur gert nokkra grein fyrir því í ræðu sinni, hvað gert hefur verið af hálfu Alþingis og ríkisstjórna að undanförnu til þess að bæta úr fjárþörf veðdeildarinnar. Hann nefndi m. a., að stundum hefur verið ákveðið á Alþ. að láta til veðdeildarinnar nokkrar fjárupphæðir af greiðsluafgangi ríkissjóðs. Þannig var það árin 1954 og

1955, og síðar var ákveðið með lögum frá Alþ., að þau lán, sem veðdeildin hafði þannig fengið frá ríkisssjóði, skyldu eftir gefin ásamt vöxtum af þeim.

Það var í samræmi við þetta, sem áður hafði gerzt, sem fulltrúar Framsfl. í fjvn. á síðasta aðalþingi báru fram till. um það, að veðdeildin fengi 5 millj. kr. lánaðar af tekjuafgangi ríkisins árið 1958. Því miður var þessi till. felld á þinginu, og það merkilega var, að tveir af hv. flm. þessarar till., sem hér liggur fyrir, sem nú sýna ásamt fleirum áhuga sinn fyrir þessu máli að útvega veðdeildinni fé, munu í fyrra hafa lagt sitt lið til þess að fella þessa till. um þetta lán til veðdeildarinnar, sem ég nefndi. Um það þýðir náttúrlega ekki að sakast, það er komið sem komið er í því efni. En þó að það sé þarft mál að athuga það, með hverjum hætti bætt verður úr fjárþörf veðdeildarinnar í framtíðinni, þyrfti jafnframt og er aðkallandi að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að veðdeildin fái nokkra upphæð nú hið allra fyrsta til þess að geta bætt úr brýnustu þörfum umsækjenda. Það er vitað, að það liggja fyrir nú margar umsóknir frá bændum um veðdeildarlán, og margir þeirra hafa þess brýna þörf að fá þar nokkra úrlausn.

Eins og hv. 1. flm. og frsm. till. gat um, hefur stjórn veðdeildarinnar ekki talið sér fært að undanförnu að láta hvern einstakan hafa meira en 35 þús. kr. lán. Þetta er vitanlega ekki há upphæð nú á tímum, en þó er það svo, að þetta hefur gert mikið gagn. Þetta hefur greitt úr vandamálum fyrir ýmsum, sem hafa getað fengið þessi lán, og það væri mjög mikils um það vert, ef tækist að útvega veðdeildinni nú þegar nokkra upphæð, þótt ekki væri nema tiltölulega fáar millj. kr., til þess að hún gæti, eins og hún hefur gert flest undanfarin ár, sinnt nokkru af umsóknunum og bætt úr brýnustu þörfum manna. Ég hefði því viljað beina þeirri áskorun til hv. flm. þessarar till., að þeir reyni að vinna að því við hæstv. ríkisstj., að hún geri ráðstafanir til þess nú hið allra fyrsta að útvega veðdeildinni nokkra fjárupphæð í þessu skyni, og vil ég þá jafnframt beina þessu til hv. fjvn., sem samkvæmt fram kominni till. fær sennilega þetta mál til meðferðar.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 39, n. 372).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað till. á þskj. 39 og leggur til, að hún verði samþ. Nefndin sendi Búnaðarbankanum till. til umsagnar, en ekkert svar barst frá bankanum.

Eins og fram kemur í grg. fyrir till., má gera ráð fyrir því, að öflug og vel starfrækt veðdeild við Búnaðarbankann mundi í flestum tilfellum leysa lánsfjárþörf bænda fram yfir það, sem þeir hafa getað fengið úr ræktunar- og byggingarsjóði til nýrra framkvæmda. Þegar deildin var stofnuð, mun og hafa verið til þess ætlazt. Í reyndinni hefur því miður verið þannig að deildinni búið með fjármagn, að hún hefur sáralítið getað lánað að undanförnu miðað við þörfina. Hefur þetta getuleysi að sjálfsögðu komið bændastéttinni mjög illa og án efa í mörgum tilfellum hindrað það, að dugandi menn réðust í búskap, þar sem þeir hafa hvergi getað fengið hagstæð lán til jarða- og bústofnskaupa. Allir munu vera á einu máli um, að úr þessu þurfi að bæta.

Með till. þessari, sem fjvn. hefur nú fjallað um, er lagt til, að ríkisstj. láti rannsaka fjárþörf veðdeildarinnar og undirbúi að þeirri athugun lokinni till. um það, hvernig tryggja megi deildinni starfsgrundvöll. Má ætla, að ríkisstj. og þeir aðilar, sem hún kemur til með að kveðja til, hafi bezta aðstöðu til þess að finna raunhæfar leiðir til úrlausnar.

Á síðasta búnaðarþingi var samþ. ályktun um eflingu veðdeildar Búnaðarbankans á þá leið, að skorað var á ríkisstj. og Alþ. að stuðla að því, að tekið yrði á þessu ári allt að 50 millj. kr. erlent lán handa veðdeildinni, sem tryggt yrði með ríkisábyrgð. Með þessari till. búnaðarþings er bent á ákveðna leið til fjáröflunar fyrir veðdeildina, sem án efa verður ræklega athuguð, ef hv. Alþ. samþykkir þá till., sem nú er til afgreiðslu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það mun hafa verið 24. febr. í vetur, sem umræða hófst hér í þingi um þessa till. Ég benti á það þá við upphaf umræðunnar, að það væri mjög aðkallandi að gera einhverjar ráðstafanir til þess nú þegar, að veðdeildin fái nokkra fjárupphæð til þess að geta bætt úr brýnustu þörfum fyrir lán, en vitað er, að nú þegar liggja fyrir allmargar umsóknir um veðdeildarlán frá mönnum víðs vegar um land, en veðdeildin hefur ekki vegna fjárskorts getað veitt lán nú um alllangan tíma. Ég óskaði þess, að bæði flm. till. og einnig þn., sem um málið fjallaði, tæki þetta til athugunar.

Nú liggur fyrir nál. frá hv. fjvn., þar sem mælt er með till., eins og hún liggur fyrir. Um till. er vitanlega gott eitt að segja að því leyti, að það er þörf að athuga, með hverjum hætti bætt verður úr fjárþörf veðdeildarinnar í framtíðinni, en þetta leysir ekki þann vanda, sem við er að fást nú í augnablikinu. Það var rætt um stofnlánasjóði Búnaðarbankans á þessum fundi fyrir skammri stundu í tilefni af fsp., sem fram komu, og þar var m. a. minnzt á veðdeild Búnaðarbankans. Það kom fram í svari hæstv. landbrh., að enn hefur deildinni ekki verið útvegað fé. Hins vegar lét ráðherra það uppi, að ríkisstj. hefði hug á að bæta úr fjárþörf veðdeildarinnar.

Ég vil einmitt vegna þessa ástands, sem nú er hjá veðdeildinni og brýn þörf er á að bæta úr, leyfa mér að leggja hér fram skriflega brtt. við þá till., sem fyrir liggur, sem ég — með leyfi hæstv. forseta — vil gera grein fyrir. Till. mín er um það, að við tilgr. bætist ný málsgrein, þannig orðuð: Enn fremur ályktar þingið að skora á ríkisstj. að útvega veðdeildinni nú þegar nokkra fjárupphæð, til þess að unnt sé að bæta úr brýnustu þörfum.

Ég nefni ekki þarna ákveðna upphæð, því að ég er að sjálfsögðu ekki svo kunnugur því, hvað mikið er um umsóknir hjá veðdeildinni. Ég veit, að þær munu vera allmargar. Og þó að ekki væri unnt að útvega í bili nema tiltölulega litla upphæð, fáar

milljónir króna, þá gæti það gert mikið gagn til að bæta úr brýnustu þörfum. Mér þykir líklegt vegna ummæla ráðh., sem ég vitnaði til áðan, að hann vilji gera sitt til að bæta úr þessari aðkallandi þörf, og væri þá gott fyrir hæstv. stjórn að hafa viljayfirlýsingu frá Alþ. um, að þetta væri gert.

Vænti ég þess því, að þessari brtt. minni verði vel tekið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hygg, að það sé ekki þörf á að staðfesta þingvilja með því að samþykkja fram komna till. frá hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG), og ég hygg, að þótt þessi till. verði samþ., breyti það ekki á neinn hátt afstöðu ríkisstj., því að mér er kunnugt um, að þar er vilji fyrir hendi til þess að útvega veðdeildinni fé, svo fljótt sem mögulegt er, og samþykkt þessarar till. út af fyrir sig skapar ekki neina peninga. Ég er sannfærður um vilja hv. Alþ. í þessu efni. Ég tel ekki þörf á að fá hann staðfestan með þessari till. Ég tel, að ef ríkisstj. útvegar veðdeildinni fé, þá geri hún það með vilja meiri hluta Alþingis, ef ekki alls Alþingis, vegna þess að mér dettur ekki í hug að ætla það, að nokkur hv. þm., nokkur maður, sem situr hér á hv. Alþ., hafi ekki gert sér grein fyrir því, hversu fjárþörfin er brýn hjá veðdeildinni. Og eins og ég sagði hér í dag, hefur ríkisstj. hug á því að leysa mál deildarinnar að einhverju leyti á þessu ári. Ég tel hins vegar, að eins og aðaltillagan er, þá sé hún málefnum veðdeildarinnar til styrktar, vegna þess að hún á að leiða til rannsóknar í þessum efnum, á hvern hátt eigi að skapa veðdeildinni starfsaðstöðu, ekki aðeins nú, heldur til frambúðar. Það er þess vegna nægjanlegt að samþykkja till. eins og hún kemur frá hv. fjvn. Hitt er svo annað mál, að ef Alþ. út af fyrir sig lítur svo á, að þetta sé málinu til styrktar, að fá hina skriflegu brtt. samþykkta, er ekkert við því að segja. En ég tel vegna fram kominnar till. ástæðu til að taka það fram, að stjórnin hefur fullan hug á að bæta úr ástandi veðdeildarinnar og reyna að útvega henni fé á þessu ári, og ég tel, að sú aðstaða batni ekki á neinn hátt, þótt hin skriflega till. verði samþ., vegna þess að það er fyrir fram vitað, hver vilji hv. Alþingis er.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 438) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG).

Ég held, að hv. þdm. sé kunnugt um það, að fjárhagserfiðleikar veðdeildarinnar séu síður en svo nýlega tilkomnir. Á undanförnum árum hefur veðdeildin því miður ekki verið þess umkomin að leysa vandræði þeirra manna, sem til hennar hafa leitað, en stjórnarvöldin hafa leitazt við að greiða fram úr þessum vandræðum með eins konar bráðabirgðalausnum. Það, sem fyrir okkur flm. vakir með þessari till., er það eitt út af fyrir sig, að reynt verði nú þegar að finna einhverja frambúðarlausn á þessum málum. Þarna er um svo víðtækt mál að ræða, að fram úr því verður ekki ráðið á örskömmum tíma, og því full ástæða til þess að skipa sérstaka nefnd, sem mundi þá rannsaka málið á breiðum grundvelli.

Ég hef fátt eitt að segja um till. hv. þm. um það, að ríkisstj. útvegi þegar í stað nokkurt fé til deildarinnar, en ég held þó, að það muni hafa litla þýðingu að samþykkja till. Ég held, að það sé aðalatriðið að fá þessa athugun sem allra fyrst, og vona, að eftir þá athugun finnist leiðir til þess að tryggja starfsgrundvöll veðdeildarinnar til frambúðar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. (JR) sagði, að stjórnarvöldin hafa að undanförnu stundum leitazt við að greiða úr fyrir veðdeildinni með bráðabirgðaúrlausnum. Þetta hefur verið gert oftar en einu sinni, t. d. með þeim hætti, að veðdeildinni hefur verið lánað af tekjuafgangi ríkisins, þegar um hann hefur verið að ræða. Og það er einmitt þetta, sem brtt. mín fjallar um, að það verði nú til bráðabirgða fundin einhver leið til þess að útvega veðdeildinni nokkra fjárupphæð til að bæta úr allra brýnustu þörfinni.

Hæstv. ráðh. segir, að stjórnin hafi góðan vilja í þessu efni, og þess vegna geri ég mér vonir um, að ef Alþ. sýni vilja sinn með því að samþykkja till. mína um áskorun á ríkisstj., þá verði hún við þessu og veðdeildin fái innan skamms nokkra upphæð til þess að sinna þeim lánbeiðnum, sem nú liggja fyrir, a. m. k. þeim lánbeiðnum, sem eru frá mönnum, sem hafa ákaflega aðkallandi þörf fyrir einhverja úrlausn nú í bili. Það er svo mikil peningaumferðin hér í okkar landi, að ég þykist vita, að það sé hægt fyrir hæstv. stjórn að gera þetta, annaðhvort með því að hafa áhrif á seðlabankann þannig, að hann veiti nokkurt lán í bili, eða með einhverjum öðrum ráðum. Ég efast ekki um það, og ég tel, að það sé stuðningur alveg tvímælalaus fyrir ríkisstj. við þessar aðgerðir að hafa yfirlýsingu frá Alþingi um, að það ætlist til þess, að þetta verði gert.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 438 felld með 18:15 atkv.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 480).

9. Hagnýting farskipaflotans.

Á deildafundum 28. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á hagnýtingu íslenzka farskipaflotans [23. mál] (A. 23).

Á 5. fundi í Sþ., 2. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9., 11., 15., 16. og 17. fundi í Sþ., 28. jan., 3., 10., 17. og 24. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 2. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem ég flyt hér öðru sinni á þskj. 23, fer í þá átt, að rannsókn verði látin fram fara á möguleikum til betri hagnýtingar hins íslenzka farskipaflota. Hinn gífurlegi fjáraustur, sem á undanförnum árum hefur fram farið í hörðum gjaldeyri vegna erlendra leiguskipa og skiptir nú um tugum millj. kr., er orðinn næsta óhugnanlegur. Sjálfur hef ég ekki óyggjandi tölur í þessu efni frá s. l. ári. Hins vegar eru fyrirliggjandi tölur um gjaldeyrisupphæð í þessu skyni frá árinu 1958. Þá voru yfirfærðar af bönkum vegna leigu erlendra farskipa rúmar 28 millj. kr. í frjálsum gjaldeyri. Í þessari upphæð ársins er þó ekki meðtalin leiga rússnesks olíuskips, sem einnig var í förum á árinu.

Nú á tímum mikilla umr. um gjaldeyrissparnað annars vegar ásamt algerri endurnýjun hins íslenzka farskipaflota og margföldun á rúmlestafjölda hins glæsilega flota kemur mönnum spánskt fyrir sjónir, að íslenzku skipin sigla oft lítt eða ekkert lestuð til erlendra hafna, en svo eru erlend skip höfð til þess að annast stóran hluta inn- og útflutningsins. Að sjálfsögðu hefur útflutningur okkar stóraukizt með tilkomu stærri og afkastameiri fiskiflota og þó sérstaklega hefur söluferðum togara með eigin afla fram undir síðustu mánuði fækkað og innanlandsvinnsla aukizt. Þessar staðreyndir hagga þó ekki þeirri skoðun manna, að óþarft sé að leigja erlend farskip í svo ríkum mæli undir útflutningsvörur okkar, nema síður væri.

Ekki munu mikil brögð að því, að hraðfrystur fiskur sé fluttur út með erlendum leiguskipum, en þegar kemur að saltfiskframleiðslunni, verða upp ógeðfelldar staðreyndir. Upplýsingar, sem ég hef um þessa hluti frá árinu 1958, eru á þann veg, að þá flytja íslenzk skip 6 millj. og 60 þús. kg af fiski til erlendra hafna, en erlend skip flytja á sama tíma 24 millj. 683 þús. 949 kg, eða rúml. 4 sinnum meira magn en hin íslenzku skip. Fyrir þessa þjónustu hinna erlendu skipa greiddum við, eins og ég áðan sagði, nálega 30 millj. kr. út úr landinu í hörðum gjaldeyri. Fyrir tilkomu sementsverksmiðjunnar fluttu íslenzk fiskflutningaskip oft heim með sér sement. Nú flytja þau erlent grjót sem kjölfestu.

Ég hef fróðra manna orð fyrir því, að óþarft sé að hafa slíka óreiðu og skipulagsleysi í þessum efnum sem raun er á nú, þjóðarheildinni til fjárhagslegs tjóns og öllum hlutaðeigandi til vansæmdar. Á fyrstu árum hins svonefnda fjárhagsráðs mun einn af starfsmönnum þess hafa annazt skipulagningu á ferðum farskipanna í góðri samvinnu við skipafélögin. Skipulag þetta var að sjálfsögðu gert með það fyrir augum, að lestarrúm skipanna yrði sem bezt nýtt.

Í þáltill. þessari er gert ráð fyrir rannsókn á ástandi þessara mála og leiði sú rannsókn í ljós, að skipulagsleysi á ferðatilhögun skipanna valdi mestu um, þá verði komið á fastri og skipulagðri samvinnu, sem skipafélögin sjálf beri kostnaðinn af. Sá kostnaður, sem af slíkri starfsemi hlytist, virðist munu geta orðið léttbær, miðað við það fjárhagslega tjón, sem skipafélögin ein hljóta að verða fyrir af ríkjandi ástandi. Eitt af því, sem styður þá skoðun, að hér valdi mestu um skipulagsleysi og skortur á samvinnu, er, að til hinna suðlægari landa virðast íslenzku skipin ekki hafa neina fasta áætlun, sem t. d. útflytjendur gætu byggt á. Sem dæmi er rétt að nefna, að á árinu 1958 eru flutt til Portúgals 11017400 kg af fiski og til Spánar 1476350 kg, og allt þetta magn er flutt með erlendum skipum. Íslenzk skip komu ekki til þessara hafna á árinu. Til Grikklands siglir eitt íslenzkt skip með 363150 kg, en á sama tíma sigla fimm erlend skip þangað með 2431800 kg af fiski. Hér eru aðeins nefnd þrjú dæmi, sem vissulega gefa til kynna, að úrbóta er þörf og að góð samvinna skipafélaganna sjálfra undir forustu einhvers aðila, er þau sjálf kysu, gæti dregið úr notkun erlendra leiguskipa til flutninga að og frá landinu og um leið lækkað hin gífurlegu útgjöld til þessara hluta í erlendum gjaldeyri.

Verði þáltill. þessi samþykkt, verður einnig að telja nauðsynlegt, að jafnframt fari fram athugun á því, hvort ekki sé unnt að hagnýta betur strandferðaflota okkar, án þess að dregið sé úr nauðsynlegri þjónustu við hinar dreifðu byggðir landsins. Allar þær sagnir, sem berast utan af landsbyggðinni um óreglulegar ferðir strandferðaskipanna, gera nauðsynlegt, að slík athugun fari einnig fram á þessari þjónustu með bætta nýtingu farskipaflotans fyrir augum, þó að ekki komi þar til greina neinn gjaldeyrissparnaður í skipaleigu.

Þáltill. þessa lagði ég fram, eins og ég áður sagði, seint á vetrarþingi í fyrravetur, og hlaut hún þá ekki afgreiðslu. Deilur ættu ekki að þurfa að verða um efni till., og treysti ég því nú, að hv. alþm. geti verið mér sammála um, að opinber forusta um rannsókn þessara mála sé nauðsynleg og að till. fái fljóta og góða afgreiðslu. Herra forseti, ég legg til, að umr. verði frestað um till. á þessum fundi og henni vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 23, n. 383 og 386).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á þskj. 23 er þáltill. varðandi hagnýtingu íslenzka farskipaflotans, og hefur till. um alllangt skeið verið til meðferðar hjá allshn. Efni till. er í aðalatriðum að ályktа að skora á ríkisstj. að láta í samráði við skipafélögin fram fara nákvæma athugun á hagnýtingu íslenzka farskipaflotans og ef í ljós komi, að bæta megi þessa hagnýtingu, þá

sé skorað á ríkisstj. að beita sér fyrir því að koma á fastari skipan þeirra mála, enda beri skipafélögin kostnað af slíkri starfsemi. Þessi till. hefur verið rökstudd á þann hátt, að ýmsar upplýsingar bendi mjög til þess, að hægt sé að hagnýta íslenzk farskip betur en oft er gert og spara þannig leigu erlendra skipa.

Það hafa verið tilfærð ýmis dæmi, sem eru almenningi meira eða minna kunn, í þessu sambandi. Sjómenn hafa sagt frá því, að þeir hafi verið á skipum, sem sigldu til útlendrar hafnar með íslenzkt grjót í lestinni og mætt íslenzkum skipum, sem komu frá sömu höfn og voru á heimleið með grjót í lestinni. Slíkt eru vafalaust undantekningar, en í þessum efnum getur hvert tilfelli kostað allmikið fé á okkar mælikvarða.

Allshn. hefur leitað um þessa till. álits allmargra aðila, og eru þar í fyrsta lagi þeir aðilar, sem gera út kaupskip á Íslandi, og í öðru lagi nokkur þau samtök eða fyrirtæki, sem mest nota kaupskip okkar. Þessir aðilar hafa haft ýmislegt um málið að segja. Allmargir þeirra hafa ekki talið ástæðu til að láta slíka rannsókn fara fram, sumir þó talið, að hún mætti gjarnan fara fram. Nú er að vísu ekki fyrir fram líklegt, að skipafélögin samþykki beinlínis, að það fari fram einhvers konar athugun á því, hvernig kaupskipin eru hagnýtt. Þau eru því flest andvíg því, að rannsóknin fari fram. En ég hygg, að við megum ekki dæma málið eingöngu eftir því, heldur sé ástæða til þess að skoða betur sumar upplýsingar, sem þessir aðilar gefa.

Mér fannst sérstaklega athyglisvert, að sum skipafélögin skýra frá því, að þau hafi alltaf nægan flutning til landsins, en nefna ekki siglinguna frá landinu. Önnur skýra hins vegar frá því, að þau hafi ávallt nægan flutning frá landinu, en nefna ekki flutningana til landsins. Þetta stafar af því, eins og alkunnugt er, að sum skip eru byggð til sérstakra flutninga og virðist oft og tíðum ástæða til að ætla, að litið sé hugsað um annað. Þetta geta t. d. verið flutningar á frystivöru frá landinu. Önnur skip hafa ekki útbúnað til slíks flutnings frá landinu á sérstökum vörutegundum, en hugsa því meira um innflutning á ýmiss konar vörum til landsins.

Þetta finnst mér gefa ríka ástæðu til þess, að hagnýting skipa sé könnuð og reynt að hafa á það áhrif, að þau séu notuð eins og hægt er, bæði í siglingum til landsins og frá því.

Þá kom fram í einu álitinu, frá Skipaútgerð ríkisins, að það mundi verða hægt að breyta verulega til batnaðar flutningum við landið, ef ákveðnar væru umskipunarhafnir og reynt að skapa þar nokkra aðstöðu til að umskipa vörum skipulega. Ýmislegt annað kom fram, t. d. það, að í einu af þeim löndum, sem kaupa íslenzkar afurðir, er löggjöf á þá lund, að sérstök gjöld eru lögð á skip þeirra ríkja, sem ekki hafa gert formlega viðskiptasamninga við þetta land, sem er Portúgal. Afleiðingin af því, að íslenzk yfirvöld hafa ekki gert slíka samninga, er sú, að okkar skip geta ekki siglt til þessa lands nema greiða þetta gjald. Með því að borga gjaldið geta þau ekki komizt nálægt því að keppa við erlend leiguskip. Árangurinn er sá, að íslenzk skip sigla ekki til þessa lands, heldur eru þar einvörðungu notuð erlend leiguskip.

Ýmis fleiri dæmi af þessu tagi koma fram í þeim álitsgerðum, sem allshn. hafa borizt. Meiri hluti nefndarinnar hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að þessar upplýsingar gefi tilefni til þess að samþykkja till. og láta fram fara athugun á þessu máli.

Það hefur einnig verið upplýst, að um skeið hafi verið haldið uppi nokkurri starfsemi í þessa átt hér á landi, og mun þá einn maður, sem hafði aðsetur í ríkisstofnun, sem hafði með viðskipti að gera, hafa annazt þetta mál. Mun það vera álit flestra, sem til þekktu, að hann hafi unnið mikið gagn með því að samræma þessa flutninga.

Hins vegar er það alls ekki álit meiri hluta allshn., að till. sé til þess ætluð að fara að stofna til nýrra eða beinna ríkisafskipta, heldur er hugmyndin sú, að með því að láta slíka rannsókn fara fram geti ríkið haft frumkvæði um, að hugsað verði meira um þetta atriði. Ef rannsóknin hefur þau áhrif, að það virðist vera ástæða til að skipuleggja siglingarnar betur, þá yrði það til þess, að skipafélögin sjálf gerðu ráðstafanir til þess að auka sitt samstarf og koma á nauðsynlegri skipulagningu. Það er ekki hugmynd flutningsmanns, að ég hygg, og alls ekki hugmynd meiri hluta allshn., að hér sé verið að stofna til beinna, nýrra ríkisafskipta. Þó virðist fullkomin ástæða til þess, að Alþingi með samþykkt þessarar tillögu um athugun á hagnýtingu farskipaflotans bendi á þetta mál og ýti við þeim aðilum, sem þarna eiga hlut að máli. Það, sem í veði er, eru allmikil verðmæti, því að leiga á erlendum skipum, sem er meiri eða minni á hverju ári og verður alltaf einhver, kostar stórfé í erlendum gjaldeyri. Þótt ekki væri hægt að spara nema einhvern hluta af því með betri nýtingu íslenzku skipanna, þá munar gjaldeyrislega fljótlega um það, auk þess sem betri hagnýting ætti að verða til þess, að íslenzku skipafélögin hefðu betri afkomu. Það er því skoðun meiri hluta allshn., að till. þessa beri að samþykkja óbreytta.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að rifja upp efni þeirrar till. til þál., sem hér liggur fyrir á þskj. 23. Till. er um það í fyrsta lagi að skora á ríkisstj. að láta í samráði við skipafélögin fara fram nákvæma athugun á hagnýtingu íslenzka farskipaflotans í millilanda- og strandsiglingum með það fyrir augum, að komizt verði hjá, eins og frekast er unnt, að leigja erlend skip til vöruflutninga og að lestarrúm hinna íslenzku skipa sé notað á sem beztan hátt, og í öðru lagi um það, að ef rannsókn þessi leiði í ljós, að bæta megi til muna hagnýtingu íslenzka farskipaflotans, þá skori Alþingi enn fremur á ríkisstj. að beita sér fyrir, að komið verði á fastri skipan þeirra mála, enda beri skipafélögin kostnað af slíkri starfsemi.

Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, sendi allshn. þessa till. til umsagnar fyrst og fremst skipafélögum þeim, sem einkum annast vöruflutninga, og í öðru lagi stofnunum, sem einkum þurfa á þessari þjónustu að halda vegna starfsemi sinnar, og n. barst allmikið af slíkum umsögnum.

Okkur, sem stöndum að áliti minni hl., mér og hv. 5. þm. Norðurl. v., virtust þessar um-

sagnir frá skipafélögunum og reyndar frá öðrum aðilum líka bera þess vott, að þessir aðilar teldu ekki, að þeim væri þörf á aðstoð í þessu efni til þess að skipuleggja þessa flutninga, og í þeim komu svo fram ýmsar skýringar á því fyrirbrigði, sem hv. frsm. meiri hl. nefndi áðan, að skip sigla stundum með lítinn flutning milli landa.

Það kom einnig fram í þessum umsögnum og upplýsingum, sem við fengum um málið, að á vegum innflutningsskrifstofunnar hefur í sambandi við leyfisveitingar, þegar sótt hefur verið um gjaldeyrisleyfi til þess að leigja vöruflutningaskip, verið haft nokkurt eftirlit í þessum málum, og áður en slík leyfi til þess að taka skip á leigu voru veitt, hefur af hálfu þessarar stofnunar verið grennslazt eftir því, hvort ekki væri rúm í íslenzkum skipum á hæfilegum tíma fyrir þessar vörur, og um allangt skeið hefur sérstakur maður, einn af starfsmönnum innflutningsskrifstofunnar, haft þetta með höndum. Þess vegna virðist svo, að hér hafi í raun og veru verið til staðar nokkur viðleitni í þessa átt: að koma skipulagi á flutningana, að því leyti sem það er framkvæmanlegt.

Hins vegar er það svo, að nú er að verða breyting á skipan þessara mála. Það er verið að leggja innflutningsskrifstofuna niður og þá starfsemi, sem hún hefur haft. En ástæða gæti verið til þess að bíða átekta og sjá til, hvernig þeirri starfsemi verður fyrir komið hjá þeim stofnunum, sem nú eftirleiðis eiga að hafa hana með höndum, og þá m. a. hvort þær hafa þetta eftirlit og þá hvernig því verður hagað. Það er m. a. ástæðan til þess, að við höfum ekki staðið að því að mæla með afgreiðslu till. sem þál. að þessu sinni.

Ég vil svo geta þess, að það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. tók fram, að Skipaútgerð ríkisins vakti máls á því í umsögn sinni, að ástæða væri til að ætla, að betur mætti skipuleggja afnot af strandferðaskipunum. En það er í raun og veru alveg sérstakt mál, sem ég held að þurfi sérstaka athugun og sé ekki ástæða til þess að blanda saman við vöruflutningana á milli landa og leiguskipanotkunina.

Ég skal ekki vera margorður um þetta, enda ekki ástæða til þess, en aðeins sem sýnishorn af þeim umsögnum, sem n. hafa borizt, vil ég lesa upp stutta kafla úr þremur umsögnum til þess að sýna blæinn á þessum umsögnum.

Hér er þá fyrst umsögn frá Eimskipafélagi Íslands. Þar segir í lokin:

„Samkvæmt þáltill. er farið fram á, að Alþingi skori á ríkisstj. að beita sér fyrir, að komið verði á fastri skipan þessara mála. Vér teljum oss," segir Eimskipafélag Íslands, „hafa sýnt fram á hér að framan, að mjög erfitt er að koma fastri skipan á þessi mál umfram það, sem skipafélögin sjálf gera til þess að hagnýta sem bezt skipastól sinn. Teljum vér mikið vafamál, að skipulagning af hálfu hins opinbera muni neitt bæta úr í því efni, og viljum vér jafnframt eindregið mótmæla þeim ummælum flm. till. í lok grg., að algert hirðuleysi ríki um nýtingu skipastólsins. Slík ummæli eiga a. m. k. ekki við félag vort, með því að það er eitt vort mesta kappsmál, að jafnframt því sem siglingum skipa vorra sé komið fyrir á sem hagfelldastan hátt fyrir félagið, en eins og fyrr er sagt, veltur afkoma þess hvað mest á því, að skiprúmið sé hagnýtt til hins ýtrasta á hverjum tíma, þá komi siglingar skipanna að sem beztum notum fyrir viðskiptavini vora og þar með alla landsmenn."

Þetta segir Eimskipafélag Íslands.

Skipadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga segir í lok sinnar umsagnar:

„Skip vor hafa á undanförnum árum jafnaðarlega komið með fullfermi til landsins í hverri ferð. Frá landinu hafa þau haft mikinn og stöðugt vaxandi flutning. Vér látum þessa stuttu umsögn duga til þess að röðstyðja þá skoðun vora, að vér teljum rannsókn þá, sem þáltill. gerir ráð fyrir, ástæðulausa með öllu."

Hér er að lokum umsögn frá Jöklum h/f, sem eins og kunnugt er eiga og reka þrjú frystiskip, að ég ætla, sem annast allmikið af flutningi á hraðfrystum fiski frá landi. Þar segir m. a., og það má vera til skýringar nokkurrar á því, hvers vegna öll skip eru ekki alltaf með fullfermi frá landinu og að:

„Eins og að framan greinir, eru skip vor," þ. e. a. s. frystiskipin, Jöklarnir, „eingöngu frystiskip og byggð sérstaklega til þess að veita frystihúsunum sem bezta þjónustu. Sölur á frystum fiski eru í flestum tilfellum cif og afgreiðslu lofað á hverjum tíma á ákveðnum dögum. Verður það því að vera matsatriði hverju sinni, hvort hægt sé að láta skipin fara krókaleiðir til lestunar á vörum heim."

Þarna virðist vera fyrir hendi a. m. k. skýring á sumum tilfellum, þegar skip sigla heim án þess að hafa flutning, að það er gert, eftir því sem þetta skipafélag segir, til þess að geta staðið áætlun um útflutninginn og rekstrinum hagað fyrst og fremst með tilliti til þess, að útflutningurinn geti gengið sem greiðast. Þess vegna segir þetta félag, að ekki sé hægt í mörgum tilfellum eða sé a. m. k. matsatriði, hvort þessi skip megi leggja krók á leið sína til þess að taka vörur til landsins.

Með hliðsjón af þessum umsögnum og fleiri, sem n. hafa borizt, og þeim rökum, sem virðast þar vera fyrir hendi, og með hliðsjón af því, sem ég nefndi áðan varðandi athuganir í sambandi við veitingu gjaldeyris til leiguskipa, hefur okkur í minni hl. a. m. k. að svo stöddu ekki sýnzt ástæða til þess að afgreiða þessa till. sem þál., og leggjum við til, að hún verði afgreidd með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Þar sem skipafélög þau, er aðallega annast vöruflutninga milli landa, telja, eins og sakir standa, ekki þörf á ríkisaðstoð við skipulagningu flutninganna, en hins vegar enn óvíst, hvernig veitingu gjaldeyrisleyfa vegna skipaleigu verður hagað framvegis, telur d. ekki að svo stöddu ástæðu til þeirrar athugunar, sem gert er ráð fyrir í till., og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Allshn. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessarar till. Meiri hl. n. leggur til, að hún verði samþ. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. með fyrirvara, og byggist minn fyrirvari á því, að ég er í raun og veru algerlega trúlaus á það, að þessi nefndarskipun hafi nokkra þýðingu, og mun því ekki greiða atkvæði með till. Minni hl. leggur til, að till. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, og væri sú af-

greiðsla í raun og veru ekkert fjarri minu skapi. Ég tel það fyllilega réttlætanlega afgreiðslu. En þar sem meiri hl., stuðningsmenn stjórnarflokkanna, vill endilega koma að ríkisafskiptum af einkarekstrinum, jafnvel í ríkari mæli en ég tel samrýmanlegt nauðsynlegu frjálsræði einkarekstrarmanna, þá get ég ekki farið að bregða fæti fyrir það, að þeir fái þau ríkisafskipti, og mundi þess vegna telja eðlilegt, að ég væri ekki að beita mér á móti því, að þeir fengju þær rannsóknir á einkarekstrinum, sem þeir telji ástæðu til.

Till. hljóðar um það, að ríkisstj. eigi að sjá um, að fram fari rannsókn á hagnýtingu íslenzka farskipastólsins, og það hljómar ekkert illa. En þegar ég hafði kynnt mér umsagnir einna tíu aðila, sem sendu n. umsagnir um till., og fengið skýringar þeirra á því fyrirbæri, að það kemur stundum fyrir, að skip frá landinu fari ekki með fullan farm, og einnig, að skip, sem eru á leið til landsins, koma ekki heldur fullfermd, og þau sýndu fram á það í umsögnum sínum, að þetta væri hvorki vegna skeytingarleysis né vegna þess, að ekki væri leitazt við að nota íslenzk skip fremur en útlend, heldur lægju til þess allt aðrar ástæður, sem aðilarnir gerðu nokkuð glögga grein fyrir, þá skildist mér, að hérna væri um hluti að ræða, sem ekki væri svo auðvelt úr að bæta með nefndarskipun.

Mér varð það ljóst af umsögnunum, að það, að ekki tekst að fullnýta íslenzk skip, getur stafað af því, að flutningar á vörum frá landinu eru mjög misjafnir eftir árstímum. Stundum þarf að flytja mjög mikið magn af vörum frá landinu á ákveðnum tíma árs, og svo geta aftur liðið vikur eða mánuðir, þegar lítið er um flutninga á vörum frá landinu, og þá getur svo farið, að í fyrra tilfellinu þurfi að annast flutninginn jafnvel svo hratt, að íslenzki skipastóllinn anni því ekki. Þá verður að taka leiguskip. En í hinum tilfellunum, þegar lítið er um vöruflutninga frá landinu, verður stundum að láta íslenzk skip sigla með hálfan farm eða jafnvel minna, og gæti þá þeirra för verið bundin við það, að þau ættu á sama tíma eða í beinu framhaldi af þessu að koma með fullan farm aftur til landsins.

Það er vitanlega rétt, að það skiptir mjög miklu máli efnahagslega fyrir íslenzkt þjóðfélag, að íslenzki skipastóllinn sé sem allra bezt hagnýttur. En hverjum ætti að vera betur til þess trúandi að gæta hagsmuna sinna í því efni en eigendum farskipanna sjálfum? Hlýtur ekki öll þeirra stjórn á sínu fyrirtæki að miðast við það að fá sem hagkvæmastan rekstur, fá sem bezta nýtingu á sínum skipastóli? Og það er auðvitað meginatriði, sem fram kemur hjá þeim í umsögnunum, að þau segjast öll gera þetta, kosta kapps um þetta og leitast ávallt við að hagnýta íslenzk skip, séu þau fáanleg til þeirra flutninga, sem þau hafi með að gera, áður en þau ákveði að taka útlend skip.

Annað atriði, sem eitthvert skipafélaganna gerir grein fyrir að stundum leiði til leigu á erlendum skipum, er það, að skip viðkomandi félags eða fyrirtækis séu t. d. að fara með vörur til Norðurlandanna, en samtímis þurfi svo að flytja saltfarm frá Miðjarðarhafslöndum, og þá komi ekki til mála að snúa íslenzka skipinu þangað, heldur geti oft legið miklu beinna við og verið ódýrara, verið að því sparnaður að taka útlent skip, sem sé á hinum slóðunum. Þetta er líka ómótmælanlegt og auðskilið, þegar á það er bent af þessum aðilum, sem mikla kunnugleika hafa á þessari starfsemi. Mörg fleiri rök eru fram borin í umsögnum skipafélaganna, sem gera augljóst, að það er ekki alveg nægileg skýring að segja bara: þarna var skip á ferðinni tómt, annaðhvort að landinu eða frá því, eða með mold eða með grjót, — því að eðlilegar orsakir geta til þess legið, að íslenzka skipið gat ekki fengið farm báðar leiðir. Eimskip bendir t. d. á það, að stundum að vetrinum, þegar harðviðrasamast sé, verði Tröllafoss að fara frá landinu með grjótballest til öryggis á útsiglingunni, en hans höfuðverkefni sé að koma aftur til landsins með fullfermi frá Ameríku, og úr þessu sé ekki hægt að bæta með neinni nefndarrannsókn eða eftirliti frá opinberri hendi.

Ég sem sé fellst á þau rök, sem skipafélögin bera fram, að það sé ekki svo auðvelt að ná fram frekari nýtingu á hinum íslenzka skipastóli með skipun slíkrar n., sem hér um ræðir, og tel ég því, að allar líkur bendi til þess, að nefndarskipunin yrði einungis til þess, að nefndarmönnum yrðu borgaðir kannske nokkrir tugir þúsunda króna, en árangur væri enginn, og þá teldi ég alveg eins rétt, a. m. k. ef menn eru á móti nefndafargani og þá sérstaklega ónauðsynlegra nefnda, að láta það vera og Alþingi eigi að gera heldur minna en meira að því að skipa slíkar nefndir.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. las hér stuttan kafla úr umsögn Eimskipafélags Íslands, og skal ég ekki vikja að því frekar. En umsögn Eimskipafélagsins er upp á margar vélritaðar síður, og það er tekið fram bæði fyrst og síðast í þeirri umsögn, að Eimskipafélagið telji sig nýta sinn skipastól, eftir því sem ýtrustu möguleikar séu til, og hafi ekki trú á því, að opinber afskipti gætu bætt þar um.

Mjög á sömu lund er, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. vék einnig að, — sama kemur fram í umsögn skipadeildar Sambands íslenzkra samvinnufélaga og þó kannske öllu fastar að orði kveðið um fánýti þess, að n. væri skipuð til þess að bæta nýtingu íslenzka skipastólsins. Niðurlagsorð þeirrar umsagnar eru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Vér látum þessa stuttu umsögn duga til þess að rökstyðja þá skoðun vora, að vér teljum rannsókn þá, sem þáltill. gerir ráð fyrir, ástæðulausa með öllu.“

Skipaútgerð ríkisins tekur fram, að hún telji nýtingu á skipum skipaútgerðarinnar vera eins góða og möguleikar séu til, en tekur þó fram, og ég held, að það sé einasta umsögnin, þar sem það kemur beint fram, að þeir séu meðmæltir nefndri till., þó þannig eða að því tilskildu, að umtöluð rannsókn verði gerð án langdreginna nefndarstarfa og með hóflegum tilkostnaði, og virðist þessi jákvæði tónn aðallega vera miðaður við það, að komið yrði upp umskipunarhöfnum, sem gætu gert rekstur Skipaútgerðar ríkisins hagkvæmari, og hefur verið að því vikið hér í umræðunum.

Jöklar h/f og Hafskip h/f segjast hafa fulla nýtingu á sínum skipum, og verður þar ekki um bætt, en þessi skip annast aðallega flutninga á vörum frá landinu.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna segist aðallega njóta þjónustu Eimskipafélags Íslands og Samband

skreiðarframleiðenda sömuleiðis og telja sig ekki taka leiguskip, nema þegar alveg sérstaklega standi á og íslenzk skip geti ekki hentað til þeirrar þjónustu, sem þau þurfi að fá.

Verzlunarráð Íslands sendi frá sér örstutta umsögn, og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — tilfæra þetta úr þeirri umsögn: „Vér höfum athugað," segja þeir, „frumvarp þetta og erum þeirrar skoðunar, að hagnýtingu skipaflotans sé bezt borgið í höndum skipafélaganna sjálfra án afskipta ríkisins, því að það er þeirra hagsmunamál að nýta skipin sem bezt."

Þetta er í raun og veru tónninn í öllum umsögnunum, og virðist mér þetta vera byggt á hinni ýtarlegu reynslu og þekkingu þessara aðila, sem sjá um rekstur skipafélaganna íslenzku.

Ef n. ætti svo að rannsaka þessi mál ofan í kjölinn, þá hygg ég, að hún yrði að miklu leyti að styðjast við reynslu og þekkingu skipafélaganna, og kæmi til þess að hún gerði ákveðnar till. um breytingar á rekstri til betri nýtingar á skipunum, þá væri farið að grípa þannig inn í rekstur skipafélaganna, að ég veit ekki, hversu vel það yrði séð af einkaeigendum skipa og félögum, sem að slíkri skipaeign standa. Ég gæti aðeins hugsað mér, að nokkur árangur fengist af þessu, ef það reyndist svo, að skipin séu ekki fullnýtt eins og öll skilyrði séu til, það væri þá með því að koma öllum íslenzka skipastólnum undir eina sameiginlega yfirstjórn. Og væri þá mjög komið nálægt því, að Alþingi hefði fallizt á, að það væri betra að þjóðnýta íslenzka skipastólinn, til þess að hann nýttist sem bezt, heldur en að hann væri í eigu margra aðskilinna, aðgreindra aðila, sem ekki hefðu nægilegt samband sín á milli, sem leitt gæti til fullrar hagnýtingar á þessu hundraða eða þúsunda milljóna verðmæti þjóðarinnar. Kæmi fram till. um það og einkanlega ef hún væri rökstudd vendilega um, að slík nýting væri hugsanleg betri undir einni sameiginlegri stjórn, þá teldi ég það vera atriði, sem Alþingi ætti að láta til sín taka og þá í því formi. En ég hef enga trú á því, að þingskipuð nefnd geti látið neitt gott af sér leiða í þessu, og held, að hagsmunir skipafélaganna hljóti að vera svo ríkir um hagkvæma, fulla notkun og nýtingu skipanna, að þar verði ekki um bætt með því rekstrarformi, sem þau starfa undir, þ. e. a. s. sem aðgreind fyrirtæki. Þess vegna mun ég sitja hjá við afgreiðslu þessarar tillögu og vil þá láta menn einstaklingsframtaksins um það að lyfta upp höndum til þess að koma þessu ríkiseftirliti á með einkarekstrinum og takmarka hann og setja ríkisvaldið til þess að halda um hendurnar á eigendum skipafélaganna.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég var dálitið undrandi yfir ræðu hv. síðasta ræðumanns, 4. landsk. þm., og get ekki betur séð en að hann hafi við undirskrift nál. farið algerlega blaðavillt. Eftir þeirri ræðu, sem hann hélt hér nú, mælir hann nánast með því, að málið sé ekki afgreitt, eins og nánast er gert ráð fyrir á þskj. 396, en skrifar hins vegar með fyrirvara undir það, að till. verði samþykkt.

Að öðru leyti tel ég þessa ræðu sérstaka einmitt fyrir hv. þm. og fyrir þá afstöðu, sem hann hefur haft til mála varðandi bæði þau skipafélög, sem hér um ræðir, og þann einkarekstur, sem yfirleitt hefur verið hans hjartans mál að ætti ekki rétt á sér nema a. m. k. að takmörkuðu leyti. Hans tilvitnanir og hans skjól skulu nú helzt vera aðilar, eins og t. d. Verzlunarráð Íslands, sem eitt hefur nú lög að mæla í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og til viðbótar ýmis þau skipafélög, sem hann ásamt mér og mörgum öðrum hefur á undanförnum árum tortryggt a. m. k. í sambandi við ýmis önnur atriði, og á ég þar t. d. við það, þegar harðar vinnudeilur hafa verið.

Ég vil þó taka það skýrt fram hér, að ástæðan til flutnings tillögunnar í upphafi var alls ekki nein tortryggni í garð þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli. Það voru þær tölulegu staðreyndir, sem fyrir lágu um kostnað af hálfu íslenzka ríkisins við leigu erlendra skipa, sem komu mér til þess að flytja þessa tillögu, og ef á einhvern hátt mætti draga úr þeim kostnaði, þá tel ég, að jafnvel þó að hv. 4. landsk. þm. hafi nú orðið óbeit á því, að nefndir rannsaki mál, þó að einhver smávægileg laun yrðu fyrir það greidd, þá mættu þau störf verða mjög dýr og fyrirferðarmikil á ríkisreikningunum, til þess að það borgaði sig ekki.

Árið 1958, eins og ég greinilega tók fram í minni framsöguræðu fyrir till. í upphafi þingsins, voru yfir 30 millj. kr. greiddar til þessara hluta, og þó að ekki mætti lækka þessa upphæð nema um örfá prósent, þá hefði sú nefnd dyggilega unnið fyrir sér. Í annan stað vil ég svo láta þess getið, að það er ekki ætlazt til þess sérstaklega, sem er þó að vísu á valdi ríkisstj., að sérstök eða dýr nefnd starfi til rannsóknar á þessum málum.

Hv. 4. landsk. þm. sagði, að það yrði að sjálfsögðu að hafa samráð um þetta við skipafélögin. Það er beinlínis gert ráð fyrir því og orðrétt sagt í till. sjálfri, að svo skuli að unnið, og mér virtist, eftir að hann kom hér upp í stólinn og sótti í sig veðrið, að þá væri einungis tínt það fram, sem í raun og veru var vitað fyrir fram að væri álit þeirra aðila, sem væru andvígir því, að slík rannsókn færi fram. Hvað segja menn yfirleitt, þegar þeir eru spurðir að því, hvernig þeir líti sjálfir á, að þeirra eigin störf séu unnin? Við hv. 4. landsk. þm. höfum oft staðið að því saman að spyrja bæði atvinnurekendur og aðra þá, sem fólk hafa í sinni þjónustu, hvort þeir telji sig ekki geta greitt örlítið hærra kaup. Þaðan er yfirleitt sama svarið. Og sama svarið er yfirleitt hjá mönnum, sem eiga sjálfir að setjast niður til þess að dæma sín eigin verk. Það var því ekki við því að búast, að skipafélögin almennt sjálf óskuðu eftir því, að slík rannsókn færi fram. En það er þó hins vegar orðin staðreynd, að a. m. k. tvö þessara félaga, minnsta og yngsta félagið, Hafskip, og Ríkisskip, eru jákvæð í afstöðu sinni til till. og telja hana ekkert skaðræðismál, sem sé á ferðinni.

Það hefur oft í hjartnæmum ræðum verið minnzt á okkar kaupskipaflota og það verðmæta og mikilvæga starf, sem íslenzku sjómennirnir vinni á þessum skipum, og þann mikilvæga þátt, sem þessi skip annist í tilveru hinnar íslenzku þjóðar. Ég vil segja, að þessi óskabörn þjóðarinnar eiga ekki að liggja undir því ámæli, hvorki af einum né

öðrum, að hægt sé að reka þau á hagkvæmari hátt fyrir þjóðarbúið en gert er. Skipafélögin fá með samþykkt þessarar till. gullið tækifæri til að sanna, að það, sem þau sjálf hafa sagt um sinn eigin rekstur, sé satt. Og ég álít, að Alþ. megi ekki láta henda sig annað en að gera sitt til þess, að slíkum orðrómi verði hnekkt. Þess vegna tel ég mikla og brýna nauðsyn á, að till. nái fram að ganga, og vil aðeins til að fyrirbyggja misskilning í sambandi við framsöguræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir hönd minni hl. n. taka fram, að það starf, sem á sínum tíma var í þessum málum unnið af einum manni, eins og hann réttilega sagði, það hefur á síðustu árum ekki verið unnið. Það var á tímum hins svonefnda fjárhagsráðs, að þetta starf var upp tekið og af nokkuð mörgum mönnum, sem að þessum störfum vinna, skipaútgerð. Hefur mér verið sagt, að þetta hafi verið ákjósanlegasta fyrirkomulag, sem hægt væri að hugsa sér í þessum málum, og mikið mætti úr bæta, jafnvel með litlu starfsliði og jafnvel án þess að hafa nokkurn sérstakan starfsmann, ef fast samstarf kæmist á milli skipafélaganna um það að haga svo sínum flutningum, að draga mætti úr kostnaði við hin erlendu leiguskip.

Ég vil svo að lokum taka það fram, að ég hafði ekki búizt við því í upphafi míns máls, þegar málið var hér upphaflega lagt fyrir fyrst á Alþ. í fyrravetur og svo aftur nú, að um svo lítið mál í sniðum þyrftu að verða miklar deilur. En það hefur nú sýnt sig, að menn líta oft sínum augum hver á silfrið. Það er svo einnig um þessa till. Ég vil þakka hv. meiri hl. n. og reyndar n. allri fyrir það að afgreiða málið og meiri hl. fyrir að mæla með því. Ég vænti þess eindregið, að till. nái fram að ganga og það megi koma fram, sem satt er og rétt í þessum málum, og umfram allt vænti ég þess, að það mætti nokkuð draga úr greiðslum okkar til erlendra skipaeigenda á flutningi íslenzks varnings að og frá landinu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. En áður en ég geri það, vildi ég aðeins víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 4. landsk.

Ég var satt að segja farinn að vona, að mér og öðrum mundi veitast sú ánægja að heyra hv. 4. landsk. vera kominn á rétta leið í afstöðu sinni gagnvart frelsi einstaklingsins. Satt að segja þótti mér ekki seinna vænna um það, að hann færi að taka ákveðna stefnu í því máli eftir hugsjónaflakk sitt á vegum stjórnmálanna undanfarin ár. En því miður brást mér sú ánægja eins og öðrum þm., eins og heyra mátti í niðurlagi ræðu hans.

En hvað viðvíkur þessari þáltill., þá tel ég hana eiga fyllilega rétt á sér og þykist hafa nokkra heimild til þess að dæma svo um hana. Ég er nú búinn að fást við þann starfa að sigla á þessum skipum undanfarinn áratug og rúmlega það, og það fer ekki hjá því, að maður fái nokkra nasasjón af rekstri skipanna á þeim tíma. Ég vil taka það skýrt fram, líka út af orðum hv. 4. landsk., að afstaða mín í þessu máli er ekki sú, að það eigi að fara að höfuðsetja frelsi þeirra einstaklinga, sem reka þessa útgerð. Langt frá því. Það er einmitt þveröfugt. Það á að gera allt, og það hefur einmitt komið fram á nefndarfundum allshn., að það er hægt að gera ýmislegt til þess að létta af hömlum og skapa þessum félögum betri aðstöðu til þess að nýta sinn flota betur en gert er nú með smávægum afskiptum ríkisvaldsins, og mun ekkert koma inn á þá braut að hamla frelsi einstaklinganna eða neitt þess háttar, eins og hv. 4. landsk. var að ræða um. En í till. segir, að það eigi að fara fram nákvæm rannsókn á hagnýtingu íslenzka farskipaflotans í millilanda- og strandferðasiglingum.

Mér finnst satt að segja, að það sé full ástæða fyrir Alþ. að gefa ríkisstj. heimild með slíkri till. til þess að athuga um hagnýtingu strandferðaflotans okkar eða Skipaútgerðar ríkisins, enda kom það fram í áliti frá forráðamönnum hennar, að þeir mæla sjálfir eindregið með því, að þessi athugun fari fram. Ég minnist þess í umr. um fjárlögin nú í vetur, að það er áætlaður um 15 millj. kr. halli á þessari einu útgerð á þessu ári. Mér fyndist vera full ástæða, þótt ekki væri nema vegna þessa atriðis, að fram færi rækileg athugun á rekstri þessarar útgerðar.

Annars fæ ég ekki séð, að í þessari till. felist það, sem hv. 4. landsk. var að tala um, nefndarskipun, sem mundi kosta nokkra tugi þúsunda kr., og að ríkiseftirlit ætti að taka við rekstri farskipaflotans. Þetta er alger misskilningur hjá manninum. Og eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, þá hlýtur hann að hafa verið að tala um einhverja allt aðra þáltill. oft og tíðum í sínu máli.

En það er eitt atriði, sem er athyglisvert í sambandi við þetta og fær mig eiginlega til þess að vera enn eindregnari stuðningsmaður þess, að till. verði samþ., og það er frv., sem var lagt fyrir Ed. Alþ. í gær um tollvörugeymslur. Ég er sannfærður um, að þegar þessi athugun kemst í gang og ef það frv. verður samþ., sem ég efa ekki að verði, þá sé vegna þessa mikil von um, að það megi hagnýta farskipaflotann enn betur en nú er gert.

Ég þykist ekki hafa ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri. En eins og hefur komið fram í áliti meiri hl., þá höfum við sjálfstæðismenn í allshn. skrifað undir það álit, og þó að hv. 4. landsk. haldi, að við séum þar með að fara inn á þá braut að hefta framtak einstaklingsins eða frelsi, þá er það, eins og ég hef þegar sagt, hinn mesti misskilningur. Það er til hins gagnstæða.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þeir minntust á það, hv. 10. þm. Reykv. og hv. 12. þm. Reykv., að ég mundi hafa verið að tala um allt annað mál en hér væri á dagskrá. Nei, ég var svo sannarlega að taka afstöðu til þess máls, þar sem hv. fylgjendur ríkisstj. leggja til, að rannsókn sé sett á eimskipafélögin í landinu og ríkiseftirlit haft með betri hagnýtingu á þeim atvinnutækjum, sem eru í höndum þessara félaga. Og mín afstaða til málsins var sú, að ég ætlaði að láta fylgjendum stjórnarinnar það einum eftir að koma slíku ríkiseftirliti á. Ég ætlaði að láta það afskiptalaust, ekki greiða atkv. einu sinni á móti því, af því að ég hefði ekki trú á, að neinn árangur til bóta fengist af þessu, sem þeir hljóta að hafa. Hins vegar gerði ég svo grein fyrir því, að minni hl. n. legði til

einnig í trúleysi á, að nokkuð gott gæti af þessu hlotizt, að málinu væri vísað frá með rökst. dagskrá. Þetta er allt saman hafið yfir allan misskilning.

Hv. 10. þm. Reykv. fannst mikið til um það, að ég skyldi vilja taka mark á nokkru orði, sem kæmi frá Eimskipafélagi Íslands og Verzlunarráði Íslands og slíkum aðilum. Ég hygg, að ég geti ekki tekið afstöðu til neins aðila á þann veg, að ég taki allt trúanlegt, sem hann segir, eða hafni í eitt skipti fyrir öll, að hann geti haft satt að mæla. Í þessu tilfelli hef ég farið í gegnum umsagnir 10 skipafélaga. 8 af þeim mæla gegn till. og telja hana tilgangslausa, 2 segja, að það sé meinlaust, að þetta sé gert, og er Skipaútgerð ríkisins annar þeirra aðila. Mér finnst þarna ekki vera slöngvað fram neinum fullyrðingum, heldur gera þessir aðilar grein fyrir afstöðu sinni, rökstyðja þetta, hvernig þeir hafi hagnýtt sín tæki, hvaða vandkvæði séu á því að fá fulla nýtingu út, og ég treysti mér ekki til þess að vefengja þær upplýsingar.

Eimskipafélag Íslands segir t. d., að á árinu 1957 hafi félagið tekið 5 erlend skip á leigu, sem samtals fluttu 8738 tonn af vörum til landsins, og hefur gert grein fyrir því í umsögn sinni, að fram að síðustu árum hafi einkum verið skortur á íslenzkum kæliskipum. Svo bætast þau nokkur í flotann, og þá fer svo, að 1958 tekur félagið aðeins 2 erlend skip á leigu, og árið sem leið, 1959, var tekið aðeins eitt erlent skip á leigu, og flutti það um 570 tonn af pappír og fleira frá Finnlandi, og þetta var um 0.4% af vöruinnflutningi félagsins þetta ár. Erlendur gjaldeyrir vegna þessa skips nam 329 þús. kr. Við það, að kæliskipastóll landsmanna jókst, minnkaði leiguskipatakan hjá Eimskipafélaginu, og þessar upphæðir hafa nú minnkað mjög mikið.

Ég sé ekki annað en þetta bendi einmitt til þess að nýting íslenzka farskipastólsins sé eftir atvikum góð, eins og efni geta staðið til, enda var þess að vænta, að hvert félag vekti yfir sínum hagsmunum í þessu efni. Hins vegar þykist ég sjá það í hendi mér, að séu möguleikar fyrir betri nýtingu farskipastólsins en framkvæmanlegt sé með því móti, að skipin séu í eign aðgreindra félaga og rekin af aðgreindum fyrirtækjum, þá væri það eingöngu hugsanlegt með því móti, að ríkisafskiptin yrðu slík, að öll íslenzk farskip yrðu sett undir eina yfirstjórn, sem samræmdi reksturinn íslenzkri flutningaþörf frá landinu og til þess. Þá væri örmjótt yfir í það, að íslenzki farskipastóllinn hefði verið tekinn af eigendunum og þjóðnýttur og gerður að ríkiseign og væri færður undir ríkisrekstri. Það væri hugsanlegt, að með því móti væri hægt að komast lengra í að hagnýta skipin og samhæfa rekstur þeirra allra saman, en með nefndarskipun hef ég enga trú á að það gerist.

Ég sem sé er ekkert að fjandskapast við þetta mál. Ég ætla að vera hlutlaus um það. Ég ætla að lofa ágæti þessarar till. að sýna sig í verki. Nm. fá einhverja smáþóknun fyrir sín störf, en ég hef enga trú á því, að það spari íslenzka ríkinu neinar upphæðir í gjaldeyri. En sú afstaða stjórnarinnar hlýtur að byggjast á því, að það sé nauðsynlegt að hafa þarna afskipti af, að það sé ekki eins vel haldið á þessum rekstri af einkaframtakinu og mögulegt sé og þess vegna þurfi að rannsaka þetta mál fyrir félögin og halda í hendurnar á þeim og leiðbeina þeim, því að ef menn ekki ætla nefndarstarfinu þetta, þá er það tilgangslaust. Og það er alveg réttmætt og maklegt, að það séu menn einstaklingsframtaksins á Alþingi, sem rétti einkarekstrinum þetta kjaftshögg án afskipta annarra.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég býst ekki við því, að stuðningsmenn þessa máls ætli sér að fjandskapast á nokkurn hátt við hv. 4. landsk. frekar en hann telur sig vera að fjandskapast við málið. En það er ekki á hverjum degi, sem fyrir kemur hér á Alþ., að einn hv. alþm. sendir það út skriflega á nál. til þings og þjóðar, að hann sé fylgjandi því með fyrirvara, að till. verði samþ., en komi síðan upp í ræðustól í Sþ. og flytji tvær ræður af þrótti og kappi, eins og hans er von og vísa, á móti málinu. Af þessu tvennu, hinu skriflega áliti hv. 4. landsk. með till. og hinni munnlegu baráttu hv. 4. landsk. á móti henni, er niðurstaðan sú, að plús strikar út mínus og afstaða hans verður núll, hann situr hjá. Þetta er út af fyrir sig slíkt „raritet" í afstöðu til máls hér á Alþingi, að það er ekki ástæðulaust, að menn staðnæmist við þetta og njóti þessa fyrirbrigðis, á meðan það stendur yfir.

Í sambandi við þetta mál er það hreinn misskilningur hjá hv. 4. landsk. að halda, að þetta snerti eingöngu einkarekstur og með afgreiðslu þessarar till. sé á einhvern hátt verið að taka afstöðu með eða móti einkarekstri. Sannleikurinn er sá, að íslenzku kaupskipin skiptast á milli þriggja rekstrarforma, eins og flestir hlutir hér á landi. Mikill hluti þeirra er einkaeign, mikill hluti þeirra er samvinnueign, — ég hygg að tonnatölu stærsti hluti flotans, — og í þriðja lagi er verulegur hluti ríkiseign. Að því leyti á þetta mál við um öll þau rekstrarform, sem mest mæðir á í okkar landi. Er málið raunar enn flóknara, því að sum skipin eru eign fyrirtækja, sem eru sameignarfélög atvinnurekenda, þannig að þar koma bæði einkafyrirtæki, hálfopinber fyrirtæki og samvinnufyrirtæki saman í sameignarfélög. Að hér sé verið að rétta einkaframtakinu blómvönd eða kjaftshögg eða hvað það nú var, er hreinn misskilningur.

Hins vegar er athyglisvert, að hv. þm. lét falla fögur orð um, að ef menn vildu stíga þetta skref að fullu og þjóðnýta allan flotann, þá væri hann til viðtals. Þetta er rétt eins og afstaða hans til málsins, því að hann segist enga trú hafa á því, að till. geti sparað eyri, ef hún verður framkvæmd, m. ö. o., hann lýsir því yfir, að það sé á engan hátt hægt að bæta hagnýtingu íslenzka flotans. Sem sagt: fullkomið traust til þess fyrirkomulags, sem við höfum, en samt er hann til viðtals um að breyta því fyrirkomulagi.

Það eru vissulega í greinargerðum þeim, sem skipafélögin hafa sent, ýmsar skýringar á því, hvers vegna það kemur fyrir, að skip okkar sigla tóm til landsins, hvers vegna það kemur fyrir, að þau sigla tóm frá landi. Ég hygg, að bæði flm. og öðrum, sem styðja till., sé þetta fullkomlega ljóst. En það er ekki þar með sagt, að skýringarnar séu algildar og þrátt fyrir þær sé ekki hægt að ná

betri hagnýtingu. Í sambandi við þetta mál skulum við ekki gleyma því, að ástandið í siglingamálum heimsins er nú þannig, að ég hygg rúmlega 500 kaupskip liggja bundin í höfnum erlendis. Þetta hefur þær afleiðingar, að skipaleiga er ákaflega lág. Er ekki alveg laust við það í vissum tilfellum, að það geti verið hagkvæmara fyrir innflytjendur eða aðra aðila, hvort sem það eru skipafélögin sjálf eða aðrir, að reyna að fá að taka leiguskip. Þetta getur verið fjárhagslega hagkvæmara en að nota íslenzku skipin, en þetta á að sjálfsögðu fyrst og fremst við viðskiptavini skipafélaganna. Þau leigja ekki skip í samkeppni við sjálf sig. En það er vissulega ekki fjarri lagi, að aðili, sem þarf að nota kaupskip, gæti, ef hann fengi, sparað sér einhvern þening með því að hagnýta sér lægð á heimsmarkaði í frögtum. Þannig eru til öfl, sem vissulega geta unnið að því, að í stað þess að fullnýta íslenzku skipin séu tekin fleiri leiguskip en þörf er á.

Ég hygg, að niðurstaðan af öllu því, sem fram hefur komið, sé þessi: Þó að skipafélögin vilji ekki samþykkja athugun á sjálf sig, þá bera þær upplýsingar, sem þau gefa í heild, þann blæ, að það er ærið tilefni til, að þessi athugun fari fram. Það er alls ekki þar með sagt, að skipa þurfi heila nefnd, það getur vel verið miklu betra, að einn eða tveir fagmenn söfnuðu þessum upplýsingum. Að þeim fengnum mundi vera tiltölulega auðvelt fyrir ráðh. að skoða þær upplýsingar og draga af þeim ályktanir, þegar þær lægju fyrir.

Björn Pálsson: Það er ef til vill ekki ástæða til þess að lengja þessar umr. mjög mikið. Það er farið að lifna dálítið yfir þeim, og þá langar mann til að vera með í gleðskapnum.

Ef menn vilja kenna einhverjum eitthvað, þá verða þeir að vita betur en sá, sem þeir ætla að kenna, og þó að hv. Alþ. eða ríkisstj. skipaði nefnd eða Alþingi kysi n. til þess að fara að segja forstjórum skipafélaganna fyrir um, hvernig þeir ættu að haga verkum sínum, þá er ég hræddur um, að þeir þyrftu að vera anzi lengi í tíma hjá þessum mönnum, sem fengizt hafa við þessi mál, til þess að geta farið að leiðbeina þeim. Nú hafa forstjórar skipafélaganna ekki óskað eftir þessari aðstoð. Það eru hæg heimatökin fyrir ríkið að reka skipaafgreiðslu ríkisins á sem hagkvæmastan hátt, og ef ég væri einn forstjóranna, sem ég er nú ekki, sem betur fer, annaðhvort fyrir Eimskipafélagið eða fyrir SÍS-skipin, þá mundi ég vitanlega svara því til, að ég hafi lært svo mikið af rekstri ríkisskipanna, að ég þyrfti ekki að fá meiri tilsögn.

En viðvíkjandi því, að það er halli á ríkisskipunum, þá má benda á það, að þau inna sína þjónustu af hendi fyrir mjög sanngjarnt gjald. Þau dreifa vörunni út um landið, og ég veit, að t. d. Skjaldbreið er venjulega hlaðin, svo að það er ekki því til að dreifa, að þau hafi ekki nóg að gera. Það er einfaldlega það, að ekki er tekið meira gjald fyrir að flytja vöruna en það, að skipin eru rekin með halla. Þetta er þjónusta við fólkið. Við vitum það líka, að samgöngur á landi eru styrktar, svo að skiptir tugum milljóna, með vegalagningu og vegaviðhaldi, og þetta er hliðstætt. Ríkið tekur þátt í að inna þessa þjónustu af hendi fyrir minna gjald en það kostar. Það má vel vera, að það sé hægt að gera þetta á hagkvæmari hátt. En hitt er ég alveg viss um, að ef verið væri að kjósa einhverja fimm manna nefnd eða skipa nefnd manna, sem hefði miklu minni reynslu og þekkingu á þessum hlutum en þessir menn hafa, þá mundi ekki koma neitt jákvætt út úr því. Það er búið að skipa margar nefndir, og það hefur furðulitinn árangur borið. Þær hafa margar unnið mikið verk og samið heillöng nál., en svo er bara afar lítið gert með þetta og í flestum tilfellum ekki neitt.

Bæði Eimskipafélagið og skip samvinnufélaganna eru hlutafélög, sem eru rekin án afskipta ríkisins og án styrks frá ríkinu. Ríkið hefur því ekkert meira vald til þess að skipta sér af þessum hlutum en ef það færi að segja einhverjum bændum fyrir uppi í Mosfellssveit, hvernig þeir ættu að búa. Það gæti vel verið, að það væri hagkvæmara að segja við einn bónda: Ja, nú skaltu bara hafa kindur, góði, — og við annan: Nú skaltu bara hafa kýr, þá þurfið þið ekki nema eina fjósskóflu til að moka flórinn, og þetta verður ódýrara fyrir ykkur en hafa bæði kindur og kýr. — Það má vel vera, að svo væri. En þetta er bara ekki framkvæmanlegt. Bændurnir væru frjálsir að hafa þetta svona. Þó að einhver nefnd ætlaði að fara að segja skipafélögunum fyrir, hvernig þau ættu að haga flutningum, sem hún væri alls ekki fær um, þá væru þau ekki skyld að taka tillit til þess.

Ef við vildum samþykkja eitthvað af viti og eitthvað, sem bæri árangur, þá ættum við nú að mælast til þess við hæstv. forsrh. einhvern tíma, þegar vel lægi á honum, að hann hringdi í þessa virðulegu forstjóra og bæði þá um að láta sér koma vel saman, vera ekki með neinn rig á milli skipafélaganna og því síður pólitískar erjur og reyna að spara gjaldeyrinn eins og unnt væri. Ég hygg, að það hefði meiri áhrif en að einhver nefnd færi að kalla þessa menn saman, yfirheyra þá og fræðast af þeim og segja þeim svo fyrir verkum á eftir.

Annars er þetta ekkert stórmál, því þó að þessi nefnd verði skipuð, þá er það rétt hjá hv. 10. þm. Reykv., að hún gerir ekkert illt af sér. Hún gerir ekkert af sér nema fá einhverjar krónur úr ríkissjóði, og það er ekki af því, að ég áliti, að hún gerði neitt illt af sér, þó að hún yrði kosin, að ég var á móti því, heldur af því, að ég er sannfærður um, að hún gerir ekkert af sér, hvorki gott né illt.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég tel, að það sé varhugavert af alþm. að segja eða tala um, að menn hafi ekki vit á einstökum málum. Ef þeirri kenningu ætti að fylgja út í æsar, þá væri eins gott fyrir okkur alla að pakka saman og fara heim og láta sérfræðinga stjórna landinu.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. vil ég skýra frá því, að það eru til ýmis dæmi þess í þjóðfélaginu, að það gefst prýðilega að fá menn úr öðrum starfsgreinum, sem ekkert vit hafa á hlutunum, til að taka verk að sér. Það eru til dæmi um það, að dugnaðarbændur hafa verið teknir og gerðir að kaupfélagsstjórum og þá staðið sig með mikilli prýði. Það eru líka til dæmi um það, að duglegir kaupfélagsstjórar hafa verið teknir og settir yfir heila skipaflota og hafa dugað

þar alveg prýðilega. Ef niðurstaðan yrði nú sú, að annaðhvort hæstv. forsrh. eða hv. 5. þm. Norðurl. v. yrði valinn í n., þá færu að aukast líkur á því, að e. t. v. kynni hún að gera eitthvert gagn. Þar að auki eru ýmsir sérfróðir menn til í þessum greinum, sem mætti fá einn eða fleiri í þetta starf, svo að það þyrfti ekki einu sinni að bæta neinni nefnd við, þó að þessi tillaga yrði samþykkt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég ætla engu við að bæta um málið sjálft. Ég ætlaði aðeins að segja það, að meðnm. minum var fyllilega kunnugt um það öllum, að ég var ekki fylgjandi þessari till., hafði enga trú á árangri af henni, þó að hún yrði samþ. Ég ætlaði ekki heldur að beita mér á móti afgreiðslu till., og það mun vera fágætt á Alþ., að menn gefi út sérstakt nál. um það, að þeir ætli að sitja hjá. Ég taldi því rétt, að ég skrifaði undir nál. meiri hl. með fyrirvara, og fyrirvari minn var, eins og n. öll vissi, um það, að ég ætlaði að láta þeim eftir að samþykkja þetta mál, en ekki bregða fæti fyrir það, og þess vegna gaf ég ekki út annað nál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Sþ., 24. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 386 felld með 18:14 atkv.

Tillgr. samþ. með 20:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁ, BGr, BF, BK, BBen, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, GÍG, JPálm, JóhH, JÁ, EinS, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, RH, FS.

nei: SkG, ÞÞ, ÁB, BFB, EystJ, IG, GíslG, HS, JSk, KK, PÞ.

SE, ÁÞ, JK, EOl, GJóh, HV, ÁS, ÓlJ greiddu ekki atkv.

21 þm. (SI, SÓÓ, AGb, AGl, AuA, BGuðm, BjörnJ, EðS, FRV, GeirG, SB, GTh, GÞG, BjörgJ, HermJ, IngJ, JÞ, JR, KGuðj, KJJ, PS) fjarstaddir.

Síðar á sama fundi mælti

forseti (FS): Ég vil geta þess, að mér urðu á nokkur mistök í atkvgr. um fyrsta dagskrármálið. Henni var ekki lokið, og það fór einungis fram atkvgr. um tillgr., en í nafnakallinu skolaðist þetta þannig í huga mér, að atkvgr. að öðru leyti féll niður. Henni er frestað og verður að fara fram á næsta fundi, þannig að málið verður ekki sent ríkisstj. fyrr en að þeirri atkvgr. lokinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 27:5 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 538).

10. Síldariðnaður á Vestfjörðum o. fl.

Á deildafundum 3. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um síldariðnað á Vestfjörðum [77. mál] (A. 145).

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Við þrír af þingmönnum Vestf. höfum leyft okkur að flytja á þskj. 145 till. til þál. um síldariðnað á Vestfjörðum. Er þar lagt til, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á því, hvernig stuðla megi að starfrækslu síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpuvík í framtíðinni. Enn fremur verði athugað, hvar heppilegast sé að koma upp síldarverksmiðjum og feitfisksbræðslum annars staðar á Vestfjörðum.

Fyrstu síldarverksmiðjurnar, sem reknar voru af innlendum félögum hér á landi, voru starfræktar á Vestfjörðum. Það voru síldarverksmiðja Kveldúlfs h/f, sem byggð var upp úr gamalli hvalveiðiverksmiðju á Hesteyri í Jökulfjörðum, og verksmiðja félagsins Andvara að Sólbakka við Önundarfjörð. Þessar verksmiðjur voru reknar nokkuð á annan áratug eða fram undir árið 1940.

Enn fremur voru í norðurhluta Strandasýslu byggðar tvær verksmiðjur. Síldarverksmiðja Ingólfs h/f á Ingólfsfirði er byggð á árunum 1943—45. Afköst hennar voru talin 5000 mál á sólarhring. Árið 1957 var helmingur véla verksmiðjunnar seldur til Seyðisfjarðar. Hinn helmingur vélanna stendur á Ingólfsfirði vel við haldið. Allar byggingar á Ingólfsfirði eru steyptar og því ekki flytjanlegar. Mjölhús er þó timburhús klætt asbesti. Þróarrými verksmiðjunnar er um 20 þús. mál. Sjálfvirk löndunartæki eru við verksmiðjuna til löndunar 24—30 þús. málum á sólarhring. Lýsisgeymir þessarar verksmiðju er steinsteyptur og tekur um 2000 tonn af lýsi. Vegna þess að verksmiðjan hefur ekki verið rekin undanfarin ár, eru nauðsynlegar á henni og húsum hennar ýmiss konar lagfæringar. Samkv. áætlun sérfróðra manna má gera ráð fyrir, að slík 2500 mála síldarverksmiðja muni samkv. verðlagi í dag kosta ný ekki minna en 25 millj. kr. Af þessu má marka, hversu geysileg verðmæti liggja ónotuð í verksmiðjunum á Ströndum.

Verksmiðja Djúpuvíkur h/f á Djúpuvík í Reykjarfirði er byggð árið 1935 og stækkuð árið 1937. Afköst hennar eru talin 5000 mál. Allar byggingar hennar eru einnig steyptar. Á staðnum eru ágæt steypt íbúðarhús og verzlunarhús. En segja má, að þorpið, sem myndazt hafði í kringum þessa verksmiðju, sé nú raunverulega komið í eyði. Þar eru aðeins örfáir íbúar, sem búa við mjög lélega atvinnuskilyrði. Þróarrými þessarar verksmiðju er 15—20 þús. mál. Þar eru tvö sjálfvirk löndunar-

tæki fyrir 15—20 þús. mál á sólarhring. Lýsisgeymar eru þar fyrir 3000 tonn. Með nokkrum lagfæringum gæti þessi verksmiðja unnið úr 5000 málum á sólarhring.

En báðar þessar verksmiðjur hafa nú í um það bil áratug staðið óstarfræktar. Hefur það að sjálfsögðu haft í för með sér stórkostlegt tjón fyrir íbúa þeirra byggðarlaga, sem sóttu atvinnu sína til þeirra. Ástæða þess, að verksmiðjurnar hafa ekki verið reknar, hefur að sjálfsögðu verið sú, að aflabrestur hefur verið á síldveiðum fyrir Norðurlandi s. l. 15 ár. Íbúum Árneshrepps, þar sem þessar verksmiðjur standa, fækkar nú með ári hverju, og margvíslegir erfiðleikar steðja að byggðarlaginu, eftir því sem fámennið verður þar meira.

Það er ekki einungis skoðun fólksins, sem býr í nyrztu byggðum Strandasýslu, að við það sé ekki unandi, að haldið verði áfram að rífa verksmiðjurnar þarna niður. Það er skoðun allra Vestfirðinga. Útgerðin á Vestfjörðum á að sjálfsögðu mikilla hagsmuna að gæta í því, að verksmiðjur séu einhverjar til þess að taka á móti síld og vinna hana í þessum landshluta, þar sem gerður er út stór bátafloti á síldveiðar.

Ég býst við því, að hv. þm. muni spyrja, hvað við flm. ætlumst þá til að gert sé í þessu máli. Við teljum, að með þessar verksmiðjur verði að fara svipað og gert hefur verið annars staðar, þ. e. a. s. að hið opinbera og þá helzt ríkið annaðhvort veiti einstaklingum þeim, sem eiga þessar verksmiðjur, stuðning til þess að koma þeim í rekstrarhæft ástand á næsta sumri eða láti síldarverksmiðjur ríkisins annaðhvort kaupa þær eða leigja.

Til rökstuðnings því, að rétt sé að undirbúa slíkar aðgerðir, má benda á það, að nokkur undanfarin ár hefur sumarsíldveiði fyrir Norðurlandi hafizt norður af Vestfjörðum. Enn fremur hefur síldveiði farið mjög vaxandi á haustin úti fyrir Vestfjörðum og síldarsöltun af þeirri ástæðu farið mjög vaxandi í ýmsum hinna vestfirzku sjávarþorpa og kaupstaða. Það er því fyllilega tímabært, að nú sé hafizt handa um að gera þessar verksmiðjur rekstrarhæfar, og það er skoðun okkar flm., að aðra hvora þeirra tveggja leiða, sem ég nefndi, beri að fara, annaðhvort að síldarverksmiðjur ríkisins taki verksmiðjurnar að sér eða þá að ríkið veiti einstaklingum þeim, sem verksmiðjurnar eiga, aðstoð til þess að gera þær rekstrarhæfar. Í þessu sambandi vil ég aðeins minnast á það, að þær tilraunir, sem gerðar hafa verið síðustu árin með síldveiðar í flotvörpu, hafa gefið góða raun og raunar betri raun með hverju árinu, sem þær eru reyndar. Það er skoðun þeirra manna, sem fyrir þessum tilraunum hafa staðið, að af þeim megi vænta mjög mikils árangurs á næstu árum. Vænti ég, að allir hv. þm. skilji, hversu gífurlega þýðingu það hefði, ekki aðeins fyrir síldarútveginn, heldur fyrir atvinnulíf þjóðarinnar í heild, ef síldveiðar gætu orðið árviss atvinnugrein í þessu landi. Mér er næst að halda, að um leið og slíkt gæti gerzt, væri í raun og veru um að ræða atvinnubyltingu í þessu landi. Undanfarinn einn og hálfan áratug og raunar miklu lengur hefur síldveiði í þessu landi verið hið mesta happdrætti. S. l. 15 ár hefur síldveiðin að verulegu leyti brugðizt fyrir Norðurlandi. Ef þetta breytist þannig með tilstyrk flotvörpunnar og annarra nýrra veiðarfæra, sem farið er að nota við síldveiðar, að síldveiðin verður árviss atvinnugrein í staðinn fyrir að vera það happdrætti, sem hún hefur verið, þá geta Íslendingar reiknað með stórkostlega aukinni björg í bú. Á það verður að leggja megináherzlu nú, um leið og verið er að gera viðtækar tilraunir til þess að koma bjargræðisvegum þjóðarinnar á heilbrigðan grundvöll, að auka framleiðsluna og hagnýta hvern þann möguleika, sem fyrir hendi kann að vera til þess að auka útflutningsverðmæti og leggja þar með traustari grundvöll að afkomu þjóðarinnar í nútíð og framtíð.

En um leið og síldarútgerðin verður að árvissri atvinnugrein, skapast enn auknir möguleikar á því, að síldarverksmiðjurnar séu dreifðar um landið, þannig að vélbátaútvegurinn og önnur þau skip, sem síldarútveg stunda, þurfi ekki að sækja mjög langt til þess að losna við afla sinn. Rennur þá enn ein stoð undir það, að skynsamlegt sé og raunar nauðsynlegt að koma þessum tveimur verksmiðjum á vesturkanti síldveiðisvæðisins fyrir Norðurlandi í rekstrarhæft ástand.

Í þessari till. er jafnframt lagt til, að athugun verði látin fram fara á því, hvar heppilegast sé að koma upp síldarverksmiðjum og feitfisksbræðslum annars staðar á Vestfjörðum. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þennan hluta till. Ég leyfi mér að vitna til þess, að síðasta fiskiþing samþykkti tillögur um þessi efni og benti á það, að nauðsynlegt mundi vera og skynsamlegt að koma upp síldarverksmiðjum víðar á Vestfjörðum og þá einnig feitfisksbræðslum.

Um það þarf heldur ekki að fjölyrða, að síldargöngur hafa ekki verið ótíðari að Vestfjörðum en öðrum landshlutum, nema síður sé, á þessari öld. Það er engin tilviljun, eins og ég sagði í upphafi míns máls, að fyrstu síldarverksmiðjurnar í eigu innlendra félaga eru byggðar á Vestfjörðum og eru reknar þar um langt skeið með góðum árangri. Í þessu sambandi vil ég einnig benda á, að það er áreiðanlega þýðingarmikið atriði, að að því verði unnin bráður bugur að hagnýta síldina á fleiri vegu en gert hefur verið á undanförnum árum. Á ég þar við fyrst og fremst, að horfið verði að niðursuðu síldar í vaxandi mæli. Á það hefur verið bent réttilega, að síldin er í raun og veru dýrara hráefni en svo, að það sé verjanlegt fyrir þessa miklu síldveiðiþjóð að hagnýta hana fyrst og fremst til mjölvinnslu, ekki sízt þegar sú staðreynd blasir nú við, að stórkostlegt verðfall hefur orðið á þessari vöru. Ég geri ráð fyrir, að við flm. þessarar till. séum allir sammála um það, að snúa beri sér að því í vaxandi mæli að sjóða síldina niður og gera hana þar með að verðmætari vöru en hún er eftir bræðslu og mjölvinnslu í síldarverksmiðjum okkar, þó að sú meðferð á síld eigi sér að sjálfsögðu einnig mikla framtíð. Enn fremur má benda á það, að útflutningur fersksíldar frystrar er þegar hafinn og allgóður markaður fyrir hana fenginn. Raunar má segja, að útflutningur niðursoðinnar síldar sé einnig hafinn og hafi markaðurinn fyrir hana farið batnandi með ári hverju síðustu árin og að töluvert miklir möguleikar séu fyrir hendi einmitt um útflutning frystrar síldar. Hér verður það sem sagt

að haldast í hendur, að leitað sé nýrra úrræða um markaði fyrir íslenzkar síldarafurðir og framleiðsla þeirra jafnframt gerð fjölbreyttari með aukinni niðursuðu og frystingu til útflutnings.

Ég vil svo að lokum segja það, að hér er um mikið hagsmunamál vestfirzkrar útgerðar og sjómanna að ræða. Það er illt til þess að vita, að þessi stórvirku framleiðslutæki, sem þegar eru fyrir hendi í þessum landshluta á sviði síldariðnaðarins, skuli í mörg ár hafa verið ónotuð, og það hefur ekki einungis verið til mikils tjóns fyrir þau byggðarlög, sem verksmiðjurnar eru staðsettar í, heldur og fyrir þjóðina í heild. Ég leyfi mér því að vænta þess, að þessari till. verði vel tekið, ekki sízt vegna þess, að hv. Alþ. hefur á undanförnum árum og nú á yfirstandandi þingi sýnt glöggan skilning á þörfum annarra landshluta fyrir uppbyggingu síldariðnaðarins og fyrir það, að þessi tæki séu sem fullkomnust og arðgæfust. Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. (SB) sagði í sinni skörulegu og réttu framsöguræðu fyrir þessu máli, að það væri aðeins um tvennt að gera til þess að halda uppi síldariðnaði á Vestfjörðum. Annað væri, að ríkið styddi atvinnurekendur til þess að geta haldið þar uppi verksmiðjum og gert þær vel úr garði. Hitt væri, að ríkið tæki að sér þessar verksmiðjur. Og ég er honum fyllilega sammála. M. ö. o.: það eina, sem hv. þm. álítur, að ekki komi til mála, það er að framfylgja stefnu hæstv. ríkisstj. Það er stefna hæstv. ríkisstj., að atvinnurekstur eigi að standa á eigin fótum, og undireins og hv. þm., sem fylgja ríkisstj., fara að athuga þetta mál, hvernig atvinnulífið er byggt upp og haldið uppi úti um allt land með því móti, þá komast þeir að þeirri niðurstöðu, að einmitt þessi leið hæstv. ríkisstj. sé ófær, enda hér undirstrikað í þessari till. til þál. Reynslan sýnir, að hið opinbera eitt hefur bolmagn til þess að eiga og reka síldarverksmiðjur í öllum landshlutum.

Það er ákaflega fróðlegt fyrir okkur þm. og ekki sízt þá þm., sem nýir eru hér á Alþ. núna, sem eru allmargir, að fá staðfestingu á því, hvers konar ófæru sé verið að fara út í með þeirri pólitík, sem núv. hæstv. ríkisstj. rekur. Undireins og menn eins og hv. 1. þm. Vestf. og aðrir meðflm. hans að þessari till. fara að athuga aðstöðuna heima hjá sér, fara að athuga, hvernig fólkið eigi að lifa þar, hvernig atvinnurekstri skuli halda þar uppi, þá komast þeir að þeirri niðurstöðu, að það *sé engin önnur leið en að annaðhvort verði ríkið* að styðja að atvinnurekstrinum á þessum stöðum, styrkja hann og halda honum uppi, eða ríkið verði að reka þennan atvinnurekstur. Þriðja leiðin sé ekki til, leið hæstv. ríkisstj., að atvinnurekendur eigi að standa á eigin fótum, — það, sem búið er að boða nú gagnvart okkur í nokkra mánuði, síðan hæstv. ríkisstj. tók við völdum, og það, sem búið er að segja við okkur, að þjóðin eigi nú að fórna fyrir, það eigi að lækka gengið, það eigi að afnema vísitöluuppbæturnar, það eigi að gera hverjar ráðstafanirnar á fætur öðrum, söluskatt og annað slíkt, — allt til þess, að sá frjálsi atvinnurekstur í landinu geti fengið að bera sig. Og svo, þegar nokkrum hv. þm. ríkisstj. dettur í hug að fara að hugsa um sína eigin fjórðunga, hugsa um að byggja upp atvinnulífið á sínum eigin stað, þá er eina viðkvæðið þetta: Reynslan sýnir, að hið opinbera eitt getur séð um þetta. — Og þetta er alveg hárrétt, og er því nauðsynlegra að undirstrika þetta, þar sem einmitt sjálfir fulltrúar beggja stjórnarflokkanna standa að þessari tillögu.

Ég vildi leyfa mér að vekja athygli á þessu, vegna þess að því fyrr sem verður hætt við það ævintýri, sem lagt hefur verið inn á af hæstv. ríkisstj., að reyna að fara að láta atvinnurekendur hér á Íslandi ráða um atvinnureksturinn á Íslandi, því betur.

Hv. 1. þm. Vestf. var að ræða um það hér áðan, að það mundi líta sæmilega út með síldariðnað, síldarniðursuðu og annað slíkt. Það hefur litið það undanfarin ár. En það lítur ekki sæmilega út núna, vegna þess að undireins og tauminum er sleppt af þessum atvinnurekendum, þá eru þeir farnir að eyðileggja allt, sem búið er að byggja upp á þessu sviði. Um leið og ríkisstj. lítur ekki á það sem sitt verkefni að passa upp á þessa atvinnurekendur, þá eru þeir búnir að mölva niður það, sem byggt hefur verið upp undanfarið. Síldarniðursuðan og annað slíkt er að fara í rúst. Síldarvertíðin hér syðra fer að eyðileggjast, svo framarlega sem ekki verður tekið fram fyrir hendurnar á þessum atvinnurekendum. *Það mun sýna sig*, að það er ekki aðeins á Vestfjörðum, eins og þessir hv. þm. segja alveg réttilega, að ríkið þarf að skipta sér af þessum hlutum, það þarf líka að gera það hérna við Faxaflóa.

Jóhann Hafstein: Ég skal ekki, herra forseti, blanda mér mikið inn í þessar umr., en það hefur komið fram hjá báðum hv. síðustu ræðumönnum, að það séu til tvær leiðir til þess að koma í gang inn síldarverksmiðjum á Vestfjörðum, Ingólfsfirði og Djúpuvík, annaðhvort að ríkið taki við þessum verksmiðjum, þ. e. a. s. ríkisverksmiðjurnar, eða þá að ríkið beinlínis styrki þessar verksmiðjur. Mér finnst vera þriðja leiðin til í sambandi við þessar verksmiðjur. — og ef hún hefði verið fyrir hendi, þá hefðu þessar verksmiðjur verið reknar á undanförnum árum, og það er, að síldin veiðist.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins gera tvær litlar aths. við ræðu hv. 3. þm. Reykv. hér áðan. Hann sagði, að hvorug sú leið, sem nefnd var af hv. frummælanda, samrýmdist stefnu ríkisstj. í þessum málum. Leiðirnar, sem hv. þm. *nefndi, voru þær annars vegar að styðja* eigendurna til þess að koma á laggirnar lagfæringum og viðbótum á verksmiðjunum, svo að þær yrðu nothæfar, og í öðru lagi sú, að ríkisstj. tæki verksmiðjurnar og ræki þær eða síldarverksmiðjur ríkisins, sem eru eign ríkisins, tækju að sér rekstur inn. Þetta taldi hv. þm. að samrýmdist alls ekki stefnu núv. ríkisstj. En þetta er rangt hjá hv. þm. Það liggja hér fyrir og hafa verið samþ. á þessu þingi till. um að styrkja m. a. síldarverksmiðjur á Austurlandi, sem ekki eru í höndum ríkisins, um milljónatug til þess að efla þar starfsemina. Þetta var stefna ríkisstj., og þetta er stefna

hennar. Í öðru lagi hafa hér verið samþykktar líka tillögur um það að veita ríkisverksmiðjunum sjálfum stórkostlegar ábyrgðir til þess að auka sína starfsemi. Það er engan veginn stefna ríkisstj. að skipta sér ekkert af einstaklingum og þeirra rekstri, ef þeir eiga í kröggum, heldur þvert á móti að hjálpa þeim, og í öðru lagi að efla ríkisverksmiðjurnar til þess að auka sína starfsemi.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér í þetta mál mikið, en stefna þessarar stjórnar í atvinnumálum rifjar upp fyrir mér barn, sem við áttum saman, hv. 3. þm. Reykv. og ég, og hét nýsköpunarstjórnin, og hún hafði þá stefnu í atvinnumálum, að atvinnufyrirtækin mættu vera eign ríkisins, þau mættu líka vera eign félaga, þau mættu vera eign bæjar- og sveitarfélaga og einstaklinga. Og þetta barn okkar, sem við áttum þá, það lifir enn þá, er eins konar móðir eða amma þeirrar hugsjónar, sem hér hefur verið borin fram, að þetta þjóðfélag byggist á því, sem skynsemin segir fyrir um, að einstaklingurinn er undirstaðan að verulegu leyti, bæjar- og sveitarfélögin, þar sem það á við, og ríkið, þar sem hinum báðum sleppir. Þetta er hin viðsýna, frjálslynda umbótastefna, sem þessi hv. þm. og ég beittum okkur fyrir í framkvæmd ásamt með hæstv. félmrh., sem átti sæti í þeirri stjórn líka á árunum 1944—47. Og þetta afkvæmi okkar vona ég að lifi lengi, lifi jafnvel enn þá lengur heldur en skyndiástir Framsóknar-sósíalista.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var mjög ánægjulegt að heyra þær yfirlýsingar, sem hæstv. ráðherrar tveir gáfu hér áðan. Þeir lýstu því yfir, fyrst hæstv. sjútvmrh., að það væri stefna ríkisstj. að styrkja síldarverksmiðjur, ekki aðeins á Vestfjörðum, heldur líka á Austurlandi, og það væri ekki meiningin að láta þá þarna á Vestfjörðum verða að neinu leyti að víkja þar til hliðar, það hefði þegar verið tekin upp sú stefna að styðja verksmiðjurnar á Austurlandi, — þetta væri allt í samræmi við stefnu ríkisstj. En undir hvaða yfirlýsingum var þessi hæstv. ríkisstj. mynduð? Hún var mynduð undir þeim yfirlýsingum, að nú ætti ríkið að hætta að hafa afskipti af atvinnurekstrinum í landinu, hann ætti að fá að standa á eigin fótum, það ætti að hætta styrkjapólitíkinni, styrkja- og uppbótapólitíkinni. En hvað er svo það, sem hæstv. ríkisstj. rekur sig á undireins og alveg sérstaklega hæstv. sjútvmrh., sem er þessum málum mjög vel kunnugur? Það er, að auðvitað verður að halda þessu áfram. Auðvitað verður hér á þessu Alþingi núna í sambandi við fjárlögin og aðra afgreiðslu mála að samþykkja fjöldann allan af tillögum og ákvörðunum, sem fara fram á það að styrkja atvinnureksturinn í landinu, sem sé þveröfugt við þá stefnu, sem ríkisstj. upphaflega lýsti yfir að hún ætlaði að fara eftir. Því var alveg sérstaklega lýst yfir með miklum fjálgleik, ekki síst af mörgum af helztu fulltrúum auðmannastéttarinnar hér í Reykjavík, jafnvel þeim, sem nú eiga sæti á þingi, að nú skyldi atvinnureksturinn standa á eigin fótum, ég býst við kannske sérstaklega atvinnureksturinn á Austfjörðum. En hver er svo reynslan, þegar allt kemur til alls? Jú, reynslan er sú, að þessi atvinnurekstur sé alls ekki fær um slíkt. Og undireins og farið er að styrkja atvinnureksturinn á Austfjörðum, jafnvel þó að milljónamæringar Sjálfstfl. séu þingmenn fyrir Austfirði, þá koma þeir af Vestfjörðum og segja: Ja, þetta gengur ekki, það verður að styðja okkur líka.

Mér þykir ákaflega vænt um, að þetta skuli vera orðið í beinu samræmi við stefnu ríkisstj. Ég held, að ríkisstj. sé þá að hverfa frá þeirri stefnu, sem hún lýsti yfir upphaflega, að hún sé farin að sjá nokkuð mikið, að sú stefna mundi hvorki vera raunhæf né heppileg fyrir Ísland.

Svo kom hæstv. forsrh. og lýsti því nú yfir, að stefnan, sem núv. hæstv. ríkisstj. væri að reka, væri ákaflega góð stefna, þetta væri gömul stefna, eitthvað skyld nýsköpunarstefnunni, þeirri viðsýnu og frjálslyndu stefnu, sem hæstv. forsrh. talaði réttilega um. En á hverju byggðist nýsköpunarstjórnin og sú stefna, sem hún fylgdi? Hún byggðist á því að búa til áætlun um þróun okkar þjóðfélags, um þróun atvinnulífsins, ákveðna fimm ára áætlun, sem ákveðið var með lögum frá Alþingi, að sérstakt ráð, sem skipað var, skyldi gera. Þessi áætlun var gerð, og þar var gerð sú áætlun að koma helzt togaraflotanum upp í alls 75 togara, og það voru þegar gerðar ráðstafanir til þess að kaupa 32 togara þá af þeim 50, sem rætt var um. Þetta var gert af hálfu ríkisins. Það var ríkið, sem keypti alla þessa togara inn og deildi þeim síðan út til bæjanna á Íslandi. Jafnhliða þessu var búin til áætlun um þróun flutningaskipastólsins á Íslandi, stórhuga áætlun, og framkvæmd í samræmi við þau einkafélög, samvinnufélög og ríkisfélög, sem starfandi eru á þessum sviðum á Íslandi. M. ö. o.: það var ákveðið að taka upp að nokkru leyti á Íslandi áætlunarbúskap, sem allur sá atvinnurekstur, sem á Íslandi væri rekinn, hvort heldur væri einstaklingsatvinnurekstur, samvinnuatvinnurekstur eða ríkis- og bæjaatvinnurekstur, skyldi verða þáttur í. Og þessi hugmynd um að fella þetta allt saman var það, sem bar nýsköpunarstjórnina og nýsköpunarstefnuna uppi. Það var það, sem gerði þá stjórn og þá stefnu, eins og hæstv. forsrh. sagði, að viðsýnni, frjálslyndri stefnu.

En hver er sú stefna, sem hæstv. ríkisstj. lýsti yfir, þegar hún kom til valda, að hún mundi halda, og hún mér til mikillar ánægju nú virðist meir og meir vera að hörfa frá, því meira sem hún áttar sig á lífinu í kringum sig? Sú stefna, sem hæstv. ríkisstj. lýsti yfir að hún mundi halda við, var að reyna að fara að taka hér upp aftur einstaklingsrekstrinn í landinu, láta þá einstöku atvinnurekendur reyna að fara að standa á eigin fótum. Hún er víst búin að uppgötva að nokkru leyti, að það eru blessaðir brauðfætur, sem þeir standa á, þegar þeir njóta ekki aðstoðar ríkisins. Og það var þetta, einmitt þessi yfirlýsing, það átti að reyna að hverfa frá öllu því, sem kynni að vera eftir af áætlunarbúskap, hverfa frá stórhuga áætlunum um þróunina á Íslandi og láta þetta verða svo að segja verkefni auðmannanna í þjóðfélaginu, — það var þetta, sem var það hættulega við stefnu hæstv. núv. ríkisstj. Það var þetta, sem mundi gera þessa hæstv. ríkisstj., ef hún sæti lengi að völdum og ef hún héldi þeirri stefnu áfram, en

hopaði ekki frá henni, eins og mér virðist hún vera að byrja að gera núna, að þröngsýnni afturhaldsstjórn. Þess vegna er mjög ánægjulegt, að þegar fulltrúarnir fyrir byggðirnar úti á landi, eins og Vestfirði í þetta skipti, koma hér fram, koma til dyranna eins og þeir eru klæddir, með þær áhyggjur, sem þeir hafa út af þróun atvinnulífsins í þeirra kjördæmi, og hugsa um velferð fólksins í þessu kjördæmi, þá komast þeir að þeirri niðurstöðu, að það sé ríkið, það sé hið opinbera, sem þarna verði að fara að hafa afskipti af. Og það er rétt niðurstaða, sem þeir komast að, — alveg rétt. Hún á ekki við aðeins um þessa fjórðunga, sem eru að berjast fyrir lífi sínu, hún á líka við um Faxaflóa, líka við það svæði, sem fjærst hefur verið því að þurfa að óttast atvinnuleysið á undanförnum árum. Svo framarlega sem ekki er *horfið alls staðar á Íslandi fullkomlega* að þeirri stefnu að skipuleggja og hugsa fram í tímann um, hvernig atvinnulífið skuli byggt upp með aðstoð ríkisins og með afskiptum ríkisins og yfirstjórn ríkisins, þá mun illa fara. Það er ekki aðeins á Vestfjörðum og slíkum stöðum, sem þetta er brýnt lífshagsmunamál fólksins, sem þar býr. Fyrir allt Ísland er það lífshagsmunamál, að þessi stefna verði aftur tekin upp.

Forsrh. (Ólafur Thors): Það tæki mig, herra forseti, áreiðanlega allt of langan tíma, ef ég ætti að fara að kenna þessum hv. síðasta ræðumanni meira en hann kann í pólitík. Hann kann mikið, en hann lét ekkert bera á því, að hann kynni neitt, þegar hann var að tala hér áðan. Honum fannst einhver ógurleg goðgá, *að nú ætti það að koma* fyrir undir forustu ríkisstj., sem vildi, að einstaklingurinn fyndi bæði mátt sinn og möguleika til þess að berjast áfram sinni baráttu í þjóðfélaginu, þá skyldi þó vera orðið sú hugsun, að ríkið héldi áfram að leika sitt hlutverk, það að leysa af höndum þau verkefni, sem einstaklingurinn er ekki fær um að leysa af höndum. Og þegar maður er að tala við svona reyndan stjórnmálamann og hann fæst ekki til þess að skilja, þá þarf betri kennara en mig til þess að bæta úr því.

Mikils misskilnings gætti í orðum hans um yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. Ríkisstj. lýsti yfir, að umfram allt vildi hún reyna að lyfta þjóðinni upp úr því feni og burt frá því öngþveiti, sem þjóðin var lent í. Hún vildi reyna að vekja til nýs lífs og *nýrra dáða þann kraft, sem með þjóðinni býr, reyna* að kenna mönnum, að meira varðar, að þeir standi á eigin fótum, en að þeir styðji sig við brauðfætur ríkisvaldsins, því að án eigin fóta þegnsins verður ríkisvaldið aldrei annað en brauðfætur. Það veit enginn betur en þessi reyndi stjórnmálamaður. Það eru ekki yfirlýsingarnar, sem við gáfum í þessum efnum, sem hægt er í einu né neinu að mótmæla því með, sem við erum að gera núna. Ég segi svo ekkert um, undir hvaða yfirlýsingum þessi stjórn var mynduð, en hún var mynduð undir happastjörnu, og því mun vel fara fyrir henni að lokum.

Þessi hv. þm. var, eins og vant er, mér nákvæmlega sammála, þegar minnzt er á þetta happabarn okkar, nýsköpunarstjórnina, þá lyftist hann allur, — ja, eins og ég stundum líka, í háaloft af aðdáun fyrir þessum króga okkar, og sannarlega skal ég ekki draga úr þeirri hrifningu. En þótt það að sönnu sé rétt, að nýsköpunarstjórnin hafði vissar hugmyndir um, að hún ætlaði að nota 300 millj. í þessu skyni og annað fé í öðru skyni o. s. frv., þá var hún ekki fyrst og fremst byggð á einhverjum áætlunarbúskap. Ef nýsköpunarstjórnin byggðist á öðru en hugsjónum og framsýni og djörfung, þá byggðist hún á mönnum eins og hæstv. félmrh., hv. þm., að ógleymdum garminum honum Katli. Og minn áætlunarbúskapur lá ekki í neinum skrifuðum skýrslum, hann lá einmitt í því að sameina þessa krafta, sem þarna voru að verki. Það tókst um skeið, og það fór vel, og ég held, að það fari nú jafnan bezt, sem er kannske stofnað til með minnstum og fæstum orðum, en beztum hugsunum. Og ég man vel eftir þessum hv. þm., þegar við vorum að tala um þessa nýsköpunarstjórn. Þá þurfti hann enga langa samninga, engan vaðal, ekkert endilega, sem væri skjalfest, heldur bara einhverja sameiginlega hugsjón, sem við ættum og skyldum reyna að færa út í lífið, og sú hugsjón var að lyfta þjóðinni hærra en hún stóð þá. Það er sama hugsjónin, sem nú vakir fyrir okkur, og ég held, að þessi hv. þm. skilji vel, hvað fyrir okkur vakir, þó að hann látist ekki skilja það. En sem sagt, það er ekki á mínu færi að kenna honum miklu meira en hann kann í þessum efnum, svo að ég eyði ekki mínum tíma í það.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þessi till., sem hér er til umr., er um það, hvernig eigi að knýja af stað starfrækslu síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpuvík á Ströndum, og einnig að koma upp síldariðnaði á öðrum stöðum á Vestfjörðum. Niðurstaða flm. er sú, að einstaklingar þeir, sem átt hafa um langa hríð síldarverksmiðjur þar á Vestfjörðum og ekki starfrækt þær, muni í framtíðinni ekki vera færir um að gera það, og þess vegna er kallað á ríkisvaldið til hjálpar. Ég álít þetta að öllu leyti eðlilegt, og ég sé ekki neina aðra leið til þess að tryggja, að þessi atvinnutæki verði nýtt, en að aðstoð ríkisvaldsins komi til. Ég lýsi því fullum stuðningi mínum við þessa tillögu.

Hitt gleður mig, að verða áheyrandi þess á hv. Alþingi Íslendinga, að vinur minn, Sigurður Bjarnason, hv. 1. þm. Vestf., skuli nú vera orðinn þjóðnýtingar- og ríkisrekstrarmaður og hafa hér uppi hróp og köll um það, að þjóðnýta beri fyrirtæki einstaklinga. Það er mér nokkuð nýtt. En ég fagna þessari hugarfarsbreytingu og legg honum þetta ekkert til lasts á nokkurn hátt. Hann vikur að ýmsu í sinni grg., sem ég held að hafi líka við rök að styðjast. Hann minnir á það, að það hafi haft örlagarík afleiðingar fyrir byggðarlög á Vestfjörðum, þegar verksmiðja eins og Hesteyrarverksmiðjan hætti þar starfsemi og var lögð niður og flutt til Hjalteyrar við Eyjafjörð. Hann segir líka, að reynslan hafi staðfest það, að hið opinbera eitt hafi bolmagn til þess að eiga og reka síldarverksmiðju, og er ég honum sammála um það. *Einstaklingsframtakið* þar hefur ekki haft bolmagn til þess og hefur bilað hvað eftir annað, og böl*ið* af því hefur ekki lent á eigendunum sjálfum, það hefur lent á fólkinu í viðkomandi byggðarlögum. Það er hið alvarlega við það.

Það er ekkert á móti því út frá einmitt þessu að

rifja það upp, að einmitt hlutafélagið Kveldúlfur, sem núv. hæstv. forsrh. mun hafa verið einn aðaleigandi í, átti og starfrækti um árabil verksmiðju á Hesteyri í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þegar það borgaði sig ekki eins vel að reka síldarverksmiðju þar og miðsvæðis norðanlands, var rekstri síldarverksmiðjunnar á Hesteyri hætt. Það var ákaflega eðlilegt eftir gróðasjónarmiðum einstaklingsframtaksins. Verksmiðjan var rekin til þess að græða á henni auðvitað, eins og atvinnutæki einstaklinga eru hugsuð. Þá var rekstrinum hætt. En þetta hafði verið einkaatvinnugrundvöllur fyrir kauptúnið á Hesteyri, fyrir kauptúnið á Látrum, fyrir kauptúnið á Sæbóli. Þrjú kauptún lögðust í auðn í Norður-Ísafjarðarsýslu, báv. kjördæmi hv. núv. 1. þm. Vestf., og ég segi það: Honum er vorkunn, þótt hann muni enn þá eftir þessum búsifjum einkaframtaksins, einkaatvinnurekstrarins í hans eigin kjördæmi og segi: Hann dugir ekki, þetta skipulag dugir ekki, það er ríkisrekstur, sem þarf að koma til. (**Forseti**: Ég vil spyrja hv. alþm., hvort hann hyggist tala hér í langan tíma, því að í raun og veru átti að slíta þessum fundi eftir hálfþrjú.) Ég hafði nú ekki gert ráð fyrir, að þetta yrði nema um 20 mínútna ræða um það, hvað einstaklingsrekstur gæfist illa og ríkisrekstur væri happasæll. (**Forseti**: Þetta mál verður síðar á dagskrá.) Þá vík ég að efninu aftur. Ég verð við tilmælum forseta. — [Frh.]

Á 36. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., s. d., var fram haldið einni umr. um till.

Hannibal Valdimarsson [frh.]: Herra forseti. Í gær urðu hér í hv. d. athyglisverðar umr. um till. til þál. um síldariðnað á Vestfjörðum. Till. er flutt af hv. 1. þm. Vestf. (SB) og tveimur öðrum þm. Þessi till. felur í sér áskorun á hæstv. ríkisstj. um að láta fara fram athugun á því, hvernig stuðla megi að starfrækslu síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpuvík í Árneshreppi í Strandasýslu. Enn fremur er lagt til í þessari till., að athugað verði, hvar heppilegast muni verða að koma upp síldarverksmiðjum og feitfisksbræðslum annars staðar á Vestfjörðum.

Í framsöguræðu sinni túlkaði hv. 1. þm. Vestf. þá skoðun sína, að verksmiðjur þessar, þ. e. a. s. á Ingólfsfirði og Djúpuvík, mundu verða óstarfræktar áfram, eins og þær hafa verið í mörg ár, nema eigendurnir fengju aðstoð ríkisins til þess að gera þær rekstrarhæfar og hefja rekstur þeirra eða ríkið annað tveggja tæki verksmiðjurnar á leigu eða jafnvel keypti þær og ræki þær sem ríkisverksmiðjur. Það var ekkert um það að villast, að hér bað hv. þm. um ríkisaðstoð við atvinnurekstur einstaklinga, eða og þó öllu heldur var bænin um það, að einstaklingar yrðu leystir frá þeim vanda og þeirri skyldu að starfrækja sjálfir sín einkafyrirtæki og að þau yrðu þjóðnýtt, notkun þeirra þannig tryggð með ríkisrekstri. Mér fannst það næsta eðlilegt, þegar hv. 3. þm. Reykv. (EOl) benti strax á, að sér þætti nýstárlegt að sjá tvo hv. þm. stjórnarliðsins einmitt nú bera fram till. um ríkisaðstoð við atvinnurekstur einstaklinga, rétt í sama mund og ríkisstj. hefði gert viðtækar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem fyrst og fremst hefðu að sögn átt að tryggja það, að einstaklingsrekstrinn í landinu gæti bjargað sér sjálfur og staðið á eigin fótum án styrkja, eins og það hét svo snoturlega í stefnuyfirlýsingum og kosningaloforðum á s. l. hausti. Og hv. 3. þm. Reykv. lét í ljós nokkra undrun sína yfir því, að nú væri beðið um aðstoð ríkisins, raunar um styrki við þessa einstaklinga, eigendur umræddra atvinnufyrirtækja, til þess að geta komið þeim í rekstur, eða að ríkið, eins og ég áðan sagði, leigði þessar verksmiðjur eða keypti og tryggði þannig rekstur þeirra.

Hv. frsm. tjáði það sína skoðun, að þetta væru einustu úrræðin til að koma verksmiðjunum í Djúpuvík og á Ingólfsfirði í rekstur, og hv. 3. þm. Reykv. taldi sig alveg sammála því, að það væri vissulega ekki um aðrar leiðir að ræða en þær, sem frsm. benti á, annaðhvort að aðstoða einstaklingana, hlaupa undir bagga með þeim, til þess að þeir gætu rekið þær, eða að ríkið tæki þessar verksmiðjur á leigu eða keypti þær. Eigendur verksmiðjanna hafa um mörg ár ekki verið megnugir þess að halda þeim í rekstri, og allar líkur benda til þess, að þeir verði ekki megnugir þess á næstunni.

Hv. 3. þm. Reykv. fagnaði því, að stjórnarliðar, a. m. k. þessir tveir, sem eru flm. þessarar till., skyldu vera farnir að vitkast svona og hverfa frá villu síns vegar, sjá, hversu fánýtt prinsipið er, þetta að láta einstaklingsrekstrinn eiga sig, hvað sem atvinnuþörf fólksins líði, og hafna þeim möguleikum, að ríkið þurfi og verði undir vissum kringumstæðum að koma hjálpandi til og aðstoða einstaklingana, sem leggja fram lið sitt í atvinnurekstrinum, eða leysa þá af hólmi og taka vandann á sig og reka a. m. k. meiri háttar atvinnufyrirtæki.

Þegar þessi orðaskipti höfðu farið fram í gær, létu tveir hæstv. ráðh. til sín heyra, þótti nú nærri höggvið stefnu stjórnarinnar, nokkuð tæpt að henni og þeim borið á brýn, að þeir væru nú hvarflandi og væru farnir að bregðast sinni eigin stefnu. Hæstv. félmrh. andmælti því, að þessi till. færi að nokkru leyti í andstæða átt við stefnu ríkisstj., en hæstv. forsrh., sem talaði tvisvar, visaði hróðugur til hveitibrauðsdaga sinna og hv. 3. þm. Reykv., þegar þeir sátu annar þátttakandi og hinn styðjandi nýsköpunarstjórnarinnar hér á árunum, og forsrh. benti á, að þá hefði verið hafinn í stórum stíl þjóðnýttur rekstur í þessu landi, togarareksturinn, þá hefði hinum nýja flota verið komið í bæjarrekstur, — vissulega er það þjóðnýtingarform, enginn getur um það deilt, — og gerðist þá m. a. Reykjavík undir stjórn sjálfstæðismanna útgerðaraðili að nokkrum togurum.

Mér skildist á forsrh., að hann viðurkenndi, að hér væri verið að biðja um þjóðnýtingu, en það hneykslaði hann ekkert, því að hann hefði áður fengizt við slíkt, og gæti hann fallizt á, að þetta væri eina úrræðið, undir vissum kringumstæðum a. m. k. Mér finnst þetta sýna, hvílíkur pólitískur fimleikameistari hæstv. forsrh. er oft og tíðum, því að það er sannarlega nokkuð vel af sér vikið að koma því heim og saman að vera formaður fyrir flokki, sem hefur hið frjálsa framtak einstaklings-

ins og samkeppnisstefnuna sem grundvöll, hyrningarstein, og geta einnig verið þjóðnýtingarpostuli, — en þetta tekst hæstv. forsrh. mætavel og kannske einhverjum fleiri í hans liði.

Það var þegar þessar umr. höfðu farið hér fram, sem ég kvaddi mér hljóðs og hafði aðeins talað í nokkrar mínútur, þegar hæstv. forseti óskaði þess, að ég gerði hlé á ræðu minni sökum annríkis ríkisstj., og varð ég að sjálfsögðu við þeim tilmælum hæstv. forseta að fresta ræðu minni þar til síðar. En þetta er í annað sinn með stuttu millibili, sem slíkum tilmælum hefur verið til mín beint í upphafi ræðu, og sannfærðist ég m. a. af því um, hversu ríkisstjórn vor standi í ströngu dags daglega, þegar hún hvað eftir annað getur ekki þyrmt þingfundartíma Alþingis, heldur tekur hann til eigin fundarhalda sinna. Ég játa það að vísu fúslega, að slíkt getur komið fyrir, en þó tel ég ekki heppilegt eða æskilegt að trufla störf þingsins daglega að kalla með fundastússi ríkisstj., hæstv. ríkisstj. ætti helzt að mínu viti að velja sínum fundum annan tíma en Alþingis.

Ég hóf mál mitt í gær með því að lýsa fullum stuðningi við till., og ég endurtek það. Ég tel þó að vísu, að hún hefði mátt vera nokkru ákveðnari, eða nánar tiltekið hefði ég óskað, að aðgerðir ríkisvaldsins, sem um er beðið, skyldu við það miðast, að þessar síldarverksmiðjur gætu orðið rekstrarhæfar fyrir næstu síldarvertíð, þó að tíminn sé naumur, og má vera, að það vaki fyrir tillögumönnum, þó að þeir tali um, að ráðstafanirnar eigi að miðast við það, að þessar verksmiðjur verði rekstrarhæfar og notaðar í framtíðinni. En sérstaklega fagnaði ég því að sjá hv. 1. þm. Vestf. í hópi þeirra manna, sem óskuðu eftir ríkisafskiptum og helzt ríkisrekstri meiri háttar atvinnutækja. Ég vitnaði í þeim orðum, sem ég hafði sagt, áður en ég frestaði máli mínu, til ummæla flm. í grg. till., þar sem segir: „Reynslan sýnir, að hið opinbera eitt hefur bolmagn til þess að elga og reka síldarverksmiðjur í öllum landshlutum.“ Þetta er vissulega hárrétt. Það er þjóðarbúskapnum nauðsyn, að verksmiðjur, síldarverksmiðjur, séu í rekstrarhæfu standi í öllum landshlutum, því að með því einu móti getum við hagnýtt verðmæti þessarar duttlungaskepnu sem síldin er, hvar sem hún kann að stinga upp kollinum og fara að vaða við landið.

Undir þessum biðtíma eftir síldinni, sem stundum verður ærið langur, sbr. t. d. Faxaverksmiðjuna hérna úti í Örfirisey, rísa fæstir einstaklingar fjárhagslega og eru þá magnþrota, þegar til á að taka og þarf að hefjast handa. En venjulegast er, að byrði þessa langa biðtíma leggist á bankana og þar með í rauninni á almenning. Og fyrst svo er, virðist langsamlega eðlilegast, að ríkisrekstur taki við og beri þannig ekki aðeins töpin, gripi ekki inn í, þegar einhverjar ófarir hafa orðið í rekstri einstaklinganna, heldur hafi einnig möguleika til þess að hljóta gróðann, þegar hann verður og afli glæðist. Það virðist því vera langeðlilegast, að ríkisrekstur sé á slíkum fyrirtækjum og það sé ekki aðeins kallað á ríkið, þegar í nauðir rekur, þegar einstaklingana ber upp á sker.

Ég veit, að það er lífsreynsla hv. 1. þm. Vestf., sem hefur gert hann fylgjandi ríkisrekstri, eins og þessi till. hans sýnir, og ég met hann mann að meiri fyrir það að hafa tekið þessari kennslu frá hinni vísu móður, reynslunni. Hann vitnar einmitt til reynslunnar á Vestfjörðum í grg. till. Hann minnir m. a. á Hesteyrarverksmiðjuna. Hún var einkafyrirtæki, hlutafélagið Kveldúlfur var eigandinn, og í því fyrirtæki mun hæstv. núv. forsrh. hafa verið einna mestur ráðamaður, eins og ég minntist á í gær, áður en hann sópaði sínu liði héðan úr þingsalnum.

Það er rétt, sem í grg. stendur, að á meðan verksmiðjan var rekin, var að henni mikil atvinnubót í Sléttuhreppi, en Sléttuhreppur var í þá tíð einn fjölmennasti hreppur Norður-Ísafjarðarsýslu. Ég hygg, að það hafi verið á 7. hundrað íbúa í Sléttuhreppi, þegar hann stóð með blóma. Það mætti því raunar kveða fastar að orði en að verksmiðjan hafi verið góð atvinnubót, meðan hún var rekin, því að verksmiðjan var eini atvinnugrundvöllurinn, sem fólkið hafði þarna á að byggja ásamt smábúskap, sem flestir stunduðu jafnframt. Það er líka rétt, sem síðar stendur í grg., að það hafði örlagaríkar afleiðingar fyrir byggðarlagið, þegar rekstur verksmiðjunnar lagðist niður.

Hvers vegna lagðist rekstur verksmiðjunnar niður, og hverjar urðu afleiðingarnar af því, að rekstri þessarar verksmiðju var skyndilega hætt? Afleiðingarnar urðu þær, að kauptúnin Sæból, Látur og Hesteyri hurfu, eru ekki lengur til. Fólkið varð atvinnutækjalaust að flýja það an smám saman eftir allmiklar atvinnuleysisþjáningar um nokkurt skeið. Þessi þrjú þorp eru ekki lengur til, og það sem meira er, Sléttuhreppur allur er horfinn úr tölu byggðra sveitarfélaga á Íslandi, það er ekki einn einasti maður í Sléttuhreppi nú. Grundvöllur atvinnulífsins hrundi í rúst, þegar Hesteyrarverksmiðjan skyndilega hætti rekstri og svo að kalla engin atvinnutæki önnur voru í byggðarlaginu. Orsökin til þess, að verksmiðjan hætti rekstri, var sú, að þetta var einkafyrirtæki. Einstaklingar áttu atvinnutækið, verksmiðjuna, og atvinnutækið var stofnað vegna gróðavonar, ekki vegna fólksins, sem byggði Sléttuhrepp. Og nú kom í ljós, að það var að áliti eigendanna, og sjálfsagt hefur það verið rétt mat hjá þeim, talið gróðavænlegra að reka verksmiðju á þeim árum, sem í hönd fóru, miðsvæðis norðanlands, og þá var stofnað til síldarverksmiðju á Hjalteyri við Eyjafjörð, en Hesteyrarverksmiðjan lögð niður. Hún grotnaði svo niður þarna á nokkrum árum og ég hef það seinast til hennar frétt, að þegar stóreignaskatturinn var lagður á hið fyrra sinn, þá hafi ruslinu á Hesteyri verið á þann hátt varið að leggja það sem greiðslu upp í stóreignaskattinn til ríkisins.

Flm. þessarar till. vikja undir lok grg. sinnar að síldarverksmiðjunum á Ingólfsfirði og Djúpuvík, sem báðar eru, eins og fyrr er sagt, í einkarekstri og hafa ekki verið starfræktar í mörg ár, og tillögumennirnir komast auðvitað að þeirri niðurstöðu, að við svo búið megi ekki standa, að þessar verksmiðjur séu ónotaðar. Orðrétt segja þeir um þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir íbúa nyrztu byggðarlaganna í Strandasýslu hlýtur það að hafa mjög mikla þýðingu, að þessi atvinnutæki séu í gangi. Hefur Árneshreppur, sem verksmiðjurnar eru í, á undanförnum árum átt við mikla erfiðleika að stríða, vegna þess að þau hafa ekki verið rekin.“

Og þetta er vissulega hverju orði sannara. Árneshreppur hefur komizt í mikla erfiðleika, vegna þess að einstaklingsframtakið hefur átt þarna atvinnutæki, sem fólkið treysti á sem atvinnutæki fyrir sig og sínar þarfir, en hafa ekki árum saman verið rekin.

Ég tók eftir því, að í framsöguræðu sinni í gær rakti hv. 1. þm. Vestf. þessa harmsögu Árneshrepps, þessa harmsögu einkaframtaksins — vil ég segja — í Árneshreppi nokkru nánar, því að þá lýsti hann því allnákvæmlega, hvernig kauptúnið Djúpavík, sem hefði risið upp í kringum verksmiðjuna þar og verksmiðjurekstrinn, væri nú að tærast upp og deyja, eins og Hesteyrar-, Sæbóls- og Látrakauptún áður, þegar Hesteyrarverksmiðjan hætti sínum rekstri. Ingólfsfjörður er nú líka ömurlegur eyðistaður móts við það, sem verið gæti, ef verksmiðjan þar væri í rekstri. Ingólfsfjörður stendur þannig nú og hefur staðið um nokkurt skeið í skugga einstaklingsframtaksins, en ekki í neinni sólardýrð frá því.

Í sambandi við þessa till. get ég ekki að því gert, að hugur minn hvarflar að því, hvernig einkaframtakið og einstaklingsrekstrinn hafi yfirleitt gefizt vestfirzku atvinnulífi, vestfirzku alþýðufólki.

Í því, sem nú hefur verið sagt, hefur verið nokkuð minnzt á Sléttuhrepp og örlög hans, og till. sjálf er beint borin fram vegna þess, hvernig nú horfi fyrir öðru sveitarfélagi á Vestfjörðum, nefnilega Árneshreppi, þ. e. a. s. ef ríkisaðstoð eða helzt ríkisrekstur komi ekki til bjargar.

En rifjum upp nokkur atriði. Það getur aldrei orðið til tjóns, það getur aldrei orðið til annars en að minna menn á sögulegar staðreyndir, sem e. t. v. er hægt að læra nokkuð af, þegar menn eru nú að hugleiða um afstöðu sína til ýmissa rekstrarforma í atvinnulífinu, einkarekstrar, samvinnurekstrar, bæjarrekstrar, ríkisrekstrar o. s. frv.

Mig langar þá til að leiða hugann fyrst að litlu kauptúni vestur á fjörðum, sem heitir Bíldudalur. Þegar Milljónafélagið svokallaða hætti þar störfum, — ég held, að það hafi verið 1913 eða 1914, það byrjaði víst rekstur á Bíldudal 1907, tók þar við af miklum athafnamanni, Pétri heitnum Thorsteinsson, og það má segja, að þá var atvinnulíf með mjög miklum blóma um skeið á Bíldudal, meðan Pétur Thorsteinsson var þar með sinn atvinnurekstur, svo kom nokkur lægð, þegar hann hætti, Milljónafélagið tók við, það var þó ekki alvarlegt og ekki langvarandi, — en þegar Milljónafélagið gafst upp 1913, þá fór allt í kaldakol í þessu litla kauptúni, og það tímabil varð nokkuð erfitt fólkinu við Arnarfjörð. Það er mér í barnsminni, þá átti ég heima þar við fjörðinn. Þegar svo sá einkaatvinnurekandi, sem tók við eftir Milljónafélagið, Hannes heitinn Stephensen, aftur missti fótanna með sinn atvinnurekstur 1925 og allt stöðvaðist á Bíldudal, allt atvinnulíf um nokkurt skeið, þá var mjög skuggalegt þar um að litast og mjög dapurlegt að lifa fyrir alþýðufólkið, og var það þá annað áfallið, sem fólkið þar hafði fengið á fárra ára fresti af völdum fallvaltleika einstaklingsframtaksins.

Verkamaður á Bíldudal, Ingivaldur Nikulásson, hefur vikið að þessu nokkrum orðum í ritgerð, sem hann skrifaði fyrir löngu og sagði — með leyfi hæstv. forseta — um það ástand, sem þarna skapaðist, þetta, sem ég nú vil leyfa mér að lesa. Hann segir:

„Nú fór inneignamönnunum ekki að litast á blikuna, því að inneignir voru miklar eftir slíkt aflasumar, sem þá hafði verið. Verkafólk átti einnig allmiklar inneignir, því að þegar það ætlaði að taka lífsnauðsynjar sínar upp á veturinn, voru vörur þrotnar, og voru framtíðarhorfur því mjög ískyggilegar, engin vinna um veturinn, eins og nærri má geta með slíkri kyrrstöðu. Loks kom Einar M. Jónasson sýslumaður og lokaði. Það var í marzmánuði 1926. Töpuðu margir þar allmiklum inneignum, og verkafólk fékk varla meira en helming inneigna sinna einu eða tveimur árum seinna. Íslandsbanki fékk verzlunarstaðinn og aðrar fasteignir verzlunarinnar. Nú þótti alískuggalegt útlit, atvinnutíminn fór í hönd og ekki neitt til neins.“

Þetta atvinnuleysistímabil Bílddælinga varð mjög alvarlegt. Nú keypti staðinn af Íslandsbanka maður, sem hafði verið í þjónustu fyrirtækja Hannesar Stephensens, Ágúst heitinn Sigurðsson, og hóf nú atvinnurekstur á ný. Jú, það batnaði nokkuð um atvinnurekstur og atvinnuástand þar um skeið, en svo lauk því tímabili, og þá kom langt hörmunga- og atvinnuleysis- og eymdartímabil yfir Bíldudal, þegar Ágústs Sigurðssonar-tímabilinu lauk, margra ára tímabil.

En það dagaði á ný svolítið, það mátti heita dagsbrún, því að þá kom Gísli Jónsson til skjalanna, — hinn raunverulegi hv. 1. þm. Vestf. nú, — og þá hófst Gísla-tímabilið, en því lauk líka, og þegar því lauk, þá var líka enn sem fyrr dapurlegt um að litast á Bíldudal, dauft atvinnulíf, mikið atvinnuleysi, lágar tekjur hjá verkafólki, enginn blómi í búi. Enn þá einu sinni hafði einkaatvinnurekstur á Bíldudal brugðizt fólkinu þar. Og nú höfðu Bílddælingar fengið nóg af einstaklingsframtakinu. Nú réðust þeir í það af sinni fátækt að láta sveitarfélagið koma fótum undir hraðfrystihús og byggja það upp, og þeir hafa síðan keypt og endurbætt fiskimjölsverksmiðju, sem hafði verið órekin þarna í einstaklingseign í mörg ár, og síðan tóku þeir, einnig hreppsfélagið, að kaupa báta, — nokkrir einstaklingar gerðu það líka, það skal ekki vanmetið, — og seinasta átakið hjá þeim var svo að kaupa togskipið Pétur Thorsteinsson, og nú þegar atvinnulífið er komið á hinn samfélagslega grundvöll, þá er þó a. m. k. nú þannig ástatt á Bíldudal, að þar er eins mikið vinnuerfiði á fólkið lagt og það þolir, og á s. l. vetri og í fyrra urðu Bílddælingar að fá fólk að til að afkasta þeirri vinnu, sem að barst á landi og sjó.

Mér finnst þessi saga Bíldudals vera táknræn um það, hvernig einstaklingsrekstur hefur gefizt einu litlu kauptúni á Vestfjörðum. Það er engin tilviljun, einkaframtakið er ekki búið að bíla þarna einu sinni, ekki tvisvar, ekki þrisvar, heldur fjórum sinnum á einni mannsævi.

Svo mikið er víst um þau atvinnutæki, sem nú hvíla á félagsframtaki fólksins sjálfs, — það getur ekki flutt sig um set, þó að einhvers staðar kynni að ára betur fjárhagslega til þess að reka fyrirtækin, þau eru þó fest um varanlega framtíð á staðnum, og fjármagnið, sem fólkið leggur í þau, verður líka samfélagsins eign á staðnum.

Ég sagði það á fundum fyrir síðustu kosningar vestur á Flateyri, að þar væri að vísu blómlegt atvinnulíf og hefði verið á undanförnum árum, en ég skyldi segja það, þó að mig langaði ekki til að tala illa um fjarstaddan mann, Einar Sigurðsson, að ég óttaðist það þó einna helzt í atvinnulífinu á Vestfjörðum, að grundvöllurinn undir atvinnulífinu þar kynni að bila, líkt og blómlegur einstaklingsrekstur hefði brugðizt fólkinu m. a. á Bíldudal og víðar annars staðar á Vestfjörðum áður hvað eftir annað. Og nú, þegar ég hef hv. 3. þm. Austf. (EinS) hér innan þingsalanna, þá segi ég þetta hér, af því að ég er ekki gefinn fyrir að baktala menn. Ég óttast það, að harmsaga eigi eftir að gerast í atvinnulífinu á Flateyri, ábekk því, sem gerzt hefur hvað eftir annað á Bíldudal og ég hef verið að lýsa hér að undanförnu, ekki af því, að ég telji Einar Sigurðsson ólíklegan til þess að vera atorkumikinn atvinnurekanda, en það er af því, að atvinnureksturinn þarna er byggður á einstaklingsherðum. Öll önnur atvinnutæki svo að segja hafa vikið fyrir því, að þessi atvinnutæki Einars Sigurðssonar hafa þurft á öllum kröftum fólksins á staðnum að halda. Ef þetta brysti, væri þarna komið neyðarástand, engin önnur atvinnutæki til að grípa til, og þyrfti a. m. k. nokkuð langan tíma til þess að bæta þar úr. Það er ekki einstaklinganna sök, að svona fer. Þetta eru gallar skipulagsins, að einstaklingsrekstrinn getur blómgazt um skeið, en hann getur líka brostið, þegar minnst vonum varir, og þá bitnar það ekki á einstaklingnum, sem atvinnureksturinn rak, heldur á fólkinu sjálfu. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. alþm. að reyna að halda sér að því máli, sem hér er á dagskrá.) Ég þykist nú ekki kunna betur að halda mér að málinu en að ræða um opinberan rekstur, sem till. fjallar um. (**Forseti:** Það er meiningin að reyna að afgr. sem flest af þessum till., sem hér eru á dagskrá, og ef umr. elga að ganga í þá átt, sem hv. ræðumaður leikur nú, þá er ég hræddur um, að þær verði fáar afgr. hér í kvöld, og þess vegna vil ég eindregið mælast til þess af hv. alþm., að hann haldi sér sem bezt að till. sjálfri.) Ég tek ekki þessum áminningum hæstv. forseta með góðu. Ég hef ekki eytt þingtímanum hér með miklum ofsalegum ræðuhöldum, og ég hef ekki talað langan tíma enn þá og hef ekki vikið frá efni till. Ég tel þetta tilefnislaust og vil spyrja hæstv. forseta að því, hvort hann vilji taka orðið af mér aftur eða mælast til þess, að ég hætti, eins og hann gerði í gær, — nema stjórnin gæti komið sér saman um að halda fund núna aftur, þegar þm. hafa verið kallaðir saman að kvöldi til til þess að ræða mál. Það væri þó alltaf úrræði.

Viðvíkjandi Flateyri vil ég nú láta í ljós þá von mína, að grundvöllurinn undir atvinnurekstri Einars Sigurðssonar sé ekki að bresta, það sé ekki verið að höggva upp togarana, a. m. k. ef svo er, þá sé verið að undirbúa það, að ný atvinnutæki komi þangað í staðinn, svo að a. m. k. nokkur aðdragandi verði að því, að þessi fyrirtæki stöðvist, og fólkið gæti þá haft svigrúm til að búa sig undir að byggja upp á eigin spýtur.

Ég held, að það sé ekkert ofmælt, að það, sem er verst við einstaklingsframtakið, er það litla öryggi, sem það skapar fólkinu í byggðarlögunum, það getur blómgazt um nokkur ár, en sagan hefur endurtekið sig þráfaldlega og birzt alltaf í þeirri sömu mynd, að þetta getur hrunið, þegar minnst varir, og þarf ekkert óæri eða illæri til, því að það þarf ekki annað en að gróðavonirnar teygi huga atvinnurekandans á einhverja aðra staði.

Ég veit, að ef ég minnist örlítið á einstaklingsframtakið viðvíkjandi þeim kaupstað, sem við hv. 1. þm. Vestf., 1. flm. þessarar till., þekkjum báðir vel, Ísafirði, þá kemur okkur saman um það áreiðanlega, að þar hafi líka tekizt sorglega til á stundum með einstaklingsframtakið. Ég hygg, að við munum báðir 1926, þegar nálega allur vélbátafloti Vestfjarða, fiskiflotinn, var seldur burt úr bænum á einu ári. Þá var ekki bjart um að litast á Ísafirði. Allir stóru bátarnir svokölluðu voru seldir burt á einu missiri. Þá greip fólkið til þess á neyðarinnar stund að stofna til útgerðarfélagsskapar — það var alveg nýtt í sögunni — á samvinnugrundvelli, og það var á stuttum tíma komið upp sjö vélbáta flota í stað flota einstaklingsframtaksins, sem hvarf. Og það er einmitt meðfilm. þessarar till., sem er nú forstöðumaður þess fyrirtækis, sem þá um margra ára skeið var aðalbjargræði Ísfirðinga í atvinnulífi þeirra, eftir að einkaframtakið hafði hrunið í rúst, brugðizt.

Miklu síðar gerðist það ævintýri í sögu einkaframtaksins á Ísafirði, að skuldugur útgerðarmaður tók sig skyndilega og fyrirvaralaust upp og fluttist með fjögur vélskip sín, öll myndarleg, þrjá 60 tonna báta og eitt skip, sem var á annað hundrað tonn, ekki milli hafna á Íslandi, ekki af því að hann sæi hilla undir gróðavænlegri aðstöðu annars staðar á Íslandi til útgerðarinnar, nei, hann vippaði sér til Nýfundnalands með skipin. Og til Ísafjarðar komu þau ekki aftur sem atvinnutæki. Þetta hliðarhopp tók einstaklingsframtakið þarna. Og fólkið sat eftir fjórum fiskiskipum fátækara að því er snerti atvinnuöryggið. Þeirrar atvinnu, sem þessi skip höfðu skapað og gátu skapað, nutu bæjarbúar ekki framar.

Og nú get ég glatt hæstv. forseta með því, að mitt mál verður nú ekki mjög miklu lengra. Þetta verður engin Maraþonræða, ekki upp á marga klukkutíma, henni fer senn að ljúka. En ég má þó til með, af því að það er í svo nánu sambandi við efni þessarar till. og alveg nýtt af nálinni, að minnast á það, að ég sá núna í vetur í norðlenzku blaði frásögn af því, hvernig einstaklingsframtakið hefði eiginlega brugðizt vonum Akureyringa. Frá þessu var sagt í hinu norðlenzka blaði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt eftir stríðið var stofnað til togaraútgerðar á Akureyri. Annan togarann, Jörund, átti einstaklingur, Guðmundur Jörundsson. Fyrir tveim árum seldi hann skipið til Stykkishólms.“ Sú saga er hæstv. forseta og mér báðum vel kunnug. „Nú er hann að kaupa að nýju helmingi stærri togara eða 1000 rúmlesta skip. Þegar hann fékk leyfi fyrir hinum nýja togara, ákvað hann að flytja suður til Reykjavíkur og gera út þaðan. Á sínum tíma studdi bærinn hann til að kaupa Jörund, og var það eðlilegt.“ Ég get skotið því hér inn í, að það var líka ríkið, sem studdi að því, að skipið fluttist til Stykkishólms, í væntum þess, að þessi útgerðarmaður héldi áfram sínum rekstri og kæmi honum

jafnvel í stórbrotnara og myndarlegra horf, og dugnaður Guðmundar Jörundssonar ætlaði virkilega ekki að bregðast í því. Síðan segir í blaðinu: „Útgerðin gekk vel, því að elgandinn var dugmikill, og allmiklir fjármunir söfnuðust í eins manns hönd vegna útgerðarinnar og hagkvæmrar sölu togarans," — sem var m. a. fyrir ríkisafskipti og ríkisaðstoð. „Þessir fjármunir flytjast nú til höfuðstaðarins. Í viðtali við Morgunblaðið nú nýlega hefur svo Guðmundur látið hafa þau ummæli eftir sér, sem mjög eru til þess fallin að vekja ótrú á togaraútgerð frá Akureyri. Þessi sami maður hefur verið frambjóðandi á lista Sjálfstfl. hér við Eyjafjörð," segir blaðið.

Síðan segir: „Að hinum togaranum, Kaldbak, stóð almenningur í bænum. Sú útgerð hefur að vísu orðið fyrir áföllum, sem þó verður fremur rakin til einstaklinga en til almenningssamtaka. Skipin eru þó orðin fjögur, og búið er að koma upp miklu hraðfrystihúsi. Þessi skip hafa skotið styrkum stoðum undir bæinn. Þau hafa skapað atvinnu handa fjölda manns, sennilega framfærslu beina eða óbeina fyrir 1500—2000 manns.

Dæmin, sem hér hafa verið tekin af útgerð einstaklinga og félaga, sýna, að almenningur á viðkomandi stöðum þarf að hafa hönd í bagga um útgerðina, því að svo getur farið, jafnvel hjá hinum harðfengustu og ágætustu framkvæmdamönnum, sem vissulega eru virðingarverðir, að þeim segist svo hugur um einhvern daginn, að betra sé að flytja allt sitt á brott og byrja á öðrum stað," — ég vildi nú segja líka: eða öðru landi eða annarri heimsálfu, — „án tillits til þess, hverjum afleiðingum það veldur á brottfararstað, að öflug atvinnutæki hverfi þaðan. Viðkomandi staður verður þá að byrja á því á nýjan leik að byggja sér upp ný atvinnutæki, einstaklingar eða félög."

Þetta stóð í hinu norðlenzka blaði, og er þetta eins og andsvar einmitt eða þáttur í því efni, sem felst í þeirri till., sem við erum hér að ræða um.

Þegar við lítum nú yfir það, sem ég hef sagt, þá sýnist mér ekki betur en reynslan beri einkaframtakinu í atvinnurekstri það vitni, að einkaframtakið hafi verið fólkinu brigðult oft og á mörgum stöðum, að ég ekki segi svikult. Oft hefur það brugðizt, þegar verst gegndi, leitt langvarandi skort og atvinnuleysi yfir byggðarlög og lagt nokkur þeirra í eyði.

Einmitt þegar ég lít yfir þennan val allan saman, þá skil ég vel, að hv. 1. þm. Vestf. ákalli ríkisvaldið og biðji um aðstoð þess til þess að afstýra þeim voða og því stórtjóni, sem orðið hefur, eins og sagan sannar, víða á Vestfjörðum og raunar auðvitað í öllum landshlutum, en kannske farið allra grálegast með vissa staði í hinu fyrrv. kjördæmi hv. 1. þm. Vestf.

Það er staðreynd, að þegar fýkur í öll skjól, þá leita jafnvel hörðustu samkeppnismenn til hins þjóðnýtta rekstrarforms í meiri háttar atvinnurekstri, þ. e. a. s. annaðhvort samvinnurekstrar, bæjarrekstrar eða ríkisrekstrar. En allt þetta er samfélagslegur rekstur, þjóðnýtt rekstrarform, og ég geri ekki mikið upp á milli þess, hvert formið er valið, eftir því sem það virðist henta bezt. Það er að koma atvinnurekstrinum, a. m. k. stórrekstrinum, á herðar og í hendur samfélagsins. Og það virðist vera svo, að slíkar sorgarsögur er ekki svo algengt að geta rakið, þar sem fólkið hefur byggt upp atvinnurekstur sinn á samfélagslegum grundvelli, og það er einmitt það, sem nú er verið að kalla á að gert verði í Árneshreppi að því er snertir tvö atvinnufyrirtæki einstaklinga, að þeim verði nú komið í samfélagslegan rekstur, svo að það sveitarfélag, sem þau eru staðsett í, þurfi ekki að horfast í augu við þá ógn að verða e. t. v. lagt í auðn.

Forseti (SÁ): Ég vil mjög eindregið beina þeim tilmælum til hv. þingmanna, að þeir reyni sem bezt að halda sér að þeim málum, sem eru á dagskrá. Við höfum hér á dagskrá átján þáltill., og það væri æskilegt, að sem flestar þeirra gætu komið til umr., þar sem hv. alþingismenn eru ónáðaðir hingað í þingsal á þessum tíma sólarhringsins með það í huga að reyna að fá sem flestar af þessum till. afgreiddar til nefndar.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að vera eins stuttorður og ég get.

Í framsöguræðu hv. 1. þm. Vestf. (SB) fyrir till. á þskj. 145 ræddi þm. um, að nauðsyn bæri til, að ríkisstj. yrði falið að rannsaka, á hvern hátt yrði heppilegast að hefja aftur starfrækslu á síldarverksmiðjum á Ingólfsfirði og Djúpuvík. Þá ræddi hv. þm. nokkuð nauðsyn þess, að komið yrði upp einhvers staðar á Vestfjörðum síldarverksmiðjum og feitfisksbræðslum. Frsm. taldi, að annaðhvort ættu ríkisverksmiðjurnar, þ. e. a. s. síldarverksmiðjur ríkisins, að kaupa eða leigja verksmiðjurnar eða það opinbera fengi einstaklinga eða félög, sem nú eiga þessar verksmiðjur, til þess að koma þeim í rekstrarhæft ástand. Rökin fyrir þessu taldi hv. þm. þau m. a., að nokkur undanfarin ár hefðu sumarsíldveiðarnar hafizt norður af Vestfjörðum og síldveiði að haustinu til hefði farið ört vaxandi úti fyrir Vestfjörðum.

Ég skal strax taka það fram, að ég er að miklu leyti sammála hv. þm. um nauðsyn þess, að verksmiðjur þær, sem nú eru til, svo sem á Ingólfsfirði og Djúpuvík, séu starfræktar þannig, að þær geti tekið á móti síld til vinnslu strax í vor, ef svo skyldi verða, að mikið magn síldar veiddist vestarlega á Húnaflóa eða út af Horni. En í þessu sambandi má benda á, að á Skagagrönd er síldarverksmiðja ríkisins, sem hefur getað brætt um 5 þús. mál síldar á sólarhring.

Nú hefur það heyrzt, að verið sé að flytja vélar úr þessari verksmiðju eitthvað austur á land, og minnkar þá vitanlega geta þeirrar verksmiðju, a. m. k. um helming. Ef þetta er rétt, bendir það ekki til þess, að forustumenn síldarverksmiðja ríkisins séu trúaðir á aukna síldveiði á vestursvæðinu. Annars er ég þeirrar skoðunar, að það sé hin mesta fjarstæða, ef það er rétt, sem sagt er, að farið sé að flytja vélar úr síldarverksmiðjunni á Skagagrönd. Það getur enginn neitt um það fullyrt, hvenær síldin fer að fiskast aftur fyrir alvöru á vestursvæðinu, og það er að miklu leyti rétt, sem fram kom í ræðu hjá hv. 1. þm. Vestf., að um vaxandi veiði hefur verið að ræða út af Húnaflóa og Horni.

Þó verður ekkert um það fullyrt, hvort hér sé að verða á veruleg breyting, til þess eru allar rannsóknir á göngu síldarinnar of stutt á veg komnar. Þrátt fyrir það tel ég þó alveg sjálfsagt, að þær síldarverksmiðjur, sem til eru á Húnaflóasvæðinu, séu hafðar tilbúnar til vinnslu í byrjun síldarvertíðarinnar. Jafnframt tel ég það mestu fjarstæðu að *flytja vélar frá Skagaströnd*, verksmiðjunni þar, og vil hér með leyfa mér að óska þess, að hæstv. sjútvmrh. komi í veg fyrir, að slíkt verði gert. Ég sé nú reyndar, að hann er ekki við hér, en ég mun reyna að koma þessari ósk minni til hans eftir öðrum leiðum.

Það má vel vera, að það sé nauðsynlegt að byggja nýjar síldarverksmiðjur á Vestfjörðum. Veiði síldar út af Vestfjörðum s. l. ár bendir því miður ekki til þess, að um mikið magn síldar hafi þar verið að ræða, en slíkt getur að sjálfsögðu breytzt til bóta hvenær sem er.

Á undanförnum árum hefur verið söltuð síld á Vestfjörðum lítillega, þ. e. a. s. á Ísafirði, Súgandafirði og Bolungavík. Eftirfarandi magn hefur verið saltað á þessum stöðum: 1956 voru þar saltaðar 9 þús. tunnur, 1957 5 þús., 1958 11 þús. og 1959 800 tunnur. Auk þess var svo allmikið magn síldar fryst til beitu. Það eru töluverðar líkur fyrir því, að hægt sé að stórauka veiðimagnið frá því, sem það hefur verið, með aukinni tækni, svo sem með flotvörpu og fleiri nýjum veiðiaðferðum, en allar eru þessar nýju veiðiaðferðir þó á byrjunarstigi, þó að vonir standi vissulega til þess, að þær beri mikinn og góðan árangur.

Nú eru til í landinu margar og góðar síldarverksmiðjur, sem undanfarin ár hefur stórlega vantað hráefni. Af þeim eru, eins og áður hefur verið bent á, þrjár verksmiðjur það vestarlega, að þær geta komið að miklum notum fyrir þau skip, sem veiða síld út af Húnaflóa og norðvestur af Vestfjörðum, ef þær væru allar í nothæfu standi, þannig að þær gætu hafið bræðslu, strax og síld fer að fiskast á vorin. Ég tel samt alveg sjálfsagt, að *hæstv. ríkisstj. verði látin rannsaka*, hvar heppilegt væri að dómi sérfróðra manna að byggja slíkar verksmiðjur á Vestfjörðum, og gerðar séu aðrar nauðsynlegar ráðstafanir og unnið að nauðsynlegum undirbúningi.

Ég get samt ekki stillt mig um að benda á það, sem kemur fram í grg. fyrir till., þar sem segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Reynslan sýnir, að hið opinbera hefur eitt bolmagn til þess að eiga og reka síldarverksmiðjur í öllum landshlutum.“

Hér er skýrt og ákveðið tekið til orða og stefnan mörkuð í þessum málum, enda í fullu samræmi við þá reynslu, sem Vestfirðingar hafa fengið af rekstri einstaklinga og hlutafélaga á þessu sviði. Það er ekki svo að skilja, að það eru fleiri en Vestfirðingarnir, sem hafa fengið að kenna á blessun einstaklingsframtaksins. Þau eru allmörg byggðarlögin á Íslandi, sem hafa orðið fyrir því, að þegar erfiðleikar hafa steðjað að atvinnurekstrinum, þá hafa margir þeir ágætu menn, sem rekið hafa þar atvinnufyrirtæki, lagt upp laupana, haft sig á brott og flutt sig til þeirra staða, þar sem gróðavonin hefur verið meiri, en eftir hafa svo setið atvinnulausir verkamenn tugum og hundruðum saman. Þannig er hægt að koma með fjölmörg dæmi frá öllum byggðarlögum á Íslandi. Þetta eru staðreyndir, sem allir vita um. Hitt er svo annað mál, að það, sem er talið rétt og sjálfsagt að gera í þessum málum og kemur mjög skýrt fram í grg. fyrir till., er í algerri mótsögn við stefnu núv. hæstv. ríkisstj., eins og ræklilega hefur verið bent á af hv. 3. þm. Reykv. og 4. landsk.

Þá vil ég alveg sérstaklega undirstrika það, sem hv. frsm. sagði um nauðsyn þess, að okkar ágæta síld verði hagnýtt á fleiri vegu en hingað til hefur verið gert, sérstaklega að hafizt verði handa um niðursuðu á síld til útflutnings. Hér eru lög frá 1946 og 1947 um byggingu verksmiðju til niðursuðu og niðurlagningar á síld. Ekkert raunhæft hefur verið gert í því máli, og hafa því lögin um byggingu slíkrar verksmiðju, sem átti að verða á Siglufirði, verið eins og hver annar dauður bókstafur. Í fyrra flutti ég frv. til laga hér í þessari hv. deild um stofnun og rekstur verksmiðju til vinnslu sjávarafurða á Siglufirði. Málið var aldrei afgreitt frá þeirri nefnd, sem fékk það til meðferðar. Ekki bendir það til þess, að mikill áhugi eða skilningur hafi þá ríkt meðal hv. þm. um nauðsyn þess að koma á fót niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju fyrir síld til útflutnings á erlendan markað.

Nú á þessu þingi tók ég ásamt tveimur þingmönnum frá Norðurlandskjördæmi vestra og 9. landsk. málið upp á ný og flutti þáltill., þar sem skorað er á ríkisstj. að láta gera kostnaðaráætlun á grundvelli laga frá 1947 og 1946 um byggingu og rekstur verksmiðju á Siglufirði til niðursuðu og niðurlagningar á síld og öðrum fiskafurðum. Áætluninni skal lokið fyrir 1. okt. 1960. Till. var vísað til fjvn. Nefndin hefur ekki enn þá afgreitt till. frá sér, en líklegt er þó, að það verði gert núna á næstunni.

Ég heyrði það á hv. 1. þm. Vestf., að hann hefur mikinn áhuga á, að teknar verði upp nýjar og raunhæfar aðgerðir í þá átt m. a., að hafin verði niðursuða og niðurlagning á síld í stórum stíl. Ég fagna því alveg sérstaklega, að þessi hv. þm. skuli vera mér sammála í þessu stórmáli, og hver mun þá að sjálfsögðu beita sér fyrir því í sínum flokki, að nú verði hafizt handa með nauðsynlegan undirbúning, svo að raunverulegar framkvæmdir geti hafizt. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að komið verði upp niðursuðuverksmiðju á síld og öðrum fiskafurðum einhvers staðar á Vestfjörðum. Það er lítilum vafa undirorpið, að sú síld, sem vanalega fiskast úti fyrir Vestfjörðum og Ísafjarðardjúpi, er eitt ágætasta hráefni til niðursuðu. Niðursuða slíkrar síldar er máske eina leiðin til þess að gera úr þeirri síld góða útflutningsvöru.

Einar Sigurðsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er vissulega mikið vandamál. Það er mikill vandi á höndum hverjum þeim, sem á að stjórna fyrirtæki, þegar aflinn bregzt, en það hefur átt sér stað þarna við Húnaflóa og raunar víðar, að síldin hefur lagzt þar frá, og þeir, sem voru búnir að byggja þar upp dýr fyrirtæki, hafa setið eftir með mikið tap og lent í miklum örðugleikum.

Þetta er ekkert nýtt í atvinnusögu Íslands. Það hefur þráfaldlega komið fyrir, að fiskur hefur lagzt

frá, þar sem afli hefur verið góður um skeið, og hefur þetta valdið ekki aðeins þeim, sem ráku fyrirtækin, heldur líka fólkinu, sem var í byggðarlaginu og hafði atvinnu sína í sambandi við þessa útgerð, miklu tjóni. Og það er ekkert tilefni til þess að koma með jafnheiftarlegar árásir á einkaframtakið og hv. 4. landsk. þm. (HV) gerði. Það er ekki hægt að þegja við slíkum árásum, því að þær eiga engan rétt á sér. Menn berjast oft og ég vil segja alltaf, á meðan þeir geta, til þess að halda atvinnurekstri sínum gangandi. En það er allt önnur aðstaða, sem einkareksturinn hefur en ríkis-, bæjar- og samvinnurekstur. Þar er gerólíku saman að jafna. Einstaklingarnir mega standa þar einir og falla, þegar þeir verða fyrir tapi, en ríkisreksturinn hefur ríkissjóðinn og álögurnar á þjóðina á bak við sig, bæjarreksturinn hefur borgarana og útsvörin, og samvinnureksturinn hefur hinn sterka hring, Samband ísl. samvinnufélaga, til þess að styðja við bakið á kaupfélögunum, þegar þau hallast á einum staðnum, svo sem hefur þráfaldlega komið fyrir.

Það er ólíkur aðstöðumunur þarna. Þegar einkareksturinn má berjast við að borga há útsvör til sveitarfélags, er sveitarsjóður opnaður til þess að styrkja þann atvinnurekstur, sem er í höndum sveitarfélagsins. Alveg eins er með ríkisreksturinn. Þar eru engar álögur, engin útsvör, engir skattar. Og samvinnureksturinn hefur líka haft sín forréttindi fram yfir einkareksturinn.

Og svo eru þessir menn að stiga í ræðustól hér fullir vandlætingar yfir því, hversu einkareksturinn standi sig illa og hvernig hann verður stundum að gefast upp. Hv. 4. landsk. ætti miklu frekar að fara viðurkenningarorðum um einkareksturinn með sinni ójöfnu aðstöðu heldur en aðhafast það, sem hann hefur gert eða gerir hér í ræðustól, að níða niður og telja hinum rekstrinum eitt og annað til gildis og einkarekstrinum aftur annað til ófremdar, m. a. að geta ekki staðið á eigin fótum, þegar að honum sækir aflabrestur og ef til vill aðrir örðugleikar, en oftast nær er það þó aflabrestur, sem veldur honum búsifjum.

Í sambandi við atvinnurekstur einstaklinga á Vestfjörðum vék hann sérstaklega að fyrirtæki minu á Flateyri. Mér er ekkert óljúft, að hann geri það og minnist á það hér, ég ber engan kinnroða fyrir það, þvert á móti. Ég sé ekki, að aðrir geri betur að glíma við að gera út 34 ára gamla togara, sem enginn vildi nýta, og halda uppi rekstri með slíkum tækjum núna undanfarin 7 ár og útvega svo mikla atvinnu í þessu byggðarlagi, að vinna varð — mér liggur við að segja nótt og dag flesta daga. Þetta fyrirtæki greiddi eitthvað um 2½ milljón í vinnulaun á ári fyrir utan vinnulaunin á togurunum, sem hafa sjálfsagt verið upp undir það annað eins, — ég man nú ekki þessar tölur nákvæmlega.

Hv. þm. er að býsnast yfir því, að við höfum orðið að gefast upp við að reka þessa togara. Ég veit ekki, hvort ég á að segja frá því, hve mikið tap var á þeim s. l. ár, en það skipti mörgum milljónum. Hv. þm. kemur það sjálfsagt ekki neitt ókunnuglega fyrir, að tap sé á togurum. Það var tap á skipum, sem höfðu betri skilyrði til að vera gerð út heldur en þessir gömlu togarar, sem stórfyrirtæki í landinu voru fyrir mörgum árum upp-gefin á að gera út, eins og Tryggvi Ófeigsson og Kveldúlfur.

Nei, það er ekki til þess að býsnast yfir, þó að þarna gangi erfiðlega, síður en svo. Eins og ég sagði áðan, hefði hv. þm. frekar átt að dást að því, hvað hægt var að gera við jafnerfið skilyrði og þarna voru fyrir hendi. Og það er þessum hv. verkalýðsforingja — vil ég segja — til vansæmdar að vera að ráðast á þá viðleitni, sem hefur verið haldið uppi þarna til atvinnurekstrar, þegar tillit er tekið til þess, hve geysimikla atvinnu þetta hefur veitt við hin hörðustu og erfiðustu skilyrði.

En nú liggur ekki annað fyrir þessum blessuðum skipum en vera seld í brotajárn. Það var ekki hægt lengur að halda þeim úti, ekki nein tök á því.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. getur hlakkað yfir því, að ég gefist upp við þennan atvinnurekstur. Ég ætla að vona, að það sé of fljótt. En það verður tíminn að leiða í ljós. Við megum alltaf heyja okkar baráttu einir. Ég hef aldrei fengið eyri í atvinnubótafé þarna, aldrei. Svo að ég nefni bara eitt dæmi: Hvað ætli hafi verið mokað miklu atvinnubótafé í þá útgerð, sem sveitarfélögin hafa rekið? Það væri fróðlegt að vita það. Ég held, að á einu ári hafi verið lagðar um 4 millj. í atvinnubótafé í Austfjarðatogarana, og hv. 1. þm. Austf. (EystJ) sagði á kjósendafundi: Ég mokaði atvinnubótafé í togarana, á meðan ég var fjmrh. — Þetta er nú heilbrigt! Það er von, að hv. 4. landsk. þurfi að býsnast yfir því, hvað við séum vesælir með svona gerólíkri aðstöðu. Og það er ekki nóg með það. Ég get ósköp vel sagt frá því líka hér, að framkvæmdastjóri Ísfells var að leggja af stað núna með skipi vestur á firði til þess að gera upp við sveitarfélagið 600 þús. í opinber gjöld. Þetta megum við hafa, einstaklingarnir, í álögum og meðgjöf með atvinnurekstri okkar. Við erum ekkert að tala um það sérstaklega, en auðvitað er þetta þungur baggi. Við höfum verið að ræða hér útsvörin undanfarna daga, og veltuútsvörin eru þungur baggi fyrir atvinnurekendur, en það er sérstaklega þungbært, þegar okkur er mismunað á þann hátt, að við megum gjalda þessar þungu álögur á sama tíma og aðrir fá styrk, á sama tíma og borgararnir borga með atvinnurekstrinum. Hvað skyldi það rýra kjör þeirra mikið? Það væri fróðlegt að vita, hvert kaupgjald þeirra væri, þegar búið væri að reikna frá það, sem verður iðulega að leggja á þetta fólk til þess að standa undir óarðbærum atvinnurekstri.

Nei, það er ekkert til þess að álasa einkareksturinn fyrir, borið saman við bæjar- eða ríkisrekstur hér á landi. Ég mundi segja, að einkareksturinn bæri langt, langt af, þegar tekið væri tillit til þess aðstöðumunar, sem hann býr við. Við getum ósköp vel rifjað upp sögu bæjarútgerðarinnar í Vestmannaeyjum. Hvað ætli hún hafi farið með margar millj., sem varð að leggja á bæjarbúa? Hvað ætli Keflavík hafi orðið að leggja mikið á sína gjaldendur vegna sinnar bæjarútgerðar? Hvað ætli bæjarútgerðin í Reykjavík hafi lagt mikið til sinnar togaraútgerðar? 30—40 millj., minnir mig, að ég hafi séð í einhverju blaði nú nýlega. Og svona mætti lengi telja. Alveg sama er á Akranesi. Það er sama, hvar gripið er niður. Alls staðar eru það álögur á borgarana, sem verða að standa undir þessu, en við einstaklingarnir megum reiða fé af

höndum til bæjarfélaganna og það ekki neitt smáræði.

En það má líka minnast á síldariðnaðinn, t. d. á Skagaströnd. Þar var nú ríkið. Jú, það vantaði ekki. Hvað hefur verið rekið þar? Ég held, að verksmiðjurnar hafi ekki verið settar í gang síðan, — ja, hvað á maður að segja, það er víst ekki hægt að tala um flokksbróður, einu sinni var hann þó flokksbróðir, — Áki Jakobsson byggði þessar verksmiðjur í tíð nýsköpunarstjórnarinnar. En það er a. m. k. sáralitið, sem þær hafa verið starfræktar síðan.

En það er ekkert við því að segja, þó að stöðva verði verksmiðjur eða fyrirtæki, þegar síldin hættir að ganga. Mér finnst það ekkert sérstakt á Hesteyri, þó að Kveldúlfur gæfist upp við að reka verksmiðjuna, eða þeir í Húnaflóa, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er eðlilegasti hlutur. Það er ekki hægt að ætlast til þess, enda hafa mennirnir ekkert bolmagn til þess. En fyrst minnzt var á Hesteyri, þá hljóp hv. þm. alveg yfir það, að eftir að síldin lagðist þarna frá og þar var enginn verksmiðjurekstur, lifði fólkið þarna við ágæt skilyrði við fiskveiðar á stríðsárunum og flutti svo í burtu upp úr stríðinu sæmilega efnað. Ekkert var við því að segja, það vildi ekki vera þarna og treysti ekki lengur á afkomuna, og auðvitað eru menn frjálsir í þessu landi til að færa sig á milli, hvort það er fólkið eða atvinnurekendur. Við erum nú einu sinni Íslendingar, og ég sé ekki, að það sé nokkur heil brú í því að vera að heimta, að einn maður sé alltaf á sama stað, en færi sig ekki til eftir staðháttum og eftir því t. d., sem aflabrögðin haga sér.

Það, sem gerir t. d. núna gæfumuninn á Vestfjörðum og Austfjörðum, er, að nú leggst síldin upp að Austfjörðum, en ekki Vestfjörðum. Ég álít það þess vegna hálfgert tómt mál að vera að tala um starfrækslu á þessum verksmiðjum við Húnaflóa, a. m. k. í sinni upprunalegu mynd, — ég verð að segja það hreinskilnislega. Það gæti hins vegar vel verið, að hægt væri að hafa þarna niðurlagningu á síld eða einhvern minni háttar iðnað úr síld, þar sem minna hráefni þyrfti. Slíkt væri mjög vel athugandi. En ég hef ekki trú á því, eins og sakir standa, að hægt sé að reka þarna síldarbræðslu. Það er nú einu sinni svo, og Norðmenn hafa komizt að þeirri staðreynd, að síldin er ekki eitt í dag og annað á morgun. Það koma 40 og 50 ára tímabil, sem hún leggst að á einum stað eða frá. Þetta er sannað í síldarsögu Noregs.

Og fyrst ég er að minnast á síldarverksmiðjurnar og hv. 4. landsk. var að dásama ríkisreksturinn, má spyrja: Hver var það, sem gafst upp á Flateyri, sem honum var nú svo tamt að tala um? Var það ekki ríkið? Rak það ekki Sólbakkaverksmiðjuna? Og hverjir voru það, sem tóku við? Var það ekki einkareksturinn? Getur þetta ekki gengið svona upp og niður í okkar þjóðfélagi? Og ég sé ekki, að það sé neitt sérstakt við það, þó að Guðmundur Jörundsson flytji togara sinn til Reykjavíkur, þar sem hann hefur betri aðstöðu til þess að gera hann út. Hann er ábyrgur fyrir sínum skuldum, og hann verður að sjá um að borga þær. Það er ekki ríkið, sem hleypur undir bagga, ef það væri 10—20% óhagstæðara að gera út togara frá Akureyri, og borgar mismuninn. Nei. Og það er eins og ég segi, við erum allir Íslendingar í sama bát. Og ég sé ekki nokkurn hlut við það að athuga, þó að við færum okkur til og frá á landinu eftir því, sem atvinnuhættir bjóða upp á.

En í augum hv. 4. landsk. virðist allt, sem heitir einkarekstur, vera tómur ræningjaháttur og ekkert annað. Það er allt lagt út á þann veg.

Það mætti sjálfsagt segja margt um einkareksturinn og opinbera reksturinn, en ég sé ekki ástæðu til að vera að tefja frekar tíma hv. þm. frá mikilvægum störfum. En ég gat ekki þagað við þessari hatrömmu árás á einkareksturinn hjá hv. 4. landsk.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ja, nú er bæði til umr. till. hv. 1. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Austf. Er það ekki rétt? Maður fer ekki út fyrir efnið, þó að maður tali um till. og um hv. þm. En ég er ekki með nein syndug áform um að tala mjög lengi. Ég ætla aðeins að víkja hér að örfáum atriðum, sem hafa komið fram, síðan ég talaði.

Hv. 3. þm. Austf. sagði í upphafi síns máls, að það hefði ekkert tilefni verið af minni hendi að gera jafnheiftúðlegar árásir á einstaklingsreksturinn og ég hefði gert. Í tilefni af því, að till. liggur fyrir Alþ. og er hér á dagskrá um það, að einstaklingsfyrirtæki hafi verið ónotuð árum saman og það hafi komið illa við fólkið í þeim byggðarlögum, þar sem fyrirtækin eru staðsett, og beðið um, að ríkið komi til aðstoðar þessu fólki með því að taka að sér rekstur þessara fyrirtækja eða styrkja einstaklingana, sem eiga þau, þá held ég, að fyllsta tilefni hafi gefizt til þess að líta yfir farinn veg einstaklingsrekstrar og opinbers rekstrar, a. m. k. í þessum landshluta, og það gerði ég með ræðu, sem stóð innan við klukkutíma. Tilefni held ég að liggi hér fyrir okkur á hvers manns borði í formi till. og svo staðreyndir sögunnar hins vegar, sem voru raktar. Hitt verð ég að segja, að mikill misskilningur er hjá 3. þm. Austf., ef hann stendur í þeirri meiningu, að ég hafi verið að gera persónulegar árásir á einstaklingana, sem eru að brjótast í atvinnurekstri. Ég gerði ekki persónulegar árásir á Einar Sigurðsson atvinnurekanda, hv. 3. þm. Austf. Ég gerði ekki persónulegar árásir á sæmdarmann eins og Hannes heitinn Stephensen á Bildudal eða Ágúst heitinn Sigurðsson. Ég sagði bara, hvernig atvinnulífið blómgaðist á þessum tímum og hvernig það hrörnaði og hvernig það dó og hvernig fólkið þjáðist undir því, fór engum hrakyrðum um þá menn, sem þarna áttu hlut að máli, enda er ég þeirrar skoðunar og vildi hafa sagt það nógu skýrt í minni fyrstu ræðu, að ég teldi, að það væri skipulagið, brestir í því, sem yrðu því valdandi, að svona eyður kæmu, þegar einstaklingsreksturinn brygðist.

Ég kann hins vegar vel að meta það, að skapmiklum manni, atvinnurekanda eins og hv. 3. þm. Austf., honum hlaupi kapp í kinn og hann vilji verja ekki aðeins sig persónulega sem atvinnurekanda og sína frammistöðu, heldur einnig það skipulag, sem hann starfar undir og hann telur, en ekki ég, að sé hyrningarsteinn þjóðfélagsins og atvinnulíf þjóðarinnar eigi að byggjast upp á þeim grundvelli, sem hann starfar á. Ég met það því við hann, að hann kemur hér í ræðustólinn og

ræðir það hreinskilnislega og ver sitt atvinnuskipulag, eins og hann telur sig hafa aðstöðu til, og þá í leiðinni auðvitað sig og sína stéttarbræður í atvinnurekendastétt persónulega einnig, ef hann telur, að að þeim hafi verið ódrengilega vegið.

Hann sagði, að ég hefði heldur átt að lofsyngja t. d. hann fyrir þann rekstur, sem hann hefur rekið á Flateyri. Ég hef ekki lastað hann fyrir þann rekstur, sem þar er. Ég hef sagt bara Flateyringum það, að ég óttaðist, að það kynni að koma slíkt eyðutímabil í þeirra atvinnulífi sem komið hefði annars staðar þrátt fyrir álíka blómlegan atvinnurekstur einstaklings og um skeið hefur verið á Flateyri. Það hefur verið blómlegur atvinnurekstur þar að undanförnu í nokkur ár. En ég óttast einmitt, að slík eyða kunni að koma þar, og það er fólkinu dýrt, það er fólkinu þjáningarfullt og það væri áreiðanlega ekki sök fyrst og fremst Einars Sigurðssonar persónulega, það væri sök þess skipulags, sem hann starfar undir og hefur oftrú á. Hann sagði t. d.: Það er ekki sanngjarnt að bera saman samvinnurekstur og einstaklingsrekstur, bæjarrekstur og einstaklingsrekstur eða ríkisrekstur og einstaklingsrekstur. — Samvinnufélögin hafa fólkið, það er rétt. En er það ekki einmitt það, sem sýnir, að það er góður grundvöllur að byggja á að hafa fólkið? Samvinnufélagsskapurinn hefur meiri ítök í fólkinu en einkaatvinnurekandinn hefur í því. Það er kostur. Það er það, sem skapar öryggi. Og ef einkaatvinnurekandinn gæti skilið það, þá mundi hann áreiðanlega telja það sem plús við rekstrarform samvinnufélaganna að styðjast við fólkið. Bæjarfélagið hefur afl fólksins í bæjarfélaginu undir sínu rekstrarformi. Það er styrkur. Þess vegna verða ekki þessar sorglegu eyður eins tíðar undir slíkum rekstri. Það bjargast lengur, þó að á bjáti, einstaklingsgetan brestur fyrr, sem eðlilegt er, og af því skapast hörmungarnar. Og svo er aftur ríkisreksturinn. Hann, eins og tekið er fram í grg. með till. hv. 1. þm. Vestf., stendur lengst, er t. d. fær um að standa undir dýrum fyrirtækjum eins og síldarverksmiðju. Þó að síldin leggist frá um mörg ár, er þó væntanlega geta til, þegar síldin kemur aftur, að setja fyrirtækið í gang. Einstaklingurinn er þrotinn að kröftum, þegar hann er búinn að verða fyrir þessu áfalli árum saman, og megnar það ekki, og þá er kallað á ríkið, og það er sú staðreynd, sem við erum að ræða hér.

Einstaklingsreksturinn verður að berjast á eigin spýtur, sagði hv. 3. þm. Austf. Það er bæði rétt og ekki rétt. Meira að segja hv. 3. þm. Austf. hefur ekki eingöngu barizt á eigin spýtur. Hann hefur fengið ríkisaðstoð. Það er ekkert lastvert reyndar. En hann hefði ekki getað haldið úti sínum togurum, þessum gömlu togurum, sem hann tók að sér að reka og á sóma fyrir, nema með því að fá bátagjaldeyri á þann fisk, sem þessir togarar öfluðu, eins og vélbátar. Það var frá ríkinu, sem hann fékk það. Og hann hefur á fleiri hátt fengið aðstoð frá ríkinu. Þess vegna hefur það blessazt fram á þennan dag.

En við hugsum á margan hátt gerólíkt, hv. 3. þm. Austf. og ég. Hann lítur bara á það sem eðlilegastan hlut af öllu eðlilegu, að Kveldúlfur gæfist upp á Hesteyri og flytti sig til á annan stað, sem var gróðavænlegri. Þetta er alveg eðlilegur hlutur séð frá sjónarmiði einstaklingsframtaksins. Einstaklingsframtakið byggir sinn atvinnurekstur á gróðavon, en ekki á hugmyndinni um þjónustu við fólkið. Og hvað er þá eðlilegra en þeir flytji sig til eftir gróðavoninni? Og í framhaldi af þessu segir hann: Það er ekkert eðlilegra en fólkið flytji sig til með fiskinum, með síldinni, með gróðamöguleikunum. — Það er bara ekki eins auðvelt og segja það, að fátækur maður eigi að taka sig upp frá Siglufirði, frá sínu litla húsi eða frá sínum litlu eignum þar og frá sinni staðfestu, og flytjast allt í einu suður á land eða austur á firði, eftir því sem fiskgöngur eða síldargöngur skapa atvinnumöguleika. Það er ekki þjáningarlaust og ekki auðgert fyrir þá efnaminnstu. Það er auðvelt fyrir auðugan atvinnurekanda að vippa sér til, og hann gerir það auðvitað í gróðavon, aukinni gróðavon, ef hann er að flytja sín fyrirtæki af einum stað á annan.

Ég verð að segja, að það er dálítið kaldranaleg hugsun fésýslumanns, sem kemur fram í þessum orðum hv. 3. þm. Austf. að segja: Fólkið á Hesteyri, fólkið á Látrum og Sæbóli, það er eðlilegt, að það missti þarna atvinnutækin. Ég aumkast ekkert yfir það. Það fór þaðan í burtu, af því að það vildi ekki vera þarna lengur. — Undir hans mannlega svip og yfirbragði hefði ég vænzt að verða var við hlýlegri hugsanir til meðbræðranna en þessi orð hans bera vitni um.

Í lok ræðu sinnar sagði hv. þm., að það gerði gæfumuninn með Austfirðingum og Vestfirðingum, að síldin lægi nú við Austfirði, en ekki við Vestfirði. Jú, jú, það er vissulega gott fyrir Austfirðinga, að síldin skuli hallast þar að núna um nokkur ár, og þá var þeim eðlilega hjálpað til að koma þar upp síldarverksmiðjum. Nú eru til verksmiðjur á Vestfjörðum. Þar hefur síldin legið við land áður, og okkur er kunnugt um sömu reynslu og Norðmenn hafa öðlazt, síldin kemur aftur á sömu slóðir eftir lengri eða skemmri tímabil. Um 1920 lá hún við Vestfirði alveg sérstaklega. Síðan eru um 40 ár, og hún hefur verið að færast núna á vesturssvæðið smátt og smátt. Við getum þess vegna búizt við, að það komi sams konar síldargengd við Vestfirði innan fárra ára eins og var 1920, og þá hefur ríkið enga síldarverksmiðju á Vestfjörðum í rekstrarhæfu lagi, aðeins eru þessar tvær verksmiðjur í einstaklingsrekstri, sem þeir orka ekki að hreyfa.

Þetta er ekki góður búskapur. Það þyrfti sannarlega til þess að skapa aukið öryggi í okkar atvinnulífi og til þess að vera betur við því búinn að moka upp síldinni, ef hún leggst að Vestfjörðum, að vera þar ein eða tvær góðar síldarverksmiðjur, sem ríkið ætti og héldi þar við, meðan síldin leggst ekki þar að, en hefði rekstrartilbúna, þegar síldin kæmi á þær slóðir. Og það er einmitt þetta, sem hv. 1. þm. Vestf. kom auga á. Einstaklingarnir, sem eiga þarna verksmiðjur, orka ekki að halda þeim rekstrarhæfum. Þær verða þess vegna, ef þær eru í einstaklingseign, óviðbúnar, órekstrarhæfar, þegar síldin kann að leggjast að Vestfjörðum. Þess vegna þarf ríkið að eiga þarna verksmiðju. Ég er honum alveg hjartanlega sammála um það. Og það er rétt, sem í grg. segir, sé ríkið eigandi að verksmiðjum í öllum lands-

hlutum, má það búast við, að það verði að standa undir óhreyfðri verksmiðju á þessum eða hinum staðnum. En ekkert er eðlilegra. Þetta er gjaldeyrisöflun fyrir þjóðfélagið, þetta er sameiginlegt starf fyrir skipshöfnina á þessum eina báti, sem hv. 3. þm. Austf. var einmitt að tala um, þó að tekinn sé toppurinn af gróðanum á öðrum verksmiðjum, þar sem síldin leggst fastast að, til þess að skapa öryggi í öðrum landshluta. Við erum eitt samfélag, og það er eðlilegt, að ríkið geri þetta, en ekki einstaklingar, og þetta er ríkið líklegt til þess að geta, en alveg víst, að einstaklingarnir geta það ekki, jafnvel ekki þeir allra ríkustu.

Ég sé nú ekki ástæðu til að segja miklu meira. Ég hef í þessari minni seinni ræðu enn undirstrikað það, að ég er algerlega fylgjandi framkominni till. og tel, að hún byggist á mikilli þörf fólksins í Vestfjarðakjördæmi, tel, að ríkið komi þar eitt til greina að eiga verksmiðju, sem e. t. v. þyrfti að halda órekinni í nokkur ár enn, en gæti líka gefið þjóðarbúinu miklar tekjur, sem annars nýttust ekki, *ef síldin eftir 40—50 ára fjarveru kæmi* aftur að Vestfjörðum, síldin notaðist ekki, nema þar væri verksmiðja rekstrarhæf.

Ef hæstv. forseti væri ekki orðinn svona óþolinmóður, gæti ég farið mjög lofsamlegum orðum um marga einstaklingsatvinnurekendur og mundi þá aðallega lofprísa þá, þegar skilyrðin eru þeim hagkvæm og allt blómgaðist, því að það gerir það annað veifið hjá þeim, en það er eins og í sorglegri sögu, svo koma eyðurnar og svo koma skuggalegu tímabilin, þegar gallar einstaklingsrekstrarskipulagsins bitna á fólkinu sjálfu með margfalt meiri þunga og alvarlegar en á atvinnurekendunum sjálfum, jafnvel þó að þeir stundum fari þráðbeint á hausinn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 145, n. 469).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt þetta mál allýtarlega og m. a. sent till. til umsagnar Fiskifélags Íslands, stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, hreppsnefndar Árneshrepps í Strandasýslu og eigenda síldarverksmiðjanna á Djúpuvík og Ingólfsfirði. Allir þessir aðilar, sem nefndin leitaði umsagnar hjá um till., hafa mælt með því, að hún yrði samþykkt.

Nefndin hefur aðeins lagt til, að tvær smávægilegar breytingar yrðu á till. gerðar. Hin fyrri er sú, að inn í till. yrði bætt, að Alþingi skoraði á ríkisstj. að láta fram fara athugun á því fyrir næstu síldarvertíð, *hvernig stuðla mætti að starfrækslu* umræddra síldarverksmiðja. Í öðru lagi leggur n. til, að sú breyting verði gerð á till., að athugunin á því, hvar heppilegast sé að koma upp síldarverksmiðjum og feitfisksbræðslum, verði ekki aðeins látin ná til Vestfjarða, heldur verði almennt orðuð.

Þessar breytingar á till. eru ekki miklar efnisbreytingar, og ég sé ekki ástæðu til þess að fara um hana frekari orðum. Ég gerði ýtarlega grein fyrir nauðsyn þessa máls í framsögu við fyrri umr. Þess og leyfi mér að vísa til ummæla minna og fleiri, sem mæltu með till. þá, sem rökstuðnings fyrir málinu.

Að svo mæltu vil ég endurtaka, að hv. allshn. leggur til, að till. verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum, en einn nm. hefur skrifað undir nál. með fyrirvara.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og hv. frsm. gat um og kemur fram í nál. hv. allshn. á þskj. 469, *hef ég skrifað undir þetta nál. með fyrirvara.* Hefði kannske verið eðlilegra, að ég hefði skilað sérstöku nál. En ég vil taka það fram, að ég er ekki að neinu leyti að setja fót fyrir það, að það væri athugað, með hverjum hætti væri unnt að koma á vinnslu sjávarafurða á Vestfjörðum, og þá tel ég þar með Ísafjarðardjúp, eins og fram er tekið í þessari till. Það er aðalatriði þessa máls. Hins vegar verð ég að segja það, að ég tel, að það hafi ekki mikla þýðingu að fara að leggja í kostnað við það að gera síldarbræðslur á norðurströndum, Djúpuvík og Ingólfsfirði, starfhæfar, meðan svo stendur eins og hefur verið s. l. 13 ár, að ný og vönduð síldarverksmiðja, sem er á Skagaströnd, hefur aldrei haft nægilegt verkefni vegna skorts á hráefni, og jafnvel þegar svo langt er gengið, að hv. síldarbræðslustjórn leyfir sér að fara að rífa úr þessari verksmiðju dýrmæta síldarpressu og flytja hana burt, eins og sannað er að hún hefur gert og ég vil halda, að sú nefnd hafi ekki haft nokkra heimild til að gera, því að ég hef vissu fyrir því, að það er ekki gert með leyfi hæstv. sjútvmrh.

Við vitum, að á þessu sviði, *sem nú tilheyrir* Vestfjarðakjördæmi, störfuðu á tímabili 4 síldarverksmiðjur: á Sólbakka, Hesteyri, Djúpuvík og Ingólfsfirði. Allar þessar verksmiðjur hafa hætt störfum fyrir löngu vegna skorts á hráefni. Og eins og tekið er fram í grg. fyrir till., er búið að rífa verksmiðjurnar á Hesteyri og Sólbakka fyrir löngu. Hinar hafa ekki verið rifnar, en eru alveg óstarfhæfar og hafa ekki verið starfræktar, vegna þess að *þær höfðu enga möguleika vegna hráefnisskorts* á undanförnum árum, þar sem síldveiði hefur alveg brugðizt á Húnaflóa á þessu tímabili, þangað til helzt á síðasta sumri.

Ég vildi taka þetta fram, að ég skrifa undir þetta nál. með þeim fyrirvara, að ég ætlast ekki til þess, að það verði farið að leggja í mikinn kostnað við þessar tvær verksmiðjur, á meðan það er alveg víst, eins og verið hefur, að það er hægt að taka á móti þeirri síld, *sem þarna er um* að ræða, í þá verksmiðju, sem nú er starfhæf og starfandi á Skagaströnd.

ATKVGR.

Brtt. 469,1 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 469,2 samþ. með 32 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 469,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 546), með fyrirsögninni:
Till. til þál. um síldariðnað á Vestfjörðum o. fl.

11. Hagnýting síldaraflans.

Á deildafundum 3. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um hagnýtingu síldaraflans [79. mál] (A. 147).

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28., 35. og 36. fundi í Sþ., 23. marz, 5. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Við höfum fjórir þm. leyft okkur að flytja þessa till. um hagnýtingu síldaraflans. Meðflm. mínir eru hv. 4. þm. Reykn., hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Vestf. Till. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að athugaðir verði til hlítar möguleikar á að hagnýta síldarafla landsmanna betur en nú er gert og þá einkum með það fyrir augum, að sem mestur hluti síldarinnar verði fluttur út sem fullunnin neyzluvara."

Till. samhljóða þessari lá fyrir síðasta Alþingi, flutt af mér og fleirum, en var ekki afgreidd. Allshn., sem falið var að athuga hana, skilaði aldrei áliti sínu. Hér getur þó varla verið um ágreiningsefni að ræða. Það er ekki umdeilanlegt, að Íslendingum er nauðsynlegt að gera allar gjaldeyrisvörur sínar sem verðmestar. Enn fremur er það staðreynd, að Íslendingar fara ekki búmannlega með síldarafla sinn. Hv. 1. þm. Vestf. minntist réttilega á þetta í ræðu hér í gær, og hv. 11. landsk. þm. minntist einnig á þetta áðan og tók undir um það, að hér væri mál, sem þyrfti að gefa gaum, það er betri hagnýtingu síldaraflans.

Að því leyti sem síldaraflinn er nú ekki bræddur, gerður að mjöli til skepnufóðurs og áburðar og lýsi til iðnaðar, er hann fluttur að mestu út sem saltsíld, sem aðrar þjóðir vinna svo úr ýmiss konar hnossgæti til sölu á matborðin hjá sér og enn fremur til að selja enn öðrum þjóðum sem sína vöru. Eru Norðmenn og Svíar þar fremstir í flokki.

Það er talið, að síld sé sú fisktegund, sem megi gera einna fjölbreytilegasta söluvöru úr til manneldis. Sérstaklega þykir síldin hæf til niðursuðu og niðurlagningar í dósir. Síldin, sem gengur undir nafninu Íslandssíld erlendis og veidd er aðallega úti fyrir Norður- og Austurlandi, hefur það orð á sér að vera allra síldartegunda bezt til matargerðar. Íslendingar gera það, sem þeir geta, til þess að veiða þessa síld. Ekki er hægt að deila á þá fyrir það að draga af sér við að reyna að ausa henni upp úr sjónum og koma henni á land. Og í landi er söltunarhæfa síldin af mikilli fimi sett í tunnur. Við það er vakað dag og nótt, þegar á liggur. Allir, sem vettlingi geta valdið, fara þá til vinnu, til þess að koma síldinni í tunnurnar, jafnvel Kata gamla í Vörinni kemur úr körinni, eins og Halldór Kiljan segir frá í sögunni af því, þegar síldin kom eftir 17 ára fjarveru til Austurlands einu sinni. Og menn eru glaðir, þegar síðasta síldartunnan fer um borð frá hverri höfn. En hvað tekur svo við? Oft og einatt verður þá margt fólk í verstöðvunum atvinnulítið langtímum saman. En saltsíldin, sem flutt var um borð, verður verkefni í verksmiðjum erlendis, þangað fer atvinnan við að breyta henni í ýmiss konar verðmikið lostæti. Þetta er léleg búmennska. Tækifærum til þess að breyta í erlendan gjaldeyri íslenzkri vinnu er þannig ár eftir ár glatað. Á þessu verður að ráða bót. Það er engu síður mikilsvert en að veiða meiri síld, þótt auðvitað sé sjálfsagt að leggja kapp á það að veiða sem mest.

Sigurður Pétursson gerlafræðingur hefur margt fróðlegt ritað og rætt um nauðsyn þess, að Íslendingar vinni matvælavörur úr hráefnaframleiðslu sinni. Ég leyfði mér að vitna í hann, þegar ég gerði grein fyrir till. þessari í fyrra. Síðan ég gerði það hefur hann skrifað mjög fróðlega áhugamannsgrein í Tímarit Verkfræðingafélags Íslands, 4. hefti, 1959, um niðursuðuiðnað á Íslandi. Þar segir hann, að þegar sé talað um niðursuðuiðnað, sé átt við tvennt: í fyrsta lagi niðursuðu matvæla og í öðru lagi niðurlagningu matvæla. Niðursoðin eru þau matvæli, segir hann, sem sett eru í þétt ílát og síðan hituð til þess að koma í veg fyrir gerla- og sveppagróður. Niðurlögð eru þau matvæli, sem sett eru í smásöluumbúðir og rotvarin eru með salti, sykri, sýru eða öðrum rotvarnarefnum. Um síldina segir Sigurður Pétursson orðrétt í þessu sambandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Langsamlega bezti fiskurinn, sem við höfum hér til niðursuðu og niðurlagningar, er síldin, bæði smá og stór, ný eða söltuð. Slík uppspretta fyrsta flokks matvæla sem síldin er hér við Ísland á hvergi sinn líka. Eggjahvituefnin eru nauðsynlegustu næringarefni mannsins og ásamt feitinni þau dýrmætustu, en úr þeim fiski fást báðar þessar fæðutegundir í ríkum mæli. Meðal annars fiskmetis ber síldin af um næringargildi og bragðgæði, ef hún er vel verkuð og matreidd af kunnáttu, og síld veidd á Íslandsmiðum ber af annarri síld, enda heimsfræg. Má segja, að það nálgist að vera glæpur gagnvart mannkyninu að veiða Íslandssíld til bræðslu. Frá næringarfræðilegu sjónarmiði er það líka rangt að nota þennan ágæta fisk til fóðurs alidýra, því að afurðir þeirra dýra standa síldinni ekki framar sem mannafæða. Eggjahviturikt fóður handa alidýrum má vinna úr verðminni fiski og fiskúrgangi."

Þetta, sem ég nú hef lesið, er tekið upp úr grein Sigurðar Péturssonar gerlafræðings í Tímariti Verkfræðingafélagsins. Og þetta styður mjög sterklega þessa till., sem hér liggur fyrir. Niðurstöður þessa sérfræðings í greininni eru þær, að hefja þurfi víðtæka könnun á erlendum mörkuðum fyrir íslenzkar afurðir niðursoðnar, fá hingað erlenda kunnáttu-

menn í niðursuðutækni og matreiðslu slíkrar vöru og senda íslenzka menn til útlanda til þess að vinna þar í niðursuðuverksmiðjum. Skipulag í þeim efnum fæst ekki nema fyrir forgöngu ríkisins. Till. á að ýta undir ríkisforgönguna í einhverju því formi, sem við athugun þætti bezt henta.

Árið 1955 flutti fjvn. till. til þál. um, að ríkisstj. þá kveddi til þess sérfróða menn að athuga gaumgæfilega, með hverjum hætti yrði komið upp hér á landi fullkominni niðursuðu á sjávarafurðum. Enn fremur skyldi rannsakað jafnframt, hvernig ríkið gæti greitt götu þeirra aðila, einstaklinga eða félaga, sem stofna vilja til slíks iðnaðar. Þáltill. var samþykkt. Páv. stjórn skipaði nefndina. Þessir menn voru skipaðir í nefndina: *dr. Jakob Sigurðsson*, Gunnar Flóvents skrifstofustjóri síldarútvegsnefndar, Jóhann Guðmundsson skrifstofumaður og dr. Sigurður Pétursson gerlafræðingur.

Dr. Jakob Sigurðsson, sem var formaður nefndarinnar, hefur góðfúslega leyft mér að lesa samrit af áliti nefndarinnar og fylgiskjöl, sem með álitinu voru afgreidd, en n. skilaði áliti í desember 1955. Er þar mikinn fróðleik að finna, sem getur verið mikilsverð undirstaða fyrir athugun þá um hagnýtingu síldaraflans, sem þessi till., sem ég er að fylgja úr hlaði, ræðir sérstaklega um. Í nál. er tekið fram, að nefndin telji eðlilegt, að lögð verði sérstök áherzla á niðursoðna og niðurlagða síld, vegna þess að þar virðast vera langmestir möguleikar til þess að byggja upp þýðingarmikinn útflutning, sem unnið geti sér varanlega hylli í ýmsum löndum. Enn fremur vil ég taka upp úr álitinu orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, eftirfarandi:

„Það liggur fyrir samkvæmt ýmsum upplýsingum, sem fengizt hafa, að af þeim hráefnum, sem þegar hafa skapað grundvöll undir mikilvægan niðursuðuiðnað erlendis og fáanleg eru hér við land, er síldin hið eina, sem máli skiptir, og ber því fyrst og fremst að beina athyglinni að henni, þegar rætt er um möguleika til stóriðnaðar."

Í nál. segir einnig, að Norðurlandssíldin sé bezta hráefni til síldariðnaðar, sem nokkurs staðar sé hægt að fá, og síldin við Suðvesturland einnig að ýmsu leyti æskilegt hráefni til niðursuðu. Tilraunir þær, sem þegar hafa verið gerðar, hafa sýnt, segir þar, að úr henni, þ. e. Suðvesturlandssíldinni, má *framleiða ýmsar góðar vörutegundir með þeim* aðferðum, sem reyndar hafa verið.

Það, sem gera þarf, er því að notfæra hinar ódýrustu framleiðsluaðferðir og afla vörum þessum mikilla og öruggra markaða. Það er menningarleysi á sinn hátt að flytja út hráefni eins og saltsíldina óunnið, svo að ekki sé talað um að fara þannig með mikinn hluta síldaraflans, að hann verði ekki mannamatur, úr því að heiminn skortir matvæli handa mönnum. Og strax eftir að aflatíminn er úti, hefur fólkið í ýmsum verstöðvum allt of lítið að gera, en gæti, ef rétt væri á þessum málum haldið, haft miklar tekjur af vinnu við að gera úr síldinni þær vörur, sem neytendur kjósa á matborð sín. Um leið hefði þjóðin meiri erlendan gjaldeyri upp úr síldaraflanum.

Dr. Jakob Sigurðsson, sem hefur fengið mesta reynslu allra Íslendinga í þessum efnum vegna niðursuðu Fiskiðjuvers ríkisins, sem hann stóð fyrir, segir, að hægt muni vera að hafa tvöfaldan til þrefaldan gjaldeyri upp úr síld, miðað við saltsíldarsölu, með því að vinna úr síldinni á þann hátt, sem einfaldastur er, og miklu meira, ef teknar séu upp dýrari aðferðir. En hver vill hefjast handa um þetta, svo að gagni verði? Ríkið verður að mínu áliti að hafa forgönguna eða a. m. k. stýra aðgerðum og taka á sig ábyrgð, til þess að þekking, kunnátta og fullkomin vandvirkni séu viðhafðar. Án þeirra er tilgangslaust fyrir Íslendinga að ætla sér að keppa við aðrar þjóðir á mörkuðum síldarvaranna, þó að hráefnið hér sé fyrsta flokks. Mikið er undir því komið, að ekki séu farin gönuskeið, er valdi sköðum, veki ótrú og spilli söluskilyrðum. Engin fljótfærni má eiga sér stað *eða loftköst, sem Íslendingum hættir stundum* við til að byrja með og fara kollhnísur fyrir. Hins vegar má ekki kyrrstaðan lengur eiga sér stað í þessum efnum. Alþingi þarf að láta þetta til sín taka og fela framkvæmdastjórn þjóðfélagsins aðgerðir og þá fyrst og fremst að fela henni að leita um þetta tillagna fróðustu manna á viðkomandi sviðum. Það er tilgangurinn með þessari þáltill. að koma því til leiðar.

Herra forseti. Ég legg til, að umræðunni verði frestað og till. verði vísað til athugunar og umsagnar hv. fjvn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja fáein orð í sambandi við þessa þáltill. Hér er vissulega um merkilegt mál að ræða, sem *ég geri ráð fyrir að allir séu sammála* um að tæplega megi bíða lengur raunhæfra aðgerða og úrlausnar, því að segja má, að nýting okkar á síldaraflanum sé enn á frumstiginu, og við höfum ekki efni á því að halda að okkur höndum eða láta lengur reka á reiðanum í þessu efni. Ég tel ekki ástæðu til að fara út í hin almennu atriði málsins, því að hv. frsm. hefur gert þeim góð skil. En ég vil til athugunar fyrir hv. nefnd, sem fær málið til meðferðar, vekja athygli á atriðum, sem skipta miklu máli í sambandi við síldariðnaðinn.

Það er staðreynd, að við vinnslu síldarmjöls og lýsis fer allt að 30% af þurrefni síldarinnar forgörðum. Þetta er ekki nein ný uppgötvun, en samt eru t. d. síldarverksmiðjur ríkisins, sem elztar eru í starfi á þessu sviði, nú fyrst á síðustu árum að *afla sér svokallaðra soðkjarnatækja* til þess að fullnýta þurrefni síldarinnar. Aðrar síldarverksmiðjur, sem hafa risið upp á síðustu árum, hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að ráðast í þessar framkvæmdir, þótt þær hafi sífellt reynt að fá fé til þeirra.

Þess verður að geta, að þær lánsstofnanir, sem til hefur verið leitað, virðast hafa gert sér ljósa hina þjóðhagslegu nauðsyn að láta ekki lengur 30% af þurrefni síldarinnar í vinnslu fara ár eftir ár forgörðum, en þessar lánsstofnanir hafa ýmist talið sig ekki hafa neitt fjármagn og því talið sig vanmegnugar þess að láta fé til þessara framkvæmda eða þá aðrar svo lítið, að í raun og veru hefur ekki verið um að ræða, að málið leystist á þann hátt eða með þeirra aðstoð einni.

Ég á í mínum fórum rekstrar- og stofnkostnaðaráætlun fyrir soðkjarnatæki í verksmiðju, sem getur afkastað um 2500—3000 málum á sólarhring. Sú verksmiðja tók s. l. sumar á móti tæplega 140 þús.

málum síldar og fékk um 3000 tonn af síldarmjöli úr þeirri síld. En ef fyrir hendi hefðu verið soðvinnslutæki, þá hefði verksmiðja þessi fengið í viðbót milli 9 og 10 hundruð tonn af síldarmjöli, en þessi fram undir 10 hundruð tonn af mjöli runnu s. l. sumar í sjóinn, og sama hefur skeð hjá flestum eða öllum síldarvinnsluverksmiðjum til þessa dags.

Miðað við verðlag s. l. árs, var gert ráð fyrir, að tækin með nauðsynlegum breytingum og viðaukum á verksmiðjunni í sambandi við tækin mundu kosta allt að 3½ millj. kr., og miðað við síldarmjölsverð, t. d. síðastliðið haust, hefði það síldarmjöl, fram undir 1000 tonn, selst fyrir nálega 4½ millj. kr., en aukinn rekstrarkostnaður vegna soðvinnslunnar mundi hafa numið um 2 millj. og brúttóhagnaðurinn því orðið um 2½ milljón, eða um 5/7 af stofnkostnaði, — á einu ári um 5/7 af stofnkostnaðinum. Vegna verðlagsbreytinga í sambandi við stofnkostnað og eins ef til vill í sambandi við verðfall á síldarmjöli má gera ráð fyrir, að þetta dæmi sé nú ekki algerlega raunhæft og verði ekki eins glæsileg útkoma og var s. l. ár, ef nú ætti í þetta fyrirtæki að ráðast. En það má segja, að fyrr má nú vera en hægt sé á minna en tveimur árum að borga upp svona vinnslutæki.

Aðrar þjóðir, t. d. Norðmenn, munu ekki láta eina einustu síldarverksmiðju sína vanta svona tæki, en við höfum horft upp á það, eins og ég hef getið um, ár frá ári, að fram undir þriðjungur af þurrefni síldarinnar hefur farið í sjóinn.

Ég geri ráð fyrir, að það verði ekki mikil breyting í þessum efnum, nema það opinbera komi til. Þetta er stærra verkefni fyrir hverja og eina verksmiðju en hún ræður við fjárhagslega án aðstoðar. Ég er hér ekki að tala um fjárhagslegt framlag, heldur aðstoð ríkisvaldsins í, að lánsstofnanir þjóðarinnar láni fé til þess að koma svona tækjum upp.

Ég vil því vænta þess, að sú hv. nefnd, sem fær málið til meðferðar, skoði rækilega þessa hlið síldariðnaðarins, um leið og hún væntanlega tekur undir málflutning flytjenda þessarar þáltill., að reyna að bæta og verðauka síldaraflann með fullkomnari og betri meðferð til matvælagerðar en verið hefur. En síldarverksmiðjuvinnslan verður áfram í gildi, því þó að við tækjum nú rögg á okkur og reyndum að bæta vinnubrögð okkar í því efni að nýta betur og fullkomna matvælavinnslu í sambandi við síldveiðarnar, þá er vitanlega aldrei nema einhver hluti af síldaraflanum, sem kemur þannig að landi, að hann verði nothæfur til matvælagerðar eða matvælavinnslu.

Það er í raun og veru líka annað mál, sem er ástæða til að minnast á, þó að ég geti ekki dæmt um það, hvort það mál er í dag raunhæft, og það er síldarherzluverksmiðja.

Ég hef ekki kunnugleika, hef ekki kynnt mér það, hvort okkar lýsisframleiðsla er nægilega mikil til þess, að lýsisherzluverksmiðja geti grundvallazt á vinnslu þess magns. En það er sannarlega ömurleg staðreynd að geta ekki selt okkar mikla og góða lýsi, hvort sem það er síldarlýsi eða aðrar lýsistegundir, öðruvísi en sem hráefni, að þurfa að selja það sem hráefni til jafnvel keppinauta okkar, sem þá ráða algerlega verðinu, í staðinn fyrir það, að ef hægt væri að herða lýsið, sem kallað er, þá mundum við hafa miklu öruggari og viðari markað fyrir þessa ágætu og verðmiklu vöru.

Ég vildi nota tækifærið og skjóta þessum atriðum fram til athugunar fyrir þá nefnd, sem væntanlega fær málið til meðferðar.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. og 53. fundi í Sþ., 18. og 24. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 147, n. 430).

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Sú þáltill., sem hér liggur fyrir, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að athugaðir verði til hlítar möguleikar á að hagnýta síldarafla landsmanna betur en nú er gert og þá einkum með það fyrir augum, að sem mestur hluti síldarinnar verði fluttur út sem fullunnin neyzluvara."

Þessari þáltill. var skotið til fjvn., og hefur n. fjallað um till. á nokkrum fundum sínum og auk þess leitað umsagnar og fengið umsögn frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem mælir með samþykkt till.

Fjvn. hefur orðið einróma ásátt um að leggja til við hv. Alþingi, að till. verði samþ. óbreytt.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil sem 1. flm. þessarar till. þakka hv. fjvn. fyrir einróma meðmæli hennar, enn fremur þakka frsm. n. fyrir grg. hans, og ég vil líka lýsa því yfir, að ég vænti þess, að þingheimur fallist á að samþykkja till. Enn fremur vænti ég þess, að hæstv. ríkisstj. taki verklega höndum á móti till. og komi skrið með opinberum aðgerðum á það, að síldarafli landsmanna verði betur hagnýttur til sölu en átt hefur sér stað að undanförnu, og það því fremur, sem nú virðast sérstaklega slæmar horfur með það, að létt sé að koma síldaraflanum í gott verð sem þeirri vöru, sem hann hefur venjulega verið gerður að útflutnings.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 547).

12. Tónlistarfræðsla.

Á deildafundum 4. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um tónlistarfræðslu [80. mál] (A. 148).

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28., 35., 36. og 37. fundi í Sþ., 23. marz, 5. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til meðferðar, er þess efnis, að Alþingi skori á ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um tónlistarfræðslu, þar sem m. a. séu sett skýr ákvæði um aðild ríkisins að þessari fræðslu, hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við tónlistarskóla og hvaða skilyrði skólar þessir þurfi að uppfylla til að njóta ríkisstyrks.

Ástæðan til þess, að þessi till. er flutt, er sú, að tónlistarfræðsla fer nú mjög vaxandi, góðu heilli að segja má, og hafa verið stofnaðir víða um land tónlistarskólar til þess að hafa þessa fræðslu með höndum.

Þessir skólar allir starfa utan skólakerfisins, og þeir hafa ekki aðra aðstoð frá ríkisvaldinu en er fólgin í styrkveitingum til þeirra í fjárlögum hverju sinni. Styrkveitingar til þessara skóla eru mjög misjafnar. Nú eru það 13 skólar, sem njóta styrks í fjárlögum, og á síðari árum hefur mjög verið sótt á um það að fá þessa styrki hækkaða með hliðsjón af því aukna starfi, sem þessir skólar inna af höndum. Það er vitanlega litt gerlegt fyrir fjvn. Alþingis að meta það, hvernig eigi að velta styrki sem þessa, og gera sér grein fyrir því, hvert sé starf þessara skóla og að hve miklu leyti þeir séu styrks maklegir.

Það liggur nokkurn veginn í augum uppi, að skólarnir séu allmismunandi, bæði að gæðum og einnig nemendafjölda, og því eðlilegt, að þar sé nokkur mismunun á gerð. En til þess að auðið sé að finna undir slíku grundvöll, er óumflýjanlegt að setja um þetta atriði fastar reglur. Ég vil taka það skýrt fram, að fyrir flm. þessarar till. vakir ekki það, að þessi fræðsla verði tekin í hendur ríkisins og þessir skólar gerðir að ríkisskólum, síður en svo. Það er engum efa bundið, að það hefur mjög mikla þýðingu í þessu sambandi, að áhugamannasamtök standi að þessum skólum og stjórni þeim og haldi þeim að verulegu leyti uppi, svo sem gert hefur verið til þessa. En hins vegar er það jafnvíst, að ekki verður auðið að reka skóla þessa án þess, að til komi einhver aðstoð frá ríkisins hálfu, og ég held, að það sé engum efa bundið, að hér sé um slíkt nám að ræða og fræðslu, að það sé full ástæða til þess, að henni sé af opinberri hálfu gaumur gefinn og að því stuðlað, svo sem fært þykir, að fræðsla þessi geti sem víðast á landinu átt sér stað.

Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að hv. þm. geti á þetta sjónarmið fallizt, annars vegar það, að eðlilegt sé, að tónlistarfræðsla sé efld, og hins vegar, að það sé jafnframt nauðsynlegt að setja um aðstoð ríkisins fastar reglur, þar sem ákveðið sé, hvaða skilyrði skólar þessir þurfi að uppfylla til þess að njóta ríkisaðstoðar og þá að hve miklu leyti sú aðstoð skuli veitt.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið. Efnislega er grein fyrir því gerð í þeirri grg., sem till. fylgir, en vil leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. og 53. fundi í Sþ., 18. og 24. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 148, n. 426).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað till. þessa, og svo sem nál. á þskj. 426 ber með sér, mælir nefndin einróma með samþykkt till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 548).

---

13. Símgjöld bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um samræmingu símtala og símgjalda í umdæmi bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar [87. mál] (A. 163).

Á 28. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. og 36. fundi í Sþ., 5. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 163 um samræmingu símtala og símgjalda í umdæmi bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og hljóðar till. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að samræmd verði símgjöld og fyrirkomulag símtala milli Hafnarfjarðar, Garðahrepps, Bessastaðahrepps, Kópavogs, Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkur, sem eru aðilar að bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þannig að símtöl milli þessara byggðarlaga verði eigi dýrari og með sama fyrirkomulagi og innanbæjarsímtöl."

Vegna þessarar till. vildi ég með nokkrum orðum gera grein fyrir, hvers vegna hún er fram komin svo og hver er tilgangur hennar.

Mörg undanfarin ár hefur ríkt algert öngþveiti

í málefnum bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar í Hafnarfirði. Segja má, að þetta ófremdarástand hafi verið með þrennum hætti.

1) Það hefur verið algerlega ómögulegt að fá afnot af nýjum síma í Hafnarfirði um langan tíma, og var svo um áramótin 1958 og 1959, að um 500 númer skorti, til þess að hægt yrði að fullnægja eftirspurninni, og var áætlun um, að um næstu áramót, þ. e. a. s. 1960 og 1961, yrðu tæp 700 númer á biðlista, og sést af þessu, í hvert öngþveiti var komið.

2) Á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur hefur aðeins verið um 36 símrásir að ræða, en símnotendur í Hafnarfirði og nágrenni 972, en í Reykjavík tugir þúsunda. Hvernig ætlazt er til, að 36 línur fullnægi þeirri þjónustu, sem hér á að vera, innan þessa umdæmis, skilur enginn, enda ástandið þannig, að hér um bil ómögulegt er langan tíma dagsins að ná símasambandi á milli þessara svæða.

3) Þessi hluti bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þ. e. a. s. Hafnarfjörður og nágrenni, hefur notið allt annarra kjara en stærri hluti stofnunarinnar, þ. e. a. s. Reykjavík og nágrenni, sem hins vegar er miklu stærri að flatarmáli. Símtöl frá Hafnarfirði og nágrenni geta ekki staðið lengur en í 5 mínútur og eru talin sem 3 innanbæjarsímtöl. Það, sem telst með stærra svæðinu, er Reykjavík, Seltjarnarneshreppur og Kópavogur, hins vegar með minna svæðinu Hafnarfjörður, Garðahreppur og Besssastaðahreppur.

Það hljómar dálitið einkennilega, þegar það er þrisvar sinnum dýrara að hringja frá Kópavogi til Silfurtúns en frá Kópavogi til Reykjavíkur, og þannig mætti telja á ýmsan hátt.

Svona hefur ástandið verið, en hins vegar eru nú fyrirhugaðar breytingar á þessu, og vil ég jafnframt skýra frá því hér.

Árið 1958, þann 2. desember, var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að fara þess á leit við þáverandi þm. Hafnf., núv. hæstv. félmrh., að hann flytti till. til þál. um úrbætur á símamálum Hafnfirðinga. Þetta gerði hæstv. ráðh., en þessi till. varð hins vegar ekki útrædd á því þingi, en hún var á þskj. 124.

Á s. l. ári gegndi þáv. þm. Hafnf. ráðherraembætti því, sem fór með póst- og símamál. Var þá tekin ákvörðun um nokkrar úrbætur í símamálum Hafnfirðinga í samráði við póst- og símamálastjóra. Í fyrsta lagi var ákveðið að stækka stöðina í Hafnarfirði og byggja þar nýtt hús. Húsbygging þessi er nú hafin. Í öðru lagi var ákveðið að fjölga rásunum á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur í 150, og tjáði póst- og símamálastjóri mér um daginn, að það yrði gert nú í sumar. Í þriðja lagi var ákveðið að hætta við að slíta símtölin, en þess í stað telja mínúturnar og greiða samtölin á milli þessara byggðarlaga eftir lengd símtalanna, þ. e. a. s., að það hefur engin leiðréttíng fengizt á því misræmi gjaldskrárinnar, sem ég gat um hér áðan.

En hvernig koma svo þessar gjaldskrárbreytingar út? Í dag kostar 5 mínútna samtal á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur eða þessara staða kr. 2.25, en eftir breytinguna á hún að kosta 3.50, þ. e. a. s. 70 aura á mínútu. Innanbæjarsímtölin eiga hins vegar að kosta 70 aura, og eru heimiluð 600 símtöl fyrir hvern ársfjórðung. Gjaldskrárbreytingin hefur því í för með sér óhagræði fyrir þá símnotendur, sem byggja syðra símasvæðið.

En nú spyr ef til vill einhver: Er þetta ekki allt í lagi, er nokkurn tíma talað svo mikið í síma á milli þessara svæða, að viðtölin hrökkvi ekki til, þau sem leyfð eru á hverjum ársfjórðungi? Samkvæmt upplýsingum frá póst- og símamálastjóra eru í notkun nú 972 númer í Hafnarfirði og nágrenni, og á fyrsta ársfjórðungi þessa árs fóru 602 símnotendur fram yfir það, sem þeir höfðu leyfi til. Þetta er aðeins þennan eina ársfjórðung, og mætti segja mér, að þegar allt árið væri liðið, mundi hver og einn einasti símnotandi hafa farið fram yfir einhvern ársfjórðunginn.

Eins og sjá má af þessum tölum, eru notendur símans í Hafnarfirði og nágrenni miklu verr settir og hafa miklu meiri útgjöld vegna símans en aðrir notendur bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Umdæmi bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar eru orðin ein viðskipta- og verzlunarheild, og væri eðlilegra og réttara, að þessir aðilar, sem byggja þessa sömu heild, hefðu sömu útgjöld, hvort heldur þeir ættu heima í Hafnarfirði eða í Reykjavík. Höfuðborgin er af eðlilegum ástæðum miðdepill þessa svæðis, og beinast því viðskipti aðilanna á því að miklu leyti þangað. Þetta hefur í för með sér, að íbúar syðri hluta umdæmis bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar vilja að sjálfsögðu sitja við sama borð og þeir, sem byggja miðhluta og nyrðri hluta umdæmisins. Eða er réttlæti í því, að aðili, sem býr í vestasta hluta Reykjavíkur eða á Seltjarnarnesi, skuli greiða þrisvar sinnum minna fyrir símtal sitt, þegar hann hringir inn að Elliðaám, en aðili í Hafnarfirði, sem hringir til Reykjavíkur, en vegalengdin milli Seltjarnarness og Elliðaáa er jafnvel lengri en á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur?

Því verður ekki neitað, að þetta er ein og sama stofnunin, og það er ekkert réttlæti í því, að hún mismuni viðskiptavinum sínum. Þetta svæði er ein viðskipta- og verzlunarheild, og þar af leiðandi á ríkið ekki að ganga á undan og mismuna mönnum á þessu svæði.

Þegar nú símamál Hafnfirðinga og nágranna þeirra eru að fá leiðréttingar hvað snertir tvö fyrri atriðin, sem ég gat hér um áðan, er ekki óeðlilegt og full ástæða til, að í kjölfar þess sé gerð tilraun til þess að leiðrétta það misræmi, sem ég hef áður getið um, varðandi gjöld á símtölum milli þessara svæða, enda hefur sama stofnun, póstur og sími, sýnt það á öðru sviði, að hún gerir svæðunum jafnt undir höfði, þ. e. a. s. þar sem er um póstgjöld að ræða, en þau eru hin sömu í Hafnarfirði og Reykjavík.

Þá vil ég í þessu sambandi geta þess, að nú þegar hefur verið gerð leiðrétting til þess að reyna að koma á því samræmi á milli Hafnfirðinga og Reykvíkinga, sem hér er reynt að sækjast eftir, en það er með því, að hæstv. núv. ráðh., sem fer með þessi mál, hefur í samráði við póst- og símamálastjóra ákveðið að hækka innanbæjarsímtöl í Hafnarfirði úr 600 í 850. Áður hefur verið gerð tilraun til að fá leiðréttingu þessara mála. Árið 1956 ritaði þáv. þm. Hafnf., Ingólfur Flygenring, þáverandi ráðh. og gerði tilraun til þess að fá leiðréttingu þessara mála. Hann ritaði bréf um málið og óskaði leiðréttingar á þessu sérstaka atriði. Póst- og símamálastjóri

taldi þá ekki hægt að sinna málinu og það væri einfaldlega af tæknilegum ástæðum, slíkt yrði ekki hægt að gera, og slíkt væri ekki mögulegt, fyrr en búið væri að leggja mun stærri streng á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, sem hefði mun fleiri rásir þar á milli, auk þess að byggt yrði nýtt símahús í Hafnarfirði. Nú er þetta ákveðið, og nú er þetta að komast í framkvæmd. Þess vegna er ekkert því til fyrirstöðu, að þessi leiðréttíng nái fram að ganga, ef ekki vantar viljann hjá þeim, sem um þessi mál fjalla. Ég hef rætt þetta við núverandi ráðherra og vildi mega vona, að þar væri um velvilja að ræða, en það eru ýmsir aðrir embættismenn, sem þarna koma til greina.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, óska eftir því, að umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 7. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. og 53. fundi í Sþ., 18. og 24. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 163, n. 425).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem till. þessi ber með sér, er efni hennar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að samræma símgjöld og fyrirkomulag símtala á tilteknu svæði hér í nágrenni Reykjavíkur. Fjvn. er sammála um það, að sanngjarnt sé, að þessi breyting verði á gerð, þar sem svæði þetta allt er á sama símakerfi. Hins vegar má gera ráð fyrir því, að það þurfi ýmsar tæknilegar ráðstafanir og breytingar að gera, til þess að þetta geti á komizt, og þykir því n. rétt að leggja til, að inn í till. verði bætt, svo sem segir á þskj. 425, þeim fyrirvara, að þetta verði gert svo fljótt sem auðið er, þannig að það er ekki hugmyndin þó með þessu, að það verði á neinn hátt óeðlilega dregið, heldur er það sem sagt aðeins eðlilegur fyrirvari, til þess að fáist nægilegt svigrúm til að koma þessum framkvæmdum og breytingum á.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir þær undirtektir og þá afgreiðslu, sem till. sú, er ég flutti á þskj. 163 um samræmingu símtala og símgjalda í umdæmi bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, hefur fengið.

Ég get fyrir mitt leyti mjög vel fallizt á þá breytingu, sem n. leggur til að gerð verði á till., enda er það kjarni málsins, að sú skipan, sem till. gerir ráð fyrir, verði framkvæmd svo fljótt sem auðið er.

Ég gerði í framsögu minni grein fyrir þessum málum og tel ekki ástæðu til þess að endurtaka það hér. En samþykkt till. gerir ráð fyrir þeirri meginbreytingu á fyrirkomulagi þessara mála, eins og þau eru í dag og eins og þeim er ætlað að verða, að í stað þess að Hafnfirðingar og nágrannar þeirra greiði miklu hærra gjald fyrir viðtöl til Reykjavíkur en innanbæjar, þá hefur Alþingi að samþykktri þessari till. lýst yfir þeim vilja sínum, að þessi mismunur verði leiðréttur, þannig að símtöl á milli þessara byggðarlaga, sem eru í umdæmi bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, verði eigi dýrari og með sama fyrirkomulagi og innanbæjarsímtöl, og sú skipan, sem ætlað var að kæmi til framkvæmda nú á næstunni, þ. e. a. s. símtöl greidd eftir tímalengd, sé þar með úr sögunni.

Framkvæmd þessarar till. heyrir undir hæstv. póst- og símamálaráðherra. Ég er fullviss af viðtölum við hæstv. ráðh., að hann skilur mjög nauðsyn þessarar breytingar, sem hér um ræðir, og hann muni láta hraða framkvæmdum þessa máls.

ATKVGR.

Brtt. 425 samþ. með 34 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 549).

14. Klak- og eldistöð fyrir lax og silung.

Á deildafundum 15. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung [93. mál] (A. 186).

Á 28. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35., 36. og 37. fundi í Sþ., 5. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Till. til þál. um eldisstöð fyrir lax og silung, sem ég hef leyft mér að flytja hér á hv. Alþ. ásamt 5 þm. úr Norðurlandskjördæmi eystra, hefur nú legið hér allengi fyrir Alþ., og síðan þeirri till. var lýst í þingfréttum, hafa borizt hingað til Alþ. mjög margar áskoranir um að samþykkja þessa till. Auk þess hafði búnaðarþing þetta mál til meðferðar núna ekki alls fyrir löngu og var mjög á sömu línu og fram kemur í þessari till.

Ég hafði hugsað mér að tala dálítið fyrir þessu máli hér, því að ég tel það mikilsvert, en eftir ósk hæstv. forseta vil ég vera ákaflega stuttorður og get þar af leiðandi varla farið út í málið og verð að vísa til þeirrar grg., sem fylgir till. ásamt löngu bréfi og skýringum á þessu máli frá veiðimálastjóranum, sem er prentað með till.

Þetta er að mínu áliti mjög mikilsvert mál, að taka nú til meðferðar það verkefni að ala upp og rækta lax og silung í eldisstöðvum svipað og gert

er nú víða erlendis. Bæði Bandarikjamenn og Danir og margar þjóðir aðrar hafa komizt talsvert langt í því að ala upp fisk, klekja út fiskahrognum og ala fiskinn upp, þar til hann er orðinn nokkuð stálpaður, og sleppa honum þá fyrst í ár og vötn, og þá er fiskurinn kominn yfir það timabil ævinnar, þegar mest vanhöld verða á ungviðinu. Í öðru lagi er það nú mjög framkvæmt víða erlendis að ala fisk upp beinlínis, þangað til hann er orðinn það vaxinn, að hann er markaðsvara. Þetta er nokkurs konar kvikfjárrækt, og á þessu sviði álít ég að mjög miklir möguleikar séu fyrir hendi hér á landi. En eins og ég lofaði hæstv. forseta, þá skal ég ekki ræða málið neitt teljandi hér. Ég held, að það sé víst, að áhugi sé fyrir málinu, og til að sýna það ætla ég að lesa upp lista yfir þær áskoranir, sem borizt hafa hv. Alþ. út af þessu máli, síðan það kom fram.

Það er áskorun frá Veiðifélagi Rangæinga, Veiðifélagi Árnesinga, frá Stangveiðifélaginu Fossum, Reykjavík, frá Veiðifélagi Víðidalsár í Húnavatnssýslu, frá Veiðifélagi Vatnsdalsár í Húnavatnssýslu, frá Sambandi ísl. stangveiðimanna, frá Stönginni h/f, Reykjavík, frá Veiðifélagi Reykdæla, Suður-Þingeyjarsýslu, frá Veiðifélagi Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, frá Stangveiðifélagi Stykkishólms, frá Stangveiðifélagi Reykjavíkur, frá Stangveiðifélagi Austurlands, frá Stangveiðifélagi Hafnarfjarðar, frá Sambandi ísl. veiðifélaga, frá Veiðifélagi Norðfjarðar, frá Stangveiðifélagi Bolungavíkur, frá Veiðifélagi Þverár, Síðumúla, frá fiskiræktar- og veiðifélagi Úlfarsár, Blikastöðum, frá Stangveiðifélagi Ísafjarðar, frá Stangveiðifélagi Borgarness, frá Veiðifélaginu Straumum, frá Veiðifélagi Miðfirðinga, frá Veiðifélagi Fnjóskár í Suður-Þingeyjarsýslu, frá Veiðifélagi Hrútafjarðarár, frá Veiðifélagi Flóka, Laugarási, frá Veiðifélagi Akraness.

Þetta eru þær áskoranir, sem ég hef orðið var við hér á hv. Alþ., að borizt hafa um að samþ. þessa þáltill., og geta þær verið fleiri og eiga sennilega eftir að koma fleiri, því að síðast í dag komu fram tvær.

Þá vil ég að lokum vænta þess, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþ. þessa áskorun til ríkisstj., sem er þannig vaxin, að það þarf ekki að breyta lögum, því að í lögum frá 1957 um lax- og silungsveiði er heimild til þess að setja upp uppeldisstöð fyrir þessa fiska. Að sjálfsögðu þarf til þess fé, og eftir lauslegri áætlun, sem komið hefur frá veiðimálastjóra um að setja upp slíka stöð hér á landi á hentugum stað, mundi það kosta í kringum 4—5 millj., en eftir áætlun hans er gert ráð fyrir því, að sá kostnaður geti skipzt á fjögur ár.

Ég vil svo óska þess, að þessu máli verði vísað til fjvn., því að ég tel það eðlilegt, að hún fjalli um þetta mál, þar sem það kemur sennilega til hennar kasta að fjalla um það, hvort ætlað verði fé til þessara hluta nú á næstu árum.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. og 53. fundi í Sþ., 18. og 24. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 186, n. 424).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað till. og leggur einróma til, að hún verði samþykkt.

Till. fjallar um það, að Alþingi skori á ríkisstj. að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung á hentugum stað í landinu, svo fljótt sem við verður komið, á grundvelli X. kafla laga frá 1957, um lax- og silungsveiði, en í þeim lögum er ríkisstj. heimilað að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum.

Verkefni þessara stöðva, segir m. a. í lögunum, er, að þær afli seiða til fiskræktar og geri tilraunir með klak og eldi fisks. Þær skulu og veita fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið.

N. sendi veiðimálastjóra till. til umsagnar, og mælir hann með samþykkt hennar. Í áliti veiðimálastjóra segir m. a. um kostnaðarhliðina, með leyfi hæstv. forseta:

„Í bréfi til landbrn., dags. 6. jan. s. l., lagði ég til, að notuð yrði heimild í 82. gr. laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði, til þess að koma upp tilraunaeldisstöð á vegum ríkisins, sem lokið yrði að koma upp fyrir árslok 1963. Gerði ég lauslega áætlun um kostnað við byggingu slíkrar stöðvar, sem ætla má að verði alls 3—4 millj. kr. Um kostnað við byggingu slíkrar stöðvar er ókleift að segja nánar, fyrr en henni hefur verið valinn staður og áætlun hefur verið gerð um byggingarkostnaðinn í einstökum atriðum. Á fyrsta ári, sem yrði notað til undirbúnings byggingar stöðvar, er gert ráð fyrir, að kostnaður verði 100 þús., næsta ár verði hann 500 þús. og það, sem á vantar á heildarkostnaðinn, mundi þurfa að hálfu hvort árið 1962 og 1963.

Í nefndu bréfi var lagt til við ráðuneytið, að liðurinn 30. d, Kostnaður við eldistilraunir, á 16. gr. fjárlaga fyrir árið 1960 yrði hækkaður um 100 þús. kr. til að standa undir kostnaði við undirbúning og áætlun um tilraunaeldisstöð, og hefur hæstv. fjvn. samþykkt hækkunina."

Með grg. fyrir till. eru prentaðar sem fskj. till. veiðimálastjóra til landbrn. um, að ríkið reisi fullkomna tilraunastöð. Þessi grg. er fróðleg og flytur ýtarlegar upplýsingar um málið.

Ég vil svo að lokum geta þess, að fjöldamargir aðilar hafa hvatt til þess, að slík eldisstöð, sem till. fjallar um, verði reist, og má í því sambandi benda á síðasta búnaðarþing, landssamband veiðifélaga og landssamband ísl. stangveiðimanna.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil einungis þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu á þessari till., og eindregin meðmæli með henni. Einnig vil ég vænta þess, ef till. verður samþykkt, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að framkvæma hugmyndina um fiskeldisstöðvar eins fljótt og tök eru á, enda veit ég, að fyrir liggur áhugi a. m. k. sumra ráðherra í hæstv. ríkisstj. fyrir því.

Þetta er að mínu áliti mjög mikilsvert mál. Það lýtur að því að taka tæknina í þjónustu klaks og fiskeldis, svo sem nú er mjög tíðkað víða erlendis, og auka fiskistofna í ám og vötnum í landinu. Og samkv. reynslu erlendis nú hin síðustu ár er það

vafalítið eða raunar vafalaust mál, að það er hægt að stórauka lax og silung hér í vötnum á næstu árum, ef rétt er á þessum málum haldið og lagt er út í þann kostnað, sem hér er gert ráð fyrir.

Einnig blasir það við, að hægt er að rækta fiska í vötnum á svipaðan hátt og húsdýr eru ræktuð og hafa verið ræktuð um langan tíma, og mjög er líklegt, að sú fiskrækt, sem t. d. Danir framkvæma nú mikið með regnbogasilung, geti vel átt við hér á landi eins og í öðrum löndum. Það virðist vera mjög mikill markaður fyrir þessa vöru þar og líkur til, að svo verði einnig hér, ef við tækjum slíka framleiðslu upp. En fyrsta verkefni okkar að því er snertir fiskrækt álít ég þó að sé að auka laxinn og silunginn í ánum og vötnunum, og það er mjög mikilsvert atriði. Og áreiðanlegt er, að það er mikill hugur í landsmönnum í þessa átt nú, því að yfir Alþingi hefur svo að segja rignt áskorunum um að samþykkja þessa tillögu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 553).

15. Fiskileit á Breiðafirði.

Á 28. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um fiskileit á Breiðafirði [100. mál] (A. 221).

Á 35. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36., 37. og 40. fundi í Sþ., 6. og 19. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. þessi, sem flutt er af þingmönnum Vesturlandskjördæmis, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara rannsókn á humar-, rækju- og smásíldarmagni í Breiðafirði og við Snæfellsnes til að kanna grundvöll fyrir niðursuðuverksmiðju í Stykkishólmi.“

Höfuðástæða fyrir því, að þessi till. er fram komin, er sú, að undanfarin ár hefur mikinn hluta árs verið stopul atvinna í Stykkishólmi. Vélbátaútgerð hefur þar af ýmsum ástæðum farið heldur minnkandi, enda lengra að sækja á mið en frá verstöðvum vestar á Snæfellsnesi. Stykkishólmsbúar hafa að vísu gert mjög myndarlegt átak, þar sem þeir hafa sameinazt um útgerð togarans Þorsteins þorskabíts, en ástæða er til þess að ætla, að rétt sé að gera, ef unnt reynist, ráðstafanir til þess, að atvinnulíf verði þarna að einhverju enn fjölbreyttara.

Mál þessi hafa verið rædd af hreppsnefnd Stykkishólms og við helztu atvinnurekendur staðarins, og er það sameiginleg hugmynd manna vestur þar, að æskilegt sé að fá leitað að humar-, rækju- og smásíldarmiðum á Breiðafirði í þeirri von, að hægt verði að hefja slíkar veiðar á Breiðafirði og auka atvinnu með vinnslu þess afla.

Það er viðurkennt, að við Íslendingar göngum hvergi nærri nógu langt í því að fullnýta það hráefni, sem við drögum úr sjó og mun vera eins gott og slíkt hráefni er fáanlegt nokkurs staðar í veröldinni. Það er því mikið talað um það að reyna að nýta sjávaraflann betur og m. a. mikið talað um að auka niðursuðu, og hafa ýmsar tillögur og hugmyndir komið fram hér á Alþingi í þá átt. Ef slík leit, sem hér er farið fram á, leiddi til þess, að það fyndust rækju- eða humarmið í Breiðafirði, mundi þó vera hægt að nýta þau, áður en niðursuðuverksmiðja risi, því að slíkur afli hefur með ágætum árangri verið frystur á öðrum stöðum á landinu og vinna við hann verið allmikil.

Ég vil benda á, að fé hefur verið veitt í fjárl. til fiskileita, svo að ekki mun þurfa að gera sérstakar ráðstafanir á því sviði, ef Alþingi vildi fallast á að lýsa þeim vilja sínum, að rannsóknir á humar-, rækju- og smásíldarmagni í Breiðafirði færu fram.

Ég vil svo að lokum leggja til, að umræðu um till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Sú till. til þál., sem hér liggur fyrir til umr., fjallar um að fela ríkisstj. að láta fram fara rannsókn á humar-, rækju- og smásíldarmagni í Breiðafirði og við Snæfellsnes. Þessi till. gefur mér tilefni til þess að víkja nokkrum orðum að rækjuleit og rækjuveiði.

Leit að rækjum á Breiðafirði mun hafa farið fram a. m. k. tvisvar sinnum. Fyrir fjórum árum var hafin leit að rækjum á Breiðafirði af vélbát frá Ísafirði, og fundust þá rækjumið, og mér er það minnisstætt, að ég spurði þann mann, sem þá annaðist þá leit, hvað hann teldi um rækjumið á Breiðafirði, og hann taldi, að þar mundu vafalítið finnast rækjumið eða væri vafalítið hægt að veiða þar rækju, sem væri vinnsluhæf. Fyrir tveimur árum mun aftur hafa farið fram leit að rækjum á Breiðafirði, og enn fundust þá rækjumið, en rækjan mjög smá, þannig að ekki virtist mundu borga sig að vinna þá rækju.

Þessar leitir gefa vafalítið ekki tilefni til þess að fullyrða, að ekki megi veiða rækju á Breiðafirði, sem vinnsluhæf gæti talizt. En það væri full þörf á því, að þetta yrði rannsakað, eins og till. raunar gerir ráð fyrir, og það um fleiri fisktegundir en bara rækjuna eina.

Rækjuveiði hefur almennt verið stunduð við Ísafjarðardjúp nú um nokkuð langan tíma og einnig í Arnarfirði og hefur gefið þar nokkuð góða raun, verið drjúg atvinnubót í þessum byggðarlögum. Mikil gróska hefur hlaupið í þennan atvinnuveg nú á s. l. ári, og það er kannske það, sem gefur mér sérstaklega tilefni til þess að minnast á þetta lítillega. Í fyrra stunduðu 6 bátar rækjuveiði á Ísafjarðardjúpi, en nú í ár eru bátarnir orðnir 16. Ástæðan fyrir þessu er vafalítið sú, að með stórvirkari tækjum hefur skapazt möguleiki í landi til þess að nýta rækjuna að magni til mun meira en

verið hefur undanfarið, því að á s. l. ári voru fluttar til landsins tvær stórar rækjupillunarvélar og settar upp, önnur á Ísafirði og hin í Álftafirði, og taka þær að sjálfsögðu við æðimiklu magni, þar sem um vélpillun er að ræða.

Sú mikla fjölgun báta á þessum veiðum, sem ég drap á, veldur ýmsum mönnum nokkrum áhyggjum fyrir vestan. Þegar svo mikil aukning verður og svo mikil aukin ásókn á rækjumiðin, er hætt við því, að rækjustofninn geti goldið afhroð við þetta, og mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið til fullnustu rannsakað, hvað rækjustofninn kann að þola á þessum slóðum. Að vísu mun Fiskifélagið hafa látið rannsaka þetta fyrir hálfu ári, eða á s. l. hausti, og aftur nú fyrir skömmu, en opinberlega liggur ekkert fyrir um það, hvað rækjustofninn kann að þola. En eins og ég segi, eru menn dálítið uggandi um það, að þessar veiðar séu stundaðar kannske af of miklu kappi. Þessi rækjuvinnsla á Ísafirði hefur verið, eins og ég gat um, æðimikil búbót fyrir fjölda manna, og þó að hún ein sé ekki orsök þess, að þar hefur mjög birt yfir öllu atvinnulífi og fjárhagsafkomu fjölda manna, þá er hún þó styrkur grundvöllur undir það að hafa bætt afkomu manna þar á undanförnum árum. Ég get aðeins sem dæmi nefnt, að vinnulaun við rækjuvinnslu á Ísafirði nema tugþúsundum króna vikulega þann tíma, sem rækjan er unnin. Vinnan er auk þess þannig framkvæmd, að þetta er ákvæðisvinna, og það eru húsmæður, sem geta hlaupið í þessa vinnu, ef svo mætti segja, á milli máltíða, og þarna skapast og nýtist vinnuafl, sem trauðla kæmi annars til nota í útflutningsframleiðslunni.

Ég hef minnzt lítillega á þetta, rækjuna við Ísafjarðardjúp, vegna þess að sá ágangur, sem á miðin er núna, er talinn, eins og ég gat um áðan, af sumum vera fullmikill. Og þó að það sé dálítið frávik frá þeirri till., sem hér liggur fyrir, vildi ég þó ekki sleppa því tækifæri og beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að þetta yrði athugað.

Rækjan veiðist á vissu tímabili, þ. e. a. s. hún veiðist í níu mánuði ársins, frá því í byrjun ágústmánaðar og þangað til í endaðan apríl eða byrjun maí, fer nokkuð eftir árstíðum og nokkuð eftir því, hvernig veðurfar er, að því er virðist, t. d. virðist rækjuveiðinni núna ætla að ljúka mun fyrr en ella vegna hlýinda, sem hafa verið í vetur.

Ástæðan til þess, að menn halda, að ofveiði kunni að vera á rækjumiðunum, er m. a. sú, að á undanförnum árum, þegar bátarnir voru mun færri, tók veiðiförin frá Ísafirði oft ekki nema sex til átta eða níu tíma, en nú tekur þetta a. m. k. tvöfalt lengri tíma en var, og rækjan virðist vera mun smærri en rækjan, sem áður veiddist. Þær áhyggjur, sem menn hafa af þessu, eru, eins og ég sagði, ekki ástæðulausar vegna þess, hvað þetta er þýðingarmikill atvinnuvegur í þeim sjávarplássum, sem þessa hafa notið á Vestfjörðum. Á ég þar við bæði Bíldudal og Ísafjörð og raunar Bolungavík og Hnífsdal líka, því að auk þeirra tveggja stórvirku rækjupillunarvéla, sem eru á Ísafirði og í Súðavík, eru fimm rækjuverksmiðjur aðrar við Djúpið, svo að það er ærið mikið magn, sem þessar verksmiðjur geta afkastað. Þessi atvinnuvegur er, eins og ég sagði, mjög þýðingarmikill fyrir þessi byggðarlög, og því ætti að vera verðskuldaður gaumur gefinn að reyna að rannsaka, hvað þessi rækjumið þola. Þetta er styrkur grundvöllur undir fjárhagsafkomu fjölda heimila, og þessi byggðarlög geta bókstaflega ekki án þessarar vinnslu verið. Það ætti því að vera eðlilegt, að það yrði gerð gangskör að því að láta rannsaka þetta og gera samræmda leit, ekki síst þar sem fyrir hv. Alþingi liggja nú tvær till. um rækjuleit, þó að þessi till., sem hér liggur fyrir nú til umr. á þessu stigi, sé um viðtækari leit, eða bæði að humar- og smásíldarmagni. Önnur till. liggur fyrir hv. Alþingi um rækjuleit fyrir Austfjörðum og brtt. um rækjuleit fyrir Norðurlandi.

Mér er kunnugt um, að rækjuleit hefur farið fram fyrir Norðurlandi, þó ekki á mjög gaumgæfan hátt. Það var leitað að rækju á Húnaflóa, og fannst rækja þar, og það hefur verið leitað að rækju á Skagafirði og einnig fundizt rækja þar, og sömuleiðis norður af Siglufirði mun hafa fundizt rækja, stærri rækja en almennt veiðist innfjarða á Vestfjörðum. Þetta gæti því orðið allverulegur atvinnuvegur, ef skipuleg leit gæfi þær upplýsingar, að rækja fyndist hér víða við land. Sú rækja, sem veiðist á Vestfjörðum, er smærri en sú rækja t. d., sem frændþjóðir okkar veiða, því að það er hin svokallaða úthafsrækja og er stærri. Einnig er mismunur á rækjunni, sem veiðist hér við land. T. d. er Arnarfjarðarrækjan mun stærri en sú rækja, sem veiðist við Ísafjarðardjúp.

En hvað um það, það er mjög þýðingarmikið, að þessu sé fullur gaumur gefinn, og vildi ég mega beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta til athugunar, að það yrði unnt að samræma þær till., sem hér liggja fyrir, þannig að skipuleg leit yrði hafin að rækju og rannsakað yrði, hvað rækjumiðin á þeim slóðum, þar sem rækjur hafa verið veiddar undanfarið, þola.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 221, n. 465).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. þessi er þess efnis, að Alþingi feli ríkisstj. að láta fram fara rannsókn á humar-, rækju- og smásíldarmagni í Breiðafirði og við Snæfellsnes til þess að kanna grundvöll fyrir niðursuðuverksmiðju í Stykkishólmi, og er málið upp tekið að frumkvæði hreppsnefndar þar heima fyrir.

Allshn. hefur fjallað um till. og er sammála um að mæla með samþykkt hennar, þó með þeirri breytingu, að n. vill ekki á þessu stigi málsins takmarka athugunina við Stykkishólm, en breyta orðalagi þannig, að kannaður verði um leið grundvöllur fyrir niðursuðuverksmiðju við Breiðafjörð. Með þessari breyt., sem er á þskj. 465, mælir allshn. einróma með því, að till. verði samþykkt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Um till. á þskj. 221 er ekki nema gott eitt að segja, en í sambandi við hana vil ég minna á það, að þegar fjárl. voru til afgreiðslu í vetur, gerðum við framsóknarmenn till. um það, að fjárveiting til fiskimiðaleita væri aukin. Ég færði þá rök fyrir því, sem var rökstutt af álitsgerð Fiskifélagsins, að það væri ekki hægt að sinna þessum málum, nema fjárveiting væri verulega aukin frá því, sem lagt var til í fjárlagafrv.

Í fjvn. liggur fyrir hliðstæð till., sem er um rækjumiðaleit fyrir Austurlandi, og afgreiðslu hennar er ekki lokið frá nefndinni, eingöngu af því, að það er verið að athuga möguleika á fjármagni til þess að framkvæma hana.

Enda þótt svo fari nú, að fjármagn til þess að framkvæma þessa fiskileit, sem hér er gert ráð fyrir, verði ekki til staðar á þessu ári, treysti ég því, að samþykkt þessarar till. megi verða til þess, að hv. Alþ. eða ráðamenn hér á hv. Alþ. verði skilningsbetri á nauðsyn málsins en þeir voru við afgreiðslu síðustu fjárlaga.

ATKVGR.
Brtt. 465 samþ. með 33 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 554).

16. Þjóðháttasaga Íslendinga.

Á 11. fundi í Sþ., 3. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um þjóðháttasögu Íslendinga [46. mál] (A. 79).

Á 17. og 20. fundi í Sþ., 24. febr. og 2. marz, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 79 flyt ég ásamt fimm öðrum þingmönnum Framsfl. till. til þál. um þjóðháttasögu Íslendinga. Till. sjálf og grg., sem henni fylgir, skýrir þetta mál svo, að ekki er þörf á að reifa það með langri ræðu.

Íslendingar hafa oft verið nefndir söguþjóðin, enda ávallt lagt rækt við sögu sína. Þau menningarafrek að skrá Íslendingasögurnar skipa íslenzku þjóðinni á bekk með menningarþjóðum, en hin sérstæða menning þjóðar vorrar veitir henni framar öllu öðru rétt til sjálfstæðis. Þótt þau sögurit, er síðan hafa verið skráð, séu af annarri gerð en Íslendingasögurnar og nái ekki slíkri reisn sem þær, hefur sú gifta fylgt þjóðinni, að þráður sögunnar er óslitinn, frá því að land var numið. Það er meginstyrkur íslenzkrar menningar.

Á síðari árum hafa ýmis verk verið unnin á sviði íslenzkra sagnfræða, sem vert er að sé gaumur gefinn. Má í þessu sambandi nefna, að fyrir tilhlutun menntamálaráðs er unnið að því að rita sögu Íslendinga, og hefur Bókaútgáfa menningarsjóðs þegar gefið út nokkur bindi af því verki. En sú saga er fyrst og fremst um þá menn, sem lifað hafa og starfað í landinu, þeirra aðstöðu og verk, um stjórnarskipun þjóðarinnar og sjálfstæðisbaráttu.

Benedikt Gröndal skáld hafði hug á að rita norræna þjóðmenningarsögu og mun hafa haft á prjónum árum saman samhliða öðrum verkum að safna efni í slíkt rit. Hann mun hafa gert drög að efnisskipun þess ritverks og birti eitt sinn lista, þar sem taldir voru hátt á annað hundrað efnisþættir, sem fjalla skyldi um í slíku riti. Því miður auðnaðist honum ekki að ljúka þessu stórvirki, og enginn Íslendingur hefur síðan færzt í fang að semja þjóðmenningarsögu svo viðtæka sem Benedikt Gröndal hugsaði sér, en um einstök atriði þess efnis hefur verið fjallað.

Jónas Jónsson tók sér fyrir hendur að semja rit um íslenzka þjóðhætti. Hann markaði viðfangsefni sínu þrengra svið en Benedikt Gröndal hafði ætlað sér. Rit Jónasar er hið merkasta, svo langt sem það nær. Þegar það er metið, ber að hafa í huga, að það er verk eins manns unnið í hjáverkum mitt í önn dagsins á síðari hluta ævi hans og án þess að hann nyti til þess verulegrar fjárhagsaðstoðar. Þetta rit er samt svo stutt ágrip af þjóðháttasögu, að það gerir þessu efni engan veginn viðhlítandi skil. Iðnsaga Íslands veitir mikla fræðslu um þróun iðnaðar hér á landi, þó að þar við megi auka. Í fleiri ritum er vikið að íslenzkum þjóðháttum á ýmsum tímum, svo sem í riti Guðmundar Finnbogasonar: „*Íslendingar*", og riti Jóns Aðils: „Gullöld Íslendinga", en um íslenzka þjóðhætti er samt engin samfelld saga, heldur sundurleitar heimildir, og mikið af því efni er einungis geymt í minni manna.

Á öllum öldum hafa þjóðhættir tekið einhverjum breytingum, en aldrei hafa þær orðið jafnhraðar og stórfelldar sem á síðustu árum. Skipun byggðarinnar í landinu hefur þróazt mjög ört á þá leið, að meiri hluti þjóðarinnar býr nú í þéttbýli. Atvinnuhættir hafa gerbreytzt á stuttum tíma, ný tæki rutt sér til rúms, en hin eldri verið lögð til hliðar og vinnubrögð tekið stakkaskiptum í samræmi við það. Þeir, sem nú eru frumvaxta, vita ekki skil á því af eigin raun, hvaða aðstöðu foreldrar þeirra áttu lengst af við að búa, svo gagngerar hafa breytingarnar orðið á stuttum tíma.

Flestum, sem um þetta hugsa, mun verða ljóst, að þess þarf vel að gæta, að ekki bresti í höndum núlifandi kynslóðar mikilvægur þáttur íslenzkrar menningar, þannig að samhengið slitni. Ýmissa ráða hefur verið leitað til að koma í veg fyrir, að tengsl milli fortíðar og nútíðar rofni á þessu sviði. Þjóðminjasafnið hefur verið eflt, byggðasöfnum komið upp í ýmsum héruðum og kvikmyndir gerðar af nokkrum þáttum út atvinnulífinu. Þetta er gott, en þó ekki fullnægjandi. Söguþjóðin getur ekki látið sér nægja minna en skráða þjóðháttasögu, svo skilmerkilega og fullkomna sem kostur er. Meginefni þjóðháttasögu verður nákvæm lýsing á þróun íslenzkra atvinnuvega. Í slíku riti ber þó jafnframt að fjalla um fleira, svo sem ferðalög á landi og sjó, heimilishætti, húsbúnað, félagsstörf og samkomur.

Flutningsmönnum þessarar till. er það kunnugt,

að unnið er að því að kanna heimildir um vissa þætti þessa efnis. Í fjárlögum fyrir árið 1959 eru veittar til þjóðfræðasöfnunar 30 þús. kr. Fyrir það fé er unnið að því fyrir forgöngu og með umsjá þjóðminjavarðar að safna heimildum um vissa þætti landbúnaðarstarfa. Lúðvík Kristjánsson ritstjóri hefur unnið að því árum saman að safna efni í skilmerkilega sögu um þróun bátaútvegsins. En hann mun eiga allangt í land með að ljúka verkinu og skrá þá sögu, og hann hefur ekki haft tök á að fjalla um aðra þætti sjávarútvegsins. Þetta sýnir, að ýmsir hafa áhuga á þessu máli, enda mun það verða æ augljósara, er tímar líða, að það er mikilsvert menningaratriði, að ekki sé látið undir höfuð leggjast að taka þetta mál föstum tökum.

Í ýmsum ríkjum, þ. á m. í nágrannalöndum okkar, mun menningarsögu þjóðanna vera meiri og meiri gaumur gefinn. Um skeið mun hafa verið unnið að því á Norðurlöndum að koma á fót samnorrænni þjóðfræðastofnun, og mun Íslandi hafa verið gefinn kostur á því að gerast aðili að þeirri stofnun. Að því er ekki vikið í þessari till., og samþykkt hennar hefur ekki áhrif á afstöðu Íslands í því efni. Í till. þessari er ekki gert ráð fyrir nýrri þjóðfræðastofnun hér á landi. Það er skoðun okkar flutningsmanna, að auðið sé að láta vinna merkileg verk og þýðingarmikil á þessu sviði án þess að koma á fót nýrri ríkisstofnun. Við teljum sjálfsagt að veita þjóðminjasafninu aukinn stuðning til þess að framkvæma þá heimildasöfnun á þessu sviði, sem það hefur átt frumkvæði að og þegar hafið. Og að því er stefnt með till. að fá heimspekideild Háskóla Íslands og menntamálaráð til þess að veita liðsinni við framkvæmd þessa máls og að samráð séu höfð og samvinna við Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna.

Undirbúning að útgáfu þjóðháttasögu má greina í þrjá þætti, heimildasöfnun, ritstörf og útgáfu ritsins. Við söfnun heimilda þarf að sýna mikla alúð og nákvæmni. Skráðar heimildir um þetta efni eru ekki fullnægjandi, þótt kannaðar séu. Vinda þarf bráðan bug að því að skrásetja margt um þetta efni eftir frásögn núlifandi manna. Það er ætlun okkar flm., að n., sem skipa á samkv. þessari till., hafi forgöngu um, að skipulega sé unnið og markvisst að söfnun heimilda og með þeim hraða, sem fært þykir. Jafnskjótt og aflað hefur verið fullnægjandi heimilda að dómi n. um hvern meginþátt þessa efnis fyrir sig, verði hafizt handa um að rita þjóðháttasöguna og við það höfð hæfileg verkaskipting, síðan gefi Bókaútgáfa menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins ritið út, eftir því sem handrit verða fullgerð.

Það er ætlun okkar flm., að kostnaður við þetta verk verði að nokkru leyti greiddur af fé menningarsjóðs, að nokkru leyti með framlögum samkv. fjárlögum og enn fremur verði leitað samninga við stofnanir þær, sem n. á að hafa samráð við, um fjárhagslegan stuðning við verkið.

Ég sé, að ákveðnar hafa verið tvær umræður um þessa tillögu, og mun það vera gert með tilliti til þess, að um einhvern kostnað verður að ræða, ef till. verður samþykkt og framkvæmd. Ég legg því til, að till. verði vísað til hv. fjvn. að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 79, n. 435).

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Vegna fjarveru hv. 2. þm. Austf., Halldórs Ásgrímssonar, tók ég þátt í störfum fjvn. um skeið, áður en sá varamaður kom til þings, sem nú hefur tekið við sæti hv. 2. þm. Austf. Ég tel því rétt, að ég leyfi mér að mæla fyrir þessari till. með örfáum orðum fyrir hönd fjvn.

Við fyrri umr. till. var gerð allrækileg grein fyrir efni þessa máls, og finn ég ekki ástæðu til að fara að rifja það upp, en samkomulag varð um það í fjvn. að leggja til, að orðalagi till. yrði breytt á þann hátt, sem prentað er á þskj. 435, og mælir n. með samþykkt till. með þeirri breyt. — Þess skal getið, að einn nm., Karl Guðjónsson, var þó fjarstaddur, þegar málið var afgr. í nefndinni.

ATKVGR.

Brtt. 435 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 555).

---

17. Dvalarheimili í heimavistarskólum.

Á deildafundum 29. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um dvalarheimili kaupstaðabarna í heimavistarskólum [74. mál] (A. 138).

Á 20. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 21. og 28. fundi í Sþ., 9. og 23. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 7. þm. Reykv. að flytja till. til þál., sem liggur hér frammi á þskj. 138 og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að leita samninga við hlutaðeigandi skólanefndir og sveitarstjórnir um það, að bæjarfélög eigi þess kost að fá til afnota á sumrin heimavistarskóla í sveitum til að hafa þar sumardvalar- og námsheimili fyrir kaupstaðarbörn.“

Eins og hv. alþm. vita, hefur sú þróun orðið nú hin síðustu árin, að fólkið hefur flutzt úr sveitum landsins og til þéttbýlissvæðanna og þá ekki hvað

sizt til Reykjavíkur og kaupstaðanna hér við Faxaflóa. Þessum fólksflutningum hafa að sjálfsögðu fylgt ýmsir annmarkar og þá kannske ekki hvað sízt á sviði uppeldis- og skólamála.

Það hefur löngum verið keppikefli kaupstaðaheimila að geta komið börnum á sumrum í sveit, þar sem þau gætu dvalizt þar við störf, sem væru við þeirra hæfi. En vegna þess, hve sveitaheimilunum hefur fækkað í hlutfalli við kaupstaðaheimilin nú seinustu árin, hefur það orðið æ erfiðara fyrir foreldra í kaupstöðum að koma börnum sínum til dvalar á sveitaheimilum, og hefur þá af eðlilegum ástæðum það skeð, að sveitaheimilin hafa helzt tekið þau börn til dvalar hjá sér, sem eru frá frændfólki og skylduliði í þéttbýlinu, en aðrir hafa þar orðið út undan.

Með till. þessari til þál., sem hér liggur frammi, leggjum við flm. til, að ríkisstj. og fræðslumálastjórnin beiti sér fyrir því að ná samningum við skólanefndir og sveitarstjórnir um það, að heimavistarskólum í sveitum, sem almennt eru ekki notaðir á sumrin, verði með samningum ráðstafað á þann hátt, að bæjarstjórnir eigi þess kost að senda þangað börn til sumardvalar. Teljum við, að með þessu væri tvennt unnið: að skólahúsin mundu notast betur en ella og að hægt væri á þann hátt að leysa að verulegu leyti þann vanda, sem hefur skapazt við það, að fækkað hefur mjög í sveitum landsins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja rökstuðninginn fyrir þessari till. neitt meira. Henni fylgir að vísu ekki mjög löng greinargerð, en ég held, að í henni sé drepið á flest þau atriði, sem mæla með samþykkt till., og vil ég því aðeins leggja til, að umræðunni verði hér með frestað og málinu vísað til allshn. sameinaðs Alþingis.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 138, n. 464).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þessi þáltill., sem fyrir liggur á þskj. 138, er um það að skora á ríkisstj. að leita samninga við hlutaðeigandi skólanefndir og sveitarstjórnir um það, að bæjarfélög eigi þess kost að fá til afnota á sumrin heimavistarskóla í sveitum til að hafa þar sumardvalar- og námsheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Allshn. hefur rætt þetta mál og leitað um það umsagnar barnaverndarráðs Íslands, fræðslumálastjóra og Rauða kross Íslands og fengið þessar umsagnir. Það kemur fram m. a. í umsögn fræðslumálastjóra, að í þessum skólum, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. í heimavistarbarnaskólum í sveitum, héraðsskólum, húsmæðraskólum og bændaskólum, muni vera rúm fyrir um 1650 manns samtals í heimavistum, en þess er jafnframt getið, að einhverju af þessu rúmi muni vera ráðstafað a. m. k. hluta úr sumrinu, t. d. í bændaskólunum.

Eins og fram kemur í grg. till., er þar gert ráð fyrir, að kannaðir verði möguleikar á því að semja um, að þetta húsnæði verði að meira eða minna leyti notað til sumardvalar fyrir börn úr kaupstöðum, en eins og kunnugt er þeim, sem til þekkja, þá er það í mörgum tilfellum eitt mesta áhyggjuefni foreldra, hvernig megi verða mögulegt að koma börnum í sumardvöl, bæjabörnunum.

Við höfum í allshn. orðið sammála um að mæla með því, að till. verði samþ. með einni minni háttar orðabreytingu, þ. e. að í staðinn fyrir orðalagið „að leita samninga" komi: að athuga möguleika á samningum, — og þannig breytt leggjum við til að tillagan verði samþykkt sem ályktun Alþingis.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég mun ekki fara að ræða þessa till. í löngu máli, enda er ekki ástæða til þess. En í sambandi við það vildi ég þó mega benda hér á tvö atriði.

Á stríðsárunum var sá háttur upp tekinn að koma börnum héðan úr bænum til dvalar í skólum víðs vegar um landið. Á ýmsum skólasetrum voru nokkrir tugir barna, og hafði ég af þessu nokkur kynni. Heimili mitt var þá staðsett á einum slíkum stað, svo að ég fylgdist allvel með, hvernig framkvæmd var á þessu máli. Ef að því ráði yrði horfið, sem till. þessi gerir ráð fyrir, að slíkir hópar yrðu settir út um landið aftur, þá vildi ég mega benda á það, að mjög þarf að vanda til undirbúnings um þá framkvæmd. Þegar búið er að safna saman nokkrum tugum af börnum, sem ekki hafa verið saman áður, og senda á slíka staði, þá er mikil hætta á ferðum, ef þar er ekki vel stjórnað og vel undirbúið. Þetta vildi ég mega benda á, og það gæti orðið allur annar árangur af ferðinni en til er ætlazt, ef þetta er ekki haft í huga í upphafi málsins.

Ég vil líka mega benda á, að á þessum skólasetrum mörgum eru heimili bæði skólastjóra og kennara. Þeir dveljast þar allt árið í sama húsnæði og skólarnir eru reknir í með sínar fjölskyldur. Sumir skólamenn eru orðnir allþreyttir á starfinu eftir að hafa verið með sitt heimili í slíku nábýli í 9 mánuði ársins og óska þess vegna eftir einhverri hvíld til þess að búa sig undir næsta skólaár. Þess vegna vildi ég líka mega benda á það, að hér má ekki ganga hart fram í samningum um, að skólahúsnæðið sé notað í þessu skyni, og verður að taka fullkomið tillit til þeirra manna, er fyrir skólastöðunum standa.

Mér er kunnugt um, að það hefur verið sótt á suma af þessum skólastöðum einmitt um að koma þangað slíkum dvalarhópum, þó að forráðamenn hafi ekki óskað eftir því. En það væri miður farið, ef þannig væri að þessu staðið, að þetta gæti orðið til þess, að hinir beztu starfskraftar yrðu að hætta störfum vegna þess, að svo er á sótt um að koma slíkri starfsemi fyrir. Þess vegna finnst mér, að orðalagsbreyt., sem allshn. hefur lagt til, sé mjög til bóta, þar sem athugaðir skulu möguleikar á samningum um þetta. Og út af fyrir sig er ég ekki mótfallinn því, að börn njóti þess, sem hægt er að njóta í sveitum landsins, og veit, að þau hafa af því gagn að komast í samband við hina frjálsu náttúru landsins. En til þess, að það megi verða, þarf að undirbúa málið vel, og það verður

að vera í fullu samráði og fullu samkomulagi við þá, sem á stöðunum starfa.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. og frsm. n. fyrir jákvæða afstöðu til þessarar till. Ég get felit mig vel við þá orðalagsbreyt., sem nm. leggja til að gerð verði á till.

Út af ummælum síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Vesturl. (HS), sem út af fyrir sig geta verið sönn og réttmæt, vil ég taka það fram, að hér á ekki að bjóða neinni skólanefnd að afhenda sinn skóla til afnota fyrir kaupstaðabörn á sumrum. Skólanefndirnar vega vafalaust og meta þá kosti og galla, sem á þessu eru, ef eftir samningum við þær verður leitað, og tel ég eflaust, að þær muni hafa þá möguleika, sem síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni, mjög í huga.

ATKVGR.
Brtt. 464 samþ. með 35 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 556).

18. Nauðungarvinna.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var útbýtt:
Till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um nauðungarvinnu [147. mál] (A. 376).

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 53. fundi í Sþ., 24. maí, var till. tekin til einnar umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Alþjóðavinnumálastofnunin hefur staðið að ýmsum alþjóðlegum samþykktum til aukningar félagslegu öryggi og félagslegum umbótum aðildarríkja stofnunarinnar. Þessi alþjóðasamþykkt, sem hér er lagt til að verði fullgilt, er ein af þeim.

Á árunum 1951—53 starfaði nefnd, sem skipuð var af framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, að rannsókn á nauðungarvinnu. Komst n. að þeirri niðurstöðu, að nauðungarvinna ætti sér stað í ýmsum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, enda þótt vinnumálaþingið hefði þegar gert samþykktir, sem fælu í sér bönn við þessari vinnu, þ. á m. hina almennu samþykkt um þetta efni frá 1930, sem Ísland er aðili að.

Þetta mál var síðan rætt fyrst á þingi stofnunarinnar 1956, en ekki afgr. á annan hátt en þann, að þar var lagt til og samþ., að um þetta atriði skyldu fara fram viðræður á milli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna, áður en gengið yrði frá uppkastinu. Mál þetta var síðan til síðari umr. á þinginu 1957, og það uppkast, sem þá lá fyrir þinginu, er einmitt þetta, sem hér liggur fyrir. Þar er gert ráð fyrir banni við nauðungarvinnu, eins og segir í 1. gr. samþykktarinnar, sem beitt er með pólitiskri þvingun, fræðslu eða sem refsingu gegn mönnum fyrir að hafa látið eða láta í ljós stjórnmálaskoðun eða skoðanir hugsjónalega gagnstæðar hinu ríkjandi skipulagi, stjórnmálalegu, félagslegu og efnahagslegu; enn fremur vinnu, sem beitt er sem aðferð til þess að nota verkalýðinn til breytinga á efnahagskerfinu; í þriðja lagi nauðungarvinnu, sem beitt er til þess að aga verkalýðinn; í fjórða lagi nauðungarvinnu, sem beitt sé til refsingar fyrir þátttöku í verkföllum; og loks í fimmta lagi nauðungarvinnu, sem beitt er til mismununar sökum uppruna, félagslegrar aðstöðu, þjóðernis eða trúarbragða.

Þetta segir í 1. gr. samþykktarinnar og segir raunar allt, sem segja þarf um þessa samþykkt. Hinar greinarnar, frá 2.—10., eru svo um, hvernig þessi samþykkt taki gildi og hvernig má segja henni upp og um framkvæmd samþykktarinnar að öðru leyti, sem ég tel ekki þörf á að rekja hér.

Þessi samþykkt var afgr. við lokaatkvgr. á þinginu 1957, eins og ég sagði áðan, og greiddu þá 240 fulltrúar þingsins atkv. með henni, en enginn á móti. Einn sat hjá.

Alls hafa nú allmörg aðildarríki vinnumálastofnunarinnar fullgilt þessa samþykkt, þar á meðal Norðurlöndin, og hún gekk í gildi í janúarmánuði árið 1959.

Nauðungarvinna eins og þessi, sem ræðir um í samþykktinni, þekkist að vísu ekki hér á landi og er andstæð hugsunarhætti og réttlætiskennd Íslendinga, en það virðist þó rétt og æskilegt, að Ísland sýni vilja sinn og afstöðu í þessu máli á alþjóðavettvangi með því að fullgilda samþykktina. Hún var borin fram til fullgildingar á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd, og mér var ekki, því miður, kunnugt um, að hún lá fyrir í rn., fyrr en fyrir stuttu, og þess vegna er hún svona seint fram komin nú. En ég vildi mjög leggja áherzlu á, að hún þyrfti ekki að koma hér fyrir í þriðja sinn, því að málið er svo sjálfsagt, að ég tel ekki, að um það sé neinn ágreiningur innan þingsins.

Eðlilegt finnst mér þó, að þessari einu umr. um fullgildinguna verði frestað og málinu vísað til n. í þeirri von, að sú nefnd, sem væntanlega verður allshn., geti skilað áliti það fljótt, að samþykktin nái fullgildingu.

Ég leyfi mér þess vegna, herra forseti, að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var fram haldið einni umr. um till. (A. 376, n. 537).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Allshn. er sammála um að mæla með því, að þessi þáltill. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 599).

19. Tæknimenntun.

Á 35. fundi í Sþ., 5. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um aukna tæknimenntun [122. mál] (A. 291).

Á 36. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þáltill. á þskj. 291 um, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að láta hið bráðasta fara fram athugun á því, með hverjum hætti hægt væri að auka alls konar tæknikennslu í skólum landsins og að öðru leyti mögulelka á því að auka tæknimenntun þjóðarinnar.

Við höfum vissulega mikla þörf fyrir fjölbreyttari atvinnuvegi. Við höfum lengst af flutt úr landi afurðir okkar lítt eða ónunar, og síðan hafa aðrar þjóðir notað þær sem hráefni.

Þegar um iðnaðarvöru eða útflutning á iðnaðarvöru er talað, má segja í venjulegri merkingu þess orðs, að ekki sé um neinn slíkan útflutning að ræða hjá Íslendingum. Það eina, sem við flytjum út af iðnaðarvörum, eru fiskiðnaðarvörur og nokkrar landbúnaðariðnaðarvörur, sem eru þó mjög lítt unnar enn sem komið er.

Mjög athyglisvert er, hversu fiskiðnaðurinn íslenzki hefur þróazt síðustu 20 árin, síðan striðið skall á. Framleiðslan á frosnum fiski hefur áttil tifaldazt síðan fyrir strið, og er það geysilega ör þróun. En það, sem er kannske athyglisverðara, er, að við höfum náð því að geta framleitt fisk fyrir vandlátasta markað heims, svo að neytendur þar taka hann jafnvel fram yfir allan annan fisk. Þetta er mjög mikill sigur fyrir Íslendinga á þessu sviði, og er eitthvað annað en þegar við urðum lengst af öldum saman að senda sjávarafurðir okkar til Danmerkur, svo að Danir gætu selt þær.

Nú er meira að segja svo komið, þótt ólíklegt sé, að Danir biðja Íslendinga um að selja vörur sínar á heimsmarkaðnum. Það á sér t. d. stað með regnbogasilunginn danska. Íslendingar selja hann fyrir Dani í Bandaríkjunum.

En þrátt fyrir það að við erum dálitið á veg komnir í þessum efnum hvað frosna fiskinn snertir, stöndum við mjög aftarlega og eigum sjálfsagt eftir að komast mjög langt enn þá í því að framleiða frosinn fisk þannig, að hann verði eingöngu seldur í neytendaumbúðum, en ekki í umbúðum, sem eru í venjulegum skilningi ekki kallaðar neytendaumbúðir. Og það er eftirtektarvert í sambandi við frosna fiskinn, að sá fiskur, sem er pakkaður í neytendaumbúðir, er seldur við 50% hærra verði en sá fiskur, sem er ekki pakkaður í neytendaumbúðir, eða þessar stóru fiskblokkir, sem eru t. d. seldar til Rússlands. Vitaskuld er miklu meiri tilkostnaður bæði í sambandi við vinnu og umbúðir og nýtingu á þeim fiski, sem er þannig framleiddur í neytendaumbúðir, en vinnan og umbúðirnar er að mörgu leyti innlent og er þess vegna gjaldeyristekjur fyrir þjóðina og ætti að vera til þess að bæta lífsafkomu almennings.

Þó að við séum kannske komnir einna lengst í því að flytja sjávarafurðirnar út fullunnar, erum við samt sem áður líklega miklu skemmra komnir í þeim efnum en t. d. ýmsir keppinautar okkar, eins og Norðmenn, í því að efla einmitt þá framleiðslu, sem gefur mestar gjaldeyristekjur og mestar tekjur fyrir þjóðina. Norðmenn hafa einmitt náð svo langt vegna þess, að þeir hafa tekið tæknimenntaða menn í þjónustu sína í miklu ríkari mæli en við Íslendingar. Í frystihúsi í Norður-Noregi, sem nefnt er Findus, hafa þeir eina fimm verkfræðinga í þjónustu sinni. Hérna þekkist það ekki, að verkfræðingur vinni í frystihúsi, eða ég veit ekki til þess. Þjóðverjar eru með marga verkfræðinga í frystihúsum sínum, t. d. í stærri frystihúsunum í hafnarborgunum í Vestur-Þýzkalandi eru í hverju 5—10 verkfræðingar og tæknimenntaðir menn, og það er áreiðanlegt, að þessir menn vinna fyrir sér. Að vísu hafa sölusamtökin, eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga, komið sér upp vísi að tæknideildum, þar sem eru starfandi tæknimenntaðir menn, sérstaklega verkfræðingar og fiskiðnfræðingar. Þetta er að vísu mjög mikilvægt fyrir þessa útflutningsgrein, en ég álít, að ekki sé vel séð fyrir þessum málum, nema tæknimenntaðir menn, verkfræðingar og tæknimenntaðir menn á öðrum sviðum, starfi í öllum stærri frystihúsum.

En það er ekki aðeins í sambandi við freðfiskinn, sem þyrfti að nást fram á leið, og þess væri helzt að vænta, einmitt ef við hefðum fleiri tæknimenntaða menn. Við þurfum að geta komið saltfisknum í neytendaumbúðir. Við þurfum að geta komið kjötinu miklu meira í neytendaumbúðir. Það er raunasaga, að ekki skuli fyrir löngu vera farið að pakka kjötinu á sama hátt og fiskinum. Alveg sama er að segja um lýsið, og það mætti fara jafnvel út í fleiri útflutningsvörur þjóðarinnar. Og auðvitað eigum við að geta hugsað okkur það, Íslendingar, sem búum yfir jafnódýrri raforku, að flytja út almennar iðnaðarvörur eins og aðrar þjóðir. Til þess þurfum við auðvitað fyrst og fremst mikinn vélakost og að hafa völ á nægum tæknimenntuðum mönnum. Það er frumskilyrðið fyrir þessu. Þegar þetta væri komið áleiðis og eftir því sem þessu þokar áfram, mætti vænta þess, að lífsafkoma þjóðarinnar almennt batni, og fyrr ekki. Það er svo um þær þjóðir heims, sem standa fremst í iðnaði, að þær hafa yfirleitt bezta lífsafkomu. Þegar við berum saman t. d. fjölda sérfræðinga, sem vinna hér að rannsóknum og tilraunum á Íslandi og í Bandaríkjunum, eru Bandaríkin með eitthvað fimm sinnum fleiri menn í slíkum störfum en við Íslendingar. Það er áreiðanlega óhætt að fullyrða, að í framtíðinni biða ótal verkefni landsmanna einmitt í þessum efnum, og það er vafa-

samt, að nokkuð sé mikilvægara en einmitt að sinna þessum málum til þess að bæta kjör almennings.

Ég hef fengið bréf um þessi mál frá skólastjóra vélstjóraskólans og á von á bréfi frá skólastjóra iðnskólans, þó að það væri ekki komið, sem ég ætla að leyfa mér að afhenda þeirri nefnd, sem ég vona að fái þetta mál til meðferðar. En mig langar til þess að lesa hér nokkra kafla upp úr bréfi skólastjóra vélstjóraskólans, af því að það er að minu áliti mikilvægt, að hv. þingmenn heyri það, sem hann segir um þessi mál, ella mundi það fara fram hjá þeim, nema þeim, sem yrðu þá í þeirri nefnd, sem málinu yrði vísað til, — með leyfi hæstv. forseta:

„Þróun undanfarinna áratuga, einkum hinna síðustu, hefur opnað augu manna hvarvetna í heiminum fyrir þeirri staðreynd, að eitt frumskilyrði þess að ná og viðhalda góðri afkomu þjóðfélagsþegnanna er vélvæðing atvinnuveganna. Á þann hátt einan er hægt að auka framleiðni einstaklinganna verulega.

Vélvæðing krefst, að tiltækir séu tæknimenntaðir menn í nægilega ríkum mæli, svo að hún geti borið þann ávöxt, sem ætlazt er til. Allar menningarþjóðir leggja því mikið kapp á að sjá þessum málum eins vel borgið og frekast er unnt. Er til þess hvorki sparað fé né fyrirhöfn. Teknar eru upp nýjar kennsluaðferðir, skólar eru stækkaðir og endurbættir, nýir skólar eru byggðir og áróður viðhafður til að hvetja ungt fólk inn á þessa braut.

Ástandið hjá okkur hér á landi er nokkuð frábrugðið þessu. Að sumu leyti er það eðlilegt, því að við höfum orðið, eins og á mörgum öðrum sviðum, að byggja allt upp frá grunni á tiltölulega stuttum tíma, enda höfum við ekki haft aldagamla iðnmenningu og tækniþróun að styðjast við. Að ýmsu leyti hefur okkur þó ekki tekizt eins vel og æskilegt hefði verið og efni stóðu til.

Ekki skal hér farið nánar út í hugleiðingar um það, hvað valdið hafi, að þróunin á undanförnum árum hefur ekki verið stórstígari en raun ber vitni um. Þó get ég ekki stillt mig um að benda á, að úrslitavald og yfirstjórn tæknimennta hér á landi er í höndum manna, sem alls enga tæknimenntun hafa sjálfir. Þeir hafa því af eðlilegum ástæðum lítla möguleika til að mynda sér sjálfstæða skoðun um þau tæknimál, sem þeir fjalla um, og því síður að eiga frumkvæði að framkvæmdum eða endurbótum, þótt þeir séu að öðru leyti mikilhæfir á sviði sinnar þekkingar, sanngjarnir og velviljaðir.

Mönnum hefur orðið alltíðrætt um efnahagsvandamál íslenzku þjóðarinnar undanfarin ár, en engan hef ég heyrt minnast á það atriði, sem ég hygg vera meginorsök meinanna, að atvinnuvegir okkar eru á flestum sviðum reknir með meiri dugnaði heldur en kunnáttu. Byggðar hafa verið verksmiðjur og keyptar vélar og tæki fyrir hundruð milljóna, en ráðstafanir til að kenna mönnum meðferð þessara tækja er ekki ráð á að gera, svo að í nokkru lagi sé.

Það er engu líkara en að sumir áliti, að sölutækni og bókhaldsvélakunnátta sé það, sem þjóðina vanhagi mest um. Án þess að ég vilji á nokkurn hátt kasta rýrð á mikilvægi þessara atriða, þá er ég þeirrar skoðunar, að sjálf framleiðslan verði fyrst og fremst að vera í lagi, en það verður hún ekki án kunnáttu. Það er allt of mikil áhætta að treysta á brjóstvitið eitt. Skortur á menntuðum vélstjórum og aðstoðarmönnum, verkstjórum, verksmiðjustjórum o. s. frv. er nú þegar orðinn tilfinnanlegur. Á næstu árum mun þessi skortur svo aukast mikið, ef ekki verður að gert.“

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn. Ég leyfi mér að vona, að hv. þm. veiti þessari till. sitt brautargengi, svo að hún verði samþ. Ég álít það mjög mikilvægt fyrir þjóðina.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil láta þess getið þegar við fyrri hluta þessarar umr., að ég tel hér vera hreyft við mjög athyglisverðu og merkilegu máli, sem fyllsta ástæða sé til að gefa mikinn gaum. En ég vil jafnframt nota tækifærið til þess að skýra frá því, sem hv. flutningsmanni hefur af eðlilegum ástæðum ekki verið kunnugt, að það eru þegar tvö ár síðan ég eða menntmrn. skipaði n. sérfróðra manna einmitt til þess að fjalla um hliðstæð efni og þau, sem hann fjallar um í till. sinni. Verkefnið er svo stórt, að n. hefur ekki enn lokið störfum sínum, þó að ég hafi fylgzt nokkuð með störfum hennar og viti, að þeim miðar vel áfram.

Það er langt síðan ég fyrir mitt leyti hef gert mér alveg ljóst, að eitt brýnasta viðfangsefnið á sviði íslenzkra menntamála er einmitt að bæta tæknimenntun þjóðarinnar, að bæta tæknimenntun æskunnar. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að í því efni dygði ekki að auka fræðslu í tæknigreinum í þeim skólum, sem fyrir hendi eru, né heldur að endurbæta neinn einstakan þeirra skóla, sem nú starfa, heldur vanti beinlínis í íslenzka skólakerfið lið, sem sérstaklega á að tryggja staðgóða og mikla tæknimenntun, á öðru stigi þó en háskólasviðinu.

Það, sem ég vildi segja, er þetta, að þó að það þurfi eflaust að auka tæknifræðslu á öllu hinu almenna skólasviði, sem við nú höfum starfandi, þ. e. a. s. allt frá barnaskólum og til stúdentsmenntunar, — ég er þeirrar skoðunar, að námsskráin þar sé enn of miðuð við gamla tíma og það hafi verið dregið um of að taka nægilegt tillit til hinnar nýju þekkingar, sem hefur verið að gerbreyta högum mannkynsins á hinum allra síðustu áratugum, — en ég er þeirrar skoðunar, að gera þurfi enn meira, að hér þurfi enn stærri og enn róttækari tök, ef við eigum að geta staðið öðrum þjóðum á sporði í samkeppninni með okkar útflutningsvörur og ef við eigum að halda áfram að geta bætt lífskjör okkar hér á landi jafnmikið og við viljum geta bætt þau. Við þurfum að gera enn meira en þetta. Við þurfum m. ö. o. að bæta inn í skólakerfið lið skóla, sem nú eru alls ekki til.

Þetta vandamál er ekki sérvandamál fyrir okkur. Það hefur verið rætt mjög mikið t. d. á Norðurlöndum undanfarin allra síðustu ár. Ég hygg, að sú leið, sem er verið að fara á sumum Norðurlandanna, mundi einnig henta okkur hér, þ. e. að búa til nýja tegund af skólum, tækniskólum, sem eru eins konar millistig á milli sérfræðinskólanna og vélskólanna, sem við höfum núna, og háskólanna, þ. e. að búa til eins konar tæknifræðingamenntun,

— eða hvað sem hún yrði kölluð, — sem veitt yrði í sérstökum þætti skólakerfisins, sem sé almennari og mun meiri en sú tæknimenntun, sem nú er veitt t. d. í vélskólanum hér eða í iðnskólanum eða hugsanlegri framhaldsdeild við iðnskólann hér, sem stendur til að setja upp, en þó séu ekki gerðar eins miklar kröfur til manna og eru gerðar í almennu verkfræðinámi í háskóla. Það er án efa hægt að setja saman tæknimenntunarnámsskrá, þar sem menn þyrftu ekki að hafa lokið stúdentsprófi, en mundu geta orðið til mjög mikils gagns, þó að ekki væri um að ræða fullkomna verkfræðimenntun.

Það er þetta, sem ég tel að hér eigi að gera og vil segja aftur að sé eitt brýnasta verkefnið, sem nú þurfi að vinna að í íslenzkum skólamálum eða íslenzkum menntamálum. Ég vil því fagna því, að þessu máli er hreyft hér á Alþ., og vildi aðeins nota tækifærið til þess að skýra frá því, að því fer fjarri, að þetta mikla vandamál hafi ekki vakið athygli okkar í menntmrn. og okkar ráðunauta, heldur þvert á móti, því hefur verið þar rækilegur gaumur gefinn. Og þó að segja mætti, að ég hefði óskað eftir því, að störfum þeirrar n., sem að þessu hefur starfað, hefði miðað hraðar áfram, þá veit ég, að ástæðan til þess, að hennar störfum er ekki lokið, er eingöngu sú, hversu stórt og vandasamt málið er í raun og veru. En mér skal vera ánægja að því að skýra þeirri þingnefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, frá þeim upplýsingum, sem sú n. hefur aflað sér, og hvaða hugmyndir þar eru efst á baugi.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 atkv. og umr. frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var fram haldið einni umr. um till. (A. 291, n. 532).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þessa till. og leggur til, að hún verði samþykkt með smávægilegri orðalagsbreyt., sem skýrir sig sjálf.

ATKVGR.

Brtt. 532 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 600).

20. Starfsfræðsla.

Á 36. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um starfsfræðslu [124. mál] (A. 295).

Á 43., 46. og 48. fundi í Sþ., 27. apríl, 4. og 11. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir um starfsfræðslu, byggist á vaxandi þörf æskunnar á aukinni fræðslu um störfin, sem hennar bíða í þjóðfélaginu. Þessi þörf fyrir fræðslu um væntanlegt lífsstarf er tiltölulega ný, en engu að síður aðkallandi í okkar landi. Ekki er ýkja langt síðan störfin hér voru svo fábreytt, að *lítill vandi var að afla sér þekkingar á* þeim. Þau voru mestmegnis tengd landbúnaði og sjósókn, og að hvorugum atvinnuveginum var þá unnið með margbrotnum tækjum. Á þeim tíma skorti þjóðina ekki fyrst og fremst verklega, heldur bóklega menntun og þekkingu.

Með fræðslulögunum frá 1907 og 1946 var gert mikið átak til þess að auka bóklega þekkingu þjóðarinnar. En ekki var mönnum þá nægilega ljóst, hversu aukin þekking á fjölþættari störfum yrði bráðlega aðkallandi. Jafnvel árið 1946 var starfsfræðsla ekki orðin almenn meðal nágrannaþjóða okkar. Fyrsta skipulagða starfsfræðslan, sem mér er kunnugt um, var veitt í Boston árið 1908. Árið 1949 var svo gerð samþykkt um það á alþjóðaráðstefnu í Genf, að Sameinuðu þjóðirnar beindu þeim tilmælum til meðlima sinna, að þær *beittu sér fyrir starfsfræðslu, og hafa þær yfirleitt brugðizt* mjög vel við þeirri áskorun. T. d. er nú svo komið, að starfsfræðsla er skyldunámsgrein í unglinga- og framhaldsskólum á öllum Norðurlöndum nema Íslandi.

Starfsfræðslan er fyrst og fremst veitt af kennurum, en skipulögð af sérstökum starfsfræðslustjórum, sem auk skipulagningarstarfsins annast hina einstaklingsbundnu starfsfræðslu á starfsfræðsluskrifstofum. Fræðslan í skólunum er mismunandi mikil eftir aldri og þroska unglinganna og því, hversu nærri endanlegt val ævistarfs væntanlega er. Yfirleitt er starfsfræðslan veitt 1—3 síðustu skólaárin og þá jafnan mest síðasta árið. Eru þá dæmi þess, að allt að helmingi námstímans sé varið til starfsfræðslu, ýmist innan veggja skólanna eða úti á vinnustöðum. Annars er erindaflutningur, samtöl, fræðslukvikmyndir, heimsóknir á vinnustaði og störf á vinnustöðum algengustu og eðlilegustu starfsfræðsluleiðirnar.

Hér á landi hófst vísir að starfsfræðslu, þegar Reykjavíkurbær réð Ólaf Gunnarsson sálfræðing til þess að vinna að þessum málum haustið 1951. Hann hefur á þeim árum, sem liðin eru síðan, safnað miklum fróðleik um atvinnulífið. Hann hefur skrifað leiðbeiningakver handa unglingum: „Hvað viltu verða?“ — þar sem í stuttu máli er sagt frá helztu starfsgreinum hérlendis, hvaða menntunar er krafizt til þess að geta unnið hin ýmsu störf, hvaða hæfileika þau útheimti o. s. frv. Þá hafa verið haldin erindi um starfsfræðslu í öllum unglinga- og framhaldsskólum Reykjavíkur og svarað fyrirspurnum unglinga varðandi framhaldsnám og störf. Síðustu fimm árin hafa verið skipulagðir sérstakir starfsfræðsludagar hér í Reykjavík og nú síðustu árin á Akureyri og nú alveg nýlega á Akranesi.

Sívaxandi aðsókn að þessum starfsfræðsludögum sýnir, að þarna er verið á réttri leið. Æskan vill fræðast um atvinnulífið, enda er val ævistarfs í samræmi við áhugaefni og hæfileika hyrningarsteinn að lífshamingju manna og þá um leið að velfarnaði og efnalegri velgengni þjóða.

Það, sem nú þarf að gera, er að gera kennurum kleift að veita unglingum starfsfræðslu. M. a. er hægt að gera þetta með kennaranámskeiðum, starfsfræðslukennslu í Kennaraskóla Íslands og e. t. v. í BA-deild Háskóla Íslands. Síðan verður að hefja starfsfræðsluna í sjálfum skólunum. Hún á að veita unglingunum glöggt yfirlit yfir hina ýmsu þætti atvinnulífsins, atvinnumöguleika og atvinnuöryggi. Þótt fræðslan eigi í eðli sínu að vera hlutlaus, getur hún samt jafnað metin milli þeirra greina atvinnulífsins, sem mest aðsókn er að, og hinna, sem út undan verða og vantar mannafla. Því veldur hlutlaus fræðsla um atvinnumöguleikana.

Starfsfræðslan er þannig bæði frá mannúðarsjónarmiði og hagnýtu sjónarmiði þjóðarnauðsyn.

Við Íslendingar erum fámenn þjóð, og okkur er því meira virði en flestum öðrum, að enginn einstaklingur glatist, heldur komist á sem réttasta hillu í lífinu. Að því stuðlar vel skipulögð og samvizkusamlega framkvæmd starfsfræðsla. Þess vegna er það, sem við hv. 6. þm. Norðurl. e. höfum leyft okkur að flytja þessa till. og væntum þess, að henni verði vel tekið hér á hv. Alþ. Reynslan, síðan starfsfræðsludagarnir voru teknir upp, sýnir, að mjög mikill áhugi er meðal íslenzkrar æsku fyrir því að hagnýta sér fræðslu, sem á borð er borin í þessu efni, og við vitum það allir hér á hv. Alþ., að brýna nauðsyn ber til þess að gera sérstakar ráðstafanir til að auka áhuga æskunnar á þjóðnýtum störfum og þá fyrst og fremst á störfunum í þágu framleiðslunnar. Það sést bezt á því, að við höfum á undanförnum árum orðið að flytja inn hundruð, ef ekki þúsundir útlendinga til þess að vinna að aðalframleiðslugreinum okkar og höfum orðið að verja ærnu fé í erlendum gjaldeyri til þess að greiða því fólki laun.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að till. verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 295, n. 533).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þessa till. og leggur til, að hún verði samþ. með smávægilegri orðalagsbreyt., sem skýrir sig sjálf.

ATKVGR.

Brtt. 533 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 601).

---

21. Skógrækt.

Á deildafundum 24. maí var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um framkvæmdaáætlun um skógrækt [170. mál] (A. 507).

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var till. tekin til einnar umr.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Till. þessi á þskj. 507, um framkvæmdaáætlun um skógrækt, er flutt af fjvn., og er gerð grein fyrir ástæðunni til, að till. er flutt, í grg. hennar. Þarf ég því ekki að fylgja henni úr hlaði með mörgum orðum.

Ástæðan til þess, að fjvn. sérstaklega hefur tekið þetta mál upp, er sú, að það hefur í sambandi við fjárveitingar til skógræktarinnar bæði nú í ár og síðustu ár verið sífellt vaxandi vandamál, hvernig ætti að leysa þá fjárþörf, sem þar er fyrir hendi. Það var á s. l. ári svo komið, að algert vandræðaástand var ríkjandi hjá skógræktinni í sambandi við það að koma þeim plöntum í jörð, sem voru þá til ráðstöfunar í uppeldisstöðvum skógræktarinnar. Á því ári var þessi vandi leystur með ýmiss konar samskotum, sem þá var gengið í af aðilum þessa máls, og var safnað á 5. hundrað þús. kr.

Við afgreiðslu fjárlaga nú í vetur var mjög sótt á það af skógræktinni, að fjárveiting til skógræktarinnar yrði aukin mjög verulega, og vísað til þess, að ella væru ekki nein úrræði til að koma í jörð þeim plöntum, sem þá væru til ráðstöfunar. Til þess að leysa þennan vanda var að því ráði horfið, eins og hv. þm. muna, að hækka álag það á vindlinga, sem heimilað er í fjárlögum að leggja á söluverð tóbakseinkasölunnar til landgræðslusjóðs. Var álag þetta hækkað um 10 aura, eða úr 20 aurum í 30 aura, og er gert ráð fyrir því, að þessi hækkun framlagsins, sem mun veita skógræktinni nokkur hundruð þús. kr. aukin fjárráð á þessu ári, geti leyst þann vanda, sem nú er við að glíma. En þessi atriði leiða glöggt í ljós, að það er sérstök nauðsyn að vinna hér að meira kerfisbundið en gert hefur verið, og hefur reyndar skógræktarstjóri ítrekað gert till. um, að gerð verði framkvæmdaáætlun um skógrækt til nokkurra ára, til þess að það liggi ljóst fyrir, hvernig skógræktin megi haga sínu starfi, þannig að ekki komi til vandræða vegna fjárskorts, er að því komi að setja plönturnar niður.

Nú er það svo, eins og menn vita, að það tekur nokkur ár, frá því að fræi er sáð og þar til trjáplöntur eru gróðursettar, og verður því að gera sér nokkrar hugmyndir um það nokkur ár fram í tímann, hvaða fé muni verða til ráðstöfunar til framkvæmda, þegar sáning fer fram. Þessi staðreynd veldur því, að það er í fáum greinum, sem er eins mikil þörf á því, að unnið sé eftir ákveðinni áætlun, og einmitt í sambandi við skógræktina. Og það er vitanlega mjög raunalegt að horfa upp á það, að trjáplöntur, sem búið er að ala upp með ærnum kostnaði og fyrirhöfn, komist ekki í jörð fyrir þá sök, að þá sé ekki fé til ráðstöfunar til þess að sinna þeim þætti skógræktarinnar.

Þetta er í stuttu máli orsök þess, að þessi till. er flutt. Fjvn. telur nauðsynlegt, að það verði tekið til athugunar, hvernig að þessum málum verði unnið næstu 5 ár a. m. k., og reynt að gera sér grein

fyrir því, hvernig hægt verði að samræma annars vegar framkvæmdir skógræktarinnar og hins vegar þær fjárveitingar, sem ætla má að geti orðið til ráðstöfunar í þessu skyni. Sú leiðin að hækka smám saman, eins og gert hefur verið, álag á vindlinga er raunar neyðarúrræði, og væri að sjálfsögðu heppilegt, að hægt væri að hverfa frá slíkri fjáröflunarleið, og hlýtur það að koma til athugunar í sambandi við afgreiðslu málsins. En hvernig sem niðurstaða þess máls verður, þá held ég, að það sé engum efa bundið, að það sé á allan hátt hagstætt fyrir skógræktina og starf þeirra manna, sem að því eiga að vinna á næstu árum, að geta unnið eftir fyrir fram gerðri áætlun. Það hafa áður verið gerð drög að þeirri áætlun, sem ætlað var að gilti þá um fimm ára bil. Sú áætlun var aldrei framkvæmd. En sú vinna, sem í hana var lögð þá, mun vafalaust koma að gagni við það verkefni, sem hér er lagt til að lagt verði út í, og þarf hins vegar auðvitað að samræma margt í þeirri áætlun og alls ekki víst, að hún sé í meginefnum þess eðlis, að það sé hægt að leggja hana til grundvallar. En allt slíkt kemur til athugunar. Höfuðefni málsins er, að þessi áætlun verði gerð og með því reynt að girða fyrir, að það skapist öngþveitisástand næstu árin í sambandi við framkvæmdir skógræktarinnar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 602).

22. Flugsamgöngur.

Á deildafundum 3. maí var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um flugsamgöngur [144. mál] (A. 371).

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 363 um flugsamgöngur, sem hér er til umr. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að leitast við að fá fullnægjandi upplýsingar um það þegar á þessu ári, hvort De Havilland-Caribou-flugvélar, sem framleiddar hafa verið í Kanada á undanförnum árum, henti Íslendingum til innanlandsflugs betur en aðrar flugvélar, m. a. hvort þær geti orðið til almennari nota og sparað fjármagn í byggingu flugvalla."

Það eru ekki nema rúm 20 ár, síðan flugsamgöngur hófust hér á landi. Að sjálfsögðu voru þá ekki til flugvellir né önnur tæknileg aðstaða, sem flugið þarf með. En sú uppbygging kom smátt og smátt og þó mun fyrr en búast mátti við. Á skömmum tíma komust á skipulegir fólksflutningar með flugvélum milli nokkurra þéttbýlustu héraða landsins. Á fyrstu árum flugsins voru sjóflugvélar mikið notaðar, enda þurftu þær ekki aðra flugvelli en sjóinn. Íslendingar almennt voru ekki lengi að venjast hinni nýju tækni, bæði flugmenn og farþegar. Ungir sem gamlir, sjúkir sem heilbrigðir ferðuðust ekki síður flugleiðis en á annan hátt, og mér er nær að halda, að mikill meiri hluti ferðafólks taki að öðru jöfnu loftið fram yfir land og sjó í langferðum.

En skortur flugvalla setti flugsamgöngum tilfinnanleg takmörk. Flugvellir eru oftast mikil og dýr mannvirki, og það hlaut því svo að fara, að ýmis héruð yrðu að bíða þess lengi, að flugsamgöngur yrðu þeim til almennra nota. Við þetta bættist svo það, að sú þróun varð í framleiðslu farþegaflugvéla, að hætt var framleiðslu sjóflugvéla. Er nú svo komið, að Íslendingar eiga aðeins eftir eina farþegaflugvél af þessari gerð, og hún mun einnig brátt falla úr sögunni fyrir aldurs sakir. Þetta mun valda mikilli afturför í flugsamgöngum fyrir héruð, sem eingöngu höfðu sjóinn fyrir flugvelli, nema annað komi til, sem bætir þetta upp.

Stórir og dýrir flugvellir eru fleiri þjóðum umhugsunarefni en Íslendingum. Þess vegna hafa sérfræðingar í flugvélasmíði brotið um það heilann, hvernig leysa megi þennan vanda. Sjálfsagt er þyrilvængjan einn árangurinn af þessum tilraunum og hann ekki ómerkur. En sú lausn var mönnum samt ekki fullnægjandi, þótt mikill og góður árangur hafi orðið af þeirri nýjung. Fyrir allmörgum árum hófust tilraunir með nýjar gerðir flugvéla fyrir stuttar flugbrautir. Þær tókust misjafnlega. En fyrir rúmum þremur árum tóku verksmiðjur í Kanada ákvörðun um smíði slíkrar flugvélar eftir tveggja ára undirbúning og rannsóknir sérfræðinga um gerð hennar. Síðan hafa þessar De Havilland-Caribou-flugvélar verið framleiddar og reyndar á margvíslegan hátt. Flugvélar þessar eru ætlaðar til herflutninga, sjúkraflutninga, farþegaflutninga og vöruflutninga. Þær flytja milli 20 og 30 farþega í ferð. En meginkostur þessarar flugvélar og sá, sem mestu máli skiptir fyrir Íslendinga, er, að flugvélin er gerð fyrir mjög stuttar flugbrautir. Samkv. grg. verksmiðjunnar um flughæfni þessarar vélar á jafnvel 150 m löng flugbraut að nægja henni við beztu skilyrði, en 396—537 m löng braut á að vera fullnægjandi við mjög erfið eða jafnvel allra erfiðustu skilyrði. Til samanburðar má geta þess, að þær flugvélar, sem nú eru notaðar hér í innanlandsflugi, þurfa allt að 1200 m langar flugbrautir.

Þegar þáltill. um flugsamgöngur var til umr. hér í hv. Alþ. í fyrra, las ég upp bréf flugmálastjóra um hæfilelka þessara flugvéla fyrir stuttar flugbrautir. Í þessu bréfi skýrði hann ýtarlega frá, að tvenns konar aðferðir væru viðhafðar með þessum vélum við flugtak og lendingu. Er þar greint frá því, að með annarri aðferðinni þurfi í hæsta lagi 537 m langa flugbraut, en með hinni 396 m langa braut. Fyrir skömmu leitaði ég enn upplýsinga hjá flugráði um þá reynslu, sem fengizt hefur síðan í

fyrra af þessari tegund flugvélar. Í svarbréfi flugmálastjóra, dags. 26. apríl s. l., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Allmikil reynsla hefur þegar fengizt af De Havilland-flugvélinni, og virðist þessi flugvél yfirleitt gera heldur betur en lofað var af verksmiðjunni."

Í umr. um þessi mál á tveimur undanförnum þingum hef ég forðazt allar fullyrðingar um kosti þessarar flugvélar fyrir innanlandsflug hér á landi. En ég hef hins vegar hvatt mjög til þess, að Íslendingar kynntu sér þá nýjung, sem hér er á ferðinni, og að þeir hagnýttu sér þessa nýjung í tæka tíð, ef hún getur orðið að gagni. Allar þær upplýsingar, sem flugráð og flugmálastjóri hafa aflað sér um þessa flugvél, hniga í þá átt, að kostir hennar séu ekki minni en vonir stóðu til í upphafi. Þess vegna tel ég tíma til þess kominn að fá úr því skorið þegar á yfirstandandi sumri, hvort hér er um nýjung að ræða, sem getur orðið þýðingarmikil fyrir innanlandsflug hér á landi. Mér sýnist þá helzt koma til, að íslenzkum flugmönnum gefist kostur á að fljúga þessari vél og m. a. að reyna hana í flugtaki og lendingu á stuttum flugbrautum. Dómur íslenzkra flugmanna um þessa vél að fenginni eigin reynslu ætti að vera þyngstur á metunum um kosti hennar eða galla. Verði reynslan sú, að þessi flugvél sé öðrum flugvélum hagkvæmari til innanlandsflugs hér, er óneitanlega fenginn nýr grundvöllur til skipulagningar í þessum samgöngumálum þjóðarinnar. Og þá verður það engin óeðlileg bjartsýni að vænta þess, að áður en langir tímar líði verði komin flugbraut í hverri einustu sveit og hverjum einasta bæ hér á landi, flugbraut fyrir flugvél, sem flytur 20—30 farþega, flugvél, sem gæti flutt auk þess vörur og hvað eina. Í stað þess að verja mörgum milljónum — ég vil nærri segja milljónatugum til byggingar á einum flugvelli, mætti nota þá sömu fjárhæð til þess að gera flugbrautir á mörgum stöðum og veita þannig fjölmörgum byggðarlögum samgöngubætur, er lítið eða ekkert hafa haft af flugsamgöngum að segja hingað til.

Fyrir örstuttu fór flugmálastjóri til Finnlands. Ég ætla, að nokkrir hv. þm. hafi verið með í þeirri för og jafnvel einn eða tveir ráðh. Þegar flugmálastjóri kom heim, skýrði hann mér frá því, að hann hefði séð Caribou-flugvél á flugvelli í Noregi. Hann taldi, að þessi flugvél hefði verið þar í reynsluför. Ég hafði orð á því við flugmálastjóra, hvort mögulegt væri að fá slíka flugvél hingað til lands til reynslu. Hann kvaðst fyrir þó nokkru hafa ákveðið að reyna þetta, þegar hann færi til Ameríku innan skamms, en það hafði hann fyrirhugað. En til þess að hraða málinu, kvaðst hann skyldu leita eftir þessu með símskeyti til flugvélaverksmiðjunnar ytra og gera það þá þegar. Þetta var í fyrradag, á mánudag. Í gærkvöld barst svo flugmálastjóra svarskeyti, þar sem lofað var að láta Caribou-flugvél koma hingað innan nokkurra daga og hafa hér sólarhrings viðdvöl. Væntanlega fer flugmálastjóri til Ameríku í kvöld. Hann tjáði mér í gærkvöld, að hann mundi leitast við í þessari ferð að fá dvöl þessarar flugvélar hér framlengda, svo að íslenzkum flugmönnum gæfist kostur á að reyna hana sem rækilegast, þ. á m. fljúga henni og reyna hana í flugtaki og lendingu á stuttum flugbrautum hér innanlands. Það má því segja, að þetta mál hafi skyndilega komizt á æskilegan rekspöl. En það má fyrst og fremst þakka lofsverðum áhuga og dugnaði flugmálastjóra.

Eftir að þessar upplýsingar liggja nú fyrir, kann svo að fara, að viðhorf hv. þm. til þessarar till. breytist nokkuð frá því, sem var, þegar hún var flutt, og ég vil segja, að það er ánægjulegt fyrir alla þá, sem hafa áhuga á framförum í flugsamgöngum okkar hér innanlands. Samt sem áður tel ég rétt, að till. fái athugun í þingnefnd. Þann 20.—23. maí n. k., eða eftir 9—12 daga, er þessi Caribou-flugvél væntanleg hingað til landsins. Þingnefnd, sem fær þessa till. til meðferðar, gefst þá alveg óvenjulegt tækifæri til þess að kynna sér mál, sem fyrir hana er lagt, kynna sér af eigin sjón og jafnvel af eigin raun nýjung í flugtækni, sem getur orðið þýðingarmikil fyrir Íslendinga. Enn þá ætla ég engu að spá um það, hver árangur verður í þessu máli. Flugmenn okkar og sérfræðingar eru að mínum dómi þar hæstiréttur. Eftir þeim dómi hljótum við að bíða, og sem betur fer þarf nú sennilega ekki lengi að bíða, e. t. v. geta mikilsverðar upplýsingar í þessu máli legið hér fyrir í nál. innan skamms.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði nú frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er eðlilegt, að menn velti því fyrir sér, hvernig hægt er að bæta úr samgöngum landsfjórðunga og landshluta í milli, eins og samgöngum hefur verið háttað hér og eins og strjálbýlið er mikið í þessu landi.

Það er rétt, sem hv. flm. sagði hér áðan, að flugmálastjóri hefur fengið skeyti, sem gefur vonir um, að sú flugvél, sem hér um ræðir, komi hingað 20.—25. þ. m., og hefur verið gefið í skyn, að hún gæti staðið hér við einn sólarhring. Það er vitanlega alls ekki nægilegur tími, til þess að íslenzkir flugmenn og sérfræðingar geti kynnt sér vélina. Hefur flugmálastjóri því talað um, að það þyrfti viku til hálfan mánuð a. m. k., svo að íslenzkir flugmenn gætu reynt þessa vél og flogið á hina ýmsu staði, reynt vélina til fullnustu við íslenzka staðhætti. Það má fullyrða, að þessi flugvél gefur miklar vonir, og það væri áreiðanlega mikils virði fyrir Íslendinga, ef ekki þyrfti lengur að byggja lengri flugbrautir en 300—500 m í staðinn fyrir 1000—1500 m. Flugvallagerð hér á landi er dýr, og nú er varið allverulegum fjárhæðum í þessu skyni. Ef við gætum tekið þessa flugvélategund í þjónustu okkar í stað hinna eldri gerða, mundu sparast stórar fjárhæðir í flugvallagerð. En sérfræðingar segja um þessa flugvél: Það er ekki nægilegt, að hún geti tekið sig upp og hún geti lent á stuttri flugbraut. Þar þarf vitanlega fleira að koma til. — Vél þessi er dýr, m. a. vegna þess, að enn hefur hún ekki verið framleidd nema tiltölulega stuttan tíma og enn er ekki fengin sú langa og sú nauðsynleg reynsla af þessari vél, sem þarf að vera, áður en fátæk og fámenn þjóð ákveður að kaupa hana, vegna þess að hér er ekki um milljónafyrirtæki að ræða, heldur tugmilljónafyrirtæki. Eigi að síður er ákaflega mikils virði, að flugvélin komi

og verði hér nokkra daga til reynslu, og sú reynsla, sem þegar er fengin af vélinni, gefur mikilsverð loforð, og eftir kannske fáa mánuði eða svo væri hugsanlegt, að vandaðir og sérfróðir menn mundu mæla með vélinni og telja, að hún væri eins traust og eins góð og hinar eldri gerðir, sem við höfum notað að undanförnu.

Það er eðlilegt, að menn hafi áhuga fyrir þessu. Ég get tekið undir það með hv. flm. þessarar till., að flugmálastjóri hefur mikinn áhuga á þessu máli eins og flugmálum yfirleitt, og það, að hann sá þessa flugvél á flugvellinum í Osló, hefur nú flýtt fyrir því, að honum datt í hug að fá vélina hingað heim. Nú er það rétt, að flugmálastjóri mun fara vestur og athuga málið nánar, hvort ekki er unnt að fá vélina hér staðsetta í viku, hálfan mánuð eða jafnvel þrjár vikur, án þess að leiði til of mikilla útgjalda fyrir okkur.

Ég er því að sjálfsögðu samþykkur, að þessi till. fari til nefndar. Ég tel málið mjög athyglisvert, og ef vélin reynist eins og vonir standa til, þá vitanlega verður farið að hugsa um það, hvernig við eigum að fá fjármagn til þess að eignast slíka vél eða vélar.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál. Það er, eins og sagt hefur verið, mjög athyglisvert og getur haft mjög mikla þýðingu fyrir flugsamgöngur á Íslandi. Það er hins vegar rétt, sem hæstv. flugmrh. benti hér á áðan, að af þessum flugvélum er ekki komin fullkomin reynsla sem skyldi til þess að ákveða nú kaup á þeim.

En það er eitt atriði í þessu sambandi, sem ég vildi vekja athygli á og gæti komið til athugunar í þeirri n., sem málið fær til meðferðar, í sambandi við hugsanlega aðstöðu til þess að fá flugvél af þessari gerð til nægilega langrar dvalar hérlendis. Það er alveg ljóst, að það er mjög hæpið, að nægilegt sé að fá slíka flugvél til að vera hér í nokkra daga. Það þarf að reyna hana við margvísleg veðurskilyrði og því líklegt, að það væri jafnvel nauðsynlegt, að hún væri hér nokkrar vikur, og vel kann að vera, að það væri auðið að fá beinlínis vél til þeirrar dvalar hér. En það kynni þó að vera hugsanleg einnig önnur leið í því efni, ef það reynist ekki fært að fá þessa vél til að vera hér nægilega lengi. Þannig er mál með vexti, að þessar flugvélar hafa verið keyptar sérstaklega af bandarískа flughernum og hafa verið þar töluvert í notkun. En mér fyndist það ekki fráleitt að leita eftir því við bandarísku flugherinn, sem hefur hér jafnan flugvélar og flugsveitir, að slík flugvél yrði staðsett hér um einhvern tíma. Það gæti þá orðið um mun lengri tíma en auðið væri að fá slíka vél til reynslu. Mér sýnist, að þetta a. m. k. sé vel þess virði að athuga það, hvort ekki væri hægt að semja um það við bandarísku varnarliðið hér, að ein flugvél af slíkri gerð yrði staðsett hér, a. m. k. um nokkurra mánaða skeið, til þess að tryggt væri, að það væri hægt að reyna flugvélina við allar aðstæður hér, sem þarf að athuga, þegar um það er að ræða að velja hæfar flugvélar til nota hér.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða málið. Þess gerist ekki þörf. Ég veit, að allir eru sammála um nauðsyn þess að tryggja það með bættum flugvélakosti, að við sé hægt að lenda á landinu, og flugvallamálin eru ákaflega stórt fjárhagslegt atriði fyrir okkar þjóð og vitanlega algerlega óhugsandi, að í náinni framtíð verði hægt að gera flugvelli á öllum þeim stöðum, sem nauðsynlegt er að hægt sé að fljúga til, flugvelli af þeirri gerð, sem óumflýjanlegir eru til þess að fullnægja þörfum þeirra flugvéla, sem helzt eru í notkun nú.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 53. fundi í Sþ., 24. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var fram haldið einni umr. um till. (A. 363, n. 536).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Till. sú, sem fyrir liggur og flutt var á þskj. 363, er þess efnis að skora á ríkisstj. að leitast við að fá fullnægjandi upplýsingar um það þegar á þessu ári, hvort De Havilland-Caribou-flugvélar, sem framleiddar hafa verið í Kanada á undanförnum árum, henti íslendingum til innanlandsflugs betur en aðrar flugvélar, m. a. hvort þær geti orðið til almennari nota og sparað fjármagn við byggingu flugvalla.

Segja má, að flutningur þessarar till. sé framhald af ályktun, sem Alþ. gerði hinn 5. maí 1959, þar sem skorað var á ríkisstj. að láta fara fram athugun á nýjungum og framförum í smíði farþegaflugvéla, sérstaklega að því leyti er hentar innanlandsflugi á Íslandi og sparað getur fé við byggingu flugvalla. Munurinn er einkum sá, að nú er gert ráð fyrir í þeirri till., sem fyrir liggur, að athugunin beinist að ákveðinni flugvélategund, þ. e. a. s. þeim kanadísku flugvélum, sem hér eru nefndar og menn hafa haft nokkur kynni af í seinni tíð.

Nú bar svo til um það leyti, sem allshn. tók þessa till. til meðferðar, að hingað kom til Íslands flugvél af þessari tegund. Og um það leyti, sem n. tók málið til meðferðar, hafði þessi flugvél haft hér dvöl og farið í eina reynsluferð. Nokkrir nm. tóku sér far með flugvélinni til þess að sjá, hvernig hún reyndist í þeirri ferð. Og eins og segir hér í nál. á þskj. 536, sannfærðust nm. um það, þeir er vélina skoðuðu og sáu hana hefja sig til flugs og lenda á Sandskeiði, að ekki hefur verið ofsögum af henni sagt. Nefndin var sammála um að leggja til, að till. yrði samþ., eins og segir á þskj. 536, með þeirri breyt., að í henni væri rætt um De Havilland-flugvélar almennt. Þessar verksmiðjur, De Havilland-verksmiðjurnar kanadísku, hafa sem sé framleitt fleiri tegundir en þá, sem hér var á ferðinni. Þær hafa framleitt minni vélar. Og einnig er hugsanlegt, að þær í framtíðinni framleiði einnig aðrar gerðir. Það varð því niðurstaðan í n. að tengja till. við verksmiðjuna almennt og án nánari skilgreiningar.

Nú má segja það, að síðan allshn. ákvað að mæla með þessari till., hefur enn fengizt aukin reynsla af þessari Caribou-flugvél, sem hér var, en er nú

farin héðan. Vélin fór þarna rétt á eftir reynsluför til Vestfjarða og kom við þar á tveimur stöðum, á Ísafirði og í Dýrafirði, og á báðum þessum stöðum lenti flugvélin á gömlum flugvöllum, sem þar hafa verið notaðir sem sjúkraflugvellir og eru ekki taldir eða hafa ekki verið taldir hæfir til lendingar fyrir stærri flugvélar. Og það er vist ekki vafi á því, að það hefur vakið mikla athygli, hvað þessi stóra vél, sem rúmar um 30 farþega, gat lent á stuttum flugbrautum við þær aðstæður, sem þar eru. Ég held, að það, sem þarna gerðist, hafi í raun og veru verið umfram það, sem menn höfðu búizt við, sem hafa verið bjartsýnir á þessa hluti.

Ég hef núna fyrir umr. spurt flugmálastjóra um þetta mál, því að mér var forvitni á því að heyra hans álit, eftir að þessar tvær reynsluferðir höfðu verið farnar. Það var tvennt, sem flugmálastjórinn sagði við mig, sem mér þótti mjög athyglisvert og vil gjarnan nota tækifærið til þess að láta koma hér fram, enda hef ég leyfi til þess að hafa það eftir honum. Það er í fyrsta lagi það, að hann segir, að verð þessarar flugvélar, sem hér var á ferðinni, eða sams konar flugvéla sé ekki hærra en gerist á öðrum nýjum flugvélum af sömu stærð annarrar tegundar. En eins og eðlilegt er, hefur mikið verið að því hugað, hvernig verðið væri. Hann sagði í öðru lagi, að hann hygði, að það væri ekki ofmælt, að flugvél af þessari gerð, sem hér er um að ræða, geti komizt af með helmingi styttri flugbrautir í innanlandsflugi en þær vélar, sem í notkun hafa verið hingað til álíka stórar. Þetta þóttu mér merkilegar upplýsingar, og vildi ég nota tækifærið til að láta þær koma hér fram.

Í öðru lagi finnst mér ástæða til þess að vekja athygli á því, að einn af þeim, sem fóru með flugvélinni til Vestfjarða, þegar hún lenti á Ísafirði og í Dýrafirði, á sjúkraflugvöllunum þar, var hinn þjóðkunni og góðkunni flugmaður, Björn Pálsson, sem allir þekkja. Björn Pálsson, sem eins og allir vita er mikill áhugamaður um þessa hluti og hefur unnið mikil afrek, hefur átt viðtal við eitt af dagblöðunum hér í bænum eftir Vestfjarðaförina, og þetta viðtal var ég að kynna mér. Hann segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Caribou-flugvélin er merkilegt fyrirbrigði. Ég var stórhrifinn af vélinni og hæfni hennar.“ Svo segir hann: „Við flugum inn í langan og þröngan dal, og fannst mér með ólíkindum, hvað vélin gat tekið krappan sveig við að snúa við.“ Hann nefnir síðan, hvað lent hafi verið þarna á stuttri braut, og segir svo: „Ég hef lengi haft áhuga á að fá slíka vél hingað og þóttist vita margt um hæfni hennar, en samt varð ég furðu lostinn, þegar ég sá þetta með eigin augum.“

Þetta segir Björn Pálsson. Og um lendinguna á Þingeyri segir hann: „Við notuðum ekki nema 150 metra í lendingu og 100 metra við flugtak. Þó var vindur lítill og óhagstæður, þar sem hann var allur á hlið.“ Í lok viðtalsins tekur hann það fram, að hann áliti, að þessi flugvél geti lent á 100 flugvöllum hér á landi, þ. e. a. s. öllum þeim flugvöllum, sem sjúkraflugvélin notar, og svo á hinum stærri flugvöllum.

Þetta er álit Björns Pálssonar. Mér finnst það næsta athyglisvert.

Um þetta skal ég svo ekki hafa fleiri orð, en mér sýnist, að þessar upplýsingar, sem fyrir liggja vegna þeirra kynna, sem menn hafa nú af dvöl flugvélarinnar hér, gefi enn aukna ástæðu til þess að athuga þetta mál gaumgæfilega og að full ástæða sé til að ætla, að hér geti verið um stórmál að ræða.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. allshn. sýndi mér þá vinsemd að kalla mig á sinn fund, þegar hún ræddi þessa tillögu, og skýrði hún mér frá því, að hún hefði hugsað sér að flytja við hana brtt. þá, sem hér er til umræðu á þskj. 536.

Þetta er smávægileg efnisbreyting, og hún skiptir litlu máli. Hún fjallar aðeins um það, að sú athugun, sem hér er gert ráð fyrir, nái einnig til annarra tegunda flugvéla, sem sama verksmiðja framleiðir. Ég hafði að sjálfsögðu ekkert við þessa brtt. að athuga og er henni algerlega samþykkur.

Ég vil svo þakka hv. allshn. fyrir það að notfæra sér óvenjulegt og sérstakt tækifæri, sem henni gafst til að athuga þetta mál og kynna sér það sem bezt. Það hefur nefndin gert, og ég endurtek þær þakkir mínar.

ATKVGR.
Brtt. 536 samþ. með 37 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 603).

23. Samstarfsnefndir launþega og vinnuveitenda.

Á 8. fundi í Sþ., 7. des., var útbýtt:
Till. til þál. um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja [38. mál] (A. 66).

Á 9. fundi í Sþ., 28. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. og 17. fundi í Sþ., 3. og 24. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Sþ., 2. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umræðu, fjallar um að fela ríkisstj. að hefja nú þegar rannsókn á og gera till. um, hvort finna megi starfsgrundvöll fyrir samstarfsnefndir launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja. Í grg., sem fylgir á þskj. 66, segir m. a., að með tillögu þessari sé bent á ákveðna leið, er mætti verða til að bæta samstarf launþega og vinnuveitenda, og sé því gengið feti framar en gert hafi verið áður á hæstv. Alþingi, sem hefur, eftir því sem mér er bezt kunnugt, aðeins fjallað almennt um þetta mál.

Byrjun á starfi þessara nefnda mun að finna í síðustu heimsstyrjöld, þegar sú staðreynd varð ljós, að félög og samtök launþega gátu lagt drjúgan skerf af mörkum, þegar um var að ræða hagkvæmni í notkun efnis, véla og vinnuafls til hinnar stórkostlegu framleiðslu styrjaldarþjóðanna.

Í nágrannalöndum okkar hafa þær verið að þróast síðustu 10—15 árin, en strax árið 1945 komust ákvæði um þær inn í samninga launþega og vinnuveitenda í Noregi, ári síðar í Svíþjóð og árið 1947 í Danmörku.

Þeir, sem kynnt hafa sér starfsemi þessara nefnda í nágrannalöndum okkar, líta svo á, að þær hafi haft mikla þýðingu í auknu og bættu samstarfi þessara aðila, sérstaklega á eftirstríðsárunum, þegar þeir urðu að taka höndum saman að margvíslegri endurskipulagningu og uppbyggingu niðurbrotinna atvinnuvega með það markmið að leiðarljósi að bæta lífskjör fólksins og allan aðbúnað á grundvelli aukinnar framleiðslu og meiri hæfni til samkeppni í hinum frjálsa viðskiptaheimi. Það er líka viðurkennt í þessum löndum nú, að samstarfsnefndunum hafi tekizt á undraverðan hátt í mörgum stórfyrirtækjum að sýna í verki, að aukið samstarf launþega og vinnuveitenda hefur orðið báðum aðilum til góðs, og það má fullyrða, að reynsla frændþjóðanna í þessum efnum hafi sýnt án nokkurs vafa, að beggja hagur hafi verið að starfsemi þeirra. Sá hagur hefur ekki sízt skilað sér í aukningu framleiðsluverðmæta með minnkandi vinnutapi á vinnumarkaðinum og með hækkandi vöruverði.

Að reynslu grannþjóðanna fenginni eru allir þeir, sem málum þessum hafa kynnzt meðal þeirra, sammála með fáum undantekningum að viðhalda og auka starfsemi nefndanna. Í samningi þeim um samstarfsnefndir, sem undirritaður var af fulltrúum verkalýðssambandsins og vinnuveitendasambandsins í Danmörku 1947, er m. a. starfsgrundvöllur nefndanna skýrt markaður, og með leyfi hæstv. forseta, vil ég leyfa mér að lesa 5. og 7. gr. þessa samnings, og hljóðar 5. greinin á þessa leið:

„Nefndinni er ætlað að vera vettvangur samvinnu, ráðgjafar og upplýsinga. Verkefni samstarfsnefndar eru eftirfarandi: Í því skyni að efla framleiðsluna á nefndin að fjalla um verkefni, sem varða hagkvæman rekstur, þ. á m. notkun tæknilegra hjálpargagna, skipulagningu vinnunnar, efnissparnað og slíkt, þannig að stefnt sé að slíkri skipulagningu vinnunnar, að framleiðsluafköstin verði aukin sem mest með það fyrir augum að lækka framleiðslukostnað, stuðla að lágu vöruverði og vinna fyrirtækinu, starfsmönnum þess og þjóðfélaginu í heild gagn.

Nefndin á auk þess að stuðla að sem beztri starfsmenntun innan fyrirtækisins. Í því skyni að bæta sem mest vinnuskilyrði og um leið auka starfsgleði manna á nefndin að fjalla um mál, sem varða aðbúð verkamanna, öryggi, heilbrigði og starfsöryggi, og enn fremur svipuð mál, sem varða vinnuskilyrði.

Ef horfur eru á, að verkamönnum verði fækkað eða rekstri fyrirtækisins breytt, á nefndin að fjalla um slík mál með eins löngum fyrirvara og unnt er í því skyni að draga sem mest úr óþægindum, sem þau kynnu að baka þeim starfsmönnum, sem yrðu fyrir þessu. Í því skyni að vekja sem mestan áhuga starfsmanna á rekstri fyrirtækis síns ber vinnuveitanda að veita samstarfsnefndinni þær upplýsingar um fjárhag fyrirtækisins og aðstöðu þess, samanborið við hliðstæð fyrirtæki, sem þýðingu hafa fyrir framleiðsluskilyrði og sölumöguleika yfirleitt.

Upplýsingar um reikninga fyrirtækisins á að veita í sama mæli og veittar eru hluthöfum með reikningsyfirlitinu, sem lagt er fyrir venjulegan árlegan aðalfund fyrirtækisins. Ekki má krefjast upplýsinga um önnur mál, ef það gæti skaðað hagsmuni fyrirtækisins, né heldur má krefjast upplýsinga um einkamál."

7. gr.: „Eftir því sem unnt er, eiga nefndirnar að vinna að því, að gert sé út um ágreiningsmál með umr. í nefndinni, til þess að koma á og viðhalda góðum skilyrðum og vinnufriði í hverju einstöku fyrirtæki.

Samstarfsnefndirnar geta ekki fengizt við mál, er varða heildarsamninga, gerð þeirra, framlengingu, uppsögn, túlkun eða breytingar á þeim, né þau mál, sem varða breytingar á kaupi og kjörum."

Á þessum greinum samningsins sést, að samstarfsnefndirnar eru aðeins ráðgefandi, og skýrt tekið fram, að öllum deilum um samninga um kaup og kjaramál skuli halda utan við starfssvið þeirra og vera eftir sem áður í höndum heildarsamtakanna. Hlutverk nefndanna er annars vegar að bæta eldri aðferðir og finna nýjar til að bæta skipulag til aukningar framleiðslu, að lækka kostnaðinn við framleiðsluna með það sjónarmið fyrir augum, að framleiðsluaukning sé fyrsta skrefið til raunhæfra kjarabóta, og hins vegar sé hlutverk þeirra að fjalla um aðbúnað verkafólks á vinnustað, öryggisráðstafanir til að afstýra slysum, atvinnuöryggi og önnur félagsleg vandamál starfsfólksins. Fulltrúar í nefndunum ræða um þau vandamál og þær till., sem liggja fyrir hverju sinni, á fundum sínum, og er þar reynt að komast að samelginlegri niðurstöðu.

Til þess að gagnkvæmur skilningur á viðfangsefninu og fullur trúnaður sé á milli aðila, er það ekki aðeins talið mikilvægt, heldur nauðsynlegt fyrir þessu samstarfi, að þeir, sem fyrirtækjunum stjórna, geti fulltrúum starfsfólks síns upplýsingar um rekstrarafkomu, söluhorfur á framleiðslunni, útvegun hráefnis o. s. frv., eða allt það, sem getur haft þýðingu fyrir reksturinn, framleiðsluna og atvinnuöryggi starfsmanna fyrirtækjanna. Þess vegna er ákvæði um, að samstarfsnefndunum séu gefnar sams konar upplýsingar og hluthöfum á aðalfundi.

Það, sem ég hef sagt um nefndarstarf þetta í nágrannalöndunum, er auðvitað langt frá því að vera tæmandi. Mér finnst þó rétt að draga fram enn eitt atriði til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning, og það er, að ekki aðeins samstarfsnefndirnar, heldur einnig heildarsamtökin í löndum þessum hafa staðið í vegi fyrir hvers konar áformum vinnuveitenda til þess að auka vinnuálagið á kostnað verkafólks, eins og nokkur dæmi voru til um, meðan samstarf þetta var á frumstigi.

Þá finnst mér og rétt að geta þess, að ábyrgir menn á vegum danska verkalýðssambandsins hafa mikinn áhuga á aukningu og útfærslu á starfs-

sviði nefndanna og halda því m. a. fram, að í núgildandi samningi sé það mikill ókostur, að ekki skuli mega ræða um vandamál í sambandi við kaup- og kjarasamninga. Í því sambandi hefur mikið verið rætt að undanförnu um nýjar leiðir í launagreiðslufyrirkomulagi eða hreinan ágóðahlut, þar sem því er hægt að koma við, og þess sé gætt, að launþegar nái sínum hlut úr þeirri framleiðsluaukningu eða ágóðaaukningu, sem verður til við aukna hagræðingu og byggist á þessu samstarfi.

Nú er mér fyllilega ljóst, að það, sem heppilegt þykir hjá útlendum, þarf ekki að hafa sama gildi hér. En ég bendi í grg. till. á ummæli tveggja Íslendinga, sem hafa kynnt sér þessi mál gaumgæfilega og taka jákvæða afstöðu til þeirra. Síðan er mér kunnugt orðið um fleiri innlenda aðila, sem tekið hafa sömu vinsamlegu afstöðuna til málsins, bæði í ræðu og riti. Persónuleg skoðun mín er sú, að samstarfssvið þetta hljóti að vera vísir að frambúðarlausn þessara viðkvæmu mála, ein þýðingarmesta aðferðin í þjóðfélagi sem okkar til að bæta samúð launþega og vinnuveitenda, því að umr. um vandamálin leiða til gagnkvæms skilnings og koma kannske í veg fyrir, að litlifjörleg ágreiningsatriði valdi tjóni að óþörfu. Heppilegustu leiðina til að koma nefndum þessum á stofn tel ég vera þá, að samstarfsnefndir tækju til starfa til reynslu í nokkrum fyrirtækjum með sem ólíkast starfssvið og síðan væri starf þeirra og árangur tekið til rannsóknar og endurskoðunar eftir t. d. 12 mánuði og þá teknir upp samningar á grundvelli erlendrar og innlendrar reynslu. Óhætt er að slá því föstu, að illmögulegt væri að byggja algerlega á reynslu annarra þjóða vegna ólíkra atvinnuhátta og annarra ástæðna og þess vegna mætti forðast ýmis mistök, sem þar hafa átt sér stað.

Ég vil svo að síðustu leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 46., 48., 50. og 54. fundi í Sþ., 4., 11., 18. og 27. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var fram haldið einni umr. um till. (A. 66, n. 344 og 384).

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Eins og sjá má á fram komnu nefndaráliti, hefur ekki náðst fullt samkomulag innan allshn. um þetta mál. Meiri hl. mælir með samþykkt till. með þeirri viðbót, að ríkisstj. verði falin framkvæmdin í samráði við félög launþega og vinnuveitenda. Minni hlutinn, hv. 4. landsk., Hannibal Valdimarsson, hefur lagt fram sérálit, og mun væntanlega verða gerð grein fyrir því hér á eftir.

Nefndin hefur skrifað allmörgum aðilum og óskað álits þeirra á tillögunni. Í svörum tveggja aðila, sem þó báðir telja gagnsemi þessa samstarfs ótvíræða, kemur fram sá ótti, að ef till. yrði samþykkt, væri verið að fara inn á svið hins frjálsa samkomulags, sem gilda ætti í viðskiptum launþega og vinnuveitenda. Þessu til viðbótar bendir annar aðilinn, Iðnaðarmálastofnunin, á, að rétt sé að bíða, unz sendinefnd sú frá nokkrum félögum launþega og vinnuveitenda, sem fór utan á vegum Iðnaðarmálastofnunarinnar fyrir ári til þess að kynna sér þetta samstarf í nágrannalöndum okkar, hafi skilað skýrslu sinni.

Þessu tvennu er því til að svara, að meiri hl. allshn. hefur fallizt á þá skoðun mína, sem kom fram í framsöguræðu fyrir þessu máli, en þá sagði ég m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Heppilegustu leiðina til að koma nefndum þessum á stofn tel ég vera þá, að samstarfsnefndir taki til starfa til reynslu í nokkrum fyrirtækjum með sem ólíkast starfssvið og síðan væri starf þeirra og árangur tekið til rannsóknar og endurskoðunar eftir t. d. 12 mánuði og þá teknir upp samningar á grundvelli erlendrar og innlendrar reynslu. Óhætt er að slá því föstu, að illmögulegt væri að byggja algerlega á reynslu annarra þjóða vegna ólíkra atvinnuhátta og annarra ástæðna og þess vegna mætti forðast ýmis mistök, sem þar hafa átt sér stað."

Með þessu og öðru, sem ég sagði þá, undirstrikaði ég skýrt, að ég teldi þekkingu íslenzkra aðila nægja á starfi þessu í nágrannalöndunum til þess að geta leiðbeint um það hér, en innlendu reynsluna vantaði, til þess að grundvöllur fyndist til samninga um þessi þýðingarmiklu mál.

Það, að meiri hlutinn er því samþykkur, að ríkisvaldið hafi hér forgöngu um í samráði við félög launþega og vinnuveitenda, er ekki vegna þess, að við teljum það eiga að vera framtíðarþátttakanda í þessu samstarfi öðruvísi þá en sem aðila að þeim frjálsu samningum, sem gilda eiga í samskiptum launþega og vinnuveitenda, heldur vegna eftirfarandi atriða:

Það er liðinn hálfur annar áratugur, síðan samningar voru gerðir í nágrannalöndunum milli launþega og vinnuveitenda um þessi mál. Innan dönsku verkalýðshreyfingarinnar var sú skoðun sett fram strax í byrjun þessa samstarfs og oft áréttuð síðan, að innan samtakanna væri fullur skilningur á því, að veruleg aukning lífskjaranna gæti því aðeins átt sér stað, að á undan hafi farið aukning framleiðsluverðmætanna. Danska verkalýðshreyfingin hefur því heils hugar snúið sér að nánari samvinnu við vinnuveitendur til framleiðsluaukningar, en tekur það um leið fram, að vitaskuld haldi samtök launþega áfram að vera sérhagsmunasamtök, sem vinni að bættum kjörum meðlima sinna. En það eru sameiginlegir hagsmunir um fjölda verkefna, sem einmitt er hægt að ná fram með samvinnu við vinnuveitendur.

Á þessu langa tímabili hafa sömu samningsaðilar hér heima ekki beitt sér fyrir neinu slíku samstarfi, og þeim litla vísi, sem til er hér á landi að slíku starfi, hefur verið komið á af einstaka vinnuveitanda og starfsmönnum hans. Það hefur engin almenn kynning á málinu heldur farið fram. En fyrir þremur árum sendi Iðnaðarmálastofnunin framámann hjá verkalýðshreyfingunni til að kynna sér þessi mál hjá nágrannaþjóðunum. Þessi maður lagði fram skýrslu um ferðalagið, og mun ég vitna í hana síðar, — og fyrir ári fór fjölmenn sendinefnd á vegum sömu samtaka til að kynna sér þessi mál í Danmörku og Noregi. Þótt margir þessara nefndarmanna hafi skrifað tímaritsgreinar um ferð-

ina og látið uppi mjög jákvæðar skoðanir á þessu máli og gildi þess fyrir okkur hér heima, hefur ekki verið gert meira í því.

Þetta finnst mér vægast sagt hæg þróun, og mætti jafnvel segja, að það væri engin þróun. Það er líka mín persónulega skoðun, að það séu ýmis öfgaöfl, sem kæri sig lítið um samstarf sem þetta, og því tel ég í hæsta máta eðlilegt, að ríkisstj. verði falin forganga í þessu máli í samráði við félög launþega og vinnuveitenda, enda hefur enginn einn aðili hérna heima betri aðstöðu til þess að skapa þau skilyrði, sem hin nauðsynlega innlenda reynsla byggist á, eða safna á eina hendi því, sem jákvætt og neikvætt getur talizt við þetta nauðsynlega samstarf.

Í framsöguræðu minni fyrir þessari till. vitnaði ég í samning þann, sem gerður var í Danmörku 1947 milli verkalýðssambandsins og vinnuveitendasambandsins. Síðan sá samningur var gerður, hafa margir slíkir verið gerðir og starfssvið nefndanna fært út mjög verulega. Þannig hafa verið gerðir slíkir samningar í byggingariðnaðinum hjá flestum stofnunum Kaupmannahafnarborgar og annarra borga, hjá ríkinu, hjá samvinnufyrirtækjum, í mjólkurbúum og sláturhúsum einstaklinga og hjá einstökum fyrirtækjum, sem hafa staðið utan vinnuveitendasambandsins danska, og í öllum þessum greinum hefur hinum upprunalega samningi verið fylgt í öllum aðalatriðum. En að sjálfsögðu hefur orðið að laga starf nefndanna eftir mismunandi uppbyggingu og tilgangi mismunandi rekstrarforma.

Skömmu eftir að hinn upprunalegi samningur um samstarfsnefndir var undirritaður, gerðu þessir sömu aðilar með sér annan samning um vinnuathuganir til að koma á hagræðingu, sem stefnir að aukinni framleiðni. Þessi samningur byggist á sömu grundvallarskoðun og samstarfsnefndirnar, þeirri, að fyrir hendi sé gagnkvæmur skilningur á viðfangsefninu, samhliða því, að tortryggni sé útilokuð á milli þessara aðila, og í beinu framhaldi af þessum vinnuathugunum hafa komið viðræður og athuganir á nýjum launagreiðsluformum og þætti launþegans í réttmætri hlutdeild í arði, sem verður til vegna framleiðniaukningarinnar.

Ég vitnaði hér áðan í ummæli tveggja aðila um þessa tillögu. Auk þeirra hafa eftirtaldir aðilar látið álit í ljós um hana, en það er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem mælir með samþykkt hennar, Landssamband ísl. verzlunarmanna, sem mælir með samþykkt hennar, og Vinnuveitendasamband Íslands segir í sínu bréfi, að framkvæmdanefnd sambandsins hafi á fundi samþykkt einróma að mæla með, að rannsókn sú, er í till. greinir, verði látin fara fram. Síðan hefur mér borizt bréf frá Félagi ísl. iðnrekenda, þar sem þeir tjá mér, að þeir telji eðlilegt, að slík rannsókn, sem um getur í till., verði framkvæmd að frumkvæði ríkisstj., en í samvinnu við félög launþega og vinnuveitenda.

Það hefur vakið nokkra undrun mína, að Alþýðusamband Íslands hefur ekki sent umsögn þrátt fyrir óskir um það, en núv. framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins var sá aðili, sem fór út á vegum Iðnaðarmálastofnunar Íslands fyrir þremur árum, og hann hefur látið skoðanir sínar í þessu máli í ljós í tímaritinu Iðnaðarmálum, og leyfði ég mér að birta hluta af þeirri grein hans með grg. minni fyrir þessu máli. Mig langar að ljúka þessum orðum mínum með því að vitna enn á ný í orð þessa manns, sem er núv. framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, eins og ég áður tók fram, með leyfi forseta. Hann segir:

„Ég tel mig hafa fengið góða yfirsýn yfir þessa starfsemi, jafnframt því sem ég hef sannfærzt um, að slík starfsemi gæti tvímælalaust orðið að liði hér á landi, ef rétt væri á málum haldið. Ekki aðeins í iðnaði og verksmiðjurekstri, heldur einnig í sjávarútvegi, fiskiðnaði og ýmsum greinum landbúnaðarstarfrækslu, svo sem mjólkuriðnaði, kjötiðnaði o. fl., mundi slík samvinna um framleiðnimálefni geta orðið atvinnulífinu gagnleg. Ekki leikur á tveim tungum, að hér er fyrir hendi verkefni, sem ber að gefa gaum, það verður að teljast í fyllsta máta eðlilegt, að hið opinbera hafi hér frumkvæði og reyni að fá samtök vinnumarkaðarins til samstarfs um þessi mál, svo mikilvæg sem þau eru fyrir afkomu þjóðarheildarinnar. Því verður ekki að óreyndu trúað, að ekki sé fyrir hendi skilningur hjá þessum aðilum á gildi þess að koma slíkri samvinnu á, svo vafalítið sem það er, að hún á að geta orðið þjóðhagslega mikilvæg, ef rétt er á málum haldið, og líkleg til að leggja grundvöll að stórbættum lífskjörum almennings. Eins og nú háttar til, er ekki aðeins rétt að kanna nýjar leiðir, heldur beinlínis skylda allra ábyrgra aðila að leita nýrra úrræða. Samstarf um framleiðnimálefni er vafalaust eitt af því, sem þar kemur til greina."

Þetta voru orð hans. Eins og ég tók fram í byrjun míns máls, eru 6 meðlimir af 7 í allshn. Sþ., sem mæla með samþykkt till., en einn aðilinn, hv. 4. landsk. þm. (HV), hefur skilað séráliti og mælir með, að hún verði felld.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. gat um, hefur hv. 4. landsk., Hannibal Valdimarsson, skilað séráliti varðandi þetta mál, áliti, sem er á þskj. 384. Ég ætla ekki að orðlengja neitt um þetta mál hérna. Hér er um mjög yfirgripsmikið mál að ræða.

Það fer ekki neitt á milli mála og er að sjálfsögðu mjög æskilegt, að samstarf geti verið milli samtaka launþega og atvinnurekenda um ýmis efni, sem varða hið daglega líf fólksins á vinnustöðvunum, og ýmislegt annað. Hitt fer svo ekki heldur milli mála, að um þann þátt þessa starfs, sem í grg. fyrir þessari till. segir að eigi sérstaklega við um hagkvæmni í rekstri, skipulagningu vinnunnar, aukna tækni og efnissparnað o. s. frv., að um þennan þátt þessa starfs eru mjög deildar skoðanir.

Þetta er ekkert nýtt mál. Þetta er gamalkunnugt í raun og veru, þótt það hafi núna eftir síðari styrjöldina verið sérstaklega skipulagt og samningsbundið í mörgum löndum. Hitt er svo vel þekkt, að þetta hefur leitt til mikilla mistaka í framkvæmd víða, og þó einkum það, að vinnuhraðinn hefur aukizt gífurlega víða og beinlínis orðið valdandi heilsutjóni og auknum slysum. Ég er ekki að segja, að það sé sjálft kerfið, sem þessu veldur, en þetta eru staðreyndir.

Um síðari tilganginn, þ. e. a. s. að koma í veg fyrir slysahættu á vinnustöðvum, vinna að öðrum

félagslegum málum og öryggi, — þetta er hlutur, sem allir eru sammála um og er um nokkur samvinna svo að segja á hverjum einasta vinnustað milli verkafólksins annars vegar og atvinnurekenda og umboðsmanna þeirra, verkstjóranna, hins vegar, þar sem er trúnaðarmannakerfi verkalýðsfélaganna og menn, sem hafa þessi verkefni. Hitt er svo annað, að þessum málum mætti vera miklu betur skipað en nú er, og það hefur ekki staðið á verkalýðssamtökunum eða verkafólkinu að koma þeim í það horf. Það hefur meira að segja verið leitað eftir slíku. Hins vegar hafa samtök atvinnurekenda verið þar miklu tregari til. Það er augljóst mál, að hvorum tveggja, samtökum verkamanna og atvinnurekenda, eru mál þessi allverulega kunnug. Bæði þessi samtök hafa þekkt til þessara mála og þróunar þeirra hér í okkar nágrannalöndum á undanförnum árum. En þrátt fyrir það hafa þessi samtök ekki tekið upp þetta samstarf. Ég álít, að það sé sjálfsagt, að einmitt samtök þessara aðila eigi hér frumkvæði að. Það eru þau, sem eiga að fást við þessi mál, og afskipti ríkisvaldsins af slíkum málum held ég að séu ekki til neinna sérstakra bóta. Og hvers konar rannsóknir hér á að framkvæma, það er ekki ljóst.

Ég ætlaði ekki að tala hér neitt langt mál, en vil aðeins minna á það nál., sem hv. 4. landsk. hefur lagt fram, en getur nú ekki skýrt hér, vegna þess að hann er ekki viðstaddur. Í niðurlagi álits sins segir hann eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er mér ljóst, hvernig framkvæmd skuli rannsókn sú, sem meiri hlutinn vill láta fram fara, og ríkisafskiptum af slíku samstarfsfyrirkomulagi er ég algerlega andvígur. Þess vegna legg ég til, að till. verði felld.“

Ég er honum algerlega samdóma um þetta mál.

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta nál. minni hl. Hv. 2. landsk. sagði, að það væru ekki deildar skoðanir um ágæti þessara n. Samt leggja hann og flokksbróðir hans til, að þessi till. verði felld. Hann sagði enn fremur, að það hefði staðið á samtökum atvinnu- eða vinnuveitenda. Ég las hér upp áðan álit frá nokkrum samtökum vinnuveitenda, sem hingað höfðu borizt, sem mæla með þessari samþykkt, svo að ekki virðist eiga að standa á þeim í dag. Hann talaði um, að samtök aðilanna ættu að eiga frumkvæði í þessu máli. Þessir aðilar hafa haft tækifæri til þess í hálfan annan áratug, og það hefur ekkert komið út úr frumkvæði þeirra á þessu sviði. Hann minntist enn fremur á það, að hvorki honum né hv. 4. landsk. (HV) væri ljóst, í hverju sú rannsókn væri fólgin, sem um er getið.

Ég get nú ekki annað sagt en það sé nokkuð skrýtið að heyra þessi ummæli og það ekki aðeins í nál. frá forseta Alþýðusambands Íslands, heldur einnig nú frá fyrrverandi varaforseta Alþýðusambands Íslands. Þeir hafa skilið, í hverju þessi rannsókn væri fólgin, forustumenn Landssambands ísl. verzlunarmanna og forustumenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, því að þeir mæla með samþykktinni, og virðist ekki standa á því, að þeir hafi ekki skilið tillöguna.

Ég sé enga ástæðu til þess að vera að fara út í orðahnippingar út af þessu máli, en vil aðeins að lokum benda á orð hins danska verkalýðsforingja, sem á stöðulega samstöðu með forseta Alþýðusambandsins. Það er Ejler Jensen, sem er forseti danska verkalýðssambandsins. Hann sagði um þessar nefndir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Samningurinn um samstarfsnefndir er tvímælalaust stærsta framfaraspor, sem danska verkalýðshreyfingin hefur stigið til hagsbóta ekki aðeins fyrir danska launþega, heldur líka fyrir danska framleiðslustarfsemi og þar með hið danska þjóðfélag í heild.“

Þessi till., sem ég hef flutt, felur ekki annað í sér, ef hún verður samþykkt, en að með þessum afskiptum ríkisvaldsins ásamt félögum launþega og vinnuveitenda gæti það orðið til þess, að n. þessar kæmust á, og ég, eins og mér heyrist allir aðrir vera sannfærðir um, tel, að þær geti unnið gagn, ekki aðeins á milli þessara tveggja aðila, heldur fyrir þjóðfélagið í heild.

ATKVGR.

Brtt. 344 (ný till.gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32:6 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 604).

24. Rækjumið.

Á 38. fundi í Sþ., 7. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um leit að rækjumiðum fyrir Austurlandi [126. mál] (A. 300).

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Menn hafa verið þeirrar skoðunar, sem til þekkja, að talsvert mundi vera af rækju á djúpmiðum fyrir Austurlandi.

Á s. l. sumri fór Björgvin Jónsson fyrrv. alþm., kaupfélagsstjóri á Seyðisfirði, fram á það við þá Norðmenn, sem stýra hafrannsóknarleiðöngrum Norðmanna hér við land og þar með skipinu Johan Hjort, að þeir tækju með sér rækjuvörpu og köstuðu henni í tilraunaskyni út af Austurlandi. Urðu forráðamenn þessa leiðangurs við þessari beiðni og köstuðu rækjuvörpunni, og brá svo við, að þeir fengu strax rækju, og var aflinn talinn mikill og rækjan sérstaklega góð.

Af þessu tilefni m. a. hafa fiskifræðingar íslenzkir mjög mikinn áhuga fyrir því, að rækjuleit, regluleg rækjuleit, rækileg, gæti farið fram á þessum slóðum, og Austfirðingar hafa, eins og gefur að skilja, ákaflega mikinn áhuga fyrir því, að ekki verði töf á því, að slíkar rannsóknir eigi sér stað.

Það mun þegar hafa verið gerð áætlun um slíka leit af fiskifræðingum, og það er markmið okkar, sem flytjum þessa þáltill., að Alþ. samþ. áskorun á hæstv. ríkisstj. um að stuðla að því, að þessar fyrirætlanir, sem fiskifræðingarnir hafa nú þegar á

prjónunum, gætu orðið framkvæmdar þegar í sumar og þá svo myndarlega, að nokkuð mætti ganga úr skugga um það, hvers vænta má um rækjuveiðina á þessum slóðum.

Okkur flm. hefur borizt nokkur vitneskja um reynslu frá Noregi í þessum efnum, og sýnir sú reynsla og raunar einnig reynsla hér við land á grunnmiðum, þótt hún sé ekki eins stórfelld og í Noregi, að hér er um stórmál að ræða og stærra mál en flestir munu í fljótu bragði gera sér grein fyrir. En við höfum fengið um hendur Lúðvíks Ingvarssonar sýslumanns í Suður-Múlasýslu nokkrar upplýsingar um reynslu Norðmanna í þessu efni, en Lúðvík Ingvarsson er mikill áhugamaður um þessi mál og hefur ritað okkur þar að lútandi. Þar kemur fram, að úti fyrir Rogalandi í Noregi hefur þessi veiði verið stunduð að ráði síðan 1954, og þar er ekki um neitt smávægilegt að ræða, því að það hefur stöðugt aukizt þátttakan í veiðunum og veiðisvæðið farið stækkandi á úthafinu, unz svo var komið árið 1958, að 200 skip tóku þátt í þessum veiðum. Hvað gerzt hefur síðan 1958, er okkur ekki kunnugt. Þessar veiðar eru þar stundaðar á um 40 tonna bátum, áhöfnin er 2 og stundum 3 menn, og afli hefur verið þar góður, eins og aukin þátttaka í veiðunum bendir til, og tekjur verulegar af þessum veiðum. Þegar þess er svo gætt, að það er mjög mikil vinna í landi við verkun rækjunnar, sjá allir, hversu stórfelldur þáttur þetta gæti orðið í atvinnulífi sjávarplássanna á Austurlandi, ef þær vonir rættust, sem vöknuðu, þegar þessi litla tilraun var gerð á s. l. sumri og það kom í ljós, að þarna var strax rækja fyrir, þegar reynt var.

Nú sé ég ekki ástæðu til að setja á lengri ræðu um þetta, því að aðalatriðið er ekki það, heldur hitt, að koma þeim upplýsingum á framfæri, sem ég nú þegar hef greint, og málinu sjálfu til nefndar í þeirri von, að það geti fengið fullnaðarafgreiðslu á hv. Alþ. Þess vegna mun ég láta við þetta sitja, en óska eftir því, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn. og þá í því trausti, að það geti fengið afgreiðslu nú á þessu þingi. (**Forseti**: Það eru ákveðnar tvær umr. um till.) Ég bið afsökunar. Það munu hafa verið ákveðnar tvær umr., því að hér mun um kostnað að ræða, og því er ekki ástæða til að fresta þessari umr., heldur vísa till. til n. að henni lokinni.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 300, n. 576, 306).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað þessa till. og sömuleiðis brtt., sem við hana var flutt varðandi leit að rækjumiðum fyrir Norðurlandi. Hefur n. leitað umsagna Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar Háskóla Íslands um málið, og hafa þeir sent n. samhljóða álit eftir að hafa haft samráð um það sín í milli. Er það skoðun þessara aðila, að mjög sé mikilvægt, að hafizt verði sem skjótast handa um leit að rækjumiðum. Hins vegar vill fiskideildin ekki eða þessir aðilar, að það verði eingöngu bundið við Austurland, heldur verði gerður út sérstakur leiðangur til þess að leita að þessum miðum fyrir Vestur-, Norður- og Austurlandi, eins og fiskideild atvinnudeildarinnar kemst að orði í sinni umsögn, og telja, að það muni taka um sex vikna skeið að fara þennan leiðangur og gera þar athuganir sínar og síðan þurfi að gera ýmsar athuganir og rannsóknir á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þar verði aflað.

Fjvn. mælir með því, að þessi till. verði samþ. með nokkuð breyttu orðalagi, þar sem leitin verði gerð viðtækari en upphaflega var í till., en hins vegar eru nefnd bæði þau svæði, sem aðaltill. og brtt. fjölluðu um, þannig að það fari ekki á milli mála, að ætlazt sé til þess, að þar verði leitað svo og á öðrum þeim hafsvæðum, þar sem fiskifræðingarnir telja að nauðsynlegt sé að leita að rækju.

Fiskideildin segir í sinni umsögn, að hún telji mjög nauðsynlegt, að þessu máli verði gaumur gefinn, þar sem telja megi víst, að arðvænlega rækjuveiði megi stunda á allmörgum stöðum við strendur landsins, og er af þeim sökum sjálfsagt og eðlilegt, að þessi leit fari fram.

Það er gert ráð fyrir því í áætlun fiskideildarinnar, að kostnaður við leit þessa muni nema um 300 þús. kr., og kemur þá til álita, að hve miklu leyti hægt er að nota þá fjárveitingu, sem varið er nú til fiskimiðaleitar, í þessu skyni. Það verður að sjálfsögðu athugað af hæstv. ríkisstj. eða þá, hvort aðrar leiðir þarf að fara í því efni. En það er skoðun n., að það sé sjálfsagt og eðlilegt að sinna þessu verkefni, og það er von hennar, að hv. alþm. geti fallizt á að samþykkja till. með þeirri orðalagsbreyt., sem n. hefur á henni gert.

Eysteinn Jónsson: Eins og hv. frsm. n. tók fram, er till. nokkuð breytt. Hann minntist á, að það væri stungið upp á að álykta að leita að rækjumiðum fyrir Austurlandi og Norðurlandi og á öðrum hafsvæðum umhverfis landið. Að sjálfsögðu höfum við, sem flytjum till., síður en svo á móti því, að einnig sé leitað að rækjumiðum annars staðar en eystra, erum áreiðanlega allir miklir stuðningsmenn þess. En aðalatriðið í okkar augum var, að leit fyrir Austurlandi færi fram á komandi sumri. En það er mesta efnisbreyt. á till. frá því, sem við fluttum hana, að í till. fjvn. er ekki ályktað, að þessi leit fari fram í sumar. Og mér finnst dálítið óljóst af því, sem hv. frsm. sagði, að afleiðing till. yrði sú, að þetta yrði gert einmitt nú í sumar. Ég vil leggja mjög mikla áherzlu á þetta atriði.

Ég þykist vita, að það þýði ekkert að vera að reyna að berjast á móti þeirri breyt., sem hv. fjvn. hefur lagt til, og þá helzt þar sem við erum auðvitað fylgjandi því, að líka sé leitað annars staðar. En það er þetta, að það sé gert á komandi sumri, það er höfuðatriðið, og þykjumst við þá mega treysta því, að Austfirðir verði framarlega í röðinni og ef lagt verður út í verulegan leiðangur, þá verði leitað þar í sumar og þá annars staðar að einhverju leyti líka.

Hv. frsm. gat þess, að það mundi kosta 300 þús. kr. að gera út leiðangur. Mér var ekki ljóst, hvað sá leiðangur gæti farið víða, hvort það væri leiðangur fyrir Austurlandi einu eða Austurlandi og

annars staðar. Ég verð að segja, að mér vex ekki sú fjárhæð neitt í augum, þó að það kosti nokkur hundruð þús. kr. að gera slíka leit, og ég mundi vilja líta þannig á alveg hiklaust, að samþykkt þessarar till. væri um leið að sjálfsögðu, eins og venja er til, fjárveitingarheimild frá Alþ. til þess að verja því fé til leitarinnar, sem þyrfti á að halda, og þá allt að einu, þó að ekki yrði hægt að taka þá fjárhæð af því fé, sem ætlað er á fjárlögum til fiskileitar, því að því aðeins er þessari ályktun ætlað að ganga í gegnum tvær umræður, að það er gert ráð fyrir, að í henni felist fjárveiting. Og ég efast ekkert um, að hæstv. ríkisstj. hefur nóg fé til þess að greiða þessa leit. Það sjáum við m. a. á þeim upplýsingum, sem einn hæstv. ráðh. gaf alveg nýlega, sem sé að fé flæðir svo ört inn í ríkissjóðinn af þeim álögum, sem samþykktar hafa verið, að yfirdráttur ríkissjóðs, sem hefur verið allmikill venjulega um þetta leyti í seðlabankanum, er nú næstum enginn. Það er augljóst, að þessar álögur færa stórfé inn í ríkissjóðinn, eins og við var að búast, og þess vegna er áreiðanlega ekki um fjárskort að ræða. Ég mundi því vilja leggja áherzlu á, að leitin yrði framkvæmd í sumar, þó að orðalagi till. verði breytt eins og hv. meiri hl. n. leggur til.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af aths. hv. 1. þm. Austf. varðandi það, hvenær leita eigi að þessum rækjumiðum og að orðalagi till. hefur verið breytt að þessu leyti.

Það er alveg rétt, að orðalaginu hefur verið breytt á þann veg, að það eru ekki fyrirmæli um það í till., að það skuli gert í sumar, og breyt. er eingöngu við það miðuð, að það verði að sjálfsögðu að fara eftir því, hvort fé sé fyrir hendi til slíkra hluta eða ekki. Og með því er ekki á neinn hátt verið að draga úr því, að þetta verði gert í sumar, ef hæstv. ríkisstj. telur möguleika til þess fjárhags vegna.

Ég vil upplýsa það, að fiskideildin tekur fram í sinni umsögn, að hún telji nauðsynlegt, að þessi leiðangur verði farinn í sumar, og ég veit, að það er áreiðanlega sameiginleg skoðun nm., að það sé mjög æskilegt, að það verði gert, ef það verður því ekki til hindrunar, að fé verði ekki fyrir hendi til slíkra hluta. Það er, eins og ég sagði í upphafi, ákveðin fjárupphæð, sem er veitt í fjárlögum til fiskimiðaleitar, og það má að sjálfsögðu eins nota það fé til þessara hluta og annarra, og ég sagði það jafnframt í frumræðu minni, að það kæmi að sjálfsögðu til athugunar hjá hæstv. ríkisstj., ef það fé nægði ekki til þess eða yrði að nota það til annarra hluta, að hve miklu leyti hún sæi sér fært að verja úr ríkissjóði fé til leitar þessarar umfram fjárlög. Það gerir áreiðanlega málinu ekkert sérstakt gagn að gefa nein fyrirmæli um það. Það verður að ráðast í því efni, hvort fjárráð eru til slíkra hluta. Og í sannleika sagt er það ákaflega óeðlilegur háttur, sem því miður hefur allt of oft verið tíðkaður hér á Alþ., að eftir að fjárlög eru afgreidd og eftir að búið er að gera upp sinn hug um það, hvaða útgjöld sé talið fært að leggja á ríkissjóðinn, þá sé verið að samþykkja með þál. alls konar útgjöld. Af þeim sökum get ég ekki efnislega verið sammála hv. þm. um það, að slík vinnubrögð séu eðlileg. En það breytir á engan hátt því, og ég veit, að ég mæli það fyrir n. hönd allrar, að hún telur mjög æskilegt, að þessi leiðangur geti farið á þessu sumri, ef fjárhagsástæður leyfa.

ATKVGR.
Brtt. 306 tekin aftur.
— 576,1 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
— 576,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 33 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 605), með fyrirsögninni:
Till. til þál. um leit að rækjumiðum.

25. Steinsteypt ker til hafnabygginga.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um framleiðslu á steinsteyptum kerjum til hafnabygginga [138. mál] (A. 339).

Á 46., 48. og 50. fundi í Sþ., 4., 11. og 18. maí, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Sþ., 24. maí, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Till. sú til þál. um framleiðslu á steinsteyptum kerjum til hafnabygginga, sem ég ásamt nokkrum öðrum hv. alþm. hef leyft mér að flytja á þskj. 339, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvort eigi sé hagkvæm aðstaða til þess á Akranesi að koma þar á fót framleiðslu steinsteyptra kerja til hafnabygginga víðs vegar um land. Ef í ljós kæmi við slíka athugun, sem vænta má, að Akranes sé kjörinn staður til slíkra framkvæmda, mundi eðlilegt og hagkvæmt, að yfirstjórn hafnarmálanna hefði þessar framkvæmdir með höndum og sölu kerjanna."

Svo sem segir í grg. fyrir till., er sennilegt, að engin þjóð, miðað við fólksfjölda, verji jafnmiklum fjármunum til hafnabygginga og við Íslendingar. Á hverju ári er varið tugmilljónum króna í þessu skyni, og með tilliti til þeirrar aukningar, sem nú á sér stað á skipaflota landsmanna, er það fullvíst, að ekki verður slakað á í þessum efnum. Það má jafnvel frekar gera ráð fyrir, að um verulega aukningu verði að ræða og stærri áfangar teknir fyrir en verið hefur að undanförnu, þegar frá eru teknar ein eða tvær framkvæmdir, sem ráðizt hefur verið í á undanförnum árum.

Nú er það svo, að öll aðstaða til hafnarframkvæmda er mjög mismunandi á hinum ýmsu stöðum. Kemur þar margt til greina, t. d. hvort fyrir hendi er nærtækt gott byggingarefni, svo sem möl, grjót og sandur, en víðast hvar, þar sem ráðizt er í að byggja varanlegar hafnir, eru þær byggðar úr steinsteypu. Er þá framkvæmdinni oftast hagað þannig, að strax og komið er út á nokkurt dýpi,

eru steypt ker notuð, og verður þá að ráðast í dýrar framkvæmdir á hverjum stað, til þess að unnt sé að steypa kerin og flotsetja þau síðan. Þessi kostnaður getur verið mjög mismunandi og fer að sjálfsögðu mest eftir því, hve aðstaðan er góð frá náttúrunnar hendi. Þennan kostnað mætti spara fyrir marga aðila með því að framleiða kerin á einum stað, þar sem góð aðstaða væri fyrir hendi, og fleyta kerjunum síðan til hinna ýmsu hafna.

Á stríðsárunum undirbjuggu Englendingar byggingar á stórum höfnum á þennan hátt. Aðaluppistaðan í þeirri stækkun, sem átt hefur sér stað á höfninni á Akranesi á undanförnum árum, er einmitt nokkur af þessum kerjum, sem Englendingar byggðu á stríðsárunum.

Ég geri ráð fyrir, að sú rannsókn, sem hér er lagt til að verði látin fram fara til athugunar á máli þessu, leiði í ljós, að þessi tilhögun sé bæði hagstæð og ákjósanleg, og kemur þá til álita, hvaða aðili eigi að standa fyrir framkvæmdinni. Í fljótu bragði virðist vera eðlilegast, að það komi í hlut hafnarmálastofnunar ríkisins eða vita- og hafnamálaskrifstofunnar undir forustu vitamálastjóra. Það er hægt að benda á ýmis rök því til stuðnings. T. d. ræður enginn einn aðili yfir meiri upplýsingum um það, hvaða hafnarframkvæmdum er líklegast að unnið verði að hverju sinni og þá um leið hvaða stærð af kerjum sé heppilegast að byggja með tilliti til þess, og fleira mætti til nefna, en það er annað mál, og mun ég ekki fara frekar út í það að þessu sinni.

Sem ákjósanlegan stað fyrir þá framleiðslu, sem hér um ræðir, höfum við bent á Akranes og sem rök fyrir því staðarvali höfum við bent á nokkur mjög þýðingarmikil undirstöðuatriði. T. d. er sementsverksmiðja ríkisins staðsett þar og því ekki um neinn flutningskostnað á sementinu að ræða til framkvæmdanna, auk þess sem þar er nærtækt úrvals steypuefni, sem telja verður að skipti mjög miklu máli í þessu sambandi.

Ég get svo látið lokið þessum orðum mínum um mál þetta að sinni. En það er skoðun mín, að hér sé um mikið fjárhagslegt hagsmunamál að ræða og því fullkomið tilefni til þess, að slík rannsókn, sem hér er lagt til, verði látin fram fara. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til fjvn. með 41 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 339, n. 583).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar till. til þál. um steinsteypt ker til hafnabygginga. Ræddi n. málið á tveimur fundum og leitaði auk þess umsagnar vita- og hafnamálastjóra um málið. Ég tel rétt að lesa svar hafnamálastjóra um efni till., en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Oft hefur um það verið rætt, hvort ekki mundi hagkvæmt að byggja öll þau ker, er til hafnargerðar þarf í landinu, á einum eða tveim stöðum og á þann hátt losna við byggingu kerjabrauta og nýta betur uppslátt og fleira en nú er. Hugmynd þessi er vissulega rannsóknarverð, og í sambandi við þá áætlun um hafnargerðir á næstu tíu árum, sem nú er unnið að, ætti betri grundvöllur að þeim athugunum að vera fyrir hendi en hingað til hefur verið. Í þessu sambandi er margt að athuga, svo sem það, að á mörgum stöðum eru nú þegar fyrir kerjabrautir, vinnuflokkar, og hinn mikli kostnaður við flutninga kerja milli staða. Þá hefur til þessa verið afar erfitt að fá yfirlit yfir þarfir hafnargerðanna á kerjum með nokkrum teljandi fyrirvara, þar sem fjármál þeirra eru og hafa verið með mikilli óvissu og hvergi hægt að leita eftir viðhlítandi lánum, þannig að í tíma væri nokkur vissa um framkvæmdir á einstökum stöðum. Steypuker til hafnargerða er ekki hægt að gera vegna breytilegra aðgerða, án þess að full grein sé fyrir því gerð, hvar þau skuli notuð og hvenær, þannig að ekki er mögulegt að framleiða kerin án fyrirframgerðrar áætlunar um, hvar eða hvernig þau skuli notuð. Þá er nauðsynlegt, að í þeirri höfn, þar sem ker eru framleidd, séu góð skilyrði fyrir geymslu þeirra á öruggum stað á góðum botni, og aðstaða þarf að vera fyrir hendi til að hækka kerin við bryggju, eftir að þau hafa verið sjósett af kerjabraut. Kostir þess að byggja kerin á einum stað eru óneitanlega nokkrir, en staðarvalið verður að vera mjög vandlega undirbúið. Ekki er hægt að telja, að einsýnt sé, að Akranes sé bezt fallið til að verða valið sem byggingarstaður allra kerja til hafnabygginga á landinu, og eru þar á nokkrir annmarkar, svo sem erfiðleikar á geymslu kerja, sem steypt hafa verið, lítið landrými fyrir núverandi kerjabraut og vafasamt, hvort lega er heppileg með tilliti til flutnings til Norður- og Austurlands."

Svo sem fram kemur í nál. fjvn. á þskj. 583, leggur n. einróma til, að till. verði samþ. svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvort hagkvæmt sé að hefja framleiðslu á steinsteyptum kerjum til hafnagerða á einum eða fleiri stöðum á landinu. Verði aðstaðan á Akranesi sérstaklega athuguð í því sambandi."

Það er augljóst á svari hafnamálastjóra, að hann telur, að hugmynd sú, sem fram kemur í till., sé vissulega rannsóknarverð, og get ég eftir atvikum fallizt á, að ef til vill væri skynsamlegt að byggja slíka aðstöðu, sem hér um ræðir, á tveimur eða þrem stöðum, eftir því sem athugun leiddi í ljós að hagkvæmara væri. En ég vil sérstaklega benda á það í þessu sambandi, að það er engan veginn víst og ekki a. m. k. nein ástæða til þess að slá fyrir fram neinu föstu um, að það eigi endilega að byggja kerin innan einhverra hafna. Það eru vitanlega ýmsir staðir, þar sem hægt væri að byggja kerjaslipp, sem ekki þyrfti endilega að vera í höfnum. Það eru lón og víkur og ýmis slík aðstaða, sem nauðsynleg er, og það eru margir staðir á landinu, þar sem það gæti verið fyrir hendi og

vegasamband lægi að, enda þótt það væri ekki inni í höfninni sjálfri. Sannleikurinn er sá, að það er víða svo háttað með hafnirnar, að þær eru ekki svo stórar, að þar geti verið um mikið pláss afgangs að ræða til þess að geyma kannske mörg ker, sem í sumum tilfellum ábyggilega þarf að vera fyrir hendi undir vissum kringumstæðum. Ég tel einmitt, að það séu ýmsir aðrir staðir, bæði á Akranesi og annars staðar, sem fyllilega koma til greina í þessu sambandi, þó að það sé ekki innan hafnanna sjálfra.

Ég tel ástæðulaust að orðlengja frekar um mál þetta. Ég vísa til framsögu minnar um málið, en auk þess, sem ég benti þá á, vil ég nú sérstaklega vekja athygli á því, að nú er unnið að allsherjarathugun á áætlun um væntanlegar hafnarframkvæmdir í landinu á næstu 10 árum, eins og fram kemur í svari vita- og hafnamálastjóra um till. Það er einmitt þess vegna, sem sérstaklega er ástæða til þess nú, að þessi till. verði samþ. og sú athugun, sem hún felur í sér, verði látin fram fara.

ATKVGR.

Brtt. 583 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 606).

Þingsályktunartillögur afgreiddar með rökstuddri dagskrá.

1. Sjálfvirk símstöð á Akranesi.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um sjálfvirka símstöð á Akranesi [137. mál] (A. 337).

Á 46., 48., 50. og 53. fundi í Sþ., 4., 11., 18. og 24. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var till. enn tekin til fyrri umr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 337 er till. til þál. um sjálfvirka símstöð á Akranesi, er hv. þm. Daníel Ágústínusson flutti, meðan hann átti sæti hér á Alþ. Till. þessi fjallar um það, að ríkisstj. hlutist til um, að landssíminn komi upp sjálfvirkri símstöð á Akranesi á næsta ári.

Eins og kunnugt er, hefur sjálfvirkt símakerfi verið hér á landi í 3 áratugi. Var það fyrst hér í Reykjavík, en hefur síðan breiðzt út til Akureyrar og Keflavíkur. Ekki þarf orðum að því að eyða, hvað þessi þjónusta er eftirsótt og greiðir fyrir öllum viðskiptum og skapar mikil þægindi.

Næsti áfangi í þessum málum, að því er ég bezt veit, mun vera Akranes, Borgarnes, Vestmannaeyjar og að tengja Akureyri og Reykjavík saman. Eftir þessum áföngum er beðið með mikilli óþreyju, sér í lagi á Akranesi, sem nú á í smíðum símahús, sem verður lokið á þessu ári. Það var skoðun Akurnesinga, að þegar símahúsið væri tilbúið, mundi sjálfvirka símakerfið einnig verða tekið í notkun. Þessu hefur seinkað nokkuð, og hefur það valdið þeim verulegum vonbrigðum.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 20. jan. s. l. var samþ. till. um að skora á landssímann að hefja framkvæmdina sem allra fyrst.

Enda þótt vitað sé, eins og ég gat um áðan, að að því er stefnt að koma þessu verki í framkvæmd, er till. fram borin til þess að ýta á framkvæmd málsins, því að með viljayfirlýsingu hér á hv. Alþ. um áskorun til ríkisstj. um að hlutast til um, að framkvæmdinni verði hraðað, er treyst á það, að málið verði leyst fyrr en ella.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins í sambandi við þessa till. gefa upplýsingar um, að það mál, sem hér er farið fram á að ríkisstj. afgreiði, hefur verið afgreitt. Það var á fyrstu dögum desembermánaðar s. l., sem hv. þm. Jón Árnason kom að máli við mig og lýsti því, hversu nauðsynlegt það væri fyrir Akranes að fá sjálfvirka símstöð. Stuttu síðar átti ég tal við póst- og símamálastjóra um þetta, um leið og rætt var um sjálfvirka stöð fyrir Vestmannaeyjar, og var gengið frá því í janúarmánuði að panta sjálfvirka stöð til Vestmannaeyja og Akraness, og hefur verið gerður bindandi samningur um þessi kaup. Ef hv. varaþm., bæjarstjórinn á Akranesi, hefði vitað um þetta, hefði hann vitanlega ekki flutt þessa till. En eins og getið er um, þá var það 20. jan. s. l., sem bæjarstjórnin gerði samþykkt um þetta, en það var áður, sem ég hafði átt tal við póst- og símamálastjóra, og um þetta leyti var ákvörðun tekin um að panta sjálfvirka símstöð. En það hefur einhvern veginn farið fram hjá bæjarstjóranum, hvað gerzt hefur í málinu, og þykir mér þess vegna sjálfsagt, að það verði upplýst hér, um leið og það yrði þá ljóst, að ekki var þörf fyrir till.

Það er alveg rétt, sem segir í grg. fyrir till., að það er vitanlega mjög nauðsynlegt fyrir vaxandi bæ eins og Akranes að fá sjálfvirka símstöð, og það er einnig ekki síður fyrir landssímann praktísk ráðstöfun, þegar til lengdar lætur, í sambandi við rekstrarkostnaðinn, því að það er æði mikið fólkshald, sem sparast við sjálfvirkar stöðvar. Þess vegna er það, sem landssíminn vitanlega kappkostar og á að kappkosta, eftir því sem fjármagn leyfir að setja í stofnkostnað á hverjum tíma, að koma upp sem víðast sjálfvirku kerfi. Það gerir allan rekstur heppilegri og praktískari en annars. Það hefur beðið alllengi að fá sjálfvirka stöð bæði til Vestmannaeyja og Akraness, en úr því verður nú bætt. En því miður er afgreiðslufrestur nokkuð langur á þessum stöðvum, 1—2 ár, þannig að það verður ekki fyrr en seint á árinu 1961, sem þessar stöðvar koma í gagnið.

Ég vildi aðeins upplýsa þetta að gefnu tilefni, því að það er ljóst, að hv. flm., þegar hann flutti till., hefur ekki vitað, á hvaða stigi málið er, og það var einnig að heyra á hv. frsm., að hann hafi ekki heldur vitað, hvað hafði gerzt í þessu máli.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér áðan. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, hefur bæjarstjórn Akraness gert ályktun í málinu, og þykir mér það skjóta skökku við, ef ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar hefur verið tekin, áður en bæjarstjórnin gerði sína ályktun, ef engir af bæjarfulltrúunum á Akranesi hafa þá vitað um málið. Hins vegar gat ég þess, að mér væri

kunnugt um, að að þessu máli væri unnið, og það, sem hér væri um að ræða, væri aðeins það að hraða framkvæmdinni meira en þeir þar efra gerðu ráð fyrir að gert væri ella. Hins vegar er það í bezta lagi, ef framkvæmd verður eins og gert er ráð fyrir í þessari till., þ. e. á næsta ári.

Jón Árnason: Herra forseti. Það er eins og fram kemur í grg. fyrir þessari till., að þá hefur verið unnið að því nú á undanförnum tveimur árum að byggja nýtt símahús á Akranesi. Því máli er nú svo langt komið, að í þetta hús verður ekki einungis flutt á yfirstandandi ári, eins og frummælandi gat um áðan, heldur standa vonir til þess, að það verði þegar í næsta mánuði flutt í þetta nýja hús, og það var vissulega mikil þörf orðin fyrir slíka nýja byggingu fyrir síma- og póststarfsemina á Akranesi.

Eins og hæstv. ráðh. gat um hér áðan, var það snemma í vetur, sem ég ræddi þetta mál við símamálaráðh. Og það er ekki einungis þessi samþykkt, sem gerð var í janúarmánuði s. l., sem Akurnesingar hafa gert í sambandi við bætta símaþjónustu, því að það hefur verið okkar áhugamál um langan tíma að fá þar nokkuð bætt úr. Og þegar fjvn. var að störfum í vetur, lá þetta orðið fyrir skv. upplýsingum, sem ég fékk frá póst- og símamálastjóra, að ráðh. hafði fallizt á þetta, og mér var kunnugt um það. Og ég satt að segja undrast það, að bæjarstjórinn, sem átti að taka að sér að flytja þetta mál við ríkisstj. og þá aðila, sem málunum ráða, skyldi ekki, eftir að till. var samþ. í janúarmánuði, leita sér neinna upplýsinga um málið eða gera tilraun til að fylgja því eftir annað en að senda till. frá sér, því að ég er ekki í neinum vafa um það, að ef hann hefði gert það, þá hefði hann fengið þær sömu upplýsingar sem ég fékk um mál þetta. Og ég vil nota einmitt þetta tækifæri til að þakka hæstv. ráðh. fyrir þá fyrirgreiðslu, sem málið hefur nú fengið hjá ríkisstj.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 337, n. 584).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. símamála upplýsti það við fyrri umr. um till., að hafizt hefði verið handa um það verk, sem hér er um að ræða, og teknar þær ákvarðanir, sem till. gerir ráð fyrir. Póst- og símamálastjóri hefur jafnframt gert n. grein fyrir því, að í byrjun þessa árs hafi póst- og símamálaráðh. ákveðið, að símstöðin á Akranesi yrði endurnýjuð með sjálfvirkri símstöð og jafnframt komið á sjálfvirku símasambandi frá notendum þar til notenda í Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík og nágrenni, og að efni til þessara framkvæmda hefði þegar verið pantað. Það er gert ráð fyrir því í hans bréfi, að það geti hins vegar ekki orðið um það að ræða, að stöðinni verði endanlega komið upp á næsta ári, aðeins af þeirri sök, að afhendingartími á efni sé því til hindrunar, en að öðru leyti muni verða unnið að framkvæmdum þessum með þeim hraða, sem auðið er. Af þessum sökum, þar sem þessar upplýsingar liggja fyrir um, að það hafi þegar verið gert, sem þáltill. fer fram á, hefur fjvn. einróma lagt til, að málið yrði afgr. með rökstuddri dagskrá, sem n. flytur á þskj. 584.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Eins og fram er tekið í grg. fyrir till. þessari á þskj. 337, er tilgangur hennar að hraða þessu máli eins og mest mætti vera. Nú hefur það fengizt, að fyrir liggja ótvíræðar yfirlýsingar um það, að að framkvæmd málsins verður unnið eins hratt og mögulegt er. Af þeim ástæðum liggur það fyrir, sem ætlazt var til, og ég vil því þakka þá staðfestingu, sem hefur fengizt, og treysti því, að málinu verði hraðað eins og nokkur föng eru til.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 584 samþ. með 31 shlj. atkv.

---

2. Virkjun Smyrlabjargaár.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um virkjun Smyrlabjargaár í Austur-Skaftafellssýslu [83. mál] (A. 156).

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28., 35. og 36. fundi í Sþ., 23. marz, 5. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Með l. nr. 22 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, var ríkisstj. heimilað að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1000 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir. Samkv. tíu ára áætluninni átti að framkvæma þessi verk á árunum 1958—60. Frá þessu hafði oft verið skýrt í héraðinu, mikið um þessar framkvæmdir rætt og héraðsbúar bundið við þær bjartar vonir. Hér kemur þó fleira til en áætlanir einar. Á stjórnartíma vinstri stjórnarinnar, þegar Hermann Jónasson fór með stjórn raforkumála, var ákveðið að kaupa efni í orkuver við Smyrlabjargaá. Var það greinilegur vottur þess, að vinstri stjórnin hafði ákveðið að standa við tíu ára áætlunina og láta virkja Smyrlabjargaá og leggja aðalorkuveitu til Hafnarkauptúns á tilsettum tíma, og hefðu þá aðalframkvæmdir við virkjunina orðið á árinu 1959.

Í ágústmánuði 1958 var haldinn á Höfn í Hornafirði aðalfundur Sambands íslenzkra rafveitna, og komu á þann fund margir helztu sérfræðingar landsins í raforkumálum ásamt fulltrúum frá rafveitum,

sem í sambandinu eru. Þessi hópur manna fór þá á virkjunarstað við Smyrlabjargaá. Í samræmi við ákvörðun og aðgerðir stjórnar Hermanns Jónassonar í þessu máli skýrðu ýmsir málsmetandi menn, sem í senn eru sérfræðingar og áhrifamenn á sviði raforkumála, frá því við mannfagnað, er haldinn var í héraðinu af þessu tilefni, að á árinu 1959 yrði hafizt handa um að virkja Smyrlabjargaá. Frá þessu er skýrt og þetta staðfest í ársskýrslu Sambands ísl. rafveitna fyrir árið 1958, þar sem birtur er útdráttur úr þessum ræðum. Á bls. 80 í þeirri bók segir, að Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri í Reykjavík hafi m. a. komizt þannig að orði:

„Við skoðuðum í dag Smyrlabjargaána, sem byrjað verður að virkja á næsta ári. Hvort virkjuninni verður lokið á því ári, upplýsir væntanlega Jakob Gíslason, en einnig er eftir að leiða rafmagnið heim á bæina."

Og hér segir enn fremur í þessari bók, sem vitanlega er gefin út með vitund þeirra, sem hér eiga hlut að máli, með leyfi hæstv. forseta:

„Jakob Gíslason tók næstur til máls, og fórust honum orð á þessa leið: Mér er ánægja að því að koma hér. Hingað kom ég fyrst árið 1941 og þá í fylgd með Halldóri heitnum Einarssyni, einstaklega ötulum starfsmanni, sem hjá okkur vann. Við athuguðum hér virkjunarskilyrði, fyrst á eina í Nesjum, er reyndist ófullnægjandi, en síðan var tekið að athuga Smyrlabjargaána. Nú hefur verið ákveðið að hefja virkjun hennar á næsta sumri, en framkvæmdin tekur meira en eitt ár, og því er ekki hægt að fá rafmagn frá virkjuninni á næsta ári. Hér hafa um langan tíma verið smávirkjanir, en nú er að því komið að virkja hér eina á til sameiginlegra afnota. Höfn í Hornafirði er þar stærsti notandinn, og megináherzlan verður á það lögð að koma rafmagninu til sem flestra. En þó er það svo hér eins og víðar á landinu, að býlin hér falla ekki öll innan tíu ára áætlunarinnar."

Ég legg áherzlu á það, að þetta er sagt í ágústmánuði 1958, og þegar talað er um næsta ár, er átt við árið 1959.

Ákvörðun vinstri stjórnarinnar um virkjun Smyrlabjargaár og yfirlýsingar sérfræðinganna voru staðfestar í verki með því, að 1958 var efni keypt í orkuverið og pípurnar fluttar að virkjunarstað veturinn 1958—59. Þær liggja þar síðan, en vélarnar eru geymdar í Reykjavík. Þessi efniskaup nema svo miklu, að samkv. ársreikningi raforkumálaskrifstofunnar fyrir árið 1959 var um síðustu áramót búið að verja til Smyrlabjargavirkjunarinnar kr. 4 936 670.89.

Ríkisstj. Emils Jónssonar settist að völdum á degi heilags Þorláks 1958. Fyrst eftir valdatöku hennar var hljótt um raforkumálin, eins og ekkert hefði í skorizt. En í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1959 komst það upp hér á hv. Alþ., að ríkisstj. Emils Jónssonar hafði ákveðið að gera stórvægilegar breyt. á tíu ára raforkuáætluninni án þess að ræða það mál á Alþ. Ein breyt. var sú, að horfið skyldi frá því að sinni að virkja Smyrlabjargaá, en í þess stað stækkuð nokkuð dísilrafstöð á Höfn og rafmagn leitt þaðan fyrst á þá sveitabæi, sem næstir eru Þorpinu, en síðan skyldi rafmagn leitt frá þeirri stöð víðar um héraðið.

Jafnskjótt og kunnugt varð um þessar ráðagerðir, var því harðlega mótmælt af mér og fleiri þm. hér á hv. Alþ., að horfið yrði frá því að virkja Smyrlabjargaá á árinu 1959, og í því sambandi skírskotað til aðgerða vinstri stjórnarinnar í málinu, en núverandi stjórnarflokkar tóku þau mótmæli og aðvaranir ekki til greina. Þegar fréttir af þessum breyt. á tíu ára áætluninni og brigðmælum fyrrv. ríkisstj. á gefnum fyrirheitum um virkjun Smyrlabjargaár bárust heim í hérað, brugðust hreppsnefndir fjögurra hreppa, sem hið fyrirhugaða orkuveitusvæði frá Smyrlabjargaárvirkjun nær yfir, þannig við, að þær héldu fund sameiginlega og gerðu svofellda ályktun um málið og sendu til Alþingis:

„Samkvæmt tíu ára rafmagnsáætlun ríkisins var ákveðið að virkja Smyrlabjargaá í Suðursveit til rafmagnsnota fyrir a. m. k. 4 hreppa Austur-Skaftafellssýslu. Höfðu loforð verið gefin um, að framkvæmdir við virkjunina skyldu hefjast á þessu ári (þ. e. á árinu 1959). Hefur í því sambandi verið flutt í vetur nokkuð af efni á virkjunarstaðinn og hafin vegarlagning þangað. Nú höfum við frétt, að umræddar framkvæmdir munu ekki verða hafnar í sumar og dráttur muni um óvissan tíma kunna að verða á, að byrjað verði á virkjuninni. Leyfum við undirritaðir hreppsnefndarmenn okkur að mótmæla í nafni héraðsbúa slíkum drætti, þar sem með honum er gengið á bak gefinna loforða og það án þess að hafa um það nokkur samráð við forsvarsmenn héraðsins. Teljum við slíkar vanefndir geta ekki til greina komið, enda beri íbúum þessa héraðs sami réttur og öðrum landsmönnum í framkvæmdum á rafveðingaráætlunum landsins. Af framansögðu krefjumst við þess, að haldið verði áfram framkvæmdum á þessu ári og virkjuninni lokið á tilsettum tíma árið 1960."

Nokkru áður en Alþingi var slitið s. l. vor, fluttu fimm þm. Framsfl. þáltill. um að fela ríkisstj. að framkvæma 10 ára raforkuáætlunina eins og til var ætlazt, þegar hún var gerð. Sú till. hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Skömmu eftir þinglausnir s. l. vor gerði raforkumálastjóri ferð sína til Hornafjarðar. Hann kallaði þá saman á fund hreppsnefndir þær, sem sent höfðu Alþ. áskorun út af þessu máli, og skýrði þær breyt. á rafmagnsmálum héraðsins, sem þá var ákveðið að gera. Vegna þeirra skýringa og annars, sem fram hefur komið í málinu, gera Austur-Skaftfellingar sér fulla grein fyrir því, hvað hér er um að tefla. En skoðun þeirra um nauðsyn þess að virkja Smyrlabjargaá hið allra fyrsta er alveg óbreytt. Viðhorf þeirra til málsins kemur skýrt fram í ályktun, sem samþ. var í einu hljóði á fulltrúafundi bænda í Austur-Skaftafellssýslu í nóv. s. l., og er sú ályktun svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fulltrúafundur bænda í Austur-Skaftafellssýslu, haldinn að Hrollaugsstöðum í Suðursveit dagana 14.—15. nóv. 1959, harmar það, að frestað var framkvæmdum við virkjun Smyrlabjargaár frá því, sem fyrirhugað var samkv. raforkuáætluninni frá 1953. Jafnframt beinir fundurinn þeirri áskorun til stjórnar raforkumála, að hún hlutist til um, að hafizt verði handa um virkjun Smyrlabjargaár hið allra fyrsta og enn fremur að línulagningu verði flýtt svo sem unnt er."

Í framhaldi af þessu og í samræmi við þessa ályktun bændafundar í Austur-Skaftafellssýslu flytjum við fjórir þm. Austurlandskjördæmis till. þessa til þál., sem hér liggur fyrir og er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta hefja virkjun Smyrlabjargaár í Austur-Skaftafellssýslu á árinu 1960 og hraða svo framkvæmdum við virkjunina og línulagningu frá orkuverinu, að orkuverið verði fullgert og háspennulína lögð til Hafnar í Hornafirði fyrir árslok 1961."

Með því að hverfa frá að virkja Smyrlabjargaá á árunum 1958—60 eru vanefnd þau fyrirheit, sem Austur-Skaftfellingum höfðu verið gefin í sambandi við framkvæmd tíu ára áætlunarinnar. Ákvörðun vinstri stjórnarinnar um virkjun Smyrlabjargaár var að vettugi virt af Alþýðuflokksstjórninni og þar með komið í veg fyrir, að framkvæmdir við virkjunina væru hafnar vorið 1959. Fyrirheit sérfræðinganna um virkjun Smyrlabjargaár 1959, sem gefin voru á opinberum vettvangi heima í héraði, voru þar með gerð að markleysu. Slíkar stjórnarathafnir eru óvenjulegar, enda hefur verið álitið, að ráðherraloforð sé bindandi í ýmsum greinum. Og ekki er auðvelt að sjá, hvar skal staðar nema, ef fylgja ætti þeirri reglu, að ríkisstj., sem við tekur, ógildi stjórnarathafnir fráfarandi stjórnar.

Sá hæstv. ráðh., sem nú fer með stjórn raforkumála, lét svo um mælt hér á hv. Alþ. fyrir nokkru, að framkvæmdir í raforkumálum hefðu ekki dregizt saman á árinu 1959, heldur hefðu þær orðið allmiklu meiri en mörg undanfarin ár og fjárbörfinni til þeirra framkvæmda hefði verið hér um bil fullnægt. Sé þetta rétt, hefur ekki orðið sparnaður að því í raforkumálum í heild, að horfið var frá virkjun Smyrlabjargaár á því ári. Því fé, sem þangað átti að renna samkv. tíu ára áætluninni, hefur þá verið varið til framkvæmda á öðrum stöðum. Þetta sýnir ásamt öðru, að með þessum breytingum hefur átt sér stað misrétti gagnvart Austur-Skaftfellingum.

Till. þessi er flutt í því skyni, að hv. Alþ. hlutist til um, að bætt verði úr misrétti á þessu sviði, svo sem kostur er, og hlutur Austur-Skaftfellinga verði réttur að þessu leyti. Ég tel eðlilegt, að umr. um þessa till. verði nú frestað og málinu vísað til hv. fjvn. til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 7. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. og 54. fundi í Sþ., 18. og 24. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 156, n. 427 og 432).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. frá fjvn. um þetta mál ber með sér, hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að till. verði afgreidd með rökstuddri dagskrá. Þrír nm. vilja, að till. verði samþ., en einn nm. hefur ekki tekið afstöðu til málsins.

Till. er þess efnis að fela ríkisstj. að láta hefjast handa um virkjun Smyrlabjargaár í Austur-Skaftafellssýslu nú á þessu ári, og er í grg. með till. færð sú ástæða fyrir henni, að þar sem breytt hafi verið tíu ára áætluninni um rafvæðingu landsins á s. l. ári, vilji flm. fá staðfestingu Alþ. á því, að það sé andvígt þeirri breyt., m. a. varðandi virkjun Smyrlabjargaár, og verði því ákveðið að hefjast handa um þá framkvæmd nú í ár.

Fjvn. hefur leitað álits raforkumálastjóra um þetta mál, og kemur það glöggt fram í hans álitsgerð, að sú breyt., sem gerð var á tíu ára rafvæðingaráætluninni varðandi Austur-Skaftafellssýslu, muni tvímælalaust flýta fyrir rafvæðingu þess héraðs, sumar héraðsveitur verði þar lagðar fyrr en ella hefði orðið, og er þegar sú raun á orðin, og niðurstaðan verður hins vegar sú varðandi umrædda virkjun, að hún er enn inni á tíu ára áætluninni. Hins vegar er gert ráð fyrir, að virkjunin verði framkvæmd síðar á tímabilinu eða í lok tímabilsins, og virðist það vera eðlilegt og skynsamlegt sjónarmið, því að þá er reiknað með að verði búið að leggja flestar veitur út um héraðið, þannig að þegar geti komið til sölu á orku frá þessu orkuveri, sem annars hefði ekki verið nema mjög takmörkuð, ef ráðizt hefði verið í þessa framkvæmd strax og héraðsveiturnar látnar bíða.

Það virðist ekki geta skipt fólk í þessu héraði miklu máli, hvort virkjað er nú eða síðar, vegna þess að rafmagnsveitur ríkisins hafa yfirtekið dísilrafstöðina á Höfn í Hornafirði, og verður raforka frá þeirri dísilstöð seld jafnháu verði og frá vatnsaflsstöðvum. En það er einmitt ekki hvað sízt vegna hins dýra raforkuverðs frá dísilstöðvum, sem lagt hefur verið kapp á það, þar sem dísilstöðvar hafa verið, að leggja þær niður og taka upp vatnsaflsstöðvar. Þetta er sem sagt ekki til staðar í þessu héraði nú, og eins og sakir standa upplýsir raforkumálastjóri, að fyrir rafmagnsþörfinni sé séð fullkomlega með þeirri dísilstöð, sem nú er í Höfn, og muni verða tryggt, að eftir því sem rafmagnsþörfin vex með dreifingu orkunnar út um sveitirnar, þá muni verða aukið við þessa stöð, þannig að hún fullnægi öllum þörfum í þessu efni.

Með breyt. þeirri, sem gerð var á rafvæðingaráætluninni á s. l. ári eða um næstsíðustu áramót, var að því stefnt að gera framkvæmd þessa máls hagstæðari, og með þeirri breyt., sem þá var gerð, voru sparaðar mjög verulegar fjárhæðir og lagður grundvöllur að því, að rafmagnsveitur ríkisins gætu orðið reknar að verulegu leyti hallalaust, í stað þess að halli þeirra hefur farið vaxandi ár frá ári og hefði farið mjög vaxandi næstu ár, ef áætluninni hefði ekki verið breytt, þannig að öll rekstrarafkoma rafmagnsveitnanna er miklum mun hagstæðari eftir þessa breytingu. Hins vegar er í meginefnum ekki horfið frá rafvæðingu landsins, vegna þess að jafnmargir notendur fá rafmagn samkvæmt hinni endurskoðuðu áætlun og hefði verið eftir hinni fyrri tíu ára áætlun, enda þótt sparist með þessari breytingu yfir 100 millj. kr.

Það er einn þáttur þessarar skipulagsbreytingar, sem snertir þetta mál, sem till. þessi fjallar um, og ég held, að þetta sé einhver ljósasti þáttur þess

máls, hvernig hægt er að gera skipulagsbreytingu á þann veg, að það beinlínis verði til hagsbóta fyrir það fólk, sem á við þetta að búa. Það sýnist vera þar af leiðandi mjög einkennilegt að leggja á það jafnmikið kapp og var gert hér á s. l. þingi, þegar þetta mál var rætt, og er gert nú, að fá endilega ráðizt í þessa virkjun nú þegar, vegna þess að það getur ekki, nema síður sé, haft nokkur áhrif í þá átt, hvenær fólkið í þessu héraði fær raforku til sín leidda. Og þegar þess er gætt, að virkjun þessa á að framkvæma og hún verður framkvæmd á því stigi málsins, þegar hagstæðast verður hvað snertir rekstrarafkomu hennar, þá virðist augljóst mál, að með því að ráðast í þessa framkvæmd nú muni það beinlínis, eins og segir í hinni rökstuddu dagskrá, verða til þess að seinka dreifingu raforkunnar um Austur-Skaftafellssýslu, og það sé því tvímælalaust meira í hag íbúa þessa héraðs, að hinni endurskoðuðu rafmagnsáætlun sé fylgt. Það er á þeim grundvelli, sem meiri hl. fjvn. leggur til, að till. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, sem meiri hl. n. flytur á þskj. 427.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Sþ., 3. júní, var enn fram haldið einni umr. um till.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Þegar þetta mál var hér síðast á dagskrá, var það tekið til umr. í fundarlok, og þá voru umr. á því stigi, að frsm. meiri hl. fjvn. hafði lokið ræðu sinni, en ekki hafði verið mælt fyrir málinu af hálfu minni hl.

Nú er stuttur tími til þinglausna, eins og kunnugt er, og ég, sem er 1. flm. þessa máls, tel meira virði að fá afgreiðslu á málinu en þreyta um það langar ræður úr þessu. Ég hefði að sönnu kosið að gera grein fyrir afstöðu minni hl. fjvn. á örfáum mínútum, ef forseti telur það hæfa, en að öðrum kosti mun ég falla frá orðinu, ef forseti telur betur fara á því, og óska eftir, að málið gangi undir atkv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 427 samþ. með 31:24 atkv.

Þingsályktunartillögur, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Jarðboranir í Krýsuvík og á Reykjanesi.

Á deildafundum 27. og 28. nóv. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um jarðboranir í Krýsuvík og á Reykjanesi** [21. mál] (A. 21).

Á 5. fundi í Sþ., 2. des., var till. tekin til með. ferðar, *hvernig ræða skyldi.*

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11., 15., 16., 17. og 20. fundi í Sþ., 3., 10., 17. og 24. febr., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. (MÁM) og ég höfum leyft okkur að flytja till. til þál. um ýtarlegar rannsóknir á jarðhitasvæðinu á Reykjanesi og afnot hins stóra jarðbors til framhaldsrannsóknar í Krýsuvík, hvort *tveggja með það fyrir augum, að hin mikla hitaorka á þessum svæðum verði beizluð og hagnýtt* til almenningsþarfa.

Hér á Alþ. hefur öðru hverju síðustu tvo áratugi verið mikið rætt um jarðhitann og hagnýtingu hans til hibýlahitunar og iðnaðar. Hafa verið færð rök að því, að beizlun hitaorkunnar í þarfir almennings og til iðnaðarframleiðslu gæti með tímanum orðið einn veigamesti hyrningarsteinninn undir efnahagslegu sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar. Forráðamönnum þjóðarinnar hefur því verið og er í sívaxandi mæli ljós hin geysilega þýðing, sem hagnýting jarðhitans getur haft fyrir efnahagslega afkomu þjóðarinnar. Eitt veigamesta atriðið til að leysa hina miklu erfiðleika, sem íslenzka þjóðin á við að stríða og mun sennilega um ófyrirsjáanlega framtíð eiga við að stríða í sambandi við skort á erlendum gjaldeyri, er einmitt hagnýting jarðhitans, sem óhjákvæmilega takmarkar í stórum stíl innkaup þjóðarinnar á erlendu eldsneyti. Rannsóknir á jarðhitanum með borunum eru tiltölulega ungar hér á landi. Fyrsta borun eftir heitu vatni mun hafa verið framkvæmd við laugarnar hér í Reykjavík árið 1928, og nokkru seinna hófust svo boranir á Reykjum í Mosfellssveit. En fyrstu gufuboranir munu hafa farið fram í Hveragerði 1943 á vegum rannsóknaráðs ríkisins. Fyrir réttum 15 árum, eða árið 1945, var stofnað til jarðborana ríkisins, sem tóku við starfsemi rannsóknaráðs á þessu sviði. Síðan hefur verið borað víðs vegar um landið, bæði eftir heitu vatni og gufu. Þessar boranir fóru fram sem sjálfstæð rannsókn ríkisins á jarðhita víðs vegar um landið, auk þess sem annazt var um boranir fyrir þá, sem þess óskuðu. Þessar boranir hafa að sjálfsögðu gefið allvíðtæka þekkingu á jarðhitanum og eðli hans.

Þessi rannsóknarstarfsemi rannsóknaráðs ríkisins og síðar jarðborana ríkisins hefur orðið til þess, að á ýmsum stöðum, þar sem jarðhita hefur orðið vart á yfirborði jarðar í nánd við kauptún og kaupstaði, hafa sumir þessara staða komið á hjá sér hitaveitu, svo sem Reykjavík, Selfoss, Ólafsfjörður, Sauðárkrókur og Hveragerði. Hitaveita Reykjavíkur er að sjálfsögðu langveigamesta fyrirtækið af þessum hitaveitum, en þar munu um 40 þúsund manns njóta þessara mikilvægu þæginda, en 4500 manns á hinum hitaveitusvæðunum. Talið er af fróðum mönnum, að hitaveitur þessar allar spari um 40—45 þús. smálestir af eldsneyti, gas- og ketiloliu á ári hverju, og mun beinn gjaldeyrissparnaður þjóðarbúsins vegna þessara hitaveitna nema um 30 millj. kr. árlega. Auk þessa beina og raunhæfa hagnaðar, sem hitaveitur þessar veita *þjóðarheildinni, eru hitaveiturnar sjálfar undir flestum* eðlilegum kringumstæðum taldar fjárhagslega trygg fyrirtæki, sem borgi sig sjálf niður á tiltölulega skömmum tíma, miðað við mikinn stofnkostnað.

Við hinn mikla hagnýta árangur, sem náðst hefur með þeim hitaveitum, sem þegar hefur verið stofnað til, er ekki nema eðlilegt, að mikill áhugi sé vakinn hjá öðrum bæjar- og sveitarfélögum og heilum byggðarlögum fyrir hitaveituframkvæmdum, ekki sízt þar sem jarðhitinn er auðsær, eins og t. d. á Reykjanesi. *Hin síðari árin hefur mikill* áhugi ríkt hjá Suðurnesjamönnum um, að hafnar yrðu raunhæfar rannsóknir á möguleikum á hitaveituframkvæmdum fyrir byggðarlögin suður með sjó. Með tilkomu hins stórvirka jarðbors ríkisins og Reykjavíkurbæjar hefur áhugi þessi fengið byr undir báða vængi. Keflavíkurbær og Njarðvíkurhreppur hafa haft forgöngu um mál þetta. Hitaveitunefndir eru starfandi í báðum sveitarfélögunum, og hefur mikið samstarf verið þeirra í milli. Er nú unnið að rannsókn á hitaþörf bæjanna, kortagerð og teikningum fyrir væntanleg aðveitukerfi frá Reykjanesinu. Nefndirnar hafa lagt land undir fót og gengið um Njarðvíkur- og Hafnaheiðar þverar og endilangar í leit að svokölluðum „heitum blettum", þar sem snjó ekki festir, því að slíkir blettir gefa vonir um, að virkjunarhæfur jarðhiti sé þar undir. Slíkir heitir blettir hafa hins vegar ekki fundizt og því úti vonin um það, að öruggt sé að finna jarðhita nær þéttbýlinu en á jarðhitasvæðinu við Reykjanes-

vita. Jarðfræðingar telja að vísu, að ekki sé ósennilegt, að jarðhita sé að finna í sprungubelti, sem liggi um skagann í norðaustur í stefnu á Kollafjörð, en engin fullvissa er um, að svo sé. Séu tilraunaboranir gerðar, þar sem sprungubelti þetta er talið liggja, kvað heppni ein ráða því, hvort borhola lendi í sprungu eða ekki, eftir þeim upplýsingum, sem framangreindar hitaveitunefndir hafa frá jarðborunum ríkisins. Tilraunaboranir á stöðum, þar sem enginn vottur jarðhita er á yfirborðinu, eru auk þess mjög kostnaðarsamar. Hver slík borhola, 200—250 m djúp, mun kosta um 500 þús. kr. Það má því telja mjög mikla áhættu að leggja út í slíkar tilraunaboranir, því að mistakist þær, er miklu fé kastað á glæ að óþörfu. Því vafasamari er slík áhætta sem örugg vissa er fyrir því, að nær óþrjótandi hitaorka er í nokkurra kílómetra fjarlægð.

Jarðhitasvæðið við Reykjanesvita er eitt af minni jarðhitasvæðum landsins að flatarmáli. Það er aðeins um einn ferkm að stærð. Þar eru bæði gufuhverir, leirhverir og einn goshver með söltu vatni. Ríkissjóður er eigandi að stærsta hverasvæðinu, en einnig er töluvert hverasvæði í landareign Kalmanstjarnar. Gufusvæði þetta við Reykjanesvitann hefur verið mjög lítið rannsakað með jarðborunum. Aðeins ein tilraunaborun var gerð af jarðborunum ríkisins árið 1956. Boruð var þá 160 m djúp hola, 8 tommu víð, í nokkurra metra fjarlægð frá salthvernum. Upp úr holu þessari gýs 180° heit, en sölt gufa með miklum krafti, en gos borholunnar er jafnkröftugt nú og það var fyrir fjórum árum, þegar hún var boruð. Ekki hefur þess heldur orðið vart, að borhola þessi hafi haft lamandi áhrif á gufuhveri á hitasvæðinu. Eftir þessa einu tilraunaborun 1956 hafa engar frekari boranir verið gerðar á Reykjanesinu. Þótt sölt gufa hafi komið upp úr þessari einu holu, er ekkert sennilegra en fersk gufa sé á næsta leiti, ef boranir yrðu framkvæmdar víðar og borað dýpra.

Rannsóknir í þessum efnum á jarðhitasvæði Reykjaness eru allt of skammt komnar, og er nauðsynlegt, að þeirri rannsókn, sem hafin var með boruninni 1956, verði haldið áfram. Byggðarlögin suður með sjó telja nú um 9000 íbúa. Þar af eru búsettir í Keflavík og Njarðvíkum ⅔ hlutar þeirra, eða um 6000 manns. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, hafa íbúar Keflavíkur og Njarðvíkur keypt olíu til upphitunar árið 1959 fyrir samtals 8½ millj. kr. Það gerir, að olíukaupin eru töluvert á aðra millj. kr. á hverja þúsund íbúa þessara tveggja byggðarlaga.

Þegar á þetta er litið sem og það, að með jarðhitanum er hægt að fá einhverja ódýrustu hitaorku, sem völ er á, þarf engan að undra, þótt þessi byggðarlög, sem eru aðeins í 22 km fjarlægð frá miklu hitaorkusvæði, bindi miklar vonir við hagnýtingu þessarar orku. En það geta verið fleiri vonir bundnar við hagnýtingu jarðhitans á Reykjanesi en hitýlaupphitunin ein saman. Ég tel ekki ósennilegt, að vegna nálægðar jarðhitagufusvæðisins við sjó væri einmitt á Reykjanesi heppilegur staður fyrir svokallaða sjóefnaverksmiðju, sem í athugun hefur verið hjá sérfræðingum undanfarin ár, en af framleiðsluvörum slíkrar verksmiðju mætti nefna salt og þungt vatn. En allt þetta þarf að sjálfsögðu ýtarlegri rannsóknar en þegar hefur farið fram, enda er gufusvæði þetta hvergi nærri fullkannað með nauðsynlegum borunum. Hér er um ríkiseign að ræða, og er eðlilegt, að ríkið hafi forgöngu um allar nauðsynlegar rannsóknir á hitasvæði þessu, bæði með nýtingu hitans til venjulegrar hitaveitu og hagnýtingu hans til iðnaðarframleiðslu fyrir augum. Hér er því um sameiginlegt hagsmunamál ríkisins og byggðarlaganna suður með sjó að ræða. Af þremur brennandi áhuga- og hagsmunamálum Suðurnesja um þessar mundir, þ. e. steyptum þjóðvegi frá Hafnarfirði um Keflavík, Garð og til Sandgerðis, allsherjar sameiginlegu átaki allra verstöðvanna suður með sjó um uppbyggingu hafna sinna og hitaveitumálinu, þá er hið síðastnefnda ekki hvað veigaminnst í augum okkar Suðurnesjamanna.

Síðari hluti þáltill. okkar hv. 3. þm. Reykn. fjallar um Krýsuvík og komu hins stórvirka jarðbors þangað. Hafnfirðingar hafa þegar látið framkvæma tilraunaboranir þar með mjög góðum árangri, svo að telja má, að hagnýting hinnar geysimiklu hitaorku í Krýsuvík sé örugg. Rannsóknir í Krýsuvík eru nú svo langt komnar, að Hafnfirðingar bíða nú einungis eftir hinum stórvirka jarðbor ríkisins og Reykjavíkurbæjar til lokarannsóknar.

Hafnfirðingar höfðu ástæðu til að gera sér vonir um að fá jarðborinn á s. l. ári til Krýsuvíkur, en af einhverjum ástæðum brást það. Olli það að sjálfsögðu miklum vonbrigðum. Vonandi fá Hafnfirðingar afnot jarðborsins hið bráðasta.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta mál, en ég leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Um fyrri hluta þessarar þáltill., er hér liggur fyrir, vil ég taka það fram, að ég er því, sem þar kemur fram, sammála, svo langt sem það nær. En rannsóknir, sem till. fjallar um, ættu að ná yfir stærra svæði en Reykjanes eitt. Og þörf er á, að samhliða fari fram rannsóknir á því, hvort jarðhiti kunni að finnast nær byggðum á Suðurnesjum, þótt ekki komi hann fram á yfirborði jarðar. Rannsóknir þær, sem till. fjallar um, þyrftu að fela í sér m. a. jarðboranir, sem eru dýrar, og þyrfti því að koma til veruleg fjárveiting í þessu skyni.

Vegna seinni hluta þáltill., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Jafnframt ályktar Alþingi að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að Hafnarfjarðarkaupstað verði hið bráðasta veitt afnot af jarðbor ríkisins og Reykjavíkurbæjar til framhaldsrannsókna í Krýsuvík“ — tel ég rétt, að það komi fram, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur í höndunum bréf frá hæstv. fyrrv. atvmrh., Emil Jónssyni, dags. 18. nóv. s. l., varðandi það atriði, sem sá hluti till. fjallar um. Hljóðar það svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af viðtölum við yður, herra bæjarstjóri, vill ráðuneytið hér með staðfesta, að það hefur ákveðið, að jarðborinn verði fluttur til Krýsuvíkur til borunar þar, þegar lokið er borunum með honum í Reykjavík samkvæmt gerðum samningum.“

Enn fremur hefur bæjarráð Hafnarfjarðar átt viðtal við hæstv. núv. raforkumálaráðherra, Ingólf Jónsson, og hafa þeir aðilar í samráði við jarð-

borunardeild ríkisins þegar komið sér saman um, hvenær hagkvæmast sé fyrir alla aðila, að hafnar séu boranir í Krýsuvík.

Bæjarráði Hafnarfjarðar hefur borizt afrit af bréfi raforkumálastjóra til atvmrn., þar sem m. a. segir svo um það atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Um hina fyrirhuguðu jarðborun í Krýsuvík er hins vegar það að segja, að hana er ekki hægt að framkvæma fyrr en með vorinu, þegar frostlaust er orðið. Auk annarra atriða kemur það sérstaklega til athugunar, að við borunina þarf talsvert magn af köldu vatni til kælingar, og verður í Krýsuvík að dæla þessu vatni um 2 km langar pípur úr Kleifarvatni. Er augljóst, að frost geta valdið töluverðum rekstrartruflunum á kælivatnskerfinu, og telur jarðhitadeildin mjög óvarlegt að hefja boranir í Krýsuvík, fyrr en frostlaust er orðið, þ. e., þegar komið er fram í apríl eða maí. Í samræmi við þetta er fyrirætlað að hefja í febrúarmánuði undirbúning í Krýsuvík að borun þar.“ segir að lokum í bréfi raforkumálastjóra, og þessar undirbúningsframkvæmdir eru nú þegar hafnar.

Ég sé ekki ástæðu til að tortryggja yfirlýsingar hæstvirtra ráðherra um afnot jarðborsins í Krýsuvík, og eftir því sem ég þekki til þessa máls, tel ég, að fyrir því sé séð. Það má að vísu segja, að það sé ekki í minum verkahring að sporna við því, að samflokksmenn hæstv. raforkumálaráðh. beiti sér fyrir því, að Alþ. samþykki sérstaka ályktun, þar sem skorað er á hann að standa við loforð sín og fyrirrennara sins, og skal ég ekki beita mér gegn því, að þeir, sem svo mjög vantreysta hæstvirtum ráðh., fái þeim vilja sínum framgengt. En ég treysti hæstv. ráðh. vist þeim mun betur en þeir, að ég tel því máli, hvenær jarðborinn kemur til Krýsuvíkur, jafnvel borgið, hvort sem síðari hluti þáltill. verður samþykktur eða hann hefði aldrei komið fram.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það er út af ummælum hv. 7. landsk. (GeirG), sem ég ætlaði að segja hér örfá orð í sambandi við síðari hluta þessarar þáltill., sem við hv. 8. landsk. leyfum okkur hér með að flytja og er á þá lund, að Hafnarfjarðarkaupstað verði hið bráðasta veitt afnot af jarðbor ríkisins og Reykjavíkurbæjar.

Hv. þm. vildi láta í það skina, að þessi þáltill. væri vantraust okkar flm. á hæstv. núv. raforkumálaráðh., en ég vil segja honum það, að því fer víðs fjarri. Hitt er svo annað mál, að tilkoma þessarar þáltill. er raunverulega niðurstaða af framkvæmd hæstv. fyrrv. raforkumálaráðh., því að eins og honum er kunnugt, hv. þm., var því lofað, að jarðborinn kæmi til Hafnarfjarðarkaupstaðar í ágústmánuði s. l. Það má vel vera, að þá hafi verið frost í jörðu í Hafnarfirði, en ég man ekki eftir því. Síðan gerði ég fyrirspurn hér á Alþ. í sumar, og var mér þá svarað því, að borinn mundi koma í haust. Haustið er liðið líka. Það vildi svo til, að í bæjarstjórn Hafnarfjarðar var gerð fsp. um komu jarðborsins þann 17. nóv. 1959, og hafði þá bæjarstjórinn engu til að svara, en eins og hv. alþm. upplýsti hér áðan, var ritað bréf í rn. þann 18. nóv. Ríkisstj. fór síðan frá, eins og við vitum, einum eða tveimur dögum síðar, svo að það var ekki seinna vænna fyrir þann hæstv. ráðh. að gefa umrætt bréf sem fyrirheit um komu borsins til Krýsuvíkur. Mér er hins vegar kunnugt um velvilja hæstv. núv. raforkumálaráðh., en ég veit hins vegar, að hann mundi á engan hátt telja það málinu til skaða, þótt Alþ. lýsti yfir því, sem hér er farið fram á.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 21, n. 479, 419).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Með till. þessari er lagt til, að Alþ. feli ríkisstj. að láta fram fara, svo fljótt sem auðið er, ýtarlegar rannsóknir á jarðhitasvæðunum á Reykjanesi með það fyrir augum m. a., að þær orkulindir verði hagnýttar til hitaveitna fyrir nálægar byggðir, og í 2. lið till. er lagt til, að Alþ. skori á ríkisstj. að hlutast til um, að Hafnarfjarðarkaupstað verði hið bráðasta veitt afnot af jarðbor ríkisins og Reykjavíkurbæjar til framhaldsrannsókna í Krýsuvík.

Brtt. hefur komið fram á þskj. 419 þess efnis, að sams konar athugun og um getur í 1. mgr. aðaltill. verði látin fara fram að Leirá í Borgarfirði með það í huga, að hitaveitu verði komið á fyrir Akraneskaupstað.

Fjvn. hefur athugað þessa till., og er niðurstaða n. sú að leggja til, svo sem segir í nál. á þskj. 479, að till. verði vísað til ríkisstj. Ástæðan fyrir þessari afgreiðslu er í stuttu máli þessi:

Eins og í nál. segir, er enginn ágreiningur um það innan n., að það sé mjög brýn nauðsyn að nýta heitt vatn til hitaveitu á þessum svæðum, sem um ræðir, bæði í aðaltill. og aukatill., enda er vitað, að það er ekki hægt að nýta heitt vatn. a. m. k. eftir þeim leiðum, sem enn er vitað um í því efni, hagstæðar en einmitt til hitaveitu, og það er engum efa bundið, að það hefur þess vegna mjög mikla þjóðhagslega þýðingu, auk þess sem það leiðir af sér stórfellda þægindi fyrir viðkomandi byggðarlög, sé hægt að koma þar upp hitaveitu.

Í umsögn frá jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar um aðaltill. er það tekið fram, að þegar sé vitað um helztu jarðhitasvæðin á Reykjanesi, en aftur á móti mun þannig vera ástatt um þau svæði, að það mun vera mjög kostnaðarsamt að leiða þaðan heitt vatn til t. d. Keflavíkur. Það gæti þó haft áhrif í þessu sambandi, ef það gæti komið til greina um sölu varma til Keflavíkurflugvallar, sem enn er ekki vitað um, og jarðhitadeildin telur, að í sambandi við athugun á þessu jarðhitasvæði skipti það miklu máli, hvort hugsanlegt væri að selja varma til Keflavíkurflugvallar. En jafnframt er á það bent í umsögn jarðhitadeildarinnar, að hugsanlegt væri að finna varma í jörðu nær Keflavík, þannig að það yrði miklum mun ódýrara, ef svo reyndist, að leiða hitaveitu til Keflavíkur. Um það atriði segir svo í umsögn jarðhitadeildarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfsagt er að taka til athugunar, hvort ekki séu möguleikar á því að vinna varma nær Keflavík. Um bein jarðhitasvæði er ekki að ræða, en brotlínan, sem tengd er Skálafelli, liggur næst í

9 km fjarlægð frá Keflavík. Ekki er með öllu útilokað, að þar megi vinna varma, og yrði aðveita til Keflavíkur þá verulega ódýrari. Deildin vill að svo stöddu ekki gera mikið úr þessum möguleika, en teldi ekki óráðlegt að kanna hann nánar. Til greina kæmi að gera 200—400 m djúpa borholu við brotlínuna til þess að mæla hita í jörðu og ganga úr skugga um það, hvort hefja ætti meiri háttar boranir. Kostnaður þessarar rannsóknarborholu ásamt tilheyrandi gæti orðið um 500 þús. kr."

Það virðist því vera sjálfsagt að kanna þessi jarðhitasvæði, því að það auðvitað hefur mikla þýðingu fyrir Keflavík, hvort hægt er að fá jarðhita þetta nálægt bænum.

Efnislega er því fjvn. alveg sammála hv. flm. um, að það sé mjög æskilegt að leita eftir þessum jarðhita, bæði á þessu svæði og einnig á Akranessvæðinu. En það, sem veldur því, að sú leið hefur þó þótt heppilegust að sinni að vísa till. til ríkisstj. án þess að gera beina ályktun, er sú, að hingað til hefur það verið venja varðandi hitaveituboranir, að þær hafa verið á frumkvæði viðkomandi sveitarfélaga, og samkvæmt lögum um jarðhita hefur ríkissjóði síðan verið ætlað að borga tiltekinn hluta af kostnaði við þessar boranir. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi forustu um að framkvæma þetta, og þá væntanlega haft í hyggju, að hún kosti þessar boranir. Með því er farið inn á alveg nýja braut, sem ekki skal á þessu stigi felldur neinn dómur um, hvort er rétt og eðlilegt í framtíðinni eða ekki. En mér sýnist það þó liggja í augum uppi, að áður en hægt er að slá slíku föstu í ályktun frá Alþ., verði að kanna til hlítar, hvaða reglur eigi að gilda almennt um leit að heitu vatni. Ríkið á nú jarðbor með Reykjavíkurbæ, og er gert ráð fyrir, að hvor aðili um sig greiði helming kostnaðar, og er það í samræmi við þær reglur, sem gilt hafa um leit að heitu vatni, skipting kostnaðar milli sveitarfélaga og ríkissjóðs. Ýmsum sveitarfélögum hafa verið greiddar allverulegar fjárhæðir, þó að á því hafi mjög staðið síðustu árin, að fé væri veitt til þess að aðstoða sveitarfélög í sambandi við leit að hitaorku eða varma. Nú er hins vegar ákveðið og endanlega hafa verið fest kaup á sérstökum jarðbor fyrir Norðurland, og kemur þá að sjálfsögðu til álita, eftir hvaða reglum eigi að greiða kostnað við framkvæmdir þess bors. Mér þykir þess vegna allt benda til þess, að óumflýjanlegt verði nú þegar á þessu ári, að ríkisstj. taki það mál til heildarathugunar, hvernig kostnaður skuli greiddur við jarðhitaleit í sambandi við hitaveitur til ákveðinna byggðarlaga, og fastar reglur settar um það efni.

Afstaða n. byggist sem sagt á þessum aðstæðum, og enda þótt n. því leggi til að vísa málinu til ríkisstj., ber á engan hátt að skilja það sem neikvæða afstöðu til þess meginefnis, sem till. fjallar um. En ég vænti þess, að hv. flm. geti fallizt á það með n., að það sé brýn nauðsyn að setja um þetta fastar reglur og þá eðlilegast á þann hátt að fá lögfesta heildarlöggjöf um jarðhita, sem mun vera tilbúin að verulegu leyti, en ágreiningur hefur verið þar um viss atriði, og þessa löggjöf þurfi að undirbúa fyrir næsta þing og koma á hreint, að hve miklu leyti í framtíðinni ríkissjóður og ríkisstj. skuli hafa forgöngu um jarðhitarannsóknir og að hve miklu leyti það skuli vera á vegum sveitarfélaganna.

Um seinni lið till., gufubor ríkisins og Reykjavíkurbæjar, er það að segja, að það hefur verið upplýst fyrir fjvn., að ákveðið hafi verið, að gufuborinn fari til Krýsuvíkur nú í maímánuði, og það mun vera búið að taka hann niður eða kannske öllu heldur upp austur í Hveragerði og hann tilbúinn til flutnings þangað suður eftir eða jafnvel kominn þangað nú þegar, þannig að það sýnist sem þegar sé það orðið að veruleika, sem hv. flm. hafa óskað eftir í því efni.

Fjvn. væntir þess, að hv. flm. og þm. í heild geti fallizt á að afgreiða málið á þennan hátt, með hliðsjón af þeim forsendum, sem ég hef hér getið um.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti: Herra forseti. Við flm. þáltill. á þskj. 21, sem þetta nál. fjallar um, þökkum hv. fjvn. fyrir þá viðurkenningu, sem felst í nál. um nauðsyn hitaveitna fyrir byggðarlögin suður með sjó og að rannsókn verði látin fram fara á umræddum jarðhitasvæðum. Hins vegar er því ekki að neita, að við hefðum kosið, að jákvæðari afstaða hefði verið tekin af hv. fjvn. hvað þetta snertir en gert er.

Það er rétt, að í þáltill. okkar er gert ráð fyrir, að ríkisstj. hafi forgöngu um rannsóknir á jarðhitasvæðinu á Reykjanesi, en um það segir svo í till., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara, svo fljótt sem auðið er, ýtarlegar rannsóknir á jarðhitasvæðunum á Reykjanesi með það fyrir augum meðal annars, að þær orkulindir verði hagnýttar til hitaveitna fyrir nálægar byggðir."

Í framsöguræðu minni fyrir till. gerði ég grein fyrir því, að við jarðhitarannsóknir á Reykjanesi og hagnýtingu jarðhitans þar væru fleiri vonir bundnar en hibýlaupphitunin ein saman. Eins og kunnugt er, eru hugmyndir um ýmiss konar efnaiðju í stórum stíl ofarlega á baugi hér á landi nú um þessar mundir, og eru þær hugmyndir nær eingöngu bundnar við gufusvæðin í landinu. Athuganir á vinnslu efna úr sjóvatni hafa verið gerðar af Baldri Líndal efnafræðingi hjá jarðborunum ríkisins, og hefur hann komizt að þeim niðurstöðum, að einu staðirnir, sem til greina komi til slíkrar vinnslu, séu gufusvæðin í Hveragerði, Krýsuvík og á Reykjanesi. Af þessum þremur svæðum telur efnafræðingurinn Hveragerði vera óhentugast vegna fjarlægðar frá sjó og langra flutningsleiða fyrir framleiðsluna. Eitt af þessum gufusvæðum er Reykjanes, en jarðhitasvæðið þar er í eigu ríkisins og er næst sjó af þessum gufusvæðum og aðeins 20—30 mín. akstur til næstu útflutningshafnar. Ef að vonum lætur og útflutningshöfn yrði gerð í Grindavík, eins og þar mun vera mikill vilji fyrir, og vegurinn milli Reykjaness og Grindavíkur yrði gerður sæmilega akfær, yrði ekki nema 10—15 mín. akstur til þeirrar útflutningshafnar frá jarðhitasvæðinu á Reykjanesi.

Ég tel það eðlilegt, að ríkið sjálft hafi forgöngu og beri kostnað af nauðsynlegum rannsóknum á sínum eigin jarðhitasvæðum, hvort sem þær rannsóknir leiða í ljós, að jarðhitann er hægt að nota til hibýlahitunar eða til iðnaðarframleiðslu. Mér

finnst það í rauninni fráleitt, að bæjar- og sveitarfélög eigi að hafa forgöngu og byrjunarkostnað af slíkum rannsóknum. Hitt væri ekki nema sjálfsagt, leiði þessar rannsóknir á jarðhitasvæðum ríkisins sjálfs það í ljós, að nærliggjandi byggðarlög geti notað og orðið aðnjótandi hita úr þessum gufuhverum til upphitunar húsa, að viðkomandi bæjarfélög verði látin kosta að einhverju leyti þær rannsóknir, sem fram hafa farið, og svo að sjálfsögðu hitaleiðsluna sjálfa.

Hv. frsm. taldi, að jarðboranir ríkisins hafi talið, að það yrði kostnaðarsamt að leggja leiðslu frá Reykjanesi t. d. til Keflavíkur. Það er alveg rétt. Þetta hefur verið rannsakað. Þetta eru um 20 km. og það er jafnlangt, nákvæmlega jafnlangt og frá Krýsuvík til Hafnarfjarðar. Og það er talið, að hitaleiðsla frá Reykjanesi til Njarðvíkur og Keflavíkur muni kosta um 1 milli. kr. lengdarkílómetrinn. Hins vegar benda jarðboranir ríkisins hv. flvn. á, að það væri hugsanlegt, að hita væri að finna nær Keflavík en á Reykjanesinu. Þetta mun vera rétt, en það hefur einnig verið rannsakað, ekki reyndar með borunum, en þar er ekki nokkur vottur af hita á yfirborði jarðar neins staðar nær en á Reykjanesinu.

Að till. hljóðaði um það, að rannsóknir skyldu hafnar og fara fram þarna á jarðhitasvæðinu á Reykjanesi, var einmitt vegna þess, að þar þurfti ekki að leita að hita. Hann var þar fyrir. Það þurfti aðeins að rannsaka betur, hvort þar væri hægt að fá hreina gufu, saltlausa, eða jafnvel heitt vatn, því að þarna hefur ekki verið framkvæmd nema ein einasta borun, og upp úr henni hefur komið sjóðheitt, salt vatn.

Ég tel það sjálfsagt, og ég veit, að Njarðvíkur og Keflavík hafa mikinn hug á því að leita að heitu vatni nær en þetta. En það mun kosta 500 þús. kr. hver borhola, og ef þarf að bora margar slíkar holur og e. t. v. árangurslaust, er það fljótt að koma upp í hvern lengdarmetra, sem hitaleiðslan kostar frá Reykjanesvita.

Hitt er það, að við höfum þegar rætt við yfirstjórn varnarliðsins í sambandi við væntanlega þátttöku þess í jarðborunum og væntanlegri hitaveitu, en höfum ekki fengið um það neitt svar. Herstjórnin fékk jarðboranir ríkisins 1952 til þess að gera tilraunaborholu við Seltjörn, sem er skammt frá Keflavík, en við hana var hætt, áður en hún komst í meira en 30—40 metra dýpt, en þar var að sjálfsögðu engan hita að finna í svo grunnri holu.

Ég get fallizt á það með hv. fjvn., að heildarreglur um greiðslu á kostnaði við jarðhitarannsóknir séu nauðsynlegar, og einnig er það skiljanlegt, að n. geti ekki nú á þessu stigi slegið því föstu, að ríkið eigi að hafa forgöngu almennt um jarðhitaleit til hitaveitna. En eins og ég áður hef sagt, tel ég, að gufusvæðið á Reykjanesi hafi algera sérstöðu hvað þetta snertir.

Í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. hraði heildarlöggjöf um hagnýtingu jarðhitans og rannsóknir á honum, fellst ég á niðurstöður hv. fjvn. á þskj. 479.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Við afgreiðslu fjárl. bar ég fram till. um ákveðna fjárveitingu til raforkumálastjórnarinnar til framkvæmda í þeim efnum, sem þáltill. þessi fjallar um. Flm. þáltill. greiddu þá atkv. gegn þeirri till. í trausti þess, að því er þeir greindu, að hv. fjvn. mælti með samþykkt þessarar þáltill., þingið síðan samþykkti hana og ríkisstj. framkvæmdi síðan þær rannsóknir, sem í till. fælust.

Nú liggur fyrir álit hv. fjvn., og það er því miður ekki í samræmi við það traust, sem hv. flm. sýndu n. við atkvgr. um till. mína í sambandi við fjárl. Ég treysti sjálfur ekki á, að till. fengi þá afgreiðslu, sem flm. gerðu sér vonir um, og flutti þess vegna till. mína um sérstaka fjárveitingu. Mér þykir miður, að fyrst mín till. var felld, m. a. af hv. flutningsmönnum þessarar þáltill., þá skuli hv. fjvn. ekki mæla með þáltill.

Mál það, sem hér er um að ræða, er aðkallandi, og þjóðin tapar stórfé á ári hverju við það að greiða olíu til húshitunar, þar sem þétt byggð er, en jarðhiti skammt undan, og hef ég því talið, að rétt væri að samþ. þáltill. sjálfa vegna sérstöðu þessara svæða, sem um er að ræða.

Um seinni hluta þáltill. er það að segja, að þar hafa einnig brugðizt vonir mínar að nokkru leyti. Ég taldi, að með flutningi þessa hluta till. væru flm. að sýna ráðh. sínum óverðugt vantraust, þar sem fyrir lægju loforð núv. og fyrrv. raforkumálaráðh. um, að boranir yrðu hafnar í Krýsuvík í þessum mánuði. Sýnilegt er, að af því verður því miður ekki, þótt boranir hefjist vonandi í næsta mánuði, en sýnilegt er þó, að vantraust hv. flutningsmanna hefur átt nokkurn rétt á sér.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það er varðandi þá afgreiðslu, sem fjvn. hefur gert í sambandi við þá þáltill., sem við höfum flutt í sambandi við jarðhitarannsóknir á Reykjanesi.

Ég hef litlu við þá ræðu að bæta, sem hv. 8. landsk. (AGb) flutti hér áðan, en mig langar þó til í sambandi við síðari hluta þessarar till., sem hv. 7. landsk. þm. (GeirG) kom hér inn á áðan, að segja það, að flutningur þessarar till. er síður en svo vantraust á þá menn, sem með þessi mál fara nú. Ég gat þess hér, þegar till. var rædd í upphafi, að síðari hluti till. væri fram kominn vegna fenginnar reynslu í þessum málum og til þess að fyrirbyggja, að hægt yrði að segja, að ekki hafi verið gert allt, sem hægt væri til þess að tryggja, að borinn kæmi til Krýsuvíkur nú í sumar. Þessi hv. þm. viðhafði þá þau orð í sambandi við þær ráðstafanir, sem ekki stóðust árið 1959, að ekki hafi verið hægt að koma með borinn vegna frosta. Það sem af er þessu ári hefur ekki sýnt, að um mikil frost muni vera að ræða, og ég ætlaðist til með þessari till. eða síðari hl. hennar fyrst og fremst, að það yrði tryggt, að sá dráttur, sem varð á málinu í tíð fyrrv. ríkisstj., kæmi ekki fyrir aftur. Ég var fullviss um, að hæstv. núv. raforkumálaráðh. mundi gera sitt ýtrasta og hann teldi á engan hátt vantraust við sig, að þessu máli væri fylgt eftir eins og hægt væri.

Það er nú upplýst af jarðboranadeild ríkisins, að borinn sé nú þegar á leið suður í Krýsuvík, svo að segja má, að með flutningi þessarar till. hafi tilgangur hennar náðst, og jafnframt vildi ég segja það, að með flutningi fyrri hl. hafi tilganginum verið náð líka, með því að nú hefur ríkisstj. verið falin þessi till., og hún muni þá hefja undir-

búning að heildarlöggjöf í sambandi við þessa hluti. Ég veit, að þær rannsóknir, sem fram þurfa að fara suður á Reykjanesi, verða ekki látnar sitja á hakanum, nema síður væri.

ATKVGR.
Till. frá fjvn. á þskj. 479 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 33 shlj. atkv.

2. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á deildafundum 30. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um fjáröflun til Fiskveiðasjóðs Íslands [27. mál] (A. 36).

Á 5. fundi í Sþ., 2. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11., 16. og 17. fundi í Sþ., 3., 17. og 24. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Sþ., 2. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Till. þeirri til þál. á þskj. 36 svo og brtt. á þskj. 144, sem hér eru til umr., um fjáröflun til Fiskveiðasjóðs Íslands, vil ég fylgja úr hlaði með nokkrum orðum.

Samkvæmt lögum er heimilt að lána fé fiskveiðasjóðs til skipakaupa og skipabygginga, til byggingar frystihúsa, lifrarbræðslustöðva, fiskimjölsverksmiðja, til dráttarbrauta og til byggingar olíugeyma. Á seinustu árum hefur mikil fjárfesting átt sér stað bæði hvað varðar bátainnflutning og við byggingu fiskvinnslustöðva, og er greinilegt, að sjóðinn mun nú alveg á næstunni skorta tilfinnanlega fé til þess að standa undir útlánum. Af áætlun, sem stjórn fiskveiðasjóðs gerði þann 30. okt. s. l. um fjárhag og lánsfjárgetu sjóðsins fyrir tímabilið frá 29. okt. 1959 og til 31. des. 1960, er áætlað fjármagn hans talið munu nema um 83 millj. kr., en útborganir, sem búið sé að skuldbinda sjóðinn til að inna af hendi á þessu tímabili, munu nema um 80½ millj. kr. Þess ber þó að geta, að þegar yfirlit þetta var gert, var vitað um, að innflutningsskrifstofan hafði afgreitt innflutningsleyfi fyrir 17 skipum, og var áætlað, að fiskveiðasjóður þyrfti að lána til þessara skipa um 42 millj. kr. samkv. gildandi reglum um útlán sjóðsins. Í þessu sambandi er rétt að benda á þá staðreynd, að skipin fara nú yfirleitt mjög stækkandi, og er því stöðugt þörf fyrir meiri lánveitingar af þeim sökum til skipabygginga. Þá kallar gengisbreyting sú, sem nýverið er búið að lögleiða, mjög á aukið lánsfé hjá fiskveiðasjóði.

Eins og ég gat um í upphafi, á fiskveiðasjóður lögum samkvæmt að lána út á fleiri framkvæmdir en skipakaup ein, en vegna fjárskorts hefur lítið verið hægt að sinna öðrum verkefnum. T. d. hefur naumast verið hægt að sinna lánaþörf síldarsöltunarstöðva til endurnýjunar eða nýbygginga. Og sáralitlar lánveitingar hafa gengið til fiskvinnslustöðva og verbúða, ef miðað er við þann kostnað, sem er við að ráðast í þær framkvæmdir nú. Þessar framkvæmdir hljóta nú allar að verða stórum dýrari en áður við þær ráðstafanir, sem nýverið hafa verið gerðar í efnahagsmálum, og gerir það þörfina á auknu fjármagni til fiskveiðasjóðs enn þá brýnni en hún hefur verið til þessa dags.

Samkv. brtt., sem ég flyt á þskj. 144, er enn fremur lagt til, að ríkisstj. beiti sér fyrir þeirri breytingu á löggjöfinni um fiskveiðasjóð, að fé hans megi einnig lána til kaupa á verðmiklum veiðarfærum, og ef sú till. verður samþ. og af lagabreytingu verður, kallar það að sjálfsögðu enn á meira fé til lána hjá fiskveiðasjóði. Eins og hv. alþm. eflaust vita, eru sum veiðarfæri, eins og t. d. herpinætur og fleiri veiðarfæri, nú mjög dýr og erfitt að fá lán til kaupa á þeim. Eðlilegt verður að telja, að starfssvið fiskveiðasjóðs verði útvíkkað þannig, að hann geti einnig lánað fé til meiri háttar veiðarfærakaupa, að sjálfsögðu gegn hæfilegri tryggingu að dómi sjóðsstjórnar.

Ég leyfi mér að vona, að mér hafi tekizt að skýra í fáum orðum þá nauðsyn, sem fiskveiðasjóður hefur fyrir auklð lánsfé, og vænti ég þess, að till. þessar fái jákvæðar undirtektir á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. um mál þetta verði frestað og því vísað til n., sem þá yrði væntanlega hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 48., 50. og 54. fundi í Sþ., 11., 18. og 27. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var fram haldið einni umr. um till. (A. 36, n. 387 og 413, 144).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. þessi er þess efnis, að Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að útvega fiskveiðasjóði sem fyrst það lánsfé, sem stjórn sjóðsins telur nauðsynlegt, til þess að bæta úr brýnustu þörfum.

Samkvæmt upplýsingum, sem allshn. hefur fengið frá stjórn sjóðsins, hafa farið fram viðræður milli sjóðsstjórnarinnar og ríkisstj. um þessi mál, og segir stjórn fiskveiðasjóðs enn fremur, að henni sé kunnugt um, að málið sé til meðferðar hjá hæstv. ríkisstj. Með tilliti til þessara upplýsinga leggur meiri hl. allshn. til, að till. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. allshn. tók fram, er till. á þskj. 36 um að fela ríkisstj. að útvega fiskveiðasjóði sem fyrst það lánsfé, sem stjórn sjóðsins telur nauðsynlegt, til þess að bæta úr brýnustu þörf, en hv. flm. þessarar till. flutti við hana þegar á öndverðu þingi viðaukatill. þess efnis, að ríkisstj. væri einnig falið að beita sér fyrir þeirri

breyt. á lögunum um Fiskveiðasjóð Íslands, að heimilt verði að lána fé sjóðsins til kaupa á verðmiklum veiðarfærum, sem hefðu nokkra endingu. Ég tel, að í raun og veru sé því till. sú, sem fyrir nefndinni lá, á tveimur þingskjölum, á þskj. 36 og 144, enda var nefndinni kunnugt efni þeirra beggja, þar sem langur tími leið, frá því að þær voru fram bornar og þar til nefndin tók þær til meðferðar.

Minni hl. n., hv. 5. þm. Norðurl. v., hv. 4. landsk. og ég, hefur ekki fallizt á að afgreiða málið á þann hátt að vísa því til ríkisstj., heldur teljum við fulla ástæðu til þess að afgr. till. með því að samþ. hana og leggjum það til, þó þannig, að við leggjum til, að hún verði samþ. með nokkurri orðabreyt., sem tilgreind er í nál. minni hl. á þskj. 387. Við leggjum til, að ríkisstj. verði falið í fyrsta lagi að beita sér fyrir því, að Fiskveiðasjóður Íslands fái á þessu ári það fjármagn til umráða, sem stjórn sjóðsins telur nauðsyn til bera að lána út samkv. lögum sjóðsins og starfsreglum, og í öðru lagi að láta athuga, hvort unnt sé að skipuleggja hjá einni eða fleiri lánastofnunum veitingu fastra lána til kaupa á sérstaklega verðmiklum veiðarfærum, sem hafa þá endingu, að hægt sé að taka þau að veði fyrir slíkum lánum. Við höfum ekki séð sérstaka ástæðu til þess að binda athugun á slíkum lánsmöguleikum við Fiskveiðasjóð Íslands eingöngu, en teljum rétt, að það sé einnig til athugunar, að slíkri skipulagðri lánastarfsemi verði komið fyrir í öðrum lánastofnunum.

Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta nál. eða till. okkar minnihlutamanna um, að þáltill. verði samþ., en ég vil leyfa mér að benda á það, sem ég hef raunar bent á áður nú nýlega, að stjórn fiskveiðasjóðs hefur gert áætlun um fjárþörf sjóðsins á því ári, sem nú er að líða. Hún hefur gert ráð fyrir, að allmikið muni á skorta, að sjóðurinn geti fullnægt því hlutverki, sem hann er vanur að fullnægja, að veita lán út á skip og annað það, sem lögin kveða á um. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að nú nýlega hefur hér í hv. d. verið samþ. breyt. á fiskveiðasjóðslögunum, þar sem hlutverk sjóðsins er enn aukið og honum er heimilað að veita bráðabirgðalán skipasmíðastöðvum, sem taka sér fyrir hendur að smíða fiskibáta. Þetta lá ekki fyrir, þegar stjórn sjóðsins gerði áætlun sína, og hefur það í för með sér, ef þessa heimild á að nota, að fjárþörf sjóðsins hefur vaxið síðan sjóðsstjórnin gerði áætlunina, þar sem hún taldi nokkuð á skorta, ég ætla kringum 30 millj., að sjóðurinn mundi geta fullnægt hlutverki sínu á þessu ári. Samkvæmt skýrslum frá skipaskoðun ríkisins voru í smíðum erlendis 1. jan. s. l. eitthvað rúmlega 50 fiskibátar, stórir og smáir, flestir stórir, og gera má ráð fyrir, að eitthvað hafi við bætzt, að samið hafi verið um smíði á bátum erlendis samkvæmt leyfum, sem höfðu verið út gefin, en ekki samið um smíði á um áramót.

Þetta er bara dæmi um þörfina. Öllum er kunnugt um það, að fiskibátar erlendis hafa stórhækkað í verði. Svo er einnig um vélar, sem keyptar eru til að setja í eldri fiskibáta, þær hafa einnig hækkað mjög í verði og að sjálfsögðu einnig endurbætur á fiskibátum, sem sjóðurinn lánar út á, og yfirleitt hvers konar framkvæmdir, sem lánað er út á.

Það er að vísu rétt, að stjórn sjóðsins hefur skýrt frá því, að þetta mál hafi verið til athugunar hjá ríkisstj. En ég get ekki séð, að hæstv. ríkisstj. ætti að hafa neitt á móti því að vita vilja Alþ. í þessu máli. Því þykir okkur minnihlutamönnum rétt, að hann komi fram. Við álítum nauðsynlegt, að reynt verði að sjá svo um, að þessi lánastarfsemi haldi áfram, án þess að þar verði truflun á. Þess vegna leggjum við til, að till. verði samþ. með þeirri breyt., sem ég hef gert grein fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Sþ., 3. júní, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. allshn. á þskj. 413 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 28:23 atkv.

---

3. Byggingarsjóðir.

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fjáröflun til byggingarsjóða [12. mál] (A. 12).

Á 3. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Sþ., 2. des., mælti

forseti (FS): Svo hljóðandi bréf hefur mér borizt:

„Við undirritaðir alþm. leyfum okkur hér með að fara þess á leit við hæstv. forseta Sþ., að hann taki á dagskrá og til umr. á næsta fundi sameinaðs Alþingis till. til þál. á þskj. nr. 12, fjáröflun til byggingarsjóða, sem flutt er af Þórarni Þórarinssyni o. fl.

Alþingi, 30. nóv. 1959.

Þórarinn Þórarinsson. Eysteinn Jónsson.
Skúli Guðmundsson. Hermann Jónasson.
Ágúst Þorvaldsson. Jón Skaftason.
Halldór Ásgrímsson. Halldór E. Sigurðsson.
Ólafur Jóhannesson. Karl Kristjánsson.
Sigurvin Einarsson. Garðar Halldórsson.
Gísli Guðmundsson. Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason. Björn Björnsson.
Björn Pálsson."

Þessi tilmæli verða borin undir atkvæði án umr.

ATKVGR.

Till. um að taka þáltill. á dagskrá á næsta fundi í Sþ. felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, JK, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HermJ, JSk.

nei: KJJ, MJ, MÁM, ÓB, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, DÓ, JÁ, JÞ, JP, JR, FS.
2 þm. (ÓTh, HV) fjarstaddir.

Á 11., 15. og 16. fundi í Sþ., 3., 10. og 17. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessi till. var flutt í upphafi þings, og er þess vegna rétt að geta þess í upphafi vegna þeirrar meðferðar, sem hún kemur til með að fá í væntanlegri n., að vissu atriði í henni þarf að breyta, vegna þess að í till. er miðað við næstu áramót, að vissar ráðstafanir skuli vera gerðar þann tíma, en hér þyrfti að setja annað tímatakmark, eins og ég mun síðar víkja að.

Till. gengur í stuttu máli út á það, að ríkisstj. geri ráðstafanir til þess að útvega byggingarsjóði það lánsfé, sem húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegt til að bæta úr brýnustu þörfum. Og í sambandi við það finnst mér rétt að upplýsa, hvernig þessi mál stóðu um það leyti, sem till. var flutt, en síðan hafa ekki orðið verulegar breytingar á því, en þó að vísu útvegað nokkurt lánsfé, sem ég mun koma að.

1. des. s. l., eða um það leyti, sem till. var lögð fram hér á Alþ., lágu málin þannig fyrir hjá húsnæðismálastjórn, að þar lágu fyrir um 1550 umsóknir vegna fokheldra íbúða, sem þess vegna voru allar lánshæfar. Til þess að það væri hægt að veita til jafnaðar 80 þús. kr. lán út á þessar íbúðir, sem er að sjálfsögðu algert lágmark, þurfti um 92 millj. kr. Nú gerðist það í desembermánuði, um áramótin, að ríkisstj. útvegaði til bráðabirgða lánsupphæð, sem nam 15 millj. kr., og kemur það hér til frádráttar, svo að um áramótin hefur þetta þá staðið þannig eða upp úr áramótunum, að til þess að veita til jafnaðar 80 þús. kr. lán út á þessar 1550 íbúðir hefði þurft 97 millj. kr. Þessu til viðbótar kemur svo það, að fyrir lágu hjá húsnæðismálastjórn um 240 umsóknir á sama tíma vegna íbúða, sem voru að verða fokheldar og eru sennilega orðnar það núna og því lánshæfar. Hefði átt að veita til jafnaðar 80 þús. kr. lán út á hverja þessara íbúða, hefði þar þurft um 19—20 millj. kr.

Það hefur svo gerzt síðar, að með sérstökum ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið hér á Alþ. og mönnum er kunnugt um, hefur byggingarkostnaður verið stórkostlega hækkaður, svo að það virðist vera algert lágmark núna að veita a. m. k. 100 þús. kr. lán út á hverja íbúð og er að sjálfsögðu of lítið. En ef lánsupphæðir á þessum 1800 íbúðum, sem ég hef nefnt, yrðu 100 þús. kr. til jafnaðar, mundu þar bætast við 36 millj. kr., þannig að til þess að fullnægja þessum 1800 lánsbeiðnum, sem fyrir lágu um áramótin, þarf um 140 millj. kr., ef hver íbúð ætti að fá um 100 þús. kr. lán, og er þá ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni vegna þeirra íbúða, sem á þessu ári verða fokheldar og þar með lánshæfar. En samkvæmt þessu má telja, að það sé nokkurn veginn lágmark í þessum efnum, að til þess að fullnægja aðeins þeirri þörf að koma áfram þeim íbúðum, sem eru fokheldar, þurfi nú um 140 millj. kr.

Mér finnst rétt að benda á það í þessu sambandi, að ef farið hefði verið eftir till. okkar framsóknarmanna á seinasta Alþ., hefði átt að vera hægt að fullnægja þessari þörf nú á þessu ári. Við lögðum fram till. hér á þinginu um það, að byggingarsjóði ríkisins yrði útvegað samanlagt 80 millj. kr. á s. l. ári umfram hinar föstu tekjur sjóðsins. Og ef tilsvarandi upphæð hefði svo verið útveguð á þessu ári, þá eru þar komnar um 160 millj. kr. umfram hinar föstu tekjur sjóðsins, og það hefði átt að verða til þess að bæta sæmilega úr þessum þörfum. Nú var hins vegar ekki farið eftir till. okkar framsóknarmanna á seinasta þingi um þessa aukafjáröflun, heldur var heildarlánveitingin lækkuð á s. l. ári frá því, sem verið hafði á undanförnum árum, og vegna þess er hallinn á þessu núna enn þá meiri og tilfinnanlegri.

Það hefur svo gerzt núna alveg nýlega í sambandi við vaxtahækkunina, að ríkisstj. hefur tilkynnt, að hún ætli að útvega 40 millj. kr. lán til byggingarsjóðsins. En það sjá allir, að það er allt of lítið, þar sem til að fullnægja þörfum þeirra, sem hafa nú fokheldar íbúðir, til að veita þeim raunverulega það, sem er lágmarkslán, 100 þús. kr. á íbúð, þarf nú 140 millj. kr. Þótt þetta sé að vísu spor í rétta átt, sem hæstv. ríkisstj. hefur hér gert með því að útvega þessar 40 millj. kr., þá er það ekki nema lítill áfangi af því, sem gera þarf og það strax á þessu ári. Það má til samanburðar geta þess, að á þeim tíma, sem vinstri stjórnin sat að völdum, var lánað úr byggingarsjóði til jafnaðar á ári um 53 millj. kr., en þrátt fyrir það að ríkisstj. útvegi nú 40 millj. kr. umfram hinar föstu tekjur sjóðsins, verða lánveitingar hans til jafnaðar á árunum 1959 og 1960 ekki nema 52 millj. kr., og þar sem byggingarkostnaður stórhækkar á þessu ári, sést, að þar er um verulega rýrnun að ræða frá því, sem var í tíð vinstri stjórnarinnar, sem var þó ekki heldur fullnægjandi, eins og þær tölur sýna, sem ég hef nefnt hér á undan.

Það, sem þessi till. gengur út á, er, eins og ég hef áður rakið, að ríkisstj. vinni að því að útvega byggingarsjóði það fjármagn, sem húsnæðismálastjórnin telur nauðsynlegt til að bæta úr brýnustu þörfum, og eftir hennar upplýsingum er nú orðið þannig ástatt, að það má telja, að sú upphæð sé ekki öllu minni en 140 millj. kr., og að verulegur hluti þeirrar upphæðar, sem ríkisstj. útvegar, verði handbær sem allra fyrst. Og það er það, sem sú n. þarf að athuga, sem fær þetta mál til athugunar, hvaða tímatakmark hún vill setja í staðinn fyrir, að í till. segir um seinustu áramót, sem nú er úrelt, að það ætti sennilega að vera í kringum 1. apríl eða 1. maí, sem tímatakmarkið yrði sett, og nánari upplýsingar þá fengnar um það frá húsnæðismálastjórninni, hvað mikinn hluta af þessu lánsfé hún teldi æskilegt að fá fyrir þennan tíma, ef ríkisstj. treysti sér ekki til að útvega alla þá lánsupphæð, sem hægt er að sýna fram á samkv. framangreindum tölum, að er þörf fyrir, heldur mundi vilja gera það þá síðar á árinu. En hitt er hins vegar alveg ljóst mál, að þær 40 millj., sem

ríkisstj. hefur lofað að útvega, eru alveg ófullnægjandi, þó að það sé hins vegar spor í rétta átt.

Við flm. þessarar till. höfum ekki viljað setja í hana ákveðnar till. um fjáröflun, eins og hafa áður verið í þeim till., sem við framsóknarmenn höfum flutt um þessi mál, og það er gert með tilliti til þess, að ríkisstj. virðist ekki hafa geðjazt að þeim fjáröflunarleiðum, sem við höfum bent á, og telur sig kannske hafa möguleika á einhverjum öðrum leiðum, sem hún álitur hagkvæmari eða sér auðveldari, og þess vegna höfum við ekki viljað binda hendur hennar í þessum efnum og gefa henni alveg frjálst val um það, hvaða lánsöflunarleiðir hún vill fara. En að sjálfsögðu erum við flm. tilbúnir til viðræðna við ríkisstj. og stjórnarflokkana um þær leiðir, sem til greina geta komið, og tilbúnir til að veita okkar stuðning hér á Alþ. til þess að styðja allar till. um það, sem réttmætar geta talizt.

Þessi till., sem hér liggur fyrir, fjallar ekki aðeins um byggingarsjóð ríkisins, sem veitir lán til íbúða í kaupstöðum og kauptúnum, heldur líka um, að bætt verði úr þörfum byggingarsjóðs Búnaðarbankans, en um hann mun vera þannig ástatt, að hann hefur í fyrsta sinn á s. l. ári ekki fengið neitt aukið fjármagn til sinnar starfsemi, og þess vegna búa nú allmargir menn úti um land í sveitum við mikil vandræði af þeim ástæðum. En hæstv. landbrh., sem er því miður ekki staddur hér, gaf fyrirheit um það á þingi um mánaðamótin nóvember—desember, að það skyldi verða bætt úr þessum þörfum og að því er mönnum skildist fyrir seinustu áramót, en þrátt fyrir þetta fyrirheit landbrh. mun samt enn ekki bóla neitt á efndum í þeim efnum. Þess vegna er ekki sízt ástæða til þess að leggja áherzlu á, að sá liður þessarar till., sem fjallar um byggingarsjóð Búnaðarbankans, nái fram að ganga.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð öllu fleiri að sinni, en ég legg til, að umræðu verði frestað og málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal í fyrsta lagi láta í ljós ánægju mína yfir þeim áhuga, sem fram kemur hjá þessum hv. þm. bæði við þetta tækifæri og áður, a. m. k. í orði, til þess að ráða bót á þessum málum, sem hér er um að ræða, því að hér er vissulega um mikið vandamál að ræða. Og þó að ég og aðrir höfum ekki verið sammála honum oft og tíðum um þær aðferðir, sem hann hefur viljað viðhafa til þess að afla húsnæðismálastjórn tekna, þá er hitt jafnvíst, að það hefði verið þörf á að afla húsnæðismálastjórn aukinna tekna frá því, sem nú er. En í sambandi við þær tölur, sem hv. þm. bar hér fram, og fullyrðingar í því sambandi þarfnast þessar tölur og þessar fullyrðingar nokkurra skýringa, ef maður ekki á að fá talsvert villandi hugmyndir um þessa hluti.

Hv. þm. sagði, að um 1550 umsóknir hefðu legið fyrir 1. des. s. l., og má vera, að það sé rétt. En þó að þessar 1550 umsóknir hafi legið fyrir, var þegar búið að veita allmikið fé út á margar þessar íbúðir, sem umsóknirnar lágu fyrir um, þannig að sumir höfðu fengið 30 þús., aðrir 40 og enn nokkrir 50. Þær 15 millj., sem fengnar voru til bráðabirgða um síðustu áramót, munu þess vegna nægja til þess að losa í heild um 500 umsóknir af þessum 1550, sem hann segir að legið hafi fyrir. Þetta gefur greinilega hugmynd um, að það, sem þessir menn áttu ófengið af væntanlegum lánum, var ekki full lánsupphæð, síður en svo. Það mátti losa verulegan hluta af þessum umsóknum með minni fjárveitingu en heildarfjárveitingu, af því að það var búið að veita nokkuð mikið fé til þeirra áður. Og við sérstaka athugun, sem gerð var í sambandi við þessa bráðabirgðafjárveitingu um s. l. áramót, sem fengin var hjá seðlabankanum, að upphæð 15 millj. kr., kom í ljós, — ég ætla, að ég fari rétt með þá tölu, hún er eftir minni aðeins, — að hafi verið hægt að leysa 500 af þeim umsóknum, sem þá hafi legið fyrir a. m. k., og ég ætla þó, að talan hafi verið eitthvað hærri. Þetta vildi ég nú aðeins taka fram til þess að sýna það, að umsóknafjöldinn einn gefur ekki fullkomlega rétta mynd af stöðu sjóðsins.

Þá sagði hv. þm., eins og hann hefur raunar sagt hér áður, að mjög hefði verið dregið úr lánveitingum úr sjóðnum 1959 og lítill áhugi hefði verið sýndur til þess að afla húsnæðismálasjóði tekna. Ég skýrði við þær umræður, sem fóru hér fram, — ég held, að það hafi verið fyrir viku, — um þetta mál, frá því, að ástæðan til þess, að minna var úthlutað 1959 en árið áður, hafi verið sú, að það var búið að eyða verulegum hluta af tekjum sjóðsins, sem áttu að falla til 1959, áður en það ár byrjaði. M. ö. o., það var búið að úthluta fyrir fram nokkrum hluta teknanna frá árinu 1959, og þó að það sé á þann hátt hægt að fá töluna upp um lánveitingar á árunum 1958 og 1957 að meðaltali, sem hv. þm. var hér með, sannar það út af fyrir sig ekki neitt, og er ekki hægt að gera samanburð á milli áranna 1957 og 1958 annars vegar og 1959 og 1960 hins vegar, nema tekið sé tillit til þess, hve mikið var búið að éta fyrir sig fram á þessu tímabili af þeim tekjum, sem áttu að falla til eftir þetta tímabil. Mér er kunnugt um það, að á árinu 1959 var leitað eftir viðbótarlánum til þess að hækka útlánin, þó að það tækist ekki fyrr en rétt undir áramótin og þá sem bráðabirgðalán, en þá voru fengnar 15 millj. kr., eins og ég hef áður tekið fram, til þess að mæta hinum brýnustu þörfum, og nú fyrir stuttu hefur tekizt samkomulag við seðlabankann um 25 millj. kr. lán í þessu skyni, að því tilskildu, að samkomulag náist við stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs um, hvernig fé sjóðsins verður geymt. Þá hefur enn fremur verið ákveðið að leita samkomulags við bankana um, að þeir breyti 15 millj. af þeim bráðabirgðalánum, sem þeir hafa veitt til húsabygginga til stutts tíma, í lengri lán, sem náttúrlega koma þá þarna til viðbótar og má telja með, þannig að upphæðin, sem ríkisstj. hefur gengið út frá að fengin verði á þessu ári til að byrja með, er yfir 40 millj. kr. Með því er á engan hátt sagt, að sú upphæð geti ekki hækkað síðar, þó að ég geti ekkert fullyrt um það nú á þessu stigi, hvort svo verði eða ekki. En ég tel mig mega fullyrða, að ef þetta 40 millj. kr. uppbótarlán fæst til húsnæðismálasjóðsins og ef frá er reiknað það, sem fyrir fram hafði verið notað af tekjum ársins 1959, þá muni ekki verða minni hlutur húsbyggjenda á

árinu 1959 og 1960 en hann var á árunum 1957 og 1958.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af ummælum hæstv. félmrh. um það, að við framsóknarmenn sýndum áhuga í orði í sambandi við húsnæðismálin, vil ég minna á það, að þegar ég talaði hér fyrir till. okkar framsóknarmanna á þingi í fyrravetur um aukið fé til húsnæðismála, leiddi ég rök að því, að þegar hafi verið gerðar aðgerðir í húsnæðismálum, hefur Framsfl. alltaf komið þar við sögu. Ég vil minna á, að Framsfl. hafði forustu um það, þegar byggingarsjóði sveitabæja var komið á laggirnar. Hann ásamt Alþfl. kom á lögum um verkamannabústaði. Sömu sögu er að segja um byggingarsamvinnufélögin, smáíbúðalánin og síðast húsnæðismálastofnunina eða veðlánakerfið. Framsfl. hefur alltaf verið þar við mál riðinn, þegar eitthvað hefur gerzt í þessum málum. Það er því alveg að ástæðulausu, að verið sé að glósa með það hér á hv. Alþ., að framsóknarmenn hafi áhuga á þessu máli í orði.

En ég vil líka minna á það, að þegar þetta mál var hér til umr. á hv. Alþ. fyrir tæpu ári, var því lýst yfir af hendi þeirrar ríkisstj., sem þá sat að völdum, að þegar hún hefði leyst aðkallandi vandamál, sem hún væri að vinna að nú, sem sagt efnahagsmálin, þá mundu þessi mál líka verða leyst. En hvar hefur komið fram á s. l. ári áhugi Alþfl.-stjórnarinnar í húsnæðismálum, hvar hefur hann birzt? Mér er ekki kunnugt um það og væri þess vegna ánægja að því að fá upplýsingar um það.

Ég vil minna á það í sambandi við ræðu hæstv. ráðh., að hann talaði um, að það hefði verið búið að veita lán út á tekjur byggingarsjóðsins. En okkur voru ljósir þeir möguleikar, sem byggingarsjóðurinn hafði til tekna á árinu 1959, og við gerðum grein fyrir því. Það, sem málið snerist um, var viðbótarfé, sem sjóðnum yrði veitt, það voru viðbótartekjur til ráðstöfunar á árinu 1959, — það var það, sem við fórum fram á. En þetta viðbótarfé kom bara ekki. Það kom ekkert viðbótarfé á árinu 1959, og þegar hæstv. ráðh. vitnar í það, sem gert var um síðustu áramót, þá er það nákvæmlega bara það, að lánað er út á væntanlegar tekjur sjóðsins. Nú vil ég taka það fram, að það er að vísu hagræði fyrir húsbyggjendur, að það skyldi vera gert, en það komu ekki aukatekjur í byggingarsjóðinn við þá ráðstöfun.

Það liggur líka fyrir í sambandi við þá yfirlýsingu, sem hæstv. ríkisstj. gaf nú um það, hvað gert yrði í þessum málum, að það er, að mér skilst, ekki komið um það samkomulag, hvort atvinnuleysistryggingasjóður veitir þá aðstoð, sem honum er ætlað að veita. Og það er líka ósamið við bankana um þann þátt, sem þeir eiga að leysa. Þess vegna er ekki kominn neinn nýr þáttur í þessu máli enn þá, og það er a. m. k. alveg að ástæðulausu fyrir þá aðila, sem ekki hafa staðið betur að málum húsbyggjenda en gert var hjá fyrrv. ríkisstj. og enn þá hefur verið gert hjá þessari ríkisstj., að fara að tala um, að aðrir menn hafi áhuga aðeins í orði.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Hæstv. félmrh. vildi halda því fram, að ég hefði ekki að öllu leyti farið rétt með þær tölur, sem ég nefndi hér áðan, og sérstaklega var það í sambandi við þá tölu, sem ég nefndi, að 1. des. hefðu legið fyrir hjá húsnæðismálastjórn 1550 umsóknir og það hefði þurft 92 millj. kr., til þess að hægt væri að fullnægja þessum umsóknum þannig, að hver umsækjandi fengi 80 þús. kr. lán. Þetta vildi hann telja, að ekki væri rétt, og byggði það á því, að það hefði verið búið að veita nokkur lán út á sumar af þessum íbúðum. Ég sagði ekki neitt um, að það hefði ekki verið búið að gera, og það er alveg rétt hjá ráðh., að það var búið að veita smálán út á sumar af þessum íbúðum, 10 þús., 20 þús., 25 þús. o. s. frv., og út á nokkrar af þessum íbúðum, eða 3 þeirra, var búið að veita 70 þús. En það er hins vegar eigi að síður staðreynd, sem liggur fyrir í útreikningum frá húsnæðismálastjórn, að til þess að hægt væri að koma lánunum á öllum þessum íbúðum upp í 80 þús. kr. á hverja íbúð, vantaði 92 millj. kr. Síðan hefur það gerzt, eins og hæstv. ráðh. tók fram og ég tók líka fram, að það hefur verið útvegað 15 millj. kr. bráðabirgðalán, og það lækkar þessa upphæð þá ofan í 77 millj. kr., eða m. ö. o., það þarf núna 77 millj. kr., til þess að þessar 1550 íbúðir fái til jafnaðar 80 þús. kr. lán hver. En þar að auki er svo það, sem ég nefndi áðan, að það lágu 1. des. fyrir hjá húsnæðismálastjórn umsóknir vegna 240 íbúða, sem voru að verða fokheldar og hafa ekkert lánsfé fengið enn. Og ef á að veita 80 þús. kr. út á hverja þessara íbúða, þá er þar um að ræða 19—20 millj. kr. upphæð. Svo kemur það til viðbótar, sem verður að telja alveg sjálfsagt og er lágmarkskrafa eftir þær miklu verðhækkanir og vaxtahækkanir, sem hafa átt sér stað undanförnu, að reynt sé að hækka þessi lán a. m. k. upp í 100 þús. kr., eða um 20 þús. kr. til jafnaðar á hverja íbúð, og þá koma þar 36 millj. kr. til viðbótar, þannig að það er ekki hægt að hrófla þeirri staðreynd, að ef á að veita út á þessar íbúðir, sem eru orðnar fokheldar og enn hafa ekki fengið fullnægjandi lán, þarf núna um 140 millj. kr., til þess að hægt sé að lána um 100 þús. kr. út á hverja íbúð. Það sjá þess vegna allir, að það leysir ekki nema mjög takmarkað úr þessari þörf, þó að hæstv. ríkisstj. útvegi nú 40 millj. kr. Það þarf að útvega miklu meira fé en það.

En þetta sýnir það jafnframt, sem ég benti á hér áðan, að ef hefði verið farið að till. okkar framsóknarmanna á seinasta þingi, hefði verið hægt að leysa úr þessari þörf alveg viðhlítandi á þessu ári. Við lögðum þá fram alveg ákveðnar till. um það, að byggingarsjóði yrðu útvegaðar 80 millj. kr. að láni eða sem framlag til viðbótar hinum föstu tekjum sjóðsins, og ef sjóðnum hefði verið svo útveguð svipuð upphæð á þessu ári, um 80 millj. kr. umfram hinar föstu tekjur, er alveg hægt að fullnægja þessum þörfum, sem hér liggja fyrir, og raunar nokkru meira. Og þessar till. okkar voru vissulega þannig lagaðar, að það var mjög auðvelt að framkvæma þær, ef það vantaði ekki vilja hjá stjórnarvöldunum, og þess vegna verður því ekki móti mælt, að það er fyrst og fremst viljaleysi fyrrv. og núv. ríkisstj. og stjórnarflokkanna að kenna, að ekki hefur verið bætt úr þessum þörfum á s. l. ári og þessu ári, en það var

mjög auðvelt samkvæmt þeim leiðum og till., sem við framsóknarmenn bentum á. Þess vegna má alveg hiklaust fullyrða, að það er sök stjórnarflokkanna, hversu hörmulega og illa er nú ástatt í þessum efnum, því að ef þeir hefðu aðeins farið að okkar till. á seinasta þingi og svo gert sams konar ráðstafanir á þessu ári, væri búið að leysa úr þeim vanda, sem hér liggur fyrir, með því að útvega til viðbótar 80 millj. kr. fé á seinasta ári og hinar föstu tekjur sjóðsins og sams konar upphæð á þessu ári.

Mér virtist, að það væri helzt þannig að skilja á hæstv. félmrh., að ríkisstj. ætlaði að láta við það sitja að útvega bara þessar 40 millj. kr. til viðbótar á þessu ári við hinar föstu tekjur sjóðsins og gera ekki neitt meira. En það sýnir bara, að það verður þarna alveg stórkostlegur hali, sem dregst fram á næsta ár og jafnvel lengur og fjöldi manna, sem fær ekki þær umbætur, sem hann þarf að fá, og þess vegna verður að treysta því, að hæstv. ríkisstj. endurskoði þessa stefnu sína og þessa ákvörðun sína og gangi til móts við stjórnarandstæðinga um það að útvega meira fjármagn til þessara hluta. Og ef það verður nú þannig, eins og hæstv. ríkisstj. spáir, að ráðstafanir hennar verði til þess, að sparifjáraukning aukist verulega í landinu og safnist t. d. fyrir fé hjá seðlabankanum, þá ætti að vera sæmilega auðvelt að leysa úr þessari þörf, og þess vegna verður að vænta þess, að það sé ekki nein endanleg stefna hjá hæstv. ríkisstj. að binda sig við það að útvega 40 millj. kr. í ár til viðbótar hinum föstu tekjum sjóðsins, heldur þarf hún ekki aðeins að tvöfalda þá upphæð, heldur margfalda hana, svo að það sé leyst úr hinni brýnustu þörf og þær íbúðir, sem eru orðnar fokheldar, verði gerðar þannig úr garði, að fólk geti flutt inn í þær.

Þá má benda á það í þessu sambandi, að hæstv. ríkisstj. telur það eitt af sínum aðalverkefnum að vinna gegn verðbólgu og dýrtíð í landinu, þó að hins vegar, því miður, hennar ráðstafanir hingað til á þessu þingi stefni í aðra átt. En í því sambandi má benda á það, að fátt er þýðingarmeira í þessum efnum til baráttu gegn dýrtíðinni og verðbólgunni en að draga úr húsnæðisskortinum og skapa sæmilegan jöfnuð í þeim efnum milli framboðs og eftirspurnar, og það verður náttúrlega ekki betur gert á annan hátt en þann að flýta fyrir því, að þær íbúðir, sem nú eru orðnar fokheldar, verði hæfar til notkunar sem allra fyrst, og að því er stefnt með þeirri till., sem hér liggur fyrir. En það verður hins vegar ekki gert, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að láta við það eitt sitja að útvega bara 40 millj. kr. til viðbótar á þessu ári. Þess vegna vænti ég þess eindregið, að hæstv. ríkisstj. láti ekki við þetta eitt sitja að útvega bara 40 millj., heldur margfaldi þá upphæð, vegna þess að það er brýn nauðsyn til þess, að það sé gert, og mæla allar ástæður með því, að ekki sé látið þar staðar numið með 40 milljónir króna, heldur fjárráð sjóðsins aukin margfalt frá því, sem þar er ráð fyrir gert.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þessa till. Ég geri ráð fyrir, að till. fari til n., og ef hún ætti að samþykkjast, þarf að bæta við hana, til þess að hún nái tilgangi sínum.

Það er sagt hér síðast í till: „Enn fremur að útvega nú þegar byggingarsjóði Búnaðarbankans fé, til þess að hann geti bætt úr aðkallandi þörfum vegna íbúðabygginga í sveitum“, og við þetta þarf að bætast: „og greitt óreiðuskuldir vinstri stjórnarinnar við seðlabankann“. Annars nær till. ekki tilgangi sínum, því að áður en byggingarsjóðurinn getur staðið við skuldbindingar sínar og lánað, verður hann að greiða þessar óreiðuskuldir.

Hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ), sem talaði hér áðan, minntist á það, að byggingarsjóður Búnaðarbankans hefði innt hlutverk sitt af hendi áður, og hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) sagði hér fyrir nokkrum dögum, að þetta hefði verið gert til ársloka 1958. En ég upplýsti þá, hvernig fjár hefði verið aflað til sjóðanna á árunum 1957 og 1958. Það var gert með því að taka bráðabirgðalán í seðlabankanum bæði þessi ár, en hvorugt þessara lána hefur verið greitt. Þetta var fjáröflunin. Og þegar ég átti tal við seðlabankann í desemberbyrjun s. l. til þess að fá bráðabirgðalán út á 12.5 millj. kr., sem Búnaðarbankinn á vísar og lofaðar, en ekki hafa enn verið greiddar, þá var því svarað til, að það væru fyrir hendi 2 óreiðulán í seðlabankanum frá byggingarsjóði Búnaðarbankans og það yrði að greiða þessi óreiðulán, áður en unnt væri að hlaupa undir bagga fyrir byggingarsjóð í þriðja sinn. Ég tel ástæðu til þess að upplýsa þetta hér, vegna þess að það er eins og hv. 7. þm. Reykv. hafi ekki haft hugmynd um það. Hann talaði alveg eins og þarna hefði verið hreint borð og að framsóknarmenn, á meðan þeir stjórnuðu þessum málum, hafi gert það vel og að núv. stjórn hafi ekki tekið við neinum arfi, sem þurfi að ráða bót á.

Það er alveg nauðsynlegt, þegar einn hv. þm. kemur hér upp í ræðustólinn að tala fyrir einhverju ákveðnu máli, að hann kynni sér fyrst, áður en hann talar, hvernig málinu er varið, en hv. 7. þm. Reykv. hefur ekki gert það. Ég þekki hann nægilega vel að því að vilja hafa það, sem sannara reynist í þessu. Hér er aðeins ókunnugleiki eða þá það, að hann hefur tekið trúanlega suma flokksbræður sína, sem hafa farið með rangt mál hér í þinginu. Það er þó ekki vegna þess, að það sé svo stutt síðan hann komst í þennan félagsskap, að hann ætti þess vegna að láta sér bregða, þó að þyrfti að fara undir sigti það, sem þessir hv. flokksbræður hans oft segja, áður en það er haft eftir.

Nú veit ég það, að þrátt fyrir þetta fylgist hv. 7. þm. Reykv. það vel með, að hann veit, hvað er að gerast í sambandi við lánastarfsemi Búnaðarbankans nú. Ég er sannfærður um, að hv. 7. þm. Reykv. veit það, að Búnaðarbankinn er núna á næstunni að fá fé til þess að ljúka því, sem bíður nú þar óafgreitt. Ég er hér um bil viss um það. En hv. 7. þm. Reykv. segir þetta, sem hann sagði hér áðan, þrátt fyrir þetta, ekki aðeins til þess að það komi í þingtíðindin né heldur til þess að verði sagt t. d. í Tímanum á morgun: Þórarinn Þórarinsson, hv. 7. þm. Reykv., talaði vel fyrir fjáröflun, ekki aðeins til húsnæðismálasjóðs ríkisins, heldur einnig til þess að afla byggingarsjóði Búnaðarbankans fjár, — og þetta er náttúrlega ágætt

að geta sagt. En ég held, að hv. þm. ætti næst, þegar hann kemur hér, að vanda mál sitt betur að þessu leyti, sigta það, sem flokksbræður hans ýmist hvísla að honum eða segja í heyranda hljóði, gera sér grein fyrir því, hvort það var satt, sem þeir voru að segja, eða hvort þeir voru að skrökva, hvort það eru staðreyndir, sem þeir fóru með, eða hvort það var bara áróður. Það er áreiðanlega hollt fyrir hv. 7. þm. Reykv. að gera sér grein fyrir þessu, áður en hann fer að tala í málum, sem koma inn á það svið, sem áróðurinn hefur snert.

Ég vil svo upplýsa það, að hvað snertir byggingarsjóð Búnaðarbankans, þá er þessi till. óþörf, vegna þess að sá sjóður fær fé, og eins og upplýst hefur verið, hefur ríkisstj. lofað því að útvega byggingarsjóði ríkisins 40 millj. í nýju fé auk hinna föstu tekna. En hv. 7. þm. Reykv. sagði það hér áðan, að þetta væri allt of lítið, það væri ekki hægt að fullnægja eftirspurninni með þessu, og ef það hefði verið farið að ráðum okkar framsóknarmanna og tillögur okkar framsóknarmanna á síðasta þingi hefðu verið framkvæmdar, vantaði ekkert fé, því að okkar till. voru bara um að útvega nóg fé. — Það er sannleikur; ef það hefði verið útvegað nóg fé, þá mundi ekkert fé vanta. En gallinn var bara sá, að þegar hv. Framsfl. var í stjórn og valdamikill, tókst honum ekki ævinlega að útvega nóg fé. Það vantaði oft fé til hinna nytsömustu framkvæmda, og ef hv. Framsfl. hefði ávallt getað útvegað nóg fé, væru ekki þær óreiðuskuldir fyrir hendi í seðlabankanum og annars staðar, sem ég áður hef lýst.

Það er enginn vafi á því, að ríkisstj. mun gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að útvega byggingarsjóði ríkisins og byggingarsjóði Búnaðarbankans nægilegt starfsfé. Hún hefur fullan hug á því, og ég hygg, að það megi alveg fullyrða, að það, sem núv. stjórn geri í þessu efni, verði ekki minna en það, sem vinstri stjórnin gerði, og ég ætla, að það geti orðið talsvert meira.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Eins og ég tók hér fram í umr. fyrir eitthvað rúmri viku, er ég sammála hv. 7. þm. Reykv. um það, að byggingarsjóður ríkisins þurfi á miklu fé að halda í viðbót við þær föstu tekjur, sem húsnæðismálastofnunin hefur nú, sem er um 40 millj. kr. Ég skal þess vegna gleðjast yfir því, að hæstv. ríkisstj. hefur nú birt í blöðum sínum og gefið hér á hv. Alþ. hátíðlegar yfirlýsingar um það, að hún útvegi byggingarsjóði ríkisins 40 millj. kr., að mér skilst sem viðbótarupphæð við fastar tekjur sjóðsins, og ég sé, að hæstv. félmrh. kinkar kolli við því og staðfestir þar með það loforð, að þarna sé um að ræða 40 millj. kr. í viðbót við árlegar tekjur sjóðsins. Ef þetta gæti gerzt t. d. á þann hátt, að þær 15 millj. kr., sem seðlabankinn hefur veitt sem bráðabirgðalán til 3 mánaða eða svo, — ef hægt er að haga því þannig, að þær tækjust nú ekki af árlegum tekjum sjóðsins og seðlabankinn yrði með einhverju móti í samkomulagi við ríkisstj. fenginn til þess að breyta þessu 15 millj. kr. bráðabirgðaláni sínu í fast lán, gleddi það mig enn meir, því að þá værum við að færast mjög nær því marki, að bætt væri úr brýnustu nauðsyn húsbyggjenda. Ég vil eindregið víkja því til hæstv. ríkisstj. og sérstaklega til hæstv. félmrh., hvort það mundi nú ekki vera möguleiki á því, að þessu 15 millj. kr. bráðabirgðaláni seðlabankans yrði breytt í fast lán og þyrfti þannig ekki að taka þær 15 millj. af árlegum tekjum sjóðsins.

Hins vegar í sambandi við það, sem upplýst hefur verið um útvegun hinna 40 millj., sem ættu að koma frá atvinnuleysistryggingunum að nokkru og frá viðskiptabönkunum að nokkru, hefur verið upplýst, að þessi útvegun fjár, þetta loforð, væri gefið í trausti þess í fyrsta lagi, að stjórn atvinnuleysistryggingganna féllist á ýmis skilyrði seðlabankans, og þegar loforðið er nú gefið, hefði ég vænzt þess, að það væri búið að ganga úr skugga um það, að stjórn atvinnuleysistryggingganna féllist á þessi skilyrði, því að annars hvílir loforðið alveg í lausu lofti. En nú hef ég nokkuð gildar ástæður til þess að ætla það, að stjórn atvinnuleysistryggingganna hafi ekki enn þá veitt nein svör við þessum málaleitunum og að grundvöllurinn sé þannig varla nægilega traustur fyrir þessum hátíðlega gefnu loforðum. Ég hefði talið alveg sjálfsagt, að hæstv. ríkisstj. hefði gengið úr skugga um það við atvinnuleysistryggingasjóðsstjórnina, sem er skipuð af Alþ. og hefur sitt lögákveðna verkefni um vörzlu og ráðstöfun þess mikla sjóðs verkalýðsins, að ekki væru gefin loforð út á hana án þess, að fullt samkomulag væri fengið við þessa stjórn. Á sama hátt hefði ég vænzt þess, að áður en loforðið var gefið og birt blöðum og birt á Alþ., væri búið að ganga út frá því við bankana, með hvaða hætti þeir breyttu bráðabirgðalánum, sem þar kunna að vera vegna húsnæðismála, í föst lán, og vil vænta þess, að það verði upplýst hér, að svo sé, svo að sá hluti af þessu loforði hvíli ekki heldur í lausu lofti.

Ég heyri það, að talað sé um, að bankarnir eigi að breyta lausum lánum, sennilega bráðabirgðavíxillánum til húsnæðismála, í föst lán, og er mér ekki kunnugt um, að það geti verið annað en þeir bráðabirgðavíxlar, sem viðskiptabankarnir hafa á undanförnum árum veitt einstaklingum, sem hafa verið í nauðum staddir með hálfbyggð hús og oft á því stigi, byrjunarstigi, að þau voru ekki orðin fokheld og áttu þannig ekki rétt á lánum úr húsnæðismálastofnuninni. En þá hafa bankarnir stundum af góðvild hlaupið undir bagga með þessu fólki, að veita víxillán út á loforð um, að þessir víxlar greiddust upp, þegar viðkomandi lántakandi fengi lán hjá húsnæðismálastofnuninni. Nú mun það hafa verið upplýst af vissum aðila, sem talar í nafni ríkisstj., að þetta loforð bankanna gildi ekki um þessa bráðabirgðavíxla í viðskiptabönkunum, og þá vil ég spyrja: Hvaða bráðabirgðalán eru það, sem bankarnir hafa veitt, ef það eru ekki þessi lán? Mig langar til þess að fá að vita hjá hæstv. félmrh., hvort þetta loforð um fyrirgreiðslu bankanna gildi um þau lán, sem bankarnir hafa veitt út á væntanleg lán frá húsnæðismálastofnuninni, eða hvort þarna sé um eitthvað annað að ræða. Ég vil sem sé vona það, að þessi hátíðlegu loforð hæstv. ríkisstj. um 40 millj. kr. lán til húsnæðismálastofnunarinnar í viðbót við hennar árlegu tekjur standist og séu vel undirbyggð, og vildi enn fremur vænta þess, að það yrði reynt allt hvað hægt væri með

atfylgi ríkisstj. að koma í veg fyrir, að bráðabirgðalán seðlabankans yrði tekið af árstekjum húsnæðismálastofnunarinnar, svo að þær 15 millj. kynnu þá kannske að geta bætzt við sem varanlegt lán.

Þá vil ég aðeins út af nokkuð digurbarkalegum ummælum hæstv. landbrh. hér áðan viðvíkjandi byggingarsjóði sveitanna vikja að einu atriði, og það er þetta: Hann var að tala um óreiðuskuldir byggingarsjóðs sveitanna frá dögum vinstri stjórnarinnar. En það skyldi nú ekki vera, að það væri nú dálítið maðkað í mysunni hjá núverandi hæstv. ríkisstj. í sambandi við þennan sjóð, byggingarsjóð sveitanna? Mér er kunnugt um það, að þessi sjóður skuldar í erlendu fé 16.7 millj. kr. Sú skuld hækkar nú við gengislækkunina um 23.7 millj. kr. Höfuðstóll sjóðsins fer úr 42 millj. rúmum niður í 18.6 millj. kr. fyrir atbeina þessarar hæstv. ríkisstj. núna, og það er alltilfinnanleg rýrnun hjá sjóðnum. Eitthvað þarf af aðgerðum bara til þess að bæta þetta upp, að ég ekki segi meira, svo að sjóðurinn væri betur staddur eftir en áður.

Ég vænti svo, að hæstv. félmrh. gefi mér vitneskju um þetta nánar, sem ég spurði um viðvíkjandi bönkunum og fyrirgreiðslu þeirra í sambandi við húsnæðismálastofnun ríkisins.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) taldi, að ég hefði sagt, að þær tölur, sem hann hefði nefnt hér áðan, hefðu verið rangar. Þetta er ekki rétt, það sagði ég aldrei, en hitt sagði ég, að þær tölur, sem hv. þm. hefði nefnt, þyrftu nánari skýringar við, og það voru þessar skýringar, sem ég taldi, að hann hefði átt að láta fylgja tölunum, sem ég var að reyna að bæta við. Tölurnar voru í sjálfu sér réttar, eða ég hef enga ástæðu til að ætla, að þær séu ekki réttar, en þær þurftu nánari skýringar, til þess að þær gæfu rétta mynd af hlutunum, eins og þeir eru. Ég nefndi t. d., að af þessum 1550 umsóknum, sem hann sagði að legið hefðu fyrir 1. des. s. l. um lán úr húsnæðismálasjóði, hefði verulegur hluti þegar verið búinn að fá nokkuð út á sín hús, þannig að með þessum 15 millj., sem fengnar voru um áramótin, var hægt að leysa um 500 umsóknir rúmar að fullu og þó sennilega allmiklu meira. Þetta sýnir, að umsóknafjöldinn raunverulega var ekki eins mikill og ætla hefði mátt, eftir að aðeins 15 millj. kr. var veitt inn í sjóðinn, enda kemur þetta fram með því að margfalda saman tölurnar, þá liggur þetta nú alveg ljóst fyrir.

Samkvæmt hans útreikningum, hv. þm., voru umsóknirnar, miðað við 80 þús. kr. á íbúð, 1. des. 92 millj. Þar af hafa 15 verið losaðar, þannig að eftir eru 77 millj. Ef þessar 15 millj. eru teknar af tekjum ársins 1960, sem reiknað var með í upphafi, þegar bráðabirgðalánið var tekið, eru eftir væntanlega kringum 25 millj. af tekjum ársins 1960, venjulegum og reglulegum tekjum í sjóðinn. Ef 40 millj. fást í viðbót við það, eru það 65 millj. kr., þannig að með þessum upphæðum eru fengnar 65 millj. af þeim 77, sem hv. þm. taldi að eftir hefðu verið, miðað við 1. des. s. l., eða m. ö. o., það skortir aðeins 12 millj. kr. á, að hægt sé með þessu móti að fullnægja eftirspurnunum, eins og þær lágu fyrir s. l. 1. des. Nú aftur á móti hefur ýmislegt komið til síðan. Það er alveg rétt. Byggingarkostnaður hefur vaxið og ný hús hafa komið til og annað þess háttar. En þegar maður ber þetta saman við þann hala, sem á undanförnum árum hefur verið í afgreiðslu þessara mála, er mikill munur á. Ég ætla, að það séu nú ekki fáar lánaumsóknir hjá húsnæðismálastjórn, sem eru meira en tveggja ára gamlar, sumar meira að segja þriggja ára gamlar, þannig að það hefur ekki verið hægt að afgreiða nálægt því allar umsóknir, sem borizt hafa. En ef maður sker þarna yfir við 1. des. s. l. og það fjármagn, sem þegar hefur verið útvegað, skortir ekki nema um 12 millj. kr. á, að endarnir náist þarna saman eftir þeim útreikningi, sem hv. þm. hefur sjálfur sett upp. Að vísu viðurkenni ég, að það þarf meira til að mæta nýjum húsum, sem bætast við, en það hefur þá einhver beðið lengur áður fyrr en þó að þeir, sem til hafa komið síðar en 1. des. 1959, séu ekki búnir að fá afgreiðslu, svo margir hafa beðið frá undanförnum árum.

Um þær 15 millj., sem fengnar voru til bráðabirgða út á tekjur ársins 1960 og hv. 4. landsk. þm. (HV) spurðist hér fyrir um áðan, þá get ég ekki sagt annað en það, að lánið var fengið á þann hátt, að það var lofað endurgreiðslu af tekjum ársins 1960, þegar lánið var tekið. En hitt tel ég á engan hátt útilokað, að það verði hægt að bæta einhverju við á árinu til þess að mæta þeirri endurgreiðslu, svo að tekjur sjóðsins, þær raunverulegu og föstu, þurfi ekki að skerðast eins og þær hefðu orðið að gera vegna endurgreiðslunnar að öðrum kosti. Ég tel, að þessi 40 millj. kr. lántaka þurfi ekki að vera sú endanlega og sú síðasta aðgerð, sem gerð verður í málinu á þessu yfirstandandi ári, og ég vil vona, að hún þurfi ekki að vera það.

Hv. 3. þm. Vesturl. (HS) og enda hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) líka þóttu það ómakleg orð hjá mér, þegar ég sagði, að hv. 7. þm. Reykv. — ég tók nú ekki fleiri til — hefði sýnt áhuga á þessu máli í orði. Ég hagaði þessum orðum mínum svona vegna þess, að mér hefur virzt áhugi þessara manna fyrir málinu vera fullt eins mikill á þann veginn að níða niður þær aðgerðir, sem fyrrv. og núverandi ríkisstj. hafa verið að reyna að gera til þess að koma málinu á rekspöl, eins og að þoka málinu á rétta braut. Þeir hafa brigzlað okkur um viljaleysi, um áhugaleysi og að engin skýring væri önnur til á því, að úthlutun lána 1959 hafi orðið minni en 1958, og takandi þá ekki með í reikninginn þær ráðstafanir, sem gerðar höfðu verið fyrir áramótin 1958—59. Mér hefur sem sagt fundizt, að viðleitni þeirra í málinu væri frekar að reyna að sanna sök á okkur en að koma máli hér heilu í höfn, fyrir utan nú það, að ýmsar þær till., sem þessi hv. þm., 7. þm. Reykv., og aðrir hafa verið hér með áður, hafa verið á þann veg, að þær hafa vissulega ekki verið raunverulegar og ekki framkvæmanlegar, og hef ég í umr. hér áður leitt rök að því, að svo er. Þess vegna hagaði ég orðum mínum eins og ég gerði, og ég ætla, að það hafi ekkert verið ofmælt.

Hv. 4. landsk. þm. sagði, að það hefði verið viðkunnanlegra, áður en skýrt var frá lánsloforði seðlabankans, að það hefði verið tryggt, að fallizt

mundi verða á af hálfu stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs þau skilyrði, sem seðlabankinn setti fyrir sinni lánveitingu. Það er rétt, það hefði verið eðlilegt, að þetta hefði verið gert. En þegar það lá fyrir, að ég hef fyrir alllöngu, einum til tveimur mánuðum, ég man ekki nákvæmlega daginn, en það er áreiðanlega meir en mánuður og jafnvel kannske tveir, — skrifað stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs og farið fram á vissa hluti við hana, sem ég hef ekki fengið svar við, þótti ekki ástæða til þess að bíða eftir því, að endanlega væri frá þessu gengið, — þegar loforð seðlabankastjórnarinnar lá fyrir um lánið gegn þessum skilyrðum, þá breyttist að vísu sú ósk, sem ég hafði borið fram við stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs um beint lán, í annað, sem mér hafði skilizt að stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs væri geðþekkara en að veita beint lán í þessu skyni, en það verður að skera úr um það og koma fram síðar, hvort þetta tekst eða ekki. Í staðinn fyrir, að farið var fram á við stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, að hún lánaði úr sjóðnum beint og þó þannig, að seðlabankinn tryggði sölu eða kaup — getum við alveg eins sagt — á þessum skuldabréfum húsnæðismálastjórnar, ef á þyrfti að halda, eru nú komin skilyrði seðlabankans. Hér er efnislega enginn munur á, en að formi til er hér nokkur munur, og ég hef ástæðu til þess að ætla eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um afstöðu atvinnuleysistryggingasjóðsstjórnarinnar, að henni muni vera þetta geðþekkara form en hið fyrra, svo að ég treysti því nú, að samkomulag náist um þetta atriði, þó að það liggi ekki fyrir á þessari stundu. Og ef það kemur ekki til með að liggja fyrir, verður að taka til einhverra annarra ráða, til þess að við þetta verði staðið.

Um hinar 15 millj. kr., sem ákveðið er að leita til bankanna um, þá get ég svarað hv. 4. landsk. því, að þetta er, eins og hann hélt, bráðabirgðalán, sem veitt hafa verið af viðskiptabönkunum til þess að brúa eitthvert bil, sem viðkomandi húsbyggjandi hefur þurft að brúa til þess að geta haldið áfram með sína byggingu, þangað til hann fengi lán einhvers staðar, sem hann hafði vilyrði eða loforð fyrir að fá, en hafði ekki enn fengið. Það eru fyrst og fremst þessi lán, sem ætlað er að „konvertera" úr stuttum víxlum í lengri lán, annaðhvort húsnæðismálalán beint eða á annan hátt, og ég vænti þess, að um þetta megi takast samkomulag við viðskiptabankana, því að raunverulega er þetta ekki útlagt fé af þeirra hálfu, heldur eingöngu stuttu láni breytt í lengra lán.

Fleira held ég að ég þurfi ekki að taka fram um þetta mál, nema eitthvað nýtt komi fram, en ég vil undirstrika það, að þetta áhugaleysi og þetta viljaleysi, sem hv. framsóknarmenn hafa hér lagt mjög mikla áherzlu á að væri fyrir hendi bæði hjá fyrrverandi stjórn og núverandi, er alls ekki til staðar. Báðar stjórnirnar hafa reynt að gera það, sem þær gátu, þó að fyrrverandi ríkisstj. tækist ekki að útvega bráðabirgðalán, fyrr en leið að árslokum, og núverandi ríkisstj. hefur sýnt það í verki með því að ákveða að taka þessar 40 millj. nú þegar, að henni er áhugamál að leysa þetta. Ef tækist að fá þá viðbót, sem þarf til þess að ljúka við dæmið, eins og hv. 7. þm. Reykv. setti það upp 1. des. s. l., teldi ég mikið unnið, og raunverulega vantar ekki svo mikið á, að það sé hægt, miðað við það, sem búið er að gera.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég skal ekki eyða löngum tíma til þess að deila við hæstv. félmrh. um það, hvaða flokkar hafi sýnt mestan áhuga eða áhugaleysi í þessum málum, en í því sambandi nægir alveg að benda á, að það liggur fyrir sögulegur dómur um það, t. d. hvort Alþfl. eða Framsfl. er áhugameiri í þessum efnum. Á árunum 1944—49 var þessi hæstv. ráðh. félmrh. fyrir hönd Alþfl., eða a. m. k. var Alþýðuflokksmaður þá félmrh., ef það hefur ekki verið hann á þessum árum. Það mun rétt, að Stefán Jóh. Stefánsson mun hafa verið félmrh. eitthvað af tímanum, en Alþfl. fór hins vegar með félagsmálastjórnina á árunum 1944—49. En Framsfl. fór svo aftur með stjórn félagsmálanna á árunum 1950—56. Og ég held, ef þessi tvö tímabil eru borin saman, að þá sjáist nokkurn veginn ljóst, hvorum flokknum sé betur að treysta til forustu í þessum efnum, því að ég held, að það sé alveg óhætt að slá því föstu, að það var svo að segja ekkert gert í byggingarmálum kaupstaðanna af opinberri hálfu á árunum 1944—49, ekki um neina aukningu á þeirri starfsemi að ræða. Hins vegar var á árunum 1950—56 um stórfellda aukningu að ræða í þessari starfsemi, stóraukin öll framlög hins opinbera til íbúðabygginga í kaupstöðunum, svo að þessi sögulega reynsla sker alveg nægilega úr um deilu okkar hæstv. félmrh. um það, hvort Alþfl. eða Framsfl. sé betur treystandi í þessum málum, og þarf ég ekki að fara fleiri orðum um það.

Þá var hæstv. félmrh. að halda því fram, að þær till., sem framsóknarmenn hefðu lagt fram í byggingarmálunum á seinasta ári hér á hæstv. Alþ., hefðu ekki verið raunhæfar. Ég hef ekki enn þá heyrt nein rök frá hæstv. félmrh. fyrir því, að hér hafi ekki verið um raunhæfar till. að ræða, og ég held, að ef maður færi út í það að rifja upp hverja einstaka till. í þessum efnum, sé hægt að sýna fram á það, að þær hafa verið fullkomlega raunhæfar. Það var að sjálfsögðu fullkomlega raunhæft að leggja til, að nokkrum hluta af tekjuafgangi, sem fyrir lá, yrði ráðstafað til slíkra framkvæmda. Það fé var handbært, það var ekki um óraunhæfa till. þar að ræða. Það var einnig um raunhæfa till. að ræða, að það yrðu boðin út vísitölubréf byggingarsjóðs og seld á opnum markaði. Það sýnir salan á bréfum Sogsvirkjunarinnar, að það hefði vel mátt afla tekna með þessum hætti. Og þannig má rekja þetta áfram, þessar till., sem við höfum flutt. Reynslan hefur sýnt það og aðstæðurnar hafa sýnt það, að þær voru fullkomlega raunhæfar, svo að þessir sleggjudómar hæstv. ráðh. falla alveg um sjálfa sig.

Þá var hæstv. ráðh. að reyna að leiða rök að því og byggði það á þeim tölum, sem ég var með, að það mundi ekki verða nema eitthvað 12 millj. kr. halli hjá húsnæðismálastjórn um næstu áramót með þeirri fjáröflun, sem nú er fyrirhuguð af hæstv. ríkisstj., þ. e. a. s. með föstum tekjum sjóðsins, sem áætlað er að séu um 30—40 millj.

kr., og svo þeirri 40 millj. kr. aukafjáröflun, sem ríkisstj. ráðgerir nú. Þetta fékk hann út með því að taka eingöngu þær 1550 umsóknir vegna fokheldra íbúða, sem lágu fyrir um síðustu áramót, og til þess að hver íbúð fengi 80 þús. kr. lán, vantaði 92 millj. kr., og komst að þeirri niðurstöðu, að bara ef þetta hefði ekki verið tekið, mundi halinn ekki vera nema 12 millj. um næstu áramót. En hæstv. ráðh. gleymdi því, sem kom skýrt fram hjá mér og hann veit vafalaust um, að til viðbótar þessum 1550 umsóknum, sem lágu fyrir vegna fokheldra íbúða 1. des., lágu einnig fyrir umsóknir vegna 240 íbúða, sem voru að verða fokheldar og eru vafalaust orðnar það nú, og til þess að fullnægja því, að hver þessi íbúð fái lán upp á 80 þús. kr., vantar þar um 20 millj. kr. Auk þess verður að telja það alveg sjálfsagt mál vegna þess stóraukna byggingarkostnaðar, sem nú hefur átt sér stað, að lánin verði hækkuð um a. m. k. 20 millj. kr., eða upp í 100 þús., það er algert lágmark, og þá skapast þar útgjaldaaukning vegna þessara 1800 íbúða um 36 millj. kr. Svo verður að telja, að það sé ekkert óeðlilegt, þó að á þessu ári, — og það væri ekki óeðlilegt í sambandi við þá íbúðaaukningu, sem þarf að verða í landinu, — að það bættust við 700 nýjar fokheldar íbúðir, og ef það væri um að ræða, sem verður að teljast sjálfsagt, að veita 100 þús. kr. lán út á hverja þeirra, þá er þar um 70 millj. kr. upphæð að ræða, svo að mér finnst, ef menn athuga allar þessar staðreyndir og draga ekki neitt undan, að þá hljóti hallinn að verða um næstu áramót eða halinn í kringum 140 eða 150 millj. kr., ef ríkisstj. aflar ekki meira fjármagns en hún ráðgerir nú. Það eru þessar staðreyndir, sem ríkisstj. verður að gera sér ljósar. Hún verður að líta á málið í heild, en ekki einhvern takmarkaðan hluta lánsbeiðna, sem fyrir lágu 1. des. s. l.

Ég held, að það sé þá ekki fleira, sem ég þarf að segja við hæstv. félmrh., en ætla þá að lokum að snúa mér að hæstv. landbrh. vegna þeirrar tölu, sem hann hélt hér áðan og átti að vera mjög góðgjörn í minn garð, og þakka ég honum fyrir það, að ekki skuli hann bresta góðgirnina. En vegna þess, sem hæstv. ráðh. var að tala um arf vinstri stjórnarinnar, vil ég upplýsa hann um það, sem honum virðist sennilega ekki hafa verið kunnugt um, að á s. l. ári eða árinu 1958 var tekjuafgangur hjá ríkissjóði, sem nam 60—70 millj. kr. og var handbær til ráðstöfunar, þegar vinstri stjórnin lét af völdum. Það var ein af till. framsóknarmanna á síðasta þingi, að tilteknum hluta af þessu handbæra fé, þessum tekjuafgangi, yrði varið til byggingarsjóðs Búnaðarbankans, og ef sú till. hefði verið samþ., sem framsóknarmenn báru hér fram, að tekinn yrði nokkur hluti af þessum handbæra arfi vinstri stjórnarinnar og honum varið til byggingarsjóðs Búnaðarbankans, mundi hann ekki vera nú í þeim vandræðum, sem þessi till. fjallar um. En hæstv. ráðh. er búinn að gleyma þessu, og hann virðist líka vera búinn að gleyma því, hvaða hv. þm. það var, sem hjálpaði til að fella þessa till., að þetta fé yrði notað á þennan hátt, og hjálpaði þannig til að skapa þann vanda, sem byggingarsjóður Búnaðarbankans er í. Ég get upplýst hæstv. landbrh. um það, við hvaða hv. þm. ég á í þessum efnum. Það er hæstv. landbrh. sjálfur. Hann hjálpaði hér á seinasta Alþ. eða vetrarþinginu til þess að fella þá till., að þetta handbæra fé, sem vinstri stjórnin skildi eftir, yrði m. a. notað til þess, að byggingarsjóður Búnaðarbankans gæti staðið við sínar skuldbindingar á síðasta ári, og það er aðalorsök þess vanda, sem sjóðurinn glímir við nú. Og þess vegna held ég, að hæstv. ráðh. ætti nú ekki að vera alveg eins kotroskinn, þegar hann talar um þessi mál, og hann virtist vera hér áðan.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. viðurkenndi það í svarræðu sinni áðan, að það hefði farið betur á því, að ríkisstj., áður en hún birti sitt loforð, sem var um fé úr atvinnuleysistryggingunum, hefði fengið svar og samþykki stjórnar atvinnuleysistryggingannna. En hann lét í ljós aftur vonir um, að það mundi fást, því að nú hefði verið farið inn á þá leið, sem henni mundi geðfelldari en bein lánveiting til húsnæðismála. Ég veit ekkert um það, en ég er þeirrar skoðunar, eins og reyndar ráðh., að það hefði farið betur á því, að þessi svör atvinnuleysistryggingasjóðsstjórnarinnar hefðu legið fyrir, áður en þessi hátíðlegu loforð voru gefin og birt.

Þá skildi ég einnig á hæstv. ráðh., að það væri ekki heldur búið að ræða þessi mál við bankana og fá loforð þeirra fyrir þeirri aðstoð, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú lofað og byggist á því, að bráðabirgðalánum í bönkum verði breytt í föst lán. Það finnst mér líka vera með nokkuð fljótlegum hætti gert að birta þessar stjórnartilkynningar, áður en búið er að fá samþykki bankanna til þess, að málum verði hagað á þann veg, sem loforðin hljóða um. En hæstv. ráðh. sagðist einnig vona, að á bönkunum strandaði ekki, að því er þetta snerti, og að þeir hlypu þarna undir bagga með einar 15 millj. kr., að mér skilst, sem sé að breyta bráðabirgðalánum í föst lán. Hæstv. ráðh. staðfesti það, að minn skilningur væri réttur, að því er það snerti, að gefin loforð bankanna um að breyta bráðabirgðalánum í föst lán vörðuðu þá bráðabirgðavixla, sem bankarnir hefðu hlaupið undir bagga með ýmsum aðilum að veita út á ákveðin loforð um föst lán hjá húsnæðismálastofnuninni síðar og ættu þá að borgast upp, þegar húsnæðismálastofnunin hefði veitt hin föstu lán. Ég bjóst við því, að þetta væri svona, en hafði hins vegar heyrt af nokkuð ábyrgum aðila, sem talaði í nafni ríkisstj., að þetta væri ekki, það væri átt við önnur lán.

Nú hvarflar að mér sú hugsun, að ef þessum bráðabirgðalánsfjárhæðum bankanna verður breytt í föst lán, þrengist aftur nokkuð um möguleika hjá bönkunum til þess að halda áfram svipuðum fyrirgreiðslum um bráðabirgðalán til fólks, sem stendur í byggingum og er í þeim nauðum statt, sem það hefur verið, þegar það var að fá þessi bráðabirgðalán í bönkunum að undanförnu, meðan þeir voru að bíða eftir föstum lánum. Einkanlega held ég, að þessir möguleikar þrengist hjá viðskiptabönkunum, þegar búið er að takmarka útlánastarfsemi þeirra, eins og nú virðist vera búið að gera í sambandi við gengisbreytinguna, og þætti mér það mjög miður og vera nokkur ljóður á þess-

ari fyrirgreiðslu, ef hún yrði til þess að loka þeim leiðum, að menn í nauðum staddir, sem eru að byggja, gætu fengið sams konar áframhaldandi fyrirgreiðslu í formi bráðabirgðaláns hjá bönkunum. En það er vissulega sú fyrirgreiðsla, sem stundum hefur komið mönnum yfir örðugasta hjallann, þannig að þeir gætu þokað byggingum sínum áfram og komizt hjá því að missa þær og síðan fengið föst lán hjá húsnæðismálastofnuninni til þess að borga þessi bráðabirgðalán upp.

Ég þakka hæstv. ráðh. annars fyrir svörin, en læt í ljós ótta minn um það, að úr því að þessi kvöð verður lögð á bankana að breyta bráðabirgðavíxlunum í föst lán, sennilega 15—20 ára, gæti það orðið til þess, að þetta úrræði margra að fá bráðabirgðalán, þangað til föstu lánin veitast, gæti lokazt við þetta, einkanlega þegar búið er að þrengja möguleika bankanna til lánastarfsemi og sníða því þar þröngan stakk, eins og hefur verið gert kunnugt nú nýskeð.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eitt var það, sem fram kom í ræðu hæstv. landbrh. hér áðan, sem ég tel sjálfsagt að mótmæla. Hæstv. ráðh. talaði um það oftar en einu sinni í sinni ræðu, að það væru einhverjar óreiðuskuldir hjá byggingarsjóði Búnaðarbankans. Hæstv. ráðh. virtist þannig vera á ósmekklegan hátt að læða því inn í hugi manna, að Búnaðarbankinn sé einhver óreiðustofnun, sem ekki standi við sínar skuldbindingar, ekki standi við gerða samninga um fjárgreiðslur og þess háttar. Þessu vil ég mótmæla. Það er áreiðanlega alveg ástæðulaust og ósæmilegt að gefa slíkt í skyn.

Fyrir skömmu urðu nokkrar umr. í hv. Nd. utan dagskrár, m. a. um stofnlánasjóði Búnaðarbankans. Þá var á það bent, að seint á næstliðnu ári gerðist það, eftir að hv. 1. þm. Sunnl. var orðinn hæstv. landbrh., sem ekki hafði gerzt áður í fjölda ára, að bændur í sveitum landsins, sem höfðu ráðizt í það að byggja íbúðarhús á jörðum sínum, gátu ekki fengið lán fyrir árslokin hjá byggingarsjóði Búnaðarbankans, og þeir eru ekki farnir að fá þessi lán enn, þó að lánsskjöl í fullkomnu lagi væru lögð inn hjá Búnaðarbankanum í nóvembermánuði s. l. Það hefur þannig komið fram, að hæstv. núv. landbrh. hefur ekki verið maður til þess að greiða fyrir því á sama hátt og fyrirrennarar hans höfðu áður gert, að Búnaðarbankinn eða byggingarsjóður hans gæti fengið nokkrar fjárupphæðir til þess að geta veitt þessi lán með venjulegum hætti. En það er vissa fyrir því, að hæstv. ráðh. bætir sízt sinn hlut í þessu máli með því að vera hér með dylgjur um einhverja óreiðu hjá Búnaðarbankanum eða einstökum deildum hans.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég held, að hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) hafi ekki bætt neitt fyrir þeim málstað, sem hann hefur verið að túlka hér í d., ekki í dag, heldur oft áður, með þeirri ræðu, sem hann flutti hér áðan. Og ef það ber að skilja svo, að þessi hv. þm. líti svo á, að skuld byggingarsjóðs Búnaðarbankans við seðlabankann sé ekki óreiðuskuld, er náttúrlega ekki við því að búast, að hann hafi lagt því lið að bæta þar úr.

Hv. þm. talar um, að ég sé að reyna að læða því inn, að Búnaðarbankinn sé einhver óreiðustofnun. Það er ekki það, sem ég sagði. Búnaðarbankinn er ekki óreiðustofnun, og það er ástæða til að taka það fram, að Búnaðarbankanum sem banka hefur verið vel stjórnað af þeim bankastjóra, sem þar á sæti. En það er byggingarsjóður Búnaðarbankans, sem hefur fengið fé utan að komandi frá þeim ríkisstjórnum, sem setið hafa á hverjum tíma, sem er að mestu utan við valdsvið bankastjórans að þessu leyti. Og ég ætla að endurtaka það hér, að í seðlabankanum er óreiðuskuld, sem er arfur frá valdatíma hv. 1. þm. Norðurl. v. og hans flokksmanna, það er það mikil óreiðuskuld, að bankastjóri seðlabankans hefur tvívegis skrifað fjmrn. og talið, að fjmrn. bæri að greiða þetta, því að þetta væri í óreiðu, fyrir löngu í gjalddaga fallið og ríkissjóður væri í ábyrgð fyrir þessu. Hvað er óreiðuskuld, ef það er ekki þetta? Og eins og ég sagði hér áðan, þegar ég fór til seðlabankans fyrir áramótin til þess að freista þess að fá fé fyrir byggingarsjóðinn að láni til bráðabirgða út á fé, sem var öruggt að mundi fást, 12½ millj. kr., sem er búið að lofa Búnaðarbankanum, en hann hefur ekki enn fengið, og fé, sem vitað er, að er til, þá var svarið þetta: 1957 var slegið hér bráðabirgðalán, sem átti að greiðast á því ári, sem það var tekið. 1958 var aftur slegið bráðabirgðalán með loforði um, að það lán yrði fljótt greitt ásamt því eldra, — en hv. framsóknarmenn fóru frá völdum án þess að greiða þetta og lokuðu möguleikanum fyrir því, að núv. ríkisstj. gæti fengið bráðabirgðalán, enda þótt hún gæti látið tryggingu fyrir því, að það yrði greitt á fyrri hluta þessa árs, vegna þess að það var búið að nota upp „kreditina", sem seðlabankinn gat látið, og hafði svo slæma reynslu af þessu, að það var ekki á það bætandi.

Ég held, að það sé ástæða til að taka þetta fram. Hv. 1. þm. Norðurl. v. kann ekki skil á því, hvað er skilsemi og hvað er óreiða, ef dæma á eftir því, sem hann sagði hér áðan. Hann kann ekki að gera greinarmun á þessu tvennu. Og ekki get ég að því gert.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að fara fleiri orðum um þetta. Hv. þm. endurtekur hér núna það, sem hann sagði um daginn, að til ársloka 1958 hefðu bændur fengið lán út á íbúðir sínar, 75 þús. kr. Þetta er rétt. Þeir hafa ekki enn fengið þessi lán fyrir árið 1959 nema að nokkru leyti. Þeir hafa fengið framhaldslán, en þeir hafa ekki fengið ný lán. Ég hef marglýst því hér yfir, að út á þá pappíra, sem nú liggja í Búnaðarbankanum vegna framkvæmda á s. l. ári, verður veitt núna innan lítils tíma. Verða þessi lán veitt með sömu kjörum og gilt hafa áður, og það ætla ég, að hv. þm., sem talaði hér áðan, ætti að nægja. Og ég hygg, að hann, eins og hv. 7. þm. Reykv., viti það, að Búnaðarbankinn hefur fengið loforð fyrir fjármagni til þess að leysa það, sem liggur óafgreitt þar, og það er eingöngu vegna óreiðulánanna, sem lágu fyrir í seðlabankanum núna fyrir áramótin, að ekki var unnt að fá þar bráðabirgðalán, til þess að hægt væri að ljúka þessum afgreiðslum í desember, enda þótt loforð væri fyrir um greiðslu fyrri hluta þessa árs.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. og 54. fundi í Sþ., 18. og 27. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var fram haldið einni umr. um till. (A. 12, n. 421 og 461).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Allshn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu á þessari till. Meðan till. hefur verið í athugun hjá n., hefur það verið upplýst í umr. hér á Alþ., að ríkisstj. hafi gert ráðstafanir til að tvöfalda það fé, sem húsnæðismálastjórn hefur til útlána á þessu ári, svo og að ríkisstj. vinni að lausn á málum byggingarsjóðs sveitabæja. Meiri hl. n. leggur því til, að till. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Sú till., sem hér liggur fyrir um fjáröflun til byggingarsjóða á þskj. 12, var, eins og þingskjalsnúmerið gefur til kynna, flutt á fyrstu dögum þessa Alþ. Það dróst alllengi, að allshn. tæki hana til meðferðar, og þegar að því kom að afgr. till., var, eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, n. ekki sammála um afgreiðsluna. Meiri hl. leggur til, að þessari till. verði vísað til ríkisstj., og byggir þessa afstöðu sína á því, að ríkisstj. sé að athuga málið. Minni hl., en í honum eru hv. 5. þm. Norðurl. v., hv. 4. landsk. og ég, leggur hins vegar til, að till. verði samþ. með því orðalagi, að Alþ. feli ríkisstj. að beita sér fyrir því, að byggingarsjóður ríkisins og byggingarsjóður sveitabæja fái það fjármagn til umráða á þessu ári, sem þeim er nauðsynlegt, að dómi húsnæðismálastofnunar ríkisins og byggingarsjóðs sveitabæja, til þess að þeir geti bætt úr aðkallandi þörfum vegna íbúðabygginga í sveitum, kauptúnum og kaupstöðum og þá m. a. hækkað einstök lán með tilliti til hækkunar á byggingarkostnaði.

Breytingar þær á orðalagi, sem minni hl. n. leggur til að samþ. verði, stafa m. a. af því, hve langt er liðið frá því, að till. var borin fram, og hvað afgreiðsla hennar hefur dregizt lengi í n., en orðalag till. var öðrum þræði miðað við síðustu áramót og að hluti af því, sem þar var farið fram á, kæmi til framkvæmda fyrir áramót. Nú á það að sjálfsögðu ekki lengur við, þar sem áramótin eru liðin, og af þessum ástæðum og einnig öðrum leggjum við til, að till. verði samþ. með þessu orðalagi, sem ég hef tilgreint, en minni hl. n. telur rétt, að fram komi skýr viljayfirlýsing Alþ. um, að ekki verði dregið úr starfsemi þessara íbúðalánasjóða og að tekið verði tillit til hækkandi byggingarkostnaðar, minnkandi starfsemi sjóðanna á árinu 1959 og fjölda umsókna, sem fyrir liggja.

Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta mál og nokkur einstök atriði þess og vil þá fyrst víkja nokkuð að íbúðalánastarfseminni í kaupstöðum og kauptúnum.

Veðdeild Landsbanka Íslands var stofnuð með lögum nr. 1 12. jan. árið 1900, og er því sú lagasetning nú 60 ára gömul. Hlutverk hennar skyldi vera, eins og það er orðað í lögunum, að veita lán um langt árabil og með vægum vaxtakjörum gegn veði í fasteign. Síðan voru sett lög um starfsemi veðdeildarinnar og um nýja veðdeildarflokka á árunum 1902, 1905, 1909, 1911, 1913, 1926, 1927 og 1928, en mikið af fé veðdeildarinnar var á þessum tímum lánað til húsbygginga og þá m. a. til íbúðabygginga við sjávarsíðuna, og voru a. m. k. stundum nokkur afföll af þeim lánum.

Árið 1929 beittu Framsfl. og Alþfl. sér fyrir setningu laga um verkamannabústaði, nr. 45 14. júní það ár. Að stofni til eru þau lög eða lagaákvæði enn í gildi, og hafa verkamannabústaðalánin verið hagstæðustu lánin, sem völ hefur verið á, en fé það, sem varið hefur verið til lána af þessu tagi, yfirleitt heldur takmarkað, enda ekki ætlað til íbúðarlána almennt, heldur handa þeim, sem lægstar tekjur höfðu.

Árið 1932 voru svo að frumkvæði Framsfl. sett lög um byggingarsamvinnufélög, nr. 71 23. júní það ár. Fjöldi manna, þar á meðal margir opinberir starfsmenn, hefur byggt sér íbúðir samkvæmt þeim lögum og fengið ríkisábyrgð fyrir lánum, sem samtals nema nú nokkuð á þriðja hundrað millj. kr.

Árið 1952, er Framsfl. og Sjálfstfl. fóru saman með ríkisstj., voru svo sett lög um svonefnda smáíbúðadeild, en sú stofnun veitti lán út á íbúðir í kaupstöðum og kauptúnum gegn 2. veðrétti, og kom það mörgum vel, því að þá var 1. veðréttur laus, ef unnt var að fá lán út á hann annars staðar, t. d. í sparisjóðum úti um land, sem oft hafa veitt lán af þessu tagi.

Þessi stofnun, smáíbúðadeildin, var lögð niður á árinu 1955. Sömu flokkar stóðu þá enn að ríkisstj., en hún beitti sér fyrir því, að komið var upp nýrri lánastarfsemi á vegum veðdeildar Landsbankans, og lögðu bankar og sparisjóðir fram fjármagn til þessarar starfsemi. Þetta var ákveðið með lögum um húsnæðismálastjórn o. fl., nr. 55 20. maí það ár. þ. e. a. s. 1955. Þessum lögum var svo árið 1957, í tíð vinstri stjórnarinnar, breytt í lög um húsnæðismálastofnun o. fl. og þá m. a. tekin upp ákvæði um skyldusparnað ungmenna og byggingarsjóð ríkisins, en það, sem fékkst við skyldusparnaðinn og einnig á annan hátt, skyldi renna í byggingarsjóð ríkisins. En það er þessi lánastofnun, sem aðallega hefur veitt lán til íbúða í kaupstöðum og kauptúnum undanfarin 5 ár. Hámark einstakra lána þaðan hefur almennt verið 70 þús. kr., þótt heimilt sé að veita hærri lán.

Hér er, sem kunnugt er, um að ræða tvenns konar lán, svokölluð A-lán með 7% vöxtum, sem nú er búið að hækka eins og aðra vexti, og B-lán með lægri vöxtum en vísitölubundnum afborgunum.

Eins og segir í nál. minni hl. á þskj. 421, námu þessi lán á árunum 1956—58 samtals að meðaltali á ári nálægt 58 millj. kr., en á árinu 1959 urðu þau mun lægri, eða ca. 34.5 millj. kr. Þessi samdráttur á árinu 1959 var tilfinnanlegur, ekki sízt vegna þess, að byggingarkostnaður það ár var mun hærri en hann hafði verið að meðaltali á þriggja ára tímabili. En af þessu leiðir, að umsóknum, sem bíða afgreiðslu, hefur farið mjög fjölgandi, eða a. m. k. fjölgandi, og er þar bæði um að ræða umsóknir um ný lán og umsóknir um viðbótarlán,

en húsnæðismálastjórn hefur mjög orðið að grípa til þess ráðs að veita lágar upphæðir í því skyni að geta veitt sem flestum einhverja úrlausn, þó að margir hafi því miður ekkert fengið.

Hinn 1. apríl s. l. lágu óafgreiddar hjá húsnæðismálastjórn 1842 umsóknir samtals, þar af 1120 umsóknir um ný lán og 712 umsóknir um viðbótarlán. Enn hefur byggingarkostnaður hækkað stórlega á þessu ári vegna hinna nýju efnahagslaga og annarra efnahagsráðstafana. Það er állt kunnugra manna, að ekki veiti af, að hámark lána hækki úr 70 þús. kr., sem það hefur hingað til verið, upp í 100 þús. kr., ef þau eiga ekki að lækka hlutfallslega frá því, sem var, og mun hér ekki djúpt tekið í árinni. En til þess að fullnægja á þann hátt öllum umsóknum, sem fyrir lágu 1. apríl s. l., þyrfti um 150 millj. kr. Þetta er að vísu ágizkunartala, en áætluð svo nærri sem unnt er og þá miðað við þessa lánaupphæð, sem ég nefndi áðan, 100 þús. kr. Það má gera ráð fyrir, að lán út á sumar íbúðir, sem búið er að byggja, yrðu ekki svona há, en hins vegar ástæða til að gera ráð fyrir fleiri umsóknum en fyrir lágu 1. apríl s. l., þegar til næstu úthlutunar kemur. Á þessu ári er búið að veita, snemma á árinu, 15 millj. kr. Hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir að útvega byggingarsjóði 25 millj. á árinu og gera tilraun til að fá banka og sparisjóði til að breyta 15 millj. kr. í víxlum í föst lán. Þetta er þó ekki komið til framkvæmda enn þá, svo að mér sé kunnugt. Sjálfur hefur sjóðurinn nokkrar tekjur, en þó hrökkva þær skammt í þessu sambandi.

Minni hl. virðist því ástæða til, að Alþ. láti þessi mál nokkuð til sín taka, áður en það lýkur störfum, og marki stefnu í því, eins og ég hef áður lýst. Ef ekki tekst að leysa þetta mál á viðunandi hátt, er því miður hætt við, að einhverjir, kannske nokkuð margir, geti ekki haldið íbúðum sínum og að íbúðir í smíðum verði að standa ónotaðar vegna fjárskorts. Má raunar segja, að slíkt geti átt sér stað, eins og nú er komið málum, þótt starfsemi byggingarsjóðs sé efld eins og hér er gert ráð fyrir, en úr því má þó draga, ef að því er unnið á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessari till. og minni hl. n. mælir með.

Þetta er þá það, sem snertir byggingarsjóð ríkisins, en ég vil þá víkja nokkuð að hinum byggingarsjóðnum, sem þessi till. fjallar um, þ. e. a. s. byggingarsjóði sveitabæja.

Það hefur um langan tíma verið venja, allt fram til ársins 1959, að byrjunarlán út á íbúðarhús, sem komizt hafa undir þak á árinu í sveitum, hafa verið veitt seint í nóvembermánuði eða í desembermánuði, ef skjöl voru fyrir hendi í nóv. eða byrjun des. varðandi þessi lán. Oft hefur sjóðinn skort fé, það vitum við, en Alþ. eða ríkisstj. sú, sem í hlut átti, hefur þá reynzt hafa vilja og getu til að útvega það fé, sem til þess þurfti, að ekki þyrfti að verða truflun á starfsemi sjóðsins. Þetta var orðin svo að segja föst venja, og því var treyst. Hámark lánanna úr byggingarsjóði sveitabæja hefur síðustu árin verið 75 þús. kr. Sú upphæð hefði þurft að vera hærri, einkum á s. l. ári, en það var mikil bót í máli, að því mátti treysta, að lán yrðu veitt á ákveðnum tíma. Þessi byrjunarlán út á hús, sem komin voru undir þak, voru venjulega nálægt helmingi lánsins, en eftirstöðvar svo útborgaðar eftir því, sem verkinu miðaði áfram. En nú á s. l. ári brá svo við, að engin eða svo að segja engin byrjunarlán — engin ný lán — voru veitt úr sjóðnum, aðeins haldið áfram að borga út eftirstöðvar lána, sem veitt höfðu verið á árinu 1958 eða fyrr. Sjóðinn skorti fé, og hæstv. ríkisstj. veitti honum ekki þá aðstoð við fjáröflun, sem áður hafði tíðkazt. Hlutaðeigandi ráðh., þ. e. a. s. hæstv. landbrh., kvað sig að vísu hafa til þess góðan vilja, er hann var um það spurður í lok nóvembermánaðar fyrsta sinn, en þar við sat. Þetta kom þeim mörgu bændum, sem í hlut áttu, mjög á óvart og hefur sett margan mann í vanda. Margir gerðu sér þá von um, að lánin mundu fást strax eftir áramótin og gætu komið inn í áramótauppgjör, en það var fyrst nú í maímánuði, að byrjað var að veita þessi lán, sem átti að veita í nóvember eða desember. Þar á ofan bætist svo annað, sem kemur líka mjög á óvart í sambandi við þessi lán. Flestir höfðu í vetur skilið vaxtahækkunarboðskap hæstv. ríkisstj., sem gefinn var út eftir samþykkt efnahagslaganna, svo, að vaxtahækkun hjá byggingarsjóði sveitabæja, þ. e. a. s. úr 3½% upp í 6%, ætti ekki að ná til þeirra lána, sem segja mátti að komin væru í afgreiðslu, þar sem öll lánsskjöl voru fyrir hendi. En nú kemur það upp úr kafinu, að í skuldabréfunum eru skráðir 6% vextir af 42 ára lánum og engin aths. þar við um hugsanlega vaxtabreytingu síðar. Og lánsupphæðirnar virðast ekki heldur hafa hækkað.

Það má gera ráð fyrir því, að sumir bændur, sem ætluðu sér að byggja í sumar, hætti við það eða séu a. m. k. á báðum áttum nú vegna hinnar miklu hækkunar, sem orðið hefur á byggingarefni og vegna vaxtahækkunarinnar og loks vegna hinnar bitru reynslu frá s. l. ári, sem ég hef áður minnzt á. Hæstv. landbrh. hefur að vísu nýlega haft um það góð orð, að hann ætli að sjá svo um, að ný lán verði veitt úr Byggingarsjóði sveitabæja í haust, og ég efast ekkert um það, að hann hafi á því góðan vilja að sjá svo um, að þetta verði. En þessi góði vilji ráðh. reyndist léttvæg greiðsla upp í byggingarkostnaðinn um síðustu áramót, og það má þá ekki minna vera eða virðist ekki mega minna vera en að ráðh. fái í þessu þann stuðning frá hv. Alþ., sem í þessari þál. felst, ef samþykkt verður. Og eins og nú er komið, virðist varla annað forsvaranlegt en þessi lán eða hámark lánanna verði nú eitthvað hækkuð. Það sýnist ekki mega dragast, og um það fjallar þessi þáltill. öðrum þræði.

Ég heyrði það nýlega hér á hv. Alþ. í umr. í sambandi við fsp., sem fram kom í sambandi við þetta mál, að hæstv. landbrh. var að skýra þetta eða afsaka ríkisstj., hvernig sem menn nú vilja orða það, með því, að byggingarsjóður sveitabæja og ræktunarsjóður væru illa staddir fjárhagslega og að á þeim hvíldu skuldir, sem þyrfti að greiða. Það er rétt, að þessar skuldir hvíla á sjóðunum. Þær eru þannig til komnar, að þessir sjóðir hafa tekið lán með vöxtum, sem voru hærri en útlánsvextir, en einnig vegna þess, að lán hafa verið tekin erlendis og þau hafa hækkað að krónutölu íslenzkri vegna gengisbreytingar, en útlánin úr sjóðunum eru hins vegar skráð og greidd í íslenzkum krónum.

Þetta er nú í sjálfu sér engin nýlunda og þarf ekki að koma neinum á óvart. Löggjöfin um byggingarsjóð sveitabæja og ræktunarsjóð er þannig úr garði gerð, að þar er gert ráð fyrir því, að um vaxtahalla sé að ræða. Þjóðfélagið hefur ákveðið það á sínum tíma, það er félagsleg ráðstöfun, að þessi lán skuli veitt með lágum vöxtum og til langs tíma, og þá hefur aldrei neinum manni komið það á óvart, að ég ætla, að þarna hlyti að koma fram munur og halli, sem yrði þá á einhvern hátt að jafna, og þetta hefur verið gert. Það hefur um langan tíma verið í lögum nokkurt ríkisframlag til þessara stofnana, að vísu minna en svo, að það hafi hrokkið til þess að greiða þennan mun, en þá hafa verið gerðar aðrar ráðstafanir. Ég man eftir því nú á þessum áratug, að hv. Alþ. hefur a. m. k. tvisvar sinnum gert allmiklar ráðstafanir af þessu tagi, þar sem lánum, sem þessir sjóðir höfðu tekið, var breytt í óafturkræf framlög á kostnað ríkisins að sjálfsögðu, til þess að staðið væri við ákvæði þessarar löggjafar, sem í öndverðu var sett um þessa starfsemi. Þess vegna eru þetta náttúrlega engar fréttir og engin nýlunda, að þarna hafi verið um halla að ræða, og menn hljóta að vera við því búnir, þeir sem vilja styðja þessa löggjöf, að bæta úr því á svipaðan hátt og áður hefur verið gert. Og það er nú svo, að fyrir Alþ. hefur legið, ég ætla um nokkra mánuði, þ. e. a. s. í hv. Ed., frv. um lausn þessa máls frá nokkrum hv. þm., en þetta frv. hefur ekki fengizt afgreitt, og er nú komið fram á síðustu daga þingsins.

Ég verð að taka undir það, sem áður hefur komið fram hér í umr. um skyld mál, að í raun og veru þarf menn ekki að furða svo mjög á því eða láta sér vaxa það svo mjög í augum, þó að ríkið þurfi öðru hverju að taka á sig nokkra byrði til þess að standa við þessa 30 ára gömlu félagsmálalöggjöf um uppbyggingu landsins, þegar litið er á þær stóru upphæðir, sem ríkið greiðir t. d. til þess að borga niður vörur í landinu, sem nú skipta hundruðum milljóna á hverju einasta ári og virðast fara vaxandi. Og ég verð að segja það, að mér finnst það eiginlega nokkuð hart, ef við treystum okkur ekki til þess nú á þessum tímum, þegar efnahagur þjóðarinnar og afkoma er þó orðin eins og hún er þrátt fyrir allt, að standa við þá löggjöf, sem hér var sett fyrir 30 árum, þegar þjóðin var miklu verr á vegi stödd en hún er nú, um að rækta upp landið og byggja það og stuðla að byggð landsins á þessu sviði. Það er ekki mikill stórhugur í því að vera að vandræðast með að standa við það, sem menn gátu staðið við á þeim tímum, sem stundum hafa verið kallaðir tímar fátæktarinnar í þessu landi. Og ég vona, að það komi ekki heldur til þess til lengdar, að ráðandi menn í landinu telji sér það ekki fært.

Ég skal svo láta máli mínu lokið um þessa till., sem hér liggur fyrir um fjáröflun til byggingarsjóða, og um afstöðu okkar þriggja minnihlutamannanna í allshn. Sþ., en mér virtist þetta vera svo stórt mál, sem hér er um að ræða, að ekki yrði hjá því komizt að láta fylgja þessu nál. nokkra grg.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Sþ., 3. júní, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. allshn. á þskj. 461 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 29:26 atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Byggingarsjóður ríkisins.

Á 1. fundi í Sþ., 23. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um ráðstafanir til fjáröflunar fyrir byggingarsjóð ríkisins [1. mál] (A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. og 15. fundi í Sþ., 3. og 10. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Sþ., 17. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Tillaga sú, sem hér um ræðir, er á þskj. 1, það er að segja, hún er fyrsta mál þessa þings. Og þar sem hún fjallar um þýðingarmikið og bráðaðkallandi mál, hefði vist mátt ætla, að hún hefði komið til umr. á fyrstu dögum þingsins í nóvembermánuði, en svo varð samt ekki. Hún fékkst þá ekki tekin á dagskrá, og svo var þingið, eins og alkunnugt er, rekið heim frá þessu svo og öllum öðrum aðkallandi málum, sem úrlausnar þingsins biðu í haust, þegar það kom saman. Till. er nú að koma til 1. umr., þegar komið er fram yfir miðjan febrúarmánuð.

Húsnæðismálastofnun ríkisins er vissulega í mikilli fjárþröng. Húsbyggjendur hundruðum saman eru stöðvaðir með íbúðabyggingar sínar, og þeir eru einnig fjöldamargir, sem eru í þann veginn að missa hálfgerðar íbúðir sökum þess, hversu biðtíminn eftir lánum frá húsnæðismálastofnuninni er orðinn langur. Fastar árlegar tekjur stofnunarinnar eru um 40 millj. kr., og hefur í engu verið úr bætt um tekjuöflun til hennar síðan á tímum vinstri stjórnarinnar. En tekjur þessarar stofnunar þyrftu að óbreyttri lánsupphæð að vera miklu meiri, það sýnir reynslan nú, a. m. k. ef takast ætti að veita öllum þeim lán, sem rétt eiga á því, eftir að íbúðir þeirra eru orðnar fokheldar, en miðað við núverandi byggingarkostnað þyrfti hámark lánanna óumdeilanlega að færast úr 100 þús., sem það nú er á íbúð, í að ég hygg um 150 þús. kr., en það eitt mundi auka lánsfjárþörf stofnunarinnar um þriðjung eða eitthvað um það bil.

Eftir að sú gífurlega gengislækkun, sem talið er að nú sé að skella yfir, er orðin, er því ekki hægt að ímynda sér annað en að flestir efnaminni menn, sem eru að byggja, verði að fá miklu hærri lán *vegna aukins byggingarkostnaðar, ef þeir ættu ekki* að stöðvast algerlega. En þá kemur að þeirri gífurlegu vaxtahækkun, sem nú er boðuð. Ef til vill verður hún ein nægileg til þess að sliga ýmsa þá, sem nú standa í byggingum, og til þess að gera öðrum ómögulegt að hefjast handa um að byggja sér íbúð.

Að öllu óbreyttu er fjárþörf húsnæðismálastofnunarinnar bæði brýn og aðkallandi, en eftir gengislækkunina verður hún í senn enn þá brýnni og jafnframt miklu stórfelldari, ef bygging íbúðarhúsnæðis á ekki að dragast stórlega saman.

En nú kynni einhver að segja, að viðhorf séu breytt í þessum efnum síðan í haust í þingbyrjun, þegar þessi till. var flutt, því að ríkisstj. hafi útvegað 15 millj. kr. til húsnæðislána. Þetta er þó mikill misskilningur, satt að visu að nafninu til, en enn þá hefur ríkisstj. samt ekki aukið lánamöguleika húsnæðismálastofnunarinnar um eyris virði á árinu 1960. Það var látið heita svo, að seðlabankinn hefði lánað húsnæðismálastofnuninni 15 millj. kr. í janúarmánuði, en sá böggull fylgdi skammrifinu, að lánið skyldi borgast upp eftir 3 mánuði, og til tryggingar skilvísri greiðslu þess var tekið veð í jafnhárri upphæð af öruggustu tekjum stofnunarinnar á árinu. Þær tekjur verða því ekki til ráðstöfunar á þessu ári, nema ríkisstj. sæi sóma sinn í því að fyrirskipa seðlabankanum að breyta þessu sýndarláni í varanlegt og venjulegt byggingarlán a. m. k. til 15 eða 20 ára og helzt lengri tíma. Svona lánsútveganir til húsnæðismála eru vægast sagt til skammar, aðeins til að sýnast, *einskis annars. Og þó voru held ég málgögn tveggja* flokka að metast um það, hvorum flokknum það væri að þakka, að seðlabankinn hefði veitt þetta þriggja mánaða byggingarlán. Ég held, að það færi bezt á því, að þeir kæmu sér saman um að skipta með sér sæmdinni af þessu alveg hnífjafnt til helminga.

Það sýnir svo enn þá betur hina taumlausu frekju og blygðunarleysi frá seðlabankans hendi, að þriggja mánaða lánið var krossbundið skilyrði um það, hverjum mætti úthluta lánum af þessari upphæð. Hvað vinnst svo við þess konar lántöku? Það eitt, að húsnæðismálastjórn gat úthlutað lánum 2—3 mánuðum fyrr á árinu en ella hefði orðið. En svo takast líka 350—400 þús. kr. af árstekjum stofnunarinnar og renna til seðlabankans sem vextir. Þetta er það, sem vinnst við þessa svokölluðu fjár-

útvegun hæstv. ríkisstj. til húsnæðismálanna enn sem komið er. Ég tel því viðhorf í engu breytt frá því, sem var, þegar ég flutti þessa till. á öndverðu þingi.

Þessu næst vil ég þá víkja beint að efni till.

Fyrsta atriðið í till. minni er um útgáfu B-flokksbréfa veðdeildarinnar, en það er aðeins framkvæmdaratriði.

Í öðrum lið till. er lagt til, að seðlabankanum verði falið að tryggja sölu á bankavaxtabréfum A- og B-flokks fyrir 40 millj. kr. samtals. Þetta getur vissulega þýtt það, að seðlabankinn sjálfur verði að láta af óhóflegri fjárfestingu sinni og kaupum á stóreignum í miðbænum og honum verði gefin fyrirmæli ríkisstj. um að verja nokkrum hluta af eigin ársgróða sínum til aðstoðar við lausn íbúðarhúsnæðismálanna. Þetta teldi ég ekki aðeins réttlátt, heldur blátt áfram sjálfsagt. Það mundi líka mælast vel fyrir, að æðsti yfirmaður seðlabankans, sem mjög hefur krafizt þess af öðrum, að dregið sé úr fjárfestingu, sýndi örlitinn lit á því sjálfur í sinni stofnun að lifa eftir kenningum sínum.

Þriðji þáttur till. er um það, að ríkisstj. leiti til stjórnar atvinnuleysistryggingganna og fái þær til að kaupa A-flokksbréf veðdeildar fyrir allt að 10 millj. kr., — eða, ef þær treystist ekki til að binda slíka fjárhæð til svo langs tíma, að fá þá nefnda upphæð hjá atvinnuleysistryggingunum í formi umsamins láns til eitthvað skemmri tíma.

Í síðasta lið till. er svo lagt til, að tekið verði 50 millj. kr. erlent lán til húsnæðismálanna. Hugmynd mín er sú, að ríkissjóður taki sjálfur slíkt lán, en endurláni það síðan byggingarsjóði ríkisins. Sjálfstfl. hefur hvað eftir annað lagt til, að tekið væri 100 millj. kr. lán erlendis til þess að ráða fram úr fjárskorti til byggingar íbúðarhúsnæðis. Minnist ég þess t. d., að núverandi hæstv. forseti Nd., Jóhann Hafstein, hefur oftar en einu sinni borið fram slíka till. Vænti ég þess því, að þessi till. um helmingi lægri upphæð fái fullan stuðning Sjálfstfl. nú.

Því miður vill það stundum brenna við hjá okkur, að lánsfé það, sem hið opinbera veitir, sem er 70—100 þús. kr. á íbúð, nægi rétt til að greiða upp gróðahluta þann, sem þeir menn taka í ýmsum tilfellum, sem fást við byggingarstarfsemi í gróðaskyni og selja síðan íbúðirnar hálfgerðar t. d., eins og oftast er, venjulega fokheldar. Þess munu ófá dæmi, að slíkir menn ætli sér 70—100 þús. kr. sem söluhagnað á íbúð. Í slíkum tilfellum stendur kaupandinn þá uppi þannig, að hann verður sjálfur að standa undir öllum byggingarkostnaðinum þrátt fyrir fengin lán, en lánsféð er horfið í gróðahlut seljandans. Slíkt sem þetta gæti naumast gerzt hjá nágrannaþjóðum okkar, sem þó veita miklu hærri lán til íbúðarhúsnæðis. Þar annast opinber byggingarfélög langmestan hluta byggingarstarfseminnar, en síðan eru íbúðirnar annaðhvort seldar eða leigðar fyrir sannvirði. Við þyrftum að minni hyggju sem allra fyrst að koma byggingarstarfseminni hjá okkur í þetta horf. Það er engan veginn viðkunnanlegt, að menn geti gert sér neyð meðbræðra sinna í húsnæðismálum að féþúfu, né heldur að opinbert lánsfé lendi í höndum braskara, en komi ekki þeim, sem eru að berjast fyrir því að eignast þak yfir höfuðið, að neinum notum. Þess vegna er það ætlun mín, að þessu erlenda lánsfé yrði varið til byggingarstarfsemi á vegum húsnæðismálastofnunarinnar sjálfrar, henni væri falið að undirbúa vandlega tæknihlið byggingarstarfsins, efniskaup o. fl., allt með tilliti til þess að geta lækkað byggingarkostnaðinn sem allra mest, en síðan væru íbúðirnar seldar eða leigðar miðað við rétt kostnaðarverð og þeir látnir sitja fyrir húsnæði í slíkum byggingum, sem verst væru á vegi staddir í húsnæðismálum. Með slíkum vinnubrögðum teldi ég fullforsvaranlegt, að tekið væri erlent lán til húsnæðismála.

Í till. felst það í heild, að húsnæðismálastofnuninni verði sem allra fyrst útvegaðar 100 millj. kr. Með því fé mætti sennilega komast langt í þá átt að veita þeim mönnum full lán, 100 þús. kr., sem fengið hafa byrjunarlán nú þegar, og ef til vill einnig að veita flestum þeim byrjunarlán, sem nú eiga fokheldar íbúðir og eru því þannig í fullum rétti um að fá lán og þurfa endilega að geta fengið lánsfé til áframhaldsins. Þá væru þessi mál komin nokkurn veginn á hreint í bili. En samt sem áður væri það verkefni óleyst að auka svo árlegar tekjur húsnæðismálastofnunarinnar, að sams konar hali myndaðist ekki á ný.

Ég skal nú láta máli mínu lokið, en ég vil undirstrika það, að það fólk, sem er að brjótast í að byggja yfir sig og sína af litlum efnum, en af ótrúlegu harðfylgi, dugnaði og seiglu, á vissulega heimtingu á, að þjóðfélagið komi því til hjálpar, og vissulega yrði því veruleg hjálp að samþykkt þessarar till., ef framkvæmd ríkisstjórnar á henni yrði með myndarbrag.

Ég legg til, að till. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal nú ekki hafa mörg orð um þessa till. eða húsnæðismálin í sambandi við flutning hennar. Það er að vísu nokkuð eftirtektarvert, að það skuli vera félmrh. vinstri stjórnarinnar, sem þarf að láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum, eftir að hann er látinn af ráðherradómi, að flytja þáltill. til leiðréttingar á því, sem vangert var í tíð vinstri stjórnarinnar, að búa þannig að húsnæðismálunum og lánamálunum í sambandi við þau, að þessi mál gætu þróazt eðlilega í okkar þjóðfélagi upp frá þeim grunni, sem lagður var með húsnæðismálalöggjöfinni árið 1955.

Ég er hv. flm. algerlega sammála um það, að á sviði þessara mála þarf mikilla úrbóta við og þau þurfa öll að takast til heildarendurskoðunar. Þegar lög um húsnæðismálastjórn voru sett 1955 og komu til framkvæmda síðari hluta þess árs, má segja, að gerð hafi verið tilraun til þess að bæta úr mjög langri vanrækslu hjá okkur í því efni, að einhver stofnun væri til, sem annaðist almenn veðlán til íbúðabygginga. Það var að vísu svo, að veðdeild Landsbankans var orðin nokkuð gömul á þessum tíma, var stofnuð um aldamótin, og hafði oft og einatt sinnt sínu verkefni, en var löngu orðin úrelt og vanrækt á þessum tíma, svo að hún kom að litlu gagni í sambandi við byggingarlánin.

Að sjálfsögðu mátti mönnum vera ljóst, að þegar stofnað er almennt veðlánakerfi, eins og gert

var með l. frá því í maímánuði 1955, þá var þar aðeins um byrjun að ræða. En ef vel hefði verið á haldið, mátti vænta þess, að þetta veðlánakerfi ætti fyrir sér að eflast og innan stundar að vera þess umkomið að sinna því mikla hlutverki, sem því var ætlað, þó að það á fyrstu dögum sínum væri ekki bært um það. Því miður hefur ekki farið svo. Vinstri stjórnin flutti brtt. á þessum lögum að vísu á sínum tíma. Þær hafa kannske átt að vera til einhverrar úrbótar, þær brtt., nokkur ný tekjuöflun fólst í þeim, en að öðru leyti var þessi nýja löggjöf mestmegnis út í hött. Það var illa til hennar vandað. Hún var mesta flýtisverk og hálfgerð vandræði með afgreiðslu hennar hér í þinginu. Við fá stjfrv. hefur verið fluttur annar eins sandur af brtt., sem staðfesti og sýndi, hversu þetta var illa undirbúið af þáv. hæstv. félmrh., þeim sem nú er flm. þessarar þáltill., sem hér liggur fyrir.

Nú er haft á orði af hv. flm., að ekki sé gott í efni með ástand þessara mála eins og er, og er ég honum, eins og ég sagði áðan, alveg sammála um það, og mikil þörf er að bæta úr, og enn fremur er það tekið fram, að óvænlegra sé þó fram undan, m. a., eins og hv. þm. komst að orði, vegna hinnar væntanlegu gengislækkunar, sem mun nú leiða til þess, að bæði verði erfiðara og dýrara fyrir fólk að byggja en áður og mundi, að því er manni skildist, verða til þess kannske að girða fyrir allar frekari framkvæmdir í þessu mikilvæga máli. En við skulum nú athuga gang þessara mála svolítið nánar.

Það er þá þess að minnast, að eftir 1950, við gengisbreytinguna, sem þá varð, og þegar áhrif hennar fóru verulega að koma í ljós, skapaðist hér í þjóðfélaginu jafnvægi í efnahagsmálum með þeim hætti, að verðlag var stöðugt frá árinu 1952 og allt fram í maímánuð 1955 og vísitalan hreyfðist ekki neitt. Og fyrir þessi áhrif gengislækkunarinnar og annarra ráðstafana í sambandi við hana 1950 hófst hér sparifjármyndun í landinu, sem engin hafði verið á árunum áður eða sáralítil, þannig að frá árinu 1952 og fram til 1955, til ársloka, fór nærri, að sparifjármyndunin tvöfaldaðist í landinu, og ef ég man rétt, munu hafa safnazt á þessum árum í aukningu sparifjár um 600 millj. kr. Og það var þessi nýja og mikla eignamyndun í landinu, sparifjársöfnun, sem m. a. stafaði af hinu stöðuga verðlagi og áhrifum þeirra ráðstafana, sem gerðar voru 1950, sem var grundvöllurinn að því, að húsnæðismálalöggjöfin var sett 1955. Páv. ríkisstj. undir forsæti Ólafs Thors, núv. hæstv. forsrh., átti um það viðræður við bankana á þessum árum og þeir síðan fyrir hönd ríkisstj. við sparisjóðina einnig, en þó var sérstaklega farið fram á, að bankarnir tryggðu, að lagt yrði fram af þeirra hálfu ákveðið fjármagn til hins nýja almenna veðlánakerfis. Bankarnir tóku þessar skuldbindingar á sínar herðar þá, og sú mikla sparifjármyndun, sem þá átti sér stað og gerði þeim þetta mögulegt, var líka grundvöllurinn undir því, að hægt var að gera 10 ára rafvæðingaráætlunina, sem samið var um, þegar stjórnarmyndunin fór fram 1953 undir forsæti sama forsrh. Bankarnir höfðu hins vegar í sambandi við húsnæðismálalánin á þann fyrirvara, að þeim væri þetta eingöngu kleift vegna hinnar miklu sparifjáraukningar og yrðu að hafa fyrirvara á framhaldi lánanna, ef hún héldi ekki áfram í jafnríkum mæli, þar sem höfuðverkefni þeirra og skylda skv. löggjöfinni, er þeir störfuðu eftir, væri að sinna rekstrarlánsþörf atvinnuveganna.

Eftir þetta lögðu bankarnir mikið fé af mörkum til húsnæðismálanna og einnig til rafvæðingarinnar og hafa lagt fram til dagsins í dag, til þess að hægt væri að framkvæma þessa rafvæðingaráætlun, 10 ára áætlun um rafvæðingu í byggðum landsins.

En það fór nú samt sem áður þannig, að vinstri stjórnin hafði ekki setið lengi að völdum, þegar tók fyrir, að bankarnir teldu sér fært að leggja fram fé til byggingarlánanna, og það var ekki af neinum illvilja sjálfstæðismanna eða neinna í bankastofnunum landsins. Vinstri stjórnin hafði tryggt sér, að svo miklu leyti sem hún þurfti á að halda, full pólitísk yfirráð í öllum bankaráðum bankanna og nægan fjölda bankastjóra sömuleiðis, en samt varð enginn ágreiningur um það innan bankanna, þó að þannig væri um búið, að þeir sæju sig tilneydda að hætta að kaupa bréf byggingarsjóðs eða veðdeildar Landsbankans, eða m. ö. o. að leggja, eins og um hafði verið talað, af mörkum fé til íbúðabygginganna. Um þetta varð enginn ágreiningur, eins og ég sagði, og það var vegna þess, að fé var ekki lengur fyrir hendi. Forsenda þess, sparifjármyndunin, sparifjáraukningin í landinu, hafði brostið eftir það mikla jafnvægisleysi, sem skapaðist hér eftir árið 1955 og mönnum er kunnugt og mjög hefur verið um rætt nú t. d. í sambandi við efnahagsumræðurnar og fyrr og síðar. Það er enginn vafi á því, að við verðum að gera okkur ljóst, Íslendingar, að höfuðundirstaðan undir lánveitingum til íbúðabygginga í landinu hlýtur að vera sparifjármyndunin í landinu sjálfu, aukning sparifjárins á hverjum tíma. Hitt er svo rétt, að þær kringumstæður geta verið, að rétt sé og forsvaranlegt að taka erlend lán til íbúðabygginga. En þær aðstæður eru ekki ævinlega fyrir hendi. Þær voru fyrir hendi, þegar Jón heitinn Þorláksson beitti sér fyrir því að taka erlend lán til þess að hressa upp á veðdeildina á sínum tíma, 1926—27, sem urðu einmitt mikil lyftistöng fyrir veðdeildina þá og íslenzka þjóðfélagið hefur ekki haft neina byrði af á seinni árum, og mun mestallt vera greitt nú. Þessi skilyrði voru líka fyrir hendi, þegar ég flutti hér árið 1950 fyrst till. í þinginu um það að heimila veðdeildinni að taka erlend lán til þess að verja til íbúðabygginga á sama hátt og verið hafði í tíð Jóns heitins Þorlákssonar á sínum tíma. Greiðslubyrði þjóðarinnar af erlendum lánum var þá ekki nema 2—3% af gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, en eins og greinilega hefur komið fram í umr. hér að undanförnu um efnahagsmálin, er þessum málum á allt annan veg fyrir komið nú og greiðslubyrðin orðin áhyggjuefni, þannig að þar sé lítt á bætandi. En þar við bætist einnig, að engin skilyrði eða mjög takmörkuð skilyrði munu vera til erlendra lánsútvegana í þessu skyni, nema við Íslendingar komum skaplegu lagi á okkar efnahagsmál, en fljótum ekki sofandi að feigðarósi, svo sem gert hefur verið að undanförnu.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, ætla

ég ekki að stofna til af minni hálfu neinna frekari umræðna um þessi mál nú, en vildi láta þessar aths. fram koma. Það er auðvitað alveg höfuðnauðsyn að taka þessi mál nú til endurskoðunar. Og mín skoðun er sú, að endurskoða þurfi löggjöfina sjálfa, húsnæðismálalöggjöfina frá 1955 með síðari breyt., sem á henni hafa orðið, taka til rækilegrar athugunar þróun málanna frá þeim tíma, þegar til þessarar löggjafar var stofnað, og athuga, hvernig hægt er úr að bæta. Byggingar hafa verið ótrúlega miklar á þessum tíma, enda þótt lánsfé hafi verið af skornum skammti. Þannig liggja fyrir um það skýrslur t. d. hér í Reykjavík, að á undanförnum árum og á síðasta ári hefur verið byggt fyrir miklu meiri fjölda fólks en fólksfjölguninni nemur, þannig að á hverju ári er verulega verið að útrýma þeim húsnæðisskorti og þeirri húsnæðiseklu, sem skapaðist hér upp úr stríðsárunum og með þeim tilflutningum í efnahagslífi þjóðarinnar og tilflutningum á fólki, sem áttu sér stað upp úr síðustu styrjöld. Það er enginn vafi á því, að það er langt komið að bæta úr húsnæðiseklunni og sérstaklega hefði verið hægt að gera mjög veruleg átök í því efni, ef stuðlað hefði verið að því, að hægt hefði verið að ljúka með eðlilegum hraða þeim fjöldamörgu byggingum, sem á hverjum tíma hafa verið í smíðum. Það hafa oftast verið hér um 1800 fokheldar íbúðir í Reykjavík einni á undanförnum árum um hver áramót, sem er algerlega óeðlilegt, og vegna hinna margvíslegu erfiðleika á lánamarkaðnum hefur það tekið mörg ár að ljúka þessum byggingum. Það hefur bæði dregið úr, að hægt væri að koma í veg fyrir húsnæðisskortinn, og verið ákaflega fjárhagslega erfitt þjóðhagslega séð, að byggingarnar væru svo lengi í smíðum. Ekki aðeins fyrir einstaklingana hefur það verið mikil byrði, heldur einnig fyrir þjóðina í heild. Það er svo rétt, að lítið hefur verið gert að undanförnu og að mínum dómi of lítið til þess að reyna þó að minnsta kosti að bæta úr sárustu vandræðunum í bili.

Núv. hæstv. ríkisstj. mun hafa átt hlut að því, að seðlabankinn lánaði nokkurt fé til húsnæðismálastjórnarinnar eða byggingarsjóðs ríkisins, eins og hv. flm. vék að. Hann hafði um þessa lánveitingu, þar sem hún á að greiðast af tekjum byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári, þau orð, að svona lánsútveganir til húsnæðismála væru aðeins sýndarlán til skammar og þaðan af verri. Þetta eru sams konar lánveitingar og þessi hv. þm. hældi sér hvað mest af um áramótin 1957—58. Ég held það hafi verið eina afrekið fyrir bæjar- og sveitarstjórnarkosningarnar þá í þessum málum að fá lánað hjá seðlabankanum með þeim skilyrðum, að lánið yrði endurgreitt aftur af þeim tekjum, sem til byggingarsjóðs ríkisins féllu á árinu 1958. Það þótti þægilegt þá í mánuðinum fyrir bæjarstjórnarkosningarnar að úthluta þessum lánum, en það var alveg látið liggja í láginni, að lánsfé, sem þannig var fengið, var bara verið að taka fyrir fram af því, sem byggingarsjóðurinn hefði síðar á árinu fengið. Ég veit ekki, hvort hv. flutningsmann brestur minni til, hvernig þetta var í pottinn búið, en nákvæmlega sama var um að ræða og það bráðabirgðalán, sem hér hefur verið fengið og er í sjálfu sér alls ekki neitt til að miklast af, en hefur þó sennilega að einhverju leyti stuðlað að því að bæta til bráðabirgða úr þeirri miklu neyð, sem hér er fyrir hendi.

Ég skal svo láta máli mínu lokið, en vildi láta þessar hugleiðingar koma fram, en tel hins vegar, að það sé óhjákvæmilegt að taka þetta mál í heild til miklu róttækari og gagngerðari endurskoðunar en um er að ræða í þessari þáltill. og þá fyrst og fremst með því að taka húsnæðismálalöggjöfina alla til rækilegrar endurskoðunar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. vék að því, að það væri athyglisvert, að það væri fyrrv. félmrh., sem nú bæri fram till. í húsnæðismálum, og virtist það vera eitthvað furðulegt fyrir honum. Ég álít, að einmitt með tilliti til þess, að ég gegndi því starfi áður, þá sé ekki óeðlilegt, að ég leiði hugann enn sem fyrr að húsnæðismálum og ástandi þeirra og beri fram till. til úrbóta, eins og málin blasa við nú, og það hef ég gert. Þetta tel ég, a. m. k. frá mínu sjónarmiði, vera mjög eðlilegt. Og hvernig er viðhorfið nú? Það er þetta, að á ævidögum fyrrv. ríkisstj., sem Sjálfstfl. var yfirstjórnandi í, þótt ekki ætti hann neinn ráðh. í ráðherrastóli, var ekki útvegaður einn eyrir til húsnæðismála. Og það, sem liðið er, síðan núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, hefur ekkert verið gert annað en útvegun þessa sýndarláns, sem ég nefndi svo og ég hygg að flestir muni telja réttnefni, þegar útvegaðar eru að nafninu til 15 millj. kr., sem elga að borgast af árstekjum stofnunarinnar, sem menn látast vera að hjálpa. Og afleiðingin er ekkert annað en sú, að það verður hægt að afgreiða úr umsóknabunkanum 2—3 mánuðum fyrr nokkuð af umsóknum, en það kostar 300—400 þús. kr. í aukna vexti af tekjum stofnunarinnar á árinu. Það er vafasamt, hvort menn vilja meta þetta til hagræðis eða ekki í húsnæðismálum.

Hv. 5. þm. Reykv. taldi, að það væri von, að í óefni væri komið, vegna þess að hinu ágæta veðlánakerfi, sem hefði verið komið hér upp á fyrri stjórnarárum Ólafs Thors, núverandi hæstv. forsrh., hefði öllu verið umturnað og öllu spillt með húsnæðismálalöggjöfinni, sem vinstri stj. setti. Sannleikur þessa máls er sá, að þær litlu tekjur, sem veðlánakerfinu voru tryggðar, eru allar áframhaldandi tryggðar húsnæðismálastofnun og byggingarsjóði ríkisins, svo miklar sem þær voru, en það voru einkum tekjurnar af innkomandi smáíbúðalánum og ekki stór peningur. En þetta voru þær einustu föstu tekjur, sem húsnæðismálunum voru tryggðar, þegar ríkisstj. tók við völdum 1956. Bætti vinstri stj. nokkuð úr með lagasetningunni um byggingarsjóð ríkisins. Byggingarsjóði ríkisins voru tryggðar nær 130 millj. kr. sem stofnfé. Árlegur tekjuliður skyldu vera hjá húsnæðismálastofnuninni og byggingarsjóði tekjurnar af smáíbúðalánunum. 1% af tolltekjum ríkissjóðs skyldi renna til húsnæðismálanna og hefur gert það síðan. Hv. þm. getur metið það sem mínus eða plús, eftir því sem hann litur á þessi mál. En enn fremur var svo skyldusparnaðurinn lögfestur, og hann hefur gefið, síðan hann var lögfestur, um 20 millj. kr. nettó á ári og myndar þannig nú um helminginn af þeim tekjum, sem húsnæðismálin njóta. Og enn

fremur var svo ákveðið, að ⅔ hlutar af stóreignaskattinum skyldu falla til húsnæðismálanna, og var það næsta eðlilegt. Það var verið að skattleggja þá menn, sem höfðu auðgazt á verðbólgunni, á fasteignum fyrst og fremst, og þeir skyldu láta nokkuð af þessum gróða til aðstoðar við það fólk, sem væri að brjótast í að byggja yfir sig.

Með þessu hef ég nefnt aðalþættina í þeirri tekjuöflun, sem húsnæðismálunum var tryggð sem varanlegar, áframhaldandi árlegar tekjur, og hika ég ekkert við að fullyrða, að það, sem gerzt hefur í húsnæðismálunum síðan, er þó einkum að þakka því, að þessu fasta kerfi var komið á og húsnæðismálunum tryggðir fastir tekjustofnar.

Hitt er svo annað mál, að það hefur komið í ljós, að þetta var ekki nóg, þarna hefði þurft við að bæta. En það er auðveldara að styðja en reisa. Það var minna verkefni að bæta þarna úr, og það hefði átt að gerast á dögum ríkisstj. Emils Jónssonar og Alþfl., og þá, úr því að það var ekki gert, átti þetta auðvitað að vera eitt af fyrstu verkefnum hæstv. núverandi ríkisstj., um það er ekki hægt að deila.

Þá vék hv. 5. þm. Reykv. að því, að það hefði verið á vissum tímum áður réttlætanlegt að taka erlend lán til húsnæðismála. Svo hefði verið 1927, þegar Jón Þorláksson efldi veðdeildina, og það hefði líka verið 1950, þegar hann hefði borið fram till. um erlendar lántökur vegna húsnæðismála. En hví nefndi hv. þm. ekki líka 1957? Þá bar hann einnig fram till. um 100 millj. kr. lántöku erlendis til húsnæðismála, og hvað er breytt síðan? Þá hélt hv. þm. því líka fram eins og nú, að á árinu 1957 væri tekið fyrir allan vöxt sparifjár. En skýrslur Landsbankans sýndu annað, færðar á sama hátt og verið hafði. Það var áframhaldandi vöxtur sparisjóðsinnstæðna þá, og svo hefur lengstum verið, þó að það hafi verið breytilegt. Ég held, að ef það hefði verið rétt að taka 100 millj. kr. erlent lán til húsnæðismálanna 1957, sé það rétt nú 1960, a. m. k. þegar ekki er um að ræða annað en að taka helmingi lægra lán, 50 millj. kr. lán. Það, sem hefur breytzt síðan, er það, að þá var hv. 5. þm. Reykv. í stjórnarandstöðu, nú er hann í stjórnaraðstöðu. Nú mælir hann gegn því, sem hann þá lagði til. Þörfin er brýn nú, og það var hún þá einnig. En ætti ekki læknandi máttur gengislækkunarinnar nú að gera það að sjálfsögðum hlut, að það væri ekkert áhættusamt að taka erlent lán? Væri kannske ekki hægt að klípa þetta af 800 millj. kr. lántökunni, sem heitin er? Væri það nokkurt glapræði að fá að verja 50 millj. af henni til húsnæðismála? Fólk þarf að hafa þak yfir höfuðið í þessu kalda landi, það skilja þeir jafnvel suður í París, vænti ég, kannske í Washington líka.

Sem sé, hv. þm. ræddi um húsnæðismálin á þeim grundvelli, að þær tekjuaflanir, sem vinstri stj. stóð að og nú bera uppi þær 40 millj., sem húsnæðismálastofnunin hefur nú sem fastar tekjur, það fannst honum allt til hins verra. Erlendu lántökurnar taldi hann alveg ómögulegar, af því að nú væri tekið fyrir allan vöxt sparifjár. Með gengislækkuninni ætti þetta líklega að vera læknað, við ættum að vera komnir á það stig nú, að nú væri þetta sjálfsagt, nú væri hinn vaxandi sparnaður fram undan og auknar sparifjárinnstæður vissar. Mér virðist því, að tíminn ætti að vera alveg út frá hans sjónarmiðum tilvalinn til þess að taka nú erlent lán.

Að lokum gerðist svo hv. þm. sanngjarnari en hann hafði verið í upphafi ræðu sinnar og játaði, að það væri rétt, að lítið hefði verið gert að útvegun fjár í húsnæðismálum að undanförnu. Og það er sannarlega lítið, það er eingöngu þessi 15 millj. kr. útvegun til þriggja mánaða með veði í árstekjum stofnunarinnar sjálfrar, og það er sannarlega of lítið.

Ég hafði verið að gera mér vonir um það, að ástæðan til þess, að þessari till. hefði verið hægt frá umr. fund eftir fund, eftir að þing kom saman aftur, tekin út af dagskrá núna tvívegis, væri kannske sú, að ríkisstj. væri með fjárútvegun í burðarliðnum og gæti tilkynnt það, þegar till. loks kæmi til umræðu, að nú væri búið að kría t. d. út úr atvinnuleysistryggingunum 15 eða 20 millj., því að það hef ég heyrt haft við orð að stæði til. En sá gleðiboðskapur hefur ekki mætt mér enn, og harma ég það. En ég harma einnig, að menn, sem áður hafa mælt með erlendri lántöku til þess að bæta úr fjárskorti í húsnæðismálunum, skuli nú gerast til þess að mæla gegn því, því að á því átti ég ekki von. Ég hafði vonað, að áhugi þessara manna í húsnæðismálum entist, þó að þeir væru komnir í stjórnaraðstöðu.

Jón Skaftason: Herra forseti. Á s. l. ári var úthlutað úr byggingarsjóði ríkisins rúmlega 30 millj. kr. til íbúðalána. Var það langtum minni úthlutun en gerzt hafði næstu árin þar á undan, og vil ég sem dæmi nefna, að á árinu 1956 úthlutaði hlutaðeigandi stofnun tæpum 63 millj. kr. Fyrrv. ríkisstj., ríkisstj. Alþfl., hafði lofað, að hún skyldi vinna að því að auka útlán til húsabygginga, en hún stóð ekki betur við það loforð en þær upplýsingar, sem ég var nú að gefa, bera órækt vitni um.

Ég tel, að það geti ekki verið neitt vafamál, að af þeirri löggjöf, sem sett hefur verið um aðstoð við íbúðarhúsabyggjendur, en þær eru þrjár, í fyrsta lagi löggjöfin um lán til smáíbúða frá árinu 1952, löggjöfin frá 1955 um húsnæðismálastjórn og seinast löggjöf vinstri stjórnarinnar frá 1957 um byggingarsjóð ríkisins o. fl., — að af þessum löggjöfum sé sú síðasta langmerkust. Þá er í fyrsta skipti gerð tilraun til þess að stofna til verulegrar sjóðmyndunar, sem húsbyggjendur geti átt kost á að fá lán úr. Hv. 4. landsk. (HV) upplýsti hér áðan, að stofnfé húsnæðismálasjóðs hefði verið um 120 eða 130 millj. kr. Auk þess voru byggingarsjóðnum tryggðar tekjur, sem gáfu árlega um 40 millj. kr., og taldi hv. 4. landsk. upp tvo stærstu tekjuliði hans, sem eru tekjur af skyldusparnaði og gefa um helming af tekjum byggingarsjóðsins, eða 20 millj. kr. á ári, og svo tekjur af skatti á stóreignir, sem átti að gefa um ¼ hluta af tekjum byggingarsjóðsins, eða um 10 millj. kr. á ári. Nú vil ég vekja athygli hv. alþm. á því, að stóreignaskatturinn, sem upphaflega nam tæpum 140 millj. kr., er núna kominn niður í, að ég held, um 70 millj. kr., eða hefur lækkað um fast að því helming, og engan veginn er enn þá séð fyrir endann á því, hvort þarna verður um nokkurn tekjustofn að ræða fyrir byggingarsjóð ríkisins.

Það er því sýnt, að nú eru tvennir hlutir að gerast samtímis: í fyrsta lagi, að þeir tekjustofnar, sem byggingarsjóðurinn byggði upphaflega á og byggir á enn í dag, eru að bregðast að mjög verulegu leyti, og í öðru lagi er það að gerast, að byggingarkostnaður í landinu er vegna væntanlegra efnahagsráðstafana ríkisstj. að hækka verulega. Það er sagt í grg. fyrir efnahagsmálafrv., að byggingarkostnaður muni hækka um 11%. Ég hygg, að reynslan muni vera sú, að 15% væri nær lagi, og er þó reiknað með því, að vinnulaunakostnaðurinn við húsbyggingar standi óbreyttur og hreyfist ekkert. En hver þorir að ábyrgjast, að svo verði?

Það er svo um fólk, sem er að byggja yfir sig íbúðarhús, að það hefur verið miklu verr sett um lánamöguleika en nokkrir aðrir menn í landinu, sem ráðast í fjárfestingarframkvæmdir, bæði þeir, sem ráðast í fjárfestingu við sjávarútveginn, í landbúnaðinum og jafnvel í iðnaðinum. Þeir eiga aðgang að sínum stofnlánasjóðum, sem hafa veitt lán til nokkuð langs tíma með hagkvæmum vöxtum. Íbúðarhúsabyggjendur hafa ekki átt í annan stað að venda en til húsnæðismálastjórnar, og ef sá möguleiki lokast fyrir þeim, hafa þeir ekki í annað hús að venda en að leita til bankanna um víxillán til mjög stutts tíma, og nú liggur það í loftinu, að víxilvextir eigi að hækka a. m. k. upp í 12 eða 13%. Þá er spurningin þessi: Hvað hugsa hv. alþm. sér að gera til þess að koma á móti þessu fólki og létta því erfiðleikana, sem auðsjáanlega munu verða mörgum um megn? Það er fyllsta hætta á, að menn, sem standa núna í miðjum klíðum með byggingar yfir sig og sína, hreinlega missi hús sín, að maður tali ekki um fólk, sem á eftir að byggja. Það hlýtur að fresta því allflest að ráðast í byggingarframkvæmdir.

Ég tel því, að till. sú, sem hér er til umr., og eins till., sem við hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) höfum flutt, eigi hinn fyllsta rétt á sér og að á fáum sviðum sé brýnna verkefni en að útvega eitthvert fé í byggingarsjóð ríkisins. Hæstv. ríkisstj. hefur lofað að útvega fé í þessu augnamiði, og ekki er ástæða til þess að vefengja enn þá, að hún standi við það loforð. Menn eru dálítið kvíðafullir og treysta kannske þessu loforði varlega, miðað við, að svipað loforð, sem Alþýðuflokksstjórnin gaf á s. l. ári, var algerlega vanefnt, og skeði það þá í fyrsta skipti, sem ekki hefur gerzt í mörg ár, að á s. l. ári var aðeins ein úthlutun úr byggingarsjóði ríkisins í stað þess, að þær hafa alltaf verið tvær áður.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, ætla ég ekki að hefja neinn eldhúsdag um frammistöðu vinstri stjórnarinnar eða annarra stjórna í húsnæðismálum á þessum vettvangi. En það sagði ég ekki síðast í minni ræðu, eins og fram kom hjá hv. 4. landsk. (HV), að ég væri sammála um, að hér væri mikilla aðgerða þörf, heldur sagði ég það bæði fyrst og síðast í ræðu minni og endurtek það. Hér þarf mikið að vinna til þess að ráða bót á margvíslegri vanrækslu og mistökum á undanförnum árum, en ekkert síður — nema þvert á móti — í tíð vinstri stjórnarinnar en annarra stjórna eða stjórnar Alþfl. á s. l. ári. Ég tók einmitt fram, að það hefði verið lítið að gert í þessum málum og ég teldi hér mikilla úrbóta þörf, þ. á m. heildarendurskoðunar á húsnæðismálalöggjöfinni frá 1955 og þeirri reynslu, sem fengizt hefði af þessu síðar.

Í meginatriðum höfum við, að því er sýnist vera, ólík viðhorf til þessa máls, hv. 4. landsk. og ég, að því leyti, að honum þykir ástæða til að tíunda einstök atriði, hvað hafi verið gert á þessum og þessum tíma til þess að afla byggingarsjóði ríkisins tekna, stundum til bráðabirgða og stundum sýndarlán, eins og hann talaði um sjálfur og hann tók um áramótin 1957 og 1958 og kallar nú skammarlán og þaðan af verra. En mín skoðun er sú, að þegar búið er einu sinni að leggja grundvöll að löggjöf eins og þessari, eigi að búa þannig um hnútana, að veðlánastofnun geti sjálf eflzt, ef ekki verður gerbreyting á efnahagskerfi og efnahagslífi þjóðfélagsins, sem kippir grundvellinum undan henni, eins og að verulegu leyti átti sér stað við þá minnkun á sparifjáraukningunni, þó að sparifjáraukning hafi nokkur verið, sem varð upp úr því, að vinstri stjórnin settist hér að völdum, og leiddi af því óstöðuga verðlagi eðlilega, sem alltaf mun leiða af óstöðugu verðlagi í þjóðfélaginu, eins og þá var og bæði greiðsluhalla og umbrotum á efnahagssviðinu. Þess vegna er það svo, þegar hv. 4. þm. Reykn. (JSk) minnist hér á byggingarsjóð ríkisins eða almenna veðlánakerfið, og skal ég vikja svolítið nánar að skilgreiningunni á þessum tveimur hugtökum, þá segir hann, að árið 1956 hafi 63 millj. kr. verið veittar að láni úr hinu almenna veðlánakerfi. Veðlánakerfið tók til starfa í nóvembermánuði 1955, starfar tvo mánuði ársins 1955, 1956 er fyrsta heila árið, og vinstri stjórnin tekur við eftir mitt ár 1956 og leggur ekkert af mörkum til þeirra lánveitinga, sem fram fóru á því ári, nema það, sem fram kom. Hygg ég, að ég muni það rétt. Það er ekki fyrr en í lok ársins 1956 og 1957 og um áramótin 1957 og 1958, sem bráðabirgðalán eru tekin af hálfu stjórnarinnar og nokkrar tekjur koma af ráðstöfunum, sem gerðar voru með breyt. á löggjöfinni 1957. En þetta fyrsta heila ár er sem sagt úthlutað að láni 63 millj. kr. Hvernig stóð þá á því, að þetta minnkaði í tíð vinstri stjórnarinnar, sem bæði nú og endranær hefur hælzt af afrekum sínum í þessu efni, hún hafi útvegað svo og svo mikla sjóði? Það er rétt, það komu nýir tekjustofnar, eins og gjaldið af aðflutningnum og skyldusparnaðinum, sem var þó mjög umdeildur og þurfti sannarlega að endurskoðast mjög rækilega, — það komu nýir tekjustofnar, en það brugðust aðrir tekjustofnar á móti. Það brugðust, eins og ég sagði áðan, milljónir og tugmilljónir kr., sem bankarnir höfðu lagt í þetta kerfi, vegna þess að það var kippt fótunum undan hinni öru aukningu á sparifjármynduninni í landinu, og þessar millj. brugðust ekki vegna þess, að einhverjir vondir bankastjórar eða bankaráð, stjórnarandstæðingar, vildu ekki veita þessi lán. Þvert á móti, eins og ég benti á, var þessi geta ekki fyrir hendi. Hérna álít ég að séu höfuðmeinsemdirnar í því, að það var með óskynsamlegum fjármálaráðstöfunum og efnahagsstarfsemi í tíð vinstri stjórnarinnar kippt grundvellinum undan því, að ungt og nýbyrjað veðlánakerfi til íbúðabygginga gæti af sjálfu sér haldið áfram, eins og það eðli málsins samkv. ætti að gera, þar sem

fjármálastarfsemin er heilbrigð í þjóðfélaginu, að vinda upp á sig og efla sig og styrkja sig, og þess vegna er að mínum dómi meginatriðið á hverjum tíma ekki það, hvort hægt sé með þáltill. að örva til einhverra framkvæmda eða með bráðabirgðabreytingum á lögum að fá núna einhverjar tekjur hér og nokkrar tekjur þar, heldur að lagður sé sá heilbrigði grundvöllur undir slíka veðlánastarfsemi, að henni séu tryggðar áframhaldandi tekjur, sem nauðsynlegar eru. Nú voru, eins og ég sagði áður, nokkrar nýjar tekjur tryggðar af vinstri stjórninni, en ekki nægilega miklar og ekki einu sinni til þess að vega á móti því, sem tapaðist á öðrum sviðum.

Ég skal ekki fara að deila eða munnhöggvast við hv. þm. um það, hvað hafi verið merkilegustu átökin á sviði húsnæðismálanna, en hv. 4. þm. Reykn. talaði um þrjá áfanga. Það voru smáíbúðalánin og það var húsnæðismálalöggjöfin 1955 og svo breyt. vinstri stjórnarinnar 1957, og sagði hann, að þá hefðu verið langmerkustu átökin gerð, af því að þá fyrst hefði verið stofnað til sjóðmyndunar. Sjóðmyndunin var sú, að í staðinn fyrir, að í löggjöfinni hét það hið almenna lánakerfi, var það látið heita byggingarsjóður ríkisins. Eignir almenna lánakerfisins urðu eignir byggingarsjóðs ríkisins. Öðruvísi var ekki þessi sjóður stofnaður. Það var ekki stofnfé, sem lagt var þarna af mörkum, þessar 120—130 millj. kr., af vinstri stjórninni, heldur voru það bara eignir almenna veðlánakerfisins, sem sagt var að skyldu verða eignir svokallaðs byggingarsjóðs ríkisins. Hvort mönnum finnst eðlilegra og skemmtilegra að kalla þetta byggingarsjóð ríkisins eða hið almenna veðlánakerfi, eins og það var orðað í löggjöfinni, er auðvitað algert formsatriði, og menn geta haft mismunandi skoðanir á því, en það skiptir í sjálfu sér engu máli í þessu sambandi. Og nú eru, sagði líka hv. 4. þm. Reykn., að bregðast tekjustofnar vinstri stjórnarinnar. Ja, þeir eru þá ekki haldbetri en það. En vegna hvers er stóreignaskatturinn sem tekjustofn að bregðast? Hver á sökina á því? Er það ekki vegna þess, að sú löggjöf hafi frá upphafi verið með þeim vankönturn, að hún standist ekki í framkvæmdinni nema allt öðruvísi en til var stofnað eða ráðgert var af þeim, sem stofnuðu til hennar? Það er þess vegna ágætt að telja sér til gildis 1957 eða 1958 að hafa útvegað byggingarsjóði svo og svo miklar tekjur af stóreignaskatti, en það kemur svo í ljós, að þessar tekjur eru ekki fyrir hendi, m. ö. o., svona er óvisst og illa til stofnað sumra þeirra tekna, sem til þessara mála hafa verið ætlaðar.

Ég vil svo aðeins víkja að einu atriði, sem skiptir í sjálfu sér ekki mjög miklu máli. Hv. 4. landsk. sagði, að ég hefði nefnt till., sem ég hefði flutt 1950 um að taka erlent lán, og aðstaðan hefði verið önnur þá, en hví ég hefði ekki nefnt till. mínar frá 1957. Ja, það var nú ekki af neinu sérstöku. Ég held, að ég hafi margoft á þessum árum frá 1950—57 flutt tillögur um þetta, og það má alveg eins miða við aðstöðuna 1957 að vissu leyti eins og 1950. Þegar ég flutti mína till., var mjög lítið farið að gæta hinna hvimleiðu áhrifa vinstri stjórnarinnar á efnahagslífið í landinu, og greiðslubyrðin á þessu ári, miðað við gjaldeyristekjur þjóðarinnar, mun hafa verið eitthvað 3—4%, sem engum blöskrar. En það, sem hefur skeð frá 1957 einmitt í sambandi við það, hversu eðlilegt eða auðvelt sé að taka slíkt lán, er það, að greiðslubyrðin hefur stöðugt vaxið, upp í 5% 1958 og upp í 9% 1959, á s. l. ári, og er enn þá vaxandi sem afleiðing af þeim greiðsluhalla, sem vinstri stjórnin stofnaði til.

Ég sagði hvergi í minni fyrri ræðu, að ég væri algerlega á móti því, að tekið væri erlent lán til íbúðabygginga, eins og 4. landsk. vék svo að í sinni ræðu, það sagði ég hvergi. En ég vildi skilgreina, hver eðlismunur væri á að leggja til erlenda lántöku áður, þegar ég hefði gert það, og þeirri aðstöðu, sem væri til þess nú, og vék einnig að möguleikunum á því, sem kynnu að vera fyrir hendi, að hægt væri að fá það erlenda lán, sem ástæða var þó til að ætla áður að hægt væri að fá. Í þessu felst alls ekki neitt af minni hálfu um það, að ég sé því algerlega mótfallinn, ef takast megi að fá eitthvert erlent lán. Og ef málum okkar skipast eitthvað betur í framtíðinni en verið hefur að undanförnu, verður einhverju af því erlenda fé varið til byggingarsjóðs ríkisins, og vil ég taka þetta fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning.

Ég lýk svo máli mínu með því sama sem ég hef áður sagt, að mér er fyllilega ljóst, að hér þarf mikilla úrbóta við og gagngerra, og vissulega hefur núv. hæstv. ríkisstj. tekið á sig skuldbindingar í því efni, eins og vitnað hefur verið til, og verður að ætla, að hún láti það ekki undir höfuð leggjast, en beiti sér einmitt að endurskoðun þessara mála eins og svo margra annarra. En hitt er svo annað mál, að menn verða að gera sér grein fyrir því, að það verður ekki allt gert í einu og hæstv. ríkisstj. hefur haft nokkuð mörgum hnöppum að hneppa að undanförnu. Og það mætti einnig segja mér, að það, hvernig ræðst fram úr með efnahagsmálatillögur hennar, geti verið og sé í sjálfu sér undirstaðan og grundvöllurinn undir því, hvað hægt sé að gera til úrbóta á þessum sviðum eins og svo mörgum öðrum.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér mjög í þær umr., sem hér fara fram, og ekki í þann meting, sem er á milli þeirra aðila, sem hér hafa talað um það, hver hafi mestu til vegar komið í þessu efni.

Þetta mál, sem hér er til umr., er mikið vandamál. Það er alveg augljóst, að það skapast alveg ný viðhorf í því máli vegna fyrirhugaðra efnahagsaðgerða ríkisstj. Það er alveg augljóst, að það vandamál, sem verið hefur ákaflega erfitt til úrlausnar, verður á allan hátt miklu vandasamara og erfiðara til úrlausnar eftirleiðis. Það er þess vegna full ástæða til þess, og ég er hv. fim. þessarar þáltill. öldungis sammála um það, að Alþingi láti þessi mál til sín taka.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hér hljóðs, er sú, að hv. flm. þessarar þáltill. þótti við eiga að krydda mál sitt ýmsum hnífilyrðum í garð seðlabankans, sem ég vil ekki láta standa í þingtíðindum ómótmælt. Í fyrsta lagi gat hann þess, að það væri ekki mikið að skylda seðlabankann til þess að leggja 40 millj. í þetta, vegna þess að

hann gæti þá á móti dregið úr óhóflegri fjárfestingu sjálfs sín í stórbyggingu eða stórbyggingum í miðbænum. Hér er um algerlega órökstuddar staðhæfingar að ræða, sem flm. getur ekki fundið neinn stað. (**Gripið fram í:** En eru þær ósannar?) Þær eru ósannar, já. Það er ekki hægt að tala um það, að seðlabankinn hafi lagt í nokkra óhæfilega fjárfestingu í kaupum á húseignum í miðbænum.

Í öðru lagi var flm. að fetta fingur út í þau skilyrði, sem sett hefðu verið á það lán, sem seðlabankinn lánaði nú eftir áramótin til byggingarsjóðs, og gerði lítið úr því láni. Út af því vil ég taka það fram, að málaleitan ríkisstj. til seðlabankans var á þann veg, að aðallega eða í fyrsta lagi fór hún fram á lán til lengri tíma, en til vara fór hún einmitt fram á lán með þessum kjörum og með þessum hætti og með þessum skilyrðum, sem lánið síðar var veitt með. Það var ekki orðið við aðalbeiðninni, en það var fallizt á að veita þetta umbeðna lán, sem ríkisstj. hafði farið fram á, og með þeim skilyrðum, sem hún hafði farið fram á, að því fráskildu, að í stað þess, að ríkisstj. hafði farið fram á 20 millj. kr. lán, var veitt 15 millj. kr. lán.

Það er að sjálfsögðu svo, að um slíka afgreiðslu sem þessa geta verið skiptar skoðanir í stjórn seðlabankans, en ég get hér ekki rætt um afstöðu einstakra stjórnarmanna til slíkrar afgreiðslu, hvorki mína né annarra. En þessi varð nú niðurstaðan, og ég vil segja það, að slík afgreiðsla var alls ekki fordæmalaus, því að sams konar aðferð á lánveitingum af hálfu seðlabankans til byggingarsjóðs var einmitt viðhöfð í ráðherratíð fyrrv. félmrh., hv. 4. landsk. þm. (HV), flm. þessarar þáltill. Og slík lán og einmitt með þessu fyrirkomulagi voru, það fullyrði ég, veitt oftar en einu sinni einmitt samkvæmt beiðni hans eða þess ráðuneytis, sem hann veitti forstöðu. Þess vegna er það vissulega svo, að það var bæði óþarft og óviðeigandi af þessum hv. þm. að vera með hnífilyrði í garð seðlabankans, vegna þess að sannleikurinn er sá, að í sinni ráðherratíð þurfti hann oftar en einu sinni að leita til einmitt þessarar stofnunar um fyrirgreiðslu, og ég vil fullyrða það, að hann þarf alls ekkert að kvarta undan þeirri fyrirgreiðslu, sem hann fékk þar. Og ég get vissulega eignað mér hlut í, að hann þarf ekki að kvarta undan þeirri fyrirgreiðslu, sem hann þá oft og einatt fékk.

Hins vegar er það, að ég dreg ekki í efa, að hann hafi haft meiri óskir, — ég vefengi það alls ekki, — en það er nú sitt hvað, óskir og geta. En menn verða að aðgæta, að í þessum vandamálum er ekki nóg að gera kröfur til þess, að seðlabankinn láti út seðla. Það er að vísu svo, að það væri kannske hægt í ýmsum tilfellum, en ég er hræddur um, að það bætti ekki heppileg pólitík yfirleitt.

Ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi, að þetta mál, sem hér er til umr., er vissulega þannig vaxið, að það er vert að ræða það hér á Alþ. og gefa því gaum, og ég er sjálfsagt að ýmsu leyti efnislega alveg sammála hv. flm. í þessum efnum. En eins og ég sagði, vildi ég alls ekki láta ómótmælt þeim hnífilyrðum, sem hann var hér með í garð tiltekinnar stofnunar og einstakra starfsmanna hennar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hygg, að það hafi verið hv. 4. þm. Reykn. (JSk), sem vék hér að því áðan, hverjar væru helztu aðgerðirnar, sem gerðar hefðu verið að undanförnu í húsnæðismálum, og það var alveg rétt, sem hann sagði, það er setning laganna um smáíbúðir, það er setning laganna um veðlánakerfið, og það er setning laganna um byggingarsjóð ríkisins og húsnæðismálastofnunina.

Það má segja, að þarna sé vikizt við þörfum húsnæðismálanna stig af stigi í vaxandi mæli. Það er byrjað með smáíbúðalánum, og fjármagnið til þeirra er síðan látið renna áfram inn í veðlánakerfið og einnig inn í húsnæðismálastofnunina og byggingarsjóðinn. En það dugði ekki, og viðbótin, sem gerð er, þegar veðlánakerfið er sett á laggirnar, er sú, að Landsbankinn, seðlabankadeild hans, fékk þá fyrirmæli um að láta af hendi allmikla upphæð í eitt skipti fyrir öll, og það fé hafði verið tekið út í árslok 1955 og á árinu 1956 og því öllu saman úthlutað fyrir alþingiskosningarnar 1956, og þar með var kassinn tómur, — og þannig var ástandið í húsnæðismálunum, þegar vinstri stjórnin tók við. Það var búið að úthluta öllu þessu fé, sem seðlabankinn hafði þá samkvæmt löggjöf verið látinn láta af hendi til veðlánakerfisins, og á miðju árinu 1956, að afloknum kosningunum, var kassinn tómur. Það var því alveg augljóst mál, að þarna var ekki búið að byggja fyrir neina framtíð, ekki búið að tryggja húsnæðismálunum neitt fé til frambúðar.

Þá var farið að undirbúa löggjöfina um húsnæðismálastofnun ríkisins og byggingarsjóðinn, og í viðbót við það fé, sem fyrir hendi var, var aukið stofnfé til sjóðsins. Lán, sem ríkissjóður hafði áður veitt upp á 32 millj. kr., var t. d. látið falla inn í stofnfé byggingarsjóðsins og þeim megintekjuliðum bætt við, sem ég áðan nefndi, þannig að tekjur húsnæðismálastofnunarinnar hafa verið nálægt 40 millj. kr. á ári núna tvö undanfarin ár.

Út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) sagði áðan, vil ég aðeins minna á hans lokaorð. Þau voru þessi: Hann viðurkenndi, að lítið hefði verið gert að undanförnu í húsnæðismálunum og að mikilla aðgerða væri þörf. Þetta eru tvö meginatriði þessa máls, og ef við erum sammála um þau, sýnist mér ekki annað að gera en snúa sér að því verkefni að bæta þarna úr, og vil ég þá vænta þess, að hæstv. ríkisstj. snúi sér að því verkefni. Þar með væri orðið við efni þessarar till.

Þá fann hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) hvöt hjá sér til þess að fara að bera blak af seðlabankanum í þessum efnum. Það er hvorki á hans færi né nokkurs dauðlegs manns að gera það. Seðlabankinn hefur snúizt smánarlega við hinni brýnu þörf húsnæðisbyggjenda í landinu og að mjög litlu leyti bætt þar úr. Til hans hafa menn snúið sér, af því að það var alveg sjálfsögð leið, en þar hafa mál húsbyggjenda fengið daufar undirtektir, og því miður harma ég það, að hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur brugðizt vonum mínum í því efni sem einn af stjórnendum seðlabankans. En forustuna fyrir því að synja um þær málaleitanir, sem ríkisstj.

hefur snúið sér til seðlabankans með, hefur óneitanlega aðalbankastjórinn, Vilhjálmur Þór, haft, bæði í tíð vinstri stjórnarinnar og nú. Hann á engar þakkir skildar í þessum efnum, heldur er það alveg rétt, að þegar seðlabankinn fer að veita þriggja mánaða lán til húsnæðismála, þá er það til smánar, og er furðulegt, að stjórnendum bankans skuli ekki vera þetta ljóst. Þetta er eins og að draga dár að því fólki, sem í nauðum er statt í húsnæðismálum, og ekkert annað.

Þá segir hv. 3. þm. Norðurl. v., að það sé ósatt mál, að seðlabankinn hafi lagt mikið fé í fjárfestingar, — ég sagði að vísu í miðbænum. Það má vel vera, að hann geti hangið í því, að það sé ekki alveg í miðbænum. En er það ósatt mál, að seðlabankinn standi í kaupum stóreigna hér í miðbænum upp á þau býti að „finansera" aftur og borga með nýrri byggingu hér inn við Laugaveg?

Ég held, að seðlabankinn hefði fremur getað komizt af án nýbygginga og sóma hans verið miklu betur borgið að snúast betur við beiðnum um lánveitingar til bráðustu úrlausna í íbúðarhúsnæðismálum borgarbúa. Það er a. m. k. mín skoðun. Það getur vel verið, að skoðun hv. 3. þm. Norðurl. v. sé önnur. Ég álít, að seðlabankinn hefði getað sýnt meiri áhuga á þessum málum og snúizt betur þar við og veitt lán til lengri tíma en upp á tekjur stofnunarinnar á sama ári, því að það er sama sem neitun. Að þessu var lotið í minni ráðherratíð, meðan húsnæðismálastofnunin var ekki komin á laggir. Þá var sjóðurinn, eins og ég sagði, í árslok 1956 tekjulaus, enginn peningur til, þörfin aðkallandi. Þá voru þúsundir umsókna óafgreiddar hjá húsnæðismálastjórn, hátt á þriðja þúsund skráðar óafgreiddar umsóknir og neyðin mikil á allan hátt. En undirtektirnar, þegar beðið var um lán í seðlabankanum til lengri tíma, urðu svipaðar og nú, til nokkurra mánaða eða innan árs a. m. k. og upp á vonina í þeirri væntanlegu tekjuöflun, sem þá var verið að undirbúa að lögfesta fyrir húsnæðismálin.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerir allt aðrar og miklu minni kröfur til seðlabankans en ég í því efni, hvað hann geti og hvað honum sé skylt að gera til þess að bæta úr þessum málum. Það er allt og sumt. Ég geri til hans strangari kröfur, og ég held, að geta hans til þess, ef viljann vantar ekki, sé veruleg.

Mér er líka kunnugt um það, að það hefur verið ágreiningur um það milli stjórnenda seðlabankans, hvort hann gæti ekki betur vikizt við málum húsbyggjenda, sem borizt hafa bankanum oft með milligöngu ríkisstj., heldur en gert hefur verið. Og mér er nær að halda, að skoðun þeirra manna, sem þarna vildu betur gera, hafi verið allt eins vel rökstudd og hinna, sem vildu láta sér nægja að segja nei eða aðeins veita lán til húsnæðismála til nokkurra mánaða, eins og um bráðabirgðahengingarvixil væri að ræða.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mjög umr. um þetta mál, vegna þess að hér á dagskránni síðar er líka till., sem fjallar um svipað efni og ég er flm. að, og verður þá ástæða til að minnast á einstök atriði í þessu máli.

En það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi vekja athygli á vegna þeirra umræðna, sem hér hafa farið fram, og það atriði er það, að þó að ég hlýddi mjög vandlega á þær ræður, sem hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) var hér að flytja, fann ég ekki í þeim ræðum neina skýringu á þeim óeðlilega samdrætti, sem hefur átt sér stað á útlánum byggingarsjóðs ríkisins á s. l. ári. En eins og hv. 4. þm. Reykn. (JSk) benti á, lækkuðu útlán byggingarsjóðs ríkisins á seinasta ári um 14—15 millj. kr. frá því, sem var á árinu áður, án þess að það sé hægt að finna nokkrar afsakanlegar skýringar á því, að þessi samdráttur átti sér stað. Og þetta segi ég vegna þess, að hér á hv. Alþ. hefur á seinasta ári hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkum verið hvað eftir annað bent á framkvæmanlegar till. til þess að afla fjár í sjóðinn, en ríkisstj., bæði stjórn Emils Jónssonar og núv. ríkisstj., hafa ekkert hirt um það að fylgja þessum till. fram, einfaldlega vegna þess, að það hefur vantað hjá þeim áhuga fyrir því að gera nokkurt nýtt átak í þessum málum.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, að á vetrarþinginu síðasta fluttu framsóknarmenn till. um það, að nokkrum hluta af tekjuafgangi ríkisins yrði að venju varið til byggingarsjóðs ríkisins, eða 15 millj. kr. Ef þessi till. hefði verið samþ., hefði hún alveg nægt til þess, að sjóðurinn hefði getað haldið uppi jafnmiklum útlánum á síðasta ári og á árinu þar á undan. En stjórnarflokkarnir þáverandi og núverandi höfnuðu þessari till. og í staðinn létu þeir allt þetta fé fara í eyðsluhít ríkisins.

Á sumarþinginu flutti ég till. hér á Alþ., sem var byggð á samþykktum húsnæðismálastjórnar, um fjáröflunarleiðir, sem vel voru færar, en ríkisstj. þáverandi og núverandi hafa ekkert hirt um að fara eftir. Í þeirri till. var t. d. bent á þá leið, að veðdeild Landsbankans gæfi út vísitölutryggð bankavaxtabréf, svokölluð B-flokksbréf, fyrir a. m. k. 20 millj. kr. Ríkisstj. þáverandi og núv. hafa ekkert gert til þess að reyna að framkvæma þetta, en það hefur hins vegar sýnt sig í framkvæmd, að slík bréf eru mjög vel seljanleg, því að Sogsvirkjunin gaf síðar út á árinu í fyrra svipuð bréf til þess að greiða skuld við ríkið, sem ekkert lá á að greiða, og ég veit ekki annað en þau bréf hafi mjög vel selzt, svo að ef hæstv. fyrrv. ríkisstj. og núverandi ríkisstj. hefðu haft nokkurn áhuga fyrir því að afla fjár í byggingarsjóð ríkisins, var mjög auðvelt fyrir hana að fara þessa leið og afla nokkurra tuga milljóna króna tekna á þann hátt.

Í þessari till. minni er einnig bent á þá leið, að bankarnir keyptu svokölluð A-flokksbréf fyrir a. m. k. 20 millj. kr. á árinu 1959, og ég held, að það sé mjög sanngjörn krafa og hafi verið mjög eðlilegt, að bankarnir gerðu þetta, og það er alls ekki hægt að bera því við, eins og hv. 5. þm. Reykv. gerði hér áðan, að það hefði engin sparifjársöfnun átt sér stað í bönkunum. Mér sýnist það á Fjármálatíðindunum, sem Landsbankinn gefur út, að sparifjárinneignir í bönkunum hafi á s. l. ári aukizt eitthvað á milli 150 og 200 millj. kr., og ég held, að það verði ekki talið neitt ósanngjarnt, þó að t. d. 10% af þeirri upphæð hefði

verið varið til byggingarsjóðs og þeirra útlána, sem hann hefur með höndum.

Í þessari till. minni er enn fremur bent á það, að reynt sé að fá lán hjá atvinnuleysistryggingasjóði, fá þar nokkurt fé til útlána fyrir byggingarsjóð. En ég held, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki sinnt þeirri leið, nema þá ef hún er eitthvað farin að gera það núna alveg upp á síðkastið, en á s. l. ári held ég að hún hafi ekki reynt neitt verulega til þess.

Þannig mætti halda áfram að benda á fleiri leiðir, sem voru vel færar til tekjuöflunar fyrir byggingarsjóð á s. l. ári, en hæstv. þáv. ríkisstj. og núv. ríkisstj. hafa algerlega vanrækt að fara. Þess vegna verður ekki hægt að mæla á móti því, að það stafar eingöngu af áhugaleysi núv. ríkisstj., að svo stórkostlega skyldu lækka útlán byggingarsjóðs ríkisins á s. l. ári og raun ber vitni um, og vegna þessa áhugaleysis stjórnarflokkanna hafa fjöldamargar fjölskyldur nú miklu verri aðstöðu í þessum efnum en þær þyrftu að hafa, ef stjórnarflokkarnir hefðu sýnt nokkurn áhuga fyrir að gera skyldu sína í þessum efnum.

Ég skal svo ekki að þessu sinni hafa þessi orð öllu fleiri, en ég vil enn einu sinni árétta vítur mínar á hendur fyrrv. ríkisstj. og núv. ríkisstj. fyrir að hafa sýnt alveg óhæfilegt áhugaleysi og trassaskap í þessum efnum með þeim afleiðingum, að fjöldamargar fjölskyldur hafa nú miklu verri aðstöðu en þær mundu hafa haft, ef stjórnarflokkarnir hefðu sýnt einhvern vilja til þess að gera það, sem þeim bar skylda til að gera í þessu máli.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 7. þm. Reykv. (ÞÞ), var hér með ádeilur nokkrar á bæði fyrrv. ríkisstj. og núv. fyrir það að hafa sinnt húsnæðismálunum og lánveitingum til þeirra minna en vera skyldi. Hann veit það nú raunar fullvel alveg eins og ég, að eins og sakirnar standa í þessu landi bæði með eftirspurn eftir lánsfé vegna aukinna bygginga og möguleikana til þess að verða við þessum óskum húsbyggjenda, þá er ekki og hefur ekki verið möguleiki til þess að verða við þessum lánbeiðnum nema að allt of litlu leyti.

Hv. þm. sagði, að engin skýring væri á því, hvers vegna lánveitingarnar á árinu 1959 hefðu orðið minni nokkuð en á árinu 1958. Skýringin á því er samt afar einföld og liggur beint fyrir. Hún er sú, að á árinu 1958 var eytt nokkuð verulegum hluta af tekjum ársins 1959 með því að nota þær fyrir fram. Þetta liggur alveg beint fyrir, og veit sjálfsagt hv. þm. um þessa ástæðu.

Hann sagði líka, þessi sami hv. þm., að till. Framsfl. til úrbóta í þessu máli hefði ekki verið gefinn sá gaumur sem skyldi. Þeir hefðu borið fram við afgreiðslu fjárl. á s. l. vetri till. um það, að nokkur hluti af tekjuafgangi ársins 1958 yrði notaður til þess að lána til húsbygginga. Þetta er rétt. Þeir báru fram till. um þetta. En þeir vissu líka jafnvel, þegar till. voru bornar fram, að það var búið af fyrrv. stjórn að ráðstafa þessum tekjuafgangi til aðkallandi þarfa til þess að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum bæði hjá ríkissjóði og útflutningssjóði, þannig að þessi tekjuafgangur var þá raunverulega alls ekki fyrir hendi til ráðstöfunar.

Um viðskipti húsnæðismálastjórnar, eða rn. fyrir hennar hönd, við atvinnuleysistryggingasjóð skal ég ekki fara út í að ræða. Ég ætla, að til þess sjóðs hafi áður verið leitað, en ekki með þeim árangri þá, sem búizt hafði verið við. Hins vegar tók ég það mál upp, strax og ég kom í félmrn., að leita til stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs um lán úr sjóðnum, og hefur það mál ekki fengið afgreiðslu enn þá. En ég geri mér vonir um, að þeim málaleitunum ljúki á einhvern þann hátt, sem viðunandi megi telja, en það er ekki tímabært að ræða um það að svo stöddu. Hins vegar liggur það alveg augljóst og opið fyrir, að þetta, sem hv. þm. kallaði áhugaleysi núv. og fyrrv. ríkisstj., er þannig, að ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún muni skoða það sem eitt sitt aðalverkefni að útvega aukið fé til stjórnar húsnæðismálasjóðs, og það mun hún standa við. Það þarf ekki að bera neinn kvíðboga fyrir því. Þessi stjórn hefur nú að vísu ekki setið nema þrjá mánuði, en ég ætla, að þeir tilburðir, sem hafðir hafa verið um þetta mál þegar á þessum 3 mánuðum, og aðrir, sem síðar munu verða teknir upp, bendi ekki til þess, að um áhugaleysi í þessum málum sé að ræða, heldur verði reynt að veita þar þá fyrirgreiðslu, sem mögulegt er, og hv. þm. þarf ekki að bera kvíðboga fyrir því.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er vitanlega alveg rétt hjá hæstv. félmrh., að eftirspurnin eftir lánsfé hjá byggingarsjóði hefur verið það mikil, að það hefur verið erfitt að fullnægja öllum þeim óskum, sem þangað hafa borizt. En hitt er líka jafnmikil staðreynd, að ef meiri áhugi hefði verið sýndur í því að útvega honum fjárráð, hefði hann getað fullnægt beiðnum miklu fleiri manna en raun hefur orðið á til þessa, og hjá hæstv. ráðh. kom engin eðlileg skýring á því, að sjóðurinn skyldi ekki hafa fengið meira fé til umráða á s. l. ári en raun ber vitni um og var á þann veg, að útlán sjóðsins drógust stórkostlega saman á árinu. Hæstv. ráðh. færir engin eðlileg eða réttmæt rök fyrir því, að það hefði verið réttara t. d. að verja tekjuafgangi ríkisins í eyðslu en láta hann ganga til byggingarsjóðs, eins og framsóknarmenn gerðu till. um. Ég held einmitt, að þegar menn athuga þessi mál hlutlaust, muni þeir telja, að einmitt það væri betur og réttar farið að verja tekjuafgangi ríkisins yfirleitt til einhverra gagnlegra framkvæmda en setja hann í eyðslu, eins og fyrrv. ríkisstj. gerði, og sú till. framsóknarmanna um að ráðstafa tekjuafganginum á þann hátt var flutt svo snemma á þinginu, að það var vel hægt að fallast á hana, vegna þess að það var ekki búið að gera bindandi ákvarðanir um að láta tekjuafganginn fara í eyðslu, þegar till. þeirra kom fram, því að það var gert í sambandi við afgreiðslu fjárl. eða áður en frá þeim var endanlega gengið.

Hæstv. ráðh. minntist ekki neitt á þær leiðir, sem voru í till. minni í sumar um að afla sjóðnum fjár með útgáfu vísitölubréfa eða með því að láta bankana lána vissa upphæð af sparifjársöfnuninni til byggingarlánanna, sem er ekkert nema eðlileg

ráðstöfun. Eins og ég benti á hér áðan, hefði mátt afla 10 millj. kr. lánsfjár á þann hátt, ef ríkisstj. hefði haft nokkurn áhuga fyrir því að auka fjárráð sjóðsins frá því, sem þau urðu. Þetta, sem ég hef nefnt núna, eins og t. d. útgáfa visitölubréfanna, að bankarnir lánuðu vissan hluta af sparifjáraukningunni til byggingarsjóðsins og ráðstöfun á tekjuafgangi ríkisins, sýnir, að það voru bæði til þessar leiðir og margar fleiri til þess að afla byggingarsjóðnum aukinna fjárráða á s. l. ári. En það, sem á skorti, og það, sem réð því, að þetta var ekki gert, var það, að hæstv. fyrrv. ríkisstj. og núv. ríkisstj. hafa ekki haft áhuga fyrir því að hjálpa því fólki, sem hér á um sárast að binda og þarf á lánsfé frá byggingarsjóði að halda. Það er áhuginn, sem hefur vantað, en ekki möguleikarnir, því þótt það sé rétt hjá hæstv. félmrh., að það sé ekki hægt að fullnægja öllum alveg nú á stuttum tíma, þá er hitt víst, að það er hægt að fullnægja miklu fleiri en gert hefur verið hingað til, ef nægilegur áhugi hefði verið og vilji til þess af hálfu stjórnarvaldanna að gera það. En það er það, sem hefur vantað.

Það er ákaflega gott að heyra loforð hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. um það, að nú ætli hún að fara að gera eitthvert nýtt átak í þessum málum. En það verður þá bara að vera eitthvað meira en sams konar loforð og þessi hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. hefur áður gefið, því að hingað til hefur þetta aldrei komizt lengra hjá þessum háu herrum en að vera loforð. Það vantaði ekki, að ríkisstj., sem hann myndaði hér á s. l. ári, lofaði því, að hún skyldi auka fjárráð til byggingarsjóðs og hjálpa þeim, sem lentu í vandræðum vegna íbúðabygginga. En það varð bara ekkert úr þeim loforðum. Þau voru vanefnd. Og við skulum vænta, að það verði þá eitthvað meira úr þessum loforðum nú en nýjar vanefndir, eins og áður hafa átt sér stað hjá þessum herrum.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni hl. allshn., á þskj. 441, var útbýtt 13. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

2. Verðtrygging sparifjár.

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skipun nefndar til athugunar á verðtryggingu sparifjár [4. mál] (A. 4).

Á 11. og 15. fundi í Sþ., 3. og 10. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Sþ., 17. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í till. þeirri til þál. á þskj. 4, sem hér liggur fyrir til umræðu, felst áskorun til ríkisstj. um að skipa fimm manna n. til að athuga, með hverjum hætti verði við komið verðtryggingu sparifjár, þ. á m. innstæðufjár opinberra sjóða. Á aukaþinginu s. l. sumar flutti ég þáltill. sama efnis, en hún varð því miður þá ekki útrædd.

Það er alkunna, að á tveim undanförnum áratugum hefur þróun íslenzkra peningamála verið sú, að verðgildi íslenzkra peninga hefur sífellt farið lækkandi. Kaupmáttur hverrar krónu hefur minnkað ár frá ári, þó auðvitað misjafnlega mikið einstök ár. Það eru til ár, þar sem litlar verðlagssveiflur hafa átt sér stað, en þau ár heyra undantekningum til. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að eitt af aðaleinkennum íslenzkra fjármála og peningamála á þessu tímabili sé einmitt þessi sífellda og áframhaldandi verðgildisrýrnun peninganna. Mér hafa fróðir menn tjáð, að ekki muni fjarri lagi, og það hefur reyndar margoft komið fram í þessum umr., sem hér hafa farið fram að undanförnu um efnahagsmálin, að árleg meðalrýrnun á verðgildi krónunnar þessa tvo síðustu áratugi hafi numið um 9 eða jafnvel upp í 10%. Ég skal að sjálfsögðu ekki fullyrða neitt um það, hvort sú áætlun muni vera rétt, en ég býst þó við, að það sé óhætt að ganga út frá því, að árleg rýrnun á verðgildi krónunnar hafi á þessum tveimur áratugum numið meira að meðaltali en nemur hæstu löglegum vöxtum á sama tíma. Það sjá allir, hversu óeðlilegt slíkt er og í hverjar ógöngur er stefnt, ef þannig er áfram haldið. Það er áreiðanlegt, að þetta ástand í peningamálunum er ein af afleiðingum verðbólgunnar, en jafnframt má svo segja, að það hafi einmitt ýtt undir og örvað verðþensluna.

Það er augljóst, hvert þessi óheillaþróun leiðir. Hún er hvort tveggja í senn til óþurftar einstaklingunum og þjóðfélaginu í heild. Hún bitnar á sparifjáreigendum, en grefur jafnframt undan heilbrigðu efnahagslífi í landinu og kippir smám saman stoðum undan allri sparifjármyndun og sjóðasöfnun. Þessi peningarýrnunarstefna felur í sér ranglæti gagnvart einstökum sparifjáreigendum og sjóðum, en hún felur jafnframt í sér þjóðfélagslega hættu. Ég mun fyrst víkja að hinu fyrrnefnda, hinni ómaklegu meðferð á sparifjáreigendum, en síðar mun ég víkja að síðarnefnda atriðinu, hversu viðsjárverð þessi óheillaþróun er frá almennu sjónarmiði.

Það má nefna þess mýmörg dæmi, hversu ómaklega ráðdeildarsamir sparifjáreigendur hafa verið leiknir af völdum verðbólguástandsins. Það má t. d. nefna það dæmi, að maður hefur lagt talsverða upphæð inn í banka í því skyni að nota þá fjárhæð síðar til íbúðarkaupa eða heimilisstofnunar, en þegar hann tekur svo þessa upphæð út í dag og ætlar að festa kaup á t. d. íbúð, þá rekur hann sig á það, að innstæða hans ásamt vöxtum er orðin í raun og veru langtum minna virði en hún var, þegar hann lagði peningafjárhæðina inn í peningastofnunina á sínum tíma. Fyrir þessa fjárhæð getur hann miklu síður keypt sér íbúð í dag en fyrir upphaflegu innlánsupphæðina, t. d. fyrir 15 árum. Roskið fólk, sem lagt hefur fjárhæð til hliðar til elliáranna, þegar þrek og heilsa fer að bila, fær nú afhentar margfalt

verðminni krónur en það lagði inn. Hverri krónu hefur í raun og veru verið breytt í nokkra aura. Þar með er sú ellitrygging, sem það taldi fólgna í sparisjóðsinnstæðunni, runnin út í sandinn. Það má t. d. nefna mann, sem selt hefur íbúð sína fyrir 15 árum, af því að hann hefur ekki þurft á henni þá að halda, og lagt söluverðið í banka. Nú ætlar hann að taka út þessa sparifjárinnstæðu ásamt vöxtum og kaupa sér íbúð, er hann þarf á að halda. Þá kemst hann að raun um, að þessir peningar hrökkva skammt til þess, að hann geti eignazt íbúð sambærilega við þá, sem hann áður átti fyrir 15 árum. Þannig mætti vissulega lengi telja.

En einna alvarlegast er þó að mínum dómi, hvernig verðþensluástandið hefur leikið opinbera sjóði. Slíkir sjóðir, sem margir hverjir eru gjafasjóðir, eru stofnaðir til styrktar ákveðnu málefni eða til að standa undir tilteknum þörfum, t. d. oft til styrktar menningar- og mannúðarmálum. Vegna hinnar sívaxandi verðbólgu hefur verðgildi þessara sjóða smám saman verið svo stórlega skert, að þeir eru orðnir eða verða með áframhaldandi óheillaþróun gersamlega ófærir um að gegna hlutverki sínu. Sama máli gegnir um tryggingasjóði ýmiss konar, svo sem lífeyrissjóði. Þeir tærast í verðbólguflóðinu og verða ófærir til þess að standa undir skuldbindingum sínum. Þetta eru staðreyndir, sem blasa við, og ætti því að vera óþarft um þær að fjölyrða. Og hvort sem um þetta er nú talað lengur eða skemur, hlýtur niðurstaðan að verða sú sama, að hér sé ómaklega farið með eigendur sparifjár, hvort heldur eru einstaklingar eða sjóðir, og að með þá sé verr farið en marga eða jafnvel flesta þjóðfélagsþegna aðra.

Sannleikurinn er sá, að í mörgum tilfellum hafa aðrir grætt á kostnað sparifjáreigenda, þ. e. a. s. lántakar, sem endurgreiða að sönnu lán sín með sömu krónutölu, en með miklu verðminni krónum. Það samsvarar því í mörgum tilfellum, að maður hafi fengið t. d. að láni hest, en þurfi aðeins að skila aftur folaldi.

Ég fæ ekki betur séð en þjóðfélagið hafi búið mjög illa að sparifjáreigendum, hafi brugðizt þeim, í raun og veru blekkt þá. Þetta er þeim mun ósanngjarnara og alvarlegra, að hér á oftast í hlut mesta ráðdeildarfólkið í þjóðfélaginu og í mörgum tilfellum bitnar þetta hvað sárast á þeim, sem sízt skyldi, ungu fólki og gamalmennum. Það er að mínum dómi fullkomið sanngirnis- og réttlætismál, að hlutur þessa fólks verði að einhverju leyti réttur, að það verði ekki lengur hlunnfarið með sama hætti og að undanförnu. Verði verðþenslan ekki stöðvuð, þarf að reyna að verðtryggja raunverulegt verðgildi sparifjárins, þannig að kaupmáttur krónunnar haldist, hvað sem verðlagsbreytingum líður.

Tillitið til sparifjáreigenda er þó hér ekki aðalatriðið að mínum dómi, enda þótt það sé mikilvægt, svo sem rakið hefur verið. Hitt er enn alvarlegra frá mínu sjónarmiði, að sú óheillaþróun, sem hér hefur átt sér stað í peningamálum og ég hef hér lítillega lýst, er stórháskaleg frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Það er ekki vafamál, að hún hefur verkað verulega á meðferð fjár. Hún hefur haft í för með sér vantrú á gildi peninga. Þess vegna hefur greinilega gætt vaxandi tregðu til að geyma verðmæti í peningum. Menn hafa aukið neyzluna og hafa lagt minna til hliðar. Margir hafa keppzt við að eyða sem skjótast hverri krónu, sem þeir hafa aflað. Menn hafa kappkostað að festa fé sitt í friðu, hvenær sem færi gafst. Menn hafa sannreynt, að það borgaði sig. Eyðslan hefur verið verðlaunuð á kostnað sparseminnar, og afleiðingin hefur óhjákvæmilega orðið aukin eyðslusemi, margvísleg spákaupmennska og ýmiss konar óeðlileg fjárfesting. Sparifjársöfnunin hefur auðvitað af þessum sökum orðið margfalt minni en hún hefði ella orðið. Af þessum sökum hefur svo orðið skortur á lánsfé til nytilegra og nauðsynlegra framkvæmda. Það má því alveg fullyrða, að hið sírýrnandi verðgildi íslenzkra peninga hafi átt mjög mikinn þátt í óeðlilega mikilli lánsfjáreftirspurn og hafi þannig ýtt undir það jafnvægisleysi, sem hér hefur ríkt að undanförnu á peningamarkaði.

Sparnaður er þjóðfélaginu nauðsyn. Það má ekki gleymast, að sparnaður er undirstaða framkvæmda. Það er mjög hættulegt, að menn glati trúnni á verðgildi peninga og hætti að safna sparifé. Hér er því alveg vafalaust um að ræða eina alvarlegustu meinsemd íslenzkra efnahagsmála, meinsemd, sem hefur sýkt og eitrað út frá sér á ótal vegu. Þá meinsemd þarf að lækna, ef nokkur kostur er. Það þarf með einhverjum ráðum að reyna að tryggja, að kaupmáttur peninganna haldist óbreyttur þrátt fyrir verðlagsbreytingar. Og ef það tækist, þá væri hagur sjóða tryggður, þá mundi sparifjársöfnun stóraukast, eyðslan dragast saman og óeðlileg lánsfjáreftirspurn minnka. Ef hér kæmist á jafnvægi í efnahagsmálum og stöðugt verðlag, mætti segja, að verðtrygging sparifjár væri óþörf. En það er því miður ekkert útlit á stöðvun verðþenslunnar enn, að því er ég fæ bezt séð. Þvert á móti má ætla, að efnahagsaðgerðir ríkisstj. hafi í för með sér, þegar fram í sækir, stærri verðlagssveiflur en nokkru sinni fyrr.

Þær fyrirhuguðu efnahagsaðgerðir rýra enn stórlega hlut sparifjáreigenda. Það er augljóst mál, að gengisbreytingin, gengislækkunin, er stórt áfall fyrir sparifjáreigendur. Það er látið í veðri vaka, að þeirra hlut eigi að bæta með vaxtahækkun. Að sjálfsögðu er það þá ljóst, án þess að ég ætli hér að fara út í umr. um efnahagsmálin, sem hér hafa verið rædd áður, að það er annað, sem vakir fyrir höfundum og forsvarsmönnum efnahagsmálafrv. með vaxtahækkuninni en að rétta hlut sparifjáreigenda. Það er augljóst mál, að það, sem fyrir þeim vakir með vaxtahækkuninni, er fyrst og fremst að draga úr útlánum til þess að draga saman, enda er jafnframt, þegar rætt er um vaxtahækkunina, látið í veðri vaka, að hún þurfi e. t. v. aðeins að standa skamma hríð, og ef svo er, þá er auðsætt, að með vaxtahækkuninni út af fyrir sig er ekki að neinu leyti eða a. m. k. að litlu leyti réttur hlutur sparifjáreigendanna, sem æ ofan í æ hafa orðið að sæta verðfalli peninganna vegna þeirra stórkostlegu verðlagssveiflna, sem hér hafa átt sér stað. Ég held þess vegna, að þó að það sé að vísu nokkuð liðið, síðan þessi till. var hér fram borin, og þó að síðar hafi komið fram efnahagstill. ríkisstj., sem hafa ákvæði um vaxtahækkun, þá sé ekki að neinu leyti raskað grundvell-

inum fyrir þessari þáltill., að það sé alveg jafnmikil ástæða til þess að samþykkja hana eftir sem áður.

Það er auðvitað, að verðtrygging sparifjár kostar eitthvað, einhverjir verða að borga. Auðvitað er eðlilegt, að þeir standi undir þeim kostnaði, verðtryggingunni, sem sparifé fá að láni. Á þeim eignum, sem þeir hafa varið lánsfénu til, hefur einmitt oft orðið samsvarandi verðhækkun. Samt sem áður þýðir ekki annað en að horfast í augu við þá staðreynd, að verðtrygging sparifjár, a. m. k. ef hún ætti að vera almenn, mundi hafa í för með sér nokkra hækkun á fjármagnskostnaði. Það er því eðlilegt, að sú spurning vakni, hvort verðtrygging hafi þá ekki í för með sér verðhækkun og ýti þannig aftur undir verðbenslu. Ég hygg, að sú hætta sé þó ekki veruleg, a. m. k. ef verðtryggingin er aðeins bundin við tilteknar tegundir innlánsfjár. En ég hygg, að það mundi verða óhjákvæmilegt að binda hana þannig við tilteknar tegundir af innlánsfé og tiltekin útlán á móti. Ég býst við því, að á lán til framleiðslunnar kæmi vart til mála að setja nokkra vísitöluhækkun. En öll atriði í þessu sambandi þarf sem sagt að athuga mjög gaumgæfilega, eins og gert er ráð fyrir í þessari þáltill., og það verður þá auðvitað að athuga bæði þá pósitífu og negatífu hlið, sem er við verðtryggingu sparifjár. Ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um, að það er miklu meira leggjandi upp úr pósitífu hliðinni, hún er miklu þýðingarmeiri, en eins og ég sagði áðan, þá þarf málið allt að athuga af hinum færustu mönnum, og m. a. þarf að athuga, hvort skynsamlegra sé að taka upp verðtryggingu alls sparifjár og í peningasamningum yfirleitt eða binda hana við tilteknar tegundir inn- og útlána, eins og ég sagði áðan og ég býst við að yrði óhjákvæmilegt. Að sjálfsögðu þarf einnig að athuga, við hvað á að miða verðtrygginguna.

Á undanförnum árum hefur stöku sinnum verið gripið til þess að verðtryggja eða vísitölubinda tiltekin skuldabréfalán. Ég hygg, að reynslan hafi sýnt, að þar hefur verið farið inn á skynsamlega braut. Það hefur sýnt sig, að ég held, að menn hafa viljað geyma og ávaxta sparifé sitt í þvílíkum verðbréfum. Nú síðast einmitt voru seld þau skuldabréf, sem bar á góma hér rétt áðan, Sogsvirkjunarlánsbréf, sem vísitölutryggð voru, að vísu með sérstökum hætti. Ég held, að það sé alveg óhætt að segja, að sala þeirra bréfa hafi gengið betur og örar en menn höfðu fyrir fram gert ráð fyrir. Reynslan hér hefur því sýnt það að mínum dómi, að verðtrygging sparifjár er líkleg til þess að hafa í för með sér heppilegar breyt. á framboði og eftirspurn fjármagns og stuðla með þeim hætti að jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Ég leyfi mér að vænta þess, að þessari till. um athugun á möguleikum á verðtryggingu sparifjár, því að lengra er nú ekki farið í þessari till., verði hér vel tekið og hún fái skjóta og greiða leið hér eftir í gegnum þingið. Framsóknarmenn hafa áður borið fram till., sem gengið hefur í svipaða átt, og annar stjórnarflokkurinn og sá stærri þeirra, Sjálfstfl., tók það einmitt upp í sína kosningastefnuskrá s. l. haust, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að tryggja hag sparifjáreigenda og jafnvægið milli eftirspurnar og framboðs lánsfjár. Það má því vænta þess fyllilega, að þeir leggi þessari till. lið. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en leyfi mér að óska þess, að þessari till. verði vísað til n. að þessari umr. lokinni, sem er víst fjvn., þar sem tvær umr. eiga að fara fram.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

3. Síldarrannsóknir og síldarleit.

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um kaup á skipi til síldarrannsókna og síldarleitar [6. mál] (A. 6).

Á 11. og 15. fundi í Sþ., 3. og 10. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Sþ., 17. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Till. þeirri til þál. á þskj. 6, sem hér er til umr., um kaup á hentugu skipi til síldarrannsókna og síldarleitar, fylgir nokkuð ýtarleg grg., og get ég vísað mjög til hennar um rökstuðning fyrir mikilvægi málsins. Ég vil þó bæta þar nokkru við í framsögu.

Sú var tíðin, að íslenzki síldveiðiflotinn naut engrar aðstoðar við síldarleit og síldarrannsóknir þekktust tæpast. Veiðiskipin sjálf urðu að finna síldina og tilkynntu þá í gegnum talstöðvar sínar öðrum skipum um síldarfundi. Fyrir nokkrum árum var tekin upp síldarleit úr lofti, og bætti hún mjög úr. Hins vegar hefur það nú gerzt hin síðari árin, að síldin við Norður- og Austurland leitar æ minna upp á yfirborðið, og hefur veiðiflotinn tekið mest af síldaraflanum með hjálp asdictækja. Þessi breyting gerir m. a. leitarflug úr lofti þýðingarminna en áður var, og er því nauðsynlegt að auka síldarleit á sjó, og sú er líka hugsunin, sem liggur að baki tillöguflutningi þessum.

Á undanförnum árum hefur fiskideild atvinnudeildar háskólans, sem hefur yfirstjórn þessarar starfsemi, haft til afnota við síldarleitina skip frá landhelgisgæzlunni, aðallega varðskipið Ægi. Þetta fyrirkomulag hefur ýmsa galla, m. a. þá, að hvorki Ægir né önnur skip landhelgisgæzlunnar, sem lánuð hafa verið til þessarar starfsemi stuttan tíma í senn, hafa verið útbúin tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að hægt sé að vinna að rannsóknarstörfum um borð.

Haustið 1953 voru asdictæki sett í Ægi, en skiptiskrúfa og togspil voru hins vegar ekki sett í hann vegna kostnaðarins, sem því var samfara, enda þótt starfsmenn fiskileitarinnar teldu slík tæki ásamt fleiri tækjum nauðsynleg vegna þeirra rannsóknar-

starfa, sem nauðsynlegt var að inna af hendi um borð í skipinu.

Hinar nýju rannsóknarstofur sjávarútvegsins, sem nú er búið að reisa, krefjast þess, að fiskideildin geti unnið störf sín til sjós á viðunandi hátt, annars eru þær innantómt sýndarfyrirbrigði.

Skv. l. nr. 33 frá 1958 er ákveðið um 65% álag á útflutningsgjald, og átti 1/13 hluti álagsins að renna til byggingar hafrannsóknaskips. Fjárhæð þessi nam samtals árin 1958 og 1959 1 millj. 673 þús. kr. rúmum, og hefur af þeirri fjárhæð verið lánuð um 1 millj. kr. til þess að fullgera fiskirannsóknarstofurnar í Reykjavík.

Sjáanlegt er, að langt er í land með það, að fjármagn fáist nægilegt til þess að ljúka smíði þessa hafrannsóknaskips. En jafnvel þótt svo væri ekki, telja fiskifræðingar brýna þörf fyrir annað skip, minna og ódýrara, til þess að sinna síldarleitinni og síldarrannsóknunum sérstaklega. Hafrannsóknaskipinu er sérstaklega ætlað að stunda úthafsrannsóknir, svo sem karfarannsóknir, þorskrannsóknir og aðrar rannsóknir á fjarlægum miðum, en þess á milli á að nota það til togtilrauna og fiskmerkinga hér við land. Síldarleitarskipið mundi hins vegar vera bundið við síldarleit og veiðitilraunir í kringum landið allt árið, en ný tæki og nýjar veiðiaðferðir hafa nú gert síldveiðar mögulegar á svo til hvaða árstíma sem er.

Um kostnað við að kaupa og reka slíkt skip er erfitt að segja. En að sjálfsögðu yrði að stilla honum í hóf, eftir því sem mögulegt er. Skip af stærð t. d. austurþýzku bátanna mundi mjög hentugt í þessu skyni að áliti fiskifræðinga, og slík skip er nú hægt að kaupa mjög víða, m. a. í Noregi. Ég tel það ekkert áhorfsmál, að þeim fjármunum sé vel varið, sem notaðir kynnu að verða í þessu skyni. Og ég tel, að ríkissjóður hafi vel efni á slíkri fjárfestingu sem þessari einmitt nú, því að þær nýju tekjur, sem ríkissjóði áskotnast við þær efnahagsráðstafanir, sem fyrirhugaðar eru, eru ekki svo litlar.

Tekjur af síldveiðum er vafalaust hægt að stórauka, bæði með því að stunda veiðar lengri tíma á hverju ári en gert hefur verið til þessa og eins með því að taka upp nýjar veiðiaðferðir. Framkvæmd á þessari þáltill. mundi vafalítið vera mikilvægt spor í þessa áttina.

Ég legg til, að þáltill. þessari verði vísað til síðari umr. og fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Á 50., 54. og 57. fundi í Sþ., 18. og 27. maí, 1. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 6, n. 428 og 431).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Hafnarstæði við Héraðsflóa.

Á deildafundum 27. og 28. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á hafnarstæðum við Héraðsflóa [20. mál] (A. 20).

Á 9. fundi í Sþ., 28. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. og 15. fundi í Sþ., 3. og 10. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Sþ., 17. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Áður en ég vík að þessari till., sem ég hef hér leyft mér að flytja um rannsókn á hafnarstæði við Héraðsflóa, langar mig aðeins til þess að víkja að ávarpi þm. hér í d., þegar þeir eru að tala um þm. Austurlands. Ég hef veitt því athygli, að ávarpið, sem hér er yfirleitt notað, er þm. Austfirðinga, en ég vænti, að hv. alþm. viti það, að kjördæmið heitir Austurlandskjördæmi, og þó að þetta sé kannske ekki mikið atriði, vildi ég gjarnan, að hér festist í máli á hv. Alþ. hið rétta nafn og þegar þm. eru ávarpaðir, þá yrðu þeir nefndir þm. Austurlands.

En hvað snertir þá þáltill., sem hér liggur fyrir, er hún þannig vaxin, að hún þarfnast ekki langrar framsögu. Eins og tekið er fram í hinni stuttu grg., liggur að Héraðsflóa eitt af stærri samfelldu byggðarlögum landsins. En við Héraðsflóann er nú engin höfn. Ekki er því að neita, að þar er líka mjög örðugt til hafnargerðar, og ég mun engan veginn leggja á það dóm, hvort sú rannsókn, sem hér er lagt til að gerð verði, muni leiða í ljós jákvæða niðurstöðu í því efni. En hitt virðist mér, að öll rök mæli með, að þessi rannsókn fari fram og það fáist úr því skorið, hvort möguleikar muni vera á slíkri hafnargerð.

Því verður ekki neitað, að það er eitt af því þýðingarmesta fyrir hvert byggðarlag að eiga sem greiðastan aðgang að höfn. Ég vil aðeins minna á það í þessu sambandi, þó að það sé kannske mál, sem ekki verður á dagskrá alveg nú á næstu árum, að þeir menn, sem trúa á skógrækt hér á landi, og þeir eru margir, telja, að eftir nokkra áratugi verðum við búnir að rækta upp hér það, sem kalla má nytjaskóg. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á þessa trú, en ég vil benda á hitt, að ef hún á við rök að styðjast, munu hvergi á landinu vera jafngóð skilyrði til skógræktar og einmitt á Fljótsdalshéraði. En það er þá líka nokkurn veginn augljóst, að þar, sem nytjaskógur vex, sem er eitthvað verulegur að magni, þarf líka helzt að vera sæmilega greiður aðgangur að höfn. Ég vil aðeins minna á þetta til þess að sýna, að það er margt, sem mælir með því, að þessi rannsókn sé látin fara fram.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta, en það hefur verið ákveðin ein umr. um þessa till. Ég vil nú leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að víkja hér lítils háttar að því máli, sem hér er til umr., bæði vegna þess, að málið er út af fyrir sig merkilegt, ef til einhverrar úrlausnar kynni að horfa um hafnarbyggingu við Héraðsflóa, og hins vegar tel ég mig það kunnugan málum á þessu svæði, að ég tel mig geta lagt þar lítils háttar orð í belg í þessu efni.

Frá upphafi byggðar Fljótsdalshéraðs munu íbúar þess ætíð hafa fundið sárt til þess, við hve mikla hafnleysu þeir hafa orðið að búa, ekki einungis með tilliti til nauðsynlegra vöruaðdrátta og flutnings framleiðslu sinnar til útflutningshafna, heldur einnig í sambandi við að nota sér það bjargræði, sem sjórinn, Héraðsflóinn, geymir og a. m. k. sérstaklega geymdi, þ. e. fiskinn.

Aðdrættir á verzlunarvöru heimilanna á Fljótsdalshéraði urðu að fara fram á hestum yfir erfiða og torfæra fjallvegi og miklar vegalengdir innan víðlendrar byggðar og síðast, en ekki sízt, yfir fleiri eða færri ár og stórvötnin, ýmist bæði eða annaðhvort, Lagarfljót og Jökulsá í Dal.

Á fyrri öldum munu menn yfirleitt hafa reynt að draga fisk í bú þar um slóðir með því að róa til fiskjar á Héraðsflóa frá Unaósi og Múlahöfn og jafnvel eitthvað frá Keri. Hinir tveir síðastnefndu staðir eru undir fjöllunum vestanvert við Héraðsflóann, en Unaós við Austurfjöll. Þessi útræði munu þó sennilega hafa algerlega verið úr sögunni fyrir miðja s. l. öld, en þó veit ég til þess, að bóndi á Unaósi reri einstaka sinnum til fiskjar um eða eftir 1890. Aðdrættir á kaupstaðarvörum sjóleiðis munu aldrei hafa verið teljandi, enda ekki fýsilegir á litlum, opnum bátum frá hafnleysum og um langan veg opins hafs til verzlunarstaða, eins og t. d. til Vopnafjarðar eða suður á Firði.

Það er vitað, að Héraðsflóinn skarst á fyrri öldum mun lengra inn í landið en nú er. Framburður stórvatnanna, Lagarfljóts og þó einkum Jökulsár í Dal, er gífurlega mikill á hverju ári og hvað þá á öld og öldum. Með þessu móti hefur landið færzt út og sjórinn hörfað að sama skapi. Straumar og hafrót hafa svo tekið við þessum framburði og dreift honum með allri ströndinni, fyrst fyllt upp vík og voga og síðan hlaðið framburðinum nokkuð jafnt upp við ströndina, sem er orðin allbein lína milli fjalla.

Um síðastliðin aldamót eða upp úr þeim reyndu menn að stofna til vöruflutninga um þáverandi Lagarfljótsós, sem nú er ekki lengur til, þar sem fljótið hefur kastað sér út við sanda meira til vesturs og á nú sameiginlegan ós með Jökulsá. Þessi tilraun með vöruflutninga um Lagarfljótsós lagðist strax niður á byrjunarstigi, og bar margt til.

Um svipað leyti munu hafa hafizt vöruflutningar á Ker, sem er gamall lendingarstaður að vestanverðu við Héraðsflóa, og enn fremur við Unaós, sem er við flóann við Austurfjöllin, eins og ég tók fram áðan. Á Unaósi var skömmu eftir síðustu aldamót stofnuð verzlun og byggð verzlunarhús. Komu skip þar stundum við fram um 1910 eða jafnvel eitthvað lengur. En yfirleitt mun meira hafa verið gert af því að flytja vörur þangað á bátum, t. d. frá Seyðisfirði og Borgarfirði. Voru þessir vöruflutningar á Unaós á sínum tíma til mikils hagræðis fyrir Úthéraðsmenn, en til minni nytja vegna vegalengda fyrir Mið- og Upphérað. Vöruflutningar á Ker munu aldrei hafa verið eins þýðingarmiklir og á Unaós, enda ekki þar stofnað til verzlunarstaðar eða vörugeymslna, heldur mun meira hafa verið gert að flytja þangað vörur samkvæmt pöntun og þær svo afhentar í fjöru. Vegna hins mikla framburðar vatnanna til Héraðsflóa og sandkasts sitt á hvað með ströndinni hafa þessir lendingarstaðir, Ker og Unaós, stórspillzt í tíð núlifandi manna og næstu kynslóðar á undan. Hef ég sögn um það frá manni, sem var alllöngu eftir miðja s. l. öld vinnumaður á yzta bæ í Jökulsárhlíð, að áður og jafnvel í hans tíð hefði þar verið lögn fyrir selanætur, þar sem nú er gróið land. Og sjálfur þekki ég, að nú er sandur þar, sem milli 1910 og 1920 10—15 tonna vélbátar lögðust við klappir til affermingar á Unaósi. Fyrir 1930 var svo gerð tilraun með vöruupplag í vík rétt hjá Unaósi, en utar með fjallinu. Heitir sú vík Stapavík. Er hún alldjúp og hreint um hana að fara, en klettum girt, og þurfti að ná vörum úr bátum á víkinni eftir dráttarbraut upp á klettana. Gekk þetta sæmilega í byrjun, og kom t. d. gamli Lagarfoss þangað með vörur utanlands frá, lagðist utan við víkina, og upp úr honum var skipað á bátum og vörurnar svo fluttar upp á fyrrgreinda kletta með drætti. Þetta var erfitt og útbúnaður ekki nógu traustur eða fullkominn, og lagðist því þessi uppskipunaraðferð niður. En dálitlir vöruflutningar fóru fram um Ker fram undir 1940 og enn lengur um Unaós og hafa haldizt þangað, þar til bílvegur var kominn til Borgarfjarðar.

Nær engar athuganir hafa farið fram á hafnarstæði við Héraðsflóa, því þótt um þennan vanda Fljótsdalshéraðs hafi oft verið rætt, hefur öllum kunnugum mönnum þótt tvísýnt, að um reglulega hafnarbyggingu gæti verið þar að ræða. Hinar litlu athuganir, sem fram hafa farið, hafa nær eingöngu verið bundnar við það, hvort hægt væri að laga aðstöðuna við þá lendingarstaði, sem helzt hafa verið notaðir til upplags á vörum fluttum á bátum frá næstu höfnum eða skipað í land á bátum frá skipum, sem legið hafa úti fyrir, og í báðum tilfellunum er aðeins hægt að flytja vörur þar í land, ef sjór er kyrr og landátt.

Einu sinni mun þó hafa farið fram lausleg athugun á hafnaraðstöðu við Unaós. Einhvern tíma á árabilinu 1910—20 gerðu það erlendir menn, sem þá höfðu einhvern áhuga á að vinna járn úr járnauðugum sandi, sem þar er talinn vera í nokkrum mæli. Hef ég ekki haft neinar spurnir af því máli síðan.

Einn er sá staður við Héraðsflóa, sem ekki hefur komið við sögu nema sem svolítil verstöð á fyrri öldum, en það er vík sú, sem nefnd er í grg. með þessari till. og ber nafnið Múlahöfn. Vik þessi er við fjöllin vestan Héraðsflóa, nálægt miðri leið frá Keri, sem áður er nefnt, og Kollumúla, sem er fjallsendinn vestan flóans. Vík þessi gefur skjól í sumum áttum, en er allmikið opin fyrir sunnan- til austanáttar og þó mest fyrir suðaustanátt, því að þá velta sjóar Héraðsflóa mjög óhindraðir inn á víkina. Stærð víkurinnar mun vera nálægt 200 m á breidd og um 200 m á lengd, og er nóg

sagt, að eitt lítið skip geti legið þar fyrir akkerum, en nokkrir minni bátar ættu að komast þar fyrir samtímis. En þegar búið væri með garði að loka fyrir ókyrrð frá sjónum í sunnan- til austanáttar og búið að byggja þar bryggjur, væri betri aðstaða fyrir báta og smærri skip þar inni, þar eð hið litla pláss þar mundi notast betur en nú er. Mesta dýpi er talið vera í miðri víkinni, um 5 m. Hvort innsigling er hrein þarna, veit ég ekki, en geri þó ráð fyrir, að hún sé sæmileg. Við víkina er ekkert undirlendi, og rísa fjöllin þar strax sæbrött upp í 500—600 m, en samt ætti að vera hægt að koma þar fyrir vörugeymsluhúsum og íbúðarhúsi fyrir mann, sem annaðist birgðavörzlu og afhendingu vara. Vegalengdin frá Múlahöfn og inn að Keri mun vera um eða yfir 3 km, og liggur leiðin um illfærar skriður með hamraflugum og klettarönum í sjó fram, en um þessa leið yrði að leggja veg frá Múlahöfn inn að flóabotni við Ker. Múlahöfn virðist ekki geta orðið viðkomustaður millilandaskipa, en aðeins báta og smærri strandferðaskipa, og um skilyrði til þorpsmyndunar þar virðist ekki að ræða. Má þakka fyrir, ef hægt er að fá eftirlitsmann til búsetu þar, og menn til afgreiðslu báta eða skipa yrði þá að fá af sveitabæjum langt frá.

Að sjálfsögðu veit ég ekki, hvað vegur frá Múlahöfn inn að Keri muni kosta, en ósennilegt er, að hann yrði ekki yfir 2 millj. kr., og umferð þar að vetrarlagi mundi ýmist eiga yfir höfði sér hættu af grjótflugi, svellalögum eða snjóflóðum. Frá flóabotni taka svo við vegleysur inn að yzta bæ í Jökulsárhlíð, og svo þaðan þarf uppbygging vega, sem eru nú að mestu ruddir sumarvegir. Er vegalengdin milli Kers og Jökulsárbrúar ekki minni en 40 km, og þykir mér ótrúlegt, að ekki þurfi einar 5—6 millj. til að gera þar góða vetrarfæra bílvegi. Taka svo þar við enn 26 km frá Jökulsárbrú að Egilsstöðum, þar sem aðalverzlunarstaður héraðsins er nú og miðstöð þess í flestum greinum. Þennan vegarkafla mundi stórlega þurfa að byggja upp. Virðist mér því, að ef ætti að gera Múlahöfn nothæfa fyrir héraðið, eins langt og hún hrekkur, yrði jafnframt að gera veg frá henni til Egilsstaða fyrir upphæð, sem mundi nálgast 10—12 millj. kr. Gæti þó þessi vegur aldrei að vetrarlagi gefið öruggt samband við höfnina sökum snjóþyngsla um Úthérað og af fleiri ástæðum. Auk þess yrði þessi höfn ákaflega illa staðsett til afnota fyrir héraðið í heild og mundi aldrei leysa neina þörf Mið- og Upphéraðs vegna vegalengda, ef miðað er hins vegar við Egilsstaði og Reyðarfjörð.

Auk vegalagninga kæmi svo strax til óhjákvæmileg brúargerð yfir ýmsar ár á leiðinni Múlahöfn—Egilsstaðir og einnig endurbygging einhverra brúa, sem ekki mundu þola þungavöruflutninga frá Múlahöfn. Get ég vel hugsað mér, að nauðsynlegar brúargerðir mundu kosta nálægt 10 millj. kr. og þannig vegasambandið allt yfir 20 millj., og þar við bætast svo mannvirki í víkinni sjálfri.

Aðalsamband Fljótsdalshéraðs er nú eftir þremur leiðum til sjávar: Frá Borgarfirði, en vegurinn þaðan til Héraðs mun vera nálægt 20 km, og er þá komið til Héraðs nálægt botni flóans við Austurfjöll. Er hér um sumarveg að ræða, en oft snjóléttan fram á vetur. Annars vegar vegur frá Seyðisfirði, nálægt 26 km þaðan til Egilsstaða, og er hér um góða sumarleið að ræða. Í þriðja lagi vegur frá Reyðarfirði til Egilsstaða, nálægt 35 km. Hér er um ágætan sumarveg að ræða og nokkuð langt komið að byggja hann upp sem vetrarveg, enda mikil nauðsyn, þar sem um hann er fluttur mestur hluti alls þungaflutnings frá og til Fljótsdalshéraðs. Í Egilsstaðaþorpi eiga nú verzlanir orðið aðsetur og þar á meðal aðallega Kaupfélag Héraðsbúa, sem hefur þar nú umfangsmikið útibú ásamt frystihúsi og mjólkurbúi, og í ráði er, að aðalstöðvar kaupfélagsins verði bráðlega fluttar þangað. Verður Reyðarfjörður þá nokkurs konar upplagsstaður eða hafnarbær fyrir Egilsstaðaþorp, sem liggur sérstaklega vel fyrir öllum viðskiptum um Hérað, bæði sökum þess, hve þorpið liggur miðleiðis í héraðinu, og þaðan liggur vegakerfi í allar áttir.

Ég tel, að staðreyndin sé sú, að við Héraðsflóa séu engin hafnarskilyrði, sem nýtileg eru eða vel eða viðunandi í svelt sett. Að byggja þar höfn fyrir opnu og úfnu hafi ráðum við ekki við, og þótt ekki fengist nema lítið brot árlega af því, sem ég tel, að til slíkra hafnargerða og mannvirkja þyrfti, í viðbót við það fé, sem árlega gengur til umbóta á samgöngukerfi innan héraðsins, þá væri því þannig betur varið að mínum dómi, a. m. k. um næstu framtíð. Og ég tel, að þegar öflug verzlunarmiðstöð með öllum nauðsynlegum mannvirkjum er upp risin í Egilsstaðaþorpi og góður vetrarvegur kominn þaðan til Reyðarfjarðar ásamt vegasambandi til verzlunarstaðanna Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar, þá sé a. m. k. um alllanga framtíð sæmilega séð fyrir þörfum Fljótsdalshéraðs í verzlun og viðskiptum. Og nú þegar er Egilsstaðaþorp orðið miðstöð flugsamgangna eystra, og verður sú samgöngubót að teljast mikilvæg og ekki annars staðar betur niður komin hvað varðar íbúa Fljótsdalshéraðs.

Þrátt fyrir þetta tel ég sjálfsagt, að þessi till. sé samþ., fyrst hún er fram komin. Rannsóknin er upplýsandi fyrir þá, sem lítt eru kunnir staðháttum við hinn mikla Héraðsflóa, og mun sýna, að við aðra staði verður að styðjast sem upplagshafnir fyrir Hérað og í samgöngumálum verður að byggja upp og auka vegakerfi það, sem nú er til staðar um héraðið, og einnig til þeirra verzlunarstaða, sem Fljótsdalshéraði er nauðsyn að hafa samband við. Ef þeir, sem halda nú fram hafnargerð við Héraðsflóa, sannfærast um það við fyrirhugaða rannsókn á hafnarstæðum þar, að sú er ekki leiðin til aukinna hagkvæmra samgöngubóta fyrir héraðið, og ganga til liðs við þá, sem leggja áherzlu á sem mestar fjárveitingar til aukinna vegabóta um Fljótsdalshérað og þaðan niður til fjarða, þá tel ég vel.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 24. febr., var fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Það er nú liðin heil vika, síðan þetta mál var á dagskrá, en hv. 2. þm. Austf. (HÁ) flutti þá alllanga ræðu um það, og mér virtist sem honum hefði

þótt framsaga mín allófullkomin, sem ég flutti með þessari þáltill., sem hér liggur fyrir. Og að því leyti sem mér finnst, að ég megi taka þetta sem föðurlega umhyggju fyrir mér, þá er skylt að þakka slíkt.

En fyrri hluti ræðunnar var einnig eins konar sögulegt yfirlit um lendingarstaði Héraðsflóa og vöruflutninga þangað, og þær upplýsingar, sem hv. þm. kom með um þennan stað, voru náttúrlega eðlilegar og réttmætar á þessu stigi. En mér þykir þó rétt að minnast á eitt atriði í þeim, og það er viðvíkjandi þessari svonefndu Múlahöfn, sem aðeins er drepið á í grg. Þar er þess getið, að aðstaða sé að vísu mjög erfið á landi, og enginn dómur að öðru leyti lagður á mögulelka um að gera þar höfn. En þær upplýsingar, sem hv. þm., Halldór Ásgrimsson, kom með, voru nú nokkuð á annan veg en t. d. upplýsingar, sem er að finna í nýútkomnu riti. Það er 50 ára minningarrit Kaupfélags Héraðsbúa, sem er ritað af Benedikt Gíslasyni frá Hofteigi, og með leyfi hæstv. forseta, ætla ég aðeins að lesa hér örfáar línur, en þar segir: „Hliðið milli varnargarðanna, þ. e. innsiglingin, sem er fyrir miðri höfninni, 200—300 faðma breitt og hreint nema tvær flúðir sín til hvorrar handar við tangasporðinn.“ Ég man nú ekki alveg, hvað hv. þm., Halldór Ásgrimsson, nefndi, að þetta væri langt, en það var a. m. k. allmiklu minna en þarna er greint frá. Á þetta vildi ég aðeins minna, án þess að ég ætli frekar að fella nokkurn dóm um það, hver niðurstaða muni verða af væntanlegri rannsókn, sem fram færi m. a. á þessum stað.

En síðari hluti ræðu hv. 2. þm. Austf. virtist mér mjög ótímabær við þessar umr., eins og t. d. bollaleggingar um vega- og brúargerðir á Fljótsdalshéraði. Ég held, að það sé mál, sem a. m. k. á þessu stigi sé ekki eðlilegt að vera að ræða hér, auk þess sem ég vænti þess, að flestum sé ljóst, að vegi og brýr verða byggðirnar að fá, hvaðan sem samgönguæðarnar kunna að liggja. Þessi kafli ræðunnar var þess vegna að mínu viti algerlega ótímabær og ekki eðlilegur, fyrr en þá að jákvæð niðurstaða lægi fyrir af þeirri rannsókn, sem hér er lagt til að gerð verði, ef þá þætti eðlilegt að taka slíka afstöðu til málsins. En ég verð nú að segja það, að það er ekki í samræmi við mínar hugmyndir um málflutning að tala á þann veg, er hv. þm. gerði, og enda svo ræðuna á því, að það sé sjálfsagt, að málið nái fram að ganga.

Ég flutti þessa þáltill. vegna þess, að ég tel nauðsyn á því, að þessi rannsókn verði gerð. Og þó að ég gerði stutta grein fyrir því í framsögu og grg. sé einnig stutt, vænti ég, að flestum hv. þm. sé ljóst, hvað hér er um að ræða. En ég flutti hana einnig fyrir ákveðin tilmæli manna af Út-héraði. Og ég ætlast til þess, og það er sjálfsagt líka eðli málsins, að þessi rannsókn verði gerð af hálfu vitamálastjórnarinnar, og það er fjarri því, að ég telji nægilegt, að fyrir liggi dómur hæstv. 2. þm. Austf. í þessu máli.

Ég ætla ekki, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, að spá neinu um það, hver niðurstaðan kunni að verða af þessari væntanlegu rannsókn, hvort hún verði það, sem við getum kallað jákvæð eða neikvæð. En ef hún yrði jákvæð, verður áreiðanlega tækifæri fyrir hv. 2. þm. Austf. að taka upp umr. á ný og þá kannske í þeim anda, sem síðari hluti ræðu hans var hér á dögunum, ef honum þykir það þá henta.

Ég vil svo aðeins endurtaka það, að ég óska eftir því, að umr. verði frestað og till. gangi til hv. fjvn.

Halldór Ásgrímsson: Það eru aðeins örfá orð, herra forseti. Mér skilst á hv. 3. þm. Austf., að hann hafi kveinkað sér svolítið að óþörfu undan þeim upplýsingum, sem ég gaf um þetta mál. Hann vill láta í það skína í þeirri ræðu, sem hann hélt nú, að þær upplýsingar, sem ég gaf um Múlahöfn, stönguðust nokkuð á við þær heimildir, sem hann hefði um málið, og vitnaði þar í skrif Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi. Ég get ekki gert að því, þó að eitthvað stangist hér á. Ég held, að Benedikt hafi haft sínar heimildir frá Ólavíusi hinum íslenzka á 18. öld, og það er ekki hans sök, Benedikts, þó að þar sé nokkuð lauslega skýrt frá málum. Ég ætla að hugga hv. 3. þm. Austf. og hv. d. með því, að mínar heimildir eru frá vitamálastjórninni. Ég kastaði engum hönd-um að því, fyrst ég hafði ekki sjálfur nógan kunnugleika um Múlahöfn, að leita mér upplýsinga, og þær eru frá vitamálastjórninni, og verður hver einn að dæma, hvort líklegra sé að sé nærri staðreyndum, það, sem stendur í þessari bók Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi, eða umsögn vitamálaskrifstofunnar.

Að öðru leyti ætla ég ekki að svara hv. ræðumanni, það er ástæðulaust. Það er engin mótsögn í því, þó að það kæmi fram í ræðu minni óbeint, síðast þegar þetta mál var til meðferðar, þó að niðurstaða mín væri nokkur vantrú á, að þetta mál yrði raunhæft, en ég tók það fram, og það er rétt eftir haft, en slitið samt úr samhengi, að ég taldi þrátt fyrir það, fyrst þessi till. er komin fram, sem ég dreg enga dul á að er mikið lituð af óraunhæfri óskhyggju og nokkuð fjarri þeim staðreyndum, sem vitað er að eru til staðar í málinu, þá tók ég það fram, að ég tel alveg sjálf-sagt, að þáltill. verði samþ., svo að hv. 3. þm. Austf. fái að vita það eftir réttri boðleið, sem hann virðist ekki vita nú, þó að hann sé búinn að vera á Héraði í mörg ár, að þetta er ekki leiðin til þess að bæta samgöngur á Héraði. Í fram-söguræðu sinni, þegar þetta mál var áður til umr., var hans rökstuðningur sá sérstaklega, að á Héraði væri að vaxa upp skógur, sem allir vita að er Hallormsstaðarskógur. Menn vonast eftir því, að sá skógur blómgist og þroskist og gefi á sínum tíma og sem fyrst af sér nytjavið, þar vaxi upp nytjaskógur. Og þá átti það að lýsa þörfinni á að koma upp höfn, t. d. í Múlahöfn eða annars staðar við Héraðsflóa, að koma þyrfti þeim nytja-trjám til sjávar. En það er nú að sellast nokkuð langt, ef það er atriði að flytja trén til sjávar úr Hallormsstaðarskógi miklu lengri leið og erfiðari en niður til Reyðarfjarðar. Ég aðeins minnist á þetta að gefnu tilefni, þar sem hv. 3. þm. Austf taldi ástæðu til þess að fara að fjölyrða um mína ræðu, sem ekki snerist neitt gegn framgangi þáltill., en gaf eftir atvikum sanna og samvizkusamlega lýsingu á staðháttum þarna.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

5. Siglufjarðarvegur.

Á 13. fundi í Nd., 5. des., og 8. fundi í Sþ., 7. des., var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um öflun lánsfjár vegna lagningar Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar) [35. mál] (A. 55).

Á 9. fundi í Sþ., 28. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. og 17. fundi í Sþ., 3. og 24. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 2. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Við allir þm. úr Norðurlandskjördæmi vestra flytjum í Sþ. á þskj. 55 till. til þál. um öflun lánsfjár vegna Strákavegar, en undir því nafni gengur vegurinn venjulega í daglegu tali. Hljóðar ályktunin þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að athuga möguleika á öflun lánsfjár, allt að 12 millj. kr., til að ljúka lagningu Siglufjarðarvegar ytri, Strákavegar. Verði athugun þessari lokið sem fyrst og eigi síðar en svo, að niðurstaða liggi fyrir 15. marz 1960."

Í grg. með till. þessari er gerð grein fyrir tilganginum með flutningi hennar, en til viðbótar því, sem þar er tekið fram, vil ég aðeins taka þetta fram:

Frá því á árinu 1956 hefur verið veitt fé til lagningar þessa vegar á fjárlögum, venjulega 500 þús. kr. Eins og kunnugt er, er hér um stórvirki á sviði vegagerðar að ræða, og er fyrirsjáanlegt, að með þessari fjárveitingu aðeins mundi lagning vegarins taka óeðlilega og óhæfilega langan tíma. Hefur því þeirri hugmynd skotið upp, að hagkvæmast mundi verða að reyna að afla lánsfjár, allt að 12 millj. kr., til að ljúka vegargerðinni á þremur árum. Í sambandi við þessa fyrirhuguðu lántöku hefur verið gert ráð fyrir, að afborganir af láninu yrðu greiddar með framlagi til vegarins á fjárlögum, en vexti af því ættu að greiða í sameiningu bæjarsjóðir Siglufjarðar- og Sauðárkrókskaupstaða og sýslusjóður Skagafjarðarsýslu, og fengju þessir aðilar e. t. v. heimild til þess að taka skatt af þeim bifreiðum, sem ækju um hin fyrirhuguðu jarðgöng, sem ætlunin er að leggja í gegnum hið svokallaða Strákafjall fyrir utan og vestan Siglufjörð.

Ég vil taka það fram, að allar þessar áætlanir og ráðagerðir eru gerðar í nánu samráði við vegamálastjóra.

Á þinginu í fyrravetur var flutt frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna lagningar Siglufjarðarvegar ytri. Ekki þótti þó tímabært að afgreiða frv. þetta sem lög á því þingi, og var því vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún, þ. e. ríkisstj., ásamt bæjarstjórnunum á Siglufirði og Sauðárkróki og sýslunefnd Skagafjarðarsýslu tæki til athugunar fyrir næsta reglulegt Alþingi, hvaða möguleikar væru til öflunar lánsfjár til verksins. Ekki er kunnugt um, að þessar athuganir hafi leitt til ákveðinnar niðurstöðu, og er það af þeim sökum, sem þessi þáltill. er flutt.

Ég vil að lokum geta þess, að Siglufjarðarvegur ytri mun vera eitthvert mesta hagsmunamál, sem vitað er um að nokkru sinni hafi verið á döfinni fyrir Siglfirðinga og Út-Skagfirðinga. Með því að gert er ráð fyrir, að vegur þessi yrði fær mestan hluta ársins, mundi hann sennilega breyta búskaparháttum Út-Skagfirðinga að verulegu leyti, um leið og hann ryfi þá einangrun, sem Siglufjörður hefur búið við frá upphafi að vetrarlagi. — Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en legg til, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. fjvn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur hér lýst því mikla hagsmunamáli, sem það er Siglufirði og reyndar fleiri héruðum þar í grennd að ljúka þeirri vegarlagningu, sem byrjað er á fyrir Stráka, og get ég vissulega undir það tekið, að það er mjög veigamikið atriði, ekki hvað síst fyrir Siglufjörð, að þessi samgöngubót fáist sem fyrst.

Ég vil hins vegar í sambandi við þetta mál koma hér á framfæri annarri ósk, sem er hliðstæð þeirri, sem kemur fram í þáltill. þessari, en það er beiðni um hliðstæða fyrirgreiðslu til þess að ljúka lagningu svokallaðs Múlavegar, sem er svipuð vegaframkvæmd, að vísu ekki jafnstór í sniðum og þessi vegur er, en hefur mjög mikla þýðingu, ekki aðeins fyrir Ólafsfjarðarkaupstað, sem mest hefur beitt sér fyrir þessari vegarlagningu, heldur einnig fyrir byggðarlögin við Eyjafjörð og þá einnig fyrir Siglufjörð. Með þeirri vegarlagningu styttist t. d. leiðin milli Ólafsfjarðar og Akureyrar um nærfellt 170 km, og gefur auga leið, hversu þýðingarmikið það er, að slík vegarbót fáist, því að vitanlega hafa sveitarfélögin og kauptúnin og kaupstaðirnir við Eyjafjörð margvísleg skipti sín á milli, og því er tenging þessara staða við Akureyri og innhéruð Eyjafjarðar mjög þýðingarmikil. Það hafa borizt til Alþ. áskoranir bæði frá bæjarstjórn Ólafsfjarðar og einnig bæjarstjórn Akureyrar og sveitarstjórn Dalvíkurhrepps um það, að lögð verði áherzla á að ljúka þessum vegi sem fyrst, og þá m. a. borin fram ósk um það, að veitt verði fyrirgreiðsla, annaðhvort með lántöku eða með ríkisábyrgð, til þess að taka nokkurt lán, 3—4 millj. kr., til þess að unnt verði að ljúka þessum vegi nú helzt á þessu ári.

Þar sem hér er um hliðstæða fyrirgreiðslu að ræða og um er fjallað í þessari þáltill., vildi ég beina því til þeirrar hv. n., sem fengi þetta til meðferðar, að athuga einnig þá ósk, sem fram

hefur komið og send hefur verið Alþ. um þessa fyrirgreiðslu við lagningu Múlavegar.

Það má vafalaust um það deila, hvort rétt sé að fara inn á þá braut að taka lán til þess að ljúka ákveðnum vegaframkvæmdum eða vinda þeim áleiðis. En hins vegar held ég, að það sé nokkurn veginn ljóst mál, að varðandi þá vegi, sem hér er um að ræða, sé þannig ástatt, að það verði ekki að þeim unnið með skynsamlegu móti án þess að gera veruleg átök í einu, miðað við þær stórvirku vinnuvélar, sem þarf að nota við þessar vegarlagningar, og því verði naumast hjá því komizt með einhverju móti að afla lánsfjár til framkvæmdanna. Ég tel, að hvor tveggja þessi mál séu þjóðhagslega mjög mikilvæg, auk þess sem þau hafa grundvallarþýðingu fyrir þessi byggðarlög, sem hér er um að ræða, og tel því sjálfsagt, að bæði þessi till., sem hér um ræðir, og einnig sú ósk, sem fram hefur komið frá þeim aðilum, sem ég greindi, verði tekin til athugunar og íhuguð gaumgæfilega öll hugsanleg úrræði til þess að leysa þann vanda, sem hér er við að glíma.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 55, n. 354, 208).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér um ræðir, er í rauninni samsteypa af till., sem flutt var á þskj. 55, og annarri till., *sem flutt var á þskj. 208. Fyrri till., sem er frum*till. í málinu, á þskj. 55, er um að fela ríkisstj. að athuga möguleika á öflun allt að 12 millj. kr. lánsfjár til lagningar Siglufjarðarvegar ytri eða svokallaðs Strákavegar, og hin till., sem var brtt. við þá till., er um, að jafnframt verði ríkisstj. falið að athuga um möguleika á öflun lánsfjár, allt að 4 millj. kr., til þess að ljúka lagningu Múlavegar.

Fjvn. hefur athugað þessar till. allýtarlega og fengið um þær álitsgerð frá vegamálastjóra, þar sem hann ræðir mjög glöggt og skilmerkilega kjarna þessa máls, og á grundvelli þeirrar álitsgerðar hefur orðið samkomulag um það í fjvn. að leggja til, að till. verði afgr. í því formi, sem segir á þskj. 354. Sú breyting er þar á gerð, að í stað þess að fela ríkisstj. að athuga með lánsfjáröflun er ríkisstj. falið að láta gera framkvæmdaáætlun um lagningu þessara tveggja vega. Með þessu er við það átt, að gerð sé gangskör að því að gera sér grein fyrir, hvernig unnið yrði að þessum vegaframkvæmdum báðum, sem eru mjög hliðstæðar. Það er augljós nauðsyn þess, að þetta verði gert. Ekki hvað síst á þetta við um Siglufjarðarveg, þar sem svo er ástatt, að það þarf að vinna þar vissa áfanga með samfelldu átaki, og það er af öllum ástæðum ljóst, þar sem um svo dýra vegagerð er að ræða eins og báða þessa vegi, að það er mjög mikilvægt, að nú þegar verði gerð áætlun um, hvernig megi ljúka vegunum.

Lántökuheimildir þær, sem gert var ráð fyrir í umræddum till., nægja ekki til þess að ljúka umræddum vegum. Það er gert ráð fyrir því eftir þær breytingar, sem nú hafa orðið á verðlagi, að til þess að ljúka Siglufjarðarvegi muni þurfa um 16 millj. kr. og til þess að ljúka Múlavegi muni þurfa um 7 millj. kr. Það er því af þeirri ástæðu ljóst, að till. gera ekki ráð fyrir nægilegri lánsfjáröflun til þess að ljúka vegunum.

Það kemur að sjálfsögðu mjög til álita, hvort ekki verði nauðsynlegt að taka að einhverju leyti lán til þessara vega. En það er vert að vekja athygli á því, að slík lántaka er mjög varasöm, ef hún nægir ekki til þess að ljúka verkinu, vegna þess að án efa yrði að semja um lánið á þann hátt, að fjárveitingar gengju smám saman til greiðslu á láninu, og ef ófullnægjandi lán er tekið of snemma, mundi það ekki valda öðru en því, að stöðnun yrði síðar á verkinu um nokkurra ára bil. Það þarf því nánari athugunar við og kemur að sjálfsögðu til álita í sambandi við framkvæmdaáætlun um verkið, hvað fært þykir að taka af lánum í þessu skyni og á hvaða stigi framkvæmdanna slík lán skuli vera tekin. Það hefur verið um það talað, þegar þessu máli hefur áður verið hreyft hér á Alþ., *og það fram borið af viðkomandi sveitarfélögum*, að þau stæðu straum af vaxtagreiðslum af slíkum lántökum. Þegar þau tilboð lágu fyrir, var það hvort tveggja, að gert var ráð fyrir miklu lægri fjárupphæðum og enn fremur að vextir hafa síðan mjög hækkað, og það er því mjög óvíst, að viðkomandi aðilar telji sér fært eða séu raunverulega færir um að standa straum af slíkum vaxtagreiðslum, sem nema mundu nú mjög háum fjárhæðum, ef ætti að taka lán til þess að ljúka þessum framkvæmdum nú. Það hefur hins vegar verið föst venja, að ríkissjóður tæki ekki á sig að greiða vexti af lánum, sem tekin eru til þess að hraða lagningu þjóðvega.

Öll þessi atriði valda því, að það er nauðsynlegt að taka þetta mál í heild til athugunar og gera sér grein fyrir, hvernig unnið verði að lokamarkinu. Það er hins vegar jafnljóst, og um það er fjvn. sammála, að það er hin mesta nauðsyn að hraða þessum vegagerðum. Þær hafa báðar mjög mikilvægt þjóðhagslegt gildi og eru sérstaklega þýðingarmiklar að sjálfsögðu fyrir þau byggðarlög, sem hér eiga hlut að máli. En hvort tveggja er, eins og ég áðan sagði, að málið liggur nú ekki þannig fyrir, að það sé hægt að gera sér heildarmynd af því án nánari athugunar, miðað við það breytta verðlag, sem nú er, og breyttar aðstæður að ýmsu leyti, og enn fremur er einnig hér um það að ræða, sem að sjálfsögðu verður að gera sér grein fyrir, hvort fært þyki almennt að fara út í lántökur til vegagerða af hálfu ríkisins. Hingað til hefur ríkið ekki tekið slík lán, heldur hafa það verið hin einstöku byggðarlög, sem um er að ræða, sem þau hafa tekið. Það liggja fyrir Alþ. nú bæði frv. um sérstakt lán til vegagerða í ákveðnum landshlutum og auk þess liggur enn fremur fyrir önnur þáltill., sem hefur ekki verið afgr. enn, um lántöku til eins tiltekins vegar. Um þetta þarf að sjálfsögðu að taka heildarákvörðun, hvort inn á slíka braut þykir fært að fara eða ekki. En það breytir ekki því, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, er þess eðlis, að því þarf

sérstaklega að sinna, og það er skoðun fjvn., að með þeirri afgreiðslu, sem hún leggur til að verði á málinu, verði að því stuðlað, að heildarathugun fáist á því, hvernig hægt verður að leysa það bæði framkvæmdalega og fjárhagslega á þann veg, að þessum mikilvægu framkvæmdum geti orðið lokið sem fyrst.

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir fyrirgreiðslu hennar við afgreiðslu þessarar þáltill. Ég játa það að vísu hreinskilnislega, að ég hefði eindregið óskað þess, að orðalag það, sem n. vill hafa á till., hefði verið meira í samræmi við efni hennar, eins og það upprunalega var, þ. e. a. s., að ríkisstj. yrði falið að athuga möguleika á öflun lánsfjár til þessarar nauðsynlegu framkvæmdar, þ. e. a. s. Siglufjarðarvegar ytri eða svokallaðs Strákavegar. Hitt játa ég einnig, að ég tel nauðsynlegt, að framkvæmdaáætlun verði gerð um vegarlagningu fyrir Stráka og Ólafsfjarðarmúla þá einnig með það fyrir augum að ljúka vegargerðum þessum svo fljótt sem auðið er, eins og segir í till. hv. n. Og í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. veiti liðsinni sitt til þess, að auðið verði að ljúka þessum vegaframkvæmdum sem fyrst, get ég fyrir mitt leyti samþykkt þessa afgreiðslu hv. n., þótt ekki sé ég alls kostar ánægður með hana, eins og ég áður tók fram. Frá mínu sjónarmiði er það aðalatriði, að framkvæmdir við þessar vegargerðir stöðvist ekki, og víst er um það, að þeim mun ekki verða lokið á eðlilegum tíma nema með lántökum, og ég sé ekki, að slíkar lántökur geti orðið framkvæmanlegar nema a. m. k. að einhverju leyti fyrir atbeina og fyrir tilstilli hæstv. ríkisstjórnar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að láta í ljós nokkur vonbrigði með afgreiðslu hv. fjvn. á þeirri frumtill., sem liggur til grundvallar í þessu máli. En eins og fram hefur komið, var í þeirri frumtill. farið fram á, að athugaðir væru lánsmöguleikar til Siglufjarðarvegar ytri eða svokallaðs Strákavegar. Ég lít svo á, að það hefði verið nokkurn veginn útlátalaust að samþykkja þessa aðaltill. eftir efni sínu, því að það var ekki farið fram á annað í henni en athuga möguleika til lánsfjárútvegunar til lagningar þessa vegar. Og hvað því viðvíkur, að sú upphæð, sem nefnd er í till., mundi ekki nægja, þá er þess að geta, að þessi till. var flutt á öndverðu þessu þingi og áður en þær verðlagsbreytingar urðu, sem stafa af þeim efnahagsaðgerðum, sem síðar hafa átt sér stað, en það hefði vitaskuld verið mjög auðvelt verk að breyta upphæð þessari í till.

Án þess að ég ætli að fara langt út í forsögu þessa máls hér, vil ég aðeins minna á, að á síðasta reglulega Alþingi var flutt hér frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna Siglufjarðarvegar ytri. Meðferð á því frv. lauk þannig, að því var vísað til ríkisstj. til athugunar, og ríkisstj. brást þannig við, að hún mun hafa sent vegamálastjóra það til athugunar, og þeirri fsp., sem ríkisstj. sendi til vegamálastjóra, hefur vegamálastjóri í raun og veru þegar svarað með því að láta frá sér fara allýtarlega grg. um þetta efni, þar sem hann m. a. gerir grein fyrir því, hvernig hann álítur skynsamlegt eða í hvaða tímaröð hann álítur skynsamlegt að haga framkvæmdum á þessum stað, þ. e. að því er varðar Siglufjarðarveginn ytri. Það má þess vegna segja, að það liggi nú þegar fyrir að nokkru leyti, að það sé að nokkru leyti raunar þegar búið að framkvæma það, sem tillgr. í sinni núverandi mynd fer fram á, a. m. k. að því er varðar Siglufjarðarveg hinn ytri.

Það fer því ekki hjá því, að þessi afgreiðsla málsins, sem hér er fyrirhuguð, muni valda Siglfirðingum sérstaklega og raunar Skagfirðingum allverulegum vonbrigðum. Það þarf ekki að rekja það fyrir hv. þingmönnum, hversu mikil samgönguvandræði Siglufjörður hefur átt við að búa og á enn við að búa. Þau eru að mínu viti algerlega sérstök, þegar í hlut á jafnstór bær og byggðarlag, sem leggur í raun og veru jafnmikið af mörkum til þjóðarbúsins og Siglufjarðarbær gerir. En það þarf ekki að rekja það hér, að Siglufjörður er ein aðalsíldveiðistöð landsins. Þar er mikið athafnalíf á vissum árstíma, þar er aflað gjaldeyris í þjóðarbúið, sennilega með því mesta, sem er á nokkrum stað. Það er þess vegna ofur eðlilegt, að Siglfirðingar telji sanngjarnt, að þjóðarbúið líti til þeirra og leggi af mörkum eitthvað í þeirra hlut og líti á þeirra þörf. Það má vel vera, að það sé álitamál almennt séð, hvort ríkið eigi að fara út í lántökur vegna vegalagningar, en ég vil benda á það, að samgönguvandræði Siglufjarðar eru í þessu efni alveg sérstök, þar sem byggðarlagið, svo fjölmennt sem það er, er algerlega einangrað mikinn hluta af árinu og þær flugsamgöngur, sem um nokkurt skeið hafa leyst vanda byggðarlagsins, hafa legið niðri um skeið, og er víst mjög vafasamt um framtíð þeirra. Og í raun og veru er það ekkert meira, þegar svona sérstaklega stendur á, að leysa vandræði slíks byggðarlags með lántöku til vegarlagningar en t. d. gert er að leysa samgönguvandræði eins og annars byggðarlags með því t. d. að láta smíða skip á kostnað ríkissjóðs, sem kostar alls ekkert minna fé máske en þarf til slíkrar vegarlagningar sem þessarar, þannig að rök má vissulega finna fyrir því, að það sé litið á þá sérstöku þörf, sem hér er óvefengjanlega fyrir hendi.

Ég skal annars ekki fara að þreyta hv. þm. á því að fara að rekja mál þetta nánar. En ég hef talið rétt að undirstrika það alveg sérstaklega, að þarna er um sérstök samgönguvandræði að ræða, sem þarf að leysa, og það er öllum ljóst, eins og hér hefur verið tekið fram, að þau samgönguvandræði verða ekki leyst nema með alveg sérstökum aðgerðum, því að það kemur ekki til greina, að þau verði leyst með venjulegum framlögum á fjárlögum, og hitt er líka augljóst, að það er ofvaxið byggðarlaginu að leggja í þessa samgöngubót, sem er þó alveg nauðsynleg.

En af því tilefni, sem er gefið hér í nál. og kom að nokkru leyti fram hjá hv. frsm., að það er látið að því liggja í nál., þar sem segir, að það verði að telja mjög vafasamt, þótt lánsfé væri fáanlegt, að viðkomandi sveitarfélög gætu risið undir vaxtagreiðslum af slíkum lánum, enda liggur ekkert fyrir um það, að þau séu tilbúin að taka á sig slíkar kvaðir, miðað við þessar fjárhæðir og núverandi vaxtakjör, — þó að þetta sé vafalaust rétt,

svo langt sem það nær, sem þarna segir, þá vil ég af því tilefni — með leyfi forseta — leyfa mér að lesa upp hér ályktun frá bæjarstjórn Siglufjarðar, sem hún gerði á fundi sínum 11. febr. s. l., en sú ályktun hygg ég að hafi verið send öllum þingflokkunum og muni því í sjálfu sér vera þm. öllum kunn, en mér þykir þó rétt að skjalfesta hana hér. En hún hljóðar þannig:

„Bæjarstjórn Siglufjarðar skorar á þingmenn kjördæmisins að fá samþykkta á þessu þingi svo ríflega fjárveitingu til Siglufjarðarvegar ytri, að hægt verði að fullgera veginn frá Heljartröð út að fyrirhuguðum jarðgöngum að vestan á næstu tveimur sumrum, 1960 og 1961. Jafnframt flytji þeir frv. á Alþingi um lántöku fyrir Siglufjarðarveg ytri, svo að tryggt verði, að jarðgöngin gegnum Stráka, sem þegar er byrjað á, verði fullgerð eigi síðar en haustið 1961 og verði þá á komið vegasambandi við Siglufjarðarveg ytri. Lánið greiðist af ríkissjóði, en heimilað verði að leggja á vegarskatt til að afla fjár, sem gæti staðið undir vaxtagreiðslum af láninu a. m. k. að einhverju leyti."

Þessi ályktun var samþykkt af öllum bæjarstjórnarmönnum. Ég álít því, að það liggi í raun og veru enn fyrir, að Siglfirðingar a. m. k. eru sama sinnis í þessu máli og áður og þeir séu reiðubúnir að reyna að standa undir þessu láni að sínum hluta eða með þeim hætti, sem áður hefur verið um talað.

Ég kemst svo ekki heldur hjá því að lokum að láta það koma í ljós, að mér þykir miður, að blandað skuli saman þeim tveimur vegum, sem hér er um að ræða, Siglufjarðarvegi ytri og Múlavegi. Ekki svo að skilja, að ég vilji á neinn hátt telja eftir samgöngubót Ólafsfirðingum til handa. En ég hygg, að það geti engum kunnugum mönnum blandazt hugur um það, að þarna er tvennu ólíku saman að jafna, og ég fæ ekki skilið það, þegar hv. frsm. var að tala um, að það væri nauðsynlegt, að athuganir á þessum vegum báðum væru gerðar nokkuð jafnhliða. Ég held, að það sé allt annars konar vegargerð, sem er þarna um að ræða, hvor á sínum stað, og jarðgöngin fyrir Stráka og Siglufjarðarveg algerlega sérstaks eðlis, og því fæ ég ekki skilið annað en það, að með því að vera að blanda þessum tveimur málum þannig saman og vera að binda þau saman, þá sé verið að drepa á dreif till., sem flutt var hér á öndverðu þingi um Siglufjarðarveg hinn ytri. Og það vita það allir, sem staðháttum eru kunnugir, að staðhættir eru aðrir varðandi samgöngur við Ólafsfjörð og Siglufjörð. Ég er enginn sérfræðingur í þessum efnum, en ég hygg þó, að mörgum mundi hafa þótt það liggja beinna við að leysa samgöngumál Ólafsfirðinga með góðum og fullkomnum vegi um Lágheiði og tengja hann þannig við Fljót og Skagafjörð. En möguleiki á slíku er alls ekki fyrir hendi að því er til Siglufjarðarvegar kemur.

Ég hef hér látið í ljós nokkur vonbrigði með afgreiðslu þessa máls. Ég mun samt sem áður greiða þessari þáltill., — till., eins og hún liggur fyrir, — atkv., og það geri ég sérstaklega með skírskotun til þess, sem kemur fram í nál., þar sem það kemur fram, að n. er sammála um nauðsyn þess að taka til sérstakrar athugunar, hvernig auðið sé að haga framkvæmdum og fjáröflun til veganna á þann hátt og með þeim skilningi, að þarna sé því í raun og veru jafnframt stefnt til ríkisstj., þó að það komi ekki glöggt fram í tillgr. sjálfri, að það sé um fjáröflunina líka, sem á að fjalla í þessari athugun; enn fremur af þeirri ástæðu, að mér er það ljóst, að hér er um svo stórfellt mál að ræða og hér er um svo mikið átak að ræða, að það verður ekki leyst nema með góðri samstöðu allra stjórnmálaflokka, og það veit ég, að allir Siglfirðingar skilja og vilja, að að málinu verði unnið á þann hátt.

Umr. frestað.

Á 50. og 53. fundi í Sþ., 18. og 24. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Áður en ég ræði um till. á þskj. 55, sem hér er til umr., vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa kafla úr athugasemdum, sem bæjarstjóri og bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hafa gert við álitsgerð vegamálastjóra, dags. 18. marz s. l., um byggingu Siglufjarðarvegar ytri, Strákavegar. Ég vil minna á, sem reyndar kemur fram í aths. bæjarstjórans, að vegamálastjóri hafi með bréfi, dags. 11. marz 1959, birt aðra áætlun um byggingu Siglufjarðarvegar. Sú áætlun var miðuð við 3 ára tímabil, en sú síðari við 6 ár. Í bréfi bæjarstjórans og bæjarstjórnarinnar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„1. Vegamálastjóri setur fram þá hugmynd að vinna veginn frá Keldnakoti til Siglufjarðar á 6 árum. Vitnar hann í alþm. Siglufjarðar og Skagafjarðar, að þeir hafi á s. l. ári samþ. að vinna fyrir fjárveitingu til þessara vegakafla í einni heild. Út af fyrir sig getur það verið rétt að gera 6 ára áætlun um lagningu Siglufjarðarvegar og Siglufjarðarvegar ytri, en það er algerlega gagnstætt hugmyndum Siglfirðinga, að þessi 6 ára áætlun eigi að fela það í sér að fella niður framlag til Siglufjarðarvegar ytri á fjárl. þessa árs og næstu ára og hætta þar með allri vinnu við þessa vegargerð í næstu 3 ár, meðan verið er að fullgera veg inni í Skagafirði, hinn svonefnda Siglufjarðarveg. Slíkri vegargerð eða áætlun hljóta Siglfirðingar að mótmæla harðlega, því að enda þótt viðurkenna verði, að vegagerð ríkisins hafi vanrækt mjög vegarlagningu um norðanverða Sléttuhlíð og Fljót, þá er það mjög fráleitt að ráðgera, að Siglfirðingar stigi mörg skref til baka í vegarlagningaráformum um Stráka og felli niður framlög á fjárl. og bíði um óákveðinn tíma, meðan verið er að vinna að vegarlagningunni í Skagafirði.

Í álitsgerð vegamálastjóra frá 11. marz 1959 er gert ráð fyrir, að vegarlagningin um Stráka taki 3 ár. Ef farið hefði verið eftir þeirri áætlun og fé fengizt til vegarlagningarinnar skv. frv. til l. um Strákaveginn 1959, þá hefði umferðartíminn um veginn til og frá Siglufirði lengst um 4—5 mánuði á ári, miðað við þá vegi, sem nú eru í Fljótum og Sléttuhlíð.

Það er því fyrst og fremst ósk Siglfirðinga að komast í samband við þjóðvegakerfið um Stráka, eins fljótt og þess er kostur, en ekki að fullgera

veginn vestur undan, þó að þess sé vitanlega einnig þörf.

Í þessu sambandi er rétt að leggja áherzlu á að aðskilja framlagið til vegakaflanna á næstu fjárl., svo að Strákavegurinn verði ekki vanræktur algerlega undir því yfirskini, að vegakaflana eigi að vinna í sameiningu.“

Rétt er að geta þess, að enda þótt þm. Siglf. samþ. árið 1959 að lána af vegafé Strákavegar til vegarkaflans frá Stafá að Sandósi, sem er mesta torfæran á þessari leið, þá var alls ekki ætlun þeirra, að vegurinn yrði unninn í einni heild á þann hátt, sem sett er fram í 6 ára áætlun vegamálastjórans.

Svo kemur annar kafli:

„Vegamálastjóri telur, að honum finnist næsta ólíklegt, að ákvæði frv. um innheimtu“ — það er átt við frv., sem þm. fluttu 1959 — „á sérstökum vegartolli til greiðslu vaxta af láni við jarðgangagerðina mundi ná tilgangi sínum. Færir vegamálastjóri þau rök fyrir þessu áliti sínu, að innheimtan verði mjög kostnaðarsöm, 25 þús. kr. á mánuði 4 sumarmánuðina, að farið verði heldur eftir veginum um Siglufjarðarskarð tollfrjálst heldur en að greiða vegargjaldið fyrir umferðina um Strákaveg. Þessu er til að svara, að engin athugun hefur enn farið fram á því, hvernig fyrirkomulagið verður við innheimtu vegartollsins, ef samþ. verður, og ekki er heldur hægt fyllilega að gera sér grein fyrir umferðinni, hvernig hún er, hvað þá heldur hvernig hún mundi verða, þegar Strákavegurinn er fullgerður. Tilgátur vegamálastjóra í þessu efni eru því úr lausu lofti gripnar. Sama er að segja um það, að ferðamenn muni fremur velja Skarðsveg en Strákaveg til þess að forðast vegartollinn. Eins og allir vita, sem þekkja veginn yfir Siglufjarðarskarð, þá opnast sá vegur ekki fyrr en seint á vorin.“ — Það má geta þess t. d. núna í sambandi við þessa till., að vegurinn er alls ekki opnaður enn á þessu vori. „Og dæmi eru til þess, að vegurinn hafi eigi opnazt fyrr en í júlímánuði, eftir að jarðýtur hafa hamazt við snjóruðning vikum saman. Eins má geta þess, að vegurinn vestur í skarðinu er lagður þar, sem á liggur snjófönn, sem ekki hverfur nema í albeztu sumrum. Ef ekki yrði lögð sérstök áherzla á að moka Skarðsveginn og halda þeim vegi við, eftir að Strákavegurinn er kominn, þá er mjög ótrúlegt, að ferðamenn eigi nokkurt val um að fara um þann veg til þess að komast hjá vegartolli. Einnig er þess að geta í sambandi við vegartoll um væntanlegan Strákaveg, að um mörg undanfarin ár hafa bílstjórar á Siglufirði tekið svonefnt Skarðsgjald bæði beint og óbeint fyrir að fara Siglufjarðarskarð. Einnig má telja það vegartoll, sem allir bíleigendur greiða, sú aukna benzineyðsla og slit á bílum við að fara yfir þennan illa gerða, rúmlega 600 m háa fjallveg. Má því telja líklegt, að þeir, sem fara um Strákaveg, muni eins vilja greiða vegartoll fyrir umferð á þeim vegi. Það mun ekki ástæða til að óttast um það, að mikil umferð yrði um Siglufjarðarskarð, eftir að Strákavegurinn væri kominn í samband við þjóðvegakerfið, og þarf því ekki að trufla tolltekjur af umferð um Strákaveg. Má því gera ráð fyrir, að vegarskattur af umferð um Strákaveg verði mjög mikilsvert atriði við að standa straum af vaxtagreiðslu vegna lántöku til að vinna jarðgöngin.“

Þetta er kafli úr bréfi, sem okkur hefur borizt frá bæjarstjóra og bæjarstjórn sem svar við álitsgerð, sem vegamálastjóri hefur samið og sent okkur til umsagnar.

Ég tel, að í þessari álitsgerð, sem ég hef nú lesið, séu túlkaðar á mjög skýran og ótvíræðan hátt skoðanir og óskir Siglfirðinga í þessu máli og móti þeim verði tæplega gengið, svo framarlega sem það er meiningin að leysa vegaspursmál Siglfirðinga á sem stytztum tíma. Um vegarskattinn, sem rætt er um bæði í bréfi vegamálastjóra frá 18. marz s. l. og í bréfi bæjarstjóra, má að sjálfsögðu deila og aðallega um það, hvort slíkur skattur mundi koma að tilætluðum notum. Úr því getur vitanlega enginn skorið enn sem komið er. Þar verður reynslan að segja sitt álit um.

Þá kem ég að till. okkar á þskj. 55, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að athuga möguleika á öflun lánsfjár, allt að 12 millj. kr., til að ljúka lagningu Siglufjarðarvegar ytri, Strákavegar. Verði athugun þessari lokið sem fyrst og eigi síðar en svo, að niðurstöður liggi fyrir 15. marz 1960.“

Þáltill. þessi var flutt snemma á þessu þingi og þess vænzt af flm., að hægt yrði að fá hana afgreidda sem fyrst. Það næsta, sem gerist í málinu, er það, að hv. þm. Norðurl. e., formaður fjvn., ásamt 2 öðrum þm. flytur brtt. við till. okkar um, að aftan við fyrri málsl. till. bætist: „og allt að 4 millj. kr. til að ljúka lagningu Múlavegar“ — og fyrirsögn till. breytist í samræmi við áðurnefnda breyt. Með flutningi þessarar till. var ljóst þá þegar, að allmikill reipdráttur mundi skapast um málið og ýmsir örðugleikar mundu á því verða að fá viðunandi afgreiðslu á till. Ég mun á engan hátt draga úr nauðsyn þess fyrir íbúa Ólafsfjarðarkaupstaðar, að þeir fái vegasamband bætt frá því, sem nú er, enda er að því unnið. Sannarlega er þess mikil þörf, eins og reyndar fyrir alla þá staði, sem einangraðir eru mikinn hluta árs. Hinu verður þó ekki mótmælt, að töluvert erfiðara mun reynast að leysa vegasamband þessara staða beggja samhliða og gæti vel orðið til þess, að málið drægist á langinn um ófyrirsjáanlegan tíma. Hitt er svo á að líta, þar sem þm. Norðurl. e. virðast hafa lagt á það mikla áherzlu að koma Múlaveginum inn í till. okkar, þá hefði mátt búast við, að viðunandi afgreiðsla hefði fengizt á till., sérstaklega þar sem 2 af flm. brtt. eru í fjvn. og hv. 6. þm. Norðurl. e., 1. flm. till., er formaður fjvn. Þrátt fyrir það, sem hér hefur verið bent á, hefur hv. fjvn. ekki séð sér fært að afgreiða till. fyrr en á síðustu stundu og leggur þá fram alveg nýja till. á þskj. 354, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta gera framkvæmdaáætlun um lagningu vegar fyrir Stráka við Siglufjörð og Ólafsfjarðarmúla með það fyrir augum að ljúka vegagerðum þessum eins fljótt og auðið er.

Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um lagningu vega fyrir Stráka og Ólafsfjarðarmúla.“

Í grg. fyrir till. segir m. a., að það sé skoðun

n., að umræddar vegagerðir hafi mikla þýðingu fyrir atvinnulíf viðkomandi staða. Þetta eru ágætar upplýsingar, að fá það út af fyrir sig, en það eru bara upplýsingar, sem allir vissu áður. Þessi ummæli n. eru ágæt, en eins og ég tók fram áðan, þá er bara mjög langt síðan og hefur alltaf svo verið, að menn hafa verið þess fullvissir og vitað það, að vegarlagning til Siglufjarðar, sem yrði opin meiri hluta árs, og sama gildir um Ólafsfjörð, mundi hafa mjög mikla þýðingu fyrir atvinnulíf viðkomandi kaupstaðar. Það er ágætt, að hv. fjvn. skuli hafa komizt að þessari niðurstöðu, og mun hún þá sjáanlega eða vonandi stuðla að því, að bætt verði úr því ófremdarástandi, sem ríkir á þessum báðum stöðum og er litt viðunandi.

Þá ræðir n. um lánsmöguleika, og gætir þar vægast sagt ekki mikillar bjartsýni. N. vitnar í áætlun vegamálastjóra, sem telur, að kostnaður við vegina báða muni verða tæpar 23 millj. kr. Má jafnvel skilja það svo, að n. telji, að sú upphæð muni engan veginn nægja, miðað við núverandi verðlag. Áætlun sú, sem hv. fjvn. mun eiga við, er í bréfi vegamálastjóra, dags. 18. marz 1960. Er það svar við bréfi, dags. 9. júní 1959, frá rn., þar sem það óskar eftir umsögn vegamálastjóra um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna lagningar Siglufjarðarvegar ytri, Strákavegar. Frv. þetta var flutt á þinginu í fyrravetur. Þegar vegamálastjóri gerði sínar áætlanir, var vitað, að allt verðlag í landinu mundi stórlega hækka, enda gerir hann ráð fyrir því í þessari áætlun sinni. Í bréfi vegamálastjóra, á bls. 3, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í ofangreindri álitsgerð frá 11. marz 1959 var áætlað, að kostnaður við byggingu vegarins frá Heljartröð" — menn taki eftir því, að þar miðar hann við Heljartröð — „til Siglufjarðar um Stráka yrði 11.3 millj. kr. og auk þess 1.2 millj. kr. til byggingar brúa, eða samtals 12½ millj. kr. Unnið var á s. l. ári fyrir um 400 þús. við jarðgöngin, og eru þá eftir af þessari áætlun um 10,9 millj. kr., miðað við verðlag á s. l. ári, og þá eru allar brýr ógerðar."

Og svo segir áfram:

„Áætlað er, að vegagerðarkostnaðurinn hækki um allt að 25% vegna gengisbreytingarinnar og annarra ráðstafana í efnahagsmálum á þessum vetri, og hækkar þá kostnaðurinn við þennan hluta vegarins úr 10.9 millj. í 12.6 millj., en brúargerðarkostnaður úr 1.2 millj. kr. í 1.5 millj. kr., eða samtals 14.1 millj. kr."

Eins og sést af því, sem hér hefur verið sagt, gerir vegamálastjóri fyllilega ráð fyrir auknum kostnaði við vegarlagninguna vegna hinna nýju efnahagsráðstafana.

Þegar rætt er um Siglufjarðarveg ytri, öðru nafni Strákaveg, er átt við veg frá Heljartröð, sem er rétt norðan við bæinn Hraun í Fljótum, út Almenninga, Dalaskriður og Dalaland og gegnum fjallið Stráka og síðan inn með Siglufirði að vestan. Rétt er að benda á það, að lokið er við undirbyggingu vegar og byggingu brúa Siglufjarðarmegin. Samkv. áætlun vegamálastjóra kostar hinn nýi vegur frá Heljartröð til Siglufjarðar með núverandi verðlagi rúmar 14 millj. kr. Þegar búið væri með þennan vegarkafla eða þennan veg, væri Siglufjörður kominn í sæmilegt vegasamband, eins og fram kemur mjög skýrt og ákveðið í grg. frá bæjarstjóra og bæjarstjórn Siglufjarðar. Um lagfæringar á veginum vestur er það að segja, að vegurinn frá Haganesvík að Stafá verður fullgerður í vor og sumar. Þá er eftir kaflinn frá Stafá að Keldnakoti, sem er um 5 km á lengd, ásamt brú á Stafá. Þessi kafli er mjög sæmilegur til keyrslu, þar sem hann liggur að mestu um harða mela. Virðist sem það sé ekki sérstaklega aðkallandi að ljúka þeim vegarkafla. Aftur á móti væri mjög æskilegt, að hægt væri að byggja brú á Stafá, en samkv. áætlun vegamálastjóra kostar hún um 300 þús. kr.

Ef hv. fjvn. hefði verið umhugað um, að till. á þskj. 55 næði fram að ganga, hefði n. getað hækkað lántökuheimildina úr 12 millj. kr. í 14 millj. kr. En fjvn. virðist hafa takmarkaðan áhuga á framgangi málsins, eins og stendur. Það er sannleikurinn í málinu. Þá kemst n. að þeirri niðurstöðu, að það verði að teljast mjög vafasamt, þótt lánsfé væri fáanlegt, að viðkomandi sveitarfélög gætu risið undir vaxtagreiðslum af slíku láni, enda segir n., að ekkert liggi fyrir um það, að þau séu tilbúin til að taka á sig slíkar kvaðir. Í þessu sambandi má varpa fram þeirri spurningu til hv. fjvn., hvort hún hafi kynnt sér þessa hlið málsins. Hefur t. d. fjvn. leitað umsagnar ráðamanna viðkomandi bæjar- og sveitarfélaga um málið, og ef svo hefur verið gert, hvaða svör hafa n. þá borizt? Þetta væri mjög gott að fá upplýst. Ég hef hér við höndina álitsgerð bæjarstjórnar Siglufjarðar, sem ég hef þegar lesið kafla úr, en ég er ekki alveg viss um það, veit það ekki, hvort hv. fjvn. hefur óskað eftir slíkri álitsgerð frá bæjarstjórn Siglufjarðar eða hvort hún hefur óskað eftir álitsgerð frá bæjarstjórn Sauðárkróks eða hreppsnefndum í Skagafirði um málið.

Hv. fjvn. telur sig ekki geta mælt með þáltill. á þskj. 55 eða brtt. á þskj. 208. „N. telur, að á þessu stigi sé ekki auðið að mæla með lántöku vegna vega þessara," segir í nál. Ég get nú á engan hátt skilið þá hættu, sem því gæti verið samfara, þótt hæstv. ríkisstj. væri falið að athuga möguleika á lánsfé til þessara vega, heldur alveg hið gagnstæða. Slík afgreiðsla mála sem farið er fram á í þáltill. okkar er mjög algeng hér á Alþ. Aðalatriðið í þessu máli og það, sem allt veltur á, er vitanlega útvegun á lánsfé. Fyrr en það liggur fyrir, hvort hægt muni vera að fá lánsfé til þessara framkvæmda, til þessara vega, verða allar framkvæmdir mjög takmarkaðar og geta jafnvel alveg strandað. Ég er hræddur um, að eins og fjvn. leggur til að þáltill. verði orðuð, sé málinu enn á ný skotið á frest um ófyrirsjáanlegan tíma. Í till. n. felst ekkert annað en fróm ósk um nýja áætlun, sem að mínum dómi liggur að mestu leyti fyrir, eins og bréf vegamálastjóra frá 11. marz 1959 ber með sér og þá líka frá 8. marz, þó að ég hafi margt við þá áætlun að athuga, m. a. það, að þar er tíminn, sem hann telur að þurfi að byggja veginn, lengdur um þrjú ár eða um helming.

Ég geri ráð fyrir, að verði till. n. samþykkt, þá muni hæstv. ríkisstj. fela ráðunaut sínum í vegamálum, sem er vegamálastjóri, að gera þá framkvæmdaáætlun, sem till. fjvn. fjallar um að verði

gerð. Slík kostnaðaráætlun er til að minum dómi fyrir Siglufjarðarveg, eins og þegar hefur verið bent á. Og sömuleiðis geri ég ráð fyrir því, að vegamálastjóri hafi nú þegar gert áætlun um kostnað við byggingu vegarins fyrir Ólafsfjarðarmúla. Ég sé því ekki annað en hér sé bara verið að draga málið óþarflega lengi og skjóta sér undan þeirri ábyrgð, sem hv. n. átti að hafa, og hún átti vitanlega að minum dómi að taka allt öðruvísi á þessu máli en hér hefur verið gert. Það virðist því liggja nokkurn veginn ljóst fyrir, að kostnaðaráætlanirnar vantar ekki. Það, sem er því mest aðkallandi og hefur afgerandi þýðingu í málinu, er það, hvort og á hvern hátt sé hægt að fá lán til framkvæmdanna. Það er þetta, sem er aðalinnihald þáltill. okkar á þskj. 55, en hv. fjvn. hefur ekki séð sér fært að mæla með, og verður það að teljast að endemum að minum dómi. Ég tel það miður farið. Þess ber þó að geta, að þm. þessa kjördæmis og aðrir þeir þm., sem vilja leysa þetta mál á sem beztan og hagkvæmastan hátt, geta náð samstöðu um málið og unnið að framgangi þess í sameiningu.

Siglufjörður og Ólafsfjörður eru þeir staðir á landinu, sem einna verst eru staddir með vegasamband við önnur héruð, þar sem þeir eru vegasambandslausir í 7—8 mánuði árlega. Báðir þessir staðir eru þýðingarmiklir fyrir þjóðarbúið, og íbúar þessara kaupstaða eiga fyllstu kröfu til þess, að ekki sé verr að þeim búið en öðrum þegnum þjóðfélagsins. Ráðamenn þjóðfélagsins verða að skilja það, og þeim mun verða fyrr eða síðar komið í skilning um það, að menn una ekki því til lengdar að vera einangraðir frá öðrum stöðum í átta mánuði ár hvert. Slíkt ástand getur líka verið mjög hættulegt, og sérstaklega getur slíkt ástand orðið hættulegt á Norðurlandi, þegar menn geta alltaf átt það á hættu, að allar samgöngur á sjó teppist vegna ísa í marga mánuði. Það er líka atriði, sem ekki er vert að gleyma í sambandi við þetta mál. Fyrr á árum var það mjög algengt, að hafís lokaði öllum höfnum norðanlands mánuðum saman. Enginn getur neitt um það sagt, hvenær ísinn kemur aftur og lokar öllum siglingaleiðum þangað norður. Það er þetta mikla öryggisleysi, sem íbúar þessara byggðarlaga búa við, sem gerir það alveg óhjákvæmilegt, að allt sé gert, sem hægt er, til að ráða bót á. Þess vegna er það hin mesta nauðsyn og beinlínis ræður úrslitum um framtíð þessara kaupstaða og alla afkomu íbúanna, að komið verði á öruggu vegasambandi við önnur héruð og það sem allra fyrst.

Á það má og benda, að öruggt vegasamband við Siglufjarðarbæ, sem hefur tæpa 3 þús. íbúa, er mjög mikið hagsmunamál fyrir Skagfirðinga. Með því mundu opnast öruggir og góðir markaðir fyrir afurðir bænda í útsveitum Skagafjarðar til mikilla hagsbóta fyrir báða aðila. Daglegt vegasamband við Siglufjörð er máske eina leiðin til þess að hindra það, að heilar sveitir, svo sem Fljót og Sléttuhlíð, leggist í auðn að meira eða minna leyti. Siglufjörður er þannig frá náttúrunnar hendi, að þar er ein bezta og öruggasta höfn landsins, þegar inn er komið, og þangað koma til hafnar fiskiskip í hundraðatali árlega og leggja þar á land afla sinn til vinnslu, enda er Siglufjarðarhöfn ein stærsta útflutningshöfn landsins. En Siglufjörður hefur lítið sem ekkert uppland og er að langmestu leyti háður því að verða að kaupa landbúnaðarafurðir frá öðrum héruðum. Það er því hin mesta nauðsyn á því, að svo stór bær geti haft sem bezt vegasamband við hinar miklu bændabyggðir Skagafjarðarsýslu, enda fullyrði ég, að það er ekki síður áhugamál Skagfirðinga en Siglfirðinga, að komið verði á öruggu vegasambandi á milli þessara héraða og við þjóðvegakerfið. Þetta er það stórmál, að því verður ekki fram komið hér á Alþingi, nema um það geti náðst full samstaða og samvinna allra flokka, og að því ber að stefna. Þrátt fyrir það, að ég sé á engan hátt ánægður með þá breytingu, sem fjvn. leggur til að verði gerð á þáltill. okkar, mun ég samt sem áður greiða till. n. atkv. í trausti þess, að öllum undirbúningi að framkvæmdum verði hraðað sem mest.

Ég vil svo aðeins að lokum benda hv. fjvn. á, að þar sem í till. er talað um lagningu vegar fyrir Stráka, þá er þetta ekki rétt, það er áætlað að leggja veginn í gegnum fjallið Stráka.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það, sem mér finnst einna lakast við afgreiðslu hv. fjvn. á þessari till. til þál. um öflun lánsfjár til Strákavegarins, er, að Múlaveginum skuli hafa verið blandað hér saman við. Þeir, sem hafa sérstakan áhuga á Múlaveginum, sem er út af fyrir sig nauðsynleg vegarframkvæmd, hefðu fremur átt að flytja sérstaka þáltill. að minum dómi en gera brtt. við till. um Strákaveginn. Hinn fyrirhugaði Strákavegur er um margt sérstæð vegarframkvæmd, sem ekki á sér hliðstæður. Í fyrsta lagi eru hin ráðgerðu jarðgöng mjög dýr áfangi, sem verður að vinna á einu ári. Er nauðsynlegt að taka lán í því skyni, þar sem hér er um margfalt dýrari framkvæmd að ræða en svo, að unnt sé að veita það framlag á fjárlögum eins árs. Í öðru lagi eru líkur til, að Siglufjarðarbær og e. t. v. sveitarfélög í Skagafjarðarsýslu vilji taka að sér greiðslu vaxta af láninu að mestu eða öllu leyti. Í þriðja lagi er sú hugmynd á döfinni, að fjár til greiðslu vaxtanna verði aflað með vegartolli.

Sá mikli skilsmunur, sem er á Strákaveginum með tilheyrandi jarðgöngum annars vegar og flestum öðrum vegaframkvæmdum hins vegar, er m. a. staðfestur með frv., sem fyrir nokkru var lagt fram í Ed., þar sem lagt var til, að kostnaður við gerð jarðganga lengri en 35 m yrði greiddur úr brúasjóði. Þetta sýnir aukinn skilning á því, að jarðgöng verða ekki kostuð af venjulegum fjárframlögum til vega, heldur þurfi þar sérstakrar tekjuöflunar við. Annað mál er svo það, hvort brúasjóður sé því hlutverki vaxinn að standa undir þeim kostnaði. Væri að líkindum bezt að stofna sérstakan sjóð til þess að kosta framkvæmdir við jarðgöng í líkingu við brúasjóð.

Ég get fallizt á það með hv. fjvn., að rétt sé að láta gera sem fyrst framkvæmdaáætlun um lagningu vegarins fyrir Stráka, enda þótt sú áætlun muni sennilega að mestu tilbúin hjá vegamálastjóra, svo sem komið hefur fram, þó að hins vegar séu menn misjafnlega ánægðir með þá áætlun. Þrátt fyrir þetta hefði þó ekki þurft að minum dómi að fella niður úr till. ákvæðin um að athuga lánsfjár-

möguleika. Æskilegast hefði verið, að aftan við ákvæði till. um að skora á ríkisstj. að láta gera framkvæmdaáætlun um lagningu vegar fyrir Stráka með það fyrir augum að ljúka vegargerðinni svo fljótt sem auðið er hefði bætzt ákvæði um að athuga að því loknu möguleika á öflun nægilega mikils lánsfjár til að ljúka verkinu að fullu.

Þó að ég sé þannig ekki ánægður með till., eins og hún kemur frá hv. fjvn., mun ég samt greiða henni atkv., úr því sem komið er. Áherzluna ber að leggja á, að gerð framkvæmdaáætlunar verði hraðað. Þegar henni er lokið, kemur málið væntanlega aftur til kasta Alþ. Kæmi þá vel til greina að bera fram frv. um, að vegurinn yrði gerður í samræmi við áætlunina með ákvæðum um lántökuheimild og vegartoll.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Á þskj. 55 fluttu þm. Norðurl. v. till. til þál., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að athuga möguleika á öflun lánsfjár, allt að 12 millj. kr., til að ljúka lagningu Siglufjarðarvegar ytri, Strákavegar. Verði athugun þessari lokið sem fyrst og eigi síðar en svo, að niðurstaða liggi fyrir 15. marz 1960.“

Ýtarleg grg. fylgdi þessari þáltill., þar sem bent var á þá miklu þýðingu, sem þessi vegargerð mundi hafa fyrir Siglufjörð og Skagafjarðarsýslu, og undirstrikað var, að hún mundi þýða byltingu í samgöngumálum þessara tveggja byggðarlaga. Þessari þáltill. var á sínum tíma vísað til fjvn. Álit hennar er nú á dagskrá, og þar segir svo m. a., með leyfi forseta:

„Það er skoðun n., að umræddar vegagerðir hafi mjög mikla þýðingu fyrir atvinnulíf viðkomandi byggðarlaga. Áætlað er af vegamálastjóra, að þurfa muni um 16 millj. kr. til að ljúka lagningu Strákavegar og 7 millj. kr. til að ljúka lagningu Múlavegar. Þær lántökuupphæðir, sem till. gera ráð fyrir, nægja því engan veginn til að ljúka umræddum vegum, miðað við núverandi verðlag.“ — Síðan segir: „Verður að telja mjög vafasamt, þótt lánsfé væri fáanlegt, að viðkomandi sveitarfélög gætu risið undir vaxtagreiðslum af slíkum lánum, enda liggur ekkert fyrir um það, að þau séu tilbúin að taka á sig slíkar kvaðir, miðað við þessar fjárhæðir og núverandi vaxtakjör. Enda þótt n. telji á þessu stigi ekki auðið að mæla með lántöku vegna vega þessara, er n. sammála um nauðsyn þess að taka til sérstakrar athugunar, hvernig auðið sé að haga framkvæmdum og fjáröflun til veganna á þann hátt, að verkinu geti orðið lokið á sem skemmstum tíma.“

Í kjölfarið á þessum yfirlýsingum í nefndarálitinu kemur svo breytingartillagan. Hún hefur verið lesin hér, svo að ég sé ekki þörf á að fjölyrða um hana. Hins vegar vil ég segja þetta: Ég varð fyrir mjög miklum vonbrigðum, er ég hafði lesið nefndarálitið, því að eins og fram hefur komið í ræðu Gunnars Jóhannssonar, hv. 11. landsk., þá var kjarni málsins sá í þáltill. að láta einvörðungu athuga möguleika á öflun lánsfjár til þessara framkvæmda. Þáltill. var ekki um, að það skyldi tekið lán, heldur eingöngu um að athuga möguleikana til lántöku. Ég verð því að segja, að það er einstakt, að allir nm. í fjvn. skyldu geta verið sammála um, að það sé óþarfi á þessu stigi málsins að láta athugunina fara fram, — alger óþarfi.

Þá verð ég einnig að segja það sem mína skoðun í þessu máli, að ég tel ekki rétt að taka hér inn í þessa þál. ákvæði varðandi Múlaveg, ekki fyrir það, að Ólafsfirðingar eigi ekki fyllilega skilið að fá sem fyrst og eftir því sem tök eru á lagðan veg milli Ólafsfjarðar og Eyjafjarðar og Akureyrar, heldur vil ég benda á, að það er þó nokkur skilsmunur á þessum tveimur norðlenzku byggðum, Siglufirði og Ólafsfirði. Siglufjörður er nú stærsti síldariðnaðarbær, ekki eingöngu á Norðurlandi, heldur í Evrópu, og ég vil vekja athygli hv. alþm. og þá ekki sízt hv. nm. í fjvn. á þeirri staðreynd, að þegar allar þær síldarverksmiðjur, sem til eru á þessum stað, skila fullum afköstum og unnt er að salta síld á öllum þeim söltunarstöðvum, sem eru í þessum bæ, þá er hægt að framleiða verðmæti fyrir 8—10 millj. kr. á sólarhring. Með tilliti til þessa finnst mér ekki sambærilegt að setja þessi tvö byggðarlög á sama bekk, enda þótt Ólafsfirðingar, sem eru eins innilokaðir og Siglfirðingar, eigi vissulega skilið að fá sinn veg.

Það er engin furða, þó að íbúar í kaupstað, sem hefur aðra eins framleiðslumöguleika og Siglufjörður og hafa verið svo innilokaðir sem þeir, hafi orðið glaðir, þegar fyrst var samþ. hér á Alþ. fjárveiting til Siglufjarðarvegar ytri, og það var líka svo. Það var óblandin ánægja á Siglufirði, þegar fréttist um fyrstu fjárveitinguna til Siglufjarðarvegar ytri, og því var þá treyst, að hv. alþm. mundu stuðla að því, að það kæmist verulegur skriður á þetta mál. Á framboðsfundunum í Norðurlandskjördæmi vestra s. l. haust sögðu frambjóðendur Sjálfstfl. og Alþfl. alveg sérstaklega, að ef þeir bættu við sig fylgi, ég tala nú ekki um ef þeir kæmust í stjórn, þá þyrftu Siglfirðingar og um leið Skagfirðingar, sem njóta mikils af þessum vegi, engu að kvíða. Ég verð að segja það, að þegar ég frétti um stjórnarmyndunina á s. l. ári, þá hugsaði ég sem svo: Jæja, það verður þó gott a. m. k. fyrir Siglfirðinga að fá þessa stjórn, því að fyrir liggja loforð manna í Sjálfstfl. og Alþfl. um það, að Strákaveginum verði hraðað, ef þeir fengju völdin í landinu, jafnvel svo, að vegurinn yrði fullgerður á þremur árum.

Alþ. var sett á sínum tíma eftir kosningarnar, og undir umr. um fjárlög fluttu 4 af hv. þm. Norðurl. v. till. um 800 þús. kr. fjárveitingu til þessa vegar. En það undarlega skeði, að það var ekki unnt að fá þm. Norðurl. v., sem tilheyrðu stjórnarflokkunum, til að flytja þessa tillögu né heldur til að styðja hana. Hv. 9. landsk. var að lýsa undrun sinni og óánægju yfir því, að fjvn. hefði lagt stein í götu þessa máls og frekar tafið það en hitt. Mér skilst, að afstaða nefndarinnar sé í nánu samræmi við framkomu hans í þessu máli á Alþ. og því óeðlilegt, að hann sé að ásaka fjvn.

Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál, en ég vil bara enn nota þetta tækifæri til að undirstrika það, að Siglfirðingar líta ekki á þessa vegarlagningu sem fjarstæðukennt ævintýri. Þeir telja vegarlagninguna lífsnauðsyn byggðarlaginu, til þess að þar geti þróazt áfram atvinnu- og menningarlíf. Um þýðingu þessarar vegarlagningar fyrir Skagafjörð þarf ekki heldur að fjölyrða, það hefur

áður verið gert. Það er stórkostlega til bóta fyrir stórt og glæsilegt landbúnaðarhérað eins og Skagafjarðarsýsla er að geta komizt í akvegasamband við bæ eins og Siglufjörð 8 eða 9 mánuði ársins.

Ég vona, að á þessu hv. Alþ. verði unnt að endurskoða umrædda afstöðu fjvn. og hv. alþm. fáist til að samþ., að athugaðir verði möguleikar á að taka lán til þessara framkvæmda. Það er ekki fram á mikið farið.

Um till. þá, sem hér liggur fyrir frá Magnúsi Jónssyni o. fl. varðandi Múlaveg, þá mun ég greiða henni atkv., þó að ég hins vegar telji það hafa mun meiri þýðingu, að sem fyrst verði komið á akfæru sambandi milli Siglufjarðar og Skagafjarðar.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú reyna að lengja ekki þessar umr. mikið, en tel þó nauðsynlegt að koma hér að nokkrum athugasemdum varðandi þá hugsun, sem liggur að baki till. fjvn. um afgreiðslu þessa máls.

Mig satt að segja furðar nokkuð á því, að þeir hv. alþm. Norðurl. v., sem hér hafa talað um málið, skuli hafa tekið till. fjvn. á þann veg, sem þeir hafa gert, að með henni væri verið — að því er manni skilst — að setja fótinn fyrir framgang þessa máls og drepa því á dreif í stað þess að taka undir með tillögumönnum og samþ. till., eins og hún lá fyrir, óbreytta. Þessar ræður byggjast að mjög verulegu leyti á misskilningi á eðli málsins. Það er einróma skoðun fjvn., og byggist hún m. a. á atriðum, sem vitanlega eru kunn áður og n. hefur ekki þótt neitt undarlegt að vitna til, þó að það væru ekki ný sannindi, hversu mikla þýðingu þessar vegaframkvæmdir hefðu fyrir Siglufjörð, að það sé mjög mikilvægt, að ríkisstj. hafi forgöngu um að ýta þessum framkvæmdum áleiðis. Það er hins vegar skoðun fjvn., að það sé mjög vafasamt, að það hafi meiri þýðingu fyrir framgang þessa máls að samþ. till., sem felur í sér það orðalag eitt, eins og hér hefur verið lýst, að athuga möguleika á öflun lánsfjár. Slíkar heimildir eru til í lögum um lántökur til vegargerðar og hafa aldrei verið notaðar, og það er eins og vegamálastjóri réttilega bendir á, að það hafi út af fyrir sig litla þýðingu fyrir framgang þessa máls, það, sem á velti, sé, að fengin sé ákveðin niðurstaða um það, hvernig skuli vinna að framgangi málsins á sem stytztum tíma. Þetta er einmitt sú hugsun, sem er að baki brtt. fjvn.

Till. hefur verið misskilin af þessum hv. þm. á þann veg, að með henni sé í rauninni ekki verið að gera annað en leggja til, að gert verði það, sem vegamálastjóri sé raunverulega búinn að gera. Hér er einnig um misskilning að ræða. Vegamálastjóri hefur að vísu látið í ljós sínar hugmyndir um framkvæmd verksins. En einmitt það, að fjvn. leggur til, eftir að þær upplýsingar liggja fyrir, að gerð verði ný framkvæmdaáætlun um verkið, bendir ótvírætt í þá átt, að n. telji ekki ástæðu til að leggja þessa áætlun vegamálastjóra til grundvallar við framkvæmd verksins, heldur kanna, að það verði einmitt leiðin til þess að ljúka verkinu á skemmri tíma.

Það kann að virðast einkennilegt í fljótu bragði, að fjvn. skuli ekki vera fús til að samþ. orðalag á þessum till., að athuga möguleika um öflun lánsfjár til þessara framkvæmda. En þegar betur er að gáð, held ég, að menn átti sig á, að það er á engan hátt óeðlileg afstaða. Fyrir Alþ. liggur nú frv. um lántöku til vegagerða á Austurlandi og Vestfjörðum, og ég býst við, að flm. þess frv. telji, að þar sé um mjög brýnt nauðsynjamál að ræða. Enn fremur liggur fyrir þinginu nú till. um lántöku vegna Hvalfjarðarvegar. Það er því augljóst mál, að það verður að taka einhverja heildarafstöðu í því efni, hvort út á þá braut skuli farið, að ríkið sjálft taki lán til vegagerðar. Eins og menn vita, hefur það hingað til verið svo, að það hefur að vísu verið um lántökur að ræða í einstaka vegi, þó að í litlum stíl hafi verið, en á þann hátt eingöngu, að viðkomandi sveitarfélög hafa staðið straum af þeim lánum og þau verið veitt án nokkurra skuldbindinga frá ríkinu um það, hvenær þau yrðu endurgreidd, það færi eftir fjárveitingum hverju sinni.

Við í fjvn. höfum talið, að miðað við þær geysilegu fjárhæðir, sem hér er um að ræða, væru mjög litlar líkur til þess og raunar útilokað, að viðkomandi sveitarfélög gætu risið undir því að borga, eins og t. d. mundi verða varðandi Siglufjarðarveg, hátt á aðra millj. kr. á ári í vexti eina. Það væri a. m. k. óumflýjanlegt að taka það mál til rækilegri athugunar, áður en hægt væri að samþ. hér á Alþ. till., sem byggð væri á jafnóljósri og óraunhæfri niðurstöðu.

Því hefur verið haldið fram, að það mætti létta þessar byrðar með svokölluðum vegarskatti. Ég skal ekki út í þá sálma fara, en ég hygg þó, að skoðun vegamálastjóra um það efni sé næsta raunhæf og það sé a. m. k. næsta fráleitt að ímynda sér, að það mundi skila verulega hærri fjárhæðum en hann bendir á, og mundi þá sú fjáröflun hrökkva skammt til þess að standa straum af þessum vaxtaútgjöldum, því að hann reiknar með, að tekjur af slíkum skatti nettó yrðu ekki nema 200—300 þús. kr. á ári í mesta lagi.

Það er því rétt, að það komi skýrt fram, af því að ég álít, að annað sé málinu til tjóns, sem hv. þm. Norðurl. v. hafa verið að benda á, að með þessari till., sem hér liggur fyrir, er á engan hátt, nema síður sé, verið að draga úr aðgerðum í þessu máli, og ég álít, að till. þessi stefni að raunhæfari lausn þessa vandamáls en að samþ. það eitt út af fyrir sig að athuga þá lánsmöguleika, sem í upphaflegu till. fólust. Það er augljóst mál, að lántaka til þessara framkvæmda kemur ekki að haldi, nema lánið sé tekið í síðasta áfanga verksins, vegna þess að annars mun það beinlínis verða til þess að tefja aðra þætti þess, og því er nauðsynlegt, að það verði gaumgæfilega athugað, og það kemur þá að sjálfsögðu til athugunar við viðkomandi sveitarstjórnir, að hve miklu leyti þær eru reiðubúnar til þess að taka á sig kvaðir í sambandi við framkvæmd málsins. Ástæðan til þess, að fjvn. hefur ekki sérstaklega leitað álits þessara sveitarstjórna, sem hefði væntanlega ekki orðið til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins á þessu þingi, er sú, að það er einmitt hugsunin að baki þessarar till., að að framkvæmdaáætluninni verði unnið á þann veg að kanna að sjálfsögðu möguleika bæði varðandi aðild ríkissjóðs og aðild allra

þessara sveitarfélaga að því að afla sem mests fjármagns á sem stytztum tíma, til þess að verkinu geti orðið lokið.

Þetta er kjarni málsins, og því sýnist mér, að séu að verulegu leyti a. m. k. og raunar að öllu leyti á misskilningi byggðar þær ræður, sem hv. þm. Norðurl. v. hafa hér flutt, þar sem þeir hafa viljað halda því fram, að með till. þessari væri fjvn. beinlínis að setja fótinn fyrir þetta mál.

Þá vil ég jafnframt taka það fram, að það hefur á engan hátt haft áhrif á afstöðu fjvn. til þessarar hugmyndar um lántöku til Strákavegar, þó að Múlavegi væri þar bætt við, og það hefur á engan hátt hindrað afstöðu eða gert afstöðu n. til málsins neikvæðari, nema síður sé. Það þótti ekki óeðlilegt, þar sem hér er um mjög hliðstæðar vegagerðir að ræða til tveggja kaupstaða, sem liggja nálægt hvor öðrum og búa við nákvæmlega sama vandamál og eru með nákvæmlega sömu erfiðleika í sambandi við dýrar vegaframkvæmdir, að þau mál væru tengd saman, og ég fæ ekki séð, að það gæti á neinn hátt orðið til þess að spilla máli Siglfirðinga, þó að vandamál Ólafsfirðinga sé athugað einnig í sambandi við hitt málið.

Því hefur verið hér haldið fram, að það megi undarlegt teljast, þar sem flm. till. um Múlaveg eigi aðild að fjvn. og ég sé m. a. formaður hennar, að ekki hefði komið fram jákvæðari niðurstaða um málið. Ástæðan til þess, að við fluttum brtt., var að sjálfsögðu sú, að við töldum eðlilegt, að málið fengi hliðstæða meðferð og málefni Strákavegar, og því tel ég ekki, að það sé á neinn hátt fráhvarf frá okkar skoðun varðandi heildarmálið, þó að okkar till. sé afgr. á þann veg, sem hér er gert, ásamt till. um Strákaveg, og ég vil nota tækifærið, herra forseti, til þess að taka fram, að till. um Múlaveg, brtt. á þskj. 208, er tekin aftur með hliðsjón af afgreiðslu fjvn. á heildarmálinu.

Varðandi þær hugleiðingar, sem hér hafa komið fram um afstöðu stjórnmálaflokka til þessa máls, skal ég ekki segja mörg orð. Ég veit ekki, hvort það yrði nokkuð sérstaklega til framdráttar flokki hv. 5. þm. Norðurl. v. (JK), þó að það yrði farið að rekja upphaf sögu baráttunnar um það að fá fjárveitingu til Strákavegar, og skal ég ekki út í þá sálma fara. En ég tel hins vegar rétt, af því að hann minntist hér á afstöðu í sambandi við afgreiðslu fjárlaga til Strákavegar og taldi, að þar hefði komið fjandskapur fram hjá stjórnarliðinu til þess máls, benda honum á það, að mér er ekki kunnugt um, þegar hans flokkur hafði forustu og fjármálastjórn hér í landi, að þá hafi hann tekið undir eða beitt sér fyrir neinum sviptuðum till. um fjárveitingar og 800 þús. kr. fjárveitingartill., sem hann vék hér að áðan, og hefði það þó átt að vera auðið, eins lengi og sá flokkur hefur haft fjármálastjórnina. En það er nú eins og gengur, að það vilja stundum hækka till. um fjárveitingar, þegar menn eru í stjórnarandstöðu, og er mér ekki grunlaust um, að þessi upphæð sé komin til af þeirri ástæðu, en hefði verið allmiklu lægri, hefðu þessir hv. þm. átt að bera ábyrgð á afgreiðslu fjárlaga.

Ég get ekki heldur stillt mig um að taka það fram hér, af því að því var beinlínis yfir lýst, þegar fjvn. beitti sér fyrir því, að fjárveitingu til Siglufjarðarvegar yrði heimilað að leggja einnig til Strákavegar, sem var eðlilegt og sjálfsagt, — þá var því lýst yfir af einum hv. þm. þessa kjördæmis, að hann teldi, að það væri fráleit afgreiðsla n., og andmælti því mjög og hans flokksbræður raunar í fjvn. einnig, að þessi breyting væri á gerð. Og sannleikurinn er sá, að fjárveiting af Siglufjarðarvegi var raunverulega flutt inn í Skagafjörð, og hefði það verið eðlilegt í alla staði, ef þm. kjördæmisins hefðu óskað eftir því, að það fé hefði verið flutt til baka til Strákavegar, eins og áður var, þannig að það byggðist ekki á neinni andstöðu fjvn. við það mál.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það og veit, að ég tala þar fyrir munn fjvn. allrar, að það er einlæg ósk hennar, að þessum vegamálum geti orðið sem fyrst hrundið í framkvæmd, og það er skoðun okkar, að ef rétt verður að því farið og lagður sá grundvöllur og gerð sú áætlun um framkvæmdir, sem hér er stilað að og reynt að sameina alla aðila um fjáröflun til verksins, þá muni það verða líklegasta leiðin til þess að hrinda málinu sem fyrst í framkvæmd.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, utan dagskrár, mælti

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. forseta, hver sé ástæðan fyrir því, að þáltill. okkar á þskj. 55, sem er búin að vera til umr. hér á nokkrum fundum í hv. d., hefur ekki verið tekin á dagskrá. Þetta mál var flutt á fyrstu dögum þingsins, og alveg af óskiljanlegum ástæðum hefur allur dráttur á því verið fram yfir það, sem vanalegt er að viðhafa, og það hvarflar að manni, að það sé eitthvað þarna á bak við, sem maður fær ekki að vita hvað er. Ég vil enn fremur spyrja hæstv. forseta að því, hvort það sé þannig, að hv. fjvn. hafi óskað eftir því, að málið væri ekki tekið á dagskrá.

Forseti (SÁ): Ég vil svara fsp. hv. 11. landsk. — Það er síður en svo, að hv. fjvn. eigi nokkra sök á því, að þetta mál hefur ekki verið tekið á dagskrá. Við höfum í dag 20 mál á dagskrá, og eru ábyggilega önnur 20, sem eiga rétt á því að koma á dagskrá. Nú er komið að þingslitum, svo að ég tel ekki líklegt, að það sé hægt að afgreiða öll þessi mál, og það er ástæðan fyrir því, að þetta mál, sem hv. þm. ræddi um, var ekki tekið á dagskrá í dag.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mér finnst þetta ekki fullnægjandi svar. Ég óska eftir svari um það, hvers vegna þetta mál er ekki tekið á dagskrá, en aftur á móti mörg önnur mál, sem miklu seinna eru fram komin, en þetta látið sitja á hakanum. Það er rétt hjá hæstv. forseta, að það liður að þinglausnum og þess vegna augljóst, að það verður erfitt um afgreiðslu þeirra mála, sem ekki eru nú tekin á dagskrá. Þess vegna spyr ég hæstv. forseta: Vill hann gefa yfirlýsingu nú um það, að þetta mál verði tekið á dagskrá sam-

einaðs þings, áður en þingi lýkur, og það afgreitt svo sem eðlilegt er?

Forseti (SÁ): Ég vil svara hv. 3. þm. Norðurl. v., að ég skal athuga þetta mál nánar. En það er síður en svo, að það hafi komið fram raddir frá einum eða öðrum um það, að þetta mál væri ekki tekið á dagskrá. (**Gripið fram í:** Hver er ástæðan?) Ástæðan er sú, að við höfum þegar 20 mál á dagskrá og það væri jafnvel möguleiki á því að taka önnur 20. Þetta er eitt af þeim málum, sem ekki var tekið á dagskrá í dag, og geta áreiðanlega margir aðrir hv. þm. kvartað yfir því sama og þeir 2 hv. þm. hafa komið hér með umkvörtun um.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Raforkumál.

Á 10. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um raforkumál [44. mál] (A. 77).

Á 11. fundi í Sþ., 3. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Sþ., 2. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Við 7 þm. úr öllum kjördæmum utan Reykjavíkur berum hér fram till. á þskj. 77 um raforkumál. Efni till. er það, að Alþ. feli ríkisstj. að hlutast til um, að raforkumálastjóri og raforkuráð geri áætlanir um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins, er séu við það miðaðar, að öll heimili geti fengið rafmagn á sem skemmstum tíma, þau sem ekki hafa það nú þegar, og enn fremur, að reynt verði að hraða þessum áætlunum svo, að þær verði til um næstu áramót.

Mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur nú rafmagn til afnota, og það er kunnugt, að engar meiri háttar framkvæmdir hafa orðið hér á landi í þeim málum án aðstoðar ríkisins. Þannig hefur það verið um allar hinar stærri virkjanir að segja má frá fyrstu tíð, að annaðhvort hafa þær verið reistar af ríkinu eða með aðstoð þess, svo sem með ríkisábyrgðum fyrir lánum. Þannig var með virkjanirnar við Sogið í Árnessýslu frá fyrstu tíð, einnig Laxárvirkjunina í Þingeyjarsýslu. Sama máli gegnir um virkjunina í Fljótum fyrir Siglufjörð og Andakílsárvirkjun í Borgarfirði. Lán til allra þessara stóru framkvæmda voru fengin með aðstoð ríkisins, gegn ríkisábyrgðum og á annan hátt með aðstoð þess opinbera. Ríkið hefur oft annazt lánsútveganir í þessu skyni, t. d. nú til síðustu virkjunarinnar við Sog.

Með raforkulögunum, sem sett voru árið 1946, og sérstaklega með viðauka við þau 1954 voru ákveðnar meiri og víðtækari aðgerðir af hálfu hins opinbera til að auka raforkuframleiðsluna og dreifa orkunni sem víðast um landið en áður hafði verið. Síðan hefur mikið fé verið lagt í virkjanir, aðalorkuveitur og dreifiveitur um byggðirnar. Þau eru stórar fjárhæðir, sem rafmagnsveitur ríkisins og héraðsrafmagnsveitur ríkisins hafa lagt í stofnkostnað á undanförnum árum vegna þessara framkvæmda. Á þriggja ára tímabili, 1954—56 að báðum meðtöldum, var stofnkostnaður við framkvæmdir hjá rafmagnsveitum ríkisins um 60 millj. kr., eða um 20 millj. að meðaltali á ári. Árið 1957 bættust þarna við rúmar 50 millj. kr. og 1958 rúml. 106 millj. kr. Á þessum árum var m. a. verið að koma upp stórum orkuverum bæði á Austur- og Vesturlandi. Á sama tímabili hefur mikið fé verið lagt í slíkar framkvæmdir hjá héraðsrafmagnsveitum ríkisins. Á árunum 1954—56 var stofnkostnaður framkvæmda hjá þeim um 61.7 millj. alls, eða röskar 20 millj. að meðaltali á ári. Á árinu 1957 bættust þar við tæpar 25 millj. og 24 millj. á árinu 1958. Ég hef ekki enn tölur fyrir árið 1959, en vitað er, að þá var miklu minna lagt til þessara framkvæmda en næstu árin á undan.

Að því er varðar dreifingu raforkunnar um byggðirnar nú, er þeirri reglu fylgt, að línur eru lagðar um sveitir, þar sem meðalvegalengd milli býla er ekki meira en um það bil einn km, en það eru margir, sem búa á strjálbýlli svæðum, og þeir bíða þess með óþreyju að fá að vita, hvers þeir megi vænta, og þeir eiga rétt á því að fá vitneskju um þetta hið fyrsta og án mikillar tafar. Hér þarf að gera áætlanir. Í grg., sem þessari till. fylgir, er bent á, að æskilegt væri t. d. að rannsaka, hvað margir menn búa í héruðum, þar sem vegalengd milli býla er 1—1½ km að meðaltali, og í öðru lagi, hvað margir búa á svæðum, þar sem vegalengd milli býla er 1½—2 km. Þetta er fremur auðvelt að rannsaka og upplýsa. Síðan má á þeim grundvelli áætla kostnað við samveitur um þessi svæði. Eftir að slíkar áætlanir hafa verið gerðar, þarf að taka ákvarðanir um það, að hve miklu leyti raforkuþörf þeirra, sem enn eru án rafmagns, verður fullnægt með háspennulínum frá aðalorkuveitum. Þá verður þeirri spurningu svarað, hvort hægt sé að leggja samveitur um byggðir, þar sem vegalengd milli býla er að meðaltali allt að 2 km, eða hvort hægt sé að ganga lengra í því að dreifa raforkunni með þessum hætti. Jafnframt þarf svo að athuga, hvaða aðstoð er hægt að veita og sanngjarnt er að veita þeim landsmönnum, sem eru þannig settir, að þeir geta ekki fengið rafmagn frá samveitum. Það verður væntanlega tiltölulega lítill hluti þjóðarinnar, en þrátt fyrir það þarf að líta sanngjarnlega á þeirra mál og veita þeim hliðstæðan stuðning við að ná í þessi eftirsóttu og þýðingarmiklu þægindi.

Eins og ég sagði áður, þá er það þannig, að mikill meiri hluti þjóðarinnar nýtur þessara mikilsverðu þæginda nú, og þar hefur ríkið veitt sína aðstoð með ýmsu móti, þá aðstoð, sem þurfti til þess, að mögulegt væri að ráðast í framkvæmdirnar. Og það er skylda ríkisvaldsins að líta líka til þeirra, sem enn eru án þessara gæða, og veita þeim þann stuðning, sem þarf, til þess að þeir

geti einnig fengið rafmagnið í sína þjónustu sem fyrst. Verði þetta ekki gert, er af hálfu þess opinbera gert upp á milli þegnanna, og það má ekki gera. Ég efast ekki um, að allir hv. alþm. séu mér sammála um það, að hér þurfi að greiða fyrir því sem fyrst, að allir landsmenn geti notið rafmagnsins.

Það hefur verið ákveðin ein umr. um till., og ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að umr. verði nú frestað og till. vísað til athugunar til hv. fjvn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við þessa till. vil ég upplýsa það, að raforkumálaskrifstofan er að vinna að því að gera áætlun um þá bæi, sem ekki fá rafmagn samkv. tíu ára áætluninni 1953—63. Raforkumálaskrifstofan hefur um nokkurt skeið unnið að þessu, en óformlega þó. En núna fyrir áramótin hef ég lagt áherzlu á það við raforkumálastjóra, að hann hraði þessari áætlun, eftir því sem unnt er. Ég skal ekkert segja um það, hvort þetta verk er svo yfirgripsmikið, að því verði ekki lokið á þessu ári, en ég hygg þó, að svo geti orðið, — en það er það, sem þessi till. ætlast til, að undirbúningi verði lokið fyrir n. k. áramót. Í sjálfu sér er tilgangslaust að kveða svo á, að verkinu skuli lokið á þessu ári, ef það er það yfirgripsmikið, að raforkumálaskrifstofan kemst ekki yfir það. En það má örugglega treysta því, að það verði að þessu unnið með þeim flýti og þeim viðbúnaði, sem raforkumálaskrifstofan getur notað.

Ég vildi aðeins upplýsa þetta, og hefði ég haldið, að hv. 1. flm. þessarar till. hefði haft hugmynd um, að raforkumálaskrifstofan er að vinna að þessu. Það er stutt síðan hann var í raforkuráði og er kunnugur vinnubrögðum á þessari skrifstofu, og jafnvel í hans tíð í raforkuráði var um það rætt, að nauðsyn bæri til að gera áætlun um næsta áfanga í þessum málum.

Það er rétt að geta þess um tíu ára áætlunina frá 1953—63, að að henni er unnið nú af fullum krafti, og það er óhætt að fullyrða, að við það verður staðið.

Í sambandi við það, sem hv. 1. flm. þessarar till. sagði hér áðan, að það hefði verið unnið mun minna að raforkuframkvæmdum á árinu 1959 en næstu ár á undan, þá tel ég rétt, af því að ég hef hér fyrir framan mig tölur yfir það, sem unnið var á því ári, að upplýsa, hvað það var mikið, en það er allmiklu meira en mörg undanfarin ár. Fjárþörfin 1959 var 89.6 millj. kr., og fjár var aflað í þessu skyni á árinu 88.85 millj. kr., það sem sagt vantaði 0.75 millj. til þess að fullnægja fjárþörfinni að öllu leyti samkv. áætlun, og má heita, að það hafi sloppið. Ég tel ástæðu til þess að upplýsa þetta hér vegna þeirra orða, sem 1. flm. till. viðhafði hér áðan, gaf í skyn, að það hefði verið jafnvel litið unnið á s. l. ári, um leið og hann gat þess þó, að hann hefði ekki tölurnar yfir það, sem gert hefði verið. Hitt er svo rétt, sem fram kom í hans ræðu og í þessari till., að það er nauðsynlegt nú þegar að gera sér fulla grein fyrir því, hversu mörg býli það eru á landinu, sem hugsanlegt er að komist í samveitu, t. d. á 5—10 árum, eftir að núv. tíu ára áætlun er lokið, og hversu mörg býli það eru, sem ekki er hugsanlegt að komist í samveitur, og þá þarf að reyna að leysa þeirra mál með þeim hætti að gefa slíkum býlum kost á að fá hentugar og ódýrar dísilvélar. Má segja, að raforkuráð hafi að því stuðlað nú upp á síðkastið að gera ráðstafanir til, að slíkar hentugar og tiltölulega ódýrar vélar verði fyrir hendi handa þeim býlum, sem ekki er hugsanlegt að fái rafmagn frá vatnsorkunni.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að segja öllu fleira í sambandi við þessa till. Það, sem hún fer fram á að verði gert, er þegar í undirbúningi og verður unnið, hvað sem um afgreiðslu þessarar till. annars verður.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er gott að heyra það frá hæstv. ráðh., að raforkumálaskrifstofan sé þegar byrjuð að vinna að slíkum áætlunum sem um ræðir í þessari tillögu, og er þá meiri von til þess, þegar þetta verk er þegar hafið, að takist að ljúka því á þeim tíma, sem nefndur er hér í tillögunni.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé tilgangslaust að kveða svo á, að verkinu verði lokið fyrir næstu áramót, ef það skyldi verða óframkvæmanlegt á þessum tíma, þ. e. a. s. á þessu ári. En ég vil benda á það, að í niðurlagi till. segir: „Reynt verði að hraða áætlunum þessum svo, að þær verði til í ársbyrjun 1961.“ Það er ekki ákveðið þar, að því skuli lokið, heldur að reynt verði að ljúka þeim fyrir næstu áramót, og ég vænti þess, að allir geti á það fallizt, að það sé rétt að ýta á eftir því, að þetta verk verði framkvæmt og því lokið svo fljótt sem verða má.

Hæstv. ráðh. gaf þær upplýsingar, að það hefði verið aflað fjár 1959 til raforkuframkvæmda, alls 88 milljóna rúmlega. Eins og ég tók fram hér áður, var á næsta ári þar á undan, 1958, varið til stofnkostnaðar við þessar framkvæmdir 130 millj., og er þetta því allmiklu lægri upphæð síðara árið, eins og ég tók líka fram í þeirri ræðu að vera mundi.

Það virtist koma fram í ræðu hæstv. landbrh., að það ætti að standa við hina svonefndu 10 ára áætlun. Það er gleðilegt að heyra það, ef það er meiningin að hverfa frá þeim fyrirætlunum, sem komu fram frá fyrrverandi stjórn á þingi núna fyrir tæpu ári, þar sem þeir voru með áætlanir um að hverfa í veigamiklum atriðum frá þessari 10 ára áætlun, hætta við virkjanir og aðalorkuveitur frá þeim um ýmis byggðarlög og gefa mönnum kost á mótorstöðvum í staðinn.

Það er gott að heyra það, ef nú eru uppi ráðagerðir hjá hæstv. stjórn um það að framfylgja ekki þessari stefnu, sem lýst var hér á þingi í fyrra, heldur framkvæma 10 ára áætlunina eins og til var ætlazt upphaflega, bæði að því er snertir byggingu orkuvera og aðalorkuveitna og einnig þá að því er varðar dreifilínurnar um byggðir landsins.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

7. Bústofnslánadeild.

Á 12. fundi í Sþ., 4. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um athugun á stofnun bústofnslánadeildar [50. mál] (A. 84).

Á 17. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Sþ., 2. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Tillaga sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 84 og ég ásamt nokkrum öðrum þm. Framsfl. flyt, fjallar um skipun nefndar til þess að athuga, með hverjum hætti verði á komið bústofnslánastarfsemi hér á landi, er geri efnalitlum bændum kleift að koma sér upp hæfilegum bústofni.

Eins og er, eiga bændur, hvorki frumbýlingar né aðrir, kost á sérstökum föstum lánum til bústofnskaupa. Þeir hafa ekki aðgang að neinni sérstakri lánastofnun í því skyni. Að vísu eru að nafninu til í gildi a. m. k. tvenn lagaákvæði, sem gera ráð fyrir bústofnslánum. Í jarðræktarlögunum er ræktunarsjóði heimilað að veita bústofnslán, en sú heimild mun ekki hafa verið notuð, sem varla er heldur að vænta, þar sem ræktunarsjóðurinn hefur naumast haft nægilegt fjármagn til þess að fullnægja sínum aðalverkefnum, að veita byggingar- og ræktunarlán, og vantar beinlínis nú fé til þess að fullnægja eftirspurn eftir þeim lánum. Enn munu og að formi til vera í gildi ákvæði laga nr. 31 1930, er gera ráð fyrir bústofnslánafélögum, en þau lög hafa, að því er ég bezt veit, aldrei komið til framkvæmda, enda eru ákvæði þeirra um bústofnslánafélög einmitt byggð á þeirri forsendu, að til sé föst lánastofnun, þar sem kostur sé á að fá lán til kaupa á bústofni. En þegar lög nr. 31 1930 voru sett, var í gildi 4. kafli laga nr. 31 1929, um Búnaðarbanka Íslands, er fjallaði um bústofnslánadeild Búnaðarbankans, en sá kafli bankalaganna var síðan felldur úr gildi með lögum nr. 91 1935. Stóð niðurfelling ákvæðanna um bústofnslánadeildina í sambandi við kreppulánin, sem þá áttu sér stað, svo sem síðar verður nánar vikið að.

Þrátt fyrir nefnd lagaákvæði er það því svo, að bændur eiga alls enga völ á sérstökum föstum bústofnslánum. Það teljum við flm. þessarar till. illa farið. Við teljum, að mikil þörf sé á fastri bústofnslánastarfsemi, er geri bændum kleift að auka bústofn sinn og geri frumbýlingum auðveldara en ella að komast yfir hæfilegan bústofn. Bú margra bænda eru því miður allt of lítil. Mörgum bændum er nauðsynlegt að stækka búin til þess að geta lifað mannsæmandi lífi af afrakstri þeirra. Þetta á alveg sérstaklega við, eftir að þeir hafa varið verulegu fé til endurbóta á jörðum sínum og aflað sér nokkurs vélakosts, þá þurfa þeir að standa undir afborgunum og vöxtum vegna þeirra framkvæmda og vélakaupa, en það er þeim mörgum ofraun, nema þeir geti stækkað bú sín mjög verulega. Þetta er ákaflega auðvelt reikningsdæmi. Við jarðræktarframkvæmdir og aukna vélanotkun hafa einmitt skapazt skilyrði til þess á mörgum jörðum að hafa þar stærri áhöfn en áður var og nú er, en þá vantar bændur marga hverja það fjármagn, sem nauðsynlegt er til þess að kaupa hæfilegan bústofnsauka. Ég veit, að ástandið í þessum efnum er eitthvað misjafnt eftir héruðum. Þeir, sem fyrstir voru á ferðinni með framkvæmdirnar, standa óneitanlega betur að vígi.

Alveg sérstök ástæða er þó til þess að létta undir með frumbýlingum í þessu efni. Þeir hafa margir hverjir brýna þörf fyrir bústofnslán. Það vita allir, að það þarf mikið fjármagn til þess að reisa bú. Þótt ráðdeildarsamir frumbýlingar kunni að hafa sparað saman nokkurt fé, áður en þeir stofna heimili, hrekkur það í flestum tilfellum mjög skammt, þótt að því geti að sjálfsögðu verið geysimikill styrkur og það geti oft ríðið baggamuninn um það, hversu til tekst.

Þó að frumbýlingnum ef til vill takist að fá eitthvert lán til jarðarkaupa, sem verður þó aldrei nema örlitið brot af jarðarverðinu, þá er bústofninn eftir. Það er mikill munur að geta byrjað búskapinn strax með nokkurn veginn sæmilegum eða hæfilegum bústofni eða þurfa að berjast við það árum saman að koma slíkum bústofni upp.

Við flm. þessarar tillögu álítum, að það yrði mörgum frumbýlingum ómetanlegur styrkur, ef þeir ættu völ á bústofnslánum með sæmilegum kjörum.

Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til grg. varðandi þörfina á þvílíkum frumbýlingslánum. Ég get tæpast ímyndað mér, að nokkur gerist til þess að andmæla því út af fyrir sig, að frumbýlingum sé þörf á slíkum lánum, svo að ég mun ekki fjölyrða frekar um það atriði, nema tilefni gefist til. Hitt er annað mál, að sjálfsagt verður bent á ýmis vandkvæði á því að koma á fót sérstakri, fastri bústofnslánastarfsemi. Auk hinnar almennu fjármagnsvöntunar, sem hér verður vafalaust stærstur þrándur í götu, verður sennilega bent á ýmsa framkvæmdarerfiðleika, svo sem að bústofn sé ótryggt og óheppilegt veð, að óhagkvæmt sé að hafa búfé veðbundið o. s. frv.

Hugsanlegt er og, að á það verði bent, að ákvæðin um bústofnslánadeild Búnaðarbankans voru á sínum tíma felld úr gildi, án þess að þau hefðu komið til framkvæmda. En eins og ég hef áður tekið fram, verður þar af í rauninni alls engin ályktun dregin. Búnaðarbankinn hafði starfað svo skamma hríð, þegar ákvæðin um bústofnslánadeildina voru felld niður, að ekkert var óeðlilegt við það, að þau ákvæði væru ekki enn komin til framkvæmda. Þegar ákvæðin voru felld niður, voru kreppulánin komin til sögunnar, bústofn margra bænda var þar veðbundinn. Grundvelli var þar með í raun og veru um sinn kippt undan starfsemi bústofnslánadeildarinnar. Niðurfelling þeirra ákvæða á sínum tíma verður því ekki flutt fram nú sem nein gagnrök gegn nauðsyn á sérstökum föstum bústofnslánum. Hitt er okkur flm.

vel ljóst, að benda má á ýmsa annmarka á þvílíkri lánastarfsemi. Þess vegna göngum við ekki lengra nú en að óska eftir ýtarlegri athugun á málinu, svo sem í þáltill. segir.

Flutning þessarar þáltill. ber að sjálfsögðu ekki að skoða sem vott þess, að við flm. hennar teljum bústofnslán út af fyrir sig nauðsynlegri en lán til jarðakaupa úr veðdeildinni eða ræktunarsjóðslán, en um þá lánastarfsemi, veðdeildarlánin og ræktunarsjóðslánin, er löggjöf fyrir hendi. Þar vantar aðeins fé, þar þarf að útvega fé. En þó að allt væri þar í lagi, að því er þá fjárfestingarsjóði varðar, þeir hefðu nægilegt fé til þess að sinna sínum verkefnum, þá væri eigi að síður þörf á föstum bústofnslánum, og jafnvel þó að sparisjóðsdeild Búnaðarbankans væri nú þess umkomin að veita bændum viðskipta- og rekstrarlán til skamms tíma, væri allt að einu þörf fyrir bústofnslánadeild, er veitti bændum lán, sem þeir þurfa til þess að koma sér upp bústofni eða til að auka bústofn sinn. Þau föstu bústofnslán þurfa sjálfsagt ekki að vera til jafnlangs tíma og veðdeildarlán og ræktunarsjóðslán eða önnur lán tryggð með fasteignaveði, en á hinn bóginn þyrftu slík bústofnslán að vera til svo langs tíma, að bústofninn eða bústofnsaukinn sjálfur gæti greitt lánin, þ. e. a. s. gefið af sér sem svarar afborgunum og vöxtum af láninu auk árlegs rekstrarkostnaðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég vil aðeins geta þess, að í grg. hefur slæðzt inn sú villa, að vitnað er til laga frá 1947 að því er varðar ræktunarsjóðslán í stað laga frá 1957.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 84, n. 575 og 587).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Rafleiðsla á 4 bæi í Húnavatnssýslu.

Á 17. fundi í Sþ., 24. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um rafleiðslu á 4 bæi í Húnavatnssýslu [66. mál] (A. 128).

Á 20. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Gunnar Gíslason: Hv. 1. flm. þessarar þáltill. situr nú ekki á þingi. Ég vil því leyfa mér að tilmælum hans og fyrir hönd okkar annarra flm. að fylgja þessari þáltill. úr hlaði í örstuttu máli, en gæti þó látið nægja að vitna til grg. þeirrar, sem till. fylgir, og bréfs þess, sem birt er sem fylgiskjal á þskj. 128.

Efni þáltill. er það, að hið háa Alþingi beini því til raforkumálastjórnarinnar, að hún hlutist til um, að á þessu ári verði lagt rafmagn til heimilisnota á fjóra bæi í Austur-Húnavatnssýslu, þ. e. býlanna Hjaltabakka, Holts, Húnsstaða og Hurðarbaks. En því er svo háttað, að jarðir þessar eru í næsta nágrenni Laxárvirkjunarinnar á Ásum í Austur-Húnavatnssýslu, og er það vatnsfall, sem þarna er fyrir löngu virkjað, eign þessara jarða auk jarðanna Hnjúka og Sauðaness í sömu sveit, en þær jarðir tvær munu hafa fengið rafmagn frá þessari virkjun.

Við flm. þessarar till. viljum reyna að koma til móts við óskir eigenda og ábúenda áðurnefndra jarða, og ég fæ ekki betur séð en þessar óskir séu næsta eðlilegar, að jarðir þær, sem næst raforkuverinu liggja og eiga það vatnsfall, sem virkjað hefur verið, fái raforku frá þessu raforkuveri og hefðu raunar átt að fá það fyrir löngu.

Ávallt þegar óskir hafa borizt frá þeim mönnum, sem þessar jarðir byggja, um rafmagn á þessi býli, hefur því verið borið við, að fjarlægð milli þeirra væri í ósamræmi við þær reglur, sem settar hafa verið um dreifingu rafmagnsins um byggðirnar. Þar mun vera svo fyrir mælt, að fjarlægð milli býla megi helzt ekki vera meiri en 1 km til jafnaðar. Mér er ekki kunnugt um, að þessi vegalengd megi ekki vera eitthvað lengri af tæknilegum ástæðum og af þeim sökum sé ekki hægt frá reglunni að víkja.

Ég veit ekki, hversu fjarlægð er mikil á milli þessara býla, en ég hygg samt, að hún sé ekki svo mikil, að það muni vera óþægilegt af þeim sökum að fullnægja óskum eigenda þessara jarða. Mér sýnist því í því tilfelli, sem hér um ræðir, — og þau eru raunar fleiri, t. d. hjá okkur heima í Skagafirði í sambandi við Gönguskarðsárvirkjun, þar eru bæir í næsta nágrenni við virkjunina, örstutt frá henni, sem enn hafa ekki fengið rafmagn, — mér sýnist, að engin sanngirni mæli með því, að raforkumálastjórnin rígheldi svo í þessar reglur, að hún sjái sér ekki fært að verða við þeim óskum, sem hér eru fram bornar.

Ég sé, að það er komin fram brtt. við þessa þáltill., sem er flutt af hv. 5. þm. Norðurl. v., þar sem hann leggur til, að tveimur býlum sé bætt við. Ég geri alveg ráð fyrir, að þessar óskir séu eðlilegar, en till. okkar var eingöngu miðuð við þær óskir, sem okkur höfðu borizt og lesa má um í fskj., sem fylgir þáltill.

Ég hef þessi orð svo ekki fleiri, en óska þess, að till. verði vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð viðvíkjandi brtt., sem ég hef flutt við þessa þáltill., sem hér er til umræðu, sem ég vildi skýra hér fyrir hv. þingmönnum. Það hagar þannig til í þessu tilfelli, að það verður að taka rafmagnið frá bæ, sem heitir Torfalækur og er í þessari sömu sveit, og þá þarf að leggja línuna fram hjá eða yfir tún þessara tveggja jarða, sem ég geri brtt. um að teknar séu með. Til þess að geta komið rafmagninu að Hurðarbaki á Ásum

verður að taka línuna frá Torfalæk og leiða hana annaðhvort yfir túnið á Hæli og Meðalheimi eða rétt við túngarðinn, þannig að það er ógerlegt og óviturlegt í mesta máta að leggja rafmagnið að Hurðarbaki, án þess að rafmagn komi líka á þessar tvær jarðir, sem eru í leiðinni.

Ég var í gær að athuga þetta með þeim mönnum, sem eru að gera áætlanir um raflagnir um sveitirnar, og þá kom í ljós, að það er um 5 km vegalengd á milli þessara þriggja bæja. Á einum þessara bæja er tvíbýli, þannig að meðaltalsvegalengdin á milli býla mundi þá verða um 1¼ úr km. Hins vegar eru þrír bæir aðrir, sem eru með í þessari þáltill. Það eru Húnsstaðir, Hjaltabakki og Holt á Ásum, og það er gert ráð fyrir að taka línuna að þessum bæjum frá Blönduósi, og það mundu verða allt að því 2 km að meðaltali milli býla. Það er líka hægt að taka hana frá Torfalæk, en vegalengdin mundi verða mjög svipuð, þannig að sú álman, sem yrði tekin heim að Hurðarbaki, yrði styttri miðað við býli heldur en hin línan. Vitanlega er ég með því, að allir þessir bæir fái rafmagn, en það er bara óviturlegt að ætla sér að leggja rafmagn að Hurðarbaki, án þess að hinir tveir bæirnir, sem eru í leiðinni, fái rafmagn líka.

Ég styð vitanlega þessa þáltill., en þar fyrir má deila um, hvort það hefur mikla þýðingu að koma með þáltill. viðvíkjandi því, að einstakir bæir fái rafmagn, því að ef farið er að samþykkja slíkar þáltill., kemur skriðan á eftir og allir þm. fara að koma með ótal þáltill. viðvíkjandi þessu.

Hitt er svo annað mál, að mér finnst mjög sanngjarnt um þá bæi, sem eru nálægt þeim vatnsföllum, sem rafmagn er tekið úr, að það sé litið á aðstöðu þeirra, og það er satt, að vatn minnkaði í Laxá við það, að vatn var tekið úr Laxárvatni til virkjunarinnar. Þeir fengu einhverjar skaðabætur, af því að gert var ráð fyrir, að laxveiði mundi minnka. Ég skal ekki fullyrða um, hvort hún hefur minnkað eða ekki, það virtist vera góð veiði í ánni í fyrra. En það má deila um það, það er ekki gott að fullyrða um, hvort það hafi haft áhrif á laxagöngur og laxveiði eða ekki. Má vera, að svo hafi verið og að þeir hafi beðið óbeint tjón, og þá mælir það vitanlega með, að þeir fái rafmagnið.

Ég mun því greiða atkvæði með þessari þáltill., en lít hins vegar á það sem dálítið vafamál, hvort Alþingi getur fallizt á það í framtíðinni að fara að samþykkja till. viðvíkjandi rafleiðslum á einstaka bæi.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar, en brtt. við hana bárust á þskj. 151 og 166.

9. Kaup seðlabankans á víxlum iðnaðarins.

Á deildafundum 3. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins [78. mál] (A. 146).

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23., 35. og 36. fundi í Sþ., 23. marz, 5. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það væri ef til vill ástæða til að hafa allýtarlega framsögu fyrir þessari till., en vegna þess að tíminn er nú takmarkaður og margar till. aðrar hér á dagskrá, skal ég verða við þeim tilmælum forseta að fara mjög fljótlega yfir sögu.

Það er nú almennt viðurkennt, að iðnaðurinn sé orðinn þriðji aðalatvinnuvegur þjóðarinnar ásamt landbúnaði og sjávarútvegi. En þó að þetta sé viðurkennt í orði, brestur mikið á, að þetta sé gert í verki. Og þetta kemur ekki sízt fram á þann hátt, sem kemur fram í þessari till., að aðalbanki þjóðarinnar, seðlabankinn, veitir iðnaðinum enn ekki sams konar réttindi og t. d. sjávarútvegi og landbúnaði hvað snertir endurkaup á framleiðslu- og hráefnavíxlum.

Fyrir tveimur árum átti Sveinn Guðmundsson forstjóri hér sæti á Alþingi sem varamaður og flutti þá till. um það, að bætt væri úr þessu misrétti. Alþingi tók þessari till. vel og samþykkti till. að mestu leyti óbreytta. En þrátt fyrir það, þó að nú séu ein tvö ár liðin, síðan þessi till. var samþykkt á Alþingi, hafa ekki enn þá neinar framkvæmdir orðið hjá viðkomandi stjórnarvöldum til þess að koma þessum vilja Alþingis í framkvæmd, og þess vegna er það, sem þessi till. er flutt hér að nýju, og er stuðzt að mestu eða öllu leyti við það orðalag, sem Sveinn Guðmundsson hafði á sinni till. upphaflega og Alþingi samþykkti að mestu leyti óbreytta. Það er öllum augljóst, að svo mikil þörf sem var á því fyrir tveimur árum að samþykkja slíka till., þá er þessi þörf orðin enn þá meiri núna vegna þeirra ráðstafana, sem nýlega hafa verið gerðar í okkar efnahagsmálum og hafa það í för með sér, að iðnaðurinn þarf á stórauknu rekstrarfé að halda.

Ég vil þess vegna vænta þess, að þessi till. fái ekki lakari undirtektir Alþingis nú en fyrir tveimur árum og að Alþingi sýni það á þann hátt, að það vilji viðurkenna iðnaðinn sem einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar og veita honum ekki minni réttindi í sambandi við endurkaup á framleiðslu- og hráefnavíxlum hjá seðlabankanum en landbúnaði og sjávarútvegi.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en legg það til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er komin hér fram till. til þál. um endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins, og ég skil vel, að slík till. skuli koma fram. Ég held, að það sé tími til kominn, að Alþingi fari að ræða ekki aðeins það, sem snertir þau endurkaup, sem snúa að framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins, heldur hvað snertir endurkaupin yfirleitt, bæði hvað snertir landbúnaðinn og sjávarútveginn og þá aðstoð, ef svo mætti kalla það, sem nú er látin í té af hálfu seðlabankans gagnvart atvinnuvegum þjóðarinnar. Þetta hefur nokkrum sinnum áður verið gert að umtalsefni hér á Alþingi, og það hefur oft og af mörgum þm. verið deilt á ófremdarástand, sem átti sér stað á undanförnum árum. Það ástand var það, að þegar t. d. útvegsmenn höfðu látið framleiða fisk, og það var gjaldeyrir sama sem, hann var seldur fyrir fram, og bankarnir fengu þennan gjaldeyri, — að þegar þeir ætluðu að fá lánað út á þetta og fengu víxla hjá viðskiptabönkunum og viðskiptabankarnir endurseldu þessa víxla, þá tóku bankar ríkisins af útveginum og öðrum 4½% vexti af þessu, og þetta skiptist þannig á milli bankanna, að viðskiptabankarnir, sem höfðu alla áhættuna í sambandi við þessi útlán, fengu ½%, en seðlabankinn tók til sín 4%. Það var oft deilt á þessar aðfarir, bæði hér á Alþingi og í viðskiptabönkunum, og það var meira rætt og oftar um þessi misskipti, t. d. í bankaráði Landsbankans, þar sem ég á sæti m. a. fyrir hönd Alþingis, heldur en eiginlega nokkuð annað, sem snertir viðskipti bankanna. Og þetta var ill regla, sem þarna var höfð. Það var alveg óþarfi að taka 4½% af þeim atvinnuvegum, sem framleiddu gjaldeyrinn fyrir þjóðina, og það var alveg sérstaklega ómaklegt að skipta þannig á milli viðskiptabankanna annars vegar og seðlabankans hins vegar, að það kæmi ½% í hlut viðskiptabankanna og 4% í hlut seðlabankans, sem hafði ekkert að gera með að græða. Það mátti vel lækka þetta strax niður í 2½% eða svo, láta kannske seðlabankann í mesta lagi fá 1% og hina 1½%, þegar um lán var að ræða, sem átti að geta verið nokkurn veginn áhættulaust. Og ég veit, að fátt var meira áhugamál, ekki síst útvegsmanna og hraðfrystihúsaeigenda og annarra, sem höfðu með framleiðslu útflutningsvörunnar að gera, heldur en einmitt þetta. Og stundum, þegar vinnudeilur voru, þá var því beinlínis haldið fram af hálfu hraðfrystihúsaeigenda og forustumanna Landssambands ísl. útvegsmanna, að það mundi muna meira um það fyrir hraðfrystihúsin og útveginn yfirleitt að fá vaxtalækkun, sem næmi að skera vextina niður um þriðjung, heldur en þó að kaupgjald hefði lækkað um 15%. Því er bezt að gera sér það ljóst frá upphafi, ef til vinnudeilna kemur, hverjir það eru, sem bera ábyrgð á þeim, meðan menn hafa ekki fengizt til þess að skera niður vextina eins og sjálfsagt og nauðsynlegt er að gera í þjóðfélaginu. Og það er engin ástæða til þess að taka af útvegsmönnum og öðrum, sem framleiða gjaldeyrinn, allan gjaldeyrinn og skammta þeim síðan, eins og bankarnir hafa gert, og þykjast eiga allan þennan gjaldeyri og fást ekki einu sinni til að hugsa almennilega um að láta framleiða þennan gjaldeyri. Þetta var mjög slæmt ástand, enda oft deilt á það.

Hvað hefur svo gerzt síðan? Það, sem gerzt hefur síðan, er, að þetta hefur versnað um allan helming, og þegar ég segi helming, þá meina ég það bókstaflega, því að það, sem áður var 4½%, hvað er það í dag? Er það ekki 9%? Eða er það meira, það eru kannske menn hérna inni, sem geta upplýst það? (**Gripið fram í:** 9 og 9½.) Það er 9 og 9½, já. Þá höfum við það frá þeim, sem bezt þekkja. — Vont var þetta áður. Það, sem var óþolandi áður, er núna með tilkomu þessarar nýju hæstv. ríkisstj., — mér þykir mjög leitt, að enginn hæstv. ráðh. skuli vera við, en ég vona, að hún eigi kannske einhvern forsvarsmann hérna inni, þó að ég sé ekki viss í, að nokkur vilji taka upp hanzkann fyrir hana, — í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. er sem sé komið svo, að það, sem var illt áður, er orðið helmingi verra nú.

Ég átti hlut að því hér, einmitt þegar Sveinn Guðmundsson forstjóri, sem kom hér inn sem varaþingmaður Sjálfstfl. fyrir Reykjavík um tíma, flutti þessa till., sem hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) nú flytur, að reyna að styðja hann í því og lagði þessu máli mitt lið, þegar talað var um það í Sþ. þá. Og mér þykir mjög leitt, að það skuli síðan ekki hafa gerzt neitt í þessum efnum. Ég er hræddur um, að það standi í sambandi við það, að svo erfitt sem var að fást við seðlabankann og hans vald, á meðan Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu hér, — og ég fyrir mitt leyti sem góður stjórnarstuðningsmaður engu að síður vildi styðja góða till. eins og þessa, sem þessi fulltrúi Sjálfstfl. þá kom fram með, — svo erfitt sem var að fást við seðlabankann sem vald þá, þá er það margfalt verra núna, því að nú lítur helzt út fyrir, að það sé hann, sem hefur tekið yfirstjórnina á ríkisstjórninni, — og kunni hún þó ekki sjálf fótum sínum vel forráð, en þó helmingi verr, eftir að seðlabankinn fór að sletta sér fram í þetta, enda heyrist mér það nú svo á þeim ráðstefnum, sem ríkisstj. boðar til hér innanlands núna með sínum embættismönnum, að þar muni fulltrúar seðlabankans og það jafnvel þó að það séu bara sendisveinarnir frá aðalbankastjóranum vaða uppi og segja fyrir um, hvað gera skuli, og ráðh. síðan hlýði. Ef einhver hæstv. ráðh. væri hér, þá gæti hann borið á móti þessu, ef þetta væri ekki satt.

Ég held þess vegna, að það sé full þörf fyrir Alþ. að ræða þetta mál alvarlega, ekki aðeins hvað snertir endurkaupin á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins, heldur líka að skakka þannig leikinn viðvíkjandi sjávarútvegi og landbúnaði, að atvinnuvegir landsins yfirleitt njóti stuðnings af bönkum ríkisins, en bankar ríkisins séu ekki reknir til þess að hengja atvinnuvegina, eins og núna virðist vera.

Sem stendur er verið að brjóta atvinnuvegina niður með þeirri bankapólitík, sem rekin er. Það er svo undarlegt með okkur, sem stöndum í allmikilli snertingu þó við verkalýðshreyfinguna, að það eru tíðari upphringingar, sem við fáum frá atvinnurekendum, kaupmönnum, handverksmönnum og öðrum, jafnvel heldur en frá verkamönnum, um, hvort við ætlum ekki að fara af stað til þess að steypa þessu kerfi, sem sé búið að koma hér á, af því að það sé að drepa atvinnureksturinn. Og ástandið er þannig, að stærstu atvinnurekendur

landsins verða núna að fara og tala við blöð stjórnarinnar, eins og t. d. Alþýðublaðið, til þess að birta í því frásagnirnar um, hvernig verið sé að stöðva atvinnulífið, t. d. hérna við Faxaflóa, og eyðileggja atvinnugreinarnar.

Ég held þess vegna, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að horfast í augu við það, að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar og vissulega á að afgreiða það vel, hún á að láta til sín taka, hvaða fyrirmæli Alþingi gefur seðlabankanum og öðrum um, hvernig endurkaupa skuli framleiðslu- og hráefnavíxla atvinnugreinanna á Íslandi. Til þess er Alþ. kosið að stjórna þjóðarbúskapnum hér, en ekki til þess að láta einhverja embættismenn úti í bæ gera það, ábyrgðarlausa embættismenn, sem aldrei eiga að leita til neinna kjósenda hér á Íslandi, — og þegar þeir hafa leitað til þeirra, þá hafa þeir alltaf fallið. Það er þingmanna og Alþingis að stjórna þessum málum, en ekki þessara embættismanna, sem aldrei hafa verið kosnir til þess að stjórna þessu. Ég veit ósköp vel, að sumir voldugustu mennirnir, sem núna eiga að stjórna þessum málum, hafa reynt að bjóða sig fram til þings. Ég hef sjálfur staðið í því að slást við þá, og þeir hafa aldrei komizt inn. En þeir þykjast geta stjórnað landinu, og þeir þykjast ætla að segja þingmönnum fyrir, hvernig eigi að stjórna. Ég held þess vegna, að það sé fyllilega tími til kominn, að Alþ. láti til sín taka og láti þessa embættismenn vita, hver er húsbóndi á heimili þjóðarinnar. Við skulum ekki láta okkur nægja neinar frómar óskir viðvíkjandi þeim reglum, sem eigi að gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegsins, landbúnaðarins og iðnaðarins. Við skulum setja þær reglur. Og ég vil leyfa mér að vona það, um leið og ég tek undir þessa till., að sjálfstæðismenn í þinginu þori að fylgja henni, þó að þeir séu í stjórnaraðstöðu núna.

Ég vil leyfa mér að vona, að sú n., sem fær þetta til meðferðar, gangi þannig frá þessu máli, að það verði ekki efazt um vilja Alþingis í þessum efnum. Og það er Alþ., sem ræður þessu. Það er enginn seðlabanki til hér á Íslandi eða nein slík fyrirtæki nema vegna vilja Alþ. og nema vegna þess, að þetta Alþ. hefur ákveðið það á sínum tíma, að þessir bankar skuli vera til, og þegar Alþ. ákveður, að þeir skuli ekki vera til lengur, þá eru þeir ekki til lengur. Það er nauðsyn að láta þá embættismenn, sem þarna ráða úti í bæ og eru að brjóta niður atvinnulíf þjóðarinnar, vita af því, hvar sá aðili sé, sem hefur ábyrgðartilfinningu fyrir atvinnulífinu og lætur þeim ekki haldast svona hluti uppi. Þess vegna held ég, að sú n., sem fær þetta til meðferðar, eigi að taka þetta til rækilegrar meðferðar og setja inn í þessa till. til þál. ákvæði um, hvernig skuli endurkaupa víxlana. Það er engin ástæða til þess, að þær ákvarðanir séu teknar annars staðar en hér. Það er engin önnur stofnun en Alþingi, sem á að ráða því, vegna þess að það er til Alþ. eins, sem er leitað, ef atvinnuvegirnir ekki ganga. Og við vorum hér seinast áðan að ræða mál, sem sýna það, að hingað er komið og til okkar eru kröfurnar gerðar um, hvort einhver síldariðnaður á að vera rekinn á landinu eða ekki. Það er ekki farið til seðlabankans. Það talar víst enginn maður við seðlabankann í dag um það, hvort það eigi að verða einhver síldveiði á Íslandi og hvort það eigi að vera hægt að hagnýta hana, því að einu afskiptin, sem hann hefur haft af því máli núna, eru að reyna að koma í veg fyrir, að það verði nokkur síldarvertíð, með því að stjórna því með sínum vitlausu afskiptum af sölunni á síldarlýsi og síldarmjöli, að síldarverksmiðjurnar allar eru í vandræðum, hvernig þeirra rekstrarafkoma muni verða næsta sumar og hvaða verð eigi að ákveða út af vitlausum afskiptum, sem seðlabankinn og ríkisstj. hafa haft í frammi. Ég held þess vegna, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að taka þetta mál í allshn., sem ég legg til að það fari til, til rækilegrar umr. og ganga þannig frá þessu máli, áður en þingi lýkur, að það sé alveg ákveðið frá Alþingis hálfu, eftir hvaða reglum víxlarnir skuli endurkeyptir.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50., 54. og 57. fundi í Sþ., 18. og 27. maí, 1. júní, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 146, n. 436 og 454).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

10. Allsherjarafvopnun.

Á deildafundum 15. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. varðandi allsherjarafvopnun [91. mál] (A. 183).

Á 28. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35., 36. og 37. fundi í Sþ., 5. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 4. landsk. þm. að flytja hér till. til þál. um, að Alþingi ítreki ályktun sína frá 13. apríl og skori á Sameinuðu þjóðirnar að beita sér af alefli fyrir allsherjarafvopnun og taki þannig undir þau tilmæli, sem Alþingi bárust 15. febr. frá Æðsta ráði Sovétríkjanna um að leggja till. ráðsins lið, en þær fara fram á, að komið sé á allskömmum tíma, 4 næstu árum, allsherjarafvopnun í heiminum. Hér er um mál að ræða, sem varðar framtíðargæfu okkar þjóðar sem allra annarra og þar sem við Íslendingar ættum alveg sérstaklega að geta borið fram okkar óskir í fullri einlægni og án þess að þurfa að taka nokkurt það tillit, sem stórveldin í heiminum neyðast til að taka, þegar þau eru að ræða þessi mál. Æðsta ráð Sovétríkjanna hafði snúið sér til Alþ. eins og fleiri þjóðþinga, og það er ekki nema von, að

einmitt fulltrúar Sovétþjóðanna geri slíkt, því að vart hafa nokkrar þjóðir í veröldinni fengið nú á síðustu tímum að kenna eins ægilega á því, hvað styrjöld er, eins og einmitt þær þjóðir. Frá sjónarmiði okkar, hvort heldur er okkar litlu þjóðar eða annarra, hlýtur viðhorfið í veröldinni nú að vera það, að hverjum einasta manni, hverjum einasta einstaklingi og hverri einustu þjóð beri að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að afstýra megi þeirri ógn, sem yfir mannkyninu hefur nú vofað undanfarinn áratug, að til tortímingarstyrjaldar, þar sem kjarnorkuvopnum væri beitt, gæti komið.

Styrjöld og styrjaldir eru gamlar hjá mannkyninu, en aldrei fyrr en á okkar tímum og það á síðasta áratug hefur verið hætta á því, að með styrjöld yrði *bókstaflega mannkyninu útrýmt*. Hingað til hafa styrjaldir haft í för með sér mikla ógæfu og miklar hörmungar fyrir alla þá, sem hafa orðið að búa við þær þungu búsifjar, sem styrjöldum fylgja. En styrjaldir hafa ekki ógnað tilveru mannkynsins fyrr en nú á tímum, og þess vegna er það sameiginlegt vandamál og sameiginlegt áhugamál allra þjóða í veröldinni, jafnt stórra sem smárra, að reyna að koma í veg fyrir, að til styrjaldar geti komið. Ástæðan til þess, að slík hætta vofir yfir, að mannkyninu yrði bókstaflega útrýmt, ef til allsherjar kjarnorkustyrjaldar kæmi, er sú, að tæknilegar framfarir mannkynsins, þær nýju uppgötvanir, sem gerðar hafa verið, hafa gefið mannkyninu svo óskaplegt vald yfir þeim öflum í náttúrunni, sem okkur voru áður lítt eða ekki kunn, að einmitt þessi sömu öfl, sem gætu gefið okkur möguleika til þess að koma á hér betra mannfélagi á jörðinni en okkur nokkru sinni fyrr hefur dreymt um, einmitt sömu öfl, ef þau eru leyst á rangan hátt úr læðingi, geta orðið til að tortíma okkur. Ef kjarnorkan er notuð til friðsamlegra starfa, getur hún lagt grundvöll að því að útrýma svo að segja öllum þeim vandamálum, sem mannkynið hefur átt við að etja síðustu árþúsundir. Kjarnorkan og vetnisorkan fela í sér möguleika til svo ódýrrar og til svo stórkostlegrar framleiðslu á jörðinni, að það er hægt að skapa þær allsnægtir, sem mannkynið áður hefur aðeins dreymt um í sínum djörfustu draumum. Það er hægt að útrýma fátækt, sjúkdómum, vanþekkingu, öllu því böli, sem mannkynið hefur átt við að *stríða öldum og árþúsundum saman*. Það er hægt að skapa þær allsnægtir hjá mönnunum, sem gera vinnuna að leik í staðinn fyrir þrældóm, hægt að koma á þeirri sjálfvirkni í framleiðslu, sem léttir þunga erfiðisins af mönnunum. Allir þessir möguleikar blasa við okkur, svo framarlega sem við aðeins berum gæfu til þess að útrýma í eitt skipti fyrir öll styrjöldum og styrjaldarhættu á okkar jörð og geta í þess stað notað öll þessi miklu og hingað til leyndardómsfullu öfl í þjónustu mannkynsins og velliðanar og velferðar þess.

En hitt er augljóst, að svo framarlega sem á að takast að nota þessi öfl í þágu hins góða hjá mannkyninu, þá má mannkynið ekki lengur elga það á hættu, að styrjaldir geti brotizt út. Það er svo skammt á milli, að ef einni þjóð, af hvaða ástæðu sem það er, finnst hún vera að berjast fyrir tilveru sinni og ef hún hefur ráð og möguleika á að beita þeim vopnum, sem kjarnorkuvopnin eru, þá er alltaf hætta á, hvaða samningar sem gerðir eru, að til slíkra vopna yrði gripið, sérstaklega svo framarlega sem fjöldi þjóða er farinn að fá slík vopn í hendur. Það er þess vegna um að gera fyrir okkur nú, þegar það eru enn þá aðeins örfáar þjóðir, sem hafa þessi vopn, og þegar menn meira og meira gera sér ljóst, að það er ekki hægt að útkljá vandamálin á milli þjóðanna með styrjöldum, að láta til skarar skríða og banna allan vopnaútbúnað hjá mönnunum, banna alla vopnaframleiðslu og þar með alla beitingu vopna og eyðileggja öll þau kjarnorkuvopn, sem þegar eru til. Þetta vandamál er þess vegna í senn þess eðlis, að tækist að leysa það, þá er annars vegar verið að bjarga mannkyninu öllu frá tortímingu, sem yfir vofir, svo framarlega sem kjarnorkuvígbúnaðarkapphlaupinu er haldið áfram, og hins vegar, um leið og tekst að leysa þetta, er hægt að leysa úr læðingi þau öfl, sem í kjarnorkunni búa og hægt er að nota til friðsamlegra starfa. Eins og bent er á í grg., er aðeins með því að hætta þeim vopnabúnaði, sem nú er, og hætta að eyða of fjár til styrjaldarundirbúnings, sem þar er bent á, hægt að gerbreyta efnahagslegu viðhorfi í veröldinni, og allt það, sem við, jafnt hér á Íslandi sem annars staðar, höfum verið að tala um undanfarið, efnahagsleg vandamál og annað slíkt, þá mundi það, eftir að svona hlutir hefðu verið gerðir, á einum til tveimur áratugum ekki lengur verða til frekar en við höfum þurft að glíma við svartadauða eða annað slíkt á okkar landi *á síðustu áratugum og öldum*. Möguleikarnir, *sem* við blasa, ef mennirnir aðeins bera gæfu til þess að standa saman um að leysa þetta vandamál, sem styrjaldirnar hafa verið og verða nú í auknum mæli við það, að kjarnorkan kemur til, — ef okkur aðeins tekst að leysa þennan vanda og standa saman um það, þá bíða þess vegna blómlegri tímar mannanna, mannkynsins í heild og hverrar þjóðar um sig, heldur en við höfum getað gert okkur vonir um, ekki síst eins og okkar kynslóð, sem hefur orðið að lifa tvær heimsstyrjaldir og búa nú um nokkurt árabil undir ógninni af þeirri þriðju.

Okkur fannst þess vegna, flm. þessa máls, að einmitt á Alþingi Íslendinga ætti sú rödd að koma fram og Alþ. láta til sín heyra um þessi mál. Við erum eina þjóðþing veraldarinnar, sem aldrei hefur þurft að taka ákvarðanir um styrjöld eða leggja fram fé til vígbúnaðar. Við erum fulltrúar þess eina lands í veröldinni, sem aldrei hefur þurft að heyja stríð við aðrar þjóðir. Við höfum verið land friðarins framar öllu öðru. Við höfum, frá því að við öðluðumst fullveldi, lýst yfir ævarandi hlutleysi, og þótt þau sorglegu mistök hafi verið gerð að leiða okkur fyrir áratug inn í hernaðarbandalag, þá er hugsunarháttur okkar þjóðar sá, að hernaðarandi hefur ekki náð tökum á henni, heldur á friðarhugsjónin hjá okkar þjóð áreiðanlega sterkari ítök en jafnvel hjá nokkurri annarri. Við getum þess vegna framar öllum öðrum þjóðum tekið undir áskoranir um afvopnun, og við höfum líka gert það. Alþingi Íslendinga samþ. þann 13. apríl 1954, eða fyrir réttum 6 árum, einmitt þegar kalda stríðið var svo að segja í sínu hámarki, svo hljóð-

andi ályktun, sem ég — með leyfi hæstv. forseta — ætla að lesa upp:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skora á Sameinuðu þjóðirnar að beita sér af alefli fyrir allsherjarafvopnun, sem tryggð verði með raunhæfu alþjóðlegu eftirliti, enda er það öruggasta ráðið til þess að koma í veg fyrir framleiðslu og notkun kjarnorkuvopna og vetnissprengjunnar í hernaði, en tilraunir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna með þau vopn hafa sýnt, að í þeim felst geigvænleg og yfirvofandi hætta fyrir mannkynið og framtíð þess, ef ekki tekst með alþjóðlegum samtökum að hindra, að ný heimsstyrjöld brjótist út."

Þessi þál. var einróma samþykkt á Alþingi, og ég álít, að það sé okkur fagnaðarefni að geta nú itrekað hana, þegar sú hugsjón, sem Alþ. beitti sér fyrir þá, á svo miklu, miklu meiri ítök hjá þjóðunum en þá var, og þess vegna sé um leið rétt hjá okkur að fela ríkisstj. að ljá bæði því máli, sem Æðsta ráð Sovétríkjanna hefur beint til okkar, og öllum öðrum málum, sem fram koma og í sömu átt stefna, sinn fyllsta stuðning, og við höfum einmitt á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna reynt það nú í fyrsta skipti í áratug, að einmitt tvö helztu stórveldi veraldarinnar, Sovétríkin og Bandaríkin, hafa þar tekið höndum saman um tillögur í þessa átt. Ég vil þess vegna vona, að við getum sameinazt um þessa tillögu, annaðhvort í þessu formi eða öðru því formi, sem utanrmn. vildi skila henni í, og vil leyfa mér að gera þá till. til hæstv. forseta, að þessari umr. verði nú frestað, en málinu vísað til utanrmn., sem líka hafði þá till., sem hér var afgreidd fyrir 6 árum, til meðferðar.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

11. Radíóstefnuviti í Hafnarfirði.

Á 29. fundi í Sþ., 24. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um radíóstefnuvita í Hafnarfirði [92. mál] (A. 184).

Á 35. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36. og 37. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 184 hef ég leyft mér að flytja þáltill. þess efnis, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta hið fyrsta setja upp radíóstefnuvita í Hafnarfirði.

Um alllangt skeið hefur það háð stjórnendum skipa á leið til Hafnarfjarðar, að þeir geta ekki við innsiglinguna haft þau not af ljósvitanum í bænum sem skyldi vegna þess, að hann verður ekki greindur frá öðrum ljósum, fyrr en komið er inn fyrir bær tálmanir, sem hann á að vara við. Þegar vitinn var byggður, stóð hann hærra en aðrar byggingar í innsiglingastefnunni. Nú hefur byggingum fjölgað svo, að hann er umkringdur á alla vegu og stendur orðið í húsaþyrpingu, og er fjarlægð hans frá íbúðarhúsum ekki meiri en venjulegt er milli þeirra. Leiðir þetta til þess, svo sem ég áður sagði, að ljós hans verður ekki greint, fyrr en komið er inn fyrir siglingatálmanir, en við innsiglinguna stafar skipum hætta af Helgaskeri og Valhúsagrunni. Innsiglingin er þó bein og liggur þar á milli. Sjómenn hafa um langt skeið kvartað yfir þessu ástandi svo og slysavarnafélögin í bænum, enda er óviðunandi, að á svo fjölfarinni siglingaleið sem inn Hafnarfjörð séu ekki fullnægjandi leiðarmerki.

Svo sem öllum er kunnugt, eru skipakomur miklar til Hafnarfjarðar, og má á það minna, að árið 1958 var fiskframleiðsla í Hafnarfirði meiri en á nokkrum öðrum stað í landinu að undanskilinni Reykjavík einni. Ég hef með þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, lagt til, að úr þessu óviðunandi ástandi í vitamálum í Hafnarfirði verði bætt á þann hátt, að settur verði þar upp radíóstefnuviti. Radíóstefnuviti mundi senda frá sér ákveðin hljóðmerki í rétta innsiglingarstefnu og önnur hljóðmerki hvort til sinnar hliðar við rétta stefnu. Þessi merki mundu heyrast í venjulegum útvarpstækjum, og gætu því skip og bátar haft af þeim full not, án þess að miðunarstöðva þyrfti við. Meðan skip er á réttri stefnu, heyrist hið rétta merki, en skiptir um hljóðmerki, ef komið væri af innsiglingarstefnunni, og er þá heyranlegt, hvorum megin við rétta stefnu skipið væri.

Radíóstefnuviti, sem staðsettur væri í Hafnarfirði, kæmi fleiri sjófarendum að gagni en þeim, sem leið eiga til Hafnarfjarðar. Svo sem ég gat um, er innsiglingarstefnan til Hafnarfjarðar bein og krókalaus, þótt hún liggi milli torfærna, og svo hagar til, að sé innsiglingarstefnan framlengd út flóann, þá nemur hún laust við Garðsskagann, einmitt á réttri siglingaleið fyrir skagann. Ég tel og hef þar fyrir mér skoðanir sjómanna, að mikils virði væri fyrir skip og báta, sem leið eiga fyrir Garðsskaga, að radíóstefnuviti væri staðsettur í Hafnarfirði, þannig að sjófarendur gætu í dimmviðri stuðzt við hljóðmerki hans og vitað örugglega, hvenær óhætt væri að beygja fyrir skagann, og til þess þyrfti ekki að nota miðunarstöðvar, enda hafa þær ekki allir bátar. Hljóðmerki vitans út Faxaflóa gæti í mörgum öðrum tilfellum auðveldað skipstjórnarmönnum að ákveða staðsetningu skipa sinna. Fyrir Garðsskaga fer ótölulegur grúi skipa ár hvert, og þar hafa orðið mörg skipsströnd og mannskaðar. Tel ég, að skylt sé að gera allt, sem unnt er, til þess að draga úr hættu á þessum slóðum, en radíóstefnuviti í Hafnarfirði mundi að sínu leyti auka öryggi á þessari fjölförnu siglingaleið.

Ég vil geta þess að lokum, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á síðasta fundi sínum einróma

áskorun til Alþingis, þar sem m. a. er komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem bæjarstjórn lítur svo á, að hér sé um nauðsynlegt öryggismál sjómannastéttarinnar að ræða, væntir bæjarstjórn þess, að Alþ. samþ. þáltill. þessa.“

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að umr. verði frestað, en till. vísað til hv. fjvn. Ég vænti þess, að þegar nú dregur að lokum mjög aflasællar vertíðar, þegar sjómenn við Faxaflóa sem annars staðar hafa lagt fram óvenjumikla vinnu, til þess að þjóðin megi lifa við sem bezt lífskjör, þá láti hvorki hv. fjvn. né Alþ. sjálft það henda, að þáltill. þessi, sem fjallar um öryggismál sjómanna við Faxaflóa, fái ekki greiða afgreiðslu á þessu þingi, þó að nokkuð sé nú á það liðið.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vildi aðeins mega taka undir þau orð, sem hv. flm., 7. landsk., flutti hér áðan í sambandi við radíóstefnuvita í Hafnarfirði. Þetta mál hefur lengi verið brýnt nauðsynjamál, þótt af óskiljanlegum ástæðum hafi ekki fengizt á því lausn. Mér er kunnugt um, að slysavarnasamtökin hafa um nokkur ár reynt að vinna að lausn þessa máls og komið þessari hugmynd á framfæri við þá aðila, sem með þetta mál fara.

Eins og hv. flm. gat um, þá vonaðist hann til þess, að þetta mál fengi nú afgreiðslu á hv. Alþ., og vildi ég mega taka undir það og vonast til þess, að svo verði.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

12. Utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúar þess erlendis.

Á 24. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun laga um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis [95. mál] (A. 198).

Á 28. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35., 36. og 37. fundi í Sþ., 5. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessari till. Eins og hún ber með sér, fjallar hún um það, að Alþ. feli ríkisstj. að láta endurskoða löggjöfina um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis, að endurskoðunin skuli beinast að því að gera utanríkisþjónustuna ódýrari en nú og að hún verði gerð í samráði við þingflokkana og niðurstöður hennar verði lagðar fyrir næsta þing.

Eins og fram kemur í grg., eru núgildandi lög um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis orðin nær 20 ára gömul. Þau voru sett hér rétt á eftir, að sambandið rofnaði á milli Íslands og Danmerkur á stríðsárunum, og að sjálfsögðu þá miðuð við talsvert aðrar aðstæður en þær, sem nú eru fyrir hendi, og nægir það eitt til þess að gera þá endurskoðun nauðsynlega, er till. fjallar um.

Í þessum lögum, sem eru frá 1941, er ríkisstj. sett það í sjálfsvald að ákveða, hvar Ísland skuli hafa sendiráð erlendis, og hefur þetta leitt til þess m. a., að sendiráðin eru nú óeðlilega mörg að margra dómi.

Það hefur komið oft fram í umr. hér á þingi og seinast í sambandi við umr. um fjárlagafrv., að í öllum flokkum eru uppi raddir um það, að nauðsynlegt sé að fækka sendiráðum og færa þau saman. Í þessari till. er þess vegna lagt til, að endurskoðun fari fram með það fyrir augum að gera kostnaðinn við utanríkisþjónustuna, sérstaklega sendiráðin, minni en nú er. Það er enn fremur lögð á það áherzla og lagt til í till., að þessi athugun eða endurskoðun fari fram í samráði við alla þingflokkana. Er þetta byggt á því, sem öllum má ljóst vera, að utanríkismálin eru nokkuð sérstaks eðlis og þess vegna eðlilegt, að reynt sé að hafa samstarf stjórnar og stjórnarandstöðu um þau, þó að því verði kannske síður við komið um ýmis önnur mál.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að þegar fyrir nokkru var rætt hér á Alþingi um stjórnarráð Íslands og hugsanlega endurskoðun á löggjöf um það efni, kom sú skoðun fram hjá hæstv. dómsmrh., að eðlilegt mundi vera, að slík endurskoðun færi fram á breiðum grundvelli, og gildir það að sjálfsögðu ekki síður um utanríkisþjónustuna.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en geri það að till. minni, að umr. verði frestað og málinu vísað til utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá meiri hl. utanrmn., á þskj. 616, var útbýtt 2. júní, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

13. Virkjun Jökulsár á Fjöllum.

Á 26. fundi í Sþ., 17. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um fullnaðarákvörðun um virkjun Jökulsár á Fjöllum og um athugun framleiðslumöguleika í sambandi við virkjunina [97. mál] (A. 205).

Á 28. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35., 36. og 37. fundi í Sþ., 5. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Í till. þeirri til þál., sem við þrír af þingmönnum Norðurlandskjördæmis eystra höfum leyft okkur að flytja á þskj. 205, er lagt til, að ríkisstj. verði falið í fyrsta lagi að hlutast til um, að gerð verði fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum, og í öðru lagi að láta athuga möguleika til þess að koma upp framleiðslu á útflutningsvöru í sambandi við virkjunina.

Jökulsá á Fjöllum, öðru nafni Jökulsá í Öxarfirði, er eitt af mestu og lengstu vatnsföllum landsins. Þorvaldur Thoroddsen telur í Íslandslýsingu sinni lengd hennar frá upptökum til sjávar í Öxarfirði 25 mílur danskar. Í ritinu Íslenzk vötn eftir Sigurjón Rist, fyrsta hluta, sem kom út árið 1956 á vegum vatnsmælingadeildar raforkumálaskrifstofunnar, er hún talin 206 km, sem er nokkru meira. En niður undir efstu fossa milli byggða á Hólsfjöllum og í Öxarfirði eru nú sagðir vera um ⅔ af lengd árinnar allrar. Jökulsá kemur upp í norðanverðum Vatnajökli — í nálega 800 m hæð yfir sjávarmál — í krikanum milli Kverkfjalla og Dyngjujökuls og er þar þegar vatnsmikil. Skammt frá upptökum falla í hana að vestan margar smákvíslar, einnig frá jöklinum. Frá Brúarjökli, austan Kverkfjalla, sem eins og Dyngjujökull er útjökull frá Vatnajökli, kemur Kreppa, sem er álíka mikið vatnsfall og Jökulsá þar efra. Kreppa mun vera 70 km löng og fellur í Jökulsá austur af Herðubreið eða litlu norðar. Enn fremur falla í Jökulsá hið efra að vestan auk kvíslanna frá Dyngjujökli Svartá og Lindaá — eða uppsprettur hennar — og Grafarlandaá, en að austan Arnardalsá, Skarðsá af Möðrudalsöræfum og Hólsselskíll af Hólsfjöllum. Einnig er talið, að í hana renni mikið af lindarvatni neðanjarðar undir hraunum þeim, er að henni liggja. Það er talið, að allt vatn af nálega 7500 km2 svæði safnist saman í þessa miklu móðu, eins og Thoroddsen nefnir hana, ofan við brú í Öxarfirði, en af þessu svæði eru um 1700 km2 undir jökli nærri upptökum. Frá upptökum rennur Jökulsá norður á við um jafnhallandi hásléttu, allt þar til hún fellur niður í gljúfrin fyrir neðan Dettifoss. En eftir að gljúfrunum sleppir, fellur hún um lágt land og slétt út í Öxarfjörð. Í sambandi við þann kafla árinnar, sem um gljúfrin fellur, eru hin einstöku skilyrði til stórvirkjunar, sem ég mun ræða lauslega hér á eftir.

Guðmundur Hlíðdal verkfræðingur, síðar póst- og símamálastjóri, lét fyrst mæla vatnsmagn Jökulsár haustið 1907. Þær mælingar annaðist Páll Jóhannesson hreppstjóri á Austaralandi í Öxarfirði, og var þá mælt um fjögurra ára skeið. Að tilhlutan mþn. í vatnamálum lét vegamálastjóri mæla vatnsmagnið 1918—19, og enn fremur var það mælt á árunum 1920—23. En síðan á árinu 1938 — eða um rúmlega 20 ára skeið — hafa stöðugar vatnsmælingar átt sér stað í ánni, og hefur Ólafur Gamalielsson bóndi á Ferjubakka í Öxarfirði haft umsjón með þeim allan þennan tíma, en mælistaður er rétt neðan við brúna í Öxarfirði. Meðalvatnsrennsli árinnar er, eftir því sem segir í riti því, er ég nefndi áðan, um íslenzk vötn, 193 m3 á sekúndu við Dettifoss. Stundum er það mun minna, en stundum líka miklu meira. Eins og í öðrum jökulvötnum er það að sjálfsögðu mest í sumarhitum og þegar hláka er á jöklinum, en minnst í frostum á veturna. Ef meðalrennslið ætti að koma að notum sem orkugjafi, þyrfti mikla stíflugerð og vatnsmiðlun. En minna rennsli en meðalrennslið er hægt að virkja án verulegrar vatnsmiðlunar og vegna hinnar miklu fallhæðar, sem þarna er til staðar, nægir það rennsli, þótt það sé langt undir meðallagi, til þess að framleiða miklu meiri raforku en nú er framleidd samtals í öllum rafstöðvum landsins með vatnsvirkjunum eða á annan hátt.

Efsti fossinn í Jökulsá heitir Selfoss. Það er lágur foss rétt ofan við Dettifoss og mun vera í 330—340 m hæð yfir sjávarmál, en yfirborð árinnar, rétt eftir að kemur norður úr gljúfrunum, mun ekki vera nema 30—40 m yfir sjávarmál. Svo segir Þorvaldur Thoroddsen, og kemur það heim við síðari mælingar. Fallhæð árinnar frá brún Selfoss niður fyrir gljúfrin er því um 300 m, en sá kafli árinnar er um 25 km á lengd. Hæsta þrepið í farveginum á þessari leið er hinn mikli Dettifoss, þar sem áin fellur í gljúfrin, 58 m hár, „ægilegur og undrafríður“ í auðninni, „þar sem aldrei á grjóti gráu, gullin mót sólu hlæja blóm,“ eins og Kristján kvað Fjallaskáld.

Nú munu sex eða sjö ár liðin, síðan ýtarlegar athuganir hófust á þessu svæði á vegum raforkumálastjórnarinnar. Hefur nú allt þetta svæði verið mælt og kort gerð, og síðan á árinu 1957 hafa kunnáttumenn unnið að því að gera sér grein fyrir, hvers konar mannvirki það væru, sem þarna kæmu til mála, sennilegum kostnaði við þau og afköstum raforkuvers eða raforkuvera. Hefur til þessa undirbúnings alls verið varið nokkrum hluta af þeim 18—19 millj. kr. samtals, sem á undanförnum tíu árum hafa verið notaðar til rannsókna á virkjunarmöguleikum hér á landi. Flm. þessarar till. hafa af skiljanlegum ástæðum haft áhuga fyrir því að fylgjast með þessu verki eftir föngum, þar sem það stóð þeim nokkuð nærri, en tveir af þeim hafa til skamms tíma verið hér á hv. Alþ. sérfulltrúar héraða, sem að Jökulsá liggja. Við höfum að vísu ekki í höndum niðurstöðuskýrslur þær, sem nú munu vera fyrir hendi, enda munu þær ekki hafa legið fyrir fyrr en á s. l. hausti og hafa ekki verið birtar. Það ætlum við þó rétt vera, að í þeim bráðabirgðaáætlunum, sem fyrir liggja, sé helzt gert ráð fyrir, að fallhæðin, sem ég nefndi áðan í gljúfrunum, 300 m, verði nýtt í tveim orkuverum og ánni veitt í jarðgöng tvisvar sinnum, hin efri og styttri frá brún Selfoss fram hjá Dettifossi niður fyrir Hafragilsfoss og hin, sem samkv. áætlun eru mun lengri, neðar við ána, en í þessu neðra falli árinnar eru Réttarfoss og Vigabjargsfoss. Í þessum tveim orkuverum mun vera hægt að framleiða samtals 300—400 þús. kw., hlutfallslega ódýrt, svo ódýrt, að verð raforkunnar yrði að lík-

indum vel samkeppnisfært við það, sem gerist, þar sem skilyrði til virkjunar eru hagstæð í öðrum löndum.

Hér er um stórvirki að ræða, jafnvel á mælikvarða stærri þjóða en Íslendingar eru. Það mundi sennilega taka nokkuð mörg ár að vinna þetta verk. Til samanburðar vil ég geta þess, að þarna virðist vera um að ræða þrisvar til fjórum sinnum meiri orku en fást mun úr Soginu fullvirkjuðu. Eins og segir í grg. till., benda líkur til, að varla muni annars staðar á landinu vera hægt að framleiða svo mikið orkumagn á lægra verði, en það hefur mér skilizt á fróðum mönnum, að ca. 100 þús. kw. virkjun við Dettifoss út af fyrir sig sé tvímælalaust hlutfallslega ódýrasta stórvirkjun, sem völ er á hér á landi.

Í grg. till. er af hálfu okkar flm. komizt þannig að orði, að nú sé tímabært að hefjast handa um að gera fullnaðaráætlun um orkuver við Jökulsá og stofnkostnað þeirra. Við teljum æskilegt, að sú fullnaðaráætlun verði, að svo miklu leyti sem unnt er, um virkjun í áföngum, en að þar sé þá einnig gerð grein fyrir þeirri stærstu virkjun, sem til mála kemur að dómi sérfræðinga.

Til þess að hægt sé að gera slíka áætlun, mun þurfa að kortleggja landssvæðið fyrir ofan fossana, því að þar mun verða sett stífla í ána. Það mun hins vegar enn vera álitamál, hversu mikið mannvirki sá stíflugarður ætti að vera, a. m. k. í byrjun. Uppi hafa verið ráðagerðir um að gera þennan stíflugarð mjög háan, og yrði þá stórt stöðuvatn til vatnsmiðlunar þar efra. Í grein eftir Sigurð Thoroddsen verkfræðing í Tímariti Verkfræðingafélagsins 1952 er stærð slíks stöðuvatns áætluð 160 km2, og væri það þá nálega helmingi stærra en Þingvallavatn og rúmlega 4 sinnum stærra en Mývatn. Svo hátt gæti yfirborð slíks vatns orðið að sögn fróðra manna, að nokkuð af því félli vestur og þar niður í Mývatn og yki þannig vatnsmagn Laxár. En hvað sem um það má segja og slíkar hugmyndir, þá virðist það liggja fyrir, að um mikla möguleika er að ræða og hægt er að ráðast í misjafnlega stórar framkvæmdir og velja milli áfanga.

Þá vil ég nefna það hér, að æskilegt mun vera talið, að hraunin í nágrenni Jökulsár séu könnuð með borunum til þess að komast að raun um, hvort uppistöðuvatn færi til spillis og þá í hve miklum mæli vegna jarðleka. Enn er þess að geta, að möguleikar munu vera til að stífla ána suður hjá Möðrudal og gera þar uppistöðu eða lón, en þeir möguleikar hafa enn ekki verið rannsakaðir að neinu ráði.

Með þessari till. er ekki farið fram á, að tekin sé ákvörðun um það nú að ráðast í virkjunarframkvæmdir við Jökulsá, heldur að lokið verði með fullnaðaráætlun og tillögum sérfræðinga því rannsóknar- og áætlunarstarfi, sem staðið hefur yfir mörg undanfarin ár og allmiklu verið til kostað. Er þá einnig á það að líta, að þarna mun það síður vera álitamál, hvað gera skuli, en í sambandi við sum önnur virkjanleg stórvötn hér á landi. Af þessum og fleiri ástæðum, en að sumum þeirra hef ég þegar vikið, teljum við flm., að ef ráðizt verður í stórvirkjun hér á landi, áður en langt um líður, umfram það, sem óhjákvæmilegt er vegna vaxandi almennrar eftirspurnar, hljóti Jökulsá á Fjöllum að koma til greina öðrum fallvötnum fremur. En hvernig má það þá verða, og í hvaða tilgangi væri það gert að ráðast í slíkt stórvirki, stærra í sniðum og kostnaðarsamara en nokkurt annað mannvirki, sem Íslendingar hafa ráðizt í hingað til? Það liggur auðvitað í augum uppi, að með slíkri stórvirkjun gæti skapazt mjög svo öflugur raforkuvarasjóður fyrir allar orkuveitur á Norður- og Austurlandi. En þegar á það er litið, að öll raforkunotkun þessara landsfjórðunga nemur nú samtals nálægt 20 þús. kw., gefur auga leið, að varla mundi í slíkt stórvirki ráðizt fyrst um sinn eingöngu í þessu skyni, en vel má hafa það sjónarmið í huga samtímis öðru. En megintilgangurinn með virkjun Jökulsár hlyti að vera sá að efla atvinnulíf landsmanna og skapa verkefni fyrir framtíðina, að koma upp framleiðslu, sem byggist á raforku, og þá fyrst og fremst útflutningsframleiðslu, sem yki fjölbreytni atvinnulífsins hér á landi, aflaði þjóðinni gjaldeyris og skapaði nýja atvinnu- og lífsmöguleika.

Þegar það er haft í huga, að þjóðinni fjölgar að líkindum um 200 þús. eða um mun meira en helming fram að næstu aldamótum, þá er vissulega full þörf á því að láta hendur standa fram úr ermum við eflingu atvinnulífsins. Auðvitað ber fyrst og fremst að efla þær greinar atvinnulífs, sem fyrir eru í landinu, byggja þar á reynslu, verðmætum og áunninni verkmenningu. En fleira mun þó þurfa til að koma.

Framkvæmd þessarar miklu virkjunar kemur ekki til greina, nema fyrir liggi, að hægt sé að koma meginhluta raforkunnar í verð, um leið og hún verður til staðar. Athugun á framleiðslumöguleikum í sambandi við virkjunina þarf því að fara fram, og æskilegt er, að niðurstaða þeirrar athugunar liggi fyrir samtímis fullnaðaráætluninni, ef unnt er, eða sem allra fyrst að henni lokinni. Að þessu lýtur annar töluliður þáltill. á þskj. 205.

Lengi var einkum rætt um framleiðslu á tilbúnum áburði í sambandi við stórvirkjun fallvatna hér á landi og þá einnig til útflutnings. Sú hugmynd er nú komin til framkvæmda þannig, að framleiddur er áburður til innanlandsnotkunar með raforku frá Sogsvirkjuninni, en um útflutning er þar varla að ræða frá ekki stærri verksmiðju. En nú í seinni tíð hefur einkum verið rætt um að nota raforku frá stórvirkjunum til framleiðslu á alúmíníum, en það yrði unnið úr báxítleir, sem fluttur yrði hingað frá fjarlægum löndum, en af þessu hráefni mun ca. 50% af þunganum vera hreinn málmur og mundi vera fluttur út allur fyrst í stað, en síðan e. t. v. að meira eða minna leyti geta orðið efnivara í íslenzkar iðnaðarvörur til innanlandsnota og útflutnings. Trúlega getur verið um fleiri framleiðslumöguleika að ræða í sambandi við orkuvinnslu, og er ekki á mínu færi eða okkar flm. að ræða það efni. Iðjuver mundu þá væntanlega rísa á einhverjum hafnarstað eða hafnarstöðum á austanverðu Norðurlandi samtímis virkjunarframkvæmdunum og um leið eða fljótlega byggð margra manna þar nærri.

Það er ekkert efamál, að til þess að koma upp raforku- og iðjuverum af þessu tagi þarf miklu meira fjármagn en svo, að hægt sé að afla þess

hér á landi í náinni framtíð. Rætt hefur verið um leiðir til að afla þess fjármagns, og trúlegt, að sá vandi, sem þar er um að ræða, geti skapað deiluefni, eins og margt annað hjá þessari sundurlyndu þjóð. Ég mun ekki ræða þau mál hér. Þau munu verða rædd síðar, er að því kemur, að um þau þurfi að ræða. En það er von mín og trú, að einnig þennan vanda muni mega leysa á viðunandi hátt fyrir Íslendinga, a. m. k. ef fram undan er sá friðarheimur og það samstarf á milli þjóða, sem menn þrá og dreymir um og margir telja sig sjá hilla undir um þessar mundir. En um slíka hluti tel ég, eins og ég sagði áðan, ekki tímabært að fara fleiri orðum að þessu sinni.

En munu nú ekki einhverjir koma og spyrja: Hvað verður um Dettifoss? Hvað verður um Jökulsárgljúfur og hina rómuðu fegurð náttúrunnar á þessum slóðum? Kannske heyrist það bráðlega endurtekið, sem eitt sinn var sagt:

„Og því er nú dýrlega harpan þín hjá
þeim herrum til fiskvirða metin."

En hörpunni þarf ekki að farga. Dettifoss mun halda áfram að vera til. Hann mun birta ásjónu sína og tign á sólbjörtum sumardögum, alveg eins og drottning norðurfjallanna, Herðubreið, gerir, þótt hún sé oft skýjum hulin. En þess á milli mun hann hverfa til starfa með sitt jötunafl. „Gljúfrahofin" munu standa, og hjá því, sem náttúran hefur þar byggt upp, eru jafnvel stórvirki mannanna lítil og lág. Þó þarf hér auðvitað að hafa á öllu gát.

Ég veit ekki, hvort það þykir máli skipta í þessum sal, en hugmyndin um virkjun Dettifoss og Jökulsár á Fjöllum er ekki ný. Hún er a. m. k. eldri en margir þeirra, sem nú eiga sæti hér á hv. Alþ. Um hana var fyrir löngu gerð áætlun, hin fyrsta, sem til er um virkjun á íslenzku fallvatni. Sú áætlun var ekki birt í teikningum eða tölum frá vinnustofum verkfræðinga. Hún birtist í því tjáningarformi, sem snjallri hugsun hefur löngum verið valið hér á landi, í ljóði. Sá boðskapur, sem þar var fluttur, lifir á vörum þjóðarinnar og minnir hana á, að hún á enn nokkuð ógert, á meðan hún lætur þá áætlun óframkvæmda, sem í honum felst.

Einhvern tíma á morgni þessarar aldar sat langferðamaður við fossinn. Sá hafði víða farið og veröldina kannað. Hann var gæddur skyggni á það, sem öðrum var hulið, þá hluti, sem ekki voru fram komnir. Hann kvað um Dettifoss, „konung vorra stoltu, sterku fossa," forsöngvarann í kór hinna streymandi íslenzku fljóta. Á þessa leið komst hann að orði. Og sem hann kvað um fossinn og gný vatnanna, birtist honum hin mikla sýn yfir það, sem er og mun verða. Hann kvað um þá sýn. Hann kvað um aflið „frá landsins hjartarót", sem „kviksett er í klettalegstað fljótsins". Þannig hefði það verið kviksett um aldir. En sú stund mundi koma, að kviksetningin tæki enda. Hinn dauði máttur yrði máttur lífs og starfs.

„Hve mætti bæta lands og lýðs vors kjör
að leggja á bogastreng þinn kraftsins ör.
— — —
Og frjómögn lofts má draga að blómi og björk,
já, búning hitans sníða úr jökuls klæðum.
Hér mætti leiða líf úr dauðans örk
og ljósið tendra í húmsins eyðimörk
við hjartaslög þíns afls í segulæðum."

Það getur ekki verið úr vegi að íhuga það nú á Alþingi, hvort tími sé til þess kominn, að þjóð Einars Benediktssonar fari að búa sig undir að stuðla að því, að orð hans rætist fyrir hennar atbeina og að hennar frumkvæði.

Ég skal svo láta máli mínu lokið. Ég hygg, að um till. hafi verið ákveðin ein umræða, og ég legg til, ef umr. verður frestað, sem eðlilegt má telja, að þá verði málinu vísað til hv. fjvn. Ég vona, að skyggnigáfa skáldsins komi til hennar, þegar hún fær það til meðferðar.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 19. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. flutti hér mjög skelegga og góða ræðu sem framsöguræðu um þetta mál. Og þar sem hér er komið inn á eitt af þeim málum, sem einna mestu koma til með að valda yfirleitt um framtíðarefnahagsmál Íslands, þá er ekki nema eðlilegt, að um þetta mál verði nokkrar umr.

Það, sem ég vil fagna sérstaklega í sambandi við þessa till., þó að ég hafi annars haft mikið við hana að athuga, er, að það er tvennt, sem þarna er óskað eftir að fari saman. Það er annars vegar, að gerð sé fullnaðaráætlun um virkjun einnar ákveðinnar ár á landinu, og hins vegar, að um leið séu athugaðir möguleikar á framleiðslu á útflutningsvöru í sambandi við virkjunina. Það er að vísu kannske undarlegt, að maður skuli finna sérstaka ástæðu til þess að taka það fram, að maður lýsi ánægju sinni yfir því, að þm. skuli tengja þetta tvennt saman, annars vegar stórvirkjun og hins vegar ákveðna framleiðslu í sambandi við þá virkjun, vegna þess að ég býst við, að það sé komið svo nú, að meginið af öllum hv. þm. geri sér ljóst, að þetta tvennt verður að fara saman og að án þess að þetta sé gert hvort tveggja í einu með ákveðnum hugmyndum og samkv. ákveðinni áætlun, annars vegar stórvirkjun vatnsfalla og hins vegar stóriðja eða stórframleiðsla ákveðinna afurða, — án þess að þetta tvennt fari saman sé ekki hugsanlegt að leggja í, svo að að neinu viti verði, stórvirkjanir á okkar fallvötnum. En það, sem gerir, að ég sé sérstaka ástæðu til þess að lýsa ánægju minni yfir, að þetta skuli koma fram, er, að ég hef undanfarin 15 ár öðru hverju komið fram með tillögur um þessi efni hér á Alþ. án þess að hafa getað fengið bænheyrslu, án þess að hafa getað fengið meiri hlutann á Alþ. til þess að skilja, að þetta tvennt verður að fara saman.

Stóriðja á Íslandi, svo fámennu landi sem okkar, stóriðja, sem á að geta keppt við erlenda framleiðslu, er svo stór, miðuð við okkar framleiðslu yfirleitt, að það er óhugsandi að ætla að gera hana án þess að verja svo miklum hluta af okkar fjármagni, svo miklum hluta af okkar vinnuafli

og gera hana að svo miklum hluta í okkar útflutningi, að við verðum að gera ákveðna áætlun um það. Og það er óhugsandi að ætla að leggja í t. d. virkjun, hvort það væri Jökulsár eða Þjórsár, að fara að virkja hér kannske einhvers staðar milli 300 þús. og 1 millj. kw., án þess að ætla og vita fyrir fram, til hvers maður ætlar að nota það. M. ö. o.: maður getur ekki látið það verða undir einhverri tilviljun komið, að fyrst geri maður þessa stórvirkjun og síðan standi maður uppi með þessa ónotuðu orku og hafi ekki hugmynd um, til hvers hún eigi að vera.

Það er hrein fásinna að ætla sér að virkja okkar stóru fossa í eins ríkum mæli og það er hægt og eins og þeir raunverulega kalla á okkur að gera án þess að gera það samkv. áætlun. En þeir yrðu hins vegar svo stór hluti úr þeirri orku, sem við hagnýtum á Íslandi, og sú framleiðsla, sem stæði í sambandi við þá, svo stór hluti af allri okkar þjóðarframleiðslu, að þetta þýðir raunverulega að koma á áætlunarbúskap á Íslandi. Og það er þetta, sem við verðum að gera okkur ljóst, að ef á að virkja þessa hluti og ef við Íslendingar eigum að ráða þessu sjálfir, þá verðum við að hugsa þetta fyrir fram, planleggja þetta fyrir fram, og það þýðir vegna þess, hversu mikill hluti þetta kemur til með að verða úr öllum okkar þjóðarbúskap, að koma á að meira eða minna leyti áætlunarbúskap á Íslandi.

1947 flutti ég hér allýtarlegar till., þegar fjárhagsráð var sett upp, og fór þar fram á, að það yrði gengið út frá á næstu tíu árum þar á eftir að skipta okkar aðgerðum á Íslandi hvað snerti eflingu framleiðslutækja í tvö tímabil. Fyrra tímabilið, 1947—51, skyldum við reyna að ljúka við þá áætlun, sem nýbyggingaráð hafði gert viðvíkjandi aukningu skipastólsins. Samtímis skyldu á þessu tímabili undirbúnar stórvirkjanir í okkar fallvötnum, þannig að þessi fjögur ár, frá 1947—51, væri hægt að nota til þess að hafa þessar áætlanir til 1951. Þá skyldi hafizt handa um þessar stórvirkjanir, þar sem hvort tveggja væri planlagt í senn, virkjanir, og þá var ég fyrst og fremst með Þjórsá, raunar líka ár norðanlands, og sú stóriðja, sem komið skyldi upp í sambandi við þær. Og á árunum 1951—56, hinu síðara 5 ára tímabili, skyldi ráðizt í þessar stórvirkjanir.

Þegar fjárhagsráð eða lögin um það voru ákveðin, var því lýst yfir af þáv. forsrh., Stefáni Jóh. Stefánssyni, og var enn fremur sagt í 1. gr. l. um fjárhagsráð, að það skyldi koma á að mjög miklu leyti áætlunarbúskap á Íslandi. Hins vegar man ég líka eftir því, að einn fulltrúi Sjálfstfl. í þeirri ríkisstj. lýsti því þá yfir um leið, að það væri ekki meiningin að framkvæma þetta. Mínar till., sem komu fram í Nd. frá mér sem minni hl. fjhn., voru allar felldar, og það var ekkert af því gert, sem þarna var lagt til, og þær raforkuvirkjanir, sem síðan var lagt út í, voru gerðar allar saman án þess, að nokkrar áætlanir væru um þær tengdar við þá stóriðju, sem að einhverju leyti átti að byggja á þeim. Og þegar síðan var farið að ræða þær stóru verksmiðjur, eins og áburðarverksmiðjuna, sem átti að koma upp í sambandi við þær, þá kom það strax í ljós, eins og ég hafði bent á við þær umr., að áburðarverksmiðjan var planlögð án þess að ætla sérstaka raforkuvirkjun til hennar, og stærð hennar er þess vegna sniðin við það, sem afgangs mundi verða úr þeirri virkjun, sem þá var verið að vinna í Soginu, sem var náttúrlega allt of lítið rafmagn, til þess að áburðarverksmiðjan gæti orðið það stór, að hún borgaði sig og væri samkeppnisfær á alþjóðlegan mælikvarða. Ég benti strax þá á, hve hættulegt væri að ákveða rafvirkjanirnar út af fyrir sig, stóriðjuna út af fyrir sig. Og þetta hefur síðan ekki aðeins komið fram í sambandi við áburðarverksmiðjuna, þá voru allar okkar till. felldar um að undirbúa virkjun Urriðafoss í sambandi við hana og hafa hana þrefalt stærri, — þetta hefur líka komið fram í sambandi við sementsverksmiðjuna, sem var reist án þess, að fyrir nokkru rafmagni til hennar væri séð, og þó á þeirri undarlegu forsendu staðsett á Akranesi, að á því ári, sem lögin voru samþykkt, væri afgangs rafmagn í Andakílsvirkjuninni, sem ekkert var afgangs af, þegar sementsverksmiðjan síðan átti að taka til starfa.

Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju, að það kemur nú fram, og er ánægja að því í þessari þáltill., að þm. eru farnir að gera sér grein fyrir því, að fylgjast þurfi að ákvarðanir um stórvirkjanir og ákvarðanir um framleiðslu og undirbúa skuli þetta hvort tveggja í senn.

Ég kom síðan aftur 1953, þegar stjórn Sjálfstfl. og Framsfl. sat hér að völdum, með frv., þar sem líka var farið fram á svona undirbúning. Það var 117. mál á því þingi, þar sem ýtarleg grein var gerð fyrir till. minum í því efni, m. a. birtir þar mjög ýtarlegir útreikningar, bæði viðvíkjandi virkjun Þjórsár, sem þar var lögð til, og heildarhugmyndum, sem Sigurður Thoroddsen verkfræðingur hafði gert, — grg. og fskj. með henni voru yfir 20 síður, og ég reyndi þá að hafa nokkur áhrif á um það, hvort hægt væri að fá settan í gang skipulegan undirbúning samkv. fyrirframgerðri áætlun um stærri virkjanir og stóriðju, eins og 2. kafli þess lagabálks, sem ég lagði þá til að settur yrði, hljóðaði um. Það tókst ekki heldur að fá Framsfl. og Sjálfstfl. þá til þess að sinna þeim málum, og var það slæmt, því að sannleikurinn er, að með því að vera svona seinir að taka við sér, þá er meiri hl. á Alþ. búinn að draga í 15 ár að leggja í þær stórvirkjanir, sem kallað hafa á okkur hér á Íslandi, og hvert árið, sem við drögum þetta, þýðir raunverulega, að við verðum alltaf að fara að taka upp aftur sömu hugmyndirnar, sem við höfum verið með árum og jafnvel áratugum saman. Það er þess vegna nauðsynlegt nú, þegar þessi till. kemur fram, og eðlilegt út frá henni, að við athugum það og ræðum um það, hvernig við þurfum að haga þessu máli.

Ég gerði enn einu sinni nokkra tilraun til þess 1956, eftir að vinstri stjórnin komst á, að fá fram samþykkt á áætlunarráði til þess að vinna að svona málum, og höfðum við nokkurn ádrátt um það, að slíkt yrði gert í þeim sáttmála, sem gerður var, þegar vinstri stjórnin var stofnsett. En það fékkst ekki heldur fram á þeim tíma. Hins vegar er hér um að ræða slíkt stórmál, að raunverulega er þetta eina efnahagsmálið, sem við ættum að vera að ræða, vegna þess að það, hvað við gerum í sambandi við að hagnýta þessi fallvötn,

ræður úrslitum um allt það efnahagslega stig, sem okkar þjóð stendur á, og eftir að verkalýðshreyfing landsins hefur lagt það til í 15 ár, að horfið sé að svona hlutum, þá er satt að segja ekki hægt fyrir yfirstétt þessa lands að ætlast til, að neinu kvabbi um fórnir eða neitt annað sé sinnt, á meðan engin tækifæri hafa verið notuð, sem hafa þó verið til allan þennan tíma, til þess að stórbreyta þannig lífsafkomunni í okkar landi með því að skapa öruggari efnahagslegan grundvöll með stóriðjuframleiðslu. Það er ekki hægt að ætlast til þess, á meðan yfirvöldin í þessu landi skilja ekki og vilja ekki hagnýta þær auðlindir, sem við höfum, og gera þannig kleift að stórbæta þann efnahag, sem almenningur á við að búa. Við verðum þess vegna að gera okkur ljóst, að þegar við erum að ræða þessi mál, þá erum við um leið að ræða lausn á þeim vandamálum, sem við venjulega köllum efnahagsmál, um það, hvernig við hagnýtum okkar auðlindir, rétt eins og það, að við höfum á undanförnu hálfri öld verið að stórauka okkar sjávarútveg og bæta úrvinnsluna úr honum, en látið á sama tíma svo að segja alla þá fossa, þar 4 millj. kw., sem við höfum í þeim, liggja ónotaðar, — þá þýðir það lítið fyrir þá, sem völdin hafa í landinu, að kvarta yfir, að nóg sé ekki til, á meðan slíkar auðlindir ekki eru hagnýttar. Það er þess vegna mér mikil ánægja, að flm. þessarar þáltill. skuli tengja þetta tvennt nú saman, og það er nauðsyn, að það verði gert í öllu því, sem við komum til með að taka ákvarðanir um í þessu sambandi.

Hins vegar vil ég segja það í fyrsta lagi viðvíkjandi sjálfri till., að ég efast um, að það sé rétt að fela ríkisstj. eða ríkisstj. einni að vinna að þessum málum. Ég álít, og það hafa verið mínar till. áður, að raforkumálastjórnin skuli hafa slíkan undirbúning með höndum, það mundi þýða raforkuráð í samráði við ríkisstj. Þar eru að verki þeir menn, sem eru mestir sérfræðingar í þessum efnum á raforkumálaskrifstofunni, og í raforkuráði eiga allir flokkar þingsins fulltrúa, þannig að að svona máli þarf að vinna, a. m. k. á meðan áætlunarráð hefur ekki enn þá verið stofnsett, í samráði við alla flokka Alþ., hvaða ríkisstj. sem situr á hverjum tíma, þó að hún eðlilega verði þar að hafa forgöngu. Og ég mundi þess vegna koma með brtt. við þessa þáltill. strax í þá átt.

Þá er í öðru lagi viðvíkjandi því, að hér er lagt til, að gerð verði fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum. Ég held, að það væri engan veginn rétt að tengja það mikla verk, sem fallið er í að koma upp slíkri fullnaðaráætlun, við virkjun Jökulsár á Fjöllum einnar saman. Ég álít, að þarna yrðum við fyrst og fremst að taka Þjórsá og jafnvel kannske jöfnum höndum Þjórsá og Jökulsá á Fjöllum, og vissulega kæmu þarna fleiri ár til greina. Hins vegar er það vitanlegt, að Jökulsá á Fjöllum og möguleikarnir í henni hafa verið rannsakaðir undanfarið, ekki aðeins af íslenzkum, heldur líka erlendum sérfræðingum, og sama gildir um Þjórsá. Og hv. 1. flm. málsins minntist hér á það, ef ég man rétt, að það hefði komið í ljós, að Jökulsá væri mjög hagstæð, og það er rétt. Það hefur komið í ljós, að sú orka, sem í henni felst, er slík, að hún getur raunverulega keppt við hvaða ár að heita má, sem nú eru óvirkjaðar í heiminum, sem vera skal, og sama mun gilda um Þjórsá. Hins vegar er þar sá stóri munur á, að Þjórsá liggur þannig við, að raforkuleiðslurnar úr henni ná strax til þéttbýlustu hluta landsins, og þar er þess vegna þegar til reiðu það mannafl, þau íbúðarhús og annað slíkt, sem allur sá fjöldi þyrfti að búa í, sem sú stóriðja þyrfti að taka í þjónustu sína, sem risi upp í sambandi við svona stórvirkjanir. Þess vegna mundi ég líka flytja þá brtt. að taka þarna inn í fyrsta lagi Þjórsá og þá e. t. v. fleiri ár, því að rétt væri að rannsaka þær. En hins vegar skulum við gera okkur ljóst, að fullnaðaráætlun er ákaflega dýrt og mikið fyrirtæki, þannig að Alþ. og ríkisstj. þyrftu sem mest að hafa komið sér niður á, hvar tilraunirnar skyldu gerðar, hvað áætlanirnar skyldu fyrst samdar um, áður en farið væri kannske í að taka margar ár til slíks. En svo er hitt um leið ljóst, að strax og við förum frá okkar gömlu ám, sem við höfum verið fyrst og fremst að fást við undanfarið, eins og Sogið og Laxá, og leggjum út í stóru jökulárnar, þá leggjum við í margfalt stærri mannvirki. Ekki sízt ef við leggjum út í Þjórsá og komum upp meiri eða minni uppistöðum í sambandi við það, sem yrðu stærstu stöðuvötn, sem til væru á Íslandi, þá stöndum við um leið frammi fyrir því, að orkan, sem við þarna erum að beizla, kallar strax á þá stóriðju, sem eigi að reisa í sambandi við hana. Og það er jafnþýðingarmikið fyrir okkur að ræða þá möguleika um stóriðju eins og virkjunina sjálfa. Það er jafnnauðsynlegt fyrir okkur að gera okkur grein fyrir, hvers konar stóriðju við viljum leggja í, eins og hitt, hvar við viljum virkja árnar, og þau efnahagslegu, fjárhagslegu og pólitísku vandamál, sem skapast í sambandi við það, eru slík, að þau þarf að ræða vægast sagt mjög ýtarlega hér á Alþingi, áður en ákvarðanir eru teknar.

Það er rétt að taka það strax fram í sambandi við þá iðju, sem við mundum nota okkar orku til, að fyrst af öllu koma náttúrlega þarna okkar gömlu atvinnuvegir til greina, sjávarútvegurinn, landbúnaðurinn og annað slíkt. Og við skulum muna eftir því, að við erum enn þá ekki komin nema tiltölulega skammt, meira að segja í sambandi við sjávarútveginn, slíkur iðnaður eins og niðursuðuiðnaðurinn á þar í raun og veru alveg eftir að ryðja sér fyrir alvöru til rúms hjá okkur, og við skulum ekki heldur efast um, að í sambandi við landbúnaðinn, ekki sízt garðyrkjuna og annað slíkt, bíða okkar líka möguleikar, sem við e. t. v. ekki þekkjum alla, eins og nú standa sakir. En það, sem sérstaklega hefur þó verið rætt um í sambandi við stóriðjuna, er, að hve miklu leyti kæmi til mála að vinna í henni úr hráefnum, sem við flyttum inn, og þar skapast strax vandamálin. Lengi vel hugðum við fyrst og fremst á áburðarvinnsluna í sambandi við stóriðju, vegna þess að þar voru hráefnin mjög þægilega fyrir hendi, vatn og loft. Og vissulega kemur alltaf áburðarframleiðsla til greina. En hins vegar er hún um leið sá hluti af slíkri stóriðju, sem gefur minnst í aðra hönd. Þá hefur líka verið rætt ákaflega mikið um alúmíníum og í því sambandi verið sérstaklega bent á, og ég hef raunar sjálfur gert það að allmiklu

atriði í minum fyrri tillögum í þessum málum, að svo framarlega sem við flyttum inn báxít, þá gætum við við jarðhitann unnið alúmíníumoxýð úr báxítinu hér með því að nota okkar heita vatn og síðan við okkar fossorku unnið úr alúmíníumoxýðinu alúmíníummálm, sem notaður er til alls þess, sem alúmíníum er búið til úr.

Alúmíníum hefur að mörgu leyti verið mjög glæsilegt að leggja í, en í sambandi við það hefur verið svo mikill vandi, að það er e. t. v. kapitalfrekasta stóriðjan, sem við gætum lagt í, og hráefnið er að þunga til og þess vegna hvað flutning snertir ákaflega erfitt fyrir okkur. Svo bætast við þær pólitísku aðstæður, að báxítið eða alúmíníumoxýð, ef við notum það eins og Norðmenn gera, þeir flytja það inn frá Kanada og vinna úr því við sína fossa, það er í okkar kapitalistíska heimi einn sá málmur, sem mest er undir áhrifum auðhringa. Það má heita, að engilsaxnesku auðhringarnir í Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada ráði allt að því 100% yfir alúmíníumorkuverunum og alúmíníumframleiðslunni í okkar hluta heims, þannig að í sambandi við alla alúmíníumvinnslu lendum við þess vegna í miklum erfiðleikum með að geta raunverulega átt þetta sjálfir, bæði vegna hins mikla kapitals, sem til þess þarf, og vegna þess, hve mikið við mundum eiga undir slíka volduga auðhringa að sækja. Við þetta bætist svo, að alúmíníum er ákaflega viðkvæmur málmur hvað snertir verð, og verðsveiflurnar á alúmíníum eru í augnablikinu okkur mjög óhagstæðar. Hins vegar veit ég það vel, að þeir menn, sem mestan áhuga hafa haft á virkjun Jökulsár og jafnvel um nokkurt skeið á virkjun Þjórsár, munu alveg sérstaklega tengja sínar hugmyndir um virkjun við þær vonir að geta reist áhuga hjá alúmíníumauðhringum Ameríku, og ég er þess vegna hræddur um, að í sambandi við allar slíkar hugmyndir séu uppi till., sem mundu koma fram á sínum tíma, um að veita slíkum auðhringum einhver einkaleyfi til slíks rekstrar, og þá er komið inn á svið, sem er þess eðlis, að við þurfum mjög vel að ræða það, og kem ég að því síðar.

Hins vegar hefur því miður engin rannsókn farið fram þrátt fyrir till., sem fluttar hafa verið hér meira eða minna í 15 ár, um það, hvaða málmur, hvaða hráefni og hvaða stóriðja það væri, sem væri eðlilegust fyrir Ísland. Það hefur verið talað hér um efnahagsmál, það hafa verið gerðar hér efnahagsráðstafanir svokallaðar ár eftir ár og áratug eftir áratug, en það hefur aldrei getað fengizt fram að hugsa ofur lítið fram í tímann viðvíkjandi því að reyna að vita eitthvað, á hverju þessi þjóð ætlaði að byggja sína framtíð, fyrir utan á sjálfri jörðinni og sjónum í kringum hana, og það er illa farið. Þess vegna erum við næstum eins og álfar út úr hól, þegar við erum að ræða þessi mál, sem okkar framtíð samt svona mikið byggist á.

Ég vil kasta fram einni hugmynd í sambandi við þetta, sem ég hef fengið á síðasta ári við það að reyna að glugga ofur lítið í þessi mál, það er í sambandi við kemiskan iðnað. Um tíma var mikið hugsað um það, hvort við mundum geta notað að einhverju leyti þau kolalög, sem við höfum, þau brúnkol, sem við höfum hér í jörð, eins og t. d. í Dalasýslu, nærri Skarðsströndinni, til þess að vinna úr plastik, nælon og annað slíkt. Eins og menn vita, er mór eða kol, brúnkol og annað slíkt, eitt höfuðefnið, sem þessi töfraefni nútímans eru unnin úr. Hins vegar hefur það gerzt á síðustu árum, að í staðinn fyrir að vinna nælon, plastik og annað þess háttar, sem svo mjög er nú að ryðja sér til rúms á öllum mögulegum sviðum, úr kolum eða brúnkolum eða slíku, þá er farið að vinna þetta úr olíu, með því að kljúfa olíuna efnafræðilega, og nú sem stendur er olían það hráefni til iðnaðarnotkunar, sem býður upp á glæsilegustu möguleikana til kemísks iðnaðar, og kemískur iðnaður er sá iðnaður, sem ég veit, t. d. hvað snertir sósíalístísku löndin, eins og Sovétríkin og Austur-Þýzkaland, er sá iðnaður, sem þau leggja hlutfallslega langmesta áherzlu á að stórauka nú á næstunni. Olían er um leið það hráefni, sem þægilegast er að flytja fyrir okkur Íslendinga af eðlilegum ástæðum. Það er í fyrsta lagi fljótandi, og það er í sambandi við það þægilegast að skipa því upp af öllum þeim hráefnum, sem við getum flutt inn, vegna þess að svo framarlega sem þær verksmiðjur, sem úr því eiga að vinna, eru staðsettar réttilega við höfn eða hafnarmannvirki, eins og eðlilegt væri, þá þarf yfirleitt ekki annað en að dæla olíu beint upp í þá tanka, sem slíkar verksmiðjur hafa, og taka þannig hráefnið, og það er nú gert á mjög praktískan hátt, eins og menn vita. Ég hef þess vegna mikið verið að hugleiða það, hvort hráefnisvinnsla úr olíu mundi ekki ef til vill vera eitt af því, sem skapaði fyrir okkur mesta möguleika í þessu sambandi.

Nú hefur hingað til orðið að flytja olíuna alllangt að, sem sé meðan við kaupum olíuna þar frá Sovétríkjunum, alla leið frá Kákasusströndum. Á næsta ári, 1961, mun hins vegar verða komin olíuleiðsla frá Batúm a. m. k. allt að því til Eystrasalts, a. m. k. til Frankfurt an der Oder, þannig að við ættum að geta á næstu árum eftir 1961 fengið okkar olíu, ef við höldum þeim viðskiptum áfram, með því að sækja hana aðeins í Eystrasalt, og þá mundi að öllum líkindum olían af öllum þeim hráefnum, sem við gætum flutt eða hagnýtt, vera eitt praktískasta hráefnið.

Plastikiðnaðinum hins vegar og öllu því, sem stendur í sambandi við þau nýju töfraefni, sem mannkynið er farið að búa til nú, er hins vegar þannig háttað, að því virðast lítil takmörk sett, til hvers það má nota, og framleiðslan á þessu vex alveg gífurlega.

Ég held þess vegna, að eitt af því, sem við ættum að athuga alvarlega í þessu sambandi, sé, hvort olían sem hráefni muni ekki vera efni, sem frekar jafnvel en alúmíníummálmurinn eða báxít, alúmíníumoxýð eða báxítið, ætti að vera það, sem við byggðum slíka stóriðju að meira eða minna leyti á.

Ég skal geta þess, af því að við notum olíu núna til þess að brenna henni, að það sagði erlendur vísindamaður, sem ég var að tala við um þessi mál síðasta sumar, að það væri eitthvert mesta barbarí, sem menn gætu hugsað sér, að nota olíu til þess að brenna henni, það megi vissulega framleiða hita líka með því að brenna peningaseðlum. Og ég býst við, að mörgum þyki við fara eitthvað líkt að með því að brenna olíunni

hér á Íslandi eins og við vorum einu sinni að áfellast okkar bændur fyrir að brenna taðinu í staðinn fyrir að nota það sem áburð. Það er þess vegna engum efa bundið, að þetta er a. m. k. eitt af því, sem kemur til mála fyrir okkur að athuga, þegar við erum að hugsa um, hvernig við viljum nota þá orku, sem enn þá bíður hér ónotuð.

En þá komum við um leið að því, sem fyrir mér verður aðalatriðið í sambandi við alla virkjun hér á Íslandi og alla stóriðju, og það er, að ekki sé lagt út í hana öðruvísi en í fyrsta lagi, að það sé ríkið sjálft, sem á virkjanirnar, og í öðru lagi, að það sé ríkið sjálft, sem á stóriðjuna, eða a. m. k. Íslendingar einvörðungu. M. ö. o.: öll sú stóriðja, sem við hugsum til að koma upp, og allar þær stórvirkjanir, sem við leggjum í, það sé í eigu Íslendinga og í þjónustu Íslendinga sjálfra. Það þýðir, að þegar við tölum um slíka virkjun, þá eigum við að útiloka það frá upphafi, að við látum útlent auðvald fá að einhverju leyti þarna nokkur tök á, það eigi að vera útilokað mál frá upphafi vega, að við virkjum okkar fossa til þess að láta t. d. útlenda auðhringa fá að koma upp í krafti þeirra virkjana stóriðju, sem þeir eigi, jafnvel þótt það sé til 20 eða 25 ára, — alveg sama. Í sambandi við það vil ég minna á, að það er eitt það bezta verk, sem Alþingi Íslendinga hefur unnið á þessari öld, að koma í veg fyrir það 1919—23, að erlendir aðilar næðu þá tökunum á okkar fossum. En þeir voru þá, eins og kunnugt er, allir að Sogsfossunum undanteknum í eigu útlendra aðila, í eigu hlutafélaga, sem voru eign útlendinga að meira eða minna leyti og jafnvel oft svo að segja að öllu leyti. Og Alþingi með afskiptum sínum af fossamálunum á árunum 1919—23 kom með sinni löggjöf eftir harða baráttu hér á Alþingi í veg fyrir, að þetta útlenda auðvald, Titan og aðrir slíkir, gæti notað okkar fossa, — og það var gott verk. Og eins fátækt og Ísland var þá, þá vildu menn og það ekki síður íhaldsmenn, sem vildu koma á miklum framkvæmdum hér á Íslandi þá, menn eins og Jón Þorlákssón, — þá vildu þeir heldur, að þessir fossar biðu óvirkjaðir, en að þeir lentu í greipum útlendra aðila til þess að virkja þá. Og ég vil vona, að sú verði enn þá raunin á, að heldur látum við okkar afl bíða ónotað í þessum fossum en að við látum útlent auðvald nota það, því að það mundi þýða, að það útlenda auðvald næði slíkum tökum á okkar þjóð með því að eignast hér stóriðju, sem stæði í sambandi við þá, jafnvel þó að ríkið ætti virkjanirnar, að við mundum ekki bíða þess bætur.

Ég tók eftir því, að hv. 3. þm. Norðurl. e. vitnaði í Einar Benediktsson, ef ég man rétt, — var það ekki rétt? — (GíslG: Jú.) til þess að sýna fram á, að við yrðum að nota þessa gífurlegu orku, sem í okkar fossum fælist, — og vissulega var Einar stórhuga í þeim efnum, en ekki jafnforsjáll og aðrir, sem ortu líka um fossana þá. Það var ekki barizt um fossana bara hér á Alþingi á þeim árum. Skáldin okkar tóku þátt í þeim hildarleik líka, Einar Benediktsson og Þorsteinn Erlingsson ortust á, og sá, sem bezt lagði þar til málanna og af mestu viti, var Stephan G. Stephansson, einmitt bóndinn og skáldið, sem af reynslu sinni í Ameríku skildi, hver hættan var, sem yfir vofði. Og ég held, þegar við ræðum þessi mál, fyrst hv. flm. málsins var að vitna í okkar ágætu skáld, að ég verði að leyfa mér að minna okkur á eina vísu úr hans ljóðum, úr Fossaföllum 1912, með leyfi hæstv. forseta, og hún hljóðar svo, þar sem fossinn er látinn segja:

> En magnið mitt, en iðjuleysið ekki,
> til illra heilla gæti sljóva leitt.
> Ég kann að smíða harða þrælahlekki
> á heilan lýð, ef mér er til þess beitt.
> Ég orðið gæti löstur mesti í landi
> og lækkun þjóðar, — öðrum þannig fer, —
> sé gamla Þóris gulli tryltur andi,
> sem gekk í fossinn, vakinn upp í mér.

Og allt, sem Stephan G. Stephansson sagði um þessi mál þá, var ein viðvörun til okkar þjóðar um það að láta heldur fossana vera iðjulausa en nota magnið þeirra þannig, að þeir gætu orðið þrælahlekkir á okkar þjóð.

Þess vegna held ég, að við eigum fyrst og fremst að setja okkur eitt í sambandi við virkjanir fossanna, og það er, að við virkjum þessa fossa sjálfir, Íslendingar, eigum stóriðjuna, sem í skjóli þeirra skapast, sjálfir og notum í okkar eigin þjónustu.

Hins vegar er vissulega hart að láta þetta bíða, láta þetta gífurlega afl og láta þessa auðlind bíða. Það þýðir, að við eigum að reyna að ráðast í þetta, — og hvernig getum við þá gert það? Við eigum að gera það með því — að mínu áliti — að taka erlend lán, að ríkið taki sjálft erlend lán til þess að virkja fossana og reka stóriðju samkvæmt áætlun, þrauthugsaðri áætlun um hvort tveggja. Þá komum við að möguleikum á slíkum lánum og hvað slík lán þýði. Þegar við ræðum um virkjanir eins og þessar, þar sem hvert hundrað þúsund kw., — og það þykja víst ekki stórar virkjanir, — kostar alltaf a. m. k. um 5 milljarða, þá verður það fyrst og fremst ein spurning, sem fyrir okkur verður, og það eru vextir af slíkum lánum. Það er það, sem veldur öllu í þessu sambandi, það verðum við að gera okkur ljóst.

Ef menn hafa haft þá tilhneigingu undanfarna áratugi á Íslandi út frá verðbólgunni hér innanlands að hugsa sem svo: Ja, það er bara um að gera að fá lán, og þá er ég hólpinn, — þá býst ég við, að menn ættu ofur lítið að vera farnir að ranka við sér núna, þegar áburðurinn, sementið, rafmagnið og allt, sem við framleiðum í krafti erlendra lána, hækkar eingöngu vegna lánanna eftir gengislækkunina, þannig að menn fari að hugsa nokkuð raunhæft þannig, að fyrsta spursmálið sé þarna: Hve miklir eru vextirnir af því auðmagni, sem við gætum fengið? Ef við erum að virkja með vöxtum, sem eru kannske milli 5 og 10%, þá þýðir það, að svo og svo mikið af allri þeirri orku, sem við sköpum, af öllum þeim iðnaði, sem við framleiðum, af öllum þeim gróða, sem við sköpum, fer til þeirra, sem hafa lánað okkur féð, og við erum að gerast meira eða minna þrælar þess auðmagns, sem við leiðum inn í landið. Frá upphafi vega verður okkur því að vera ljóst, að baráttan um vextina í þessu sambandi er baráttan um það, hve mikill hluti skuli fara til íslenzku þjóðarinnar af þeim auðæfum, sem við erum að skapa með

því að virkja fossana. Og svo framarlega sem einhverjir aðilar í þessu landi færu að virkja þessa fossa með óhagstæðum lánskjörum, þá þýðir það um leið, að sá verkalýður, sem ætti að vinna í verksmiðjunum, verksmiðjum stóriðjunnar í framtíðinni, getur ekki tekið tillit til þess, þó að einhverjir hafi orðið til þess að semja svo illa um vexti, að útlenda auðvaldið geri kröfu til þess að fá miklu meiri hluta af því, sem skapað er af afurðunum, en því ber. Þess vegna er það fyrsta spurningin í slíku sambandi til þess að tryggja hag þjóðarinnar og til þess að tryggja hag launþeganna, sem eru meiri hluti Íslendinga, að vextirnir séu lágir. Það er gamalt orðatiltæki, sem var búið til, þegar Bretaveldi fyrrum var hinn eini voldugi valdsdrottinn veraldarinnar, að Jón Boli þyldi allt nema 2%, m. ö. o.: hann gæti staðið í styrjöldum og hverju sem væri, en fengi hann ekki nema 2% af sínu fjármagni, þá væri hann búinn að vera. Og það að festa auðmagn í fyrirtækjum erlendis hefur verið fyrir stórveldin í heiminum aðferð til þess að græða, græða á viðkomandi þjóðum. Og eitt af því, sem við verðum fyrst og fremst að gera, þegar við leggjum í stórvirkjanir til stóriðju, er að koma í veg fyrir, að slíkt verði gert, að tryggja, að þau lán, sem ríkið fær til þess að virkja þessar miklu auðlindir okkar, séu með svo lágum vöxtum, að það sé helzt 2—3%. Þá þýðir það, að auðlindirnar, sem við erum að virkja, gefa fyrst og fremst okkar eigin þjóð auðinn, sem þær skapa. Og þetta er hægt, og það er vitað, að þær þjóðir, sem nú eru að afla sér frelsis í heiminum, þær þjóðir, sem nú eru að verða sjálfstæðar eftir áratuga eða alda nýlendukúgun, eru um leið að tryggja sér virkjanir með vöxtum, sem eru jafnvel 2½%. Og það er vitanlegt, að það hafa fyrst og fremst verið Sovétríkin, sem hafa veitt slík lán, sérstaklega hefur mikið verið talað um lánið til Assúanstíflunnar í Egyptalandi, — og hins vegar hefur það gerzt, þegar slík lán hafa verið tekin svo lág í Sovétríkjunum, að þau gömlu, grónu auðvaldsríki heimsins hafa oft farið að skoða sig um hönd og farið að lækka vextina, þannig að þær þjóðir, sem hafa verið nýlenduþjóðir áratugum eða öldum saman, eins og við sjálfir líka, geta nú á tímum staðið í þeirri góðu aðstöðu að geta með samningum við þau sósíalistísku stórveldi tryggt sér ódýr lán og jafnvel í krafti slíkra samninga knúið auðvaldsríki heimsins til þess að veita sér ódýr lán líka, m. ö. o.: hrundið af sér því hugsanlega arðráni, sem þessir útlendu auðhringar og þetta útlenda auðvald ella mundi hafa beitt okkur.

Við verðum þess vegna frá upphafi, þegar við hugsum til stórvirkjana og stóriðju hér á Íslandi, að stíla upp á það, að ríkið geri þetta sjálft með því að taka lán með ekki meira en 2—3% vöxtum, *ef fáanleg eru, og þora í því sambandi að taka þau* lán jafnt þar austur frá, t. d. í Moskvu, eins og í Washington, ef þau væru fáanleg þar, m. ö. o.: þora til fulls að hagnýta til fulls þá aðstöðu, sem við höfum í veröldinni núna, þar sem svo að segja slegizt er um, að þau lönd, sem hafa verið frumstæð hvað iðnað snertir, fái að byggja sig upp og fái að gera það þannig, að þau glati ekki um leið sínu efnahagslega sjálfstæði.

Okkur er jafnnauðsynlegt að gera okkur þetta ljóst eins og að gera okkur réttilega ljóst tæknilega, hvaða ár eru beztar, eða gera okkur réttilega ljóst hvað stóriðjuna snertir, hvaða stóriðju, hve margra tegunda og hverri við ættum að koma upp. Þetta er allt svo samanfléttað, hið tæknilega, hráefnamálið, stóriðjan og fjárhagsmálið, að það verður ekki sundurskilið. Og þegar svona mál eru rædd á Alþingi, sérstaklega eftir að þingmenn bera gæfu til að tengja þetta á réttan hátt saman, þá er nauðsynlegt, að þessi mál séu rædd hjá okkur alveg hispurslaust, og það er nauðsynlegt, að menn geri sér ljóst, að þessir möguleikar eru til, og þori að nota þá.

Við höfum undanfarið verið í þeirri sérstöku aðstöðu hér á Íslandi, ólíkt allmörgum öðrum ríkjum í Vestur-Evrópu, að okkar viðskipti hafa verið hlutfallslega meiri við þann sósíalistíska heim en nokkurra annarra kapitalistiskra ríkja. Þetta hefur gert okkur hér innanlands mögulegt að tryggja nokkurn veginn fulla atvinnu, og þetta hefur gert okkur mögulegt líka að afstýra þeim kreppusveiflum, sem annars tíðkast í auðvaldsheiminum. Og svo framarlega sem okkur tekst að halda þessu áfram hvað snertir þau almennu viðskipti með okkar fisk, þá gefur vissulega reynslan, sem við höfum af þeim viðskiptum, okkur nú þegar vonir um, að við ættum að geta farið að á sama hátt hvað snertir stóriðju, m. ö. o.: við ættum að geta haft samstarf um stóriðju, að koma henni upp, bæði við þau sósíalistísku ríki í heiminum og þau kapitalistísku ríki, en alltaf þannig, að við ekki aðeins tryggðum fulla atvinnu hér innanlands, að við ekki aðeins tryggðum, að við Íslendingar og við einir ættum allar þær virkjanir og þá stóriðju, sem upp kæmi, heldur líka, að við tryggðum okkur um leið allan þann markað, sem við þyrftum á að halda fyrir þær vörur, sem við framleiðum.

Þegar Norðmenn lögðu í sína alúmíníumvinnslu, sem er með því móti, að þeir komu upp alúmíníumveri, þar sem þeir flytja inn alúmíníumoxýð og vinna úr því alúmíníummálminn, þá sömdu þeir þannig við kanadísku hringana, að þeir greiða — ég held ég megi fullyrða — mikið af vélunum og allt hráefnið með hinum fullunna málmi, og síðan eru þeir frjálsir með svo og svo mikið af þessu, hvert þeir selja það. Þeir hafa víða aflað sér markaða og hafa m. a. gert samninga við ýmis af sósíalistísku ríkjunum, m. a. Sovétríkin, um sölu á alúmíníum þangað.

Norðmenn hugsuðu um þetta, planlögðu þetta, því að þeir hafa hjá sér áætlunarráð og gefa út árlega í sambandi við sín fjárlög allþykka bók, sem ég veit að við fáum hér ýmsir af þingmönnum. Þeir áætla þetta nákvæmlega fyrir fram og hugsa um þetta til þess að reyna að tryggja sína afkomu sem bezt. *Og þetta þyrftum* við að gera um leið, þessa hluti þurfum við að taka til athugunar og rannsóknar og samninga, áður en við leggjum í þetta, gera okkur sem sé alveg grein fyrir, hvar við stöndum. Og ég álít, að þessir möguleikar séu til. Ég álít, að það séu markaðsmöguleikar fyrir íslenzka stóriðju, sem hægt sé að skapa, alveg á sama hátt og við höfum skapað slíka möguleika viðvíkjandi okkar fiski, að við

seljum eins mikið af þeim afurðum og við getum á þeim frjálsa markaði í auðvaldsheiminum og tryggjum okkur með allt hitt í þeim sósialistisku ríkjum, og við eigum þess vegna frá upphafi að planleggja þessa stóriðju með slíku móti, að við getum borgað þau lán, sem við tökum, með þeim afurðum, sem við framleiðum.

Þetta er það, sem ég vildi sérstaklega leggja áherzlu á í sambandi við þetta stórmál, sem hér liggur fyrir. Ég mun, af því að forseti mun ætla sér að fara að ljúka þessum fundi, ekki hafa þetta mál lengra nú, þó að tilefni væri til, en mun flytja kannske brtt. við þetta mál, sem ég vona að gætu komið til athugunar líka í þeirri nefnd, sem málið fer til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 20. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 205, n. 585).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar, en nál. frá 1. og 2. minni hl. fjvn., á þskj. 592 og 613, var útbýtt 2. júní, og brtt. kom fram á þskj. 593.

14. Landsútsvör.

Á 31. fundi í Sþ., 29. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um landsútsvör [108. mál] (A. 248).

Á 35. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36. og 37. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ásamt þeim 11. landsk. þm. og 5. þm. Norðurl. e. hef ég flutt á þskj. 248 þáltill., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til l., sem miði að því, að fyrirtæki og stofnanir, er teljast reka þjónustustarfsemi, er nái til landsins alls, svo sem skipafélög, heildsölufyrirtæki, bankar, útflutningssamtök, tryggingafélög, verzlunarstofnanir ríkisins o. fl., greiði hér eftir útsvör í sérstakan sjóð, sem skiptist milli sveitarfélaga í landinu.“

Till. þessi er flutt sem þáttur í þeirri baráttu, sem um langt skeið hefur farið fram fyrir því, að samsvarandi stéttir búi við sem jöfnust kjör um land allt. Fram til þessa hefur viðleitni í þessa átt einkum miðazt við það að stuðla að því, að tekjur manna í sömu atvinnugrein geti orðið sem jafnastar, hvar sem þeir búa á landinu. Heildarsamtök verkalýðsins hafa eftir langa baráttu fengið fram sama tímakaup verkafólks um land allt. Sama tímakaup eitt út af fyrir sig er þó ekki nóg til þess að tryggja fólki sömu tekjur alls staðar á landinu. Sú hefur oft orðið raunin á, að atvinnuleysi hefur herjað á landsbyggðinni, þótt það væri ekki til staðar í mesta þéttbýlinu, þar sem atvinnurekendur kjósa helzt að ávaxta fé sitt í fyrirtækjum. Þess vegna hefur auk baráttunnar fyrir sama tímakaupi farið fram barátta fyrir atvinnulegri uppbyggingu úti á landi til þess að tryggja sem jöfnust lífskjör almennings.

Sýnt er hins vegar, að þótt unnt væri að tryggja hvort tveggja, fullt jafnrétti í launamálum og atvinnumálum, hefur ekki að heldur fengizt fram jafnrétti um afkomu manna í sömu stéttum hvarvetna á landinu. Afkoma manna er engu síður háð gjöldunum en tekjunum, og ef sýnt er, að landsbúar búa við ójafna aðstöðu um lögboðin útgjöld, þarf engu síður að bæta úr því.

Með flutningi þáltill. þeirrar, er hér liggur fyrir, er það ætlun flm., að bætt verði úr sérstöku misrétti, sem á sér stað um lögboðin útgjöld landsmanna. Lögboðin útgjöld til ríkisins eru jöfn hvarvetna á landinu. En þau lögboðnu útgjöldin, sem almennt eru þyngst á gjaldendum, útsvör til sveitarfélaganna, eru mjög mismunandi á hinum ýmsu stöðum og stuðla að mismunandi afkomu manna eftir því, hvar þeir búa. Þess ber þó að geta, að mishá útsvör sveitarfélaga geta m. a. stafað af því, að hin minnstu og dreifðustu geta ekki komið við ýmissi þeirri þjónustu, sem annars staðar er krafizt. Það er því ekki óeðlilegt, að útsvör séu lægri, þar sem íbúar þeirra sveitarfélaga fá einnig minna frá sveitarfélaginu en yfirleitt er um að ræða, þar sem útsvör eru hærri. Hins vegar er það til, að útsvör séu lægri í einu sveitarfélagi en öðru, ekki vegna þess, að sveitarfélagið veiti minni þjónustu, heldur vegna þess, að það býr við betri aðstöðu um álagningu á aðra en einstaklinga, aðra aðstöðu til að leggja útsvar á atvinnufyrirtæki og þjónustufyrirtæki en önnur sveitarfélög.

Samkv. núgildandi útsvarslögum greiða fyrirtæki útsvar þar, sem þau eru staðsett. Má sú regla teljast eðlileg, þegar um er að ræða fyrirtæki, sem tekur tekjur sínar að miklu eða öllu leyti í því sveitarfélagi. Hins vegar telja flm. þáltill. þeirrar, er hér er til umr., algerlega óeðlilegt, að eitt einstakt sveitarfélag fái útsvar þeirra fyrirtækja, sem hafa það einkenni, að rekstur þeirra nær til landsins alls, svo sem skipafélög, sem flytja til landsins þær nauðsynjar, sem allir landsbúar nota, og flytja úr landi alla framleiðslu þjóðarinnar, sölusamlög, sem selja þessar vörur úr landi, heildsölufyrirtæki, sem kaupa innfluttu vöruna til landsins og selja hana landsbúum öllum, tryggingafélög, sem fá iðgjöld hvaðanæva af landinu, verzlunarstofnanir ríkisins, sem selja öllum landsbúum vöru sína, og svo mætti áfram telja. Samkv. núgildandi lögum eru lögð á slík fyrirtæki útsvör þar, sem þau eru staðsett. En þau útsvör greiða svo

allir landsbúar sem hluta af verði vöru og þjónustu frá þessum fyrirtækjum.

Þau ákvæði útsvarslaga, að einstök sveitarfélög njóti útsvara frá slíkum réttnefndum landsfyrirtækjum, valda því, að landsbúar, sem að vísu mega innan samsvarandi stétta teljast búa við jafnrétti í launamálum, búa alls ekki við jafnrétti um lögboðin útgjöld. Flestum mun að vísu vera ljóst órétttæti það, sem í því felst, að eitt sveitarfélag njóti útsvara frá fyrirtækjum, sem reka starfsemi, er nær til landsins alls. Þó held ég, að mörgum hafi orðið það enn ljósara í sambandi við sérstakt atriði í hinu nýja frv. ríkisstj. um útsvör. Þar er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að leggja veltuútsvör á samvinnufélög. Þau veltuútsvör yrðu þá samkv. núgildandi lögum lögð á í því sveitarfélagi, þar sem viðkomandi samvinnufélag er staðsett. Nú eru þess dæmi, að í tiltölulega litlum sveitarfélögum eru staðsett samvinnufyrirtæki bænda í víðáttumiklum héruðum, og eins og á hefur verið bent, þyrftu sveitarfélög, sem legðu útsvör á þessi samvinnufélög, varla annarra útsvara við. Hins vegar yrðu útsvör samvinnufélagsins í rauninni greidd af bændum á öllu svæði samvinnufélagsins. Þeir mundu því greiða viðbótarútsvör, sem dygðu til þess að gera útsvarslausa að mestu eða öllu íbúa sveitarfélagsins, þar sem samvinnufélagið er staðsett. Allir sjá, hversu fráleitt slíkt ákvæði er og hvert misrétti af því leiðir. Í rauninni hefur þetta sama misrétti átt sér stað um árabil varðandi útsvarsálagningu einstakra sveitarfélaga á landsfyrirtæki, sem enginn ágreiningur hefur þó verið um að skyldu greiða útsvör. Landsbúar allir hvarvetna á landinu hafa í rauninni greitt niður útsvör íbúa þeirra sveitarfélaga, sem hafa notið þess að geta lagt útsvör á þessi fyrirtæki. Tel ég því fullkomlega tímabært, að þessum ákvæðum útsvarslaga verði breytt á þann veg, að umræddum landsfyrirtækjum verði gert að greiða útsvör sín í sérstakan sjóð, sem skiptist á milli sveitarfélaga í landinu. Þá fengju þau sveitarfélög, sem nú njóta ein útsvara landsfyrirtækja, sinn eðlilega hluta af útsvörunum. En jafnframt telja flm. þáltill. þessarar réttmætt, að bankar verði látnir greiða útsvör sem aðrar stofnanir í landinu. Sú ráðstöfun, að útsvör landsfyrirtækja skiptust milli sveitarfélaga í landinu eftir fólksfjölda eða öðrum reglum, sem um það yrðu settar, mundi án efa stuðla að því að jafna aðstöðu og afkomu manna um land allt og væri í eðlilegu framhaldi af baráttu verkalýðssamtakanna fyrir sama tímakaupi og sveitarstjórna og oft ríkisvalds fyrir jafnari aðstöðu landsbúa um atvinnumál.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska þess, að umr. verði frestað, en till. vísað til hv. fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 54. og 57. fundi í Sþ., 27. maí og 1. júní, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 248, n. 501 og 504).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

15. Brú yfir Ölfusárós.

Á deildafundum 30. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um undirbúning brúarbyggingar yfir Ölfusárós [109. mál] (A. 254).

Á 35. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36., 37. og 40. fundi í Sþ., 6. og 19. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (*Unnar Stefánsson*): Herra forseti. Hafnargerð í Þorlákshöfn, sem nú er fyrirhuguð, er ein mikilvægasta fjárfestingarframkvæmd, sem nú er fram undan í okkar landi. En kostir þeirrar hafnar munu ekki njóta sín til fullnustu, fyrr en samgöngur að henni og frá hafa verið bættar með brú yfir Ölfusárós hjá Óseyrarnesi. Þess vegna hef ég á þskj. 254 lagt til, að Alþ. skori á ríkisstj. að láta undirbúa byggingu brúar yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi og lagningu vegar, sem tengi Þorlákshöfn við þorpin Eyrarbakka og Stokkseyri og nærsveitir.

Söguleg þróun atvinnuhátta og breyting á ytri aðstæðum leiða til þess, að till. þessi er komin fram einmitt nú og er fullkomlega tímabær, sérstaklega vegna fyrirhugaðra framkvæmda í hafnarmálum þessa staðar, og er reyndar í beinu framhaldi af og í samhengi við þá framkvæmd.

Þorlákshöfn var á sínum tíma ein kunnasta verstöð landsins. Þaðan gengu á síðari hluta 19. aldar 20—30 og allt að 40 bátar, þegar mest var, og útróðra þaðan sóttu sjómenn nálægra héraða og víðar að. Upp úr aldamótunum tekur útgerð hins vegar að hnigna með tilkomu vélbátanna, vegna þess að þar voru engin hafnarskilyrði fyrir þá og eins vegna aflaleysis, sem fylgdi í kjölfar þess, að ágangur erlendra togara jókst stórum á Selvogsbanka og nálægum miðum. Má því segja, að fiskurinn hafi gengið til þurrðar vegna ofveiði. Þegar leið að styrjaldarárum, beindist athygli manna á ný að þessari verstöð, en það var fyrst árið 1946, sem verulegur skriður kemst á útgerðina, eftir að sýslufélögin í Árnessýslu og Rangárvallasýslu hefjast handa um bryggjugerð þar og með stofnun útgerðarfélagsins Meitils h/f. Enn í dag hafa hafnarskilyrðin þó torveldað útgerð frá þessum stað, þó að mikilsverð reynsla sé nú fengin af þeim tilraunum, sem þar hafa verið gerðar.

Sunnlendingar hafa almennt haft mikinn og brennandi áhuga á þessu máli og oftar en einu sinni beint áskorunum og eindrægnum tilmælum til Alþ. og ríkisstj. um að veita þessu máli brautargengi. Sýslunefnd Árnessýslu hefur hvað eftir annað samþ.

um þetta ályktanir, t. d. síðast árið 1958, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur sýslunefndar Árnessýslu skorar á ríkisstj. að veita hafnargerðinni í Þorlákshöfn nægilegan styrk til þess, að hægt sé að halda framkvæmdum áfram viðstöðulaust, unz hafnargerðinni er lokið."

Áður, árið 1956, hafði sýslunefnd Árnessýslu á aðalfundi samþ. svo hljóðandi tillögu:

„Sýslunefnd Árnessýslu telur, að brú á Ölfusá hjá Óseyrarnesi sé mjög aðkallandi nauðsynjamál fyrir héraðið, m. a. vegna vaxandi vörulöndunar og útgerðar í Þorlákshöfn. Sýslunefndin fagnar því, að brú á þessum stað skuli hafa verið tekin í brúalög og einnig að vegur að brúnni hefur verið tekinn í tölu þjóðvega og til hans veitt byrjunarframlag. Jafnframt því vill sýslunefndin leyfa sér að skora á hv. Alþ. að halda áfram með fjárveitingu til vegarins og taka á fjárlög framlag til brúarinnar, svo að hægt verði að hefja þessi verk sem allra fyrst. Það er tvímælalaust hagsmunamál fyrir héraðið, að styttra og betra vegarsamband komist á við Þorlákshöfn, og það þarf að koma jafnframt byggingu innflutnings- og útflutningshafnar þar."

Þetta voru sýnishorn af ályktunum Sunnlendinga. En hvað snertir Alþ. hafa þessi málefni verið tekin fyrir árið 1953, er samþykkt var samkv. till. frá Jörundi Brynjólfssyni, þáverandi 1. þm. Árn., að taka brú á Ölfusárós hjá Óseyrarnesi inn á brúalög, og tveimur árum síðar, er vegurinn að brúnni var tekinn í tölu þjóðvega.

Sunnlendingar hafa í ræðu og riti á undanförnum árum fært rök að mikilvægi hafnargerðarinnar í Þorlákshöfn, og ég vil leyfa mér að nefna nöfn tveggja manna, sem þar hafa verið í fylkingarbrjósti, þá Egil Thorarensen kaupfélagsstjóra á Selfossi og Vigfús Jónsson oddvita á Eyrarbakka, sem báðir eru málum þessum vel kunnugir.

Sýslufélögin tvö, Árnessýsla og Rangárvallasýsla, hafa byggt eina bryggju í Þorlákshöfn, sem er grundvöllur þeirrar útgerðar, sem þar hefur verið rekin hin síðari ár. Bryggja þessi var byggð á árunum 1946—55 og hefur kostað til þessa samtals 11 millj. og 655 þús. kr. Sýslufélögin hafa staðið undir þessum framkvæmdum með lánsfé að mestu leyti, en ríkissjóður hefur greitt sinn lögboðna hluta, eftir því sem ákveðið hefur verið í fjárlögum hverju sinni. Hins vegar var frá öndverðu ljóst, að svo mikilvægt verkefni yrði ekki unnið í smááföngum, þó að þetta sjónarmið hefði ekki fengizt viðurkennt af ríkisvaldinu né Alþ., fyrr en ráðuneyti Emils Jónssonar á s. l. ári ákvað að fela seðlabankanum að útvega til þessara framkvæmda erlent lánsfé að upphæð 1.2 millj. dollara eða sem svarar 45 millj. íslenzkra kr. á núverandi gengi, og undirbúningi hafnargerðarinnar er nú svo vel á veg komið, að telja má lokið að mestu.

Það þarf ekki að geta þess, hve mikilvægt er fyrir atvinnuhætti á Suðurlandsundirlendi og fólkið, sem þar býr í stóru héraði í örum vexti, að geta haft aðgang að hafi með öll sín viðskipti, bæði innflutning og útflutning. Með tilkomu hafnarinnar opnast hlið að sjó fyrir 15 þús. íbúa á hinu stóra landssvæði. Eftir að bryggjan var lengd fyrir 3 árum, hafa að meðaltali komið til Þorlákshafnar 40 hafskip á hverju ári, allt upp í 3200 lestir að stærð. Öllum fiskafurðum hefur verið skipað þaðan út frá bryggjunni. Inn hafa verið fluttar árlega 5000 lestir af blönduðum fóðurbæti, 1000 lestir af óblönduðum fóðurbæti, 2500—3000 lestir af áburði, 2000 lestir af sementi, 5000 lestir af olíu og ýmiss konar þungavörur aðrar, og í Þorlákshöfn hefur verið byggð 1600 m2 vöruskemma, ein hin stærsta á landinu. Er af þessu ljóst, að Þorlákshöfn á mikilvægu hlutverki að gegna sem hafskipahöfn.

En mestur hluti þess vörumagns, sem þar er fluttur á land, er fluttur í bifreiðum til Selfoss og þaðan um hinar ýmsu byggðir austan Ölfusár. Leiðin á milli Þorlákshafnar og Selfoss mundi við byggingu brúar yfir Ölfusárós styttast um 12 km, úr 36 í 24, og samsvarandi til allra annarra byggðarlaga austan árinnar. Til Eyrarbakka mundi leiðin verða 12 km, en er nú 50 km. Með tilliti til betri hafnarskilyrða, vaxandi innflutnings og ört vaxandi útflutnings frá Þorlákshöfn með aukinni framleiðslu er ljóst af nefndum tölum, hversu geysilegan sparnað á flutningskostnaði mundi leiða af tilkomu nefndrar brúar.

Í öðru lagi á hafnargerð og brú mikilvægu hlutverki að gegna í sambandi við útgerð. Hin síðari ár hafa verið gerðir út frá Þorlákshöfn 8 bátar, og hefur afkoma þeirra farið sífellt batnandi frá ári til árs. Á þessari vertíð hafa verið gerðir út frá Þorlákshöfn 6—8 bátar og hafa haft jafnbeztan afla á öllum verstöðvum landsins. Hæsti báturinn í Þorlákshöfn hefur t. d. fengið frá miðjum janúar til 22. apríl 957 lestir, eða ámóta mikið og hæsti bátur frá öðrum verstöðvum landsins, t. d. í Vestmannaeyjum, hefur fengið, sem er þó meira en tvöfalt stærri en þessi bátur, sem er milli 30 og 40 tonn. Annar báturinn hefur fengið 875 lestir, sá þriðji 725, fjórði 625, fimmti 610 og sjötti 601. Ég nefni þessar tölur til þess að sýna fram á, hversu jafn afli Þorlákshafnarbáta er. Afkoma þessara báta mun vera betri að jafnaði en báta nokkurs annars staðar á landinu, m. a. vegna þess, að þessir bátar eru af stærðinni 20—45 lestir eða miklu minni en þeir bátar, sem að jafnaði eru gerðir út frá öðrum verstöðvum, en einmitt eru til í landinu fjölmargir bátar af þessari stærð, sem eru ekki nýttir til fulls, en mundu verða arðvænlegastir frá Þorlákshöfn. Aflahlutur Þorlákshafnarbáta er einnig jafnari en báta frá nokkurri annarri verstöð. Hæsti hásetahluturinn núna mun vera nálægt 70 þús. kr. og aðrir hlutir litlu lægri. Vegna þess að bátar frá Þorlákshöfn eru þetta miklu minni en þeir, sem ganga frá Vestmannaeyjum og Grindavík eða öðrum nálægum verstöðvum, er ástæða til þess að ætla, að aukin útgerð í Þorlákshöfn muni ekki draga úr útgerð frá öðrum verstöðvum eins og Vestmannaeyjum, heldur verða hrein aukning útgerðar og framleiðslu og á heildartekjum þjóðarbúsins.

Eftir að komin er bátakví í Þorlákshöfn fyrir 50 eða jafnvel 100 báta og skilyrði sköpuð til aflavinnslu, þá er augljóst, hvílík aukning útflutningsverðmæta væri samfara því. En betri skilyrði til aflavinnslu eru nauðsynleg. Ég vil þó geta þess, að einmitt fyrir hádegi í morgun tók til starfa í Þorlákshöfn 1900 m2 hraðfrystihús með 100 tonna vinnslugetu á 10 stunda vinnudegi. Það hefur verið 15 mánuði í smíðum, hefur þó flökunarvél af nýj-

ustu gerð og aðstöðu til flökunar fyrir 40 manns, skilyrði til ísframleiðslu og mun fullgert verða eitt afkastamesta hraðfrystihús landsins. Eftir tilkomu þessa húss fá Þorlákshafnarbátar grundvöll til þess að stunda sjó ekki aðeins á vetrarvertíð, heldur einnig allan ársins hring.

Bætt útgerðarskilyrði í Þorlákshöfn gera kröfu til mikillar fjárfestingar í fleiri framleiðslutækjum og íbúðarhúsum vegna skorts á vinnuafli. En í þorpum tveimur á strandlengjunni handan Ölfusár, Eyrarbakka og Stokkseyri, eru fyrir hendi óhagnýtt frystihús með 80 tonna vinnslugetu, geymslurými fyrir 500 tonn fisks, hjallarými, þurrkhús og önnur framleiðslutæki, sem vantar í Þorlákshöfn, og síðast, en ekki sízt, mikið vinnuafl og ónotað íbúðarhúsnæði, sem mun aukast, vegna þess að fyrirsjáanlegt er, að með betri útgerðarskilyrðum í Þorlákshöfn án brúar yfir nefndan ós muni útvegur frá þessum þorpum leggjast með öllu niður.

Af þessum alvarlegu viðhorfum er ljóst, að þjóðhagslega hagkvæmt muni vera að tengja hina nýju og vaxandi verstöð í Þorlákshöfn við þorpin tvö og hina þéttu byggð nærsveita þeirra. Beint vegasamband þarna á milli mundi hvort tveggja í senn endurskapa skilyrði til áframhaldandi útgerðar frá Eyrarbakka og Stokkseyri vegna lendingaröryggis og minnka verulega eða fresta fjárfestingarþörf í Þorlákshöfn, bæði vegna möguleika á hagnýtingu framleiðslutækja þessara staða og vegna aukinnar þátttöku íbúanna þar í framleiðslustörfum í Þorlákshöfn, og skapa þannig þjóðhagslega hagkvæmari nýtingu vinnuafls og annarra framleiðsluþátta en ella gæti orðið.

Þorpin Eyrarbakki og Stokkseyri hafa vegna breyttra atvinnuhátta í héraði og erfiðra hafnarskilyrða búið við ónóga atvinnu heima fyrir undanfarin ár og sjá nú fram á vaxandi erfiðleika. Eftir að þessi þróun er fyrirsjáanleg, er frá sjónarmiði íbúa þessara þorpa óumflýjanlegt, að gerð verði á því nú þegar fullnaðarrannsókn, hvort tiltækilegt þyki í nánustu framtíð að ráðast í byggingu brúar yfir Ölfusárós eða ekki. Íbúum þessara byggðarlaga er nauðsynlegt að fá að vita afdráttarlaust, hvort horfur séu á byggingu slíkrar brúar, til þess að þeir geti tekið tillit til þess í sínum framtíðaráætlunum. Frá sjónarhóli Eyrbekkinga t. d. getur þetta dæmi litið þannig út, að spurt sé, hvort hagkvæmara sé að byggja brú yfir þennan ós eða að byggja yfir íbúa þessa þorps í Þorlákshöfn og að þeir flytjist þangað.

Eyrarbakki var á sínum tíma viðskipta- og menningarmiðstöð í héraðinu, og er það eðlilega tilfinningamál fyrir íbúa viðkomandi byggðarlaga að standa frammi fyrir slíkum vanda. En ég vil leggja áherzlu á, að með flutningi þessarar till. er stefnt að því, að hið allra fyrsta fari fram tæknileg rannsókn á brúarstæðinu og að gerðir verði útreikningar á vísindalegan hátt, hvort hagkvæmni þeirrar brúar verði frá efnahagslegu sjónarmiði talin fullnægjandi eða ekki, til þess að skynsamlegt og réttlætanlegt sé að hefjast handa.

Vegamálaskrifstofan hefur látið gera lauslegar athuganir á brúarstæði á þessum stað. Þær athuganir hafa leitt í ljós, að undirstaða undir brúarbyggingu sé ákjósanleg, 3 m niður á harða klöpp, brúin þurfi að vera 440 m á lengd, eða eins og 5 Þjórsárbrýr, og að hún muni kosta allt að 40 millj. kr. með núverandi verðlagi. Ef ekki koma fram við rannsókn sérstakir annmarkar á framkvæmd þessarar hugmyndar, virðist frá leikmannssjónarmiði einhlítt, að brú verði byggð yfir Ölfusárós, en á hinn bóginn aðeins álitamál og spurning um nokkur ár, hvenær kleift verði talið að hefjast handa.

Ég hef hér að framan aðeins miðað við þær aðstæður, sem þegar eru fyrir hendi. Veigamestu rökin fyrir brúargerð á þessum stað eru þó fólgin í þeim fyrirheitum, sem framtíðin ber í skauti sínu. Hafnarstæðið í Þorlákshöfn er betur í sveit sett en nokkurt annað hafnarstæði og bæjarstæði landsins. Á aðra hönd eru fengsælustu fiskimiðin, þar er ósunnið salt í sjó og silfur hafsins allan ársins hring, en á hina höndina eru kostaríkustu sveitir, ekki aðeins búsældarleg landbúnaðarhéruð, heldur auðlindir milli fjöru og fjalla. Þar bíður ómalað gull í þangi og þara við fjörusteina, vikurgjall, sem gæti orðið að dýrmætum steinum, gras, sem gæti orðið að kjarnmiklu mjöli, óbeizluð orka í hverum og fljótum allt upp að jökulrótum. Á því er ekki vafi, að lausn þessara verkefna er ekki lengur framtíðardraumsýn ein, heldur kallar á okkar kynslóð og er eitt mikilvægasta efnahagsmál þjóðarinnar. En til þess að komast að þessum orkulindum og til þess að flytja út afurðirnar á erlendan markað þarf umfram allt höfn og brú yfir Ölfusárós. Þess vegna fjallar hér um grundvallarframkvæmdir, sem allar stórvirkjanir og öll stóriðja á Suðurlandi byggist á.

Áður en ég lýk máli mínu, er rétt að geta um það vandamál, að Þorlákshöfn og nærsveitir vantar nú umfram annað meira vinnuafl, en ekkert svæði landsins virðist nú geta boðið íbúum sínum upp á öruggari afkomuskilyrði og árvissari tekjur en þessar sveitir vegna mikilla náttúruauðlinda.

Skilyrðin í Þorlákshöfn og á hafnarsvæði hennar bjóða fólki upp á frelsi frá skorti og fátækt með því að flytja sig til í landinu, burt frá kotbýlishætti fortíðarinnar til nútíma atvinnuhátta og stóriðju. Íslendingar eru ekki fleiri en svo, að efnahagsleg velmegun okkar er fólgin í því, að sérhver þegn geti leitað til þeirra staða á landinu, sem eftirsóknarverðastir eru og bjóða upp á lífvænlegustu afkomuskilyrðin.

Sunnlendingar mundu fagna hverri starfsfúsri hönd, sem vildi leggja sitt afl í þessi átök. Engar aðgerðir ríkisvaldsins, neins konar átthagafjötrar mega stöðva framfarasókn fólksins, því að það væri að rýra lífskjör þjóðarinnar í heild.

Þorlákshöfn er sá staður, sem getur boðið upp á glæsilegustu framtíðarmöguleika, eins og nú horfir. Að minni hyggju á ríkisvaldið með aðgerðum sínum að stuðla að sem skjótustum framförum á slíkum stöðum, sem gefa þjóðarbúinu í heild mest í aðra hönd.

Herra forseti. Allir þræðir í minni ræðu hníga að lokum að þeirri ályktun, að till. á þskj. 254 sé tímabær og svo aðkallandi, að ég leyfi mér að óska þess, að hún fái skjóta afgreiðslu.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að umr. verði frestað og tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.
Till. visað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

16. Björgunar- og gæzluskip fyrir Breiðafjörð.

Á deildafundum 1. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um björgunar- og gæzluskip fyrir Breiðafjörð [114. mál] (A. 275).

Á 35. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36., 37. og 40. fundi í Sþ., 6. og 19. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur íslenzka þjóðin eignazt nokkur björgunar- og gæzluskip, sem oft hafa verið smíðuð fyrir sameiginlegt átak ríkisins og fólks í einstökum byggðum landsins. Þessi litlu skip hafa bæði gegnt miklu hlutverki fyrir sjávarútveginn við björgun og gæzlu á fiskimiðum, en þar að auki gegnt sögulegu hlutverki fyrir þjóðina sem varðskip nú á síðustu missirum.

Eitt af þeim byggðarlögum, sem mjög hafa fundið til þess, að það vantaði slíkt björgunar- og gæzluskip, eru byggðirnar við sunnanverðan Breiðafjörð. Þarna er hver útgerðarstöðin við aðra, Hellissandur, Ólafsvík, Grundarfjörður, Stykkishólmur, og allar í meiri eða minni vexti. Í sumum þeirra eru stórframkvæmdir í undirbúningi eða nýunnar, sem munu auka útgerð þar allverulega á næstu árum.

Það þarf ekki að leita langt til þess að minna hv. alþm. á atvik, sem hafa sýnt mjög skýrt, hvílík þörf er fyrir sérstök eftirlitsskip á helztu fiskimiðum okkar. Mönnum eru í fersku minni viðburðir í utanverðri landhelginni fyrir sunnan Reykjanes nú fyrir skömmu. Það er ekki heldur langt síðan erlend togveiðiskip gerðu mikinn usla á fiskimiðum Breiðfirðinga út af Snæfellsnesi og ollu sjómönnum þar veiðarfæratjóni og stofnuðu jafnvel mannslífum í hættu. Þessi atvik sýna betur en nokkuð annað, hvílík þörf er á því, að fyrir hendi sé aðstoð frá sérstökum björgunar- og gæzluskipum, þar sem aðstæður eru þannig, að mestur fjöldi fiskiskipa er við veiðar á tiltölulega litlu svæði.

Íbúar Breiðafjarðarbyggða og Breiðfirðingar búsettir í Reykjavík hafa haft mikinn áhuga á þessu máli og hafa um langt skeið safnað fé í björgunarskútusjóð Breiðafjarðar. Samtals hafa safnazt milli 7 og 8 hundruð þús. kr. í þessu skyni, og söfnunin er enn í fullum gangi.

Till. sú, sem hér liggur fyrir, er áskorun á ríkisstj. um að láta undirbúa smíði björgunar- og gæzluskips fyrir Breiðafjörð, og standa að henni þm. Vesturlandskjördæmis.

Herra forseti. Ég vil að lokum leggja til, að umr. um mál þetta verði frestað, till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

17. Lán til Hvalfjarðarvegar.

Á deildafundum 4. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um öflun lánsfjár til Hvalfjarðarvegar [116. mál] (A. 278).

Á 35. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36., 37. og 40. fundi í Sþ., 6. og 19. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ef litið er á vegakort af Íslandi, má líkja vegakerfinu við tvær stórar greinar. Önnur greinist um Vesturland, Vestfirði, um Norðurland og Austurland, en hin greinist um mestallt Suðurland. Þessar tvær stóru greinar koma saman á einum stað, í veginum, sem liggur fyrir Hvalfjörð, hér í næsta nágrenni við Reykjavík. Fyrir utan þann veg er aðeins til einn fjallvegur um Uxahryggi, sem tengir saman þessar tvær greinar vegakerfisins, og mætti raunar segja: þessi tvö vegakerfi, sem eru í landi okkar.

Þegar litið er á þessa staðreynd, er það undrunarefni, að þessi hlekkur á milli tveggja höfuðgreina, þar sem annars vegar eru þrír fjórðungar landsins og hins vegar einn fjórðungur ásamt höfuðborginni og nágrenni hennar, að þessi vegarspotti skuli vera einn veikasti hlekkurinn í öllu vegakerfi landsins. En það er viðurkennt, bæði af hverjum manni, sem ekur um þennan veg, svo og þeim, sem hafa á honum sérfræðilega þekkingu, að það er Hvalfjarðarvegur.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum til þess að lýsa þýðingu Hvalfjarðarvegar fyrir vegakerfi landsins í heild. Það er svo augljóst mál. En ég vil aðeins benda á, að samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið hjá vegamálastjóra, eru enn yfir 20 km af Hvalfjarðarvegi ólagðir og er þar notazt við ruddan og mjög ófullkominn veg. Það er augljóst

mál, hversu bagalegt þetta hlýtur að verða, bæði vegna þess, að vegurinn er seinfarinn, og þykir þó ærinn farartálmi vegna þess, hve langan tíma tekur að aka fyrir fjörðinn. Þessir ófullkomnu vegarkaflar valda því mjög oft á vetrum, að Hvalfjarðarvegur lokast. Þar eru skriðuföll tíð og snjóþyngsli, og loks er það að nefna, að slysahætta er þarna mjög mikil. Af öllum þessum ástæðum er kostnaður við að halda þessum vegi opnum gífurlega mikill og miklu meiri en hann þyrfti að vera, ef vegurinn hefði verið sæmilega lagður.

Nú er það svo, að þessi vegur hefur orðið fyrir barðinu á þeirri staðreynd, sem hv. alþm. þekkja allir vel, að í almennum fjárveitingum til vegaframkvæmda hafa þm. yfirleitt hneigzt meira að því að teygja vegakerfið til þeirra, sem enn eru vegarlausir, en leggja minni áherzlu á slagæðar kerfisins, þar sem umferðin er langsamlega mest. Þannig hefur það gerzt, að hið fjárhagslega ástand vegagerðar í Hvalfirði er nú svo slæmt, að vegna þess að tiltölulega stuttur spotti var unninn fyrir lánsfé í fyrra fram hjá bænum Bjarteyjarsandi, mjög nauðsynleg og gagnleg úrbót á veginum, þá eru ekki horfur á því, að fjárframlög til vegarins hrökkvi fyrir miklu meiru en greiðslu þessarar skuldar, ef um hana verður krafið á komandi sumri. Getur vel farið svo, að ekki verði um að ræða neinar verulegar framkvæmdir á lagningu vegar á þessu svæði. Mér er tjáð, að ef þessir rúmlega 20 km, sem enn eru ólagðir í Hvalfirði, yrðu lagðir og vegurinn gerður sæmilegur, mundi þegar stytt ast um 20—25% tíminn, sem fer í að aka fyrir sjálfan fjörðinn. Þar að auki mundi vegurinn ekki lokast eins fljótt að vetrarlagi og slysahætta á honum mundi minnka verulega.

Af þessum ástæðum, hinni brýnu þörf, sem er fyrir sterkari hlekk fyrir Hvalfjörð á milli vegagreinanna annars vegar á Vestur-, Norður- og Austurlandi og hins vegar á Suðurlandi, vegna þarfar á betri og greiðari flutningum og vegna aukins öryggis höfum við tveir þm. leyft okkur að flytja þáltill. þess efnis, að ríkisstj. yrði falið að athuga möguleika á lántöku til að ljúka vegarlagningu fyrir Hvalfjörð og gera veginn hæfa undirstöðu undir varanlegt slitlag. Við gerum ekki eins miklar kröfur og sumir aðrir í nágrenni höfuðstaðarins, en viljum hins vegar miða þær framkvæmdir, sem hægt verður að ráðast í á næstunni, við það, að jafnskjótt og fjárráð verða fyrir hendi, verði hægt að leggja varanlegt slitlag á þennan veg.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

18. Flugsamgöngur á Vestfjarðasvæðinu.

Á deildafundum 4. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um að leysa flugsamgöngur innanhéraðs á Vestfjarðasvæðinu með þyrilvængju [117. mál] (A. 279).

Á 36. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þáltill. á þskj. 279 um að leysa flugsamgöngur innanhéraðs á Vestfjarðasvæðinu með þyrilvængju. Með því að hugmyndin, sem í till. felst, er nokkurt nýmæli, vil ég leyfa mér að fara um það nokkrum orðum.

Það er farið fram á það við ríkisstj., að hún láti fyrir næsta þing rannsaka, hvort það kunni að vera haganlegt og hagkvæmt að hafa þyrilvængju staðsetta á Vestfjörðum til að annast daglega fólksflutninga og póstflutninga um Vestfjarðasvæðið. Að minni ætlan mundi, ef að þessu ráði væri horfið, vera mjög bætt úr lélegum samgöngum Vestfirðinga, og væri á því full þörf. Sannast að segja hafa samgöngur Vestfirðinga nú á s. l. vetri verið í sérstökum ólestri. Það hefur ekki verið í förum nema annað af skipum skipaútgerðarinnar, sem bezta samgönguþjónustu hefur veitt Vestfirðingum að jafnaði, hitt skipið hefur lengstum verið í viðgerð. Allir vita, að samgöngur á landi á Vestfjörðum, einkum að vetrinum, eru mjög erfiðar. Þar eru heiða- og fjallvegir, sem loka leiðum nálega hálft árið, og flugið hefur hin síðari ár eiginlega verið bezta úrlausnin á samgöngumálum þessa landsfjórðungs að því er snertir farþega- og fólksflutninga.

En þessi þjónusta, sem Flugfélag Íslands hefur veitt, hefur verið framkvæmd með sjóflugvél, sem nú er komin svo til ára sinna, að Flugfélagið telur sig ekki geta haldið henni lengur úti, og er þá ætlun félagsins að hætta rekstri sjóflugvéla. Þegar menn horfðust í augu við þetta, var undinn að því nokkuð bráður bugur að hefja flugvallargerð við Ísafjörð, og er því verki enn þá ekki lokið, en vonir standa til, að því ljúki síðari hluta sumars. Þá mundi sem sé á ný opnast leiðin til þess, að Flugfélagið hefði beinar flugsamgöngur — væntanlega daglega eða nálega það — við Ísafjörð, en sú önnur þjónusta, sem Flugfélagið hefur veitt Vestfirðingum með sínum sjóflugvélum, mundi falla niður um óákveðið árabil, þangað til byggðir hefðu verið flugvellir sem víðast á Vestfjarðasvæðinu, en sjóflugvélarnar hafa komið oftast nær einu sinni í viku á staði eins og Patreksfjörð, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri og Hólmavík. En það vitum við allir, að það verður ekki alveg á næstu árum, sem búið verður að byggja flugvelli á öllum þessum stöðum, og mundu þeir þá, þó að flugsambandið yrði gott við Ísafjarðarflugvöll, fá þarna um sinn miklu verri þjónustu en áður.

Núna standa Vestfirðingar þannig á tímamótum, og þá er eðlilegt, að menn fari að hugleiða: Hvernig er hægt að bæta úr þessu? Það er vitað, að þó að menn festu hugann við það úrræði að byggja flugvelli sem víðast á Vestfjörðum, þá kostar flugvöllur, þar sem stærri flugvélar líkt og sú, sem Flugfélagið mun nota til flugsins við Ísafjörð, milljónir og í mörgum tilfellum milljónatugi. Svo mikið er víst, að ef 5—6 flugvellir yrðu byggðir á Vestfjörðum af þeirri stærð, að þessi Vestfjarðaflugvél Flugfélagsins væntanlega gæti lent þar og hlotið afgreiðslu, þá yrðu það svo dýr mannvirki, að marga milljónatugi þyrfti til, auk þess sem viðhald þeirra og rekstur mundi kosta ærið fé.

En eru þá til nokkrar leiðir aðrar til þess að leysa þetta vandamál? Ég fékk þessa hugmynd, sem í tillögunni felst, á s. l. hausti, var í ferðalagi á meginlandi Evrópu, og átti þess þá kost að fljúga með þyrilvængju milli höfuðborgarinnar í Belgíu, Brussel, og Kölnar í Þýzkalandi, og mun vera hátt í 200 km vegalengd á milli þeirra, eða nálega sú sama vegalengd og er milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Mér féll flugið með þessum farkosti mætavel, og ég fékk upplýsingar um það, að þyrilvængjurnar væru notaðar á meginlandi Evrópu til samgöngubóta milli þeirra smærri borga, sem ekki hafa stærri eða meiri háttar flugvelli í nágrenni sínu, og fljúga þær þannig á milli þeirra borga, sem eru í nánd við hina meiri háttar flugvelli. Þannig inna þær af hendi mikilvæga þjónustu um farþega- og póstflug.

Sú þyrilvængja, sem ég ferðaðist þarna með, var ekki neitt stórt fyrirtæki að sjá, en hún var þó gerð fyrir flutning 12 farþega. Í henni voru tveir farþegaklefar með sætum yfir hana þvera, sæti framan til í klefanum og annað sæti á móti, hvor bekkur um sig fyrir þrjá farþega, og annar sams konar klefi þar fyrir aftan, sem sé 12 farþegar og 2 flugmenn, svo að flugvélin gat flogið með 14 manns.

Ég hygg, að farkostur til þess að leysa það hlutverk, sem þessi tillaga fjallar um, þyrfti ekki að vera svona stór, heldur mundi henta sennilega 6 farþega vél.

Mér datt það þá þegar í hug, að það bæri a. m. k. að athuga gaumgæfilega, hvort slíkur farkostur sem þessi væri ekki lausnin á mjög erfiðum samgönguvandamálum Vestfirðinga og ef til vill einnig Austfirðinga.

Ég teldi, að hægt væri að veita mjög góða þjónustu, ef vél Flugfélags Íslands hefði beinar flugferðir á Ísafjarðarflugvöll og þaðan aftur, en þá tæki þyrilvængjan við og flygi með farþega og póst hvert sem væri á Vestfirðina, hugsum okkur t. d. um Bolungavík, Súgandafjörð, Önundarfjörð, Dýrafjörð, Arnarfjörð, Tálknafjörð, Patreksfjörð, kannske einn viðkomustað á Rauðasandi, einn viðkomustað á Barðaströndinni, einn viðkomustað í Austur-Barðastrandarsýslu, t. d. á Reykhólum, og svo á Hólmavík og þaðan til Ísafjarðar, og færi þannig hringinn daglega eða annan hvern dag, eftir því sem hentast þætti, til þess að veita sem greiðast samband við flugþjónustuna um Ísafjarðarflugvöll.

Það væri sannast sagna, að ef þetta fyrirkomulag væri framkvæmanlegt af öðrum ástæðum, vegna kostnaðar og annars, þá væri þarna fundinn möguleiki til þess að veita fólkinu, sem Vestfirðina byggir, svipaða þjónustu og þeir njóta, sem eru í miklu nánara nágrenni við Reykjavík en Vestfirðirnir eru.

Ég tek það fram í grg., að ég telji, að sams konar fyrirkomulag eigi engu síður við á Austfjörðum með Egilsstaðaflugvöll sem tengilið við Reykjavíkurflugið, og vík að því, að æskilegt væri, að sú hlið málsins yrði athuguð jafnframt af sérfræðingum ríkisstj. í flugmálum. Ég tel eðlilegast, að ríkisstj. fengi flugmálastjóra til þess að láta ásamt sínum mönnum athuga þessi mál.

Þegar till. mín hafði verið flutt, kom hv. 3. þm. Austf. (EinS) fljótlega að máli við mig og spurði mig að því, hvort ég væri því á nokkurn hátt andvígur, að hann flytti brtt. við þessa till. mína á þann hátt, að á eftir Vestfjörðum í till. kæmi alltaf „Austfjörðum", og að inn í hana bættist líka, að þessar vélar, sem þá væru staðsettar á Vestfjörðum og Austfjörðum, skyldu auk farþega- og póstflugs einnig annast sjúkraflug. Ég tjáði honum að sjálfsögðu, að eins og hann sæi af grg. minni með till., væri mér það á engan hátt á móti skapi, að slíkar brtt. væru fluttar, því að það væri mín skoðun, að þetta gæti átt við jafnt á Austfjörðum sem Vestfjörðum. Þá væri auðsætt, að þyrilvængjan, sem Austfjörðum ætti að þjóna, hefði aðsetur á Egilsstöðum, tæki þar við framhaldsflugi yfir Austfjarðasvæðið og kæmi síðan aftur á Egilsstaðaflugvöll til þess að skila pósti og farþegum til flugs suður með þeirri flugvél, sem hefði bækistöð sína á Egilsstaðaflugvelli.

Ég þarf ekki að taka það fram, að enga tæknilega þekkingu hef ég á þyrilvængjum öðrum þingmönnum fremur, og ætla ég ekki að gefa mig út sem neinn spesialista í því, en vegna þess að mín þekking í þessum efnum nær skammt, er það, að ég vil láta sérfræðinga ríkisstj. í flugmálum taka við þessari hugmynd og athuga hana nánar, hversu framkvæmanleg hún kunni að teljast, og yrði ég auðvitað að beygja mig undir þá niðurstöðu, sem þessir sérfræðingar kæmust að.

Mér er tjáð, að þyrilvængjurnar séu nokkuð dýrar í innkaupi, stofnkostnaðurinn er því nokkur, en viðhald þeirra mun vera nokkuð sambærilegt við viðhald annarra flugvéla, eftir því sem ég hef nú fengið upplýst. Áður hafði mér verið tjáð, að það, sem væri fyrst og fremst fráfælandi við þessa hugmynd, væri það, að rekstur þyrilvængju væri mjög dýr, dýrari en annarra flugvéla, en aftur væru þær tiltölulega ódýrari í innkaupi en aðrar vélar. En skv. nýjustu upplýsingum, sem ég hef um þetta frá flugfróðum mönnum, mun þessu vera öfugt farið. Vélarnar sjálfar eru mjög dýrar, en rekstur þeirra ekki hlutfallslega dýrari en annarra véla, miðað við burðarþol. Hitt mun vera staðreynd, að þær eru ekki eins hraðfleygar og aðrar flugvélar og flugþol þeirra tæpast eins mikið. Mér er tjáð, að flugþol þyrilvængjunnar sé yfirleitt ekki meira en svona 5—6 klst.

Ég hef látið flugsiglingarfræðing fræða mig nokkuð um vegalengdirnar á Vestfjörðum, sem líklegt væri að slík þyrilvængja þyrfti að fara í hringferð hverri um Vestfirðina, og þær upplýsingar eru í örstuttu máli þessar:

Loftleiðin frá Ísafirði um Bolungavík, Súgandafjörð, Flateyri, Þingeyri, Bíldudal, Sveinseyri, Patreksfjörð og á Rauðasand segir hann vera svona hér um bil 140 sjómílur. Flughraði þyrilvængju er sagður vera 60—80 sjómílur á klst., og mundi þetta þá vera nálægt 2 stunda flugi hjá þyrilvængjunni, frá Ísafirði um þessa staði alla og vestur á Rauðasand. Og mundi ég þá vilja segja, að þetta væri um 2 stunda flug, og gæti þá ímyndað mér, að ámóta tími samtals færi í afgreiðslu á þessum stöðum. Í þetta gætu þannig farið ca. 4 tímar. Frá Rauðasandi um Barðaströnd, — ég hef helzt hugsað mér viðkomu þar á einum stað, t. d. í Haga, — að Reykhólum eru ca. 45 sjómílur, segir siglingarfræðingurinn mér, og frá Reykhólum til Hólmavíkur um 20 sjómílur og þaðan til Ísafjarðar 45 sjómílur. Alls virðist þessi hluti vegalengdarinnar þá vera 1½ klst. flug. M. ö. o.: eftir þessum upplýsingum um vegalengdir og flughraða þyrilvængju að dæma telst mér til, að þyrilvængjan mundi vera 3½—4 klst. að fljúga hringinn um Vestfirði með þessu móti, en þar að auki kæmi svo afgreiðslutími, sem á mörgum stöðunum þyrfti áreiðanlega ekki að vera langur, afhenda einn farþega og póstpoka, og ættu ekki að þurfa að fara í það margar mínútur á ýmsum stöðum a. m. k., þó að það geti verið lengri tími í önnur skipti á öðrum stöðum.

Nú er mér kunnugt um það, að þegar varðskipið nýja, Óðinn, var keypt, þá var gert ráð fyrir því, að hann væri búinn út með palli fyrir þyrilvængju til að setjast á, og vissulega mun forstjóri landhelgisgæzlunnar nú þegar hafa aflað sér nokkurra upplýsinga um þyrilvængjur, sem hentuðu þeirri þjónustu í sambandi við landhelgisgæzlu okkar og hið nýja varðskip. Nú dettur mér í hug, hvort það væri ekki hugsanlegt, að það væri hagkvæmt, bæði þeirri hugmynd, sem í tillögunni felst, og þeirri þjónustu, sem við viljum fá fyrir landhelgisgæzluna með þyrilvængju, að þyrilvængjur þær, sem fyrst og fremst væru ætlaðar til þessa hlutverks, — farþega- og póstflutninga á Vestfjörðum og Austfjörðum, — væru staðsettar á Vestfjörðum og Austfjörðum og ættu einnig að einhverju leyti, þegar landhelgisgæzlan teldi ástæðu og þörf til, að sinna þjónustu fyrir landhelgisgæzluna, og að þannig væri hægt með tveimur þyrilvængjum að bæta landhelgisgæzluna fyrir Austfjörðum og Vestfjörðum í samvinnu við landhelgisskip okkar. Þetta er hugmynd, sem ég vil gjarnan að sú nefnd, sem þessa tillögu fær til athugunar, gefi gaum að. Ekkert skal ég um það segja, hvort það þætti tiltækilegt að sameina þetta, en þó er það athugandi.

Að öðru leyti hafði ég hugsað mér, að tvennt gæti komið til um rekstrarfyrirkomulag slíks farartækis. Það væri í fyrsta lagi hugsanlegt, að Flugfélag Íslands hefði rekstur slíkrar þyrilvængju með höndum, af því að það félag hefur aðflugið til Egilsstaða og til Ísafjarðar. Og það er ekki víst, að það á nokkurn hátt yrði talið ósanngjarnt, þar sem íslenzka ríkið er í stórum ábyrgðum fyrir Flugfélag Íslands, að Flugfélaginu yrði gert að skyldu vegna ríkisábyrgðanna að annast þessa þjónustu.

Hins vegar gæti líka komið til mála, að bæjar- og sveitarfélög á Vestfjörðum, sem vafalaust leggja ekki lítið upp úr því að geta tryggt sér slíka þjónustu, sem hér er hugsað til, önnuðust reksturinn og ríkið veitti þá einhverja aðstoð til þess, ef halli væri á slíkum rekstri, að halda honum uppi. Hvers vegna gæti það verið sanngjarnt, að ríkið gerði það? Jú, það er sökum þess, að með því að leysa málið á þann veg, að komizt verði hjá byggingu margra flugvalla og rekstri þeirra og viðhaldi, þá losnar hið opinbera auðvitað við milljónatuga fjárframlög, og gæti þá verið smápeningur einn að rétta heldur á einhvern hátt hjálpandi hönd til þess að leysa málið á annan hátt, einkanlega ef sú leið eða það úrræðið tryggði betri þjónustu en hægt væri að tryggja með hinu mótinu. Þyrilvængjurnar þurfa enga flugvelli. Á þeim stöðum, þar sem ég lenti á s. l. hausti, var þó í námunda við hina stóru flugvelli steinsteypt plata, venjulega hringmynduð, 20—25 m í þvermál eða eitthvað svoleiðis, og á þessum kringlóttu, steyptu plötum, sem mér virtust ekki stærri en lítill húsgrunnur, lentu þær og voru afgreiddar í námunda við flugstöðvarnar. Það, sem sparast, er þess vegna byggingarkostnaður, viðhald og rekstur flugvalla.

Ef það skyldi verða niðurstaða sérfræðinga, að þyrilvængjur hefðu einhverja þá ágalla, tæknilega eða vegna stofnkostnaðar eða rekstrarkostnaðar, að aðrar leiðir væru tiltækilegri til að leysa þetta hringflug frá aðalflugvelli á Austfjörðum og Vestfjörðum, t. d. með lítilli tveggja hreyfla flugvél líkri þeirri, sem einstaklingar á Akureyri eiga nú, sem geta tekið þrjá eða fjóra farþega, þá teldi ég það líka góða lausn á málinu og vildi gjarnan, að n. athugaði þann möguleika, a. m. k. að hinum frágengnum. En yrði sú leið farin, yrði þó ekki komizt hjá því að byggja flugbrautir á öllum þeim stöðum, þar sem unnt væri, en mér er sagt, að slíkar vélar komist af með svona 400—500 m braut, og þær má víða byggja og eru enda til á nokkrum stöðum og þurfa ekki að hafa mjög mikið burðarmagn. Þarf því ekki að byggja þær mjög traustlega, vegna þess að þessar litlu, léttu vélar heimta ekki mjög vandaðar flugbrautir. Þó yrði það aldrei eins góð þjónusta og þyrilvængjan getur veitt, því að hún getur lent á hvaða túnskækli sem er og þannig komið, þegar mikið liggur við, einkanlega í sjúkdóms- eða slysatilfellum, á hvaða sveitabæ sem þarf á aðstoð að halda, til að flytja farþega, en það geta hinar aldrei á sama hátt, og kemur þá til milliþjónusta annarra farartækja, sem líka kostar vissulega peninga að hafa tiltæk.

Ég hef nú farið nokkrum orðum um þessa hugmynd, lýsi því yfir, að ég er fyllilega samþykkur þeim brtt., sem fyrir liggja við till., og vil mælast til þess við hæstv. forseta, að umr. verði frestað og málinu verði vísað til háttv. allsherjarnefndar.

Einar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þessa þáltill. á þskj. 279 um að leysa flugsamgöngur innanhéraðs á Vestfjörðum með þyrilvængju. Breytingarnar eru ekki aðrar en þær, sem leiðir af því, að þetta nái einnig til Austurlands.

Þegar ferðazt er um Austurland, fer ekki hjá því, að maður brjóti heilann um þá erfiðleika, sem eru hjá íbúum Austfjarða á að komast þar á milli staða, bæði vegna slæmra vega og hinna miklu fjarlægða. Íbúar Vopnafjarðar þurfa t. d. að fara alla leið upp á Möðrudalsöræfi til þess að komast niður á Egilsstaði. Einnig er mjög langt að fara hjá þeim, sem búa í Breiðdalnum og einnig á Fáskrúðsfirði, til að komast að eða frá flugvellinum á Egilsstöðum. En þegar sunnar dregur, fara að verða áhöld um, hvort ekki sé betra að fara til Hornafjarðar.

Sérstaklega er þetta erfitt að vetrarlagi, þegar vegir eru lokaðir, því að þarna eru mjög víða erfiðir fjallvegir, og er þetta ekki sízt bagalegt, þegar t. d. þarf að koma sjúklingum skyndilega til læknis. Í brtt. minni er því lagt til, að þessir fyrirhuguðu flutningar um Austurland á þyrilvængju verði einnig látnir ná til sjúkraflugs. Sjúkrahúsmál eru víða mikil vandamál og ekki sízt á Austurlandi. Þar er komið eitt myndarlegt sjúkrahús, sem er fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, en það er skiljanlega miklum erfiðleikum bundið að komast á það vegna hinna miklu vegalengda og erfiðu samgangna. Frá ýmsum stöðum getur því stundum verið auðveldara að komast til Reykjavíkur en miklu skemmri leið til Norðfjarðar. Það mundi verða dýrt fyrir hið opinbera að byggja sæmilega fullkomin sjúkrahús á hinum ýmsu stöðum, og ég gæti haldið, að leysa ætti það mál með því að hafa aðeins sjúkraskýli, þar sem unnt væri að taka nokkra sjúklinga, en treysta svo á, að hægt væri að flytja þá, sem þess þyrftu, einmitt með þyrilvængju annaðhvort til Neskaupstaðar eða til flugvallarins á Egilsstöðum, þaðan sem þeir yrðu þá aftur fluttir til Reykjavíkur. Auðvitað ætti hið sama við hvað Vestfirðina snertir.

Það er mjög mikilvægt í strjálbýlinu, að póstsamgöngur séu góðar, en það er nú svo, að blöð og póstur berst víða mjög seint, t. d. á Austfjörðum. Algengt er, að það sé vikugamalt, þegar fólkið fær það, blöðin og pósturinn, og er þetta náttúrlega mjög bagalegt. Úr þessu mundi mjög vera bætt einmitt með starfrækslu þyrilvængju. Það er mjög eðlilegt, að hið opinbera reyni að bæta úr þeim aðstöðumun, sem er á að búa í dreifbýlinu eða í þéttbýlinu, og þetta væri einmitt spor í þá átt að jafna þennan aðstöðumun. Það er auðvitað ekki aðeins á þessu sviði, það er á svo mörgum sviðum aðstöðumunur og ekki kannske sízt í sambandi við vegamálin, sem maður heyrir hér að er eitthvert allra mesta áhugamál hv. þm. að jafna. Það má líka benda á, að yrði þyrilvængja starfrækt á Egilsstöðum, mundi Norðausturland einnig njóta góðs af henni, en eins og kunnugt er, er um mjög langan veg að sækja fyrir þá, sem búa á Norðausturlandi, til Akureyrar til þess að komast þar á flugvöll.

Þyrilvængjur eru mjög algengar erlendis, þó að þær séu ekki þekktar hér nema kannske eitthvað hjá hernum, og mér þætti ekki ótrúlegt, að þyrilvængjur yrðu almennur farkostur hér á landi, þegar fram líða stundir, þar sem er strjálbýlt. Ég vona því, að hv. þm. ljái þessu máli fylgi sitt og afgreiði þessa till., áður en þingi lýkur, til þess að þessi athugun megi fara sem allra fyrst fram.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

19. Hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri.

Á 35. fundi í Sþ., 5. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga [119. mál] (A. 284).

Á 36. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Eitt mest aðkallandi verkefni á sviði efnahagsmála er að finna leið til þess að sætta vinnu og fjármagn. Till. þessi fjallar um eina þessara hugsanlegu leiða. Í henni er lagt til, að ríkisstj. verði falið að láta rannsaka og gera till. um, hvað og hvernig megi bezt koma á hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulagi í atvinnurekstri Íslendinga og á hvern hátt þing og stjórn geti stuðlað að eflingu slíks fyrirkomulags. Skal ríkisstj. hafa samráð við fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda og launþega um þetta undirbúningsstarf, er skal lokið eins fljótt og mögulegt er á.

Mál þetta hefur verið flutt alloft á undanförnum árum, en eigi náð afgreiðslu á hv. Alþingi. Ég tel því ekki bera þörf til þess að ræða það ýtarlega, vil aðeins minna á það, að aðalatriði og grundvallarsetningar þessa fyrirkomulags eru í fyrsta lagi, að verkamennirnir fái auk sinna föstu launa einhvern hluta í arði fyrirtækjanna, í öðru lagi, að þeim gefist kostur á að safna arðhluta sínum eða einhverjum hluta hans til þess með honum að eignast hluta í atvinnufyrirtækjunum, í þriðja lagi, að þeir fái hlutdeild í stjórn fyrirtækjanna, annaðhvort með því að eignast hlutafé og verða á þann hátt aðnjótandi réttinda venjulegra hluthafa eða með því, að nefnd verkamanna hvers fyrirtækis hafi íhlutun um rekstur þess. Þetta eru þær grundvallarsetningar, sem sérstaklega hefur verið byggt á í þessu efni.

Aðra leið, sem til greina hefur komið og sums staðar annars staðar hefur verið farin, vil ég aðeins nefna. Það eru hin svokölluðu opnu hlutafélög, og má raunar segja, að þau séu okkur Íslendingum ekki með öllu ókunnug, þar sem við fyrir 35 eða 36 árum stofnuðum einmitt slíkt hlutafélag með almennri þátttöku þjóðarinnar, þ. e. a. s. Eimskipafélag Íslands, sem þúsundir af landsmönnum byggðu upp, hver með sínu litla framlagi.

Ég hygg, að reynslan af þessu eina verulega stóra opna hlutafélagi hér á landi, Eimskipafélagi Íslands, hafi sannað það, að hér sé um mjög athyglisverða leið að ræða, en hvort tveggja þetta fyrirkomulag, hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag annars vegar og opin hlutafélög hins vegar, hefur verið reynt víða um lönd og gefizt mjög vel og er talið vera merkilegt spor í þá átt að sætta vinnu og fjármagn. Má í því sambandi nefna, að þetta fyrirkomulag er mjög algengt í Vestur-Þýzkalandi, Bretlandi, Ástralíu og Bandaríkjunum.

Ég hygg, að okkur Íslendingum beri brýna nauðsyn til þess að reyna einhverjar nýjar leiðir í þessum efnum. Við vitum, að hér hafa átt sér stað mikil og óheillavænleg átök milli verkalýðs og vinnuveitenda á undanförnum áratugum, og það á áreiðanlega sinn ríka þátt í þeim vandkvæðum á sviði efnahagsmála, sem þessi þjóð stendur nú frammi fyrir.

Að svo mæltu leyfi ég mér að vænta þess, að þetta mál fái nú skjóta og góða afgreiðslu hér á hv. Alþingi, og legg til, herra forseti, að umræðunni verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

20. Landaurareikningur.

Á deildafundum 8. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um nýjan landaurareikning [128. mál] (A. 304).

Á 40. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Sú till. til þál., sem ég flyt hér á þskj. 304, fjallar um að fela ríkisstj. að undirbúa fyrir næsta reglulegt þing frv. um nýjan landaurareikning, er byggja skuli á verði afurða landsins, er seldar séu á innlendum og erlendum markaði.

Ég veit, að hv. alþm. hafa gert sér grein fyrir því, að hér er um mjög stórkostlegt mál að ræða, ef það yrði tekið föstum tökum. Í aðalatriðum geri ég grein fyrir því, hvað fyrir mér vakir, í grg. með þessari till., og ég efast ekki um, að hv. alþm. hafi lesið hana. En fyrir 24 árum, á Alþ. 1936, flutti ég ásamt 2 öðrum þm. frv. um landaura og verðlagsskrár og lagði til að koma þeim málum í nýtt horf frá því, sem áður hefði verið. Eins og kunnugt er, hefur landaurareikningurinn gamli verið í gildi um margra alda skeið hér á landi og mjög verið notaður í viðskiptalífi þjóðarinnar, en svo var tekin upp á þessu sviði allt önnur aðferð, sem alkunnugt er, sem er vísitölureikningurinn, sem hefur haft í för með sér mikla ógæfu í okkar fjármálalífi.

Í landaurareikningnum gamla var aðalatriðið verðlag á lifandi búpeningi, eins og það gerðist að vori til. Nú er það svo, að ástandið síðustu 20—30 árin í okkar viðskiptalífi hefur gersamlega breytzt, og þess vegna vildi ég ekki leggja út í það að flytja hér frv. um verðlagsskrár og landaurareikning. Það er mjög vandasamt mál, hvernig á á því að taka, og kaus ég því þá leiðina að flytja þessa till. um að láta fela ríkisstj. að undirbúa frv. í þessa átt. Sú aðferð, sem gilti í gamla daga um að nota verðlag á lifandi búpeningi sem aðalgrundvöll fyrir verðlagsskránni, er orðin nú algerlega úrelt, og það er af þeim sökum, að lifandi búpeningur er lítil verzlunarvara almennt í viðskiptum landsmanna. Ég lít svo á, að hin nýja verðlagsskrá og þá um leið landaurareikningur verði að byggjast á verði afurðanna, þeirrar vöru, sem seld er, bæði afurða frá landbúnaðinum og sjávarútveginum, bæði eins og það er selt á innlendum markaði og erlendum, og hið vandasama spursmál í því efni liggur í minum augum fyrst og fremst í því, hvernig hlutföllin eiga að vega á milli í afurðaverðinu, hve mikið hver vara eigi að vega í verðlagsskránni og að hve miklu leyti er þá líka hægt að taka tillit til breyt. á magni, sem verður á framleiðslunni frá ári til árs. Ég ætlast ekki til, að sú regla gildi, eins og hér gerði áður, að verðlagsskrá væri samin í hverri sveit og hverju héraði, heldur að þarna sé ein verðlagsskrá fyrir landið allt og að hún gildi að sjálfsögðu árið út, sé sem sagt ekki breytt nema einu sinni á ári.

Ég skal svo ekki að þessu sinni fjölyrða meira um þetta stóra vandamál, en legg það til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

21. Eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Á deildafundum 8. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um opinbert eftirlit með fyrirtækjasamtökum [129. mál] (A. 309).

Á 40. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 309 er till. um, að ríkisvaldið taki upp eftirlit með fyrirtækjasamtökum, og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga, með hverjum hætti hið opinbera geti haft eftirlit með viðleitni einkafyrirtækja til að hafa með sameiginlegri afstöðu á markaði óæskileg áhrif á verðmyndun í landinu og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í meira vöruúrvali og hagstæðara verðlagi."

Með þessari þáltill. fylgir ýtarleg grg., svo að ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð mörg. Í umr. þeim, sem farið hafa fram hér að undanförnu um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, hefur þrásinnis komið fram í ræðum hv. alþm. ótti um, að aukið frelsi á sviði innflutnings leiði til þess, að svokallaðir auðhringar eða samtök innflytjenda muni ná hér aðstöðu á markaði, sem muni jafnvel torvelda það, að kostir frjálsrar samkeppni geti notið sín. Einmitt vegna þess ótta, sem fram hefur komið, er þessi till. tímabær nú. Hún felur í sér, að það verði athugað, hve mikil brögð séu hér innanlands að því, að einstök sjálfstæð fyrirtæki hafi á eigin spýtur eftirlit eða hömlur á framboði til þess að laga það eftir þeirri eftirspurn, sem fyrir er, sjálfum sér til hagsbóta, en neytendum til tjóns.

Samþykkt þessarar þáltill. er einmitt núna aðkallandi, vegna þess að hún undirstrikar, að það aukna frjálsræði, sem nú verður gefið á sviði innflutnings- og viðskiptamála, má ekki undir neinum kringumstæðum verða túlkað eftir eigin geðþótta innflytjenda eða kaupmanna á þann veg, að þeir fái frelsi til þess að taka sjálfir upp þau höft og hömlur, sem átti að afnema. Ísland hefur þá sérstöðu miðað við önnur lönd, að markaðurinn er mjög þröngur og hefur til þessa verið bundinn í alla enda og kanta, og ríkisvaldið hefur með verðlagseftirliti tryggt sér, að það hefði aðstöðu til þess að vernda hagsmuni neytenda á þessu sviði. Þess vegna hefur til þessa ekki verið talin brýn ástæða til þess að taka upp hérna innanlands eftirlit af hálfu hins opinbera með viðleitni einkaaðila til þess að hafa slíkar hömlur á markaðinum, eins og þeir leitast við að hafa með myndun fyrirtækjasamtaka.

Eins og hv. alþm. er sjálfsagt kunnugt, hefur þetta vandamál verið eitt þeirra mála á þingum nágrannalanda okkar, sem hafa valdið einna mestum deilum undanfarin ár. Það er langt síðan ýmis lönd tóku upp eftirlit með fyrirtækjasamtökum og hafa jafnvel bannað þau með öllu, eins og Bandaríkin, Ástralía og Japan, en önnur hafa tekið upp strangt eftirlit, komið á fót nefndum til þess að fylgjast með þessari viðleitni einkaaðilanna á markaði. Í þeim flokki eru nágrannalöndin okkar, Norðurlöndin, England, Írland, Holland, Belgía, Kanada og önnur lönd. Ég vil undirstrika það, að hér er ekki talið að um sé að ræða neitt óeðlilega ríkisíhlutun á markaðnum. Jafnvel helztu talsmenn frjálsra viðskipta fallast einnig á, að nauðsynlegt sé, að ríkisvaldið hafi hönd í bagga um alla þróun viðskiptamála. Ludvig Erhardt, sem er mikill brautryðjandi á sviði viðskiptamála í Vestur-Evrópu og hefur leitt Þjóðverja til þess kerfis hagstjórnarmála, sem hann telur sjálfur, efnahagsmálaráðh. Þýzkalands, að eigi mikinn þátt í þeim efnahagslegu framförum, sem Þjóðverjar hafa orðið aðnjótandi á undanförnum árum, leggur áherzlu á í ræðu og riti, að ríkisvaldið eigi að hafa eftirlit með markaðinum, með fyrirtækjasamtökum, sem kynnu að myndast, og viðleitni þeirra til að hafa áhrif á verðlag og vöruframboð. Hann er á móti algerri stjórn ríkisvaldsins á viðskiptakerfinu, en hann mælir mjög með því, sem hann kallar „Ordnung" ríkisvaldsins, sem mætti kalla handleiðslu eða eftirlit ríkisvaldsins með markaðinum í staðinn fyrir bein ríkisfyrirmæli eða fyrirskipanir.

Hvað snertir Ísland, þá vil ég leggja áherzlu á, að það er full ástæða til að taka upp slíkt eftirlit hérna innanlands. Í skjóli innflutnings- og gjaldeyrishafta á undanförnum árum hafa einstök innflutningsfyrirtæki skipt á milli sín innflutningsmagni eftir kvótum, sem þau sjálf hafa ákveðið. Innflytjendur og heildsalar á ýmsum sviðum mjög mikilvægra innflutningsvara hafa komið fram gagnvart verðlagseftirliti og gjaldeyrisyfirvöldum sem einn aðili. Það væri hægt að nefna einstök dæmi um það, hvernig fyrirtækjasamtök hafa þegar verkað á markaðinn hérna innanlands. Ég tel þó ekki heppilegt að ræða þau mál hérna, vegna þess að um þau mætti halda heilt erindi, og það gæti verið óheppilegt, áður en þetta mál er afgreitt og þessi till. samþykkt, en hins vegar vil ég taka fram, að ég mundi verða fús til þess að veita allshn., sem væntanlega fengi þetta mál til umr., upplýsingar um þennan þátt íslenzkra viðskiptamála.

Verkaskipting hér innanlands á geysimikinn þátt í þeim efnahagslegu framförum, sem Íslendingar hafa orðið aðnjótandi, þegar heimilisiðnaðurinn færðist yfir í stóriðnað og almenningur tók upp verkaskiptingu milli sveita, borga og viðskiptamiðstöðva. Íslendingar standa nú á þeim tímamótum, að þeir munu eiga kost á því að taka þátt í enn þá meiri verkaskiptingu, í þeirri verkaskiptingu, sem nú verður tekin upp á milli Evrópulandanna. Ég tel sjálfsagt af íslenzkum stjórnarvöldum að miða stefnu í efnahagsmálum að því, að Íslendingar geti orðið aðnjótandi þeirra framfara, sem slík verkaskipting leiðir af sér. Í sambandi við þær breytingar og aðild okkar að efnahagssamvinnustofnunum í Evrópu er nauðsynlegt, að hér á Íslandi sé fyrir hendi heimild fyrir hið opinbera til þess að fylgjast með tilraunum erlendra hringa, fyrirtækjasamtaka, til þess að reyna að setja hömlur eða höft á framboð varnings á íslenzka markaðnum í samvinnu við íslenzka innflytjendur til að vernda þannig neytendur gegn hugsanlegum samtökum. Þess vegna tel ég mikil rök hníga að því, að þessi þáltill. verði samþykkt núna, og leyfi mér að leggja til við hæstv. forseta, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

22. Strandferðaskip fyrir Vestfirði.

Á deildafundum 8. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um strandferðaskip fyrir Vestfirði [130. mál] (A. 312).

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Till. til þál. um sérstakt skip til strandferða milli Vestfjarða og Reykjavíkur þarfnast ekki mikilla skýringa. Strandferðaskipin Hekla og Esja hafa að mestu annazt þessar ferðir. Hefur verið oftast nær um hringferðir að ræða, annað skipið farið austur um og hitt vestur. Skipin hafa þá venjulega mætzt á Vestfjörðum og oftast á Ísafirði á sama sólarhringnum. Hefur að þessum ferðum verið nokkurt óhagræði íbúanna, sérstaklega á syðri fjörðum Vestfjarða, sem erindi hafa átt til Ísafjarðar, þannig að ef þeir hafa farið með skipinu norður, þá hafa þeir venjulega orðið að bíða dögum saman til þess að komast suður aftur. Þar sem svo háttar eins og á Vestfjörðum um samgöngur á landi, að þær liggja niðri nema um hásumarið, veldur þetta allmiklu óhagræði, auk þess sem ferðir frá Reykjavík sjóleiðis hafa oftlega verið mjög strjálar, og er þess skemmst að minnast, að nú í vetur hefur keyrt alveg um þverbak með allar samgöngur á sjó við Vestfirði, og það er vegna þess, að annað skipið, Esjan, var tekið úr áætlun vegna flokkunarviðgerðar. En það sama hendir raunar á sumrin, þegar Hekla er tekin í Norðurlandaferðirnar út úr áætlun.

Með vaxandi kröfum íbúanna á Vestfjörðum um bættar samgöngur verður ekki komizt hjá því að taka til endurskoðunar, hvort ekki sé unnt að bæta samgöngur á sjó við Vestfirði á þann hátt, sem hér er bent á, að sérstakt skip verði byggt í þessu skyni. Kæmi þá mjög til álita, hvort ekki mætti selja eitthvert af þeim gömlu skipum, sem skipaútgerðin nú hefur yfir að ráða, því að ekkert þeirra mundi þá í rauninni henta þeim ferðum, sem hér væri stefnt að að yrðu hafnar. Skjaldbreið, sem annazt hefur ferðir til Húnaflóahafna, hefur ekki farþegarými, sem mundi hæfa í Vestfjarðaferðunum. Það eru aðeins 12 farþegar, sem geta farið með því skipi. Esja og Hekla eru aftur á móti stærri en slíkt skip mundi væntanlega verða. Það er ekki gott að segja, en mér þætti trúlegt, að skip, sem hentaði í þessar ferðir, ætti að rúma um 50 farþega, en þó með möguleikum til þess að auka svefnrými í sölum.

Íbúar Vestfjarða allra munu vera um 11 þús. talsins, bæði til sjávar og sveita. Að vísu mundi nokkur hluti þeirra ekki nota slíkan farkost, en þó má ætla, að skip, sem mundi verða byggt í þessar ferðir, mundi hafa nægu verkefni að sinna. Sú reynsla, sem þegar hefur fengizt, t. d. af Vestmannaeyjaskipinu, mun nú þegar hafa gefið mun betri raun en bjartsýnustu menn þorðu að vona, bæði hvað fjárhagsafkomu snertir og flutningamagn eða vörumagn. Auk þess má segja, að það sé bókstaflega allt annað líf, þegar um öruggar ferðir er að ræða með ákveðinna daga millibili. Þetta er sagt hér, alveg án þess að gera lítið úr því, að flugsamgöngur hljóta að verða eftir sem áður við Vestfirði, sem auðvitað eru bæði nauðsynlegar og sjálfsagðar. Ég hef ekki í höndum tölur um farþegafjölda til Vestfjarða í heild með skipum Ríkisskips og ekki heldur um heildarmagn vöruflutninga til allra Vestfjarða, en á s. l. ári flutti Ríkisskip rúm 2 þús. tonn af vörum beint til Ísafjarðar auk annarra hafna á Vestfjörðum, og Særún, sem hefur haft sem næst vikulegar ferðir milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, mun hafa flutt a. m. k. sama magn, ef ekki heldur meira.

Með vaxandi samgöngum og viðskiptum innbyrðis á Vestfjörðum verður þörfin brýnni fyrir slíkar ferðir milli Reykjavíkur og Vestfjarða, ferðir, sem einnig yrði þá hagað svo, að full not yrðu að milli fjarða á Vestfjörðum. Á Ísafirði mun myndast og hefur þegar myndazt viðskipta- og menningarmiðstöð Vestfjarða. Þangað munu menn þurfa að sækja fjölmargt og í vaxandi mæli, eftir því sem tímar líða, og verður því ókleift að sinna öllum þeim verkefnum með þeim samgöngum, eins og þeim er nú háttað.

Um það, hvort kostnaður yrði meiri af því, að lagt yrði í að byggja nýtt skip, eins og hér er bent á, eða áfram yrði haldið með gamla laginu, skal ég ekkert fullyrða, en ég hef þá trú, að hið sama mundi verða upp á teningnum með þetta skip sem Vestmannaeyjaskipið, að afkoma þess muni verða miklu betri fjárhagslega en bjartsýnustu menn þora að vona nú.

Sú leið, sem hér er bent á, virðist vera þannig, að unnt ætti að vera að fara hana til þess að bæta samgöngur þeirra byggðarlaga, sem einna lakastar hafa samgöngur hér á landi.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að þessari till. verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

23. Skóli fyrir fiskmatsmenn.

Á 41. fundi í Sþ., 20. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun [133. mál] (A. 330).

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 46. og 48. fundi í Sþ., 4. og 11. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 4. þm. Reykn. till. til þál. á þskj. 330 um stofnun skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um sérstakan skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun."

Eins og tillgr. mælir um, er skorað á ríkisstj. að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um sérstakan skóla handa fiskmatsmönnum, verkstjórum og öðrum, sem vinna við fiskverkun. Samkv. gildandi lögum um fiskmat er svo fyrir mælt, að á hverri fiskverkunar- eða vinnslustöð skuli vera einn fiskmatsmaður eða fleiri, eftir því sem fiskmatsstjóri álítur þörf fyrir. Segir svo um undirbúningsmenntun þessara manna, að fiskmatsmenn skuli hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á fiskmati, verkun og meðferð fisks eða hafa lokið prófi á námskeiði fyrir fiskmatsmenn.

Síðan lögin gengu í gildi, hefur verið efnt til allmargra námskeiða, og hafa þau oftast staðið þrjár vikur, en mest sex vikur. Eru þessi námskeið að heita má hin eina skipulagsbundna sérmenntun, sem fiskmatsmenn fá, en að öðru leyti verða fiskmatsmenn að byggja á eigin reynslu og brjóstviti í starfi sínu. Reynslan er að vísu dýrmætur skóli hverjum starfsmanni og brjóstvitið ómetanlegur eiginleiki, en á síðari árum hefur þó farið að gæta vaxandi efa á gildi þess eins saman, þegar um vandasöm og ábyrgðarmikil störf er að ræða. Ekki þarf að fara í neinar grafgötur um, að fiskmatsstörfin eru bæði ábyrgðarmikil og vandasöm. Veltur á miklu, að til starfa við fiskmat veljist aðeins þeir menn, sem þekkingu hafa á verkun fisks og meðferð hans og samvizkusemi til þess að fylgja eftir þeim reglum, sem settar eru um fiskmatið. Allt hálfkák er hvarvetna til trafala, í hvaða framleiðslugrein sem er og hvaða starfi sem er, og gildir þar hið sama um fiskmat, fiskverkstjórn og hvað annað, sem að fiskverkun lýtur. Það er því skylda þjóðfélagsins að sjá svo um, að þeir, sem til forustu veljast í fiskverkunarmálum, njóti góðrar undirbúningsþjálfunar undir starf sitt, til þess að tryggt verði, að það komi að sem mestu gagni.

Ég efast ekki um, að fiskmatsmenn hér á landi eru margir ágæta vel hæfir starfsmenn og þeir hafi fengið þá reynslu til starfans, sem núgildandi lög kveða á um. En hitt er mér meira til efs, að löggjafinn hafi verið nógu strangur í hæfniskröfum, þegar þær voru fram settar á sínum tíma. A. m. k. er ég þess alveg fullviss, að nú er kominn tími til þess að skipa þessum málum á annan veg en verið hefur og setja mun strangari kröfur um sérmenntun fiskmatsmanna og annarra, sem forustu hafa á sviði fiskiðnaðarins. Okkur ber að setja okkur hærra mark í fræðslumálum fiskiðnaðarins en það, sem nú endurspeglast í þriggja vikna námskeiðunum, sem tíðkuð hafa verið undanfarin ár. Slík námskeið hafa reynzt góð, svo langt sem þau náðu, en þau eru engin frambúðarlausn. Stefnan í fræðslumálum fiskiðnaðarins hlýtur að breytast úr núverandi námskeiðafyrirkomulagi yfir í það, að fastir skólar starfi í landinu, er sérmennti leiðbeinendur og annað starfsfólk þessarar mikilvægu framleiðslugreinar.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á það, að fyrir þinginu liggur nú stjórnarfrv. um ferskfiskeftirlit, þ. e. a. s., gert er ráð fyrir sérstakri stofnun, er beri þetta heiti og hafi með höndum eftirlit með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks, sem landað er til vinnslu, frá því að fiskurinn kemur í skip og þar til hann er tekinn til vinnslu, og eins að hafa eftirlit með búnaði og þrifnaði fiskiskipa að því er varðar geymslu fisks í veiðiför og þrifnaði og búnaði fiskmóttökuhúsa í landi. Með þessu er gert ráð fyrir nánari og virkari afskiptum opinberra aðila af meðferð fisksins, allt frá því að hann er veiddur og þar til hann er kominn í fiskmóttökuhús í landi. Þá gerir nefnt frv. einnig ráð fyrir því, að yfirstjórn ferskfiskeftirlitsins vinni að aukinni fræðslu um fiskverkun og meðferð afla og skipuleggi og framkvæmi hvers kyns áróður til þess að auka skilning og tilfinningu fyrir vöruvöndun. Ef þetta frv. um ferskfiskeftirlit verður að lögum, sem vart þarf að efa, þá sjá allir, að mjög eykst þörfin á hæfum mönnum til eftirlits og mats í fiskiðnaðinum, og það hlýtur því að kalla á aukna fræðslu í þessu sambandi. Er það skoðun okkar flm. þeirrar þáltill., sem hér er til umr., að mikilvægasta sporið, sem stigið yrði í fræðslumálum fiskiðnaðarins nú í bili a. m. k., sé einmitt stofnun slíks sérskóla, sem við leggjum til að ríkisstj. beiti sér fyrir. Það er sannfæring okkar, að áhrif slíks skóla yrðu fljót að segja til sín og fljót að borga upp þann kostnað, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af skólastofnuninni.

Ég tel ekki ástæðu til þess, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins, að fara út í einstök atriði, er varða starfsfræðslu slíks skóla, sem hér er talað um. Ég mun því hvorki gera staðsetningu skólans né lengd skólagöngunnar að umtalsefni, enda mun það verða verkefni þeirra aðila eða þeirrar n., sem ríkisstj. væntanlega setur til þess að kanna þetta mál og undirbúa löggjöf þá, sem hér er lagt til að sett verði. En hitt vil ég taka fram, að við tillögumenn ætlumst ekki einungis til þess, að skólinn mennti fiskmatsmenn í þrengstu merkingu eða þá, sem starfa samkv. gildandi lögum um fiskmat, heldur er ætlun okkar, að nemendur skólans verði öðrum fremur valdir til verkstjórnar í hraðfrystihúsum og öðrum fiskvinnslustöðvum eða gegni þar öðrum störfum, þar sem þekking þeirra nýtist. Þá sýnist og augljóst, að ef ferskfiskeftirlitið verður sett á stofn, eins og gert er ráð fyrir, þá verði nemendur hins fyrirhugaða skóla öðrum hæfari til þess að starfa á vegum eftirlitsins. Án hæfra og vel menntaðra starfsmanna getur ferskfiskeftirlitið aldrei orðið annað en svipur hjá sjón. Ferskfiskeftirlitinu er ekki ætlað að hafa með höndum hið eiginlega fiskmat, heldur skal það hafa eftirlit með þrifnaði, umgengni og meðferð fisksins í skipum og fiskmóttökuhúsum, áður en hin eiginlega fiskvinnsla hefst.

Þá vil ég leyfa mér að benda á enn eitt verk-

efni slíks skóla, sem hér er hugsaður, nefnilega það að þjálfa nemendur til leiðbeiningarstarfa, námskeiðshalds og fyrirlestrahalds um fiskvinnslu og meðferð fisks. Eins og frv. um ferskfiskeftirlit ber með sér, er gert ráð fyrir, að stjórn eftirlitsins framkvæmi hvers kyns áróður til þess að auka skilning á og tilfinningu fyrir vöruvöndun. Ef nokkurt gagn á að verða af slíkum áróðri, þurfa að vera til nægilega margir velmenntir menn, sem lagt geti þar hönd að verki. Ég get því ekki betur séð en nú þegar sé þörf sérstaks skóla í þeirri grein, sem um er fjallað. Verkefnin eru næg og margvísleg og sýnt, að framtíðarverkefni velmenntra manna á þessu sviði fara sístækkandi. Sé einnig tekið tillit til þess, að fiskveiðar og fiskverkun eru nú meðal okkar helztu framleiðslugreina og óvefengjanlega mikilvægustu þættir útflutningsins, þá verður enn skiljanlegra, hve nauðsynlegt er að efla verkmenningu á því sviði, og það er því fullkomlega þess vert að hafa í huga, að nútíminn viðurkennir ekki aðra lausn á fræðslumálum en þá, að að þeim starfi vel búnir, fastir skólar með hæfum kennslukröftum. Sannleikurinn er sá, að slíkur skóli sem þessi hefði átt að vera kominn upp fyrir löngu.

Ef við berum saman aðstæður í fræðslu- og skólamálum sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar, getur varla dulizt, að þar er sjávarútvegurinn drjúgan spöl á eftir í ýmsu tilliti og hefur að sumu leyti aðeins náð með tærnar, þar sem hinir hafa hælana. Sérstaklega verður það áberandi, ef menn bera saman fræðslumál landbúnaðar og sjávarútvegs. Stýrimanna- og vélstjórafræðsla og matsveinafræðsla er að sjálfsögðu í ágætu lagi hjá okkur, en allt annað, sem lýtur að menntun sjómanna og fiskimanna, gersamlega óviðunandi. Það er fróðlegt í þessu sambandi að virða fyrir sér þingmál Alþingis nú í vetur. Fyrir þinginu liggur, óafgreitt að vísu, stjórnarfrv. um stofnun landbúnaðarháskóla á Íslandi. Svo langt er fræðslu- og skólamálum landbúnaðar komið, að það eitt er eftir að stofna landbúnaðarháskóla. En ástandið í fræðslumálum sjávarútvegs og fiskiðnaðar er hins vegar þannig, að enn er þess enginn kostur að mennta æðstu trúnaðarmenn og leiðbeinendur í fiskiðnaði í sérskóla fyrir þessar atvinnugreinar. Þar verður reynslan og brjóstvitið að ráða stefnunni.

Sú þáltill., sem hér er til umr., miðar að því að vekja athygli stjórnarvaldanna á þessu nauðsynjamáli sjávarútvegs og fiskframleiðslu. Það er einlæg von okkar flm., að málið fái góðar undirtektir á hv. Alþ. og verði afgreitt, áður en þingi lýkur nú í vor.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

24. Flóabátur fyrir Breiðafjörð.

Á deildafundum 29. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um flóabát fyrir Breiðafjörð [141. mál] (A. 353).

Á 46., 48. og 50. fundi í Sþ., 4., 11. og 18. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Sþ., 24. maí, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 353 hef ég ásamt öðrum hv. þm. Vesturl. borið fram till. til þál. um áskorun til hæstv. ríkisstj. að láta undirbúa smíði á flóabát fyrir Breiðafjörð. Í grg. með till. er fram tekið, að mál þetta verði undirbúið og framkvæmt í samstarfi við eigendur mótorbátsins Baldurs, sem nú hafa þessa flutningaþjónustu með höndum fyrir Breiðfirðinga, enda teljum við flm. fara bezt á því.

Sérstakt skip eða bátur hefur annazt ferðir um Breiðafjörð síðan um aldamót, og hafa þessi skip og bátar, sem í nær 60 ár hafa annazt þessa þjónustu, verið í einkaeign, eins og raunar tíðkast enn um flesta eða alla báta víðs vegar á landinu, sem annast hliðstæða þjónustu. Hins vegar er varið af ríkisvaldinu töluverðu fé árlega á fjárlögum til rekstrar flóabáta, eins og hv. alþm. er kunnugt. Einasta frávik í þessum efnum er að líkindum í sambandi við mótorbátinn Baldur, með því að ríkið gerðist meðeigandi að bátnum fyrir fáum árum. Það er og meðfram ástæðan fyrir því, að við þm. Vesturl. teljum eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. hafi frumkvæðið að því, að nýr flóabátur verði smíðaður fyrir Breiðafjörð. Sérstaklega er þetta aðkallandi, þar sem vitað er, að mótorbáturinn Baldur getur ekki annazt þessa þjónustu miklu lengur, svo að vel sé. Ýmsar tafir hafa verið á rekstri bátsins á undanförnum árum, þó að vitað sé, að aðaleigandi hans og formaður hefur gert sitt ýtrasta til að sinna flutningaþörf hafnanna við Breiðafjörð.

Í grg. með þáltill. er vitnað í bréf forstjóra Skipaútgerðar ríkisins frá 7. f. m. til samvinnunefndar samgöngumála, þar sem hann mælir eindregið með því, að byggt verði nýtt skip, sem annist samgöngur um Breiðafjörð. Telur forstjórinn æskilegt, að unnt verði að leysa m/s Skjaldbreið að mestu frá Breiðafjarðarferðum, svo að hún geti farið hálfsmánaðarlega í ferð milli Reykjavíkur og Vestfjarða, sem — eins og forstjórinn tekur fram — yrði mjög vel þegið af Vestfirðingum og hentaði skipinu betur.

Mikið hefur verið rætt á undanförnum árum, bæði á Alþ. og utan þess, um jafnvægi í byggð landsins. Fátt er eins raunhæft í því efni sem bættar samgöngur á sjó og landi. Ég fullyrði, að e. t. v. er ekkert jafnaðkallandi fyrir Breiðafjarðarbyggðir og góðar samgöngur með heppilegu skipi, sem annast flutninga á vörum og fólki um Breiðafjörð, svo að byggðin þar vestra megi blómgast í skjóli slíkrar þjónustu. Bættar samgöngur eru vissulega bezt fallnar til þess, að fólkið í strjálbýlinu geti notið sín og unað ánægt hag sínum,

þó að ýmislegt annað vanti, sem fólkið í þéttbýlinu á auðveldara með að veita sér. Þetta ber okkur alþm. að hafa í huga og vinna að því af kostgæfni, að þessi raunhæfa þjónusta við strjálbýlið sé framkvæmd, sem ég tel að muni verða þjóðarheildinni til farsældar. Það hefur verið áberandi í okkar þjóðfélagi á undanförnum áratugum, að fólkið, sem í strjálbýlinu hefur búið, hefur yfirgefið góðar jarðir og flutzt í þéttbýlið. Þessi þróun hefur ekki verið æskileg, og ber hv. alþm. að gera ráðstafanir, sem stefna að því marki, að þessi þróun haldi ekki áfram, m. a. með bættum samgöngum, eins og till. sú, er hér er til umr., gerir ráð fyrir.

Að lokinni þessari umr. vil ég biðja hæstv. forseta að vísa till. til síðari umr. og til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og til fjvn. með 47 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

25. Malbikun gatna í kaupstöðum og kauptúnum.

Á deildafundum 29. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um stuðning ríkisins við malbikun gatna í kaupstöðum og kauptúnum [142. mál] (A. 355).

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Sþ., 24. maí, var till. aftur tekin til einnar umr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Aðalflutningsmaður þessarar þáltill., Daníel Ágústínusson bæjarstjóri á Akranesi, sem hér átti sæti á þingi nokkrar vikur í vor í forföllum hv. 3. þm. Vesturl. (HS), hefur nú horfið af þingi, og vil ég því sem samflutningsmaður að till. mæla fyrir henni nokkrum orðum.

Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf fyrir næsta Alþ. um fjárhagslegan stuðning við malbikun gatna í kaupstöðum og kauptúnum landsins.“

Með till. er þannig að því stefnt, að Alþ. feli ríkisstj. að undirbúa fyrir næsta þing löggjöf um fjárhagslegan stuðning við malbikun gatna í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Til þessa tíma hefur malbikun gatna á Íslandi orðið að sitja mjög á hakanum, og munu vera til þeir kaupstaðir og kauptún hér á landi, þar sem ekki jafnvel hinn minnsti vegarspotti er lagður varanlegu slitlagi. Malar- og moldargötur setja þannig aðalsvip sinn á gatnagerð kaupstaðanna og jafnvel höfuðborgarinnar sjálfrar.

Augljóst mál má það vera hverjum þeim, sem nokkuð kynnir sér þessi mál, að sá háttur, sem nú er á um gatnagerð í kaupstöðum, getur ekki staðið til frambúðar, og ber brýna nauðsyn til, að hafizt verði handa um athugun á leiðum til úrbóta í því efni. Ekkert sveitarfélag hefur reynzt þess megnugt að verja miklu af tekjum sínum til malbikunar gatna. Sveitarstjórnirnar hafa við mörg verkefni að glíma og rekstrarfé þeirra takmarkað. Tekjuöflunarleiðir sveitarfélaganna eru einnig mjög einskorðaðar og erfitt að benda á nýja tekjustofna til þess að standa undir hinum ýmsu þörfum sveitarfélaganna. Malbikun gatna í kaupstöðum hefur því verið látin sitja á hakanum, þó að ýmislegt megi finna því til foráttu. Kostnaður við malbikun er einnig mjög mikill, og malbikun verður ekki framkvæmd án sérstaks vélakosts, og er ofviða flestum okkar litlu bæjarfélögum að kaupa slík tæki einum og óstuddum.

Bæjarstjórnir í flestum kaupstöðum okkar hafa í seinni tíð sýnt gatnagerðarmálum mikinn áhuga, og má segja, að það sé einróma álit forráðamanna bæjarfélaganna, að brýna nauðsyn beri til þess að hefjast handa um malbikun gatna. Eru menn á einu máli um það, að hér sé um mikið fjárhags- og menningarmál að ræða. Það er fjárhagsmál að því leyti fyrst og fremst, að malargötur okkar eru mjög slítandi fyrir öll farartæki, og mundi malbikunin því tvímælalaust leiða til meiri endingar bifreiða og annarra vélknúinna farartækja og beinlínis stuðla að sparnaði fyrir bifreiðaeigendur og landið í heild. Malbikunin er líka menningar- og þrifnaðarmál, því að með núverandi gatnagerð verður varla komið í veg fyrir það óheilnæma ryk og aðra þá óhollustu, sem fylgir íslenzkum vegum, þegar svo viðrar, og svo aftur for og óþrif, sem er óhjákvæmileg fylgja moldar- og malarveganna í rigningu. Það væri því af þrifnaðar- og menningarsökum mikils um vert, að malbikun gatna í kaupstöðum og kauptúnum verði framkvæmd í ríkara mæli en nú er gert.

Stjórnir kaupstaðanna hafa lengi hugleitt þetta mál og nú nýlega myndað með sér samtök til þess að hrinda af stað meiri malbikunarframkvæmdum en til þessa hefur verið. 9 kaupstaðir hafa stofnað hlutafélag, sem þeir kalla Malbik, og er ætlun félagsins að koma sér upp fullkomnum malbikunartækjum til sameiginlegra afnota fyrir aðildarkaupstaðina. Þrátt fyrir stofnun Malbiks h/f og jafnvel þótt félagið gæti hafið nokkra starfsemi á næstunni, er þó sýnilegt, að ekki er við neinum stórvirkjum að búast hvað malbikunarframkvæmdir snertir, nema frekari samtök og opinber stuðningur komi til.

Með þessari þáltill. er að því miðað, að ríkisstj. beiti sér fyrir undirbúningi löggjafar um fjárhagslegan stuðning við malbikun gatna í kaupstöðum og kauptúnum. Það er álit okkar, sem að till. stöndum, að hér sé um slíkt stórmál og

þjóðþrifamál að ræða, að full ástæða sé til þess, að hinn almenni löggjafi hafi þar áhrif á og að ríkisstj. hafi forgöngu um athugun á því, hvernig þessu máli verði haganlegast fyrir komið. Við teljum líka, að málið sé svo vaxið, að full ástæða sé til þess, að ríkið leggi eitthvað úr sínum sjóðum til þess að efla malbikunarframkvæmdir í kaupstöðum og kauptúnum.

Það má í þessu sambandi benda á, að ríkið innheimtir nú í sérstökum benzínskatti samtals 147 aura af hverjum lítra benzíns. Þar af ganga til ríkissjóðs beint sem tekjur ríkisins 114 aurar á lítra, og er áætlað, að það gefi af sér samtals 57 millj. kr. nú í ár beinlínis í ríkissjóð. Nokkrum hluta er hins vegar varið til þess að byggja upp samgöngukerfi landsins, en þó er það aðeins brot af þeirri upphæð, sem ríkissjóður tekur beint til sín. Eðlilegt væri, að benzínskatturinn gengi að mestu til þess að byggja upp akvegakerfið, og þá hlýtur að koma til álita að verja nokkrum hluta hans til malbikunarframkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum. Vil ég leyfa mér að benda á þetta atriði, um leið og ég beini því til hæstv. forseta að fresta umr. og fá þessu máli skotið til fjvn. til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni hl. fjvn., á þskj. 591, var útbýtt 2. júní, en till. var ekki á dagskrá tekin *framar*.

---

26. Veiðitími og netjanotkun fiskiskipa.

Á deildafundum 3. maí var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um takmörkun á veiðitíma og netjanotkun fiskiskipa [146. mál] (A. 371).

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Sþ., 24. maí, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Till. sú til þál. á þskj. 371, sem hér er til umr., hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga, hvort ekki sé nauðsynlegt, að sett verði lög um takmörkun á veiðitíma og veiðarfæranotkun þeirra skipa, er fiskveiðar stunda með netjum. Að þeirri athugun lokinni verði undirbúin lagasetning um slíkar takmarkanir, og verði frv. um það efni lagt fyrir næsta reglulegt Alþ.“

Framleiðsla og útflutningur sjávarafurða er svo mikilvægur þáttur í þjóðarbúskap okkar, að oft er vitnað til þess, að hér á landi mundi ekki vera hægt að lifa nútíma menningarlífi, ef sjávarafurðirnar stæðu ekki undir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, eins og þær gera. Sú staðreynd, að 98% af útflutningi okkar eru dregin úr greipum Ægis, er orðin kunn víða um heim, og mun það vera einsdæmi, að nokkur þjóð byggi afkomu sína svo einhliða á sjávarfangi. Það er þess vegna mikilvægara fyrir okkur en flest annað, að við höfum örugga markaði fyrir fiskafurðir og að við fáum gott verð fyrir afurðirnar. Eitt bezta ráðið til þess að tryggja hvort tveggja er vöruvöndun og aftur vöruvöndun frá fyrstu hendi til hinnar síðustu, sem að framleiðslunni vinnur.

Við skulum í þessu sambandi gera okkur ljóst, að við eigum hættulega keppinauta á mörkuðunum, og eftir því sem framboð eykst, reynir meira á vörugæðin. Við höfum betri aðstöðu en flestar aðrar fiskveiðiþjóðir til að framleiða fyrsta flokks vöru vegna þess, hversu mikið af aflanum við sækjum á heimamiðin umhverfis landið, en sú hætta vofir yfir, að í þessu efni fari keppinautar okkar um markaðina fram úr okkur, þegar þeir hafa komið sér upp heilum flotum af úthafstogurum, sem hraðfrysta aflann glænýjan úti á miðunum, auk þess sem þeir gera aðrar róttækar ráðstafanir til að bæta söluvörur sínar.

Við megum þess vegna ekki vera andvaralausir í þessu efni. Það er ekki nóg, að við getum sagt, að við séum mesta fiskveiðiþjóð í heimi að tiltölu við fólksfjölda, heldur eigum við líka að setja stolt okkar í það að verða sú þjóð heimsins, sem framleiðir beztan fisk.

Þáltill. á þskj. 371 er fram borin vegna þess, „að almennt *er talið*, að meðalgæðum framleiðsluvaranna hafi í mörgum greinum hrakað undanfarin ár“, eins og komizt er að orði í grg. með frv. til *laga um ferskfiskmat, sem nú liggur fyrir hv.* Alþ., og er þessi afturför í vöruvöndun einkum rakin til þess fisks, sem veiðist í net. En hin síðari ár *hefur netjaúthaldið* stöðugt verið að lengjast á kostnað línuveiðanna, eins og vikið er að í grg. með þáltill. Þetta hefur þá höfuðbreytingu í *för með sér*, að í stað þess að línuaflinn er færður í land til vinnslu daglega, þá er netjafiskurinn oft 2 til 4 nátta, sjódauður fiskur, sem engin skilyrði *hefur til* þess að verða að góðri vöru, en spillir aftur á móti þeim hluta netjaaflans, sem gæti orðið góð vara, þ. e. a. s. þeim fiski, *sem síðast kemur í netin*, áður en þau eru dregin, því að alltaf vill blandast saman í bátunum nýjasti aflinn og sá elzti, þegar um margra nátta fisk er að ræða.

Í grg. með frv. til l. um ferskfiskmat, sem ég vék að áðan, er á það bent, að nauðsyn beri til að *skapa línuútgerð betri skilyrði*, þannig að hún verði samkeppnisfærari við netjaveiðarnar en nú. Bendir nefndin, sem samið hefur þessa grg., m. a. á það, að *athugandi sé að aflétta róðrarbanni á* sunnudögum, sem nú nær til línuveiða, en ekki til netjaveiða. Einnig er bent á, að til greina komi

að friða ákveðin svæði fyrir netjaveiðum og láta linubáta eina hafa aðgang að þeim svæðum.

Ég hygg, að síðara atriðið sé orðið aðkallandi, því að netjaslagurinn á vertíðinni er orðinn svo mikill, að erfitt er fyrir linubátana að koma veiðarfærum sínum í sjó.

Hitt atriðið, að upphefja róðrabann linubáta á sunnudögum, tel ég aftur á móti vafasamara. Slíkt mundi að vísu jafna nokkuð samkeppnisaðstöðu línuútgerðar gagnvart netjaveiðunum og þannig óbeint stuðla að vöruvöndun með því að auka hluta línuaflans í heildaraflanum, en að öðru leyti hefði sú ráðstöfun ekki áhrif til bóta á vörugæðin. Auk þess er það að athuga, að róðrabannið á línuveiðum á sunnudögum er víðast hvar bundið í kjarasamningum.

Áhrifarikasta leiðin til þess að ná skjótum og góðum árangri í þessu efni er sú að fá settar reglur um takmörkun á veiðitíma og veiðarfæranotkun þeirra skipa, sem fiskveiðar stunda með netjum. Þær reglur ættu m. a. að ná yfir eftirfarandi atriði:

1. Hvenær leyfilegt sé að hefja netjaveiðar á aðalvertíðinni. Er í grg. með till. bent á 15. marz eða 15. apríl, og mun síðari dagsetningin tryggja hrygningarfiskinum meiri grið, en verði horfið að því að miða við 15. marz, ætti jafnframt að friða aðalhrygningarsvæðin yfir hrygningartímann. Það háttalag að veiða hrygningarfiskinn í netin jafngegndarlaust og gert er er jafnvel skaðlegra en dragnótin og botnvarpan fyrir fiskstofnana, og hefur því stundum verið jafnað til þess, að bændur tækju upp þann ósið að slátra sauðkindum um meðgöngutímann.
2. Netjafjöldinn, sem hver bátur leggur í sjó, má ekki vera meiri en svo, að áhafnirnar komist yfir að draga netin daglega. Telja kunnugir, að hæfilegur netjafjöldi sé 5 trossur á bát, og er þá reiknað með 15 netjum í trossu, eða alls 75 net. Nú mun vera algengt, að höfð séu allt að 20 net í trossu, og dæmi munu vera til um það, að einstakir bátar hafi allt að 10 trossur undir í einu. Við beztu skilyrði er ekki hægt að draga slíkan netjasæg daglega, og verður veiðin þess vegna óhjákvæmilega margra nátta sjódauður fiskur. Á þessu er hægt að gera verulegar breytingar til bóta með því að setja reglur um hæfilegan netjafjölda hvers skips.
3. Takmarka þarf sem mest þann tíma, sem leyfilegt er að láta netin liggja í sjó, og banna þarf alveg að láta þau liggja yfir helgidaga, eins og tíðkazt hefur. Róttækasta ráðstöfunin í þessu efni, ef framkvæmanleg reyndist, væri sú að taka upp þá reglu, að skipin lægju yfir netjunum og drægju þau daglega, eins og nú á sér stað um línuna. Ef það væri gert, mundi gæðamunur á línufiski og netjafiski minnka stórlega, og enn fremur mundi draga úr veiðarfæratjóni við það, að netin væru þá aldrei yfirgefin eins og hvert annað rekald á sjónum.
4. Gera á meiri verðmismun á fiski eftir gæðum en nú á sér stað, þannig að þeir, sem sízt vanda sína vöru, finni fyrir því, að slíkt borgar sig ekki. Þetta á ekki einungis við um netjafisk, heldur allan fisk, hvernig sem hann er veiddur.

Ég er þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir í þá átt, sem ég hef drepið hér á að framan. Aðrir geta e. t. v. bent á betri leiðir, en engum getur blandazt hugur um, að aðgerða sé þörf, og skiptir því mestu máli, að hafizt sé handa til úrbóta. Að því er stefnt með því að bera umræddа þáltill. fram hér á hæstv. Alþ. Þjóðarbúið getur beðið stórfellt tjón, ef ekkert raunhæft er gert til að hindra þá óheillaþróun, að framleiðsluvörum okkar fari hrakandi að gæðum. Ástandið er orðið svo alvarlegt, að nauðsyn hefur verið talin til bera að setja lög um mat á ferskfiski, og bendir allt til þess, að frv. til l. um það efni verði afgreitt án verulegs ágreinings af þessu þingi, og meiri áróður hefur verið hafður í frammi á nýliðnum vetri fyrir vöruvöndun í útflutningsframleiðslunni en oft áður. Þetta hvort tveggja er gott og gagnlegt, svo langt sem það nær, en hvorugt nægir þó til að fyrirbyggja eyðileggingu fisksins í netjunum. Till. miðar að því að leysa þann vanda, og ef vel tekst til, getur svo farið, að gæðamunur milli netjafisks og línufisks verði stórum minni en nú er, og mundi það vera miklu jákvæðari árangur en hægt er að ná með ferskfiskmatinu einu, án þess að ég vilji á nokkurn hátt vefengja gagnsemi þess.

Í þáltill. er ekki gert ráð fyrir sérstakri nefndarskipun til að undirbúa þetta mál, þó að oft hafi verið skipuð nefnd af minna tilefni, heldur er á það bent, að verði frv. um ferskfiskmat samþ., þá mætti fela fiskmatsráði nauðsynlegan undirbúning í samráði við Fiskifélag Íslands og samtök útvegsmanna og sjómanna.

Ég vil bæta því við, að ef fiskmatsráði tækist að leysa þann vanda, sem þáltill. fjallar um, þá mundi sú niðurstaða stuðla betur að aukinni vöruvöndun en flest annað, sem ráðinu er ætlað að gera.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um till. verði frestað, en málinu vísað til hv. allshn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Síðari málsgr. þeirrar till., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að að þeirri athugun lokinni, sem þar er vitnað til, verði undirbúin lagasetning um takmarkanir á veiðarfæranotkun og veiðitíma. Þetta gefur mér tilefni til þess að láta álit mitt í ljós í sambandi við þetta mál.

Ég er alveg sammála hv. frsm. þessarar þáltill., að nauðsynlegt sé og eðlilegt, að gerðar séu ráðstafanir til þess að tryggja, eins og við verður komið, að það hráefni, sem fiskiðnaðurinn fær, sé eins gott og nokkur kostur er. Ég held, að allir hljóti að vera sammála um þetta, og ég held, að allir viðurkenni þá staðreynd, að traustasti hornsteinninn undir útflutningsframleiðslu okkar sé það, að við framleiðum eins góða og eins seljanlega vöru og aðstæður frekast leyfa.

Þetta er það lögmál, sem allir vita að gildir manna á meðal og þá ekki síður í viðskiptum þjóða á milli. Hitt er svo annað mál, að þegar ástand skapast, eins og um getur í grg. þeirrar till., sem hér liggur fyrir, er ekki nema eðlilegt, að menn greini á um, hvaða leiðir beri að fara

til úrbóta í þessum efnum og hvaða leiðir séu fljótvirkastar og raunhæfastar.

Því miður tel ég, að till. sú á þskj. 371, sem hér liggur fyrir til umr., nái ekki því marki, sem að er stefnt, og sé ekki raunhæf lausn á því vandamáli, sem þar er rætt um. Ég tel, að í hana vanti ábendingu um þá leið, sem að margra dómi er sú eina, sem er líkleg til að leysa þennan vanda, en það er að meta eða flokka þann fisk, sem fiskiðjuverin taka við, og greiða hann með mismunandi verði eftir gæðum, þannig að verð á góðum og óskemmdum fiski, hvort sem hann er veiddur á línu, net eða önnur veiðarfæri, sé mun hærra en á lakari og verr með förnum fiski. Ég mun koma nánar að þessu atriði síðar.

Þegar rædd er netjanotkun sérstaklega, mega hv. þm. ekki halda að netjaveiðar séu nokkurt nýtt fyrirbæri eða veiðiaðferð. Þær hafa t. d. verið stundaðar úr einni verstöð hér á landi, Vestmannaeyjum, samfellt í 46 ár, og er sú útgerðarstöð og sú framþróun, sem þar hefur orðið, að langmestu leyti byggð upp á verðmæti þess afla, sem fengizt hefur í þorskanet. Mér er ekki kunnugt um, að Vestmanneyingar hafi nokkurn tíma verið í vandræðum með að selja sinn fisk af þeirri ástæðu, að þeir væru með verri vöru en flutt er út frá öðrum verstöðvum. Netjafiskur er á erlendum markaði seldur sem slíkur og flokkaður í ákveðna gæðaflokka hvað saltfisk snertir, og munu Norðmenn hafa verið búnir að leggja þar línuna, bæði hvað verðmismun og flokkun snerti, áður en Íslendingar byrjuðu að flytja þessa vöru út.

Ég dreg þetta fram hér til þess að benda á, að þjóðarbúið hefur undir engum kringumstæðum efni á því að láta bátaflotann hætta netjaveiðum eða takmarka afköst hans með óeðlilegum ráðstöfunum, og einnig sem sönnun fyrir því, að fiskframleiðslu okkar og fiskútflutningi þarf engin hætta að stafa af þessum veiðum, ef rétt er að þeim staðið og eðlilegs hófs gætt með notkun veiðarfæra. En því miður verður að viðurkenna, að sú staðreynd blasir við, að lengra er nú gengið í þessum efnum en eðlilegt er og það svo, að til tjóns er bæði fyrir þá, sem þessar veiðar stunda, og einnig fyrir þjóðarheildina, og er þá ekki nema eðlilegt, að hv. Alþingi ræði þessi mál og reyni að finna leiðir til úrbóta, sem varanlegar gætu orðið.

Hv. flm. þessarar þáltill. benti á tvær leiðir til úrbóta, eins og áður hefur verið sagt: annars vegar takmörkun á veiðarfæranotkun og hins vegar takmörkun á veiðitíma með þorskanet. Ég sagði í upphafi máls míns, að ég teldi, að hvorug þessi leið mundi ná því marki, sem að er stefnt, og skal ég færa fram rök fyrir þessari staðhæfingu.

Takmörkun veiðarfæra í þessu sambandi er hvergi nærri eins einfalt mál og hv. flm. virðast gera sér í hugarlund. Nú mun það algengast, að þeir bátar, sem þessar veiðar stunda, hafi 90—100 net í sjó. Til þess að draga þennan netjafjölda daglega þarf vana og samhenta skipshöfn. Þetta virðast eðlileg afköst slíkrar skipshafnar. Það væri því eðlilegt, ef lögbinda ætti netjafjölda þeirra báta, sem þessar veiðar stunda, að miða við það, sem vön skipshöfn fengi við ráðið, miðað við, að netjanna væri vitjað daglega, ef veður leyfir.

En þá kemur annað spursmál: Hvað um þá báta, sem hafa ekki vana menn innanborðs nema að takmörkuðu eða litlu leyti? Og verðum við að gera okkur grein fyrir, að svo er um marga báta, sem netjaveiðar stunda. Hver yrði þeirra aðstaða? Í Vestmannaeyjum, þar sem ég er þessum málum kunnugur, liggur fyrir nokkur reynsla einnig hvað þetta atriði snertir. Það er almennt talið, að eins og bátar með vana og samhenta skipshöfn ráða við að draga 90—100 net í veiðiferð, þá eigi bátar sömu stærðar, ef um óvana og ekki nægilega samhenta skipshöfn er að ræða, fullt í fangi með að innbyrða 60—70 net. Ef takmarka ætti netjafjölda báta, eins og hér er verið að ræða, þá er spurningin: Við hvað á að miða? Á að miða við bát, sem afkastar allt að 100 netjum, eða á að miða við báta, sem í hæsta lagi afkasta 60 netjum, eða á að setja bilið einhvers staðar þarna á milli? Ef takmarkið væri bundið við 90—100 net, mundi tilganginum engan veginn náð, þar sem fjöldi báta mundi eftir sem áður hafa aðstöðu til að koma með skemmdan fisk að landi, þótt veður hamlaði ekki. Ef takmarkið væri hins vegar bundið við 60 eða t. d. 75 net, mundi að vísu færast nær því marki, að tilganginum yrði náð, en það mundi aftur leiða af sér stórkostlega afkastaskerðingu fyrir þá báta, sem betri aðstöðu hafa. Og ég held, að rétt sé, að hv. Alþingi geri sér ljóst þegar í upphafi, að löggjöf um takmörkun netjafjölda, sem hefði slíka skerðingu í för með sér bæði fyrir útgerðarmenn og sjómenn, mundi brotin niður í reyndinni og gerð óvirk. Til þess eru nógar leiðir, sem liggja alveg í augum uppi fyrir þá, sem til þekkja. Dugmiklir sjómenn mundu aldrei una því, að þeim yrði settur slíkur fjötur um fót. Lög um slíka takmörkun mundu því þegar af þeirri ástæðu ekki ná tilætluðum árangri og ekki ná því marki, sem stefna ber að, og er þó margt fleira, sem þarna grípur inn, margar aðstæður, sem ég sé ekki ástæðu til að fara út í hér, en allar ganga í þá átt að undirstrika, að lög um takmörkun á netjanotkun mundu óframkvæmanleg og óraunhæf.

Um annað meginatriði þessarar till., þ. e. tímabindingu á því, hvenær megi hefja veiðar með þorskanet, segir orðrétt í grg. till., með leyfi hæstv. forseta: „Framanrituð till. til þál. er fram borin með það í huga, að þessi háskalega þróun verði stöðvuð. Telja flm. það hægt t. d. með því að takmarka veiðitímann þannig, að ekki megi hefja netjaveiðar fyrr en t. d. 15. marz eða 15. apríl.“ Um þetta er það að segja, að ég held, að allir, sem nokkuð þekkja til veiða í þorskanet, hljóti að vera sammála um, að mjög hæpið sé, svo að ekki sé meira sagt, að ákveða með lögum, hvenær rétt sé að hefja veiðar með þessu veiðarfæri. Hve lengi fram eftir vertíð er hagkvæmt að veiða þorsk á línu og hve snemma er eðlilegt að byrja með net hér við Suður- og Suðvesturlandið, fer alveg eftir því, hve snemma æti það, sem þorskurinn sækist eftir, ber að landinu. Það vita allir, að þegar svo er komið, að ætið er komið á miðin, er tilgangslítið að reyna að fiska á línu með nokkrum árangri, og er þá eðlilegt, að bátar hefji netjaveiðar. Hvenær slík aðstaða skapast, fer eftir lögmálum, sem engin laga-

setning getur nokkurn tíma náð yfir. Að ætla sér að tímabinda eða hefja netjaveiðar ekki fyrr en 15. apríl, væri sama og að skerða stórkostlega rekstrargrundvöll mikils hluta þess bátaflota, sem veiðar stundar hér við Suður- og Suðvesturland, þar sem vel getur farið svo, enda mörg dæmi um, að netjafiskur er á þessum tíma að mestu leyti genginn hjá. Ég veit, að þetta vakir ekki fyrir hv. flm. þessarar þáltill., heldur mun þetta tímatakmark komið inn í grg. till. að of lítið athuguðu máli. Ég held, að þegar sé alveg óhætt að slá því föstu, að gersamlega tilgangslaust er að tala um 15. apríl sem tímatakmark, sem leyfilegt væri að hefja veiðar með þorskanet.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns, hafa Vestmanneyingar stundað netjaveiðar í 46 ár. Þeir hafa því öðlazt mikla reynslu í þessu sambandi, þekkja bæði kosti þess að veiða í net og eins þá ágalla, sem á því eru. Ég vil a. m. k. ekki eiga neinn hlut að því að setja löggjöf um, hvenær heimilt sé að skipta um veiðarfæri, hætta við línuna og hefja netjaveiðar. Ég held, að það verði affarasælast fyrir alla, að sjómennirnir finni það sjálfir út af hyggjuviti sínu og reynslu, en séu ekki háðir neinni löggjöf þar um.

Ég vil enn síður eiga nokkurn þátt að slíkri löggjöf, þegar ég sé, að tímatakmark það, sem um getur í grg., er byggt á grundvallarmisskilningi. Það er ekki framan af netjavertíð og e. t. v. ekki allt fram í aprílmánuð, sem hætta er á ofnotkun veiðarfæra, og þar af leiðandi ekki hætta á skemmdum fiski af þeim ástæðum. Kemur þetta til af því, að þá eru veður oft miklu harðari en þegar út á líður, og það þarf enginn að ætla, að menn geri sér leik að því að hætta veiðarfærum sínum, meðan aflavon er þá einnig minni. Þetta er sú reynsla, sem fyrir hendi er, og á henni er eðlilegast að byggja. Það er fyrst, þegar netjavertíð er komin í algleymi og dagur farinn að lengjast verulega, að menn freistast til þess að leggja meiri net í sjó en þeir fá við ráðið. Það er alveg eins með þetta atriði og með hugmyndina um takmörkun veiðarfæra, að það nær ekki því takmarki, sem að er stefnt, og er því ekki raunhæft.

Þá kem ég að því atriði, sem ég í upphafi gat um að mundi vera sú leið, sem líklegust væri til að koma í veg fyrir, að menn, við skulum segja af framsækni, kæmu með verri fisk að landi en efni standa til, en það er að flokka fiskinn eða meta, áður en hann er afhentur fiskiðjuverunum eða fiskkaupendum. Ég hef heyrt marga vantrúaða á, að þessu yrði komið við, svo að að gagni yrði. Ég er þar á annarri skoðun, og byggi ég á þeirri reynslu, sem þegar er fengin í þeirri útgerðarstöð, sem ég þekki bezt til. Áður en það ákvæði, sem enn er í gildi, var tekið inn í samning milli sjómanna og útgerðarmanna, að sama verð skyldi greiða fyrir netjafisk, hvort sem hann er einnar eða tveggja nátta gamall, þá var allur fiskur, sem fiskiðjuverin í Vestmannaeyjum keyptu, flokkaður og greiddur misjöfnu verði eftir gæðum. Þessi tilhögun komst á í frjálsu samkomulagi milli sjómanna og útgerðarmanna annars vegar og fiskkaupenda hins vegar og reyndist vel framkvæmanleg. Mér er alveg ljóst, að til þess að þetta beri þann árangur, sem til er ætlazt, verður verðmunur á góðum og óskemmdum fiski og aftur lakari fiski að vera allverulegur, þannig að sjómenn og útgerðarmenn sjái sér beinlínis fjárhagslegan ávinning í því að koma með betri fisk að landi, þótt aflinn sé eitthvað minni. Ég tel þetta fljótvirkustu og færustu leiðina út úr þeim vanda, sem við blasir í þessum efnum. Ég óttast ekkert afstöðu sjómanna í þessu sambandi, mér er hún nokkuð kunn. Mikið aflamagn skapar þeim miklar vökur og mikið erfiði. Ef þeir geta fengið jafnan hlut út úr minna magni af betri fiski, liggur alveg í augum uppi, að það er einnig þeirra hagsmunamál, og fyrst hægt var að koma þessu fyrirkomulagi á í stærstu verstöð landsins á sínum tíma og framkvæma það með góðum árangri, hvers vegna skyldi þá ekki vera hægt að koma því við á öðrum útgerðarstöðum, þar sem minna aflamagn berst á land?

Ég skal skjóta því hér inn, að það, sem reyndist raunhæfast í sambandi við flokkun fisks, áður en hann var lagður inn til fiskiðjuveranna, var það, að sjómönnunum var það vitanlegt og ljóst, að þegar þeir komu að landi, þá var fiskurinn skoðaður og hann var metinn, ef með þurfti. Þetta varð til þess, að þeir vöndust bókstaflega af því að skemma fiskinn með of mikilli veiðarfæranotkun eða of slæmri meðferð, þannig að ég er sannfærður um, að þetta aðhald verður til þess, að þessi leið er mjög vel framkvæmanleg og framkvæmanlegri en menn almennt gera sér í hugarlund.

Í grg. þeirrar þáltill., sem hér er verið að ræða, er lítillega minnzt á eitt mál, sem Vestmanneyingar telja stórmál í sambandi við fiskveiðarnar, en það eru netjaveiðarnar á hrygningarsvæðunum um hrygningartímann. Mál þetta hefur á undanförnum árum mikið verið rætt þar. Með áskorun, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja sendi haustið 1957 þáv. sjútvmrh. um útfærslu grunnlínunnar frá Geirfuglaskeri við Eyjar í Geirfugladrang við Reykjanes, var lagt til, að ákveðin svæði, sem vitað er að eru stærstu hrygningarstöðvar þorsksins á þessum slóðum, yrðu alfriðuð fyrir öllum veiðarfærum ákveðinn tíma árs. Var í þessu sambandi farið eftir tillögum skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðanda í Vestmannaeyjum. Ég bendi á þetta til þess að sýna fram á, hversu alvarlegum augum er litið á þetta mál við þessa útgerðarstöð, þar sem sjómennirnir sjálfir leggja til, að slík leið skuli farin, og kæmi það þó í bili harðast niður á þeim. Ég tel sjálfsagt, að strax og tímabært þykir að taka upp umr. um útfærslu grunnlínunnar hér við land, verði þetta atriði tekið til athugunar.

Hæstv. sjútvmrh. las hér upp grg. um mat á netjafiski, eins og það liggur fyrir samkvæmt opinberum skýrslum. Ég vil í því sambandi benda á, að þó að þetta sé tekið upp úr opinberum skýrslum, þá sýnir það engan veginn rétta mynd af því, hvernig netjafiskur raunverulega kemur út og hver vara hann raunverulega er á sölumarkaði. Úr þeim netjafiski, sem lagður er inn í fiskiðjuverunum, er almennast að valinn sé langsamlega bezti fiskurinn í frystingu, verri fiskurinn aftur tekinn í salt, og það er einmitt á því, sem hinar opinberu tölur eru byggðar. Ég hef alveg raunhæft dæmi um það, hvernig netjafiskur flokk-

ast og hvernig vara hann er, þ. e. úr Vestmannaeyjum og eftir þessa vertíð. Þar er nú verið að ljúka við að ganga frá til útflutnings þeim fiski, sem þar lá fyrir. Þetta er samsöfnun af fjórum bátum, sem stunda netjaveiðar. Það kemur þannig út eftir vertíðina og eru að heita má alveg sömu hlutföll og voru árin 1959 og 1958, — þetta er fiskur, sem eingöngu er saltaður, ekkert valið úr, — það kemur þannig út, að í 1. flokki lenda 52%, í öðrum flokki 27%, í þriðja flokki 14% og í fjórða flokki 7%. Þetta er raunhæft dæmi um það, hvernig vara netjafiskurinn er, eins og hann er lagður á land og verkaður þarna í þessari verstöð.

Ég vildi láta þetta, sem ég hef hér sagt, koma fram til athugunar fyrir þá hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 46 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá allshn., á þskj. 614, var útbýtt 2. júní, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

27. Rykbinding á þjóðvegum.

Á deildafundum 6. maí var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um tilraunir með nýjar aðferðir til rykbindingar á þjóðvegum [152. mál] (A. 395).

Á 48., 53. og 54. fundi í Sþ., 11., 24. og 27. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

28. Lagfæring vegarins frá Grindavík að Reykjanesvita.

Á deildafundum 10. maí var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lagfæringu vegarins frá Grindavík að Reykjanesvita í Gullbringusýslu [156. mál] (A. 418).

Á 53. og 54. fundi í Sþ., 24. og 27. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

29. Milliþinganefnd í skattamálum.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um milliþinganefnd í skattamálum [157. mál] (A. 420).

Á 53. og 54. fundi í Sþ., 24. og 27. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

30. Endurskoðun laga um vegi.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun á lögum um vegi [159. mál] (A. 448).

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

31. Úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu.

Á deildafundum 13. maí var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu [161. mál] (A. 448).

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu og um að Bandaríkjaher verði vísað úr landi og herstöðvar lagðar niður. Þessi till. er flutt af öllum þm. Alþb.

Ýmsum mun máske finnast till. um úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu ekki koma vonum fyrr fram hér á hinu háa Alþingi, og má það til sanns vegar færa. Margir hafa krafizt þeirrar úrsagnar fyrir löngu og það af ýmsum ástæðum. Það er einnig kunnara en frá þurfi að segja, að hlutdeild Íslendinga í hernaðarbandalagi hefur frá öndverðu sætt harðri gagnrýni og að í þeirri gagnrýni hefur verið stuðzt við mörg og þungvæg rök, enda er það mála sannast, að þjóðin átti aldrei neitt erindi í Atlantshafsbandalagið. Vopnlaus þjóð getur ekki stundað hernað, og því ber henni að

standa utan hernaðarsamtaka. Þetta eru einföld sannindi, og þó virðast menn hafa flaskað á þeim. Aðild slíkrar þjóðar að stríðsbandalagi er í senn vansæmandi og hættuleg. Þjóðin reisir sér hurðarás um öxl, setur traust sitt á aðrar þjóðir um of og verður fyrr en varir þeim þjóðum að bráð.

Það var lýðum ljóst í upphafi, að innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið var þjóðinni hættulegt spor. Ill forlög réðu því, að það var stigið, og mun þar mestu hafa ráðið blindandi hégómagirnd. Mörg varnaðarorð voru töluð, en þau stoðuðu ekki. Þjóðinni var nauðugri, viljugri skipað í raðir hernaðarþjóða, og síðan hefur hún orðið að þramma með í þeirri fylkingu. Um mark og mið þessara þjóða fá Íslendingar litið að vita og engu að ráða, en áfram er þeim hrundið í þessari hergöngu. Íslenzka þjóðin gegnir í Atlantshafsbandalaginu hlutverki góða dátans, sem ekkert er annað en viljalaust verkfæri og ekki má vera neitt annað en það.

Ísland er látið gerast stofnaðili að þessu hernaðarbandalagi, minna mátti það ekki vera, en síðan eru nú liðin ellefu reynslurík ár. Sérstakur stofnsamningur var hátíðlega undirritaður, og áttu ákvæði hans að gilda fyrir alla aðila bandalagsins, stóra sem smáa. Þessi samningur er enn til og í fullu gildi. Samkvæmt honum skuldbinda aðildarríkin sig til að leysa hvers konar deilumál, sem þau kunna að lenda í, á friðsamlegan hátt, að beita aldrei hótunum né valdi í millirikjaskiptum, að efla friðsamleg og vinsamleg viðskipti þjóðanna og að telja vopnaða árás á eitt ríkið sem árás á þau öll. Í þessum anda eru öll ákvæði Atlantshafssamningsins. Aðildarríkin heita því að aðhafast ekkert það, er stofnað geti heimsfriði, öryggi og réttlæti í hættu, og þau heita því að styðja og styrkja hvert annað eftir mætti, menningarlega og efnahagslega.

Hvernig hafa efndirnar orðið á þessum skjalfestu og undirrituðu loforðum? Ég minnist þess ekki að hafa heyrt um samningsrof smáþjóðanna í bandalaginu, og vist er um það, að Íslendingar hafa staðið við sitt þar. Hið sama verður því miður ekki með sanni sagt um forustuþjóðirnar. Lætur nærri, að þær hafi í þessi ellefu ár farið sínu fram rétt eins og aldrei hefði til verið Norður-Atlantshafssamningur.

Árið 1956 áttu Frakkar og Bretar í deilu við Egypta og gerðu tilraun til að leysa þá deilu, ekki á friðsamlegan hátt eins og fyrirskipað er í Atlantshafssamningnum, heldur með vopnaðri árás. Með þessu tiltæki rufu þessar öndvegisþjóðir samninginn á hinn herfilegasta hátt. Þær brugðust því heiti, sem þær sizt máttu bregðast, og stofnuðu alþjóðafriði í mikla hættu. Árásin 1956 er hér um bil stærsta brot, sem Atlantshafsbandalagsþjóð getur framið, og þetta brot frömdu Frakkar og Bretar með köldu blóði. Með því stofnuðu þeir öryggi bandamanna sinna í mikla hættu. En hvað hirtu þessar stórþjóðir um það? Ákvæðum Atlantshafssamningsins skyldi fylgt, hvenær sem þeim kæmi að gagni, annars ekki. Þessi samningsrof voru svo alvarlegs eðlis, að þau gátu nægt hvaða þjóð Atlantshafsbandalagsins sem var sem fullgilt tilefni til tafarlausrar úrsagnar hennar úr bandalaginu.

Árið 1952 settu Bretar löndunarbann á íslenzkan fisk. Höfðu Íslendingar skömmu áður fært landhelgi sína út um eina sjómílu, og fyrir það skyldi þeim nú refsað með löndunarbanni í Bretlandi. Með þeirri aðgerð hugðust Bretar kúga Íslendinga, blátt áfram svelta þá til hlýðni. Að vísu mistókst þetta, en sem var gerð brezkra stjórnarvalda. Þau reyndu að svelta minnstu bandalagsþjóð sína til hlýðni. Það var þeirra máti að standa við loforðið um friðsamleg og vinsamleg millirikjaviðskipti.

Miklu stærra samningsbrot frömdu Bretar þó á Íslendingum árið 1958, er þeir fyrirskipuðu togurum sínum að stunda veiðar í íslenzkri landhelgi og sendu herskip þeim til verndar. Þetta ofbeldisfulla veiðirán stunduðu Bretar frá september 1958 til marz 1960. Þetta var vopnuð árás þeirra á bandalagsþjóð, og þessa styrjöld á sjónum háðu þeir látlaust á annað ár. Þeir hótuðu að skjóta íslenzk varðskip í kaf, og þeir rændu íslenzkum mönnum, er gegndu embættisstörfum. Á þennan hátt efndu Bretar samningsheit sitt við Íslendinga um að beita hvorki hótunum né valdi í millirikjaskiptum.

Það er ómótmælanlegt, að Bretar réðust með vopnavaldi á Íslendinga árið 1958 og að þeir beittu þá ofbeldi á annað ár. Með þeim aðgerðum hafa Bretar fótumtroðið mikilsverðasta ákvæði Atlantshafssamningsins og með því gert þann samning að marklausu pappírsplaggi. Við slíku samningsbroti, slíku gerræði eiga Íslendingar aðeins eitt svar, sem þeim er sæmandi, og það er að segja sig úr þessu bandalagi.

Súez-ævintýri Frakka og Breta stóð stutt, enda munu aðrar þjóðir Atlantshafsbandalagsins hafa látið það til sín taka á bak við tjöldin. Þetta feigðarflan var stöðvað. En hvað gerðist, þegar Bretar, gráir fyrir járnum, óðu inn í fiskveiðilandhelgi og tóku að stunda þar rán í skjóli vopnavalds? Þá hreyfði engin bandalagsþjóð hönd eða fót, og engin þeirra taldi það ómaksins vert að beita áhrifum sínum gegn ofbeldinu, gegn árásinni. Í Atlantshafssamningnum segir þó: „vopnuð árás á eitt aðildarríkið jafngildir árás á þau öll". Þetta mikilsverða og bróðurlega ákvæði samningsins brutu öll aðildarríkin þegjandi og hljóðalaust, þegar Íslendingar áttu í hlut. Þegar Bretar réðust á Íslendinga, gerðust öll hin ríkin með hlutleysi sínu og aðgerðaleysi sek um brot á grundvallarákvæði samningsins, og hefði það eitt mátt nægja okkur til úrsagnar úr þessu einkennilega bandalagi.

Bandaríkin eiga sér orðið alllanga sögu hér á landi og hana ekki alla sem fegursta, eins og betur mun í ljós koma, er hún verður skráð. Þetta volduga ríki hefur herstöðvar hér og herlið og hlaut þá aðstöðu fyrir milligöngu Atlantshafsbandalagsins. Öðrum þræði er látið í það skína, að bandarískur her sé hér til þess að vernda íslenzku þjóðina fyrir árás. Er óspart slegið á þá strengi, hvenær sem nauðsyn þykir á að sætta þjóðina við örlög sín, hernám landsins. Hvað gerðist nú, þegar Bretar réðust með vopnavaldi á Íslendinga? Komu ekki Bandaríkjamenn með setulið sitt okkur til hjálpar? Nei, þeir létu það ógert, þeir sátu hjá. Árás á Ísland jafngilti þó samkvæmt samningnum árás á sjálf Bandaríki Norður-Ameríku. Um það var engum blöðum að fletta. Samt sátu Banda-

ríkin hjá og hreyfðu engum mótmælum. Með þeirri framkomu brutu Bandaríkjamenn gerðan samning, þverbrutu sjálfan innsta kjarna hans. Með aðgerðaleysinu studdu Bandaríkin árásaraðilann og sviku í tryggðum þann, sem á var ráðizt. En Bandaríkin hafa, eins og kunnugt er, engan veginn látið sér nægja þessa framkomu gagnvart Íslendingum, heldur hafa þeir stutt við bak brezkra stjórnarvalda eftir beztu getu. Náði sá stuðningur hámarki á Genfarráðstefnunni, sem lauk í síðasta mánuði. Þar beittu Bandaríkin sér gegn hagsmunum Íslendinga og létu einskis ófreistað til að spilla fyrir málstað þeirra. Þetta létu Bandaríkin sér sæma, og ekki hafa þau þá afsökun, að þau þekki ekki þarfir Íslands. Samtímis því að þau börðust sem hatramlegast gegn okkur á sjóréttarráðstefnunni í Genf, marglýstu fulltrúar þeirra því yfir, að hér væri um að ræða lífshagsmunamál Íslendinga. Þeir vissu því, hvað þeir gerðu, er þeir börðust gegn 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Bandaríkin hafa þannig á fleiri en einn veg gerzt brotleg við Atlantshafssamninginn, og hefur það komið hart niður á Íslendingum. Svar okkar við þeim brotum ætti að vera aðeins eitt: Úrsögn okkar úr þessum hernaðarsamtökum.

Í nítján ár hafa Bandaríkin notið hinna margvíslegustu sérréttinda hér á landi. Það var árið 1941, sem þeir tóku að sér hervernd Íslands, og síðan hefur ekki linnt látum að gera þeim til hæfis hér á landi. Er afleiðingin sú sorglega staðreynd, að Ísland er orðið varanleg herstöð, ein af tugum eða hundruðum í varnar- og sóknarkerfi Bandaríkjanna. Þessi nítján ár í sögu þjóðarinnar tákna tímabil mikillar niðurlægingar hennar. Ísland er því miður orðið leppríki framandi stórveldis og herstöð þess. Þetta er sannleikurinn ógrímuklæddur.

Árið 1941 var íslenzka ríkisstj. neydd til að biðja Bandaríkin um hervernd. Var látið heita svo, að ríkisstj. hefði fallizt á, að hingað yrðu sendar bandarískar hersveitir. Auðvitað gáfu bandarísk stjórnarvöld hátíðleg loforð þá sem endranær, og auðvitað voru þau loforð meira eða minna svikin. Bandaríkin lofuðu því 1941 að hlutast ekki til um stjórn landsins, hvorki þá né síðar. Hvernig var það haldið? Það var strax á næsta ári, sem þau fóru að sletta sér fram í innanríkismál okkar. Þá lýstu þau sig andstæð því, að Íslendingar slitu sambandið við Dani á þann veg, sem þeir höfðu hugsað sér, og ástæðan fyrir þessari andstöðu var tilgreind sú, að sambandsslitin gætu skaðað hagsmuni Bandaríkjanna.

Slettirekuskapurinn gerði þannig snemma vart við sig, og síðan hefur ekki lát orðið á honum. Bandarísk stjórnarvöld hafa gætt vel sinna hagsmuna hér á landi, unnið að þeim eftir ýmsum leiðum og jafnan orðið vel ágengt. Fyrirstaða Íslendinga hefur reynzt veik og undanlátssemin verið mikil. Bandaríkin skuldbundu sig til þess 1941 að hverfa burt af landinu með allan herafla sinn á landi, í lofti og á sjó, undireins og heimsstyrjöldinni væri lokið. Að nafninu til tókst að fá þá burt um skeið, nauðuga þó, enda komu þeir fljótlega aftur með her sinn, sem síðan hefur setið hér sem fastast. Keflavíkursamningurinn 1946 táknaði örlagaríkan ósigur Íslendinga. Með honum var herveldinu tryggður á ný rétturinn til herstöðva í landinu, að vísu dulbúinna. Fótfestu var þó náð aftur. Bandaríkjamönnum voru heimilaðir herflutningar um Ísland og fullveldi þess með því verulega skert og á sama hátt og gert var á stríðsárunum. Þessi samningur var neyddur upp á Íslendinga og ekki skirrzt við að reka á eftir með hæfilegum hótunum, en það hlutverk tóku brezk stjórnarvöld að sér sérstaklega í það skiptið.

Eftir þetta verður skammt stórra högga á milli hjá Bandaríkjamönnum. Árið 1949 er Ísland rekið inn í kví Atlantshafsbandalagsins og með því gert samábyrgt fyrir öllu því, sem ákveðin stórveldi kunna að taka sér fyrir hendur í framtíðinni, jafnt í stríði sem í friði, og 1951 er svokallaður varnarsamningur gerður, sem heimilar til fulls rekstur herstöðva í landinu. Markinu var náð, Ísland orðið hlekkur í herstöðvakeðju stórveldisins í Vesturheimi og eitt af útvirkjum þess.

Ísland var látið ganga í Atlantshafsbandalagið og herstöðvaleyfið var veitt í því skyni að tryggja öryggi lands og þjóðar. Þannig mæla þeir velkunnuðu íslenzku ráðamenn, sem í nítján ár hafa jafnt og þétt látið undan ásókn erlends valds. Að sjálfsögðu verða þessir menn að hafa sér eitthvað til afsökunar. Hlutdeildin í stríðssamtökunum og herstöðvarnar tryggja öryggi Íslands, ef til styrjaldar kemur. Þessari skoðun er látlaust haldið að þjóðinni, og þetta er henni boðað sem trú, enda þarfnast trú engra röksemda.

Þessir greiðviknu íslenzku ráðamenn finna til sektar gagnvart þjóðinni. Um það þarf ekki að efast. Þeir reyna ekki að afsaka undanlátssemi sína með því, að hernámið sé í sjálfu sér blessun fyrir þjóðina. Svo langt eru þeir ekki leiddir í óskammfeilninni. Nei, þeir viðurkenna í orði kveðnu, að þetta hernám sé hreinasta neyðarúrræði. En börfin er samt brýn, segja þeir, því að öryggi þjóðarinnar er í húfi. Sé hér her, verður Ísland varið og þjóðin vernduð. — Þessu á þjóðin að trúa. En hver er þá skoðun annarra og þar á meðal háttsettra bandarískra herforingja í þessu efni? Þeir álíta, að útvirki Bandaríkjamanna á borð við Ísland muni í ófriði verka eins og segulstál, sem dregur að sér járnið, þau muni verða fyrstu skotmörkin í styrjöld.

Herstöð verður jafnan mikilsvert skotmark og því fremur sem hún er mikilvægari, en Ísland hefur af öllum verið talið hernaðarlega mikilsvert vestrænum ríkjum til sóknar og varnar. Líkurnar eru því þær mestar, að hernumið Ísland komist aldrei hjá árásum, en óvopnað land hafi mikla möguleika til þess. Það er því langur vegur frá, að herstöðvar séu þjóðinni nokkur vernd í stríði, þvert á móti bjóða þær hættunni heim.

Dálitið meira vit er í því að segja, að öðrum vestrænum þjóðum sé nokkurt öryggi í öflugum herstöðvum á Íslandi, enda er vissulega sú meiningin með þeim. Þá er þjóðin, sem landið byggir, fámenn og vopnlaus, aðeins ómerkilegt peð á leikborði stórþjóðanna. Um það peð yrði lítt hirt, ef til stórra átaka kæmi. En öllum er annt um sitt eigið líf, einnig íslenzku þjóðinni, og því mundi hún aldrei ljá sig til vonlausrar fórnar öðruvísi en blekkt og svikin.

Vildarvinir Bandaríkjanna á valdastólum hér þreytast aldrei á að tala um vestrænt frelsi og

vestrænt lýðræði, vinaþjóðirnar í vestri, menningu þeirra og mannúð og þannig áfram í sama dúr. Virðist helzt á þeim að skilja, að þessar þjóðir séu hafnar yfir alla gagnrýni, að það gangi guðlasti næst að setja eitthvað út á þær. Samstaðan með þeim á að vera alger og samábyrgðin ótakmörkuð. Þótt sumar þessara þjóða sparki í okkur eins og rakka hvað eftir annað, má helzt ekki á það minnast, því að það eru vinaþjóðir, sem gera það. Vissulega er margt vel um vestrænar þjóðir, en því miður líka ýmislegt misjafnt. Af eigin reynslu þekkjum við ofbeldi Breta við þá, sem minni máttar eru, og við könnumst við ágengni Bandaríkjamanna. Allur heimurinn heyrir um blóðugan yfirgang Frakka og Breta í Afríku. Og þannig mætti fleira til tína, sem sýnir, að mannúð og réttlæti þessara þjóða er tæpast meira en í meðallagi.

Það er hollt að líta öðru hverju raunsæjum augum á hlutina og þá einnig á lýðfrelsi þeirra þjóða, sem eru í Atlantshafsbandalaginu. Portúgalar búa ekki við lýðræði, heldur sótsvart einræði. Einnig í Tyrklandi og Grikklandi ríkir að sögn raunverulegt einræði eða a. m. k. mjög takmarkað lýðræði. Hvað er þá um stórþjóðir Atlantshafsbandalagsins, eins og Þjóðverja og Frakka? Í báðum þeim löndum er lýðræðið verulega skert, þar ríkir m. a. ekki fullt stjórnmálafrelsi. Í Þýzkalandi eru friðarvinir ekki vel séðir af yfirvöldum og jafnvel ofsóttir, og allir kannast við lýðræðisást Frakka, eins og hún birtist í Alsír. Þessara og annarra ámóta staðreynda er unnendum frelsis og lýðræðis hollt að minnast, þegar lofsöngurinn um hinn frjálsa vestræna heim stígur sem hæst. Þar fyrir ber að viðurkenna allt annað, sem gott er í fari þessara þjóða.

Af eldmóði er okkur kennt að líta upp til hinna vestrænu vinaþjóða, og af sama eldmóði er alið á tortryggni okkar og óvild í garð þjóðanna fyrir austan járntjald. Hér er á ferðinni afturgengin hin gamla kenning kirkjunnar um gott og illt og ekkert þar á milli. Það er ekki einræði, sem skilur þessa tvo heima að, því að það fyrirhittist bæði austan tjalds og vestan. Það er allt annað, sem raunverulega skilur þarna á milli, og það er hrunadans stórveldanna um yfirráð auðs og landa í heiminum. Við Íslendingar erum á yfirráðasvæði Bandaríkjanna og háðir þeim og þeirra bandamönnum, og af því á öll okkar afstaða til umheimsins að mótast. Þegar Bretar neita að viðurkenna landhelgi okkar og senda vopnaðan flota til að ræna fiskimiðin, þá er það nánast uppreisn af okkar hálfu að mótmæla eða halda fast á okkar málstað. Þegar Rússar og Kínverjar viðurkenna opinberlega 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslendinga, þá fara íslenzkir valdamenn hjá sér, rétt eins og um mannsmorð væri að ræða. Þeir vita sem er, að „vinaþjóðunum" gæti mislíkað, væri því mjög á lofti haldið hér, að Rússar virtu íslenzka landhelgi. Viðskipti okkar við löndin austan járntjalds eru vestrænum forustuþjóðum þyrnir í auga, og þess vegna eru þau líka íslenzkum valdhöfum þyrnir í auga, svo föst er þessi taglhnýting þegar orðin.

Við Íslendingar höfum ekki langa reynslu í meðferð utanríkismála. Það eru ekki nema 20 ár, síðan við tókum þau mál að fullu í okkar hendur. Það er stuttur reynslutími, þegar um er að ræða jafnvandasöm og viðkvæm mál sem utanríkismál eru. Þessi reynsluskortur á ef til vill sinn ríka þátt í því, hve illa hefur til tekizt um meðferð íslenzkra utanríkismála síðustu tvo áratugina. Það kann og að vera velgamikið atriði í þessu efni, að við tókum við þessum málum á styrjaldartímum, þegar í skjótræði varð að leysa úr hverjum vanda. Þannig eiga þeir valdamenn okkar, sem með utanríkismálin hafa farið, sér nokkra afsökun. Óreyndir með öllu urðu þeir að taka við þessum málum fyrir 20 árum, einmitt á þeim tíma, er vandi öfriðarins steðjaði að, enda tókst þeim ekki vel til. Þeir gerðu sannarlega ekki betur en við var að búast.

Það var ógæfa, að íslenzk utanríkisstefna átti frá byrjun þessa tímabils ekkert fast undir fótum. Hana vantar enn í dag grundvöll, og því svífur hún í lausu lofti. Þetta ástand hófst, þegar ákvæðinu um ævarandi hlutleysi landsins var varpað fyrir borð. Í þess stað kom ekkert, er fullvalda smáþjóð væri stætt á, engin hugsjón, enginn þjóðarmetnaður og ekkert markmið. Það er engum efa undirorpið, að hlutleysinu var kastað á glæ fyrir áhrif erlendra hervelda, sem sáu sinn hag í þeirri ráðabreytni. Þannig voru það annarlegir hagsmunir, sem því ollu, að þjóðin glataði hlutleysisstefnu sinni á stríðsárunum. Eftir á reyndu hinir seku að afsaka tiltækið, þeir reyndu að telja þjóðinni trú um, að hlutleysisstefnan væri orðin úrelt, hlutleysi orðið óraunhæft hugtak og hlutlaust Ísland eins og álfur út úr hól í heimi nútímans. Þeir bentu einnig á, hve lítið hlutleysið hefði gagnað landinu, er Bretar hernámu það 1940, þótt enginn geti um það dæmt, hvernig farið hefði þá, ef landið hefði ekki verið hlutlaust. Öll eru rökin fyrir stefnubreytingunni hæpin í meira lagi, enda uppfundin eftir á í afsökunarskyni.

Íslenzk utanríkismál hafa nú, eins og ég sagði áðan, svifið í lausu lofti í tæp 20 ár. Í rauninni hefur ekki verið um íslenzka stefnu að ræða í þessum málum okkar, heldur bandaríska stefnu. Bandaríkjastjórn hefur í reynd verið leyft að ákveða og móta utanríkisstefnu okkar. Þess vegna báðum við Bandaríkin um hervernd 1941, undirrituðum Keflavíkursamninginn 1946, gengum í Atlantshafsbandalagið 1949 og leyfðum herstöðvarnar 1951. Þannig hefur utanríkisstefna Bandaríkjanna orðið okkar utanríkisstefna í einu og öllu. Íslendingar eru meðábyrgir fyrir þeim hættulega leik að halda fjölmennustu þjóð veraldar árum saman utan við samtök hinna Sameinuðu þjóða, og fyrir fylgispektina við Bandaríkjamenn bera Íslendingar sinn hluta ábyrgðarinnar á margra ára harðstjórn Syngmans Rhee í Suður-Kóreu, svo að tvö dæmi séu nefnd um stjórnvizku Bandaríkjamanna.

Engin regla er án undantekningar og svo er hér. Árið 1958 stækkuðu Íslendingar landhelgi sína án þess að fá um það fyrirmæli frá Washington. Er það tiltæki einstakt í sinni röð, enda ekki gengið hljóðalaust af. Hafa hérlendir vinir hinna vestrænu ríkja skolfið á beinunum og varla vitað, hvað þeir ættu af sér að gera. Vafalaust langar þá enn til að setjast við samningaborðið og slaka til, en hingað til hefur hræðslan við almenningsálitið í landinu haldið þeim frá því, hvað sem síðar verður.

Þeir menn hérlendir, sem mestu hafa ráðið um framkvæmdir utanríkismála okkar, hljóta að gera

sér grein fyrir ósjálfstæðinu og stefnuleysinu á þessu sviði. Þeim hlýtur að vera ljóst, að hér er rekin bandarísk, en ekki íslenzk utanríkisstefna. En hvers vegna hafa þeir látið og láta þeir þetta viðgangast? Eiga þessir valdamenn engar þjóðlegar hugsjónir eða þjóðlegan metnað? Skortir þá trú á landið og þjóðina, eða eru þeir bara veiklundaðir og talhlýðnir um of? Þessum spurningum skal ég ekki reyna að svara nú. Vafalaust var það vandasamt verk að taka við utanríkismálunum fyrir 20 árum og síðan sennilega erfitt að standast ásókn og yfirgang stórveldismanna, sem hér náðu fótfestu á stríðstímum. Ég efast ekki um, að valdamenn okkar hafa einatt nauðugir slakað til og með slæmri samvizku. Þeir hafa fundið til sektar, en jafnframt leitað afsakana til að friða sjálfa sig og til að friða almenning. Þegar búið var að farga hlutleysinu, var fundin upp kenningin um, að hlutleysi væri úrelt. Þegar búið var að lokka Ísland í hernaðarbandalag, var þjóðinni talin trú um, að það hefði verið gert í hennar þágu, og þegar herstöðvar höfðu verið leyfðar, var samið ævintýrið um öryggi landsins, ef til ófriðar kæmi. Fyrst var alltaf látið undan hinu erlenda ríki á bak við tjöldin og síðan þjóðinni færður boðskapurinn í snotrum umbúðum.

Það er erfitt að fóta sig á hálli braut. Sé einu sinni á því byrjað að láta undan síga, er hætt við endurtekningum. Þegar frá því var skýrt í útvarpinu 18. marz 1949, að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, þá var samvizkan vissulega ekki góð, og því voru um leið hátíðleg loforð gefin. Þá skýrði þáverandi utanrrh., Bjarni Benediktsson, frá því, að skömmu áður hefði hann tjáð sendiherra Bandaríkjanna hér, að sú skoðun væri ríkjandi hjá ríkisstj. og stjórnarliði, að of dýru verði væri keypt dvöl hermanna hér á friðartímum fyrir það öryggi, sem við slíkt fengist. Einnig tilkynnti sami ráðh. við þetta tækifæri, að hann ásamt tveim samráðherrum sínum hefði þá nýlega lýst því yfir í áheyrn utanrrh. Bandaríkjanna, að ekki kæmi til mála, að útlendur her fengi að hafa aðsetur á Íslandi á friðartímum né yrðu þar leyfðar erlendar herstöðvar.

Þannig var heitstrengingin 1949, og með þessum fyrirvara var inngangan í Atlantshafsbandalagið afsökuð. Á þeim árum var mikið um opinbera svardaga, eins og frægt er orðið. „Það kemur ekki til mála, að útlendur her fái að hafa aðsetur á Íslandi á friðartímum né að þar verði leyfðar herstöðvar.“ Þessi var fyrirvarinn 1949, og vottuðu 3 íslenzkir ráðh., að á þennan fyrirvara hefði utanrrh. Bandaríkjanna fallizt. Síðan liðu tæp 2 ár, og þá komu bæði herstöðvar og her, rétt eins og aldrei hefði neinn fyrirvari verið gerður. Stríð var ekki skollið á, en samt kom herinn. Hreystiyrðin frá 1949 voru rokin út í veður og vind, voru dauð og ómerk. Í þeirra stað komu nú vífilengjur um slæmar friðarhorfur og nauðsyn þess að taka tilboði Bandaríkjanna um herstöðvar og varnarlið. Neyðarráðstöfun væri þetta að vísu, en annað samrýmdist ekki hagsmunum þjóðarinnar og öryggi landsins.

Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um undanlátssemi íslenzkra valdamanna, ósjálfstæði þeirra gagnvart vissum erlendum öflum og þjónkun við annarlega hagsmuni. Auðvitað reyna þeir að klæða skömmina í sæmilegar flíkur og koma því svo fyrir, að allt sé þetta gert af illri nauðsyn og í þágu Íslendinga. Stundum gengur þó illa að hylja nekt staðreyndanna, og er þá gjarnan gripið til þess að teygja og toga merkingu orða og hugtaka. Þannig hefur orðið friður fengið á sig margar skilgreiningar.

Árið 1941 fullvissar ráðherra þjóðina um, að Bandaríkin skuldbindi sig til að hverfa af landi burt með allan herafla sinn, undireins og þáverandi ófriði lyki. Árið 1949 lýsti annar ráðh. því yfir, að hér yrðu aldrei leyfðar herstöðvar né herseta á friðartímum. Árið 1951 voru herstöðvar reistar og her fluttur inn í landið. Þá var því heitið, að herinn skyldi hverfa á burt, strax og friðarhorfur og ástandið í heimsmálum leyfði slíkt. Árið 1956 segir þáverandi utanrrh. og undirstrikar: Það er markmið Íslendinga, að hér sé ekki varnarlið á friðartímum. Að því skal unnið og undirbúningur hafinn þegar í stað, að þessu marki verði náð, svo fljótt sem friðarhorfur í heiminum leyfa slíkt. Sama ár sagði hæstv. núverandi dómsmrh., að það væri óhagganleg sannfæring sín, að við Íslendingar vildum frekar taka á okkur áhættuna af því að hafa landið óvarið en að hafa hér erlent herlið og erlendar herstöðvar í landinu á friðartímum.

Í þessum ummælum öllum er minnzt á frið, og friður er þar settur fram sem mikilsvert skilyrði. Í fyrstu tilvitnuninni er merking orðsins ótvíræð, þar er átt við heimsstyrjöld eða stórveldastríð, en í öllum hinum virðist merking orðsins harla óljós. Þar er friður og friðarhorfur látið tákna eitt og hið sama, a. m. k. í einni tilvitnuninni, og friðartímar ekki taldir vera, ef barizt er í einhverjum afkima heims eða útlit er fyrir uppreisn eða bardaga einhvers staðar. Hártoganir af þessu tagi eru veikar varnir slæmum málstað og ekkert annað. Það er staðreynd, að erlendur her dvelst hér á friðartímum. Fram hjá því verður ekki gengið, þótt reynt sé, enda mun sá verða dómur sögunnar.

Utanríkismálum okkar hefur verið ruddur óheppilegur farvegur, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Það er þeim óheppilegt að fljóta skilyrðislaust í sama farvegi og utanríkismál einnar tiltekinnar þjóðar, hversu góð og göfug sem sú þjóð kann að vera. Utanríkismál okkar þurfa og eiga að fá sinn eigin farveg. Skilyrði til þess, að svo megi verða, er það, að upp verði tekin sjálfstæð og markviss íslenzk utanríkisstefna, stefna, sem sé miðuð við heiztu sérkenni þjóðarinnar og alla menningu hennar. Þjóðin á engin hergögn, engin tæki til múgmorða og vill ekki eiga. Hún getur ekki tekið þátt í ófriði og vill það ekki. Hún óskar þess að lifa í friði við aðrar þjóðir og vill gera sitt til að efla frið í heiminum. Sjálfstæði sitt vill hún varðveita og land sitt eiga ein, en engri þjóð sýna úlfúð eða ágengni.

Þessi eru sérkenni íslenzku þjóðarinnar m. a., og í samræmi við þau ber að móta utanríkisstefnu hennar, og það verður með engu móti gert öðru en fullkomnu hlutleysi í öllum hernaðarátökum og stöðu utan allra stríðsbandalaga. Ísland á að lýsa yfir ævarandi hlutleysi á ný og byggja síðan stefnu

sína í utanríkismálum á þeim grunni. Það eitt hæfir þjóðinni, og það eitt sómir henni vel.

En hlutleysisstefnan er úrelt, segja okkar voldugu íslenzku NATO-menn. Hvað segja leiðtogar hlutlausra Evrópuríkja um þá fullyrðingu? Vilja þeir undirrita hana? Forseti Finnlands, Kekkonen, hefur sagt, að hlutleysið tryggði öryggi landsins og stuðlaði að verndun friðarins í heiminum. Fyrir fáum árum komst forseti Austurríkis svo að orði, að Austurríkismenn ættu að gæta hlutleysis síns eins og sjáaldurs auga síns. Samt ættu þeir ekki að láta sig alþjóðamál engu skipta. Austurríki ætti að láta rödd sína heyrast í þeim kór, sem varaði við hættunni af kjarnorkuhervæðingu og krefðist afvopnunar þjóða. Ekki eru heldur mörg ár síðan utanrrh. Svía, Undén, sagði við blaðamenn hér í Reykjavík eitthvað á þessa leið: Hlutleysi í átökum stórveldanna er grundvöllur sænskrar utanríkisstefnu, og það er skoðun okkar, að hernaðarbandalög auki hættu á árekstrum milli þjóða. Svíar gengu ekki í Atlantshafsbandalagið, af því að þeir töldu það rangt, og sú afstaða þeirra er óbreytt. — Þannig mæltist þessum sænska ráðherra fyrir fáum árum.

Nei, hlutleysi er ekki úrelt. Sú staðhæfing er haldlaus blekking manna, sem neyðast til að verja misgerðir. Því fleiri sem hlutlausu þjóðirnar verða í heiminum, því meir og betur munu friðaröflin njóta sín þar. Hlutlaust Ísland á veglegu hlutverki að gegna á alþjóðavettvangi. Þar ber því að stuðla að sáttum og friði, frelsi þjóða og jafnrétti. Ofbeldi og kúgun eiga fulltrúar Íslands að fordæma án tillits til þess, hvaða þjóð beitir slíku. Ísland vill afvopnun og frið og það vill vinsamlega sambúð við aðrar þjóðir, en það kaupir sér aldrei vináttu annarra ríkja neinu verði, sem ósamboðið er virðingu þess. Það er þessi stefna, sem skapar virðingu annarra þjóða. Einarðleg afstaða getur styggt í bili, en aldrei vakið fyrirlitningu. Þegar til lengdar lætur, mun Ísland hagnast á hlutleysisstefnunni.

Írland er eitt hinna hlutlausu ríkja í Evrópu. Árið 1955 gekk það í samtök Sameinuðu þjóðanna, og þar hefur það á skömmum tíma unnið sér verulegt álit heimsins einmitt vegna hinnar óháðu afstöðu sinnar til málanna. Fulltrúi þess tók eindregna afstöðu gegn Frökkum í Alsírmálinu og gagnrýndi Bandaríkin fyrir andstöðu við aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum. Þessi fulltrúi gekk þar einnig fram fyrir skjöldu gegn kommúnistum í málum Ungverjalands og Tíbets, og hann hefur látið mikið til sín taka varðandi bann gegn kjarnorkuvopnum.

Hlutleysið er sá eini grunnur, sem við getum byggt farsæla utanríkisstefnu á og barizt fyrir með heiðri og sóma sem fullvalda ríki. En til þess að komast niður á þennan fasta grundvöll verðum við að losna úr læðingi þess hernaðarbandalags, sem við illu heilli flæktumst í fyrir 11 árum. Þangað áttum við aldrei neitt erindi. Hlutdeild okkar í því hlaut að verða okkur sjálfum til ills og engum til góðs. Atlantshafsbandalagið, eins og öll slík bandalög, torveldar möguleika á sáttum milli stórþjóða og stofnar þannig heimsfriði í hættu.

Það er margföld ástæða fyrir okkur Íslendinga til að ganga úr NATO. Sérhvert fullvalda ríki hlýtur að hafa rétt til að breyta um stefnu í utanríkismálum, enda getur þróun heimsmála gert breytingu óumflýjanlega. Á síðustu 11 árum hefur margt gerzt, og heimurinn er ekki sá sami nú og þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað. Vorið 1955 fengu Rússar vetnissprengjuna. Er það varð kunnugt, lýsti Churchill skoðun sinni í þingræðu á þessa leið:

Vörn gegn þessari nýju sprengju er óhugsanleg. Eftirleiðis verður aðeins um það að ræða að gjalda í sömu mynt. Ef Rússar tortíma íbúum Lundúna með vetnissprengju, verður því með engu svarað öðru en sams konar tortímingu í Moskvu.

Vörn er óhugsandi, sagði Churchill 1955, og það var rétt. Hafi nokkur þá viljað draga orð hans í efa, þá gerir sá hinn sami það ekki í dag. Á allra síðustu árum hefur flugskeytatækni Rússa fleygt svo fram, að nú geta þeir sent flugskeyti hlaðin kjarnorku- og vetnissprengjum heimsálfa á milli með þeirri markvísi, að nálega engu skeikar.

Þegar Íslendingar gengu í Atlantshafsbandalagið, var hernaðartæknin á allt öðru stigi en nú. Þess vegna má með sanni segja, að forsendurnar fyrir inngöngu okkar í bandalagið eru algerlega brostnar að þessu leyti. Hafi einhverjir varnarmöguleikar verið til árið 1949 hér á landi, þá eru þeir engir til nú á árinu 1960. Aðeins þetta eitt réttlætir fyllilega endurskoðun okkar á aðildinni að hernaðarbandalaginu, og raunar er sú endurskoðun skylda, sem þyngst hvílir á herðum valdhafanna hér.

Ég gat þess fyrr, að Bretar og Bandaríkjamenn og raunar allar bandalagsþjóðirnar hefðu þegar brotið á okkur samninga, sumar einu sinni, aðrar oftar. Þau samningsbrot eru mjög alvarlegs eðlis. Þegar samningur er rofinn herfilega, er þá ekki sá, sem fyrir svikunum verður, laus allra mála? Ég með minni leikmannsþekkingu hefði haldið það. Vegna þessara samningsrofa og alls hins ólöglega yfirgangs er það ekki aðeins réttur Íslendinga, heldur og skylda að segja sig úr Atlantshafsbandalaginu. Það er framtíð lands og þjóðar hættulegt, að áttavilltir leiðtogar okkar haldi áfram að kyssa á hönd erlenda vönd.

Nýlega var bandarísk njósnaflugvél skotin yfir umráðasvæði Sovétríkjanna. Það upplýstist m. a. að sögn, að þessi flugvél hefði átt að lenda í Bodö í Noregi og að norsk yfirvöld hefðu enga hugmynd haft um það áform. Í blaði las ég, að sovézkir ráðamenn hefðu í tilefni þessa atburðar haft í hótunum við þau ríki, er land sitt léðu til þarfa njósnaflugs.

Hvað hefur í þessu efni gerzt á Keflavíkurflugvelli, og hvað kann að gerast? Áreiðanlega hafa íslenzk stjórnarvöld enga hugmynd um það frekar en norsk um notkun Bodöflugvallarins. Máske væri hugsanlegt, að héðan yrðu sendar bandarískar njósnarflugvélar yfir Rússland. Ef það kæmi fyrir, þá gætum við vænzt þess, að Rússar gerðu alvöru úr tilkynningu sinni og sendu flugsprengju á Keflavíkurvöll. Hvað mundu Bandaríkjamenn gera, ef þetta kæmi fyrir? Þeir mundu í hæsta lagi mótmæla, enda gengi annað vitfirringu næst. Færu þeir að gjalda í sömu mynt, standa við Atlantshafsbandalagssamninginn, þá væri skriðan komin yfir þá sjálfa og tortíming bandarískra stórborga

vis. Þess vegna mundu þeir ekki gera annað en mótmæla, þótt eitt af útvirkjum þeirra yrði jafnað við jörðu. Bandaríkjamenn réttu okkur ekki hjálparhönd, þegar Bretar tóku að herja í landhelgi okkar, og bar þeim þó að gera það skv. Atlantshafssamningnum. Enn síður mundu þeir leggja í stríð okkar vegna, þótt Rússar sendu hingað sprengjur, enda væri það sama og að stofna lífi milljóna bandarískra borgara í beinan voða. Engin ábyrg bandarísk stjórnarvöld gætu leyft sér slíkt.

Þannig er ákvæði Atlantshafssamningsins um, að árás á einn aðila þess sé árás á þá alla, ekki annað en orðaglamur, marklaust, þegar til kastanna kæmi. Hernaðartæknin hefur þegar numið þetta ákvæði úr gildi. Forsendurnar fyrir þessu bandalagi eru, eins og ég tók fram áðan, fallnar burt, og það eitt gæti réttlætt úrsögn okkar úr því. Hvað sem segja mátti 1949, þá er augljóst nú, að Atlantshafssamningurinn er ekki virði þess pappírs, sem hann er skrifaður á, öðruvísi en sem sögulegt gagn í skjalasafni.

Herstöðvar hér á landi hafa aldrei verið hugsaðar til verndar íslenzkum mannslífum. Frá upphafi hafa þær boðað byggjendum þessa lands alvarlega hættu. Þær voru reistar og mannaðar til verndar allt öðru fólki en Íslendingum. Fyrst og fremst eru þær útvirki Bandaríkjanna og ætlaðar þeim til varnar og sóknar í stríði. Að þessi er tilgangurinn með þeim, sýna og sanna ótal ummæli bandarískra áhrifamanna, og hefur fjöldi þeirra ummæla verið birtur hér á landi. Því tel ég ekki ástæðu til að rekja þau frekar hér nú. Þetta hlutverk herstöðvanna er einnig ljóst mönnum annarra þjóða. Í því sambandi er mér minnistætt það, sem einn af foringjum brezka verkamannaflokksins sagði við íslenzkan blaðamann fyrir fáum árum, en orðin voru á þessa leið:

Ég skil það mjög vel, að Íslendingar vilji losna við bandarískt hernám. Bandarískt hernám geta þeir einir stutt, sem eru reiðubúnir til að fórna landi sínu og þjóð í þágu Bandaríkjanna í nýrri styrjöld.

Þannig leit þessi brezki verkamannaleiðtogi á málið, og í öðru ljósi en þessu getur enginn heilskyggn maður séð það. Formælendur hernámsins hér á landi hafa mörg falsrök notað í áróðri sínum. Þeir segjast vilja hafa hér herlið á stríðstímum og þegar ófriðlega blási í heiminum. Hvers vegna? Sjálfsagt vilja þeir láta í það skína, að það sé vegna þess öryggis, sem íslenzkum borgurum sé í her og herstöðvum á styrjaldartímum, þeim sé einhver mikilsverð vernd í því. Þessi falska röksemd er einhver sú kaldhæðnislegasta, sem ég heyri. Útlendur her er þjóðhættulegur á friðartímum, en lífshættuleg yrði vist hans hér þjóðinni, ef til heimsófriðar kæmi. Þetta ætti að vera ljóst hverju barni nú orðið. Ef það er hið raunverulega sjónarmið íslenzkra formælenda hernámsins að tryggja öryggi annarra þjóða manna, hvað sem það kostar þeirra eigin þjóð, þá eru það út af fyrir sig skárri rök eða voru skárri rök. Útvirkin hafa verið hernaðarlega mjög mikilvæg, en þýðing þeirra fer nú ört minnkandi, svo sem kunnugt er. Áður hófust stríðin í útvirkjum og á landamærum, en eftirleiðis er gert ráð fyrir, að þau byrji með stórárásum á viðkvæmustu blettina, svo sem stórborgir, iðjuver og mikilsverðustu herbækistöðvar, hvar sem þær liggja. Stórborgir Bandaríkjanna gætu þótt ekki síður eftirsóknarverð skotmörk en útvirkið Ísland.

Einhverjir NATO-menn hérlendis hafa reynt að slá á þá strengi, að Atlantshafsbandalagið væri vörður friðarins, að friðurinn væri undir vopnastyrk þess kominn. Þetta er sama og að halda því fram, að friður verði aðeins varðveittur með vopnum. Þetta er hættuleg falskenning — ein af mörgum. Ekkert er friði eins varasamt og vígbúnaðarkapphlaupið. Slíkt kapphlaup hefur alltaf og mun alltaf enda í styrjöld. Þetta viðurkenna raunar allir nema þá NATO-mennirnir á Íslandi. Leiðtogar þjóða í austri og vestri þykjast vilja afvopnun og vilja hana máske, og það kemur til af því, að þeir reyna ekki að dylja það reynsluatriði, að vígbúnaðaræðið endar ávallt á einn veg — í styrjöld.

Það er sama, hvernig þessum málum er velt, allt kemur í einn stað niður. Hagsmunir okkar hafa verið fótum troðnir og með okkur á allan hátt farið á hinn óvirðulegasta hátt. Bandaríkjamenn hafa verið ágengir og skarað eld að sinni köku. Íslenzk stjórnarvöld hafa verið undanlátssöm og þannig staðið illa á verðinum um hagsmuni þjóðar sinnar, og eiga þau fyrst og fremst sökina. Ísland átti aldrei að farga hinu dýrmæta hlutleysi sínu, það átti aldrei að ganga í hernaðarbandalag, það átti ekki að ljá land sitt undir útlendar herstöðvar né leyfa hermönnum dvöl, það átti aldrei að gera afstöðu Bandaríkjanna til heimsmála skilyrðislaust að sinni afstöðu í stóru og smáu.

Öll hafa þessi mistök orðið til þess að skerða sjálfstæði landsins hættulega, sjálfsvirðingu þess og álit út á við, þannig að nú situr það við sama borð og önnur leppríki í heiminum. Þjóðinni er það lífsnauðsyn nú að láta af fortakslausri hlýðnisafstöðu sinni við Bandaríkin og hætta að vera taglhnýtingur þeirra. Taka verður upp aðra stefnu í utanríkismálum, stefnu afvopnunar og friðar, stefnu manndóms og sjálfstæðis, stefnu hlutleysis og fullveldis. Íslandi ber að ástunda vinsamleg samskipti við aðrar þjóðir. Það er röng stefna, að Ísland sé látið ógna nokkurri þjóð með her og herstöðvum, og það er umfram allt rangt að láta landsréttindi föl fyrir vináttu, enda verður slík keypt vináttа ævinlega haldlaus, þegar á reynir. Þetta hafa Íslendingar þegar mátt reyna átakanlega.

Burt með her af íslenzkri grund. Afmáum þá svívirðingu, sem herstöðvar í landi okkar eru. Segjum skilið við stríðsbandalagið, sem okkur hefur brugðizt, hvenær sem á reyndi, og aldrei getur orðið okkur annað en til álitshnekkis og auðmýkingar. Lýsum á ný yfir ævarandi hlutleysi Íslands og reisum á þeim grunni farsæla, sjálfstæða og drengilega utanríkisstefnu.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

32. Radíóviti á Sauðanesi.

Á deildafundum 17. maí var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um byggingu radíóvita á Sauðanesi við Siglufjörð [165. mál] (A. 460).

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

33. Virkjunarskilyrði í Fjarðará.

Á deildafundum 20. maí var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn virkjunarskilyrða í Fjarðará [168. mál] (A. 483).

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

34. Útvarpsrekstur ríkisins.

Á deildafundum 25. maí var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun laga um útvarpsrekstur ríkisins [171. mál] (A. 511).

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

35. Byggingar fyrir rannsóknastarfsemi.

Á deildafundum 31. maí var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um undirbúning að byggingum fyrir rannsóknastarfsemi [176. mál] (A. 574).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

Fyrirspurnir.

1. Lántaka í Bandaríkjunum (fyrri fsp. Eystj).

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um lántöku í Bandaríkjunum [11. mál, 1] (A. 11).

Á 3. fundi í Sþ., 26. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 44 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Sþ., 2. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í fyrrahaust og vetur var undirbúin 6 milljón dollara lántaka í Bandaríkjunum. Þessi fyrirspurn fjallar um þetta mál og er svo hljóðandi:
„Hvað hefur verið tekið mikið af fyrirhuguðu 6 milljón dollara láni í Bandaríkjunum?" Og í öðru lagi: „Hvernig hefur því lánsfé verið varið, sem búið er að taka á móti?"

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrsta fsp. á þskj. 11 er á þessa leið: „Hvað hefur verið tekið mikið af fyrirhuguðu 6 milljón dollara láni í Bandaríkjunum."
Því er til að svara, að teknar hafa verið 3 milljónir dollara.
Önnur spurningin: „Hvernig hefur því lánsfé verið varið, sem búið er að taka á móti?"
Enn sem komið er, hefur af þessum 3 millj. dollara einungis greiðzt inn af láninu jafnvirði 377 þús. dollara. Af því hafa 6—7 millj. kr. verið greiddar upp í lán til nokkurra þeirra hafna, sem úthlutun fengu af láni þessu s. l. sumar. Þá hefur seðlabankinn samþ. að verða við beiðni ríkisstj. um fyrirgreiðslu til að mæta þörfum ræktunarsjóðs. Bankinn mun lána í þessu skyni 12½ millj. kr., sem mun svo endurgreiðast af því fé, sem fyrst kemur inn af dollaraláninu. 6½ millj. af þessu fé var greidd 1. des., en 6 millj. mun seðlabankinn inna af hendi eigi síðar en 10. des.
Þá eru hinar fsp. á sama þskj.
Sú fyrsta er: „Hve mikil vörukaupalán (PL 480) hafa verið tekin samtals í Bandaríkjunum?"
Fyrsti vörukaupasamningurinn milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna er frá 1957, og hann er að upphæð 2 millj. 785 þús. dollarar. Sams konar samningur frá 1958 nam alls 3068300 dollurum. Samningur þessa árs nemur alls 2 millj. 575 þús., og er þá meðtalin upphæð viðbótarsamnings um ávaxtakaup, sem nýlega var gerður og nemur alls 375 þús. dollurum. Samtals eru þessir vörukaupasamningar á árunum 1957—1959 því að upphæð 8425300 dollarar. Af þeirri fjárhæð hafa verið notaðir um 6790751.97 dollarar. Af þessari síðasttöldu upphæð er hlutur Íslands 4441227.67 dollarar, og sú upphæð getur gengið til útlána innanlands.
Næsta spurning er á þessa leið: „Til hvaða framkvæmda hefur sá hluti lánsfjárins runnið, sem gengur til útlána hér innanlands?"
Meginhlutinn af innkomnum greiðslum samkvæmt vörukaupasamningum þeim, sem hér um ræðir, hefur verið lánaður sem hér segir:
1) Til greiðslu á innlendum kostnaði við virkjun Efra-Sogs.
2) Til greiðslu á innlendum kostnaði við lagningu á háspennulínu frá Elliðaám til Keflavíkurflugvallar á vegum rafmagnsveitna ríkisins.
3) Smáfjárhæðir til verksmiðja í einkaeign.
Þriðja spurningin: „Hvað er áætlað að þessi vörukaupalán muni nema miklu til ársloka og á næsta ári?"
Eins og áður er greint frá, nemur vörukaupasamningur þessa árs endanlega með nýfenginni viðbót 2575000 dollurum. Fyrir næsta ár hefur enginn samningur verið gerður enn þá, og verður því á þessu stigi ekkert sagt um horfur í þessu efni á því ári.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar, og þótt erfitt væri að greina, eins og gengur, svo margar tölur í skyndi, þá hefur þetta sama gildi, vegna þess að hægt er að fá aðgang að þessu skriflega, og mun ég notfæra mér það.
Ég vil aðeins í framhaldi af þessu skora á hæstv. ríkisstj. að gera gangskör að því að fá sem fyrst síðari hluta lánsins, eða hinar 3 millj. Ég er þeirrar skoðunar, að það hafi verið heilbrigt á undanförnum árum að taka löng lán erlendis og verja til þess, sem þeim hefur verið varið, og ég er sömu skoðunar enn. Ég álít, að það mundi hreinlega búa hér til kreppu, ef það ætti skyndilega að breyta um stefnu í þessu og hætta að taka löng lán til nauðsynlegra framkvæmda. Það er óhugsandi, að uppbygging geti orðið hér eins og hún þarf að vera, nema með einhverju erlendu fjármagni, og ég álít, að það eigi að leita að lánum í því skyni til langs tíma, eins og gert hefur verið.
Í sambandi við það, hvað komið er inn af þessu láni nú þegar, vil ég beina því til ríkisstj., að þess

væri brýn þörf, að ræktunarsjóður fengi fyrir áramótin einnig síðari 12½ millj. krónurnar, sem hann á að fá út úr þessu láni eftir alþingissamþykktinni í fyrra, því að það er augljóst og var fyrir fram augljóst, að sjóðurinn muni alls ekki geta lánað eins og undanfarin ár, nema hann fái þetta fé fyrir áramót.

Ég vil leggja áherzlu á þetta. Þetta hefur verið ljóst og er enn ljósara, að því er mér virðist, í dag en áður. Þegar lánaáætlun og fjáröflunaráætlun fyrir ræktunarsjóð var gerð í ársbyrjun, var einnig gert ráð fyrir um það bil 25 millj. af erlenda láninu. Það verður þess vegna stöðvun í þessum málum, ef ekki kemur nema þessi 12½ millj., sem hæstv. ráðh. upplýsti um.

Ég hefði að vísu talið það betri upplýsingar, ef hæstv. ráðh. hefði sundurliðað, hvað af PL 480 láninu hefur gengið til Sogsvirkjunarinnar og hvað til annars, en ekki er hægt að kalla það neinn megingalla á þeim upplýsingum, sem hann gaf.

2. Vörukaupalán í Bandaríkjunum (fyrri fsp. EystJ).

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um vörukaupalán í Bandaríkjunum [11. mál, 2] (A. 11).

Á 3. fundi í Sþ., 26. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 44 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Sþ., 2. des., var fsp. tekin til umræðu.
[Sjá umr. um fsp. næst á undan].

3. Lántaka vegna togarakaupa.

Á 5. fundi í Sþ., 3. des., var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um lántöku vegna togarakaupa [31. mál, 1] (A. 41).

Á 6. fundi í Sþ., 3. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 44 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sþ., 3. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Eins og kunnugt er, var fyrir nokkru sett löggjöf um togarakaup ríkisins. Undanfarið hafa af og til verið gefnar upplýsingar eða sendar út fréttir um, að fest hafi verið kaup á togurum erlendis, og man ég eftir því, að fyrir fyrri kosningarnar s. l. ár var sérstaklega gefin út tilkynning um, að búið væri að útvega lán fyrir átta skipum, sem ættu að koma til landsins á næstunni, skildist mönnum. En síðar kom í ljós, að þetta hafði verið eitthvað á sandi byggt og að kaup hefðu ekki verið fest. Var þá upplýst, að það hefðu verið gefin út innflutningsleyfi fyrir nokkrum skipum, en mjög var það á reiki, sem þá kom fram um, hvernig frá þeim málum væri gengið, hvort það væri ríkið, sem hefði gengið frá skipakaupunum og tæki lán til þeirra, eða hvort þetta væru einstaklingar eða félög, og þá hver fyrirgreiðsla ríkisins væri. Út af öllu þessu þótti mér rétt að reyna að fá mynd af því, hvernig þessi mál stæðu, með því að bera fram þessa fsp. Hún er orðuð svona: „Hver lán hafa verið tekin erlendis til togarakaupa samkv. lögunum um togarakaup ríkisins?" Ég vænti þess, að sá hæstv. ráðh., sem þessu svarar, gefi yfirlit um það, sem gert hefur verið samkvæmt þessum lögum í togaramálum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er spurt, hver lán hafi verið tekin erlendis til togarakaupa samkv. lögunum um togarakaup ríkisins. — Þessi lög eru frá 1956, nr. 94, og því er til að svara, að ríkisstj. hefur engin lán tekið samkv. þessum lögum frá 1956, um togarakaup ríkisins. Á hinn bóginn hefur með tilvitnun til þessara laga verið veitt ríkisábyrgð á lánum, sem eftirgreindir aðilar hafa tekið vegna kaupa á togurum: 1) Fylkir h/f, það er í sterlingspundum, 110538. 2) Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, það lán er í þýzkum mörkum að upphæð 2 millj. 580 þús. 3) Guðmundur Jörundsson, þýzk mörk, 3 millj. 411 þús. 4) Ísfell h/f, það eru þýzk mörk, 3948300. 5) Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness h/f, þýzk mörk, 3948300. 6) Ísbjörninn h/f, þýzk mörk, 3729360.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar og sé ekki ástæðu til að ræða þessi efni á þessu stigi frekar.

4. Efnahagsmálaráðuneyti og iðnaðarmálaráðuneyti.

Á 5. fundi í Sþ., 3. des., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um stofnun efnahagsmálaráðuneytis og iðnaðarmálaráðuneytis [31. mál, 3] (A. 41).

Á 6. fundi í Sþ., 3. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 44 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sþ., 3. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. í tveim-

ur liðum til hæstv. ríkisstj. varðandi stofnun nýrra ráðuneyta. Hinn fyrri liður fsp. hljóðar svo:

„Samkv. hvaða heimild hefur verið sett á stofn sérstakt efnahagsmálaráðuneyti og þar skipaður ráðuneytisstjóri?"

Skömmu áður en núv. ríkisstj. var mynduð, lét þáv. ríkisstj., stjórn Alþfl., svo hljóðandi fréttatilkynningu frá sér fara, og var hún birt bæði í blöðum og útvarpi:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að koma á fót efnahagsmálaráðuneyti, er framkvæmi athuganir í efnahagsmálum og sé ríkisstj. til ráðuneytis í þeim málum. Er ætlunin að koma með þessu móti í fastara og hagkvæmara form þeim athugunum efnahagsmála, sem undanfarin ár hafa verið unnar á vegum ríkisstj. Jónas H. Haralz hagfræðingur verður ráðuneytisstjóri hins nýja ráðuneytis."

Hér er því lýst yfir af hálfu hæstv. ríkisstj., að stofnað sé sérstakt rn., efnahagsmálaráðuneyti, og ákveðið, að tilgreindur maður verði þar ráðuneytisstjóri.

Ég held, að það sé grundvallarregla í íslenzkum rétti, að ný embætti og nýjar stjórnarstofnanir verði að byggjast á heimild í lögum. Það er að minu viti eðlileg og sjálfsögð regla, að til nýrra embætta sé ekki stofnað án lagaheimildar. Engum mundi t. d. detta í hug að fjölga hæstaréttardómurum, sýslumönnum, prófessorum við háskólann eða héraðslæknum án heimildar í lögum. En er þessi regla þá ekki jafnsjálfsögð og eðlileg um önnur embætti, svo sem um embætti biskups, ráðuneytisstjóra, þjóðkirkjupresta o. s. frv.? Jú, að sjálfsögðu. Það á alls ekki að vera á valdi ríkisstj. né einstakra ráðh. að setja upp ný embætti eða stjórnarstofnanir án atbeina Alþ.

En hvar er að finna lagaheimild til stofnunar þessa efnahagsmálaráðuneytis? Um það er spurt. Og við þeirri spurningu er það vitaskuld ekkert svar að segja, að það hafi átt sér stað áður í vissum tilfellum, að stofnað hafi verið til ráðuneytisstjóraembætta með næsta óformlegum hætti og án fyrir fram fenginnar lagaheimildar. Embætti þessu er ráðstafað án þess, að það sé auglýst laust til umsóknar, svo sem skýlaust er skylt að gera samkv. 5. gr. l. nr. 38 1954. Hverju sætir þvílík lögleysa? Hvers vegna er hér vikið frá skýrum fyrirmælum laga og það einmitt af þeim aðilanum, sem hefur það hlutverk í þjóðfélaginu að halda lögunum uppi? Ég vil taka skýrt fram, að orð mín ber ekki að skilja svo, að ég telji með öllu efnislega óréttlætanlegt að setja þetta nýja ráðuneyti á stofn. En ég tel nauðsynlegt, að til þess sé stofnað með formlegum hætti. Því síður ber að skilja orð mín þannig, að ég gagnrýni þann mann, sem útnefndur hefur verið ráðuneytisstjóri. Enginn efast um hans miklu lærdóm, og á honum hef ég mikið álit. En allt að einu þarf lagaheimild til hans embættis.

Síðari liður fsp. er svo hljóðandi:

„Hefur verið sett á stofn sérstakt iðnaðarmálaráðuneyti, og ef svo er, eftir hvaða heimild?"

Það munu nú vera um tvö eða á þriðja ár, síðan ég las í dagblöðunum hér í Reykjavík frásögn af ræðu, er ráðh. sá, sem þá fór með iðnaðarmál, hélt á fundi í Félagi íslenzkra iðnrekenda, en sú frásögn vakti athygli mína. Þar var svo frá sagt:

„Að lokum skýrði ráðh. frá því, að á döfinni væru skipulagsbreytingar varðandi meðferð iðnaðarmála í stjórnarráðinu. Væri ákveðið, að alveg á næstunni yrði sett á stofn iðnaðarmálaráðuneyti og mundi til þess fenginn sérstakur trúnaðarmaður."

Vel má vera, að ummæli ráðh. hafi brenglazt í meðferð blaðamanns. Hafi ráðh. aðeins sagt það, að í undirbúningi væri frv. til l. um stofnun iðnmrn. og að hann mundi leggja slíkt frv. fyrir Alþ. á næstunni, þá er vitaskuld ekkert við það að athuga. En hafi ráðh. raunverulega heitið því að setja á stofn þetta ráðuneyti án atbeina Alþingis, þá verð ég að segja, að það er of flott skálaræða að minum dómi.

Á því tímabili, sem liðið er, síðan umgetin ræða var haldin, er mér ekki kunnugt um, að fram hafi komið frv. um stofnun sérstaks iðnmrn. Ekki er mér heldur kunnugt um, að um það efni hafi verið gefin út nein fréttatilkynning af hálfu ríkisstj. Nú nýlega hef ég hins vegar orðið þess áskynja, að farið er að skrifa stjórnarráðsbréf í nafni iðnmrn., þ. e. a. s. á bréfhausnum stendur „Iðnaðarmálaráðuneytið" og undir er skrifað fyrir hönd iðnmrn. eða í nafni þess. Sömuleiðis hef ég veitt því athygli, að á fjárlagafrv., 10. gr. f-lið, stendur: Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneyti. — Að gefnum þessum tilefnum er fyrirspurnin fram borin.

Það má vel vera, að það sé ekki út af fyrir sig óskynsamlegt að fela sérstakri ráðuneytisskrifstofu iðnaðarmálin til meðferðar. Um það skal ég ekki ræða hér. En mér virðist margt benda til þess, að hér sé verið að setja á laggirnar sérstakt iðnmrn. án nauðsynlegrar lagaheimildar og án samráðs við Alþingi fyrr en þá eftir á. Það má sannarlega ekki minna vera en að Alþingi sé skýrt frá stofnun nýrra ráðuneyta.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Efnahagsmálaráðuneytið var stofnað í tíð fyrrverandi stjórnar, og ég geri ráð fyrir, að hún hafi þar stuðzt við gamla hefð og ekki áttað sig á, að það, sem fyrirrennararnir höfðu gert, væri allt lögvillur eða lögleysur. Ég man það 1939, þegar ég tók sæti í stjórn Hermanns Jónassonar, þá tók annar virðulegur þm. sæti í nýju rn., sem þá var stofnað með sama hætti og þetta. Það var hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, sem þá varð viðskmrh. Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson, — annar var forsrh. og hinn settist í hið nýja ráðuneyti, — eru fordæmið, sem menn hafa hnotið um.

Að öðru leyti skal ég ekkert mótmæla þeim rökum, sem hv. fyrirspyrjandi bar fram fyrir því, að það bæri að stofna ráðuneyti með lögum. Ég hafði heldur ekki þann heiður sjálfur að vera þátttakandi í stofnun þessa nýja rn. Það gladdi mig að heyra, að hann viðurkenndi fyllilega óvenjulega hæfni þess manns, sem þar réðst til starfa, og ég geng út frá því, að honum eins og öllum öðrum þm. sé ljóst, að eðli málsins samkv. er nauðsynlegt, að slíkt rn. sé nú starfandi. Efnahagsmálin hafa lengi verið, þau eru í dag og verða væntanlega lengi einn veigamesti þátturinn í þjóðmálunum, og án þess að gera lítið úr nokkrum manni, leyfi ég mér að segja, að ég er ekki alveg viss um,

nema okkar efnahagsmálum væri kannske enn þá betur komið en raun ber vitni um, ef þetta rn. hefði verið stofnað fyrr og starfað undir forustu slíks ágætismanns og afburðamanns, svo að ég segi það, sem ég meina, eins og það nú gerir.

Sem sagt, þetta raskar ekki því, að það má sjálfsagt færa mikil rök fyrir, að þetta eigi að vera gert með lögum hverju sinni. En ég vona, að hv. þm. færi þá fyrrv. hæstv. ríkisstj. það til afsökunar, að fordæmin voru svo rík í þessu máli. Það voru hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, og hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, sem fyrir 20 árum áttu ríkastan þátt í þessu, án þess að nokkur þá fyndi að eða það hafi til hins verra leitt í einu eða öðru. Að öðru leyti get ég ekki um þetta meira sagt, en það væri sjálfsagt á hans færi sem þm. að reyna að skerpa þessi ákvæði í einu eða öðru formi, þannig að hinu gamla fordæmi verði ekki oftar fylgt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það mun koma í minn hlut að svara síðari hluta þessarar fsp., sem hljóðar svo: „Hefur verið sett á stofn sérstakt iðnaðarmálaráðuneyti, og ef svo er, eftir hvaða heimild?“

Með bréfi, dags. 27. júní 1947, ákvað þáv. atvmrh., Emil Jónsson, að um nokkra málaflokka, sem fram að þeim tíma höfðu heyrt undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, skyldi framvegis fjallað af sérstöku rn., sem þá var kallað samgöngumálaráðuneyti. Þau mál, sem lögð voru undir hina nýju ráðuneytisskrifstofu, voru aðallega samgöngumál á landi, sjó og í lofti og iðnaðarmál. Á sama tíma var ráðinn skrifstofustjóri í samgmrn. og 30. júní 1947 skipaður fulltrúi, hvort tveggja frá 1. júlí sama ár að telja. Allt frá þessum tíma þar til á miðju ári 1958 er starfslið samgmrn. það, sem hér var talið, auk vélritunarstúlku, sem vann jöfnum höndum fyrir atvmrn., þar eð þessi rn. hafa sameiginlega afgreiðslu.

Sumarið 1957 ákvað þáverandi iðnmrh., Gylfi Þ. Gíslason, að þau bréf, reglugerðir og auglýsingar, sem frá rn. færu og fjölluðu um iðnaðarmál, skyldu rituð í nafni iðnaðarmálaráðuneytisins. Hefur sá háttur verið á hafður síðan. Eru ýmis dæmi um slíka tilhögun hjá öðrum ráðuneytum, er hafa með höndum afgreiðslu málaflokka.

Eins og fyrr er sagt, varð ekki breyting á starfsliði þess rn., sem fjallaði um samgöngu- og iðnaðarmál, þar til á miðju ári 1958, þegar þangað var ráðinn nýr fulltrúi, og var það þá talið nauðsynlegt, vegna þess að afgreiðslum hafði fjölgað mjög með árunum. Þar er svo til ætlazt, að hinn nýi fulltrúi starfi fyrst og fremst við iðnaðarmál í rn. Var ráðningarbréf og síðar skipunarbréf hans, dags. 10. des. 1958, gefið út í nafni iðnmrn. 27. ágúst 1958 var fulltrúi sá, er skipaður var í samgmrn. frá 1. júlí 1947 og áður getur, skipaður deildarstjóri í samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytinu. Þess má einnig geta, að nafnið samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneyti er notað um rn. það, sem hér um ræðir, í fjárlögum 1959.

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að sú skipulagsbreyting, sem gerð hefur verið, og sú verkaskipting, sem upp hefur verið tekin innan samgmrn., ásamt því, að nafn iðnmrn. kemur nú oftið fram út á við, þegar fjallað er um iðnaðarmál sérstaklega, hefur komizt á vegna aukinna verkefna, en sérstakt rn. ekki verið sett á stofn í venjulegri merkingu.

Þetta er grg., sem mér hefur verið látin í té af ráðuneytisstjóra þessa rn., og læt ég mér nægja að lesa hana upp, þar sem um þetta mál hefur að öllu leyti verið ákveðið af fyrrverandi stjórnum og ég ekki tekið neinar ákvarðanir um það efni.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég þakka þessi svör við fyrirspurnunum, svo langt sem þau ná. Mér sýnist það algerlega upplýst og viðurkennt af hæstv. forsrh., að til efnahagsmrn. hafi verið stofnað án þess, að fyrir hendi hafi verið nokkur sérstök lagaheimild til þess. Eins og ég tók fram áðan, tel ég það enga afsökun í því efni, þó að vísað sé til þess, að áður fyrr hafi það átt sér stað, að ráðuneytisskrifstofur hafi verið settar á stofn, án þess að frá því væri gengið með formlegum hætti. Við vitum það sjálfsagt báðir jafnvel, að á vissum sviðum þýðir ekki að vísa til fordæma einna.

Viðvíkjandi síðari lið fyrirspurnarinnar verð ég að segja, að það var hálfgert goðsvar, sem þar var gefið, en þó skildist mér niðurstaðan vera þar sú, að sérstakt iðnmrn. væri ekki enn þá sett á stofn. Það skildist mér vera niðurstaðan. Ég veit það, að hæstv. dómsmrh., sem svaraði þeirri fsp., hefur fullan skilning á því málefni, sem ég hef hreyft hér, vegna þess að mér er kunnugt um það, að einmitt hann hefur hreyft því hér á Alþingi með þáltill., ef ég man rétt, að nauðsyn bæri til að setja löggjöf um stjórnarráðið, svo að þar léki ekki allt á jafnlausu, eins og þar hefur nú gert. Og viðvíkjandi því, að ekki muni stafa kostnaður af þessu, — ja, maður getur ekki sagt iðnaðarmálaráðuneyti — þessari iðnaðarmáladeild, — þá er það nú svo, að reynslan mun vera sú, að alltaf hafi stafað nokkur kostnaðarauki af stofnun nýrra ráðuneyta. Það getur að sjálfsögðu verið eðlilegt og óhjákvæmilegt, að ný embætti og nýjar stjórnarstofnanir séu settar á stofn, en í þeim efnum verðum vér Íslendingar vissulega að gæta mikillar hófsemi. Annars yfirbyggjum við þjóðarskútuna. Réttmæt varfærni er hér bezt tryggð með því, að Alþ. fjalli um þessi mál, þ. e. a. s., að ekki sé hægt að setja á fót ný embætti og nýjar stjórnarstofnanir án atbeina þess. Þar er fjallað um málin fyrir opnum tjöldum. Hér á Alþingi vissulega að standa á verði. Engri ríkisstj. á að haldast það uppi að sniðganga Alþ. í þessum efnum. Það er hlutverk Alþ., en ekki ríkisstj., að stofna ný embætti. Ég vona, að þessi fsp. mín verði þó til þess að minna á og vekja athygli á þessari sjálfsögðu grundvallarreglu, og ég vona, að þessar litlu umr. verði til þess að girða fyrir það, að slík mistök eigi sér stað framvegis.

Sumir segja e. t. v., að þetta sé ekki stórt mál, að það skipti ekki svo miklu máli, þar eð ríkisstj. mundi auðvelt eftir á, eftir því sem stjórnarháttum er háttað hér á landi, að fá samþykki Alþ. fyrir þeim embættum og stjórnarstofnunum, er hún telur nauðsyn á. En slíkur hugsunarháttur er byggður á miklum misskilningi. Hér er sannarlega ekki um neitt smámál að ræða.

Það er lögbundið stjórnarkerfi og lögskipan þjóðfélagsins, sem hér er um að tefla, ef dýpra er skyggnzt. Landstjórnarmenn eiga sem aðrir að vera bundnir af lögunum og mega ekki taka sér vald, sem þeir ekki hafa. Og ég vil geta þess, að því var ekki andæft af hæstv. forsrh., að það hefðu verið gersamlega brotin lög í sambandi við veitingu þessa ráðuneytisstjóraembættis, og það skiptir engu í því sambandi, hvort hæfur maður hefur valizt eða ekki. Það eru lög í landi hér, að embætti skuli auglýsa, þau embætti, sem lög 38 1954 taka til, öll að undanteknum embættum í utanríkisþjónustunni. Þessa hefur ekki verið gætt. Á því vantar alla skýringu. Og eitt er víst: að sú embættafjölgun, sem hér hefur átt sér stað, og starfsmannaaukning, sem stefnt er að með stofnun hinna nýju ráðuneyta, sem hér er um að ræða, er í litlu samræmi við kjörorð núv. hæstv. ríkisstj. um, að Íslendingar lifi nú um efni fram. Á hinn bóginn er hún alveg í framhaldi af og í ágætum stíl við þá ráðherrafjölgun og þá bílstjórafjölgun, sem átt hefur sér stað hjá núv. ríkisstjórn.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það væri sjálfsagt ekki neitt við að amast, ef þessar umr. hér yrðu til þess að flýta fyrir framgangi þeirrar till., sem hæstv. núv. dómsmrh. bar fram fyrir nokkru um það, að skipan væri gerð á málefnum stjórnarráðs Íslands. Löggjöf um það er öll í brotum, og ég geri ráð fyrir, að þessi hv. fyrirspyrjandi hafi hugboð um það, jafnvel þó að hann hefði enga aðstoð fengið í þeim efnum við yfirlestur á þeim till., sem hæstv. núv. dómsmrh. hefur um þetta flutt.

Hins vegar er það, finnst mér, meira fyrir blaðamennsku en þingumræður, — og ég heyrði nú, að hv. fyrirspyrjandi hafði skriflega bæði frumræðu og svarræðu hér, í hvaða tilgangi sem það er gert, — að deila nú fast á hæstv. fyrrv. ríkisstj. fyrir að hafa fylgt fordæmi, sem hefur verið talið gott og gilt í tvo áratugi og er stofnað til, ef ég veit rétt, af hv. 2. þm. Vestf. (HermJ), sem í fyrsta slíkt embætti eða fyrsta slíkt rn. skipaði sjálfan formann þingflokks Framsfl., hv. 1. þm. Austf.

Hv. fyrirspyrjandi gerir hér mjög mikið úr því, að menn skuli leyfa sér að brjóta hér lög og auglýsa ekki einu sinni embættið. Ég hefði gaman af, ef hann vildi spyrja formann síns eigin flokks, hvað hann gerði, þegar viðskmrn. var stofnað undir hans forustu, hvar þær auglýsingar séu, sem öfluðu honum ráðuneytisstjóra. Ég hefði líka gaman af að vita, hvar þær auglýsingar eru, sem gerðu núv. ráðuneytisstjóra í félmrn. að ráðuneytisstjóra þar, eða t. d. eftir hvaða lögum það rn. var stofnað eða samgmrn. Ég man ekki, hvort nokkurn tíma hefur verið stofnað landbrn. Þetta er nú sannast sagna þannig, að það er fullkomin þörf, að farið sé eftir þeim tilmælum, sem hæstv. núv. dómsmrh. með tillöguflutningi sínum beindi til Alþingis, þó að það næði þá ekki fram að ganga. Það er fullkomin þörf, því að eins og ég segi, þegar nýtt rn. er stofnað, þá ræður hending, hvernig málum er skipt á milli ráðh., það ræður líka hending, hve margir eru ráðh. og jafnvel bílstjórar. Þeir eru víst færri núna en þeir voru, þegar vinstri stjórnin var, — ég veit það ekki, — en ég held, að það keyri samt fleiri ráðh. núna í bílum, sem þeir leggja sér til sjálfir. En það er nú mál fyrir utan þetta, það er meira blaðamatur, eins og þar stendur.

En sem sagt, það er ástæða fyrir þennan hv. fyrirspyrjanda að minnast þess, að hvert rn. á fætur öðru hefur verið stofnað, án þess að lagaheimildir hafi verið, í 20 ár eða meira. Ég man ekki, hvenær hv. þm. kom á þing, ég hef séð hann hér fyrr, en hvort það eru tvö eða þrjú ár, síðan hann kom, man ég ekki, en það er nú af því, að maður kannast svo vel við andlitið, án þess að hafa séð hann á þingbekkjunum. En ekki hefur þetta kvalið hann mikið, úr því að fsp. kemur fyrst fram núna. Iðnmrn. sagðist hann hafa heyrt um fyrir tveimur árum. Það var víst einhver annar stjórnarformaður þá en nú, enda gerir það honum enga andlega kvöl, iðnmrn., fyrr en núna. Og öll þau fordæmi, sem þarna voru og eru að hans mati ólögleg, hafa ekki heldur valdið honum neinum óþægindum, fyrr en fyrrv. hæstv. ríkisstj. stofnar það rn., sem kannske er einna mest þörf fyrir.

Ég hefði ekki óskað eftir að þurfa að svara sérstaklega í neinum ádeilutón þessari fsp., en hún er flutt í svarræðunni meira sem blaðagrein en sem þingleg fsp. Þess vegna hef ég leyft mér að biðja hv. fyrirspyrjanda að rifja upp dálítið aftur í tímann, hvað hefur gerzt í þessum efnum, hverjir valda og hvar fordæmin eru, t. d. hverjir auglýstu og hvenær embætti ráðuneytisstjóra í samgmrn., í félmrn., í viðskmrn. Ég hefði gaman af að heyra, hvar þau fordæmi eru og eftir hvaða lögum, og líka, af hverju það hefur aldrei hvarflað að hv. fyrirspyrjanda að segja okkur frá þessu mikla leyndarmáli, sem hann hefur búið yfir, að þetta væri tóm lögleysa allt saman.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ráðuneytin í stjórnarráðinu eru 9 að tölu, og eru 4 þeirra stofnuð með lögum, en 5 án lagasetningar. Þau, sem eru stofnuð með lögum, eru þessi: utanrrn., dóms- og kirkjumrn., fjmrn. og atvmrn. Þau, sem stofnuð eru án sérstakrar lagasetningar, eru: forsrn., viðskmrn., menntmrn., félmrn. og samgmrn.

Það hefur, að ég ætla, ekki verið talið hingað til ólöglegt að setja rn. á stofn án sérstakrar lagasetningar. Og þegar hinn ágæti fyrirspyrjandi ritaði sína ágætu bók um stjórnarfarsrétt, komst hann þar ekki svo að orði, að ólöglegt væri að setja á stofn ráðuneyti með ráðherraúrskurði, heldur mun hann hafa komizt svo að orði um þessi 5 ráðuneyti, að þau hafi verið stofnuð með heldur óformlegum hætti. Lengra var ekki gengið þá, þegar hann sem visindamaður og fræðimaður skrifaði sína ágætu bók. Hann tekur nú hér sem þingmaður nokkru dýpra í árinni og gerir það að ádeiluefni á fyrrv. hæstv. ríkisstj., að hún hafi stofnað til efnahagsmrn. án sérstakrar lagasetningar. Hér hefur verið bent á nokkur fordæmi, og ég verð að segja, að ef hér á að deila á einhverja, þá hitta ádeilur hv. fyrirspyrjanda, — það vill nú svo einkennilega til, að þær hitta fyrst og fremst formann hans eigin þingflokks og formann flokksins. Það hefur hitzt svo á í hinum langa ráðherradómi hv. 1. þm. Austf., formanns Framsfl., að hann hefur a. m. k. tvisvar sinnum setzt í rn.,

sem var stofnað um leið og hann tók við og án lagaheimildar. Eins og hér var getið um, var það bæði viðskmrn. 1939 og auk þess menntmrn. 1947. Það eru ekki mín orð eða mín skoðun, að það sé ólöglegt að stofna rn. með ráðherraúrskurði, en hitt vil ég taka skýrt fram, að ég tel það sjálfsagt og óhjákvæmilegt að setja löggjöf um stjórnarráðið.

Í sambandi við athugun á starfsemi, skipulagi og meiri hagsýni og bættum vinnubrögðum í rekstri ríkisins kemur m. a. strax fram, hversu skortir mjög á skipulag í stjórnarráðinu. Eins og hæstv. forsrh. tók fram, kemur það fyrir, jafnvel oftast, þegar ríkisstj. er mynduð, að rn. eru bútuð sundur, og hefur jafnvel komið fyrir, að einn og sami ráðuneytisstjóri heyrir kannske undir þrjá eða jafnvel fjóra ráðh., hvern með sinn málaflokkinn. Það er nauðsynlegt að koma hér miklu betri og fastari skipan á, og allsherjar endurskoðun verður að sjálfsögðu að fara fram í þessu efni og setja um það löggjöf, þegar nægur undirbúningur hefur farið fram.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú haft hér á vinnubrögð hinna leiknu stjórnmálamanna. Í stað þess að ég var að spyrja hann, hefur hann farið að spyrja mig. Ég verð að sýna ofur lítinn lit á því að svara þeim fsp., sem hann bar hér fram.

Hann spurði, hvernig hefði verið háttað auglýsingu 1939 og auglýsingu 1946 á tilteknum embættum. (Gripið fram í.) Já, þingheimur þarf að vita þetta líka, þó að hæstv. forsrh. hafi fengið þessar upplýsingar frá sessunaut sínum. Því er til að svara, að það voru engin lög þá í gildi, sem buðu það almennt, að embætti skyldu auglýst til umsóknar. En þau lög komu 1954, og það vantar alla skýringu á því, hvers vegna lögin hafa verið brotin að þessu leyti til.

Í annan stað var hann að spyrja um stofnun vissra ráðuneytisskrifstofa. Og hann spurði, hvaða lög hefðu gilt, þegar menntmrn. var stofnað, hvaða lög hefðu gilt, þegar félmrn. var stofnað. Ég vil minna hann á, að bæði þessi ráðuneyti voru stofnuð í hans forsætisráðherratíð. Og út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, þá er það rétt, að ég hef sagt um þessi eldri embætti, að til þeirra hafi verið stofnað með óformlegum hætti. Það er hið rétta orðalag um þetta, því að það dettur engum í hug að halda því fram núna, að þessi fjögur ráðuneytisstjóraembætti í stjórnarráðinu, sem stofnað hefur verið til með þeim hætti, séu ólögleg, vegna þess að þau hafa margsinnis á þeim árum, sem síðan eru liðin, verið samþykkt og hlotið staðfestingu óbeinlínis hér á Alþingi. Það hefur hins vegar ekki legið fyrir, að stofnun ráðuneytisstjóraembættisins eða iðnmrn. hafi hlotið slíka staðfestingu enn hér á Alþingi. Það verður sjálfsagt, en það hefur ekki verið gert. Og þess vegna var ástæða til þess að spyrja einmitt um þessi embætti, og það liggur svo ljóst fyrir sem verða má, að ríkisstj. hefur — ekki núv. hæstv. ríkisstj., heldur fyrrv. hæstv. ríkisstj. — stofnað til efnahagsmrn. án nokkurrar lagaheimildar og hún hefur þverbrotið 5. gr. l. nr. 38 1954 um auglýsingu embætta, þegar þau á að veita.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég verð að hryggja hv. fyrirspyrjanda og þann, sem var nú að svara mér, með því, að ég tek mér ekkert nærri, þó að ég væri staðinn að því að þekkja lög landsins ekki eins vel og prófessorinn. Og ég tek mér ekki heldur nærri, heldur þykir mér sómi að játa, að það, að ég gat gripið fram í fyrir honum, sýndi, að við hliðina á mér sat maður, sem kunni þau ekki síður en hann, það er hæstv. núv. dómsmrh. Og mér þótti meira að segja mikið til koma að koma því sem fyrst á framfæri, að ég hefði ekki kunnað lögin eins vel. Það hefur komið fyrir mig fyrr að kunna ekki fögin eins vel og kennarinn minn. Það er bezt, að menn viti það.

Ég vil svo aðeins út af því, sem hv. fyrirspyrjandi gat um í sambandi við veitingu ráðuneytisstjóraembættisins í efnahagsmrn., segja það, ef það væri honum til hugarléttis, að það skeði ekki annað þá en breyt. á því embætti, sem formaður hans flokks, hv. 2. þm. Vestf., hafði stofnað, væntanlega með einhverri lagaheimild, þótt ég, eins og vant er, þekki ekki þau lög, — embætti, sem hét efnahagsmálaráðunautur, og borgaði, eftir því sem ég er búinn að rannsaka, ekki sjálfur launin hans, en lét borga þau úr ríkissjóði. Það er svo eins og vant er, að þeir, sem höfðu starfað í stjórn með þeim virðulega manni, skömmuðust sín ekkert fyrir hans verk og þótti ágætt fordæmi að stiga aðeins hálfu skrefi lengra en hann hafði stigið í lögleysunni þá, ef allt er löglaust. Þeir leyfðu sér að gera þá breytingu á þessu embætti, sem hæstv. þáv. forsrh., Hermann Jónasson, hafði stofnað, að kalla manninn ráðuneytisstjóra í staðinn fyrir efnahagsmálaráðunaut. — Ja, ég er tilbúinn til að láta kalla fram í fyrir mér, því að hv. fyrirspyrjandi má ekki tala aftur. Ég er tilbúinn til þess, ef hann vill koma einhverju að, að þegja á meðan. Mér finnst sanngjarnt, að hann fái að segja eitthvað. — Ja, ef hann ekki óskar þess, þá þarf ég heldur ekki að segja meira. Við erum alveg sáttir og höfum báðir lært hvor af öðrum, ég auðvitað meira af honum í lögum, en hann kannske meira af mér í einhverju öðru, t. d. sannleiksást.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara hér að ræða um, hvort þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið — ekki af núverandi stjórn — í þessum efnum séu lögmætar eða ekki. En ég vil benda á, að þó að hv. fyrirspyrjandi hafi sagt, að núv. ríkisstj. hafi ekkert gert í þessum efnum og hann hafi hana ekki fyrir sökum, þá hagaði hann þó sinni síðustu ræðu svo sem það væri á ábyrgð núv. ríkisstj., hvað gert hefði verið, talaði um þessar ráðstafanir í sama vetfangi og fjölgun ráðh. og fjölgun bílstjóra, sem hann lagði að jöfnu, með réttu eða röngu, sem sýndi nokkuð, í hvaða hug þessi fsp. er flutt og af hvaða tilefni. Það er sem sagt ekki um það að villast, að þetta á að vera árás á núv. stjórn af hálfu þeirra manna, sem fyrst og fremst bera ábyrgð á þeirri skipun, sem þeir nú eru að ráðast á, og senda þennan hv. þm. fram til þess að koma hér með dylgjur og fullyrðingar, sem eru meira og minna staðlausar.

Hann talar t. d. um, að það hafi verið stofnað iðnmrn. Hafi það verið stofnað, var það að vísu

stofnað af hinni sælu vinstri stjórn í góðri samvinnu við þáv. hæstv. forsrh. og undir ægishjálmi hv. þáv. fjmrh., sem fæst lætur sér óviðkomandi, eins og við vitum. En það, sem upplýst var og búið var að lesa hér upp, er, að allt, sem skeð hefur, og allt, sem hinn fyrrv. samstarfsmaður þessara manna, núverandi hæstv. mennta- og viðskmrh., gerði sig sekan um í þessu, var það, að hann kallar rn., sem áður var kallað samgmrn., í þess stað samgöngu- og iðnmrn. og hefur látið útbúa bréfhaus með því að kalla það iðnmrn. Ég veit, að hv. fyrirspyrjandi er fróður í þessum efnum. Hefur hann t. d. aldrei heyrt talað um heilbrmrn., um kirkjumrn.? Það er þó eitt og hið sama og dómsmrn., stundum kallað dóms- og kirkjumrn., stundum kallað heilbrmrn., stundum kallað dómsmrn., — sem sagt skiptist eftir þessum þremur nöfnum eftir því, hvaða málaflokk er verið að fjalla um í rn., bæði stundum í opinberum skýrslum og einkanlega af öllum almenningi. Og ef ekki væru nú meiri syndirnar, sem gerðar hefðu verið varðandi það, sem ég vil kalla upplausn stjórnarráðsins, fyrst og fremst undir forustu Framsfl., þá væru syndirnar í þessum efnum ekki miklar.

En eins og hér kom fram, byrjaði þessi skipan, sem hv. fyrirspyrjandi er nú að reyna að gera hér tortryggilega og tengja við núv. ríkisstj., aðallega með stjórnarmyndun Hermanns Jónassonar 1939 og hefur síðan verið framkvæmd af öllum flokkum, en þarna var fyrirmyndina að sækja. Vegna þessa ástands flutti ég fyrir hér um bil tveimur árum, á þinginu 1957, með leyfi hæstv. forseta, till.. sem ég vildi lesa upp, till. til þál. um endurskoðun löggjafar um stjórnarráð Íslands:

„Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu fimm menn til að endurskoða löggjöf um stjórnarráð Íslands og gera tillögur um skipun ráðuneyta og skiptingu starfa á milli þeirra."

Grg. var svo svohljóðandi:

„Löggjöf um stjórnarráð Íslands er mjög í molum, og hefur skipun ráðuneyta eða stjórnardeilda orðið mjög með öðrum hætti en þar er ráðgert. Ráðuneytum hefur verið fjölgað með ákvörðun einstakra ríkisstjórna eða jafnvel ráðherra. Leikur það orð á, að stundum hafi vandi við val milli tveggja manna í eitt embætti orðið til þess, að ráðuneytum væri fjölgað, svo að forstöðumennirnir yrðu tveir í stað eins áður. Í öðrum tilfellum hafa jafnvel enn veigaminni ástæður leitt til stofnunar nýs ráðuneytis.

Þvílík lausatök á hinni æðstu stjórn landsins eru óheppileg, hvernig sem á er litið. Efnt hefur verið til aukins kostnaðar, án þess að nokkur trygging væri fyrir bættum afgreiðsluháttum. Á stundum hefur hið gagnstæða beinlínis orðið afleiðingin. Með fjölgun starfsmanna og flóknara kerfi hefur málsmeðferð orðið lakari en áður.

Af augljósri fjársóun og skriffinnsku í sjálfu stjórnarráðinu hefur leitt, að mun erfiðara hefur verið að standa á móti sams konar þróun í ríkiskerfinu að öðru leyti. Eftir höfðinu dansa limirnir. Brýn nauðsyn er því til, að nýrri skipan verði komið á starfshætti í stjórnarráði Íslands. Æskilegast er, að þær umbætur verði lögfestar með samráði og samvinnu ríkisstjórnar og stjórnarandstæðinga, svo að líkur verði fyrir meiri festu í þessum efnum en verið hefur. Þess vegna er hyggilegt, að sérstök nefnd verði kosin með þeim hætti, svo sem hér er lagt til, í því skyni að annast hina nauðsynlegu endurskoðun."

Þetta var lagt til fyrir hér um bil tveimur árum. En undirtektir þáv. hæstv. ríkisstj. og fyrst og fremst þáv. hæstv. fjmrh. voru þær, að það mátti alls ekki hafa samráð við þáv. stjórnarandstöðu um meðferð málsins. Fyrst var reynt að koma í veg fyrir samþykkt till. Þegar ljóst var, að hún mundi þó hafa nokkurn byr í þinginu, einnig hjá ýmsum í þáv. stjórnarliði, jafnvel innan Framsfl., þá var fallizt á að samþykkja till. þannig breytta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á löggjöf um stjórnarráð Íslands og leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp um þetta efni svo fljótt, sem verða má."

Þarna var hið gamla: Eysteinn Jónsson, þáv. hæstv. fjmrh., Hermann Jónasson og aðrir höfuðforkólfar Framsfl. vildu halda því í sinni hendi, hvernig æðstu stjórn landsins og umgerð hennar væri komið fyrir, og beinlínis neituðu að eiga samstarf, sem boðið var fram af þáv. stjórnarandstöðu, um að reyna að finna á þessu skipan, sem gæti staðið til frambúðar og allir flokkar sætt sig við. Eftir að þetta hefur gerzt og þannig hefur tekizt að eyða þessu máli, því að vitanlega hefur ekkert heyrzt frá þeim mönnum, sem síðar voru skipaðir af þáv. hæstv. ríkisstj., um málið leyfir sér svo þessi framúrskarandi þm. Framsfl., sem hér talaði áðan, að vera með dylgjur í annarra garð fyrir, að þeir standi fyrir einhverri óreiðu varðandi þessi efni, — einmitt þeir menn, sem fyrst allra og ýtarlegast hafa bent á, að hér væri stefnt í óefni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér hafa farið fram í sambandi við þá fsp., sem hér er á dagskrá, vil ég leyfa mér að benda hæstv. forseta á, að samkv. 31. gr. þingskapa á bls. 21 er alveg skýrt ákveðið, að engir þingmanna, aðrir en ráðherrar, megi tala oftar en tvisvar í hverju máli í sambandi við fyrirspurnir og ekki lengur en fimm mínútur í hvert skipti.

Ef hæstv. forseti hugsar sér að breyta þessari reglu, væri æskilegt, að hann léti bera fram frv. til l. um breyt. á þingsköpum. En við þm., sem verðum að lúta þessum fyrirmælum og teljum okkur skylt að gera það, munum ekki þola, að hér sé brugðið út af, og sízt af öllu þegar um er að ræða hreint áróðursmál fyrir stjórnarandstöðuna, eins og hér hefur komið fram. — Þetta þótti mér rétt að láta koma fram hér í umræðunum.

Eysteinn Jónsson: Það eru fáein orð út af aðallega blænum á þessum umr., sem er að mínu viti nokkuð furðulegur. Hér er fsp. í tveimur liðum. Annar er um það, hvort það hafi verið stofnuð tiltekin rn. Hinn er um það, hvort staða ráðuneytisstjóra í efnahagsmrn. hafi ekki verið auglýst.

Síðara atriðinu hefur engu verið svarað, sem hægt er að taka nokkurt mark á. Það er þó augljóst mál, að aðfinnsla fyrirspyrjanda í því efni er fullkomlega réttmæt. En varðandi hitt atriðið, að rn.

hafi verið stofnað án lagasetningar, þá er þessu atriði svarað skætingi, einvörðungu skætingi af hendi hæstv. ríkisstj., því að auðvitað er það ekkert annað en skætingur að svara hv. fyrirspyrjanda því, að honum væri sæmst að hreyfa ekki þessu máli, vegna þess að þm. úr sama flokki og hann hefðu einhvern tíma — fyrir 20 árum — staðið að því að stofna rn., án þess að sérstök lög væru um það sett. Það var byrjað á því að tala um það hér fyrst, að ég hefði staðið að því fyrir 20 árum að stofna viðskmrn., og var nú ekki fleira tínt fram í því sambandi, en síðan hefur verið upplýst hér, að hv. þm. eða ráðh. úr a. m. k. þremur flokkum þingsins hafa staðið að því að setja á fót rn., án þess að löggjöf hafi verið sett um þau mál.

Þannig liggur þetta fyrir. En hugsunarháttur þeirra hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, er sá, að vegna þess að þetta hafi verið þannig, sé það í raun og veru ósæmilegt og alveg ótilhlýðilegt af nýjum þm., manni, sem er nýkosinn á þing, að finna að þessu. Manni skilst, að það sé nærri því ósæmilegt af nýjum þm. að finna að þessu, vegna þess að þetta hafi verið svona áður og einhvern tíma hafi þm. úr sama flokki og hann er í átt þátt í þessu. Þetta gefur ofur litla hugmynd um hugsunarhátt þeirra hæstv. ráðh., sem að þessu standa. Ef mönnum finnst eitthvað athugavert, eiga þeir að þegja um það samkv. þeirra skilningi, ef einhver úr þeirra eigin flokki hefur komið nærri því, — þá er ósæmilegt af þeim að hreyfa því. Ef þeir vilja koma einhverjum endurbótum fram, nýir menn í þinginu, þá er það ósæmilegt af þeim að hreyfa því máli, ef einhver maður úr þeirra eigin flokki hefur einhvern tíma komið nálægt því að hafa á þá skipun, sem þeir vilja gagnrýna. Þessum hugsunarhætti er full ástæða til að mótmæla gersamlega, því að hann er ósæmilegur. Það er ósæmilegt — fullkomlega ósæmilegt — að setja ofan í við þm. fyrir að vilja koma á endurbótum í einhverju efni og svara þeim skætingi einum af þessu tagi.

Það er í raun og veru þetta, sem sagt er við hv. þm.: Þér er bezt að hafa þig hægan, því að framsóknarmenn gerðu þetta. — Og svo er annar hugsunarháttur líka, sem kemur hér fram, grátbroslegur, og hann er þessi: Ef framsóknarmenn hafa gert eitthvað, þá er alveg sjálfsagt, að aðrir geri það líka. (**Gripið fram í:** Þetta er nú hroðalegur hugsunarháttur.) Já, hann er hroðalegur. Þetta er hroðalegur hugsunarháttur að ætla að afsaka sig með því einu, að einhver annar hafi áður farið eins að. — Nú er ekki svo sem hér sé um eitthvert ódæði að ræða. Hér hafa verið stofnuð rn., eins og ég segi, af fulltrúum úr öllum flokkum án lagasetningar.

Ég gat ekki stillt mig um að vekja athygli á þessari sérstöku framkomu hæstv. ráðh. í sambandi við þessi mál, sem þar að auki ber, að því er mér virðist, vott um of mikinn taugaóstyrk, og framkoma þeirra er fullkomlega ósæmileg í garð þess þm., sem hefur hreyft þessu máli. Hann telur, að hér þurfi endurbóta við, og þá á að ræða það málefnalega, hvort hann hafi rétt fyrir sér eða rangt í því efni, en ekki svara skætingi, eins og hæstv. ráðh. hafa gert.

Hæstv. dómsmrh. var að tala um það hér áðan, að fyrrv. ríkisstj. og sérstaklega ég hefði ekki viljað hafa samvinnu við stjórnarandstöðuna um að koma á nýrri skipan í stjórnarráðinu, og deildi á mig fyrir það. Ég býst við því, að hann snúi sér til okkar nú í stjórnarandstöðunni næstu daga til þess að taka upp við okkur samvinnu um þetta mál, því að væntanlega ætlar hann ekki að hafa þann hátt á að fara þá eins að og hann gagnrýndi hjá okkur og afsaka sig bara með því, að þannig hafi framsóknarmenn farið að og þess vegna sé sjálfsagt fyrir hann að gera það líka. En það væri alveg í samræmi við það, sem fram kom hjá hæstv. dómsmrh. áðan. En ef hann vill ekki haga því þannig, þá býst ég við því, að hann muni snúa sér til stjórnarandstæðinga nú til þess að hafa samvinnu um að endurskipuleggja stjórnarráðið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Af því að annar liður þessarar fsp. fjallar um iðnmrn. og ég ber ábyrgð á þeirri skipan, sem nú er á afgreiðslu mála í því rn., finnst mér rétt að láta koma fram nokkrar skýringar á því, hvers vegna ég taldi rétt á sínum tíma að taka upp þá skipan, sem enn helzt.

Skömmu eftir að mér hafði verið falin forsjá iðnaðarmála í ráðuneyti Hermanns Jónassonar 1956, fékk ég til afgreiðslu mál fyrstu daga þeirrar stjórnar varðandi iðnfræðslumál, og mér var ætlað að afgreiða það mál bréflega í nafni samgmrn. Þetta var auðvitað fjarstæða. Rétt á eftir var um það að ræða að gefa út einkaleyfi í iðnaði, einkaleyfi í iðjurekstri. Það einkaleyfi átti ég að gefa út í nafni samgmrn. Og það leið ekki heldur langur tími, þangað til á borð mitt bárust mál, sem snertu réttindamál iðnaðarmanna. Þau átti líka að afgreiða í nafni samgmrn. Það er ekki aðeins, að slíkt afgreiðsluform er beinlínis hlægilegt, heldur er stærstu atvinnustétt landsmanna með þessu móti sýnd bein lítilsvirðing, að öll mál iðju og iðnaðar í landinu, sem er nú orðin stærsta atvinnugrein Íslendinga, skuli úr sjálfu stjórnarráðinu vera afgreidd í nafni samgmrn. Sök sér hefði verið, ef skipulag málanna hefði verið þannig, að málin hefðu verið afgreidd í nafni atvmrn., svo sem upphaflega mun hafa verið. En fyrir um það bil tíu árum hafði verið sú breyting gerð á atvmrn., að út úr því höfðu verið klofin samgöngumál og iðnaðarmál og falin til meðferðar sérstöku rn., sem hlaut þá nafnið samgmrn., en hefði átt að kalla samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneyti, svo sem nú er gert. Sú breyt. hafði raunar líka gerzt með einföldu ráðherrabréfi, en ekki með lagasetningu, svo sem þegar er búið að víkja að.

Ég aflaði mér því upplýsinga um, hvernig skipulag þessara mála væri í öðrum rn., og fékk þá auðvitað strax þau svör hjá mönnum, sem það vissu, að það væri mjög algengt skipulag í hinum stóru rn. að afgreiða einstök mál undir nafni, sem svaraði til þess málaflokks, sem málin heyrðu til, eins og raunar hæstv. dómsmrh. gat um í sinni ræðu áðan. Það er til í lögum aðeins ákvæði um atvinnumálaráðuneyti, en það er áratuga venja og skynsamleg venja að afgreiða mál atvmrn. ýmist undir nafni sjútvmrn. eða landbrn. Sú venja skapaðist með mjög venjulegum hætti á þann hátt,

að það varð mjög algengt, að sitt hvor ráðh. færi með sjávarútvegsmál og landbúnaðarmál. Og til þess að báðir ráðh. afgreiddu ekki mál í nafni atvmrn., skapaðist sú venja fyrir áratugum að afgreiða mál atvmrn. ýmist í nafni sjútvmrn. eða landbrn. Sama venja er einnig í dóms- og kirkjumrn., að afgreiða mál þar ýmist í nafni dómsmrn., kirkjumrn. eða heilbrmrn., og fleiri dæmi um þetta mætti nefna. Þessi regla er skynsamleg, og hana þótti mér sjálfsagt að taka upp varðandi afgreiðslu þess rn., sem fram til ársins 1957 hafði verið kallað samgmrn., að afgreiða öll iðnaðarmál þaðan í nafni iðnaðarmálaráðuneytis. Því fór því fjarri, að það væri fordæmalaust, og auk þess, að því er ég tel, mjög skynsamleg og heppileg ráðstöfun og iðnaðinum í landinu með því sýndur lágmarkssómi. Þessu fylgdi enginn kostnaður á sínum tíma, því að í sambandi við þetta var engin breyt. gerð á starfsliði rn. Það var ekki fyrr en síðar, að í ljós kom, að afgreiðslur, sem snertu iðnað, urðu æ umfangsmeiri, auk þess sem beinlínis ný verkefni voru tekin upp í rn., sem við, sem um málin fjölluðum, töldum rétt að sinna meira en áður hafði verið gert. Í sambandi við það var ráðinn sérstakur fulltrúi. Til þess þurfti ekki lagaheimild, heldur eingöngu fjárlagaheimild, og hennar var aflað. Um það efni fór allt að eðlilegum lögum.

Ég vil því ekki viðurkenna, að að því er snertir iðnmrn. hafi neitt það gerzt, sem sé í ósamræmi við lög og ekki heldur í ósamræmi við nokkra skynsamlega venju, heldur þvert á móti að sú skipun, sem þarna var tekin upp, hafi verið eðlileg og sjálfsögð gagnvart iðnaðinum í landinu.

Að því er hitt atriðið snertir, sem síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Austf., vék að, að ekki hafi verið farið að lögum varðandi stofnun embættis ráðuneytisstjóra í efnahagsmrn. að því leyti, að það hafi ekki verið auglýst, vil ég segja þetta:

Ríkisstj. Hermanns Jónassonar réð til sín mann, sem skyldi vera efnahagsmálaráðunautur hennar. Með því stofnaði hún í raun og veru nýtt embætti. Það má segja, að það hafi ekki verið farið að lögum að auglýsa það embætti ekki, strangt tekið. Þar hafði hv. fyrirspyrjandi rétt fyrir sér. En lagaákvæði geta verið þannig, að ekki sé hægt að framfylgja þeim út í æsar, og er þetta starf einmitt gott dæmi um það. Það hefði verið beinlínis hlægilegt, ef ríkisstj. Hermanns Jónassonar hefði auglýst eftir efnahagsmálaráðunaut. Hvað segja menn um það? Á því hefði verið þokkalegur svipur eða hitt þó heldur, og það datt engum í hug í þeirri ríkisstj., að það kæmi til mála, að stjórnin ætti að fara að auglýsa eftir efnahagsmálaráðunaut. En starfið var engu að síður stofnað, manninum greidd sín laun, hann fékk sína skrifstofuaðstöðu og alla nauðsynlega aðstoð, sem hann þurfti á að halda til þess að sinna sínu starfi. Það, sem fyrrv. ríkisstj., ríkisstj. Emils Jónssonar, taldi sér rétt að gera vegna þeirrar góðu reynslu, sem af starfi ráðunautsins fékkst, var að koma fastari skipun á starf hans. Það þótti eðlilegast að gera með þeim hætti að breyta starfi hans og skrifstofu hans í ráðuneytisstjórastarf og ráðuneyti.

Vegna þess að starfið var þegar til, var mikið álitamál, hvort eðlilegt eða rétt væri að auglýsa það, og það varð niðurstaða okkar, sem um það mál fjölluðum í fyrrv. ríkisstj. Hæstv. forsrh. og meðráðh. minir nú úr Sjálfstfl. bera á þeirri ákvörðun enga ábyrgð. Það var ákvörðun okkar fjórmenninganna í fyrrv. ríkisstj. Eftir að hafa rætt það mál við ýmsa sérfróða menn varð niðurstaða okkar, að ekki væri ástæða til þess að auglýsa þetta embætti, af því að hér væri um að ræða breyt. á einu starfi í annað. Hafi eitthvað verið rangt gert, að því er varðar starf Jónasar Haralz, þá hefur það fyrst og fremst verið gert, þegar hann var ráðinn sem efnahagsmálaráðunautur. Þetta varð niðurstaða okkar þá, og töldum við því ekki rétt að auglýsa starfið, þegar efnahagsmrn. var stofnað.

Því má einnig bæta við, að í vissum tilfellum getur verið varasamt að auglýsa störf, jafnvel þótt ekki svona standi á. Ákvæðið um skylduna til þess að auglýsa opinber störf er auðvitað sett því til tryggingar, að allir, sem telja sig geta komið til greina við veitingu starfans, fái tækifæri til þess að sækja, þannig að ekki sé líklegt eða minnkaðar líkur á því, að gengið sé fram hjá hæfum mönnum til starfsins. Það liggur í augum uppi, að auglýsing á starfi ráðuneytisstjóra í efnahagsmrn., sem ætlað er að verða ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum, væri form eitt og þjónaði raunverulega engum tilgangi, því að það er alveg augljóst mál, að slíkt ráðuneyti mundi ekki verða stofnað og því ekki falið slíkt verkefni, ef ekki væri fyrir fram ráðið, hver skyldi hljóta stöðuna. Auglýsing væri því í raun og veru blekking. Þeir menn, sem sæktu eftir slíkri auglýsingu, væru tældir til þess að sækja, vegna þess að allir hljóta að vita, að úrslit yrðu fyrir fram ráðin. Slík auglýsing þjónar ekki þeim tilgangi, sem fyrir löggjafanum hlýtur að hafa vakað, þegar hann setti ákvæðin í margnefnd lög frá 1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get vel tekið undir það með hv. 1. þm. Austf., að þessar umræður hafa fengið á sig nokkurn annan blæ en vænta hefði mátt. En það er vegna þess, að hv. fyrirspyrjandi, sá ágæti maður, hagaði orðum sínum svo, bæði í frumræðu sinni og þó ekki síður í seinni ræðu, að það var auðsjáanlega um að ræða pólitíska herferð á hendur núv. stjórn, sem ber enga ábyrgð á því, sem gerzt hefur í þessum efnum, en ekki eingöngu áhugi hans á því að fylgja fram lögum og rétti. Skal ég þó sízt efa, að hann hafi einnig haft það í huga. Það kom líka glögglega fram, hver bar umhyggju fyrir fyrirspyrjandanum og fann nærri sér höggvið, þegar út á hans orð var sett, það var sjálfur hv. höfuðpaurinn, 1. þm. Austf. Varðandi það svo aftur, hvort hér sé um ólöglega aðferð að ræða eða ekki varðandi skipun þessara starfa, þá sagði ég í ræðu minni áðan, að ég skyldi ekki taka afstöðu til þess. Ég geri ráð fyrir, að þó að það sé ekki fullnægjandi heimild út af fyrir sig, þá sé stuðzt við orð 15. gr. stjórnarskrárinnar, sem nú gildir, og tilsvarandi fyrirmæli áður, þar sem segir: „Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.“

Vegna þess að stjórnardeildirnar eru svo nátengdar starfi ráðherranna, geri ég ráð fyrir, að talið hafi verið, að í þessu mætti finna nokkra stoð fyrir þeirri aðferð, sem við hefur verið höfð og að því er ég bezt veit var fyrst beitt, þegar hv. 1. þm. Austf. var skipaður viðskmrh. 1939, og þá hafi þótt óheppilegt og að vissu leyti gegn eðli málsins að láta hann hafa sameiginlegt ráðuneyti með þeim, sem þá varð fjmrh.

Ég geri ráð fyrir því, að þannig sé þetta upphaflega til komið. Ég játa, að þetta er ekki fullnægjandi heimild. En ég vil hins vegar segja, að aðfinningarlaus framkvæmd ríkisstj. um 20 ára bil á þessu fyrsta fordæmi og mörg fordæmi flestra eða allra ríkisstj., sem síðan hafa setið, veita ríka ástæðu til þess að telja, að á meðan ekki eru sett ný lagaákvæði, sé núverandi framkvæmd ekki talin stríða í bága við lög. Ég segi hiklaust, að eftir venjulegri túlkun á stjórnarathöfnum mundi svo margítrekað fordæmi sem hér er fyrir hendi, margendurtekin samþykkt Alþingis á því, sem gert hefur verið, án nokkurra aðfinninga eða brigzla um beina lögleysu þangað til nú í dag hér í sölum Alþingis, — ég mundi telja, að á meðan önnur löggjöf er ekki sett, yrði þetta talin næg heimild fyrir því að halda svo áfram. Þess vegna er það skoðun mín, að það sé ekki hægt að saka fyrrverandi ríkisstj. fyrir það, þó að hún hafi stofnað efnahagsmrn., allra sízt þegar það er upplýst, að þar er einungis um að ræða nafnbreytingu á stöðu manns, sem aðfinningarlaust var búið að ráða af fyrrverandi hæstv. ríkisstj., vinstri stjórninni svokallaðri. Og ég vil vekja athygli á því, að þó að ég á sínum tíma fyrir tveimur árum benti á hættuna af upplausn stjórnarráðsins á þann veg, sem þá var vel á veg komin, þá hélt ég því ekki fram, að þar væri um bein lagabrot að ræða, heldur hagaði orðum mínum miklu varlegar en svo. Þess vegna hygg ég, að þau brigzlyrði, sem hafa átt sér stað og komu fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda, fái ekki staðizt, — að róleg íhugun leiði til þess, að þó að hér sé um mjög óæskilega aðferð að ræða, þá verði hér ekki talið, að bein réttarbrot hafi verið framin í þessum efnum, vegna þess, hvernig framkvæmd hefur verið háttað, og vegna þeirrar margföldu samþykktar Alþingis, sem fyrir liggur.

Varðandi svo þá leiðbeiningu hv. 1. þm. Austf., að aðrir skyldu varlega ætla sér að feta í fótspor Framsóknar og sízt taka hennar gerðir sér til fyrirmyndar, þá er ég því innilega sammála, og veit ég, að sú aðvörun kemur frá þeim, sem bezt þekkir, að þar er mjög á villigötur komið.

En varðandi hitt, hvort ég muni nú vilja hafa samvinnu við Framsfl. um þá endurskoðun á löggjöf stjórnarráðsins, sem allir telja nú orðið mjög æskilega, þá vil ég spyrja hv. 1. þm. Austf.: Óskar hann nú, meðan hann er í stjórnarandstöðu, eftir að hafa samvinnu við ríkjandi ríkisstj. um þá endurskoðun, eða telur hann það jafnóeðlilegt nú og hann taldi áður, að stjórnarandstaðan yrði þarna höfð með í ráðum, — eða telur hann sjálfsagt að hafa stjórnarandstöðuna með í ráðum, meðan hann sjálfur er í stjórnarandstöðu, en vill ekki við hana tala, meðan hann er sjálfur í ríkisstj.? Það væri ekki ófróðlegt að fá svör við þessum spurningum.

Mín skoðun er ljós, að ég tel sjálfsagt að hafa samvinnu við stjórnarandstöðuna um þetta mál, en það, með hverjum hætti það verður gert, þarf vitanlega nánari athugunar við. Meðal annars hljóta að liggja fyrir hjá þeim mönnum, sem hv. 1. þm. Austf. skipaði á sínum tíma, hans hugmyndir um það, hvernig eigi að koma þessari endurskoðun fyrir, vegna þess að væntanlega hefur hann ekki stofnað til þess einungis til þess að sýnast, heldur hefur hann haft einhverjar hugmyndir til þess að ráða fram úr málinu. En hitt vil ég ítreka, sem ég sagði, þegar ég hreyfði þessu máli fyrst fyrir hér um bil tveimur árum, og kom fram í fyrri ræðu minni, þegar ég las upp þau ummæli, að ég tel hér um svo mikilvægt mál að ræða varðandi alla stjórnarframkvæmd, að það sé um fá eða réttara sagt engin mál meiri ástæða en þetta, að menn komi sér öfga- og ýfingalaust, án tillits til þess, hver er í stjórn hvern daginn, saman um skipulega starfshætti í stjórnarráði Íslands.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið í þær umræður, sem hér hafa farið fram. En á því vildi ég þó vekja athygli, að mér virðist, að allir séu nokkurn veginn sammála um það, að þessi fsp. hafi ekki verið flutt að ófyrirsynju, þar sem t. d. tveir hæstv. ráðherrar, bæði hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., hafa látið þau ummæli falla, að þetta mál og þessar umræður sýndu, að það væri nauðsynlegt að endurskoða löggjöfina um stjórnarráð Íslands, og þar með, að það þyrfti önnur og betri vinnubrögð í þessum málum en þau, sem hér hafa átt sér stað og hafa verið gagnrýnd með þessari fsp.

Ég vil svo minnast örfáum orðum á það, sem hæstv. viðskmrh. sagði, þar sem hann var að rugla saman ráðunautsstarfi og stofnun nýs ráðuneytis. Það er náttúrlega allt annað, að ríkisstj. kalli sér ráðunaut til aðstoðar um viss málefni og þó að það starf sé ekki auglýst, ellegar þegar verið er að setja nýja, stóra ríkisstofnun á laggirnar án allrar lagaheimildar. Það er svo ólíkt, að þar kemur enginn samanburður til greina.

Það erindi, sem ég ætlaði mér annars hingað, var fyrst og fremst að láta þá skoðun mína í ljós, að ég tel stofnun hins svokallaða efnahagsmrn. með öllu óþarfa. Ég sé, að samkvæmt fjárlögunum er ætlazt til þess að setja hér upp nýja, dýra stofnun. Það er ekki aðeins gert ráð fyrir ráðuneytisstjóra, heldur líka deildarstjóra, fulltrúa og bókara, og búizt við, að árlegur kostnaður fyrsta heila árið verði um 400 þús. kr. Og samkvæmt þeirri reynslu, sem við höfum af slíkum stofnunum, verður ekki langt að bíða, þangað til þessi kostnaður verður búinn að losa eina milljón króna og ríflega það.

Ástæðan til þess, að ég tel stofnun sérstaks efnahagsmrn. vera algerlega óþarfa, er fyrst og fremst sú, að við höfum fyrir ríkisstofnun, sem á að annast hliðstætt verkefni og hefur að verulegu leyti annazt það verkefni, sem þessu ráðuneyti er ætlað. Þessi stofnun er Hagstofa Íslands. Hagstofa Íslands á að geta og verður að geta veitt allar þær upplýsingar, sem ætlazt er til að hið svokallaða efnahagsmrn. veiti. Það, sem hér átti þess vegna að gera, var að reyna að styrkja og efla

þessa stofnun, sem fyrir var, en ekki að fara að ráðast í nýtt, dýrt og óþarft fyrirtæki.

Það er þetta sérstaklega í sambandi við þetta mál, sem mér finnst ástæða til þess að áfellast. Það er gamla sagan hjá okkur: Í staðinn fyrir að byggja á þeim grunni, sem áður hefur verið lagður, reyna að treysta hann og bæta og reyna að komast hjá auknum kostnaði á þann hátt, þá er rokið í það að setja á laggirnar nýjar stofnanir, nýjar nefndir, ný ráð og ný fyrirtæki.

Þessi þróun er hættuleg. Hana verður að varast. Hér verður að sporna við fótum. Þess vegna verður að vænta þess, þegar að því ráði verður horfið að reyna að draga eitthvað saman hjá ríkinu og afnema óþörf embætti, að þá verði þetta ráðuneyti eitt hið fyrsta, sem verði lagt niður. Það er engin þörf fyrir það, ef Hagstofa Íslands er efld svo, að hún geti vel skilað sínu starfi.

Þá vil ég segja í þessu sambandi það, að þó að hér hafi mikið lof verið borið á Jónas Haralz og hann sé kannske að ýmsu leyti maklegur þess, má þó alveg fullyrða, að þeim manni má ekki síður treysta, sem veitir Hagstofu Íslands forstöðu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er fyrst það atriði hjá hv. 7. þm. Reykv., að annað gildi í grundvallaratriði um starf efnahagsmálaráðunauts en ráðuneytisstjóra, að því er varðar skyldu á auglýsingu starfsins. Þessu er ég ekki sammála. Ef það væri svo, eins og hann vék að, að starf efnahagsmálaráðunautsins hefði verið þannig hugsað, að hann hefði verið kallaður til ráðuneytis um ákveðið mál til bráðabirgða, má til sanns vegar færa það, sem hann sagði, að ekki hefði verið skylt að auglýsa starfið. En þessu var alls ekki þannig varið. Það var af stjórn Hermanns Jónassonar efnt til stofnunar fasts starfs eða embættis, sem kallað var efnahagsmálaráðunautur ríkisstjórnarinnar. Það var ekki gert samkv. lögum, heldur með ráðherrabréfi, svo sem fjölmörg fordæmi eru fyrir. Hitt hefði mátt segja, að formlegra hefði verið, svo að notuð séu orð hv. þm., Ólafs Jóhannessonar, að gera þetta líka með lögum. Það var ekki gert, og fyrir því eru ótal fordæmi. En af því að staðan var fast starf, hefði, ef strangasta bókstaf laganna frá 1954 hefði átt að fylgja, einnig átt að auglýsa það, en að því er ég búinn að vikja áður, að það var af augljósum ástæðum ekki framkvæmanlegt, enda datt það engum í hug. Engum datt heldur í hug, að með því að auglýsa ekki starf efnahagsmálaráðunauts laust til umsóknar væri verið að brjóta lög. Vegna þess að það var ekki gert, tel ég, og það töldu fleiri, að lög hefðu ekki heldur verið brotin, þegar þessu starfi var breytt í ráðuneytisstjórastarf.

Þetta var annars aukaatriði í því, sem hv. þm. sagði. Hitt var aðalatriðið, og því vil ég sérstaklega og mjög eindregið andmæla, sem hann sagði, að ekki sé þörf á því að koma á fót efnahagsmrn. Við allir í ríkisstj. Hermanns Jónassonar vorum á einu máli um það, að brýna nauðsyn bæri til þess að koma á fót starfi efnahagsmálaráðunauts. Um það var enginn ágreiningur í þeirri stjórn, ekki heldur við flokksbræður hv. 7. þm. Reykv.

Ég átti nokkurn þátt í því, að það var einmitt Jónas Haralz, sem valinn var til starfans, og hann fenginn til þess að koma hingað til lands úr mjög góðu starfi erlendis, sem var miklu betur launað en það, sem hægt var að bjóða honum hér á Íslandi til þess að taka þetta nýja starf að sér. Ég hika ekki við að segja, að ég tel mín afskipti af því máli vera eitt hið bezta, sem mér kann að hafa tekizt að gera í ríkisstj. Hermanns Jónassonar, bæði af því, að nauðsyn á starfinu var jafnbrýn og hún var, og ekki síður vegna hins, að það tókst að fá einmitt þennan mann til starfsins, sem ég hika ekki við að segja að má telja í hópi færustu hagfræðinga á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað og hefur þegar á mjög skömmum starfstíma sínum hér skipað sér í fremstu röð íslenzkra embættismanna. Það er einmitt af þessum sökum, sem ég tel ummæli hv. 7. þm. Reykv. vera mjög ómakleg og að þeim þurfi að andmæla þegar í stað. Ég skal nú segja það, sem ég hikaði við að segja áðan, að einmitt vegna þess, hve hér er um nauðsynlegt starf að ræða, og einmitt vegna þess, hve hér er um frábæran embættismann að ræða, fannst mér, þegar ég sá fsp. hv. þm. Norðurl. v., Ólafs Jóhannessonar, að hún væri vægast sagt lítið smekkleg. Það hafa á undanförnum árum gefizt mörg tilefni til þess að ræða þau efnisatriði, sem hér er um að ræða: hvort auglýsa skuli embætti, hvort stofnað skuli ráðuneyti án sérstakrar lagaheimildar. En að nota einmitt þetta tilefni til þess að hefja slíkar umræður á Alþingi, það þótti mér, þegar ég sá fsp., og þykir enn hafa verið lítið smekklegt.

Það lýsti sér mikill misskilningur hjá hv. 7. þm. í ummælum hans um hagstofuna og hennar verkefni. Hagstofan hér á ekki og getur ekki haft með höndum nein ráðuneytisstörf. Engin hagstofa, sem ég þekki til í víðri veröld, hefur með höndum nokkur ráðuneytisstörf fyrir ríkisstjórnir í sínu landi. Verkefni hagstofunnar hér, eins og allra annarra hagstofa annars staðar, er að safna upplýsingum og gera það á sem allra hlutlausastan hátt og vinna úr gögnum að vissu marki. Á slíku starfi og ráðuneytisstarfi er mikill eðlismunur, og það er mjög óheppilegt, að sömu aðilar fjalli um slíkt, úrvinnslu þeirra gagna, sem byggja á tillögur og skoðanir á, og það, hvaða ályktanir á að draga af niðurstöðum gagnasöfnunarinnar og hvaða ákvarðanir á að taka á þeim grundvelli. Það væri fráleit tillaga að leggja efnahagsmrn. aftur niður og fela verkefni þess hagstofunni, enda eru engin dæmi til þess, a. m. k. í nokkru nálægu landi, að slík skipun sé á höfð. Að því væri heldur enginn sparnaður, því að það ráðunautsverkefni, sem efnahagsmrn. á að hafa, er svo óskylt verkefnum hagstofunnar, að hún mundi þurfa nákvæmlega sama starfslið til þess að gegna því eins og efnahagsmrn. er þörf á.

Ég vil því aðeins endurtaka, að mitt aðalerindi í ræðustólinn var að andmæla mjög eindregið þeirri skoðun hv. 7. þm. Reykv., að efnahagsmrn. sé óþarft. Ég tel það þvert á móti eina nauðsynlegustu og beztu endurbót, sem gerð hefur verið á stjórnarkerfinu á hinum síðari árum.

Eysteinn Jónsson: Það er varla hægt annað en undrast þessi Maraþonræðuhöld hæstv. ráðh. út af

þessari fsp., og get ég ekki mikið farið út í þau á þeim örstutta tíma, sem ég hef til umráða samkv. þingsköpunum. En síðasti hæstv. ráðh., sem talaði, viðskmrh., sagðist álíta það lítið smekklegt af fyrirspyrjanda að nota þetta tækifæri, stofnun efnahagsmrn., til þess að taka upp umræður um stofnun ráðuneyta án lagaheimildar vegna þess, hve sá maður væri vel fær, sem hefði verið veitt embætti ráðuneytisstjóra.

Þetta er mjög einkennilegur hugsunarháttur. Það kemur auðvitað því ekkert við, hvaða maður á þar hlut að máli sem embættismaður, hvort hyggilegt eða óhyggilegt sé að stofna ráðuneyti án laga. En það hefur ekkert farið dult, að fyrirspyrjandi hefur eingöngu komið með þetta mál hér á Alþingi til þess að koma þeirri skoðun sinni kröftuglega á framfæri, að það ætti ekki að stofna ráðuneyti án lagaheimildar.

Enn fremur segir hæstv. viðskmrh., að það hafi verið mörg tækifæri á undanförnum árum til þess að gera athugasemdir um þetta. En hvernig átti sá hv. þm., sem hér á hlut að máli, að gera slíkar athugasemdir eða koma fram sjónarmiði sínu á Alþingi við þau tækifæri, þegar hann átti þar ekki sæti? Ég verð að segja, að þetta kalla ég ósmekklegan málflutning af hendi hæstv. viðskmrh.

Þá kom hér áðan hæstv. dómsmrh. í annað eða þriðja sinn og flutti hér nokkur ávarpsorð til mín sérstaklega. Hann sagði, að ég hefði ekki viljað samvinnu við stjórnarandstæðinga um endurskipulagningu stjórnarráðsins. En ég gerði ráð fyrir því í mínu máli, að hann hlyti að taka upp slíka samvinnu við mig nú og aðra stjórnarandstæðinga vegna þess, hve hann lýsti því kröftuglega yfir, að slík samvinna ætti að eiga sér stað. Og hann spurði: Ætlar hv. 1. þm. Austf. að óska eftir slíkri samvinnu við mig? Ég ætla að bíða þangað til hann tekur hana upp, því að það verður víst ekki langt að bíða þess. Það verður hægt að þreyja þorrann og góuna, ef hann ætlar að verða sjálfum sér samkvæmur, og ég býst við því, að það verði fleiri mál, sem hann kemur með til mín, en þetta eitt, þó að byrjunin spái að vísu ekki góðu, þar sem eitt afrek núv. ríkisstj. hefur verið það að neita mér um allar upplýsingar um efnahagsmálin. En kannske það lagist, þetta eigi eftir að breytast og þessar umræður hér í dag verði til þess, að hæstv. dómsmrh. taki alveg sinnaskiptum og muni nú allt í einu eftir því, hver afstaða hans var, áður en hann settist í ráðherrastólinn nú síðast. Ég bið sem sagt eftir því, að hann taki upp þessa samvinnu.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég hefði sagt, að menn skyldu sízt taka til fyrirmyndar það, sem framsóknarmenn hefðu gert. Eitthvað hefur þetta nú skolazt hjá hæstv. ráðherra. Þetta sagði ég aldrei, eins og allir hv. þm. vita. Það er náttúrlega hægt að hafa það sér til skemmtunar að snúa hlutunum svona við. Það er kannske hægt að hafa gaman af því, ef það er laglega gert, en annað gildi hefur það ekki. Ég sagði ekkert um það. En af þessu tilefni vil ég þvert á móti segja hitt, að ég teldi, að það væri mjög gott fyrir hæstv. dómsmrh. og aðra hans menn að taka sér framsóknarmenn sem oftast til fyrirmyndar. Það væri mjög heppilegt, vegna þess að þó að hann kunni þá að gera ýmsar smávægilegar yfirsjónir og endurtaka þær, sem framsóknarmenn hafa gert, þá verður það aldrei stórfellt, sem hann brýtur af sér með þessu móti, það er alveg öruggt. Það verða þá aldrei stórfelldar skekkjur, sem hann gerir. Hann getur kannske gert einstaka skekkjur, því að auðvitað hafa framsóknarmenn gert einhverjar skekkjur, og ég t. d. mundi gjarnan samþykkja, að það hefði verið eðlilegra að hafa löggjöf í hvert skipti, sem ráðuneyti var sett á fót, — en stórfelldar villur gerir hann aldrei, ef hann fer þannig að, og meginstefna hans verður þá ekki röng. Hann ætti því að taka sér framsóknarmenn sem oftast til fyrirmyndar. Hitt er svo annað mál, að það, sem ég vildi benda á með mínum orðum, var það, hve hæstv. dómsmrh. er orðinn flaumósa og miður sín, þegar hann grípur til þess í umræðum að afsaka sig með því, að hann fari eins að og framsóknarmenn. Þá er hann kominn út á undarlegar leiðir í málflutningi sínum. Það hlýtur hæstv. ráðherra að sjá.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að það væri auðséð, hve ég léti mér annt um fyrirspyrjandann. Ja, það var ljótt, að þeir skyldu ekki fá að vera í friði hér allan fundartímann við að ausa sér yfir hv. fyrirspyrjanda, eftir að hann var búinn að missa allan rétt til þess að taka til máls, það var leiðinlegt, að einhver skyldi koma og grípa í sama streng og hæstv. fyrirspyrjandi. En þetta hygg ég að hæstv. ráðherrar verði að þola, að þótt einn hafi talað sig dauðann, sem kallað er á þingmáli, þá kunni að vera einhver annar, sem hafi aðstöðu til þess að taka upp hanzkann fyrir hann, ef ósæmilega er að honum sneitt í umræðunum, eins og hæstv. ráðherrar hafa gert.

Loks sagði hæstv. dómsmrh. eitthvað á þá lund, að blærinn á þessum umræðum væri ekki ánægjulegur. Hann viðurkenndi það. En hann sagði, að það væri frummælanda að kenna. Þetta er alveg rangt hjá hæstv. ráðh. Frummælandi gaf ekkert tilefni til þess, að umr. færu út á það svið, sem orðið hefur hér í dag, eða sá skætingur tekinn upp, sem varð aðalatriði umræðnanna af hendi hæstv. ríkisstj. Það kom fyrst til í svörum hæstv. ríkisstj., að sá tónn kæmi í umræðurnar.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. — Hv. 7. þm. Reykv. sagði, að hann teldi með öllu óþarft að stofna embætti ráðuneytisstjóra í efnahagsmrn., því að hagstofan ætti eðli málsins samkv. að annast hans störf. Hæstv. viðskmrh. hefur svarað fyrir sitt leyti. Ég þarf ekki miklu við það að bæta. En hafi það verið rangt að stofna þetta rn., hvernig stóð þá á því, að vinstri stjórnin undir forsæti formanns Framsfl. kvaddi þennan mann heim frá — eins og hæstv. viðskmrh. sagði — mjög vel launaðri og virðulegri stöðu í alþjóðastofnun til þess að vinna sinni ættjörð gagn einmitt með því að starfa sem efnahagsmálaráðunautur stjórnarinnar? Ekki þarf hv. þm. að ætla, að hæstv. þáv. forsrh. hafi ekki eins vel þekkt störf hagstofunnar eða mikla hæfileika hagstofustjórans eins og hann sjálfur. Hitt skilur á milli þeirra, að hæstv. þáv. forsrh. kunni skil á því, að störfin, sem efnahagsmrn. átti að vinna, voru þess eðlis, að þau urðu ekki með

eðlilegum hætti unnin á hagstofunni með því sérstaka hlutverki, sem hún á að gegna. Það er þess vegna fullkomin árás á vinstri stjórnina og forsrh. hennar, ef því er lýst hér yfir af hans ágæta stuðningsmanni, áhrifamanni í hans flokki, að þetta hafi verið óþarft embætti. Hitt er svo annað mál, hvort menn vilja vera að deila um það, að óþarfi hafi verið að breyta titli mannsins, sem er að vinna þetta mikilvæga starf, í ráðuneytisstjóra í staðinn fyrir efnahagsmálaráðunaut. Ég vissi um þetta og var því samþykkur. Ástæðan fyrir því, að ég hef verið því mjög meðmæltur og hefði gert það sjálfur, ef ég hefði átt að ráða málum, er sú, að ég hefði viljað mikið til vinna og allt annað og miklu meira en þetta — því að þetta er ekki neitt — til að reyna að tengja þennan mann að málefnum Íslands. Ég vil gjarnan láta þetta koma fram.

Ég vil líka, að það komi fram hér, að ég vissi vel um, að vinstri stjórnin gerði þessum manni tilboð um að koma hingað heim til Íslands. Ég vissi vel um, að hann var og er stjórnmálaandstæðingur minn. En ég kunni það mikil skil á manninum, að ég var eindregið hvetjandi, að hann réðist í þjónustu ættjarðarinnar, og ég kann það vel skil á honum núna og enn þá betur, að ég tel það mjög mikilsvert fyrir okkur alla, að hann starfi á þessu afar þýðingarmikla sviði. Ég veit vel, að þessi maður gengur með tilboð í vasanum um að koma aftur að mjög virðulegum og afar vel launuðum störfum, þannig að hann gæti líklega kostað og haft á ómagaframfæri hv. 7. þm. Reykv. og mig í kaupbæti fyrir sín laun. Hann hefur ekki látið af þessu freistast. Ég tel, að okkur beri að reyna að hnýta hann að okkur, ef við allir metum hans hæfni eins og við gerum í núv. stjórn og eins og vinstri stjórnin auðsjáanlega gerði og alveg að makleikum.

Ég vildi aðeins, að þetta kæmi fram. Ég tel mjög vel fara á því, að slíkir menn fái á Alþingi viðurkenningu fyrir, hversu þýðingarmikil þeirra störf séu annars vegar, en hins vegar hversu einstaklega hæfir einmitt þeir séu til að inna þau af hendi.

Ég býst líka við, að allir þeir, sem hafa unnið með þeim manni, sem hér á hlut að máli, og allir, sem kunna glögg skil á starfshæfni hans, sem er algerlega óvenjuleg, og þekkingu hans, dugnaði og gáfum, vilji unna honum þess sannmælis, að hann sé nokkuð óvenjulegur maður. Skal ég ekki kveða sterkara að. Og mér er ánægja að segja þetta, einmitt sérstaklega af því að ég veit, að ég get ekki glatt mig af því, að hann líti sömu augum á stjórnmálin almennt talað og ég. Og það er náttúrlega gott, að menn fái viðurkenningu frá fleiri en þeim, sem eru stjórnmálalega sammála. Það er svona eins og ég fæ frá hv. 7. þm. Reykv., þegar hann talar undir fjögur augu, en aldrei öðruvísi, þó að ég eigi það nú ekki skilið í samanburði við þennan mann.

Ég skal svo ekki vera að ræða um, af hverju þetta embætti hafi ekki verið auglýst, en ég tek undir það, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að það hefði verið nærri hlægilegt að gera það. Það er bezt að segja það eins og er, að beinasta ástæðan til þess, að embættið er stofnað, er, að þessi maður taki við því, í þeirri von, að það tengi hann fastar að því að starfa fyrir ættjörðina.

Ég hef ekki mikið að segja út af þeim fáu orðum, sem hv. 1. þm. Austf. sagði. Ég kannast ekki við það, að þetta sé í fyrsta skipti, sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson situr hér á Alþingi. Mér finnst ég hafa séð hann hér áður og hygg, að það sé rétt, og mér finnst ég hafa séð hann nærri of oft, því að það hefur þá verið í forföllum hins ágæta vinar míns, fyrrv. forsrh., Steingríms Steinþórssonar, sem ég hef séð hann, — ekki af því, að ég hafi neitt á móti þessum hv. þm., heldur af því, að ég sakna hins. En hvað sem því líður, þessi hv. þm. hefur fyrr haft tækifæri til að ráðast á þessa skipan.

Ég get ekki meðgengið það, að hv. 1. þm. Austf. hafi verið neitað um allar upplýsingar um efnahagsmálin. Við vorum að ræða saman fyrir nokkrum dögum um málsmeðferð, og ég spurði hann, hvort hann gæti hugsað sér, ef hann fengi allar upplýsingar tafarlítið, að semja þá um málsmeðferðina á frv. um efnahagsmálin, af því að ég taldi það nokkru skipta, að það tæki ekki allt of langan tíma að afgreiða það. Auk þess veit hann vel, að hann var að ræða við einn af aðalráðunautum ríkisstj. nýverið til þess að fá frá honum ýmsar upplýsingar, og sá maður er svo samvizkusamur, að hann fer ekki á bak við ríkisstj., þegar hann ræðir við þennan leiðtoga Framsfl. Ég efast ekkert um, að hann hefur fengið þar ýmsar upplýsingar, og sjálfur var ég ekkert á móti, að hann fengi þær.

En ég skal svo ekki ræða þetta að öðru leyti en því að segja, að ég hrökk í kút áðan, þegar hann bar á sjálfstæðismenn, að við teldum réttmætt að gera það, sem framsóknarmenn hafa gert. Ég sagði: Þetta er hroðalegur áburður, — og var satt að segja að vona, að hinn virðulegi hæstv. forseti reyndi, þegar svona er borið á mann, að vita það framferði. Ég er ekki að segja, að ég sé ekki syndaselur eins og aðrir, en mér þykir það verstu skammaryrði, sem um mig hafa verið sögð í mörg ár, ef því er haldið fram í alvöru, að ég teldi mér leyfilegt að gera allt, sem þessir menn hafa gert.

Ég hef miklar mætur á þessum hv. þm. að mörgu leyti. Við höfum unnið mikið saman, og mér hefur þótt ánægja að því. En það er einmitt af því, hve margt Framsfl. hefur gert, sem ég vildi ekki sjálfur hafa gert né lenda í að gera, að við erum ekki þeir sömu ástvinir í dag og við stundum höfum verið og áreiðanlega kannske eigum eftir að vera, ef hann íðrast syndanna. En svona áburði má þá ekki halda uppi að bera á mig, ef sú vinátta á að takast upp.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst nú leggjast heldur lítið fyrir hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh., þegar þeir eru að rugla saman starfi eins ráðunauts og heils ráðuneytis, sem á að hafa bæði ráðuneytisstjóra, deildarstjóra, fulltrúa og bókara, og telja, að það sé eitthvað svipað. Vitanlega er þar um allt annað og ólíkt að ræða. Það er allt annað, að ríkisstj. ráði sér ráðunaut til einhvers takmarkaðs tíma eða þann tíma, sem hún er að völdum, ellegar hvort er sett á stofn heilt ráðuneyti með fjölda starfsmanna.

Varðandi það, sem hér hefur verið sagt um efnahagsmrn. og hagstofuna, vildi ég segja þetta:

Hagstofan á að geta gefið allar þær upplýsingar og útreikninga um efnahagsmál, sem ríkisstj. þarfnast. Það á að búa hana þannig úr garði, að hún geti alveg fullnægt allri þeirri upplýsingastarfsemi, sem þarf með í þessu sambandi. Þar af leiðandi þarf ekki sérstakt efnahagsmálaráðuneyti til að vinna að slíku.

Hvað er það þá, sem efnahagsmrn. er ætlað að gera eftir kenningum hæstv. ríkisstj.? Ja, það á að vera til þess að leggja á ráð um stjórnarstefnuna. Ég held, að það sé alveg útilokað, að það sé hægt að hafa ráðuneyti, sem eigi að leggja á ráð um sjálfa efnahagsmálastefnuna. Hver ríkisstjórn ákveður það sjálf, hvaða stefnu hún fylgir í efnahagsmálum, og hún velur sína sérstöku ráðunauta til þess að undirbúa tillögur um það. Það eru vitanlega ekki alltaf sömu ráðunautarnir. Það liggur t. d. ljóst fyrir, að yrðu stjórnarskipti í Bandaríkjunum á næsta ári og þar kæmi forseti úr öðrum flokki, þá mundi hann styðjast við allt aðra ráðunauta í efnahagsmálum en núv. forseti hefur gert. Ef það yrðu stjórnarskipti í Þýzkalandi og jafnaðarmenn kæmu þar til valda, mundu þeir styðjast við allt aðra ráðunauta í efnahagsmálum en núv. ríkisstj. hefur gert. Sama mundi eiga sér stað í Bretlandi. Ef jafnaðarmenn kæmust til valda þar, mundu þeir styðjast við allt aðra ráðunauta í efnahagsmálum en ríkisstjórn Macmillans. Sennilega er það nú hvergi í heiminum nema hér, sem íhaldsflokkur og jafnaðarmannaflokkur geta stuðzt við sömu ráðunauta í efnahagsmálum.

Þess vegna má búast við því, að starfslið hins svokallaða efnahagsmálaráðuneytis verði gagnslaust, ef verða stjórnarskipti, vegna þess að þá koma menn til valda, sem kjósa að fylgja ráðum annarra og hafa aðra menn í ráðum en þá, sem eru fyrir í ráðuneytinu. og þar með er verkefni þess þrotið.

Það er þess vegna nákvæmlega sama, hvernig á þetta málefni er litið. Stofnun þessa rn. er óeðlileg. Það á að leggja þetta rn. niður. Ef það er nokkur vilji fyrir því að koma á sparnaði í ríkisrekstrinum, þá er þetta rn. eitt af því fyrsta, sem á að leggja niður.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vona, að mér verði ekki tekið það illa upp, þó að ég beri hér fram fyrirspurn, því að það ber mjög á milli mála um staðreyndir.

Var Jónas Haralz einungis ráðinn sem einkaráðunautur vinstri stjórnarinnar svokölluðu, eða var hann ráðinn í þjónustu íslenzka ríkisins? Ef hann var ráðinn sem einkaráðunautur vinstri stjórnarinnar, borguðu þá ráðherrar vinstri stjórnarinnar honum launin úr sínum eigin vasa, eða var manninum borgað úr ríkissjóði? Var þannig samið við Jónas Haralz, að hann kæmi hér til frambúðar og starfaði fyrir íslenzka ríkið, eða var hann einungis ráðinn í þágu þessarar stjórnar, þannig að hans starfssamningur félli niður af sjálfu sér, um leið og hún léti af völdum? Þetta eru nauðsynlegar upplýsingar, sem þurfa að fást, til þess að menn viti, hvað hér er um að ræða.

Það er vitað mál, að um leið og slíkur ráðunautur er kallaður til, þá þarf hann að hafa húsrúm, hann þarf að hafa nauðsynlega skrifstofuhjálp og annað slíkt. Og það er ekki annað, eins og hér hefur komið fram, en nafnbreyting á starfi, hvort hann er kallaður ráðuneytisstjóri eða efnahagsmálaráðunautur. Og ég spyr: Hefur orðið nokkur breyting á launakjörum mannsins við það, sem hér hefur átt sér stað?

Hv. 7. þm. Reykv. sagði, að það sé ekki víða, sem íhaldsmenn og jafnaðarmenn hafi sama ráðunautinn. Það má auðvitað segja eins, að þessi maður var ekki einungis ráðunautur jafnaðarmanna, hann var ráðunautur allra flokkanna, sem voru í hinni svokölluðu vinstri stjórn. Mér skilst, að ef einhver munur er á stöðu hans að því leyti nú, miðað við það, sem var áður, sé hann sá, að vinstri stjórnin hafi kallað hann heim, en síðan ekki neitt með hans tillögur í meginatriðum viljað hafa að gera. Það er auðvitað út af fyrir sig eftirtektarvert, að fenginn sé maður, — ja, við skulum segja á ríkisins kostnað, meðan annað er ekki upplýst, málið horfir öðruvísi við, ef ráðherrarnir hafa borgað honum launin sjálfir, — og tillögur hans eru síðan að engu hafðar. Það sýnir, að annaðhvort hefur þeim mjög missézt í vali síns ráðunauts eða þeir vilja ekki hafa það, sem sannast reynist.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þykir vænt um að fá tilefni til þess að láta það koma hér alveg skýrt fram, að þegar Jónas H. Haralz var ráðinn efnahagsmálaráðunautur stjórnar Hermanns Jónassonar á sínum tíma, þá var hann ráðinn í þjónustu íslenzka ríkisins, en ekki eingöngu þeirrar ríkisstj., sem þá sat. Á því var ekki minnsti vafi, hvorki í augum þáv. ríkisstj., ráðherra né hans, að ráðning hans væri ótímabundin, hann væri ráðinn til þess að vinna í þágu stjórnarinnar, sem þá sat, þeirrar, sem eftir kæmi, og annarra ríkisstj., sem sætu, meðan hans starfs gæti notið við. Hann var því að sjálfsögðu ráðinn til frambúðar til starfa í þágu íslenzkra stjórnarvalda, og það hafa engar breytingar orðið á launakjörum efnahagsmálaráðunautsins eða ráðuneytisstjórans, síðan hann fyrst var ráðinn til landsins. Um hans launakjör gilda enn þeir samningar, sem ríkisstj. Hermanns Jónassonar gerði við hann á sínum tíma.

Að því er það snertir, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, að það væri tíðkanlegt annars staðar að skipta um ráðunauta við stjórnarskipti, þá kann það rétt að vera að nokkru leyti. Hitt er líka rétt, að í þágu allra ríkisstj., sem ég þekki til í nálægum löndum, starfa fastir ráðunautar í efnahagsmálum, nokkur hluti ráðunautanna er fast starfslið líkt og það, sem við erum nú að koma okkur upp í stjórnarráðinu íslenzka með stofnun efnahagsmrn. Hitt er svo annað mál, að sá hópur manna, sem í nálægum löndum starfar að slíkum störfum, er svo stór, að þar gefst tilefni til þess að breyta einnig nokkuð til, og það er mjög algengt, t. d. í Bretlandi, eins og ég veit að hv. þm. er fullkunnugt um, að þar hafa ráðherrar persónulega ráðunauta, sem eru þá samflokksmenn þeirra og fylgja þeim að ráðherrastólnum og frá honum aftur. Þetta á sér stað til viðbótar því fasta starfsliði í efnahagsmálum, sem starfar fyrir

allar ríkisstjórnir, hverjar svo sem þær eru.

Hér hefur þessum málum háttað þannig um mörg undanfarin ár, — eða síðan 1946, en þá mun í fyrsta skipti hafa verið leitað með skipulegum hætti til hóps af hagfræðingum til þess að vinna fyrir stjórnarráðið eða fyrir ríkisstj., og því hefur verið haldið áfram síðan, — að sá hópur manna, sem við hér höfum ráð á til slíkra starfa, er svo fámennur, er svo takmarkaður, að allar ríkisstj., sem hér hafa setið, hafa leitað til næstum sömu mannanna. Síðan 1946 hefur verið mjög svipaður hópur sérfræðinga og embættismanna, sem starfað hefur fyrir ríkisstj., hverjar svo sem þær hafa verið, hvaða flokkar sem að þeim hafa staðið. Það er mjög ánægjulegt að geta sagt það, að á þessu ekki langa árabili hefur orðið hér til, — ég vil ekki segja stétt, — orðið hér til hópur sérfræðinga í þessum málum, sem allar ríkisstj. hafa talið sér fært að treysta að fullu, algerlega án tillits til þess, hvaða flokkar hafa myndað ríkisstj. og til hvaða flokka menn kunna að hafa talið ráðunautana, sem hlut hafa átt að máli, og ber þetta sannarlega íslenzkri embættismannastétt mjög gott vitni.

Ég fullyrði, að sá embættismaður, sem hér hefur mest borið á góma, Jónas Haralz ráðuneytisstjóri, hefur alls engin afskipti af stjórnmálum og er algerlega ópólitískur maður. Þó að ég hafi daglega samskipti við hann í viðskmrn., þar sem hann er ráðuneytisstjóri, er mér ekki kunnugt um, hvaða stjórnmálaskoðun hann hefur. Það ber aldrei á góma milli okkar, og mér er það jafnóviðkomandi og hann leggur lítið upp úr því að láta í ljós skoðanir sínar á þeim málum. Ég endurtek því, að hann hefur engin afskipti af stjórnmálum, og það er tvímælalaust rétt, þegar ég segi, að hann sé algerlega ópólitískur maður.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að blanda mér mikið inn í þessar umræður, ekki sízt á þeim grundvelli, sem þær voru upphaflega lagðar, en vegna þess að þær hafa farið nokkuð út á annað svið og sérstaklega út af ræðu hæstv. menntmrh. kvaddi ég mér hljóðs.

Ég vil því í sambandi við það, sem hann sagði hér síðast, segja, að það er meginbreyting í þessu máli. Ég álít, að meðan sá ráðuneytisstjóri, sem nú er orðinn, var ráðinn sem ráðunautur ríkisstj., þá hafi hans staða verið þannig, að ríkisstj., sem við tók, gat sagt honum upp starfinu. Það hefði ekki skapað neinn skaðabótarétt hjá ríkinu. Ráðning hans var með þeim hætti. Það hafa verið kallaðir hingað heim fleiri sérfræðingar, fengið góð vottorð, og þeir eru samt ekki hér á dagskrá nú. Það var út af þessu vottorði, sem er sýknt og heilagt verið að gefa þessum ágæta ráðuneytisstjóra, sem ég ætla ekkert illt um að segja. Þó vil ég segja það, að þegar umræða var um ræðu hans hér um daginn, þá var það ekki talið eðlilegt að vera að ræða sérstaklega um manninn. Ég álít, að sama máli gegni núna. Þegar hæstv. menntmrh. var að lýsa hans ágætu kostum hér áðan og sagði, að hann væri færasti sérfræðingur hér á landi, a. m. k. á Norðurlöndum og jafnvel þótt viðar væri leitað, þá datt mér í hug saga ein, þegar séra Árni klerkur Þórarinsson var að lýsa konu einni, sem honum þótti mjög fögur. Hann komst þá m. a. svo að orði: Hún er beinlínis vansköpuð af fegurð. Hún er fallegasta kona á jörðinni og þó að víðar væri leitað, það er ég viss um. — Það er þetta sem mér datt í hug. (Gripið fram í.) Nei, það verður ekki borið á hæstv. ríkisstj., að hún sé fallegasta ríkisstjórn á jörðinni, það er ég sannfærður um. Þessi ummæli komu mér í hug, út af lýsingu hæstv. ráðh. á ráðuneytisstjóranum.

En af hverju er verið að lýsa ráðuneytisstjóranum hér í þessum umræðum? Fyrirspyrjandinn gaf nefnilega ekkert tilefni til þess. Maðurinn er ekki hér á dagskrá. Það er aðeins verið að ræða um það, hvernig embættið sé til orðið. Og hvað sem um það verður sagt í þessum umræðum, þá bar þetta rangt að, þetta var afturfótafæðing, og hæstv. ríkisstj. hefði getað komið málinu fyrir á skikkanlegan hátt. En það er verið að ræða um ráðuneytisstjórann, hylla hann hér vegna þess, sem á eftir á að koma. Hæstv. ríkisstj. ætlar að nota ráðuneytisstjórann til þess að skýla sér á bak við, þegar umræður koma um stærri mál, og þess vegna er byrjað á því að hæla honum nú.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Við skulum alveg láta það liggja ljóst fyrir, að ráðuneytisstjóri og aðrir sérfræðingar eru ekki til að búa til stefnu fyrir neina stjórn eða til að bera ábyrgð á stefnu fyrir neina stjórn. Engin stjórn getur skotið sér bak við sérfræðing hvað þetta áhrærir. En sérhverri stjórn er það auðvitað stoð að geta haft menntaða og gáfaða menn í sinni þjónustu, fengið upplýsingar frá þeim og mat þeirra á því, hvernig málin liggja fyrir. En sá, sem tekur ákvörðun um það og ber ábyrgð á þeirri ákvörðun, það er auðvitað valdhafinn, það er ríkisstj. og þeir flokkar, sem standa að baki henni, og svo Alþingi að lokum, sem leggur blessun sína yfir það eða fellir það. Þetta er efni málsins.

Ég tel, að hér hafi komið fram mikill misskilningur um eðli þessa máls, einnig frá hendi hv. 7. þm. Reykv. Ég tel, eins og ég segi, að þessi umræddi maður eigi að vera, — ja, samlíkingin er kannske ekki rétt, — eins konar radar, sem stjórnin getur gáð í gegnum, svo að strandkapteinn lendi ekki í ógæfu, — ég á við formann vinstri stjórnarinnar og engan annan! Strandkapteinar verða að hafa góðan radar og geta horft í gegnum hann, og þá er skútunni betur borgið. Það er þetta, sem fyrir okkur eða a. m. k. mér vakir. Ég tel ekki, að stjórnmálaskoðun slíks manns komi mér neitt við. Mér þykir vænt um, að hæstv. menntmrh. upplýsti, að ég sé ekki alveg vonlaus um fylgi hans. Ég geng auðvitað á það lagið, því að mér mundi þykja sómi að því, að slíkur maður fylgdi Sjálfstfl. og stefnu hans í öllum höfuðefnum.

Ég tel þetta ekkert atriði. Ég veit heldur ekkert um hagstofustjóra, þann ágæta embættismann, eða fleiri sérfræðinga, sem þarna hafa verið með okkur. Aðalatriðið er, finnst mér, að það sé farsælt, að þessir viti bornu og sérfróðu menn, eins og sumir aðrir menn í þjóðfélaginu, hafi sig tiltölulega lítið í frammi í stjórnmálum. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að vitrir menn hafi ekki skoðanir, greiði ekki einum flokki atkvæði o. s. frv. frekar

en öðrum, og þeir hafa auðvitað líka leyfi, eins og fyrirspyrjandinn, prófessorinn í lögum, og margir aðrir mætir menn, til að láta upp allar sínar skoðanir. En ég efast ekkert um, að það er hugsanlegt, að einstaka lærlingur mundi hafa meira gaman af miklum kunnugleika og menntun fyrirspyrjandans í lögfræði, — væri kannske að einhverju leyti geðþekkara að hlusta á hann, — ef hann ekki væri að vafrast hér á þingi. En það er auðvitað réttur hvers manns að vera það, nái hann kosningu. En það eru sérstakir menn, sem ég tel að öðrum fremur sé heppilegt að láta ekki mikið uppi um sínar skoðanir, og það eru þeir, sem hæstv. menntmrh. var að lýsa, að verða á hverjum tíma að geta verið nauðsynleg aðstoð sérhverri ríkisstj., sem með völdin fer, án hliðsjónar af, hvaða pólitíska blæ hún ber.

5. Rekstrarfé fyrir iðnaðinn.

Á 11. fundi í Sþ., 3. febr., var útbýtt:
Fsp. til iðnmrh. um aukið rekstrarfé fyrir iðnaðinn [47. mál, 1] (A. 81).

Á 12. fundi í Sþ., 4. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 10. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Á þskj. 81 hef ég leyft mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj., hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar að undanförnu til þess að framkvæma viljayfirlýsingu Alþingis frá 1958 um endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Eins og kunnugt er, flutti þáv. 8. þm. Reykv., Sveinn Guðmundsson, tillögu á Alþingi árið 1958 um, að Alþingi fæli ríkisstj. að hlutast til um, að seðlabankinn endurkeypti framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar yrðu með svipuðu móti og þær, sem gilt hafa um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Í grg. fyrir till. var m. a. tekið fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er gild regla seðlabankans að endurkaupa afurðavíxla sjávarútvegs og landbúnaðar að ⅔ áætlaðs söluverðs til a. m. k. 6 mánaða. Slík regla mun einnig hafa verið tekin upp um framleiðslu áburðarverksmiðjunnar. Nauðsyn ber til, að aðrar framleiðslugreinar njóti sama réttar, m. a. sementsverksmiðjan, þegar hún tekur til starfa, svo og iðnaðurinn almennt."

Þá er vikið að því í grg., hversu iðnaðurinn hefur nú orðið mikla þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn í heild, og bent á, að eðlilegt væri, að hann sæti við sama borð og landbúnaður og sjávarútvegur varðandi fjárútveganir.

Allshn., sem fékk framangreinda till. til meðferðar, lagði til annað orðalag, en mælti annars með samþykkt hennar efnislega. Till., eins og nefndin gekk frá henni, var síðan samþykkt samhljóða hér á hv. Alþingi.

Síðan þetta gerðist, er nú liðið langt á annað ár, án þess að nokkuð raunhæft hafi verið aðhafzt í þá áttina, að iðnaðurinn fengi aukið rekstrarfé, og engar reglur hafa sézt um endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins. Fyrrv. ríkisstj. mun þó hafa skipað nefnd manna til þess að athuga málið á grundvelli tillögu Sveins Guðmundssonar, en ókunnugt er um störf hennar og niðurstöðu.

Allir, sem nokkur afskipti hafa haft af málefnum iðnaðarins, vita, að hann hefur verið í hinni mestu þörf fyrir lánsfé. Er það eðlilegt, þegar á það er litið, að iðnaðurinn hefur stöðugt verið að færa út kvíarnar með nýjum og nýjum verkefnum. Það er og alkunnugt, að varðandi fjáröflun hefur iðnaðurinn staðið miklu verr að vígi en bæði sjávarútvegur og landbúnaður, þar sem hann hefur ekki átt neina stofnsjóði, sem nokkurs væru megandi, til að leita til.

Sömu söguna er að segja um rekstrarféð. Í því efni hefur iðnaðurinn einnig orðið að búa við skarðan hlut. Fyrir skömmu var skýrt frá því í blöðum, að iðnlánasjóður, eini stofnsjóður iðnaðarins, stæði nú í aðeins 10 millj. kr., þegar stofnsjóðir hinna atvinnuveganna væru komnir yfir 600 millj. kr. Þá væru endurkeyptir víxlar, þ. e. a. s. framleiðsluvíxlar sjávarútvegs og landbúnaðar, um 900 millj. kr. árlega.

Till. Alþingis 1958, sem ég hef gert að umtalsefni, vakti vonir iðnaðarmanna og iðnrekenda um leiðréttingu mála sinna varðandi lánamál. Þar sem allt situr þó við það sama í þessum efnum, hef ég leyft mér að koma fram með fsp. á þskj. 81.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hinn 29. sept. s. l. skipaði viðskmrh., sem þá var einnig iðnmrh., nefnd þriggja manna til þess að athuga lánamál iðnfyrirtækja og sérstaklega endurkaup seðlabankans á víxlum með tryggingu í iðnaðarvörum, eins og það var orðað í skipunarbréfi. Í nefndina voru skipaðir dr. Jóhannes Nordal bankastjóri, formaður, Sveinn Valfells forstjóri, Gunnar Vagnsson fulltrúi í iðnmrn. Síðan var Landssambandi iðnaðarmanna að tilmælum þess gefinn kostur á að eiga fulltrúa í nefndinni, og tilnefndi það Braga Hannesson skrifstofustjóra. Nefndin hefur hafið störf sín og ráðið Þorvarð Alfonsson hagfræðing, starfsmann hagfræðideildar Landsbankans, sem ritara.

Með bréfi, dags. 5. þ. m., hefur iðnmrh. falið nefndinni til viðbótar því verkefni, sem áður getur, að gera till. um öflun tekna til handa iðnlánasjóði, og er svo til ætlazt, að bankastjóri Iðnaðarbankans, Guðmundur Ólafs, starfi með n. að því er varðar þann hluta verkefnis hennar, er iðnlánasjóðinn snertir.

Þetta er yfirlit um það, sem gerzt hefur og skýrsla er um í iðnmrn., og staðfestir það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að enn er málið algerlega á athugunarstigi. Nefnd til að kanna framkvæmdamöguleika á ályktun Alþ. frá vorinu 1958 var ekki skipuð fyrr en haustið 1959, og miðað við þann

tíma, sem síðan er liðinn, er sjálfsagt ekki við því að búast, að lausn sé fengin á þessu máli. Hvað sem líður því, hvort fært þykir, sem ég skal ekki dæma um á þessu stigi, að kveða á um slíkan endurkauparétt sem fólst í ályktun Alþingis frá vorinu 1958, þá er það ljóst, eins og einnig kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að iðnaðurinn hefur orðið mjög afskiptur varðandi stofnlánasjóði. Ég tel, að á þessu þurfi að verða gagnger breyting. Ég hef talið, að það væri eðlilegast að leita fyrst samráðs við fulltrúa iðnaðarmanna sjálfra um tekjuöflun í þessu skyni og þá bankastjóra Iðnaðarbankans, sem jafnframt er framkvæmdastjóri iðnlánasjóðs, og þess vegna fól ég n. þetta viðbótarverkefni, sem ákveðið var með bréfinu 5. febr. Og það var borið undir fulltrúa þessara samtaka áður, hvort þeir teldu þá skipun eðlilega eða ekki, og virtist þeim það vera skynsamlegasti mátinn til þess að taka málið upp á.

Meira get ég ekki um málið sagt á þessu stigi. En allir hljóta að viðurkenna, að iðnaðurinn hefur hér verið mjög settur til hliðar, og gagnger breyting þarf að verða á þessum málum, svo fljótt sem við verður komið.

Fyrirspyrjandi (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. iðnmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér áðan, og ég vænti þess, að sú nefndarskipun, sem hann gat um, og aðrar ráðstafanir ríkisstj. í þessu máli komi til með að létta verulega undir með iðnaðinum í sambandi við lánamálið.

Það er sérstaklega ánægjulegt að fá upplýsingar um, að það sé einnig í ráði að gera einhverjar ráðstafanir í sambandi við iðnlánasjóðinn, því að eins og ég gat um áðan, þá hefur það háð mjög iðnaðinum, uppbyggingu hans hér í landinu, að hann hefur ekki átt neinn sambærilegan stofnsjóð eins og bæði landbúnaður og sjávarútvegur.

6. Skattfríðindi við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar.

Á 11. fundi í Sþ., 3. febr., var útbýtt:

Fsp. til fjmrh. um framkvæmd skattfríðinda á yfirvinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar [47. mál, 2] (A. 81).

Á 12. fundi í Sþ., 4. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 10. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Í maímánuði s. l. var hér á Alþingi gerð nokkur breyting á gildandi skattalögum. Fór sú breyting í þá átt, að 10. gr. skattalaganna var nokkuð breytt, og í henni er ákvæði um það, hvað af tekjum megi draga frá, áður en skattur er á lagður. Með þessari lagabreytingu frá því í maí á árinu 1959 var ákveðið, að meðal þess, sem frá skatttekjum mætti draga, áður en skattur væri á lagður, skyldu vera atvinnutekjur þær, sem skattþegn hefur aflað sér í eftir-, nætur- eða helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar og ekki eru orlofsskyldar. Ákvæði laganna var líka um það, að bæði þeir, sem þessara hlunninda gætu notið, og einnig atvinnurekendur þeirra skyldu taka fram í skýrslum sínum, skattframtölum og vinnuskýrslum, hverjar tekjur gætu undir þetta fallið. Og loks var í lögunum ákveðið, að ráðh. skyldi gefa út reglugerð um framkvæmd þessa atriðis og kveða þar á um, hver störf skyldu undir þetta falla. Þá var og í þessari lagasetningu ákvæði um það, að þetta atriði ætti að koma til framkvæmda hinn 1. jan. 1960, þ. e. a. s., þetta ætti að taka til þeirra tekna, sem menn hefðu aflað sér á árinu 1959, þannig að nauðsynlegt var að hafa þetta fram tekið á skattframtölum, sem gerð eru í byrjun ársins 1960.

Nú bregður hins vegar svo við, þegar skattyfirvöld landsins auglýsa sínar árlegu áminningar til skattþegna landsins um það, hvernig beri að haga skattframtölum, að þar er ekki minnzt á það einu einasta orði, hvorki að atvinnurekendur skuli sundurliða vinnu samkvæmt þessu né heldur að hinn almenni framteljandi eigi að geta þess sérstaklega. Þess varð líka vart, að engin reglugerð kom frá ráðuneytinu um þetta atriði, og hefur hún enn til þessa ekki verið gefin út.

Engu að síður reyndust fjölmargir af þeim, sem kynnt höfðu sér skattalög, vera til þess fúsir mjög að framfylgja lögunum, og er mér t. d. kunnugt um það, að vinnslustöðvarnar í Vestmannaeyjum, sem hér áttu vissulega hlut að máli, þar sem mikil yfirvinna er unnin á þeirra vegum árlega einmitt við útflutningsframleiðsluna, höfðu — allar fjórar stóru vinnslustöðvarnar þar — sett nokkurn hluta af starfsliði sínu í það að sundurliða þetta og voru vel á veg komnar með það. En að sjálfsögðu, þegar þessir atvinnurekendur urðu þess varir, að ekki var nein áminning frá skattyfirvöldum um að skila þessari sundurliðun, þá tóku þeir að spyrjast fyrir um það hjá skattstofunni í Vestmannaeyjum, hvort þessi sundurliðun þætti ekki nauðsynleg, og fengu það svar, að skattstofunni hefðu engin fyrirmæli borizt um það og þar af leiðandi yrði ekki krafizt af þeim neinnar slíkrar sundurliðunar.

Ég sé ekki annað en að hér hafi verið með öllu vanrækt að framkvæma það, sem lög beinlínis segja, að rn., í þessu tilfelli fjmrn., eigi að framkvæma, og ég sé ekki, að það breyti heldur neinu, þó að þeir flokkar, sem standa að hæstv. ríkisstj., hafi haft uppi um það nokkrar orðræður, að þeir hefðu í hyggju, — ja, fyrst hét það að afnema tekjuskattinn, en síðar að draga úr honum á einhvern hátt. Ekkert slíkt hefur verið tekið í lög, og raunar hefur enginn pappír verið sýndur um það hér á Alþingi til þessa, að þetta sé að ske, svo að ég sé ekki annað en hér hafi hæstv. fjmrn. algerlega hlaupizt undan skyldu sinni og vanrækt að framkvæma það, sem því bar að framkvæma að lögum.

Máske eru til á þessu einhverjar þær skýringar,

sem geri þetta eðlilegt, — löglegt verður það auðvitað aldrei, — og þess vegna hef ég leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 81, þar sem ég í fyrsta lagi spyr: „Hvers vegna hefur ekki verið gefin út reglugerð varðandi skattfríðindaákvæði 2. gr. l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, er Alþingi samþ. 12. maí 1959?" Og í öðru lagi: „Hefur fjmrn. gefið samþykki sitt til þess, að atvinnurekendur skuli undanþegnir þeirri lagaskyldu að láta skattyfirvöldum í té vinnuskýrslur, er sundurliði vinnu þannig, að séð verði, hver hluti vinnulauna falli undir nefnd lagaákvæði?"

Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. gefi mér og þingheimi skýringu á því, hvernig á því stendur, að fjmrn. virðist ekkert hafa gert til þess að framkvæma þessi lög.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt um, hvers vegna hafi ekki verið gefin út reglugerð varðandi skattfríðindaákvæði 2. gr. laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, er Alþingi samþykkti 12. maí 1959.

Þegar er núverandi ríkisstj. hafði verið mynduð, skipaði hún n. til þess að endurskoða öll gildandi lagaákvæði um tekju- og eignarskatt og þá að sjálfsögðu m. a. það ákvæði, sem í spurningunni er vitnað til. Þótti einsætt að fresta útgáfu reglugerðar þeirrar, sem ræðir um í fsp., þangað til álit n. um þetta atriði lægi fyrir, ekki síst þar sem athugun hafði leitt í ljós, að mjög miklir örðugleikar mundu verða á því að framkvæma þetta lagaákvæði.

Nú hefur skattalaganefndin skilað áliti um nokkurn þátt endurskoðunarinnar, og leggur hún m. a. til, að ákvæðið um skattfrelsi eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þágu útflutningsframleiðslunnar verði fellt niður. Í grg. n. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á Alþingi 1959 var samþ. að undanþiggja skatti atvinnutekjur, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þágu útflutningsframleiðslunnar. Tilgangur þessa lagaákvæðis mun hafa verið sá að koma í veg fyrir, að menn af skattaástæðum yrðu ófúsir til að vinna slíka yfirvinnu. Þar sem nú er ákveðin stórfelld lækkun á tekjuskatti almennt, er eigi jafnmikil ástæða til þess og áður að veita nefnda undanþágu frá skattskyldu. Það hefur enn fremur komið í ljós, að mjög miklir örðugleikar eru á framkvæmd þessa lagaákvæðis. Oft er mjög erfitt að greina milli venjulegrar dagvinnu og eftirvinnu. Mörg fyrirtæki framleiða jöfnum höndum fyrir innlendan og erlendan markað, þannig að ókleift virðist að aðgreina, að hve miklu leyti yfirvinna, sem unnin er hjá slíkum fyrirtækjum, sé í þágu útflutnings eða framleiðslu fyrir innanlandsmarkað. Má nefna þar sláturhúsin sem dæmi. Af þessum ástæðum er lagt til, að a-liður 10. gr. verði felldur niður" — en það er sá liður í lögunum, sem hér um ræðir.

Þetta er álit skattalaganefndarinnar.

Í öðru lagi er spurt: „Hefur fjmrn. gefið samþykki sitt til þess, að atvinnurekendur skuli undanþegnir þeirri lagaskyldu að láta skattyfirvöldum í té vinnuskýrslur, er sundurliði vinnu þannig, að séð verði, hver hluti vinnulaunanna falli undir nefnd lagaákvæði?"

Þegar sýnt var, að bið yrði á því vegna endurskoðunar skattalaganna, að unnt yrði að gefa út reglugerð varðandi þetta efni, þá taldi rn. ekki óeðlilegt, að skattyfirvöld veittu þeim fyrirtækjum, sem eftir því leituðu, frest á að skila sundurliðuðum vinnuskýrslum varðandi þetta atriði. Jafnframt var hlutaðeigandi tjáð, að þeir yrðu að vera viðbúnir að gefa þær skýrslur um þetta efni, sem nauðsynlegar þættu, jafnskjótt og krafizt yrði.

Af þessu sést, að eigi hefur verið fallið frá neinni lagaskyldu í þessu efni, en algengt er, að frestir til að gefa upplýsingar um tiltekin atriði hafa verið veittir, meðan beðið hefur verið eftir lausn tiltekinna skattalagabreytinga.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Með því að ég á sæti í þeirri n., sem hæstv. fjmrh. minntist á, þykir mér rétt að taka það fram, að ég er alveg andvígur þeirri till., sem kom frá n. um að fella þetta ákvæði niður, og mun ræða það frekar, þegar sjálft frv. kemur fram.

Ég hef hins vegar þá skoðun á þessu máli, að ákvæði laganna eigi ekki að koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1960. Það stendur óumdeilanlega í a-lið, og það verður ekki skilið á annan hátt en þann, að skattfrelsi á tekjum af þessari vinnu nái ekki yfir tekjur ársins 1959, og í því liggur ágreiningurinn um þetta atriði, en alls ekki um hitt. Ef aðeins hefði staðið hér eins og í 4. gr., að lög þessi öðluðust gildi nú þegar, þá var enginn ágreiningur um það, að þessi skattur hefði átt að reiknast af tekjunum, eins og þær urðu, eftir að lögin tóku gildi. En eins og ákveðið er hér í a-lið, þá er alveg skýrt frá mínu sjónarmiði, að þetta gildir ekki fyrr en um þær tekjur, sem unnið er fyrir eftir 1. jan. 1960. Það hefði þurft að standa nánar um það í lögunum, ef hefði átt að taka tillit til þeirra tekna, sem innunnar eru árið 1959.

Þetta vildi ég láta koma fram undir þessum umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Varðandi ræðu hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) hef ég það eitt að segja, að ég held, að það sé alveg á misskilningi byggt hjá honum, að þetta eigi ekki að ná til tekna, sem mynduðust 1959, enda mundi hann strax sjá það, ef hann fylgdist með umr. um málið hér í þinginu eða læsi þær yfir, að það var ekki tilgangurinn, heldur hitt, að við skattálagningu 1960 kæmi þetta til framkvæmda, þannig að það verkaði á tekjur þær, sem myndazt hefðu á árinu 1959.

Varðandi þau svör, sem hæstv. fjmrh. hefur hér gefið, vil ég aðeins taka fram, að ég sé ekki annað en hans upplýsingar staðfesti það í einu og öllu, að hér hefur rn. skotið sér undan þeirri lagaskyldu að gefa út reglugerð um þetta atriði. Ég þarf auðvitað ekki að útskýra það í einu eða neinu fyrir þeim ágæta ráðh., sem þar situr, svo fróður sem hann er í lögum, að álit einhverrar skattalaganefndar, sem ríkisstj. hefur skipað, getur ekki komið í staðinn fyrir lög. Þar af leiðandi liggur það alveg í augum uppi, að þrátt fyrir álit, sem ekki er einu sinni einróma, það hefur nú verið upplýst hér, þessarar skattalaganefndar, sem ég

veit ekki einu sinni heldur, hverjir eiga sæti í, aðrir en hv. 1. þm. Vestf., er ekki hægt að láta slíka álitsgerð koma í staðinn fyrir lög.

Ef hefði átt að láta hugsanagang ríkisstj. eða þeirra, sem að henni standa, eða það, sem þeir hafa sagt um skattamál, koma í staðinn fyrir lög, hefði líka átt að vera óþarft að láta fara fram nokkurt skattframtal í upphafi þessa árs, því að ég veit ekki betur en að þessir tveir flokkar hafi einmitt staðið að því sameiginlega hér á Alþingi fyrir skömmu að samþykkja báltill. um að fela ríkisstj. að athuga, hvort ekki væri hægt að fella niður tekjuskatt með öllu. Ein af röksemdafærslunum, sem þá var færð fyrir því, hvert ágæti væri í þessu fólgið, var sú, að þá væri hægt að spara mönnum alla skriffinnsku við skattframtöl og þá væri hægt að spara ríkinu skattstofukostnaðinn, sem þykir vera mjög mikill.

Varðandi það, að á þessu séu einhverjir örðugleikar í framkvæmd, þá skal ég vissulega ekki hafa á móti því, að svo geti verið. En svo margt höfum við framkvæmt í lögum, sem nokkur vafi getur leikið á um, hvernig bezt sé í framkvæmd, að hér er ekki um neitt einsdæmi að ræða í þeim efnum. Of ef menn gengju almennt með þá hugmynd, að ekkert væri vafasamt í skattaframkvæmdum hjá okkur eða skattheimtu okkar, ekkert orkaði þar tvímælis af því, sem fyrir er, þá gætum við talað digurbarkalega um hluti, sem orkuðu tvímælis í þessu atriði, en það vita hins vegar allir, að í okkar skattheimtu og framkvæmd skattalaga er svo ótalmargt, sem orkar mjög tvímælis, að sá vandi, sem hér er á höndum, er ekki nema lítill í samanburði við margt af því, sem þar hefur viðgengizt að framkvæmt hefur verið og mjög sýnist sitt hverjum um. Ég vænti þess, að ráðuneytið sjái sér fært að bæta úr þessu. Ef lagabreyting er rétt að koma, sem gerir þetta atriði óþarft, þá leiðréttist það auðvitað þar með og verður kannske ekki úr því bætt öðruvísi. En enginn á það alveg víst, jafnvel þótt í ráðherrastól sitji, að hans hugmyndir, jafnvel áður en þær eru komnar á blað, eigi samþykktum Alþ. að fagna, þegar þangað kemur, og hefði því verið réttmætast, að rn. hefði í engu skotið sér undan þeirri skyldu, sem hér hvíldi á því, en framkvæmt það, sem lög buðu.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram, að það er fullkominn misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda, að nokkurt lagaákvæði hafi verið brotið í þessu efni. Það er nú svo um þetta ákvæði um undanþágu eða skattfríðindi yfirvinnu við útflutningsframleiðsluna, að það ákvæði er svo óljóst, bæði að efni og formi, að það tekur eiginlega fram flestu, sem Alþ. hefur samþ. á undanförnum árum, og er það þó ekki allt fullkomlega vandað.

Það er í fyrsta lagi alveg óljóst, eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Vestf., hvenær þetta á að koma til framkvæmda. Það segir ákveðið, að þetta skuli koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1960, og hefur verið uppi tvenns konar skilningur á því. Þýðir það, að það eigi að koma til framkvæmda á þessu ári við skattálagningu, þ. e. a. s. varðandi þær yfirvinnutekjur, sem menn hafa aflað sér á árinu 1959, eða eins og hv. 1. þm. Vestf. hélt fram og margir fleiri en hann, að þetta ákvæði þýði rétt skilið, að það séu aðeins eftirvinnutekjur, sem menn vinna sér inn eftir 1. jan. 1960, sem njóta þessara fríðinda? Sá skilningur þýðir, að það er fyrst við álagningu 1961, sem það kæmi til framkvæmda. Þetta er í fyrsta lagi varðandi gildistökutímann.

Í öðru lagi segir, að ráðh. ákveði í reglugerð, hver störf falli undir þessi ákvæði, o. s. frv. Það segir ekkert í lögunum um það, að ráðherra skuli gefa út þá reglugerð fyrir einhvern ákveðinn tíma, og þess vegna er misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda, að það hafi átt að gera t. d. fyrir áramótin síðustu. Vitanlega verður að gefa út reglugerðina, áður en þetta ákvæði kemur til framkvæmda, það er ljóst.

En þegar unnið var að því að undirbúa reglugerð um þetta efni, en það var skattstjórinn í Reykjavík, sem falið var það verkefni, þá kom í ljós, eins og raunar marga hafði órað fyrir, þegar málið var til meðferðar hér í þingi, að á þessu væru svo miklir framkvæmdarörðugleikar og túlkunarörðugleikar, að það stappaði nærri, að ákvæðið væri óframkvæmanlegt. Þegar skattstjórinn fjallaði um þetta, kvaddi hann sér ýmsa til ráðuneytis og leitaði m. a. álits hjá þremur þekktum verkalýðsleiðtogum, og þeir gáfu sameiginlega álitsgerð, bæði varðandi sjálf lögin og uppkast skattstjóra að reglugerðinni. Í þessari álitsgerð verkalýðsleiðtoganna segir m. a.:

„Augljóst er, að lagasetning eins og hér um ræðir skapar misræmi milli skattgreiðenda og því til þess fallin að vekja óánægju og samanburð hjá öðrum starfshópum en þeim, sem hún tekur til.“

Þegar þeir tala svo nánar um reglugerðina, þá er ákaflega hörð gagnrýni á ýmsum ákvæðum hennar, sem muni skapa verulega óánægju og misrétti, og segir m. a., að framkvæmd þessara ákvæða, eins og gert hafi verið ráð fyrir, muni leiða til beinna vandræða.

Fleiri aðilar, sem þetta var undir borið, voru á sömu skoðun.

Þegar við höfum þetta allt í huga: 1) Það er óljóst eftir ákvæðum laganna, hvort þau eiga að koma til framkvæmda á árinu 1960 eða 1961. 2) Að þeir, sem fengust við undirbúning reglugerðarinnar, og fulltrúar þeirra aðila, sem fyrst og fremst áttu að njóta þessara ákvæða, töldu bæði lögin og reglugerðina meingölluð og mundu leiða til misræmis og vandræða. 3) Að tekjuskattsnefndin tók þetta mál sérstaklega til meðferðar og lagði til, að ákvæðið yrði numið úr lögum, — með allt þetta í huga var ekki talin ástæða og ekki talið fært að gefa formlega út þessa reglugerð.

Eins og tekið var fram í svari mínu áðan, var hins vegar hlutaðeigendum tjáð, að þeir yrðu að vera við því búnir, ef þetta lagaákvæði ætti að koma til framkvæmda á þessu ári, að gefa upplýsingar og sundurliðun á dagvinnu og eftirvinnu varðandi störf við útflutningsframleiðsluna.

Ég vil aðeins bæta því hér við, eins og kom raunar fram áðan, að m. a. hefur það valdið miklum erfiðleikum við túlkun og undirbúning reglugerðarinnar, hvað ætti að kalla útflutningsframleiðslu og hvernig ætti að fara um vinnu við fyrirtæki, þar sem jöfnum höndum er framleidd vara

til útflutnings og til neyzlu eða notkunar innanlands.

Það ber í rauninni allt að sama brunni, að mjög miklir — ég vil segja óvenjumiklir örðugleikar eru á framkvæmd þessa lagaákvæðis. Nú áður en langt um líður verður flutt hér í Alþ. frv. um breytingu á l. um tekju- og eignarskatt, og m. a. verður þar ákvæði um, að þetta fyrirmæli laganna skuli niður fellt.

Ég vænti, að þetta mál liggi nokkuð skýrt fyrir, eftir því sem hægt er að átta sig á jafnóskýru máli og þetta lagaákvæði er, en ég vil undirstrika það enn, að það er alger misskilningur, að hér hafi nokkur lög eða lagaákvæði verið brotin.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Enda þótt ég telji, að mest af því, sem máli skiptir í sambandi við mál þetta, hafi þegar komið fram í ræðu hæstv. fjmrh., tel ég rétt að segja um þetta örfá orð, bæði vegna þess, að ég á sæti í skattalaganefndinni og er einn þeirra, sem standa að álitinu um þetta, sem hæstv. fjmrh. hefur lesið upp, en auk þess kom ég dálítið við sögu þessa máls, þegar það var afgr. á síðasta Alþ.

Till. um að undanþiggja tekjur við yfirvinnu í þágu útflutningsframleiðslunnar sköttum var þá borin fram af hv. núverandi 6. þm. Sunnl. (KGuðj). Í umr. um þetta mál lýsti ég mig samþykkan því grundvallarsjónarmiði, sem till. lá að baki, nefnilega þeirri staðreynd, að verðbólgan hefur gert það að verkum, að stighækkun tekjuskattsins, sem upphaflega er aðallega ætlað að bitna á hátekjumönnum, kemur nú til að bitna einnig á yfirvinnutekjum verkamanna. Þetta er vissulega vandamál, sem á einn eða annan hátt þarf að leysa. Hins vegar benti ég á það þá þegar, að af skattatæknilegum ástæðum mundi reynast óframkvæmanlegt að framkvæma till. í þessari mynd. Nú bar það þannig að í þinginu, að þessi till. væri samþ., að fyrst hafði hún verið felld með yfirgnæfandi meiri hluta atkv. í Nd., en einhvern veginn slæddist hún í Ed. inn í það frv., sem þá lá fyrir um skattamálin. Þegar hún kom svo til Nd. aftur, var málið komið í þann eindaga, að Nd. sá sér ekki fært annað en samþ. frv. óbreytt, því að ella hefði öðrum atriðum skattalagafrv., eins og lækkun á lágtekjuskatti o. s. frv., sem allir voru sammála um, verið stofnað í hættu. Það var þannig, sem það bar að, að þetta komst inn í skattalögin.

Hvers vegna er þetta óframkvæmanlegt? Í því sambandi má vitna til þeirrar grg. meiri hluta skattalaganefndarinnar, sem hæstv. fjmrh. las upp. Við bentum á, að það væri þannig með ýmiss konar fyrirtæki, að þau framleiða bæði í þágu útflutningsframleiðslunnar og fyrir innlendan markað, þannig að það væri ógerningur að aðgreina þetta tvennt. Það má líka benda á annað atriði í þessu sambandi. Nú er það að vísu þannig, að samkvæmt orðalagi þessarar greinar skattalaganna virðist sem ætlunin sé, að þetta taki aðeins til þeirra, sem vinna í þágu annarra. Hitt er auðvitað augljóst, að engin sanngirni mælir með því, að bændur, að því leyti sem þeir vinna í þágu útflutningsframleiðslunnar, eigi ekki líka að njóta þeirra hlunninda, sem hér er um að ræða. En hvernig ætti að fara að framkvæma það að aðgreina þann hluta af vinnu bóndans, sem er í þágu útflutningsframleiðslunnar, og þá vinnu, sem er fyrir heimamarkað? Þetta mundi m. a. leiða til þess, að bændur, sem framleiða aðallega sauðfjárafurðir, ættu að njóta þessa, en ekki þeir, sem framleiða mjólkurafurðir, og sjá allir, hver fjarstæða það er.

Ég vil svo ekki lengja þessar umr., en vil aðeins leyfa mér að benda á, að hvorki hv. 6. þm. Sunnl. né hv. 1. þm. Vestf., sem efnislega tók í sama streng og hann og gerði ágreining um þetta í n., hefur með einu orði imprað á því, hvernig leysa eigi þetta skattatæknilega vandamál, sem hæstv. fjmrh. og ég höfum bent á.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Af orðum, sem féllu hjá hæstv. fjmrh., mætti ætla, að skattstjórinn í Reykjavík hefði snúið sér til Alþýðusambandsins og svar Alþýðusambandsins hefði verið á þá leið, að horfið hefði verið frá því að gefa út reglugerð til að framkvæma þau lög, sem hér er um að ræða, sem voru um skattfríðindi eða eins konar framleiðsluverðlaun til þess fólks, sem stritar nætur og daga á vissum tímum árs í framleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar. Ég vil til að fyrirbyggja misskilning a. m. k. taka það fram, að hvorki ráðh. né skattstjóri hefur snúið sér til Alþýðusambandsins viðvíkjandi þessu máli og Alþýðusambandið ekkert svar gefið í þessu efni og ber því ekki sök á því á neinn hátt, að ríkisstj. hefur látið undir höfuð leggjast að gefa út reglugerð, sem henni var þó ætlað, um þetta efni.

Ég get ekki ætlað það, að nokkur maður sé í vafa um, að með lagasetningunni hér á Alþ. var fastlega til þess ætlazt, að fólk, sem starfaði að framleiðslunni, fengi skattfríðindi fyrir yfirvinnu sína og næturvinnu, helgidagavinnu, og það gat því ekki verið nokkurt undanfæri með það, ef ekki átti að brjóta lög, að gefa út reglugerð um framkvæmdina. Ég tel því, að það sé tvímælalaust, að l. hafi verið brotin, þegar reglugerðin hefur ekki komið og skattanefndirnar þannig engin fyrirmæli fengið um að framkvæma þetta verk, að taka tillit til þessarar yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu við skattlagningu nú á árinu 1960. Það er alveg augljóst mál af ummælum hér á Alþ., þegar þessi löggjöf var til umr., að það var þá talað um, að það væri orðið of langt liðið á árið 1959 og skattlagningu þá komið svo langt, að það væri ekki hægt að framkvæma það á því ári, en viðmiðunina á árið 1960 tóku áreiðanlega allir svo, að það væri framkvæmanlegt og bæri að framkvæmast á árinu 1960 með tilliti til tekna aflaðra á árinu 1959. Það held ég að verði því að teljast bein undanbrögð og andstaða við efni málsins, andúð við það að veita þessu starfandi fólki þessi fríðindi, sem þingið ákvað að veitt skyldu, að reglugerðin er ekki sett, með tilliti til þess, að einhverjir hafi þann skilning, að þetta eigi ekki að koma til framkvæmda fyrr en tekjur ársins 1959 koma til skattlagningar, þ. e. a. s. á árinu 1961.

Mér er tjáð af einum af þeim verkalýðsleiðtogum, sem skattstjóri mun hafa rætt málið við munnlega, ekki sent neitt skriflegt erindi til hans eða þessara þriggja manna, sem vitnað var til, að þá hafi þeir fengið að sjá reglugerðaruppkast, sem skattstjórinn var búinn að gera, og skattstjórinn

mun hafa tjáð, að fyrir sig hafi verið lagt að gefa út reglugerð, sem þrengdi heimildir laganna eins mikið og hægt væri og gerði þannig eins lítið úr þessum skattfríðindum til vinnandi fólks og mögulegt væri, og við það væri reglugerðaruppkastið miðað. Síðan hafi þeir verið beðnir að veita umsögn um þetta reglugerðaruppkast og hafi gert það persónulega, rætt málið persónulega þarna og óformlega við skattstjórann og hann hefði óskað eftir að fá svar þeirra skriflega og þeir hafi gagnrýnt það, hve mjög reglugerðin þrengdi ramma laganna og væri þannig óhagstæð, og gerðu við hana margar athugasemdir. Til hvers var hún send til umsagnar þessum mönnum, ef ekki einmitt til þess að heyra, hvaða skoðanir þeir hefðu á reglugerðaruppkastinu, og til að fá fram þeirra skoðanir til breytinga á reglugerðinni? Vitanlega. En svo er þetta haft allt saman sem átylla fyrir því, að skattyfirvöldin og ráðuneytið hætti við að gefa út reglugerðina með öllu, og reglugerðin er þannig alls ekki sett, eins og lögin mæla fyrir.

Það er nokkuð síðan fsp. fóru að berast viðs vegar utan af landi til Alþýðusambandsins um það, hvort við gætum upplýst, af hverju þessi reglugerð væri ekki sett, af hverju skattanefndir og skattstjórar úti um land hefðu engin fyrirmæli fengið um að framkvæma þessi lög, og þá sneri ég mér til fjmrn. og fékk þar samband við ráðuneytisstjórann, og þau svör, sem hann gaf, voru þau, að það hefði verið horfið frá að setja þessa reglugerð með tilliti til fyrirhugaðrar breytingar á skattalögunum. Það var fyrirsátturinn, sem ég fékk. Hér er í raun og veru allt annað látið í veðri vaka, jafnvel látið í veðri vaka, að reglugerðin sé ekki til, af því að menn úr verkalýðshreyfingunni, sem málið hafi verið rætt við, hafi verið á móti því, sem mun vera blekking.

En það, sem ég vildi að síðustu segja, og það, sem mér þótti allra furðulegast við málflutning hæstv. fjmrh. í sambandi við þetta mál, var það, þegar hann vildi skjóta sér á bak við einhverja nefnd, sem hann hefði spurt eða fyrirrennari hans, hvort þeim fyndist, að þeir ættu að framfylgja lögum. Ja, þvílíkt! Ef ætti að fara að spyrja Pétur og Pál eða nefndir um það, hvort eigi að framkvæma þessi eða hin lögin, og láta svo undir höfuð leggjast að gera það, ef einhverjir vísir menn í þessum nefndum segi: Ja, við erum á móti þessu, eða við teljum ekki ástæðu til þess að framkvæma það, — slíkt er auðvitað á allan hátt rangt, og þá þýðir auðvitað engin lagasetning, ef á að vera hægt að bægja framkvæmdinni frá af andúð stjórnarherranna bara með því að spyrja einn eða annan, hvort þeir telji, að þessi lagasetning skuli koma til framkvæmda. Ég tel alveg tvímælalaust, að það var ætlun Alþ., að þessi skattfríðindi féllu vinnandi fólki til handa með skattlagningu á árinu 1960, og að það sé algert brot á lagasetningunni og vilja Alþ. að láta hana ekki koma til greina nú og marka ákveðnar línur fyrir því, hvernig framkvæmdin ætti að verða hjá skattyfirvöldunum með setningu reglugerðar. Þó að þeir hefðu ekki viljað taka til greina athugasemdir þessara verkalýðsleiðtoga, sem þeir leituðu til, þó að þeir hefðu ekki viljað taka til greina að rýmka reglugerðina á neinn hátt, heldur þrengja lögin eins og þeir treystu sér til og þyrðu lagabókstafsins vegna, þá hefði það þó alltaf komið til einhverra fríðinda og einhvers skattaléttis fyrir það fólk, sem vinnur um hávertíðina, nætur og daga, fyrir þjóðina, og það var a. m. k. algerlega ótvírætt, að það var þó undir öllum kringumstæðum ætlunin með þessari lagasetningu.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og öllum er ljóst, sem lesa þetta umrædda og umdeilda ákvæði í lögum, er það eitthvert óskýrasta og grautarlegasta ákvæði, sem sett hefur verið, og þegar maður heyrir svo ræðu hv. 4. landsk. þm., sem nú var að ljúka máli sínu hér, gæti í rauninni hvarflað að manni, að hann væri höfundur þessa lagaákvæðis, hafi sjálfur samið það. Hann byrjaði með því að misskilja gersamlega ummæli mín um það, að verkalýðsleiðtogar hefðu verið beðnir umsagnar, og honum fannst það varla geta átt sér stað, því að hann hafði ekki verið beðinn um umsögn. En þó að hann sé merkur verkalýðsleiðtogi, þá eru þó til fleiri, og ég skal skýra honum frá því, hvernig þetta mun hafa gengið fyrir sig að sögn skattstjórans.

Skattstjórinn í Reykjavík leitaði ekki til Alþýðusambands Íslands, enda kom það ekki á neinn hátt fram í minni ræðu, heldur, eins og ég tók skýrt fram, til þriggja verkalýðsleiðtoga, og sú umsögn, sem ég gat um hér áðan og las upp úr um gagnrýni bæði á lögunum og reglugerðaruppkastinu, er dagsett 9. nóv. 1959, og verkalýðsleiðtogarnir, sem skrifa undir þetta, eru, — ég skal lesa nöfn þeirra upp, og svo skulum við athuga, hvort hv. þm. kannast við þá, — einn heitir Eðvarð Sigurðsson, annar heitir Snorri Jónsson og þriðji heitir Óskar Hallgrímsson. Ég skal endurtaka, að þeir byrja umsögn sína á því, að það sé augljóst, að þessi lagasetning skapi misræmi milli skattgreiðenda og sé til þess fallin að vekja óánægju hjá öðrum starfshópum en þeim, sem hún tekur til. Gagnrýni þeirra beinist svo jöfnum höndum að reglugerðaruppkastinu og lögunum, og þegar hv. 4. landsk. segir, að skattstjórinn muni hafa fengið fyrirmæli um að semja reglugerðina þannig, að lögin yrðu túlkuð sem þrengst, og gefur í skyn, að það hafi verið fyrirmæli frá fjmrh., þá er þetta hugarburður einn. Ég hef ekki heyrt þetta fyrr, og er það vafalaust tilbúningur hv. 4. landsk., eins og kannske sumt fleira.

Það er svo þessu til viðbótar að geta þess, að ef Alþ. ákveður, eftir að málið hefur verið lagt fyrir það að nýju, að halda þessum núgildandi lagaákvæðum, þá er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu, að það væri framkvæmt nú þegar á þessu ári, þ. e. a. s. við álagningu tekjuskattsins 1960, ef Alþ. vill það svo við hafa. Það er vitanlegt, að það er nokkuð þangað til gengið verður frá skattálagningu, og oft hefur skattálagning beðið langt fram á vor, jafnvel fram í maímánuð, vegna þess, að Alþ. væri að gera einhverjar breytingar á skattalögunum. Ef sú yrði niðurstaðan hér á Alþ. að halda þessum ákvæðum, er vel hægt að framkvæma það frá því sjónarmiði, að það er hægt að afla þessara upplýsinga um sundurliðun á yfirvinnunni o. s. frv. En það held ég að öllum megi vera ljóst, að þar sem ákveðið er, að Alþ. taki

þetta mál til nýrrar meðferðar, og það er tillaga ríkisstj. að fella niður þetta ákvæði, þá hefði verið hin mesta fásinna að ætla nú að fara að skylda alla vinnuveitendur og verkafólk, sem hér ætti hlut að máli, til þess að leggja í það alla vinnu og skriffinnsku og skattstofuna líka að reikna þetta út og telja fram, hvað væri eftirvinna við útflutningsframleiðsluna, ef það lá við borð, ég vil segja meiri líkur eru fyrir því, að þetta ákvæði verði afnumið.

Hv. 4. landsk. þm. taldi sig bera ákaflega fyrir brjósti hinar vinnandi stéttir og taldi þetta vera einhverja hina mestu bót í skattamálum, þetta óskiljanlega ákvæði, sem hann hefur vafalaust átt einhvern þátt í að semja og orða. En ég vil taka það skýrt fram hér að lokum, að ég er sannfærður um, að fyrir vinnandi fólk eru þær umbætur í skattamálum, sem núverandi ríkisstj. beitir sér fyrir, margfalt meira virði en allt í þeim efnum, sem hv. 4. þm. landsk. tókst að koma í gegn, meðan hann var og hét.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. lýsti þeirri skoðun sinni, að hann væri á móti því að fella niður þessi ákvæði, sem hér hefur verið rætt um, og er ég honum sammála um það. Hann taldi þá skattanefnd, sem hann á sæti í út af þessum málum, hafa litið svo á eða a. m. k. suma þeirra, að þessi ákvæði laganna giltu ekki um tekjur manna, sem aflað er á árinu 1959, og hefði því ekki átt að framkvæma þessi ákvæði laganna í ársbyrjun 1960, heldur kæmi það fyrst til 1961. Ég hygg, að þetta sé misskilningur hjá hv. þm. og skal rökstyðja það með fáeinum orðum.

Greinar þessar í lögunum eru fluttar sem brtt. frá okkur hv. 5. núverandi þm. Norðurl. e. (BjörnJ) í Ed. í fyrra. Við höfðum ekki í till. okkar þetta ákvæði, að þessar greinar tækju ekki gildi fyrr en 1. jan. Við ætluðumst til, að þær tækju gildi strax eins og lögin sjálf. Þá var það, að þáverandi fjmrh. andmælti þessum till. eingöngu á þeim grundvelli, að það væri ekki hægt að framkvæma þær á því ári, en þá var ekki búið að leggja á skatta, þegar lögin voru samþ. 14. apríl.

Þegar þessi gagnrýni hafði komið fram hjá hæstv. þáverandi fjmrh., fluttum við skriflega brtt. við okkar eigin till., að þessi ákvæði kæmu til framkvæmda 1. jan. 1960, til þess að þarna yrði ekki árekstur. Við það hafði hæstv. fjmrh. ekkert að athuga, ekki heldur núv. hæstv. fjmrh., sem þá átti sæti í Ed., og þetta ákvæði var samþykkt án nokkurs mótatkvæðis. Þrátt fyrir það kemst hæstv. fjmrh. nú að þeirri niðurstöðu, að þessi ákvæði séu bæði óskýr og grautarleg og þurfi að afnema þau. Það er því engum blöðum um það að fletta, að þau áttu að koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1960, og það hafði enginn af hv. þdm. Ed. neitt við þau að athuga, þegar þessi till. var flutt þá, ekki heldur þeir, sem nú gagnrýna þau.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég heyrði það í þessum umr., að hæstv. fjmrh. telur, að þau ákvæði, sem umr. hafa spunnizt um hér varðandi sérstök skattfríðindi til þeirra, sem starfa í þjónustu útflutningsframleiðslunnar, séu svo grautarleg og óljós, að hann og aðrir starfsmenn hans megi ekki skilja, hvernig eigi að framkvæma þessi ákvæði.

Ég verð að segja, að mér þykir harla undarlegt, ef svo er komið hjá starfsmönnum íslenzka ríkisins, að þeir geti ekki skilið jafneinfaldan hlut og felst í þessum skattfríðindaákvæðum. Hér er greinilega tekið fram, að það séu atvinnutekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar, og síðan er tekið fram á eftir, að í reglugerð skuli tilgreina nánar, hvað flokkist undir útflutningsframleiðslu. En ég vil ætla, að hér á Íslandi sé það ekkert ýkja flókið mál, hvað heyrir undir útflutningsframleiðslu. Hér er ekki um neitt þokukennt að ræða, hvað er útflutningsframleiðsla. Það er ekki um svo margar greinar að ræða, að það er hægt að gera því full skil. Hitt er svo ekkert nýtt atriði, að ýmsir aðrir skattþegnar í landinu hafi imprað á einhverri óánægju, þegar veitt hafa verið sérstök skatthlunnindi til þeirra, sem vinna að útflutningsframleiðslunni. Við vitum mæta vel, að það hefur borið á því hjá ýmsum öðrum skattþegnum, að þeir hafa líka viljað fá fram þau skattfríðindi, sem sjómenn hafa haft á fiskiskipum okkar. Það er alkunna. Við vitum mæta vel um það, og satt að segja er ég ekkert hissa á því, þó að menn hér í öðrum starfsgreinum vilji gjarnan ná sér í þau skattfríðindi líka, sem Alþ. ákveður að veita sjómönnum eða því fólki, sem vinnur beint að útflutningsframleiðslu.

En það eru kannske ekki allir á sama máli um það, hvernig þetta skuli vera. Ég er á þeirri skoðun, og ég álít, að það hafi komið hér skýrt fram á Alþ. við þessa lagasetningu, að Alþ. leit svo á, að það ætti að verðlauna með nokkrum skattfríðindum þá aðila, sem vilja leggja á sig aukastörf fyrir útflutningsframleiðsluna.

Það er vitanlega með öllu tilgangslaust fyrir hæstv. fjmrh. eða starfsmenn hans að reyna að halda því fram, þannig að nokkur maður sannfærist um það, að þetta lagaákvæði sé svo grautarlegt eða óskýrt, að ekki hafi verið hægt að framkvæma það. Það var auðvelt að framkvæma það, miklu auðveldara að framkvæma það en ýmis önnur skattfríðindi, sem veitt eru samkv. skattalögum í sambandi við ýmiss konar annan frádrátt, og mat á ýmsum hlunnindum, margfalt auðveldara. Spurningin var bara um það, hvort átti að hlýða lögum, hvort menn vildu beygja sig fyrir þeirri samþykkt, sem Alþ. hafði gert um það að veita tilteknum aðilum nokkur skattfríðindi, á sama tíma sem ýmsum öðrum aðilum í landinu væru ekki veitt skattfríðindi.

Þessir embættismenn og hæstv. ráðh., þessi eða þá hinn, sem var á undan honum sem fjmrh., virðast vera í hópi þeirra manna, sem eru á móti því að veita þessi fríðindi. Það er allt og sumt. Og þá taka þeir það ráð að stíga yfir lögin, brjóta þau hreinlega, fara ekki eftir samþykkt Alþingis. Þetta vitanlega ber að víta. Og þó að menn segi nú á eftir: Ef fyrirhugað er að breyta þessum lögum á Alþingi, þá er óþarfi að leggja á sig þessa vinnu. — Ja, hver er kominn til að segja, að það sé fyrirhugað að breyta þessum ákvæðum hér á Alþ.? Það á eftir að sýna sig. Ég álít, að

fjmrn. hafi borið skylda til þess að fara að settum lögum, svo lengi sem þau stóðu í gildi, hvað sem þeirra einkaálit var um það, hvort þessi skattfríðindi átti að veita eða ekki. Ég álít fyrir mitt leyti miður farið allt, sem fer í þá átt í þessum efnum að draga úr því að veita nokkur fríðindi eða einhver hlunnindi til þeirra aðila, sem vilja leggja á sig aukastörf til þess að auka framleiðsluna. Öll spor, sem verða stigin í aðra átt, eru ábyggilega efnahagsmálum okkar ekki til góðs.

Svo er enn annað, og það er það, sem vitanlega ber að hafa í huga og ég vil ætla að núv. hæstv. fjmrh. þekki alveg sérstaklega, að það er varhugavert að koma þannig fram á Alþ. eða annars staðar að gera samninga við einn aðila eða setja lög einum aðila til hagsbóta, heita honum þessu á þann hátt, sem fullgilt á að vera, en svo þegar á að standa við loforðið sjálft, framkvæma það, sem menn eru búnir í góðri trú að vinna upp á, þeir eru búnir að leggja á sig þau aukastörf, sem þeir áttu að njóta nokkurra fríðinda út á, en svo þegar á að koma til greiðslunnar á þessum störfum, sem menn hafa innheimt undir ákveðnum fyrirheitum, þá eru þeir sviknir um efndirnar. Það eru svona vinnubrögð, sem ber að vita. Þau eru hættuleg, og ég vil ætla það alveg sérstaklega, að núv. hæstv. fjmrh., sem þekkir vel til í lögum, sjái, hvers konar hættur felast í slíkum vinnubrögðum. Öðru máli gegndi, hefði aðeins verið um það að ræða nú að setja þessi lög fyrir næsta ár. Nei, þessi lög voru raunverulega í gildi fyrir störf manna á árinu 1959, þeir eru því búnir að leggja það á sig, sem til var ætlazt. En það er meining hans að svíkja menn um þá greiðslu, sem þeim var heitið með lögum frá Alþingi. Og það er það, sem ég vil alveg sérstaklega vita í þessum efnum.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég ætla að leggja hér örfá orð í belg, vegna þess að það hefur verið vikið nokkuð að okkur starfsmönnum í fjmrn., sem með þessi störf förum, og það vill nú svo til, að ég fer með skattamál þar ásamt fleiri störfum.

Ég vil í upphafi taka það fram, að ég leyfi mér að draga mjög í efa þá yfirlýsingu hv. 4. landsk., að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. hafi nokkurn tíma sagt, að fallið væri frá því að gefa umrædda reglugerð út. Ég hef sjálfur ítrekað orðið að svara þessari fsp. frá mörgum stöðum, og þá hef ég sagt í samræmi við þær fyrirskipanir, sem ráðuneytisstjóri hefur gefið mér þar um, að frestað væri útgáfu reglugerðarinnar, þar sem tekjuskattslögin væru í endurskoðun og ekki þætti ráðlegt eða eðlilegt að gefa reglugerðina út, meðan á þeirri athugun stæði.

Annars er ég dálítið hissa á þeim umr., sem hér hafa farið fram. Það er eins og hér hafi einhver óskaplegur hlutur átt sér stað og lög hafi verið brotin. Ég fullyrði, að svo er ekki og það er í engu tapað fyrir nokkurn mann, nokkurn skattþegn hér á landi, þó að ekki sé búið að gefa út þessa reglugerð enn þá. Framtalsfresti er nú nýlokið, fyrir nokkrum dögum, og álagning tekjuskatts er ekki byrjuð enn þá. Það er mjög algengt í sambandi við reglur varðandi tekjuskatt, að fyrirmæli um þær komi ekki fyrr en í febrúar eða marz eða jafnvel síðar á því ári, sem skatturinn er lagður á. Ég tel það líka skynsamleg vinnubrögð, eins og á stendur og miðað við þá endurskoðun, sem núna fer fram á tekjuskattslöggjöfinni, að atvinnurekendum sé ekki, kannske að nauðsynjalausu, fyrirskipað að leggja út í svo og svo mikla vinnu við að sundurliða hjá mönnum, sem hjá þeim starfa, hve mikið þeir hafi starfað í eftirvinnu og hve mikið þeir hafi starfað í dagvinnu að framleiðslustörfum, þegar ekki er ljóst, hvort nokkurn tíma verður þörf á því að nota þessar upplýsingar.

Þá vil ég líka taka fram, að ég tel, að að ýmsu leyti séu þau lög, sem hér um ræðir, dálítið óljós, og hitt held ég að allir, sem þekkja eitthvað til tekjuskatts og álagningar tekjuskatts, viðurkenni, að að sumu leyti séu þau algerlega óframkvæmanleg, og skal ég koma inn á það lítillega. Ég vil þó taka fram, að ég hef alltaf skilið þessi lög þannig, að skattvilnun þessi ætti að taka til tekna, sem unnið væri fyrir á árinu 1959. Þeir, sem vinna í skattinum, tala gjarnan um eða hafa það orðalag, sem hér er haft: „ákvæði þessi skulu koma til framkvæmda", og þá er átt við álagningu skattsins. Við skiljum þetta þannig, og ég hef alltaf skilið það þannig, að þessi ákvæði ættu að koma til framkvæmda árið 1960 á tekjur ársins 1959, ef þetta verður á annað borð samþykkt.

En í sambandi við þá erfiðleika, sem eru á framkvæmd þessara laga, skal ég aðeins gefa örfá dæmi:

1) Það er ekki ljóst, hvort þessi skattvilnun tekur einungis til þeirra, sem vinna fyrir launatekjum hjá öðrum, eða hvort hún nær líka t. d. til einyrkjabónda, sem hefur ekkert fólk starfandi í sinni þjónustu. Það er það fyrsta. Þetta er ekki ljóst.

2) Nokkur hluti af framleiðslu — við skulum segja landbúnaðarvara — er fluttur út. Það er algerlega óframkvæmanlegt, og það þekkja allir, sem hafa unnið að skattamálum, að sundurliða eða fylgjast með því af hálfu skattyfirvalda, hve mikill hluti tekna bónda er vegna útflutningsframleiðslunnar og hve mikill hluti tekna hans er vegna starfsemi eða vegna framleiðslu, sem seld er hér innanlands.

Hér eru bara tvö lítil dæmi. En fleiri annmarkar eru á þessu, sem ég hirði ekki um að rekja frekar. Ég hygg, að á þessu megi sjá, að hér er um verulega erfiðleika að ræða. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs í sambandi við þessa umr., var sú, að mér þótti rétt að bera hönd fyrir höfuð okkar í rn. fyrst og fremst. Ég hef aldrei fengið þar aðra skipun en þá að gefa upplýsingar um, að reglugerðarútgáfu þessari hafi verið frestað, og ég leyfi mér að draga það mjög í efa, að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. hafi gefið nokkrum manni aðrar upplýsingar en þær, að hér væri aðeins um frestun á útgáfu reglugerðarinnar að ræða, þangað til útséð væri um þann árangur, sem verður af endurskoðun á tekjuskattinum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Um það er nú enginn vafi, að það er ágreiningur um, hvernig skilja beri það ákvæði l., hvenær eru gerðar skattfrjálsar þær tekjur, sem hér um ræðir. Eðlilegast er, að um þetta falli úrskurður frá fjmrn., það er venjulegt, þegar um svona ágreining er að ræða. Falli

sá úrskurður þannig, að þetta skuli taka til tekna ársins 1959, þá er engin hætta á því, að viðkomandi launþegar áfrýi þeim úrskurði. Falli úrskurðurinn gagnstætt, hafa þeir rétt til að áfrýja úrskurðinum og fá dómsniðurstöðu um það atriði. En það er ég alveg viss um, að hvað sem líður endurskoðun skattalaganna og þeim till., sem þar verða samþykktar, þá fær hver þegn í þjóðfélaginu sér dæmdan rétt til þessara fríðinda, sem hér um ræðir, ef það á að taka gildi 1. jan. 1960, þ. e. a. s. gilda einnig fyrir tekjurnar frá 1959, því að hvorki till. frá nefnd né lög, sem síðar yrðu samþ., gætu tekið þennan rétt af viðkomandi aðilum. Frá því sjónarmiði sé ég ekki, að það sé neinu spillt í þessu máli. Það hefur hver þegn ástæðu til þess að geta kært sína skatta, bæði útsvör og tekjuskatta, ef ekki hefur verið tekið tillit til þeirra fríðinda, sem hér um ræðir, svo framarlega sem þau skulu gilda fyrir tekjurnar frá 1959, og hann getur þar af leiðandi komið öllum sínum rétti fram, hvað sem líður útgáfu reglugerðarinnar. — Þetta vildi ég láta koma fram á þessu stigi málsins.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur hér, þegar hæstv. fjmrh. svaraði fsp. En í því, sem síðar hefur komið fram, hefur nokkuð dregizt inn í þessar umr. grg., sem við þrír úr verkalýðshreyfingunni hér í Reykjavík létum frá okkur fara varðandi útgáfu þeirrar reglugerðar, sem hér er rætt um. Skattstjórinn í Reykjavík, sem mun hafa samið þessa reglugerð eða starfsmenn hans, leitaði til okkar um umsögn varðandi reglugerðina á s. l. hausti. Það var kannske vegna þess, að bæði ég og ýmsir fleiri úr verkalýðshreyfingunni hér í bænum höfðu þráfaldlega spurzt fyrir um, hvað liði útgáfu þessarar reglugerðar. Hann óskaði eftir umsögn okkar um þá reglugerð, sem þá lá fyrir uppkast að. Þarna fóru engin bréfaskipti milli, og eftir að við höfðum sameiginlega athugað uppkastið að reglugerðinni, var nánast mér falið að eiga viðtal við skattstjóra þar um. Þegar ég hafði rætt við hann, óskaði hann eftir, að við létum í té skriflega álit okkar á reglugerðinni. Það gerðum við síðan, og ég held, að málið frá okkar sjónarmiði skýrist nokkurn veginn með því að lesa upp þetta bréf, sem hæstv. fjmrh. var nú svo vænn að lána mér, en ég hafði ekki meðferðis.

Það, sem fyrst og fremst vakti fyrir okkur, þegar við sömdum þetta, var, að þessi reglugerð gerði ekki framkvæmd l. beinlínis ómögulega, en það var álit okkar á reglugerðinni, að framkvæmd l. yrði algerlega óhæf, ef reglugerðinni yrði fylgt. Því var yfir lýst í grg., sem fylgdi reglugerðinni, að þar hefði sá háttur verið á hafður að þrengja eins og frekast væri kostur ákvæði laganna. Þetta var gert á þann veg, að t. d. hér í Reykjavík hefðu uppskipunarmennirnir, mennirnir hér við höfnina, sem skipa upp úr fiskiskipunum, togurunum, mennirnir hjá togaraafgreiðslunni, ekki átt að fá skattfrjálsan. Nú er það vitað mál, að þessir menn, a. m. k. hér í Reykjavík, verða að leggja hvað mest á sig við yfirvinnu til þess að koma fiskinum í land. Þeir áttu ekkert að fá. Bifreiðastjórarnir, sem aka fiskinum frá skipunum, og þetta eru að langmestu leyti bifreiðar fiskvinnslustöðvanna sjálfra og verða að vera til, hvenær sem er sólarhringsins, áttu ekki að fá skattfrjálsan. Það er mikið farið að nota vélar inni í frystihúsunum við flökun og sitt hvað annað. Mennirnir, sem stjórna þessum vélum, áttu ekki að fá skattfrjálsanir. En mennirnir, sem standa við hliðina á þeim, setja fiskinn í vélarnar, áttu að fá skattfrjálsanir.

Það var þessi rammi reglugerðarinnar, sem við alveg sérstaklega lögðum áherzlu á að næði engri átt. Þetta hefði tvímælalaust og óhjákvæmilega haft í för með sér vinnustöðvanir, a. m. k. hér í Reykjavík, bæði í vinnslustöðvunum og við höfnina. Ég fullyrði það, að menn hefðu ekki látið bjóða sér slíka hluti og hefðu þess vegna hreint og beint horfið frá þessari vinnu.

Ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa þessa grg. okkar, hún er ekki löng, og vona, að málið skýrist við það. Það eru aths. við frv. að reglugerð um skattfrelsi yfirvinnuálags við framleiðslu á útflutningsvörum.

„1. Augljóst er, að lagasetning eins og hér um ræðir skapar misræmi milli skattgreiðenda og því til þess fallin að vekja óánægju og samanburð hjá öðrum starfshópum en þeim, sem hún tekur til. Það er yfir lýst, að við samningu reglugerðarinnar hafi verið fylgt þeirri stefnu að þrengja ákvæði laganna eins og frekast væri kostur. Við sjáum ekki betur en slík framkvæmd laganna muni leiða til hreinna vandræða.

2. Óljóst er, hvort skattfrelsið þessi á skv. 5. gr. reglugerðarinnar að ná til manna, sem vinna vaktavinnu. En okkur virðist, að hún ætti jafnt að taka til þess hluta vinnulauna vaktavinnumanna, sem þau eru hærri en venjulegt dagvinnukaup vegna álags, sökum þess að starfið er framkvæmt á öðrum tíma sólarhringsins en eðlilegt er talið.

3. Skv. 2. gr. nær skattfrelsið þessi aðeins til álags á laun fyrir vinnu, sem unnin er beinlínis við úrvinnslu eða aðvinnslu framleiðsluvörunnar sjálfrar á vinnustað.“ Ekki er ljóst, hvað átt er við með orðinu „aðvinnsla“, og væri kannske fróðlegt, ef góðir málfræðingar eru hér, ef þeir vissu, hvað það ætti að merkja. „Skattfrelsið virðist skv. þessu aðeins eiga að ná til þeirra, sem vinna í vinnslustöð, t. d. frystihúsi, og þó ekki til þeirra allra. Hún virðist ekki eiga að ná til viðgerðarmanna, vélstjóra, bifreiðastjóra og heldur ekki þótt þeir aki bílum fyrirtækjanna sjálfra. Uppskipunarmenn virðast vera útilokaðir, og hvað um fólk, sem t. d. vinnur í skreiðarhjöllum, eða eru skreiðarhjallar vinnslustöð? Það var mjög tvírætt, hvort t. d. vinnan í skreiðarhjöllunum heyrði undir ákvæði reglugerðarinnar. Mörg frystihús og aðrar vinnslustöðvar hafa nú orðið fastráðna viðgerðarmenn í þjónustu sinni. Þessir menn og fastir vélstjórar fyrirtækjanna verða oft að leggja á sig vökur og erfiði, þegar aðrir eru ekki að vinna, til þess að framleiðslustörfin geti gengið eðlilega, og virðist því mjög ranglátt, ef ákvæði laganna taka ekki til þeirra. Benda má á, að með þessu fengi sá skattfrelsinn, sem lætur fisk í flökunarvél, en sá, sem stjórnar vélinni, fengi hana ekki. Bílstjórar, sem aka bílum í eigu frystihúsa og annarra vinnslustöðva, eiga nær aldrei öruggan

hvíldartíma. Þeir þurfa ávallt að vera tilbúnir til vinnu, t. d. ef bátur kemur að landi. Engin rök virðast vera fyrir því, að þeir, sem vinna við uppskipun á sjávarafla, vinni ekki „bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa". Því teljum við, að þeir eigi kröfu á skattívilnun skv. lögunum. Sama máli gegnir um þá, sem t. d. vinna í skreiðarhjöllum. Í stuttu máli sagt teljum við ófært að mismuna svo fólki við sömu eða lík störf og í flestum tilfellum hjá sama fyrirtæki eins og reglugerðin gerir ráð fyrir og að slík þrenging á ákvæðum laganna muni leiða til beinna vandræða, eins og fyrr segir.

4. Það er alkunna, að verkafólk yfirleitt hefur ekki bókhald yfir vinnustundir sínar, og við útfyllingu skattskýrslna fer það oftast eftir uppgjöri atvinnurekanda varðandi tekjur sínar. Það virðist því vægast sagt mjög varhugavert ákvæði í fyrri málsgr. 6. gr. reglugerðarinnar, að starfsmaður verði sóttur til saka fyrir að fara eftir uppgjöri atvinnurekanda, ef síðar kemur í ljós, að atvinnurekandinn hafi gefið ranga skýrslu."

Þetta er dags. 9. nóv. 1959, og er undirskriftin sama og hæstv. fjmrh. gat um og er til skattstjórans í Reykjavík.

Ég get verið sammála um það, að ákvæði laganna eru kannske ekki eins skýr og á hefði verið kosið, en með þeirri reglugerð, sem uppkast lá að fyrir okkur, var framkvæmd laganna gerð alveg ómöguleg, og ég held, að við höfum hér fært næg rök að því.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Það er víst hægt að deila um flest hér á Alþ., ef hægt er að hefja langvarandi deilur um, hvernig ber að skilja ákvæði laganna um breyt. á tekjuskatti og eignarskatti frá 12. maí 1959.

Í 1. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a) Atvinnutekjur þær, sem skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar og ekki eru orlofsskyldar. Atvinnurekendum skal skylt að láta skattyfirvöldunum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna þeirra falli undir þetta ákvæði. Einnig skulu launþegar gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hvort einhver hluti tekna þeirra og þá hvað mikill eigi að falla undir þetta ákvæði. Ráðherra ákveður í reglugerð, hver störf falli undir þetta ákvæði, og skal þá við það miðað, að það verði einungis bein störf við framleiðsluna sjálfa." Og svo kemur: „Ákvæði þessi skulu koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1960."

Mér finnst, að þessi ákvæði og þessi lagagrein séu mjög skýr og það sé mjög erfitt og þurfi alveg sérstaka lagni til að geta misskilið þetta. Að hæstv. fjmrh. geti tekið sér fyrir hendur að fresta framkvæmd l. að eigin geðþótta, er að mínum dómi hrein fjarstæða. Hæstv. ráðh. ber að sjálfsögðu að fara að lögum í þessum málum sem öðrum. Hæstv. ráðh. getur svo náttúrlega, hvenær sem er, flutt breyt. við l., en á meðan þau eru í gildi, ber hæstv. ráðh. að láta lögin koma til framkvæmda. Að deila um það, hvenær þetta ákvæði l. skuli koma til framkvæmda, er hrein fjarstæða. Í 1. gr. stendur: „Ákvæði þessi skulu koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1960." Að sjálfsögðu ber því að láta skattafrádrættina, sem lögin gera ráð fyrir, koma til framkvæmda við skatt af tekjum 1959. Um þetta er ekki hægt að deila með neinum rökum. Það, að samin hafi verið reglugerð af embættismanni ríkisins, sem gengur alveg í berhögg við anda laganna, eftir því sem hér hefur verið upplýst, verður að teljast mjög fráleitt og vítavert, og er ekki annað hægt en mótmæla slíkum vinnubrögðum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég tel, að það hafi komið skýrt fram í þessum umr., að ákvæðið um gildistökuna, eins og það kom inn í löggjöfina í hv. Ed. og hv. 4. þm. Vestf. (SE) upplýsti hér áðan, er þannig til komið, að það er enginn vafi á því, að með orðalaginu var tekið af tvímæli um, að það ætti ekki, af því að það væri kannske ekki framkvæmanlegt, að koma til framkvæmda á árinu 1959, en strax í ársbyrjun 1960. Mér hefur verið tjáð, að það séu algeng vinnubrögð hjá lögfræðingum, að ef þeir eru í vafa um skilning lagasetningarákvæðis, fari þeir mjög eftir því, hvað sé hægt að fá fram úr umr. á Alþ. um tilganginn, tilætlunina. Og ef hæstv. ráðh. hefði haft svo mikið við í þessu efni að athuga það, þá er enginn vafi á því, að það atriði hefði þegar orðið algerlega augljóst, að ekki var til neins að reyna að humma fram af sér framkvæmd þessarar lagasetningar með því, að það hafi verið óljóst, hvort lögin ættu að taka til ársins 1960 eða 1961.

Mér fannst líka hæstv. ráðh. ofmæla það, þegar hann skýrði þingheimi frá því hér í sinni fyrri ræðu, að hann hefði leitað umsagnar nefndar um það, hvort hún teldi, að þetta bæri að framkvæma, og n. hefði verið andvíg því. Svo kemur einn nm. hér og segir: Það er rangt. Ég er á móti því, að þetta lagaákvæði sé felit niður, vil, að það komist í framkvæmd, — og gerði nákvæma grein fyrir því, í hverju hans ágreiningur hefði að öðru leyti verið fólginn.

Nú virðist mér orðalag lagasetningarinnar vera skýrt í öllum meginatriðum, og mér virðist það vera lítið höfðinglegt af hæstv. ráðh. að koma hér og gera sér upp skilningsleysi frammi fyrir þingheimi, þykjast ekki skilja þetta lagaákvæði eða mælt mál hér í umr.

Þá sagði hæstv. ráðh., að vanefndir á þessum framkvæmdum hefðu aðallega stafað af því, að það stæðu til stórkostlegar breyt. á skattalöggjöfinni skattþegnum til hagsbóta, og klykkti út með því að segja: Væntanlegar breyt. á skattalöggjöfinni eru margfalt meira virði en allt, sem Hannibal Valdimarsson kom fram með, meðan hann var og hét.

Ja, það er ágætt, ef svo verður. En mér finnst nú óneitanlega, að þessi hæstv. ráðh. geri fullmikið að því að gera mikið úr innihaldi væntanlegrar lagasetningar, sem hann ætli að koma með, og væntanlegum aðgerðum, sem hann ætli að framkvæma. Hann hafði t. d. í útvarpsumræðunum frekar lítið að segja um þann sparnað, sem hann væri búinn að framkvæma, en hann hafði lifandi

ósköp að segja um þann væntanlega sparnað, sem hann ætlaði að framkvæma að ári, og slíkur sparnaður er frekar lítils virði. Hann væri betri, ef hann væri orðinn staðreynd. Og nú fáum við að vita, að þetta atriði, sem hér var lögfest til skattívilnana fyrir starfandi fólk, sé lítils virði samanborið við öll þau skattfríðindi, sem nú standi til og hann ætli að koma með í væntanlegu skattafrv., sem Alþ. er ekki búið að sjá. Ég held, að hæstv. ráðh. gerði rétt í því að lofa heldur minna upp í ermina sína, bæði um stórkostlegan allsherjarsparnað og ívilnanir í skattalögum, sem Alþ. er ekki farið að sjá.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Mér finnst sannast sagna þessar umr. hér vera næsta einkennilegar og ástæðulitlar. Ég held, að það ætti að geta legið í augum uppi, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan og enn fremur hv. 4. þm. Reykn. (JSk) tók undir, að það sé auðvitað í fyllsta máta óeðlilegt og geti ekki orðið neinum til gagns að fara að gefa út reglugerð og leggja á marga aðila í landinu sérstakar kvaðir, ef það reynist svo, að það sé í algeru tilgangsleysi gert, vegna þess að það sé ekki ætlunin að framkvæma hlutina, eins og reglugerðin gerir ráð fyrir.

Ég skil ekki í, hvað sem menn annars álíta um þetta atriði, hvort eigi að undanþiggja eftirvinnu skatti eða ekki, að nokkur maður raunverulega geti deilt um þetta atriði, að það sé í fyllsta máta óeðlilegt að hafa þau vinnubrögð á, og af þeim sökum sé hæstv. fjmrh. á engan hátt ámælisverður fyrir að hafa ekki gefið út þessa reglugerð, ef fyrirhugað er, eins og upplýst hefur verið, að leggja til, að þessu ákvæði verði breytt. Það er svo aftur allt önnur saga, hvort menn vilja láta breyta þessu ákvæði, og það kemur vafalaust til athugunar, þegar till. um þetta koma fram, hvort menn vilja þar halda því eða ekki og gera þá brtt. við frv. ríkisstj., þegar það kemur fram um það efni. En um þetta atriði get ég ekki skilið að sé hægt að ásaka einn né neinn, sem á þessum málum hefur haldið, og mér finnst ákaflega óviðeigandi, að verið sé, eins og var gert áðan af einum hv. þm., að bera sakir á skattstjórann í Reykjavík fyrir það, að hann hafi framið vítaverðan verknað með því að ganga frá reglugerð eins og hann lagði til að hún yrði.

Hv. þm., sem hér talaði áðan, 11. landsk. (GJóh), sagði, að þessi lagaákvæði væru svo ótvíræð, að það hefði ekki átt að vera erfitt að semja þessa reglugerð, og það væri einkennilegt, að það skyldi þurfa að deila um þetta. Ég held nú sannast sagna, að það væri ákaflega einkennilegt, ef ekki væri hægt að deila um þau, vegna þess að það hlýtur að vera erfitt að átta sig á því, hvernig á að túlka þau, það lá í augum uppi, þegar þau voru sett, og ég held, að engum hafi blandazt hugur um í fyrra, að um það yrðu stórfelldar deilur, hvernig ætti að skýra þau. Hv. 2. landsk. þm. (EðS) t. d. vék hér áðan að ýmsum aths., sem hann og tveir starfsbræður hans hefðu komið fram með við reglugerðina, og þar kom einmitt glöggt fram það, sem eðlilegt var að risu spurningar um. Hann t. d. taldi, að það væri eðlilegt, að viðgerðarmenn í ishúsum féllu undir þessa reglugerð. En ég segi: er þá ekki nákvæmlega með sama rétti hægt að segja um viðgerðarmenn á öðrum verkstæðum, t. d. sem gera við skip, þannig að þau séu sjófær og fær til að gegna sínu hlutverki, að þeir vinni í þágu útflutningsframleiðslunnar? Og orðalagið „í þágu útflutningsframleiðslunnar" er svo víðtækt, að það má í rauninni segja, að meginhluti þjóðarinnar gæti fallið þarna undir. Ég skal ekki segja, hvort það hefur verið hugsun flm. þessa máls í upphafi, að það yrði þannig skilið, — ég efast stórlega um, að það hafi verið.

Það var á það bent áðan af hv. 4. þm. Reykn., sem rétt var, hversu erfitt væri varðandi skilgreiningu á útflutningi í sambandi við landbúnað. Ég held, að það liggi í augum uppi, að það væri gersamlega óframkvæmanlegt að finna reglu til að láta gilda varðandi útflutning landbúnaðarafurða. Hvað um bifreiðastjóra, sem flytja landbúnaðarafurðir til skips, skulum við segja, til útflutnings, og bifreiðastjóra, sem aka fiski að og frá fiskvinnslustöðvum? Svona má endalaust um þetta deila, þannig að ég held, að það sé ekki hægt að saka skattstjórann í Reykjavík né starfsmenn fjmrn. eða aðra, sem um þessi mál hafa fjallað, þó að þeir segi, að það sé erfitt að átta sig á, hvað þarna sé raunverulega að baki. Og ég held það sé ósköp eðlileg afstaða hjá skattstjóranum í Reykjavík, einmitt af því að ákvæðin eru svona óljós, að þá verði að skýra þau þröngt. Það er hin almenna lögskýringarregla.

Ég skal ekki að öðru leyti um það segja, hvort rétt er eða rangt að fylgja þessari reglu um það, að þeir, sem starfa í þágu útflutningsframleiðslunnar og vinna þar aukavinnu, eigi að njóta þessara fríðinda og aðrir ekki. Það fer ákaflega mikið eftir því, hve vítt þetta hugtak á að skilja, og það eitt er víst, að í mörgum tilfellum þykja það hlunnindi hjá fólki að fá að vinna eftirvinnu, þannig að þetta er ekki eingöngu, þó að það séu vissulega einnig rök þar að baki, að það séu erfiðleikar á því að fá fólk til að vinna þessa vinnu. Og ég er ákaflega hræddur um, að það sé rétt, sem þeir þrír verkalýðsleiðtogar, sem undirrituðu þá álitsgerð, sem hæstv. fjmrh. hér gat um, segja í upphafi sinnar álitsgerðar, að þetta ákvæði sé ákaflega líklegt til þess að valda óánægju fyrir það, hversu það mismuni vinnandi fólki.

Ég skal að öðru leyti ekki blanda mér inn í þessar umr. En ég gat ekki stillt mig um að benda á þessi atriði, af því að það er efni málsins varðandi þessa fsp., hvort þessi reglugerð hafi verið gefin út eða ekki. Mér sýnist það hljóti allir sanngjarnir menn að geta viðurkennt, að það hefði verið í fyllsta máta óeðlilegt, úr því að stendur til að leggja til að breyta þessum lögum, að fara að gefa út þessa reglugerð, eins og sakir standa.

7. Björgunartæki.

Á 17. fundi í Sþ., 24. febr., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um framkvæmd þál. um björgunartæki [67. mál] (A. 81).

Á 18. fundi í Sþ., 25. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 2. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Þann 5. maí s. l. var samþykkt till. til þál. um athugun á nýjum björgunartækjum, og hljóðar hún svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við Slysavarnafélag Íslands fara fram athugun á möguleikum til öflunar nýrra björgunartækja og fullkomnari útbúnaðar skipa til sköpunar aukins öryggis íslenzkra sjómanna og sjófarenda."

Till. þessa fluttu þeir Bjarni Benediktsson, núv. hæstv. dómsmrh., og alþingismennirnir Eggert Þorsteinsson, Einar Olgeirsson og Steingrímur Steinþórsson.

Rétt áður en till. þessi var flutt, höfðu hörmuleg sjóslys og stórfelld orðið hér við land, og m. a. hafði íslenzkt skip farizt á Nýfundnalandsmiðum og með því látið lífið 42 íslenzkir sjómenn.

Tillögumenn töldu, að þessi hroðalegu sjóslys vektu þá spurningu, hvort enn þá mætti ekki betrumbæta björgunartæki og björgunartækni, og lögðu því til, að ríkisstj. léti í samráði við Slysavarnafélag Íslands fara fram rannsókn á möguleikum til öflunar nýrra björgunartækja og fullkomnari útbúnaðar íslenzkra skipa til sköpunar aukins öryggis sjómanna og sjófarenda. Þar sem mér er ekki kunnugt um, að hv. Alþingi hafi verið gerð grein fyrir framkvæmd þessarar rannsóknar og niðurstöðum hennar, hafi hún verið framkvæmd, og málið er enn þá mjög mikilsvert, hef ég leyft mér að bera fram fsp. þessa.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Strax eftir að þessi þáltill. hafði verið samþykkt eða fyrstu daga maímánaðar sendi ég hana til skipaskoðunarstjóra, til þess að hann léti fara fram þá athugun, sem þar er óskað eftir. Ég hef þess vegna nú beðið skipaskoðunarstjóra að svara því, hvað þessum málum liði og hvað gert hafi verið til þess að verða við þeirri áskorun, sem í þáltill. felst. Ég tel bezt fara á því, að ég lesi upp bréf skipaskoðunarstjóra í heild, því að það lýsir gangi málsins mjög ýtarlega. Hann segir svo:

„Samkvæmt beiðni ráðuneytisins skal hér með látin í té umsögn um þingsályktun um athugun á nýjum björgunartækjum, er samþykkt var á Alþingi 5. maí 1959, sem og fyrirspurn til ríkisstj. um, hvað líði framkvæmd tillögunnar.

Umrædd þál. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta í samráði við Slysavarnafélag Íslands fara fram athugun á möguleikum til öflunar nýrra björgunartækja og fullkomnari útbúnaðar skipa til sköpunar aukins öryggis íslenzkra sjómanna og sjófarenda."

Í maímánuði 1959, skömmu eftir samþykkt þáltill., átti Emil Jónsson ráðherra tal við mig um málið. Skýrði ég honum þá frá þeim nýjungum, sem þegar eru fram komnar og ég vissi að í undirbúningi voru ytra á sviði björgunartækja á sjó, sem og þeim ráðstefnum um þessi mál, sem fram undan væru. Var þá m. a. fram undan fundur Kaupmannahafnarsamþykktarlanda um skipaöryggismál, og hafði ráðherra þá þegar ákveðið, að ég skyldi mæta á þeim fundi, en hann var haldinn í Ósló dagana 25.—30. maí 1959. Enn fremur fól ráðherra mér framvegis sem hingað til að fylgjast sem vandlegast með nýjungum í þessum málum og leita umsagnar þeirra aðila, er mér þætti rétt og skylt hverju sinni.

Í samræmi við þessa ákvörðun, að loknum fundinum í Ósló, framhaldsfundum í sama máli ytra og viðræðum við ýmsa skipstjóra og sjómenn hér heima, gerði ég tillögu, dags. 21. ágúst 1959, um breyt. á auglýsingu nr. 3 1957 um breyt. á reglum nr. 11 frá 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra. Fór ég þess á leit, að ráðuneytið leitaði umsagnar nokkurra aðila um málið.

Svör bárust frá eftirtöldum aðilum: Frá Slysavarnafélagi Íslands, dags. 16. nóv. 1959, frá Fiskifélagi Íslands, dags. 17. nóv. 1959, frá Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur, dags. 9. nóv. 1959, og frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, dags. 3. des. 1959.

Hér var um að ræða ýmsar breytingar og nýjungar, sem fram hafa komið undanfarið, m. a. um aukna notkun gúmmíbjörgunarbáta, og var þá m. a. stuðzt við slæma reynslu af hinum þungu trébjörgunarbátum á togurunum og lagt til, að leyft yrði að búa togarana einum skipsbáti, en auka um leið fjölda gúmmíbjörgunarbáta upp í tvöfalda áhöfn. Öll þessi samtök voru hins vegar í meginatriðum andvíg þessum brtt. Auk þessa telja sjómannasamtökin, að öll skip niður í 30 brúttó-rúmlestir skuli að nýju búin skipsbátum úr föstu efni, ef þau koma ekki daglega að landi.

Þessi svör eru að mínum dómi í ósamræmi við almenna framvindu björgunartækjamála bæði hérlendis og erlendis. Nágrannaþjóðir okkar telja nú öryggi bezt borgið með því að búa svo til öll fiskiskip og jafnvel stór farþegaskip nær eingöngu gúmmíbjörgunarbátum. Á minni skipum en 100 rúmlesta hefur oft reynzt erfitt að koma fyrir bátapalli og bátsuglum fyrir trébjörgunarbát, og mjög erfiðlega gengur að fá áhafnir til að skilja, að þess gerist nokkur þörf, þegar gúmmíbjörgunarbátur er um borð.

Að fengnum þessum svörum varðandi nýjungar á sviði björgunartækjabúnaðar taldi ég rétt að bíða átekta, þar til séð yrði, hverra frekari frétta af nýjungum yrði að vænta á næstunni, fram til alþjóðaráðstefnunnar um öryggi mannslífa á hafinu í London í sumar.

Um björgunartæki og öryggisbúnað skipa yfirleitt er því svo háttað, að Ísland er aðili alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu frá 1948. Sömuleiðis er Ísland þátttakandi í störfum Kaupmannahafnarsamþykktarlandanna, en í þeim eru öll Norðurlöndin og Holland. Kaupmannahafnarsamþykktarlöndin hafa með sér fundi árlega

og stundum oft á ári, og eru sem gestir oft þátttakendur frá ýmsum öðrum þjóðum á þessum fundum. Skipaskoðunarstjóri hefur undanfarin ár mætt á flestum þessara funda. Þar eru ræddar allar þær nýjungar, sem fram koma, og hvers skuli krefjast til þess að auka svo sem frekast er unnt öryggi allra sjófarenda. Á þessum fundum mæta margir sérfræðingar, hver í sinni grein, og skipzt er á skoðunum og nýjustu reynslu. Framleiðendur ýmissa björgunartækja og uppfinningamenn nýrra hafa sótzt mjög eftir því að fá að sýna þátttakendum allar helztu nýjungar og hugmyndir, og hefur því yfirleitt alltaf verið vel tekið, því að allir hafa fundarmenn einhuga óskað þess að bæta sem bezt þann útbúnað, sem til aukins öryggis megi verða. Hitt er svo annað mál, að ekki eru allar nýjungarnar gallalausar eða til bóta, og verður að sjálfsögðu að meta hverja nýjung að verðleikum.

Í fundargerðum frá þessum fundum er að finna margan og mikinn fróðleik og hugmyndir um þessi mál, og eru fundargerðir, sem fjölritaðar eru að fundum loknum, oft hundruð blaðsíðna, þó að ekki sé alls getið í smáatriðum.

Ef um er að ræða athyglisverða nýjung, er reynt að koma henni á framfæri til frekari reynslu, og ef hún reynist jákvæð, þá er mælt með, að sett verði þar um nánari ákvæði í reglum.

Glöggt dæmi um slíka ákvörðun er Kaupmannahafnarsamþykktarlandafundurinn, sem haldinn var í London í febr.—marz 1957 um gúmmíbjörgunarbáta. Í honum tóku raunverulega þátt flestallar Vestur-Evrópuþjóðir, sumar að vísu sem áheyrnarfulltrúar. Þar voru gúmmíbjörgunarbátar raunverulega staðfestir sem viðurkennd björgunartæki og þar með breytt í reynd ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar frá London 1948.

Á þessum fundi í London 1957 voru ýmsar nánari reglur settar og samræmdar eldri reglum einstakra þjóða um framleiðslu, gerðir, búnað og eftirlit með þessum gúmmíbjörgunarbátum.

Nú er fram undan ný London-ráðstefna um öryggi mannslífa á hafinu, sem hefst 17. maí n. k. Vitað er, að mikill undirbúningur ýmissa framleiðenda og uppfinningamanna á björgunartækjum og öðru þessu viðvíkjandi hefur verið hafinn fyrir löngu. Munu því ýmsar nýjungar og endurbætur tækja, sem sýndar hafa verið og ræddar á undanförnum fundum, verða lagðar fram fyrir þessa ráðstefnu. Má í þessu sambandi nefna radíóneyðarsenditæki, lítil fyrirferðar, birtuendurskinsfleti og radarendurskinsfleti á björgunartækjum og ýmsar gerðir fastra og uppblásinna björgunarfleka, björgunarbáta og björgunarvesta, svo að aðeins fátt sé nefnt.

Um radíóneyðarsenditæki má almennt geta þess, að þau eru enn sem komið er tæplega nógu langdræg né lítil fyrirferðar né nógu létt til þess, að þau geti fyllilega uppfyllt þær miklu vonir, sem menn gera sér til framtíðartækja af þessari gerð. Hins vegar fleygir allri tækni mjög fram á þessu sviði sem öðrum, og það er von manna, að sem fyrst komi fram tæki, sem væru það örugg og verkefni sínu það vel vaxin, að hægt sé að krefjast þeirra.

Þetta er að sjálfsögðu allt of mikið mál, til þess að hægt sé að skýra nánar hér frá einstökum tækjum og athugunum á þeim, en á milli funda er haft samráð bréflega um allar nýjungar og viðhorf til breyttra aðstæðna milli allra þátttökulanda Kaupmannahafnarsamþykktarlandanna. Svo til á hverjum degi berast bréf og eru send bréf frá Skipaskoðun ríkisins varðandi þessi mál.

Samkvæmt framansögðu tel ég varla hægt að fylgjast betur með nýjungum í þessum málum en gert er sameiginlega af öllum stofnunum þátttökuríkjanna um öryggi mannslífa á hafinu. Nánari athugun á öflun nýrra björgunartækja og fullkomnari útbúnaðar skipa væri því varla hugsanleg, nema viðkomandi aðili yrði um leið fastur starfsmaður Skipaskoðunar ríkisins. Þar eru þegar án efa fyrir hendi fyllstu upplýsingar um þær athuganir, sem gerðar hafa verið. Ef gera ætti sérstakar íslenzkar uppfinningar í þessum málum, þá teldi ég nauðsynlegt, að viðkomandi kynnti sér sem bezt þau gögn, sem þegar eru fyrir hendi. Ef vinna á að þessum málum sjálfstætt hér á landi, væri þá um leið nauðsynlegt að setja á fót rannsóknarstofnun, sem hefði til umráða sérstaklega tæknimenntaða menn og nægilegt húsrými til tilrauna með ýmis tæki og framleiðslu tilraunatækja. Þetta er hins vegar svo mikið fjárhagslegt atriði, að ég teldi skynsamlegra að binda sig ekki við það fyrst og fremst að finna nýjungar, heldur fullreyna þau tæki, sem fram koma á alþjóðavettvangi og líkleg mega teljast til árangurs við íslenzkar aðstæður.

Ekki er vafi á því, að mesta framför á sviði björgunartækja á sjó á undanförnum árum er gúmmíbjörgunarbáturinn. Hér á landi er notkun hans nú nokkurn veginn komin í fullkomið horf hvað snertir skoðun og viðhald, en sérstakir skoðunar- og viðgerðarmenn, viðurkenndir af Skipaskoðun ríkisins, eru til þeirra starfa. Reynt hefur verið nokkrum sinnum að kenna áhöfnum skipa notkun gúmmíbjörgunarbáta í sundlaugum víða um land, þótt þetta heyri reyndar ekki samkvæmt núgildandi reglum til verksviðs Skipaskoðunar ríkisins. Hér tel ég þó, að enn mætti bæta. Öryggi gúmmíbátanna felst í því samtímis, að báturinn sé alltaf í fullkomnu lagi og að áhöfn hvers skips þaulþekki þetta tæki, meðferð þess og hvernig það bezt kemur að gagni, þegar það er uppblásið. Sé það vilji Alþingis að veita aukið fé til aukins öryggis íslenzkra sjómanna og sjófarenda, þá tel ég raunhæfustu leiðina til aukins árangurs eftirfarandi, eins og málum er háttað í dag: Að ráðinn verði sem fastur starfsmaður við Skipaskoðun ríkisins fær maður til að hafa með höndum sérstaka yfirstjórn með öllum gúmmíbátum og gúmmíviðgerðarstöðvum á landinu og stuðla að því að sjá um, að ávallt séu fyrir hendi í landinu nauðsynlegir varahlutir til viðgerðanna. Enn fremur skal sami maður, eftir því sem tími leyfir, ferðast um landið og halda sýnikennslu í notkun gúmmíbjörgunarbáta í öllum verstöðvum fyrir vertíðir og endranær, þegar tækifæri býðst. Til þess að slíkur maður geti annazt starf sitt, þarf hann við og við að fara á þau námskeið, sem haldin eru hjá hinum ýmsu framleiðendum gúmmíbáta, til að kynna sér allar nýjungar. Enn fremur verði Skipaskoðun ríkisins veittur fjárstyrkur til að festa kaup

á eða taka að láni gegn leigu þau tæki, sem koma kunna á markað erlendis og telja verður líklegt að til gagns megi verða hér. Verði síðan hér gerðar raunhæfar tilraunir á tækjum þessum, áður en ákvörðun er tekin um, hvort krefjast beri þess búnaðar eða ekki.“

Þetta er undirritað: „Hjálmar Bárðarson skipaskoðunarstjóri.“

Eins og fram kemur af þessu bréfi skipaskoðunarstjóra, ætla ég, að fylgzt hafi verið eins grannt með öllum nýjungum, sem fram hafa komið á þessu sviði, og hægt er. Ísland er, eins og í bréfinu stendur, aðili að alþjóðasamtökum til þess að tryggja öryggi og líf manna á hafinu og hefur nú nýlega gerzt aðili að alþjóðasamtökunum IMCO, sem eru á vegum Sameinuðu þjóðanna sett á laggirnar til þess að tryggja þessi mál enn betur. Þessi stofnun heldur alþjóðafundi í London í maímánuði, eins og líka kemur fram í bréfinu, og þangað hefur verið ákveðið að skipaskoðunarstjóri fari til þess að kynna sér þessi mál sem allra bezt.

Nú varð ekki, eins og líka fram kemur í bréfi skipaskoðunarstjóra, fullt samkomulag á milli þeirra samtaka, sem þar eru nefnd, um breytingu þá á reglugerð um skipaskoðun, sem skipaskoðunarstjóri taldi rétt að gera síðast á árinu sem leið, en frekar verður sennilega ekki aðhafzt í því máli, fyrr en Londonráðstefnunni er lokið og nýjar og fyllstu upplýsingar, sem fyrir hendi eru, liggja þá fyrir.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir skýr og greinargóð svör. Ég vil benda á, að nýjungar í björgunartækni eru mjög tíðar og þess vegna sérstök ástæða til þess að fylgjast vel með þeim. Ég vil enn fremur taka fram, að hér í þinginu fyrir nokkrum dögum var til umr. þáltill. frá hv. 12. þm. Reykv., þar sem hann benti á einkennilegt misræmi í alþjóðasamþykktum um öryggismál sjófarenda, þar sem það var boðið, að verzlunarskip með 12 manna áhöfn skyldu hafa ákveðin varasenditæki, en togarar, sem fiska bæði á fjarlægum miðum og miðum hér við land og hafa allt að 50 manna áhöfn, eru undanþegnir því að hafa þessi bráðnauðsynlegu öryggistæki um borð. Ég teldi ekki óeðlilegt, að fulltrúi Íslands á alþjóðaráðstefnu um öryggismál beitti sér fyrir því, að breytingar yrðu gerðar á þessum ákvæðum.

Það kom fram af svari hæstv. ráðh., að skipaskoðunarstjóri gerir a. m. k. tvær mjög athyglisverðar tillögur um öryggismál, og ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að taka þær till. mjög til athugunar og veita fé til þess, að hægt verði að sinna þeim málefnum.

8. Niðurgreiðsla fóðurbætis.

Á 24. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um niðurgreiðslu fóðurbætis og áburðar [96. mál] (A. 201).

Á 26. fundi í Sþ., 17. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 42 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hafa innfluttar vörur hækkað allmikið í verði við þá gengisbreytingu, sem hefur orðið á þessu ári, og þar á meðal innfluttur fóðurbætir og áburður.

Ég hygg, að það muni láta nokkuð nærri, að innfluttar fóðurvörur hafi hækkað allt frá 43% og upp í nálægt 70%, og miði maður við útsöluverð á áburði í fyrra og það kostnaðarverð, sem ég hygg nú vera, mun hækkunin á honum vera nálægt 60%.

Nú hefur hæstv. landbrh. látið orð falla um það, að innfluttur áburður og innfluttur fóðurbætir mundi verða greiddur niður, og ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. að því í fyrsta lagi, hvað mikið fóðurbætirinn verður greiddur niður, og í öðru lagi, hvað mikið áburðurinn verður greiddur niður.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er ekki nema sjálfsagt að svara fram kominni fyrirspurn, og ætti það ekki að taka langan tíma.

Það er rétt, að ég hef áður sagt frá því, að áburður og fóðurbætir mundi verða greiddur niður að þessu sinni, og það er m. a. vegna þess, að afkoma bændanna varð slík s. l. ár, sem sérstaklega kom fram við s. l. áramót, að það er ekki hægt að búast við því, að þeir geti keypt áburð og fóðurbæti á fullu verði að þessu sinni, áður en nokkur hækkun er fram komin á framleiðsluvörunni. En eins og nú er komið með breyt. á framleiðsluráðslögunum, kemur hækkun á rekstrarvörum inn í verðgrundvöllinn mánuði eftir að þær eru keyptar, en ekki einu sinni á ári eins og áður. En fulla hækkun munu bændur samt sem áður ekki hafa fengið á framleiðsluvöru sinni fyrr en eftir nokkra mánuði og hafa þess vegna ekki í handraða nú peninga til þess að leggja fram fyrir hækkaðan áburð og fóðurvörur.

Hv. fyrirspyrjandi telur, að fóðurbætir muni hækka um 43—50%, ef ekkert er að gert. Þetta mun láta nokkuð nærri lagi. Ég hef gert mér hugmynd um, að það væru 46—47% að meðaltali. Hins vegar liggur það fyrir nú, á hvaða verði fóðurbætirinn er seldur, og ég hef hér í höndunum bréf frá Mjólkurfélagi Reykjavíkur, sem er annar stærsti fóðurbætissalinn í landinu, og þar segir, að fóðurblandan hafi nú hækkað um 12.6% í útsölu. Þar segir enn fremur, að þegar fullnaðarhækkun sé komin á fóðurblönduna, muni hún hækka um 14—15%. Og þar segir enn fremur, að útsöluverðið á fóðurblöndunni í dag sé 3.88 kr., en hafi verið fyrir hækkun 3.44 kr. Það liggur þá fyrir, að fóðurblandan mun hækka í útsölu um 14—15%, en ekki 46—47%. Hins vegar mun maísmjöl hækka eitthvað lítið eitt meira, e. t. v. 18—19%, en það eru fáir, sem gefa það eingöngu, og aðalatriðið fyrir bóndann er það, hvað fóðurblandan hækkar, því að það er algilt fóður, hvort sem er fyrir sauðfé eða nautgripi.

Ég ætla, að þetta sé nægilegt svar í sambandi við fóðurbætinn.

Þá er að athuga með áburðinn. Það er ekki enn búið að ákveða til fulls útsöluverð á áburði. En ég get upplýst, að innfluttur áburður hefur hækkað mikið í verði við þær aðgerðir, sem fram hafa komið, og það mun láta nærri, að það sé um 50%. Ef ekkert væri gert í þessum málum til þess að lækka áburðinn, mundi því þrífosfatpokinn kosta 296 kr. En enda þótt ekki sé búið að ákveða útsöluverðið, hygg ég, að það muni verða 225 kr. eða nærri því. Kali hefði kostað 134 kr., en ég hygg, að það muni verða selt á 108 kr. Blandaður áburður hefði kostað 145 kr. pokinn, en ég hygg, að hann muni verða seldur á 117 kr. Og þá eru innfluttu áburðartegundirnar upp taldar, a. m. k. í aðalatriðum. Af þessu má sjá, að um allmikla verðlækkun er að ræða á áburðinum.

Um Kjarnann eða innlenda áburðinn er það að segja, að hann þarf að hækka um a. m. k. 100 kr. á tonn. Tonnið var selt á 2300 kr. í fyrra og yrði þá selt núna á 2400 kr. Það hefur komið til tals að selja tonnið af Kjarnanum á 2500 kr. og greiða þá 5 kr. af hverjum poka til lækkunar á innfluttum áburði, gera þannig dálitla verðjöfnun, til þess að bændur freistist ekki til þess að nota of mikið af Kjarna eða einhæfum áburði og snuða þannig jarðveginn um þau efni, sem hann nauðsynlega þarf til þess að skila góðri uppskeru. Þetta kemur fram næstu daga, og það er ekki hægt að segja, að Kjarninn sé dýrt seldur, þó að pokinn kosti 125 kr. á móti 115 kr. í fyrra. En ef þetta er hægt og Kjarninn þarf ekki að hækka meira en þetta, þá er það vegna þess, að rekstur áburðarverksmiðjunnar s. l. ár gekk vonum betur, enda þótt takmarkað væri að nokkru rafmagn til rekstrarins. Af þessu má sjá, að hollt er heima hvat og það væri gott fyrir íslenzka bændur og íslenzku þjóðina, ef við gætum orðið sjálfum okkur nógir með áburð. En það er annað mál. — Það gæti þess vegna komið til greina að nota rúmar 2 millj. kr. frá áburðarverksmiðjunni til niðurgreiðslu eða lækkunar á innfluttum áburði. En hvað sem því líður, þó að það verði ekki gert, verður eigi að síður allveruleg lækkun á innfluttum áburði vegna niðurgreiðslu eða tilsvarandi því, sem er á fóðurbætinum.

Það má vel vera, að sumum finnist óþarft að vera að greiða þessar vörur niður, a. m. k. þeim, sem ekki þekkja ástæðurnar til fulls. En það er nú svo, að vörur eru hér greiddar niður, innlendar vörur til þess að halda niðri vísitölunni, og vitanlega hækka innlendu vörurnar minna í verði fyrir það, að fóðurbætir og áburður er greiddur niður. Það hlýtur að leiða til þess. Verkamannastjórnin norska hefur haft þá aðferð að greiða niður fóðurbæti. Og þegar menn athuga það í ró, þá sýnist það ekki vera neinn glæpur, úr því að við búum að einhverju leyti við það kerfi að greiða niður vörur. Hins vegar er ljóst, að að þessu sinni er það hagræði fyrir bændurna, vegna þess að eins og ég áðan sagði, hafa þeir ekki enn fengið þá hækkun á framleiðsluvörunum, sem þeir eiga að fá, og vegna þess að ekki hefur verið vel að þeim búið að undanförnu, þá er hagur þeirra þannig nú, að þeir mundu þurfa að draga saman seglin, og það gæti valdið miklum erfiðleikum og beinlínis hættuástandi í þjóðfélaginu, ef bændurnir hættu að nota áburð, hættu að bera nægilega mikið á jörðina til þess að fá gras. Það gæti leitt til þess, að við framleiddum ekki nægilega mikið fyrir innlenda markaðinn af mjólk og mjólkurvörum, og það gæti leitt til þess, að bændastéttin í heild drægi saman seglin og sæi þann kost vænstan að hætta við landbúnaðarstörf.

En enda þótt ýmsir finni að því og hafi stundum nokkuð til síns máls um það, að landbúnaðurinn sé ekki rekinn á þann hátt, sem æskilegast væri, þá held ég, að menn geti verið sammála um, að með þeirri fólksfjölgun, sem nú er í landinu, væri óheilbrigt, ef stórkostlegir fólksflutningar færu að eiga sér stað utan úr sveitum til bæjanna. Fólkinu hefur fækkað í sveitunum, og því má ekki fækka þar meira. Og það kemur vitanlega að því, að því þarf að fara að fjölga þar aftur til þess að halda uppi því jafnvægi, sem þarf að vera á milli kaupstaða og sveita.

Ég held, að ég hafi svarað þessari fsp. nægilega, svo að það liggi ljóst fyrir, að fóðurbætir og áburður er að þessu sinni greiddur niður að verulegu leyti.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, það sem þau ná, en þau voru engan veginn fullnægjandi. Ráðh. taldi, að fóðurbætir mundi aðeins hækka um 12—16%, þ. e. a. s. væri ekki orðinn hærri nú og mundi ekki hækka um meira en 14—15%, á sama tíma og fóðurbætir í innkaupi hækkar allt frá 43% og ég hygg í nálægt 70% einstakar tegundir. En hins vegar svaraði ráðh. því ekki, hvernig snúizt yrði við þessum málum, hvort þetta yrði áframhaldandi verð á fóðurbæti eða ekki, því að nú ræddi hæstv. ráðh. þarna um fóðurblöndu, sem samanstendur bæði af innlendum mjöltegundum og innfluttum mjöltegundum. En það er hugsanlegt, ég veit ekki, hvernig þau mál standa, að t. d. síldarmjöl og fiskmjöl, sem er í þessum fóðurblöndum, hækki eitthvað til útflutnings og þar af leiðandi verðlð innanlands, og það kemur því til með að hækka fóðurblönduna í verði nokkuð. Er það þá meining hæstv. ríkisstj. í framtíðinni að greiða þær viðbótarhækkanir, sem kunna að verða á fóðurvörum, niður eða láta þá, sem vörurnar nota, greiða viðbótarhækkunina? Þetta er mikið atriði.

Varðandi fsp. um áburðinn gat ráðh. þess, að það væri ekki enn þá ákveðið, að mér skildist, en hann ræddi hins vegar um það, sem mér skilst, að hann vilji sjálfur fá framgengt innan ríkisstj., og skal ég engu um það spá, hver niðurstaðan kann að verða. En þar sem þessari fsp. er í raun og veru enn þá ósvarað, þá vænti ég þess, að henni verði síðar svarað og að hún verði tekin sérstaklega á dagskrá hér á næstunni, þar til henni verður svarað til fullnustu og búið að ráða þessum málum um áburðinn til lykta innan hæstv. ríkisstj.

Svo er það eitt enn þá, sem fróðlegt væri að fá frekari upplýsingar um en ég tel að hafi þegar verið gefnar í sambandi við niðurgreiðslurnar. Það mun hafa verið tekið upp í fjárlfrv., að auknar niðurgreiðslur mundu nema sem næst 38 millj. kr., og var þá reiknað með, að greiddar yrðu niður þær

nauðsynjavörur, sem áður voru á 30% yfirfærslugjaldinu, þ. e. nauðsynlegustu matvörur og eitthvað af fatnaði. Vera má, að hæstv. ríkisstj. hafi þá þegar gert sér ljóst, að það þyrfti að greiða niður áburð og fóðurbæti, og hún hafi reiknað með þessu í því dæmi. En það er mér ekki ljóst, og hæstv. landbrh. er það kunnugur þessum málum, að ég veit, að hann getur upplýst um það hér nú, hvort þessi upphæð nægir fyrir auknum niðurgreiðslum eða það sé meining hæstv. ríkisstj. að hækka þessa upphæð til niðurgreiðslna nú, þegar fjárlög verða endanlega afgreidd frá Alþingi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er sennilega alveg tilgangslaust að reyna að svara þessari fsp. þannig, að hv. fyrirspyrjandi láti sér nægja svörin, en ég svara þá til þess, að aðrir hv. þm. geri sér grein fyrir því, hvernig þessum málum er varið, og ég reyndar efast ekkert um það, að aðrir hv. þm. en hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) hafa gert sér grein fyrir því, að svör mín áðan voru algerlega fullnægjandi. Þar var ekki farið með neina tæpitungu. Ég las upp, hvað innfluttur áburður mundi kosta, ef ekkert væri að gert í þessum málum. Ég las einnig upp, á hvaða verði áburðurinn mundi sennilega verða seldur, enda þótt ekki væri enn búið að ákveða þetta formlega. Það er hreinn misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda, að þetta mál sé óleyst innan ríkisstj. Þar er ekki um neinn ágreining að ræða. Það hefur verið tekin ákvörðun um að greiða áburðinn niður að vissu magni, eins og ég hef lýst yfir fyrir mörgum vikum. Og enda þótt ekki sé búið að ákveða formlega áburðarverðið og ég orði það svo hér, að þær tölur, sem ég áðan las upp, verði sennilega þessar, þá er það þannig, að ekki getur þar skeikað nema örlitlu, þannig að ég tel ekki ástæðu til þess að vera að lesa það upp aftur. Það sjá allir, að hér er um verulega lækkun að ræða, þannig að í staðinn fyrir 50% hækkun á áburðinum, eins og hv. fyrirspyrjandi orðaði hér áðan, eða jafnvel 60%, þá mun meðalhækkunin verða í kringum 14—15%. Það er því ástæðulaust, að ég held, vegna annarra hv. þm. að tala skýrar um þetta. En ef hv. 1. þm. Vesturl. vill ekki skilja það, þá ætla ég ekki að reyna að koma því inn í höfuðið á honum.

Í sambandi við fóðurbætinn er það, að ég er hér með bréf, eins og ég sagði áðan, frá öðrum stærsta fóðurbætissala landsins, þar sem skýrt er fram tekið, hvaða verð er í dag á fóðurblöndunni, og það er hækkun upp á 12.8%. Það er sagt skýrt í þessu bréfi, að þegar öll hækkunin sé komin fram, þá muni hækkunin verða 14—15%. Til þess að fyrirbyggja misskilning, þá sagði ég áðan, að maísmjölið mundi hækka um 19—20%, en það eru fáir, sem gefa það eingöngu, og ekki heldur bóndinn í Ásgarði, og þess vegna er það, sem máli skiptir fyrir bændur, hvað fóðurblandan kostar, og hún kostar þetta og hækkar um 14—15% í staðinn fyrir 46—47%, sem fóðurbætirinn hefði hækkað, ef ekkert hefði verið að gert.

Eru þetta ekki fullnægjandi svör? Ég held, að ekki sé hægt því að neita. En það er ánægjulegt, hversu áhugasamur hv. 1. þm. Vesturl. er nú um að gera bændum léttara fyrir að kaupa fóðurbæti og áburð. 1958 um vorið hækkaði fóðurbætir og áburður mjög svipað og nú með 55% gjaldinu. En ég minnist ekki þess, að hv. 1. þm. Vesturl. hafi imprað á því að lækka þessar vörur í verði þá, enda þótt hann hefði þá góða aðstöðu, þar sem hann studdi stjórnina, því að ég er ekki enn þá sammála framsóknarmönnum um það, sem oft hafa haldið því fram, að þeir fái nú fyrst völdin, þegar þeir eru komnir úr stólunum. Þegar þeir eru utan stjórnar, fara þeir að þakka sér fyrir allt, sem er vel gert. Þá eru það þeir, sem pína valdhafana til þess að gera allt, sem talið er gott, og við minnumst þess frá því í vetur, að það var þeim að þakka, að lausn búnaðarmálanna fór vel úr hendi, og vitanlega verður það þeim að þakka nú, að áburður og fóðurbætir verður lækkaður í verði. Auðvitað. Hverjum skyldi það vera öðrum að þakka? Ekki gátu þeir gert það, á meðan þeir höfðu völdin, enda þótt hækkunin 1958 væri svo mikil þá, að það hefur sligað bændur. Og einmitt vegna þess, hvernig afkoma bænda var í lok síðasta árs, eru þeir ekki færir um það í dag að kaupa áburð og fóðurbæti á því verði, sem þyrfti að selja þetta fyrir.

Umr frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 30. marz, var fram haldið umræðu um fsp.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Í sambandi við þær umr., sem hér fóru fram varðandi fsp. um niðurgreiðslu á fóðurbæti og áburði, hafði ég kvatt mér hljóðs s. l. miðvikudag, og tilefni þess, að mér þótti til þess nokkur ástæða, var sú, að þrátt fyrir loforð um niðurgreiðslur á þessum vörum, sem ekki hafa verið greiddar niður til þessa, og með sérstöku tilliti til hins, að ekki er ætlað á fjárl. neitt fé til þessarar niðurgreiðslu, þá vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh., hvort þetta sé þannig hugsað, að hér eigi eingöngu að vera um það að ræða, að þær niðurgreiðslur, sem hingað til hafa farið í það að greiða búnaðarvörur eins og mjólk eða slíkar afurðir, eigi nú ekki að renna til þess, heldur til niðurgreiðslu á fóðurvörum eða áburði. Ég get vart skilið, að málið sé hugsað með neinum öðrum hætti, fyrst ekki er ætlað fé í þessar niðurgreiðslur.

En þetta hefur hvergi komið fram, og ég hygg, að eftir ræðu hæstv. landbrh. á búnaðarþingi muni bændur almennt hafa staðið í þeirri trú, að þeir mundu fá auknar niðurgreiðslur til sín, sem sagt þeir væru að fá nokkurt fé sér til hagsbóta. Ég vildi óska eftir því, að landbrh. léti það koma skýrt fram hér í umr., hvort svo er eða ekki, hvort hér á að auka niðurgreiðslur með því að greiða nú niður þessar vörur, sem ekki hafa áður verið greiddar niður, eða hvort á að minnka niðurgreiðsluna t. d. á mjólk eða öðrum búvörum sem því svarar, sem niður verður greitt fóðurvörur og áburður.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar umr. var frestað hér fyrir viku, en það voru nokkur atriði, sem ég vildi fá betur upplýst hjá hæstv. landbrh., sem hann ræddi þá um. Ég skildi upplýsingar hans á þann veg, að áburður og fóðurbætir mundi hækka í útsöluverði um 14—15%, eftir að niðurgreiðslan hefði

átt sér stað, en þá skildist mér, að niðurgreiðslan væri eitthvað yfir 30%. Um þetta vildi ég spyrja, hvort þetta væri ekki rétt skilið.

Þá var það, sem ég vildi vekja athygli á, að hæstv. landbrh. var ánægður með þessa niðurstöðu f. h. bændastéttarinnar, en þegar 55% yfirfærslugjaldið var á lagt, þá talaði hann mikið um það, þessi hæstv. ráðh., að illa væri séð fyrir málefnum bændastéttarinnar, og það virtist sem enginn hefði verið viðstaddur, þegar um þeirra mál hefði verið fjallað, sem hefði neinn áhuga fyrir þeim.

Nú er 55% yfirfærslugjaldið óhreyft, og ofan á það er lögð þessi nýja verðhækkun, sem nú á að verða í útsölunni, og niðurgreiðslan að auki, svo að ekki sýnist mér hafa verið horfið að því ráði að lækka eða hverfa frá yfirfærslugjaldinu, heldur að bæta þar við, þrátt fyrir það þótt hæstv. ráðh. fari nú með þessi mál.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að hugsunin væri að hækka nokkuð útsöluverð á Kjarnanum til þess m. a. að nota það fjármagn, sem þá safnaðist umfram þá nauðsyn, sem væri á því að selja með hinu nýja verði, til niðurgreiðslu á erlendum áburði, og benti hann á í því sambandi, hvað það væri hollt fyrir íslenzku þjóðina að búa að sínu. Það er einmitt þessi stefna, sem hefur verið fylgt á síðustu árum, stefna uppbyggingarinnar, sem m. a. hefur verið fólgin í því, að við höfum tekið erlent lánsfé til þess að byggja upp stórar verksmiðjur eins og áburðarverksmiðjuna og sementsverksmiðjuna, en þegar var verið að útvega fé m. a. til þess að byggja sementsverksmiðjuna, til ræktunarsjóðs o. fl. á erlendum vettvangi, það var þá, sem þessi hæstv. ráðh. komst svo að orði, að það þyrfti að finna önnur ráð en þau ein, að íslenzka ríkisstj. fengi hvergi lánsfé, til þess að koma henni frá. Þannig var nú hugsunin hjá þessum hæstv. ráðh. í garð þeirrar ríkisstj., sem vann að þeirri uppbyggingu, sem hann nú vitnar til sem dæmi um það, hve nauðsynlegt sé að búa að sínu.

Það gleður mig stórum, að hæstv. ráðh. skuli nú hafa séð, að sú stefna var rétt, að við ættum að byggja upp í landinu til þess að búa sem mest að okkar, og ég vona, að hann noti sinn ráðherradóm til að standa að þeirri stefnu, en fylgja ekki fram kyrrstöðustefnunni, sem sú ríkisstj., sem hann situr í, beitir sér þó fyrir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að skipta mér af umr. um þessa fsp., enda er í sjálfu sér eðlilegast, að umr. um þessar fsp. séu stuttar og þá þannig, að það sé einkum sá, sem spyr, og ráðh., sem svarar, sem taka þátt í umr. En ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að mér blöskraði svo framkoma hæstv. landbrh. í sambandi við þessa fsp., að ég gat ekki á mér setið, sérstaklega vegna þess, að sá, sem spurði, hafði ekki rétt til að tala aftur, eftir að hæstv. ráðh. talaði í síðara sinn hér á dögunum.

Þessi fyrirspurnatími er hugsaður þannig, að það séu fluttar stuttar fsp. og þeim sé svarað stutt og skýrt, og ef menn hafa ekki á reiðum höndum skýr og ákveðin svör við því, sem spurt er um, þá láti menn það koma fram hreinskilnislega. En þetta vill sækja í það horf, að sumir hæstv. ráðh. svara með löngum vífilengjum, eins og hæstv. ráðh. gerði hér á dögunum, sem ekki fékkst nein niðurstaða af. Kvartaði þá fyrirspyrjandi yfir því, og notaði til þess síðari ræðutíma sinn, en þegar hann hafði flutt fram þá rökstuddu kvörtun, notaði hæstv. ráðh. síðari ræðutíma sinn til þess að storka fyrirspyrjanda og flytja fram ýmsar pólitískar slettur, eftir að hann gat ekki lengur tekið til máls, m. a. sagði ráðh. þá smekklegu setningu, að sjálfsagt hefðu allir skilið svar sitt við fsp. nema sá, sem flutti fsp., og annað var eftir þessu.

Ég kvaddi mér hljóðs til þess að bera hér eins konar vitni um það, að ég skildi ekki hæstv. ráðh. frekar en fyrirspyrjandi og fannst ég vera nokkuð jafnnær um svör við fsp. En ef þessar fsp. eiga að verða að því gagni, sem hv. Alþingi hefur ætlazt til, þá þarf að koma þeim hætti á, að þessar umr. séu stuttar, spurningarnar stuttar og svörin stutt. Þetta er nefnilega gert fyrst og fremst til þess, að það sé aðgangur að því að fá upplýsingar, en ekki til þess, að í sambandi við þetta séu þreyttar stórkostlegar pólitískar kappræður. Það hefur aldrei verið ætlunin í sambandi við fyrirspurnatímann.

Ég vil nú í framhaldi af þessu benda hæstv. ráðh. á, að mér finnst, að það sé rétt, að hann svari þessari fsp. á þann hátt, sem hún gefur tilefni til, og það er auðvitað átt við með fsp., hvað niðurgreiðslurnar eigi að verða miklar á fóðurbæti og áburði, og þá er auðvitað einfaldast að svara því þannig að gefa það upp, hvað niðurgreiðslurnar eiga að verða á kg eða hver 100 kg af fóðurblöndu og helztu tegundum áburðar. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því: Hvað eiga niðurgreiðslurnar að verða miklar á kg eða 100 kg af helztu tegundum áburðar og fóðurbætis? Og hvað verður þá verðið á fóðurbæti og áburði, helztu tegundum? Þetta er það, sem máli skiptir, en var óljóst af því, sem kom fram um daginn. Það var ekki hægt að finna þetta af því, sem hæstv. ráðh. sagði, hvernig sem á því stóð. E. t. v. hafa það verið einhver mistök, en þá er hægt að bæta úr því. Þetta er það eina, sem máli skiptir í sambandi við þessa fsp., og svo það þá, ef ráðh. vildi líka í leiðinni upplýsa, hvað það mundi kosta mikið þjóðarbúið að greiða niður fóðurbætinn annars vegar og áburðinn hins vegar. Um þetta er fsp., og um þetta þyrfti svarið að vera.

Ef hæstv. ráðh. hefur ekki enn þá ákveðið þetta alveg eða hans félagar, þá er ekkert við því að segja, þá er eðlilegast, eins og hv. flm. fsp. benti á, að fresta umr. um hana, þangað til þetta liggur fyrir. Það er náttúrlega ekki von, að hæstv. ráðh. geti svarað þessu, ef ekki er búið að ákveða það. En ef búið er að ákveða það, þá ætti ekki að þurfa um þetta neitt þras, heldur ætti að vera hægt að gefa um það einfaldar upplýsingar á þessa lund.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) var að tala um, að ég hefði verið með vífilengjur í svörum mínum hér fyrir viku og svör mín hefðu verið óljós og óskýr og fsp. eiginlega ósvarað. En ég verð að taka það fram, að ég get ekki svarað betur en ég þá gerði og hef engu við að bæta. Áburðarverðið var að vísu ekki þá formlega ákveðið, eins og ég sagði, en það er það nú, og það eru þær tölur, sem gilda, sem ég þá nefndi. Fóðurbætisverðið var þá

formlega ákveðið, og þau svör, sem ég gaf þá, eru alveg skýr nú, vegna þess að nú er bæði fóðurbætir og áburður seldur á því verði, sem ég nefndi þá, en þorði þó ekki alveg að fullyrða eða vildi ekki alveg fullyrða að væri nákvæmlega það, þar sem ekki var formlega búið að ganga frá því, þótt það væri að vísu sama sem.

Ég hef þess vegna engu við þetta að bæta, og ég get ekki gert að því, þótt hv. 1. þm. Austf. og fleiri hv. þm., sem hér hafa talað, hafi látið svo sem þeir skildu ekki. Ég veit, að þeir skildu alveg það, sem ég sagði, en þeir sáu hins vegar einhverja ástæðu til að segja það hér í hv. d. og láta það koma í Tímanum daginn eftir, að svörin hefðu verið loðin og ófullnægjandi. En ég hef engu við það að bæta.

Hitt er svo gott, þegar hv. 1. þm. Austf. talar um, að það eigi ekki að ræða um pólitík í sambandi við fsp. Við skulum sleppa því hér, en við gætum víst báðir rifjað ýmislegt upp í því sambandi. Ég býst við, að þessi hv. þm., þegar hann var ráðh., hafi stundum brugðið á leik og ekki alveg svarað hlutlaust öllum fsp., sem til hans var beint. En um mitt svar er allt öðru máli að gegna, því að þar fór ég ekki neitt út í pólitík, heldur gaf hlutlausar upplýsingar og gerði hlutlausan samanburð á því, sem hafði skeð fyrir tveimur árum, og því, sem nú hafði skeð. Og ég leyfði mér að benda á það, að ef bændur hefðu fengið niðurgreiðslu á fóðurbæti og áburði og afurðasölulöggjöfin hefði verið lagfærð 1958 eins og nú hefur verið gert, þá væru bændur ekki nú í sömu úlfakreppu og þeir eru. Það er aðeins þetta, sem ég sagði. Ef hv. þm. kallar þetta pólitík, þá get ég ekki við því gert. Þetta er staðreynd. Þetta er það, sem menn þreifa á, og þýðir ekki fyrir einn eða annan að þræta fyrir.

Hv. 3. þm. Vesturl. (HS) var að tala um, að það væri fagnaðarefni, að ég skyldi viðurkenna, að það væri hollt að taka heima hjá sér það, sem þjóðin þarf að nota. Ég hélt, að hv. þm. vissi það, að þetta var engin ný kenning hjá mér. Ég hef heldur aldrei fordæmt það að taka erlend lán til arðvænlegrar uppbyggingar, svo sem sementsverksmiðju, áburðarverksmiðju, virkjana o. s. frv. Það, sem ég hef átalið, er að taka erlend lán, sem verða að eyðslueyri. Ég hélt satt að segja, að það væri enginn ágreiningur á milli mín og hv. 3. þm. Vesturl. um þetta, og ég held, að það geti ekki skeð, ég held, að við hljótum að vera þarna á sama máli.

Hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) var að tala um, að það væri ekkert á fjárl. til niðurgreiðslu á fóðurbæti og áburði. Þetta er hreinasti misskilningur. Það er undir einum lið og engin ástæða til þess að vera að flokka það á fjárl., hvað fer til niðurgreiðslu á fóðurbæti og áburði eða hvað fer til niðurgreiðslu á mjólk og kjöti. Það er engin ástæða til þess að vera að flokka það. Þetta er undir einum lið, og ríkisstj. hefur heimild til að haga niðurgreiðslum á þann hátt, sem henni sýnist bezt henta hverju sinni, að auka niðurgreiðslu á mjólk og kjöti eða minnka niðurgreiðslu á mjólk og kjöti o. s. frv. En ég veit, að hv. 6. þm. Sunnl. veit, að þetta er ætlað á fjárlögum til niðurgreiðslna, þar sem hann er í fjvn. og er kunnugur fjárlögunum.

Svo var það ein setning, sem hv. þm. sagði hér áðan, að bændur hafi haldið, að niðurgreiðslan ætti að koma til framkvæmda þeim til hagsbóta. Ég geri ráð fyrir því, að bændur séu ekki í neinum vafa um það, að úr því að fóðurbætir og áburður er greiddur niður, þá er það þeim til hagsbóta að því leyti, að þeir þurfa minni peninga að láta fyrir þessar vörur en þeir annars hefðu þurft. Ég býst við, að þegar til lengdar lætur, geti þetta einnig orðið neytendunum til hagsbóta. Þetta er framkvæmdaratriði, sem ég hef haldið að ekki þyrfti að deila um, og satt að segja er ekki hér um að ræða neinar deilur út af þessu, ekki málinu sjálfu, heldur hafa hv. framsóknarmenn hér í d. gert það að gamni sínu að taka til máls og láta sem þeir skildu ekki mælt mál. En ég sé eiginlega ekki, hverjum þeir ætla að skemmta með slíku háttalagi.

Eysteinn Jónsson: Það staðfestist nú hjá hæstv. ráðh. (IngJ), sem áður var vitað, hversu óljóslega var um málið fjallað á dögunum, enda kannske ekkert einkennilegt, þegar það kemur í ljós nú, að ákvörðunum var þá ekki í raun og veru fullokið. En þá hefði hæstv. ráðh. bara átt að segja það strax í stað þess að vera með þessar vífilengjur, sem ég kallaði. Hann sagði, að nú sæju menn, hvað niðurgreiðslan væri mikil, vegna þess að nú væri verð komið bæði á fóðurbæti og áburð og hefði orðið eins og hann hefði þá talið að mundi verða. En ég vil benda á það í þessu sambandi, að ég man ekki til þess, að hæstv. ráðh. hafi um daginn greint frá því, hversu mikið væri greitt niður á hver 100 kg af fóðurbæti eða 100 kg af áburði, og það hefur hæstv. ráðh. ekki gert enn. Ég hygg, að hann hafi ekki gert það um daginn, og ekki gerði hann það nú. En það er það, sem spurt er um í fsp., hversu mikil niðurgreiðslan sé. Nú er það augljóst orðið, að verðið á að vera eins og það er í dag. En þá kemur spurningin, sem hér hefur verið lögð fram skrifleg og ekki enn svarað, svo að ég hafi skilið, hvað niðurgreiðslan sé á kg eða hver 100 kg af þessum vörum og hvað verði mikil útgjöld samtals við að greiða niður annars vegar fóðurbætinn og hins vegar áburðinn. Ef einhver hv. þm. hefur fengið það út úr því, sem hæstv. ráðh. sagði um daginn, og því, sem hann sagði núna, hvernig þetta er, þá væri æskilegt, að hann gæfi sig fram og vitnaði þá um þetta. En það hefur þá algerlega farið fram hjá mér, ef hæstv. ráðh. hefur yfirleitt komið nálægt því að svara fsp. Það eina, sem hann hefur svarað, er það, að hann gaf í skyn á dögunum, hvað verðið mundi kannske verða, eins og það nú er orðið. En þar með er ekki fsp. svarað. Hún er ekki um það. Hún er um hitt, hve mikið er greitt niður.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég mundi ekki alltaf hafa haldið þetta boðorð eða reglu, sem ég var að setja hér áðan fyrir fyrirspurnum. Ég veit að vísu, að hæstv. ráðh. hefur talsvert að gera, en hann gæti látið einhvern annan fara í að gá að því, hvort ég muni hafa haldið þetta boðorð. Sannleikurinn er sá, að ég hef einmitt gert mér far um að halda það boðorð með því að svara fyrirspurnum stutt og halda mig alveg við það, sem spurt var um. Það er vegna þess, að ég er mjög

fylgjandi því, að það verði að fastri venju í þinginu, að það sé spurt stutt og svarað stutt. Ég álít, að það sé mjög mikill fengur að því fyrir þinghaldið að hafa fastan fyrirspurnatíma og það eigi að nota hann þannig, en ekki gera hann að almennum umræðum fram og aftur um landsmálin. Það er ekki endilega nauðsynlegt eða alltaf hægt að búast við því, að menn spyrji hlutlaust, og það geta verið pólitískar spurningar, en reynt sé að koma þessu þannig fyrir, að fyrirspurnatímarnir verði að því gagni, sem menn höfðu hugsað sér. Og hæstv. ráðh. getur vel athugað, hvort ég hafi nálgazt að halda þetta boðorð. Ég held, að svo hafi einmitt verið, af því að ég hef gert mér far um það frá byrjun.

Þá sagði hæstv. landbrh., að bændur væru í úlfakreppu, og ræddi nokkuð um það. Ég býst við því, að það megi til sanns vegar færa, að bændur séu í úlfakreppu, og þeir munu vel vita það, hver úlfurinn er, sem hefur sett þá í þá kreppu. Það er hæstv. núv. landbrh.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég hef því miður ekki þá ánægju að geta þakkað hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann hefur hér gefið við því, sem ég spurði gagngert um, því að undan því hefur verið færzt að svara. Ráðh. sagði, að ríkisstj. hefði ákveðna fjárhæð til niðurgreiðslna og hún réði, hvernig hún verði henni. Það kann að vera, að það sé hans skilningur, en ég held, að Alþingi geti ekki fallizt á það. Upphæð til þessara niðurgreiðslna hefur verið samþykkt hér í fjárlögum endanlega í gær, en hún er af Alþingis hálfu gefin eftir alveg ákveðnum skýringum, sem ríkisstj. hefur gefið á því, hvernig eigi að verja þessu. Og það hefur hún gert í greinargerð við fjárlagafrv.

Það er rétt, að til niðurgreiðslna hefur Alþingi samþykkt að heimila ríkisstj. að verja rétt um það bil 303 millj. kr., sem er álitleg fúlga og hærri en nokkru sinni hefur verið samþykkt fyrr, eða nákvæmlega tiltekið 302.9 millj. kr. En ríkisstj. gerir þessa grein fyrir því, með leyfi hæstv. forseta, svo að ég vitni beint til grg. með fjárlagafrv.:

„Gert er ráð fyrir, að núverandi niðurgreiðslur séu óbreyttar, og er áætlað, að þær nemi 265 millj. kr. Hins vegar flytjast þær nú frá útflutningssjóði til ríkissjóðs. Bætt er við niðurgreiðslum á nokkrum vörum, sem hafa verið fluttar inn skv. lögum um útflutningssjóð o. fl. með 30% yfirfærslugjaldi, og nemur sú upphæð 37.9 millj.“

Af þessu er alveg glöggt, að það á bara að greiða niður þær vörur, sem áður hafa verið niðurgreiddar, og til viðbótar nokkrar vörur, sem hafa verið fluttar inn á 30% yfirfærslugjaldi. Nú hagar því svo til, að áburður og fóðurbætir hefur ekki verið greiddur niður áður og fellur ekki undir þann lið í fjárlagaframlaginu. Þessar vörur hafa heldur ekki verið fluttar inn með 30% yfirfærslugjaldi, þær hafa verið fluttar inn með 55% yfirfærslugjaldi, og heimildin í fjárlögunum til niðurgreiðslna nær ekki til þeirra. Á hinn bóginn hefur hæstv. landbrh. boðað í ræðu á búnaðarþingi, að teknar verði upp niðurgreiðslur á þessum vörutegundum. Þess vegna áttum við alþm. von á því, að annað tveggja gerðist, þegar sérstaklega var um það spurt, að ráðh. leitaði eftir sérstakri greiðsluheimild úr ríkissjóði til þessara boðuðu niðurgreiðslna, eða hitt, að hann gerði skýrlega grein fyrir því, hvaðan það fé ætti að koma, sem til þessara niðurgreiðslna færi. Nú hef ég heyrt því fleygt, en ekki af neinum aðilum, sem á því bera ábyrgð, að hugmynd ríkisstj. sé sú að minnka niðurgreiðslur á mjólk og nota það fé, sem með því sparast, til þess að greiða niður fóðurbæti. Og nú hef ég hér spurt ráðh. að því: er þetta rétt eða er þetta ekki rétt? Og mér fyndist, að það væri ekki til allt of mikils ætlazt, þó að ráðh. svaraði þessu beint. Ég hef hér gert grein fyrir því, að fyrir þessum niðurgreiðslum er ekki ætlað fé í fjárlagafrv., og þar af leiðandi hlýtur það að vera skylda ríkisstj., sem lofar slíkum hlutum, að gera Alþingi grein fyrir því, hvaðan féð á að koma, sem til þessa er hugsað að renni.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég endurtek það, það gleður mig, að hæstv. ráðh. fordæmir eyðslulán, en gleðst yfir uppbyggingarlánum, og ég vona, að hann lifi eftir þeirri reglu. En gæta má hann sín í þeim félagsskap, sem hann er í. En það var ekki þetta, sem ég ætlaði samt að ræða um hér. Ég vil endurtaka þetta: Er það rétt, að fóðurbætirinn sé greiddur niður 30—35% og áburðurinn um 35%? Er þetta rétt skilið hjá mér? Þetta vil ég fá upplýst og í leiðinni, hvað það er þá mikil fjárhæð, sem fer til þessara niðurgreiðslna, hvorrar tegundarinnar um sig.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er í rauninni sama spurningin, sem hv. 3. þm. Vesturl. (HS) og hv. 1. þm. Austf. (EystJ) bera hér fram, hversu mikil niðurgreiðslan sé á hvert kg eða á hver 100 kg. Ég tel ekki ástæðu til að fara að nefna tölur hér að þessu sinni. En ég leyfi mér að vitna í þær tölur, sem ég nefndi hér s. l. miðvikudag, þar sem greint var frá, hvað áburðurinn hefði kostað, ef hann hefði ekki verið greiddur niður. Það var skýrt tekið fram, hversu dýr áburðurinn mundi vera, ef hann hefði ekki verið greiddur niður. Það var einnig tekið fram, á hvaða verði hann er nú seldur. Ég tel, að þetta sé svo auðvelt reikningsdæmi að reikna, að allir hv. þm. geti gert sér grein fyrir því, hvað hér er um mörg prósent að ræða, og ætla ég þess vegna ekki að nefna það hér. Sama máli gegnir um fóðurbætinn. Það liggur fyrir skjalfest, að hann hefði hækkað um 47%, ef hann hefði ekki verið greiddur niður. Það liggur fyrir tölulega, að maísmjöl og skyldar tegundir hækka um 19% þrátt fyrir niðurgreiðslurnar og að fóðurblandan hækkar um 14% þrátt fyrir niðurgreiðslurnar. Hér er einnig létt dæmi og áreiðanlega ekki nema ein óþekkt, ef á að setja það niður í jöfnur. Og ég veit, að hv. 1. þm. Austf. og hv. 3. þm. Vesturl. geta báðir reiknað þetta dæmi og allir hv. þm., og þess vegna þarf ég ekki að nefna útkomuna úr því.

Hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) endurtók hér, að það væri ekkert ætlað til niðurgreiðslna á fóðurbæti og áburði. Enda þótt hann sé í fjvn., þá bara segir hann það, þótt það séu 302 millj. kr. ætlaðar í þetta, þá bara segir hann: Það er ekkert ætlað í þetta, vegna þess að það er ekki tekið fram í

grg. fyrir frv., að það eigi að greiða niður áburð og fóðurbæti. — Og þetta leyfir hann sér að segja, enda þótt allir hv. þm. hafi vitað löngu áður en fjárlög voru samþykkt, að þetta var ákveðið. Þetta var ákveðið, þegar ég boðaði það við setningu búnaðarþings, og þetta var ákveðið hér fyrir viku, þegar ég svaraði fsp. hv. 1. þm. Vesturl. En hvenær voru fjárlögin samþykkt? Þau voru samþykkt í gær. Þar af leiðir, að allir hv. þm. vissu það, úr því að niðurgreiðslur á fóðurbæti og áburði voru ekki í sérlið í fjárlögunum, að niðurgreiðsla á þessum vörum hlýtur að takast af þessum eina háa lið, sem hv. 6. þm. Sunnl. þekkir vel, og ég skil ekki, hvers vegna hann er nú að reyna að velta þessu svona og teygja þetta hér, þar sem svo margt er að ræða hér um í þinginu annað. Ég veit, að hv. 6. þm. Sunnl. skilur þetta og hann þarf ekki að fá skýrari eða gleggri svör en hann hefur fengið, þótt hann komi í þriðja sinn og spyrji.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það beri neinn árangur að spyrja hæstv. ráðh. meira, því að hann hlíðrar sér hjá að nefna hér tölur. Ég heyrði ekki heldur, að hann svaraði nú í sinni síðustu ræðu fsp. frá hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) um það, hvort stjórnin hygðist draga úr niðurgreiðslu t. d. á mjólk, til þess að elga auðveldara með að greiða niður þær vörur, sem hér hefur verið spurt um.

En það var eitt atriði, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., sem ég vildi minnast á. Hann telur, að því er mér skilst af þeim orðum, sem féllu hjá honum, að það sé bændum mjög til hagsbóta, að það sé greitt niður verð á t. d. innfluttu fóðri. Nú er það svo, að ef aðkeypt fóður hækkar í verði, þá fá bændur hærra verð á sínum framleiðsluvörum samkv. þeim reglum, sem gilda um verðákvörðun á landbúnaðarvörum. Ég fæ því ekki séð annað en þetta komi nokkuð í sama stað niður fyrir vísitölubúið, sem svo er nefnt. Þar er gert ráð fyrir ákveðnu magni af erlendum fóðurvörum, og verðið á þeim hefur, eins og ég sagði, áhrif á það verð, sem bændur fá fyrir sínar afurðir. En að vísu getur það verið bændum til hagræðis að þurfa ekki að borga hærra verð fyrir fóðurvöruna, þegar þeir kaupa hana, þó að þeir fái svo síðar verðhækkunina endurgreidda í vöruverðinu, því að þeir verða vitanlega að bíða eftir þeirri greiðslu, þangað til vörurnar eru seldar. En beinn hagnaður reikningslega af þessu sé ég ekki að sé þarna fyrir hendi. En ég vil benda á það, að séu innfluttar fóðurvörur greiddar niður til muna, þá verður af því beint tap fyrir marga bændur í landinu. Það er til tjóns fyrir þá, sem nota lítið eða ekkert af útlendum fóðurvörum, það er lækkað fyrir þeim verðið á framleiðsluvörunum vegna þessarar niðurgreiðslu, en þeir njóta einskis, ef þeir kaupa ekki þessar útlendu fóðurvörur, og tel ég mjög varhugavert að skaða þá bændur, sem hafa kostað kapps um að koma heyöflun og heyverkun í sem bezt horf, þannig að þeir séu ekki háðir útlendingum um framleiðslu á fóðri handa búfénu. Þetta tel ég mjög óheppilegt. Og ef svo langt er gengið í því að greiða niður verð á innfluttu fóðri, að það verði miklu ódýrara en það fóður, sem menn afla hér heima á jörðum sínum, þá er þessi niðurgreiðsla vitanlega til mikils tjóns eða getur orðið það fyrir þá bændur, sem hafa komið innlendu fóðuröfluninni í gott lag, en það er það vitanlega, sem landbúnaðurinn þarf að byggjast á í framtíðinni, að hér sé aflað fóðurs á okkar eigin landi fyrir búféð, en það ekki sótt til annarra þjóða.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það hefur verið spurt hér að ákaflega einföldum atriðum. Það hefur verið spurt, hve miklu næmi niðurgreiðsla á hvert kg fóðurbætis og á hvert kg áburðar, og *það hefur verið spurt að því, hve miklu næmu* þessar niðurgreiðslur í heild. Hæstv. ráðh. hefur verið ákaflega tregur til að svara þessu, og það virðist svo sem honum sé ákaflega illa við að fara með nokkrar beinar tölur. Hins vegar hefur hann gert það, að gamni sínu líklega eða til þess að prófa gáfur þm., að hann hefur sett hér upp eins konar þrílíðu fyrir þá og sagt: Nú getið þið reiknað. — Og viti menn. Hér hefur komið upp maður, sem hefur reiknað dæmið. Ég heyrði ekki betur en hv. 3. þm. Vesturl. hefði einmitt leitazt við að reikna þetta dæmi. Hann fór hér með ákveðnar tölur og spurði svo, hvort þetta væru ekki réttar tölur. Nú er það síður, að því er ég til veit, að þegar kennarar gefa nemendum dæmi, þá láta þeir þá að vísu glíma við dæmið, en þegar útkoman er fundin hjá nemanda, þá segir kennarinn honum, hvort rétt sé reiknað eða ekki. Og *nú vil ég bara spyrja hæstv. landbrh.*: Var dæmið rétt reiknað hjá hv. 3. þm. Vesturl.? Voru þetta réttar tölur, sem hann fór með?

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að þrátta við hv. 1. þm. Norðurl. v. um, hvort það er rétt að greiða niður fóðurbæti *eða ekki. Ég held, að ég hafi heyrt það hér áðan*, að hann taldi mjög vafasamt, að það væri rétt að gera það, — en látum það vera. En hv. þm. Ólafur Jóhannesson spyr: Var dæmið rétt reiknað eða ekki? Hv. 3. þm. Vesturl. spyr: Er niðurgreiðslan á fóðurbæti og áburði 30—35%? Ég spyr prófessorinn, hv. þm. Norðurl. v.: Er það rétt, er það 30 eða 35%, þegar fóðurbætirinn lækkar úr 47% niður í 19%? Er það rétt, að það sé 30 eða 35% lækkun á áburði úr 296 kr. niður í 225 kr., — eða á fóðurbætinum, — það þarf auðvitað að nefna eitthvað *fleira, svo að hægt sé að reikna*, — er það rétt, að það sé 30 eða 35% lækkun á poka, sem mundi kosta óniðurgreiddur 180 kr., ef hann lækkar við niðurgreiðsluna í 140 kr.? Ég efast ekki um, að hv. þm. getur reiknað þetta. (**Gripið fram í:** Hvernig væri að láta hann svara fsp.?)

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ekki þarf að kvarta um það, að þetta sé ekki reglulegur fyrirspurnatími, því að nú spyrja ekki aðeins þingmenn, heldur spyrja nú einnig þeir ráðherrar, sem eiga að svara, svo að þetta eru orðnar eintómar spurningar, og ætlun mín er auðvitað að bæta fleiri spurningum við.

Það hefur verið upplýst af hæstv. ráðh. utan þings eða á öðru þingi, að niðurgreiðslur verði auknar á fóðurbæti. En hér er hann spurður um, hve miklu þessar niðurgreiðslur nemi á kg eða á

100 kg, og hann fæst ekki til þess að svara, en spyr þingmenn ýmissa spurninga í reikningslist og ætlast svo til þess, að þeir svari. Nú er vitað, að einhvers staðar verður hæstv. ráðh. að taka þessar auknu niðurgreiðslur á fóðurbæti, sem hann hefur upplýst að verði teknar. Og hann vísar til ákveðinnar upphæðar á fjárlögum. Er það þá ekki rétt, að hann ætli sér að taka þessar auknu niðurgreiðslur á fóðurbætinum af þeirri upphæð, sem ætluð hefur verið til niðurgreiðslu á mjólk? Er hundurinn grafinn þarna? Á að minnka niðurgreiðslur á mjólk og taka fé af því niðurgreiðslufé til þess að greiða fóðurbætinn niður? Ég vildi nú óska þess, að ég fengi upplýsingar, en ekki nýjar spurningar frá hæstv. ráðh. viðvíkjandi þessu atriði.

9. Niðurgreiðsla á vöruverði.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um niðurgreiðslu á vöruverði [139. mál, 1] (A. 342).

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Vegna fjarveru hv. þm. Halldórs Sigurðssonar vil ég leyfa mér að bera fram þær fsp., sem eru á þskj. 342 undir 1. lið. Það er í fyrsta lagi: „Hvaða vörutegundir eru nú greiddar niður, og hve miklu nemur niðurgreiðslan á hverri vörutegund, miðað við kg eða lítra?" Og í öðru lagi: „Hvað er áætlað, að niðurgreiðsla á hverri vörutegund nemi miklu samtals á yfirstandandi ári?"

Það hlýtur að vekja athygli manna, ekki síst nú á tímum, hversu niðurgreiðslur eru orðnar miklar og að með hverju árinu sem líður bætast við í hóp þeirra vörutegunda, sem greiddar eru niður, fleiri vörutegundir. Það er því von mín, að hæstv. ríkisstj. geti nú á þessu stigi upplýst, hvaða vörutegundir eru greiddar niður og hversu miklu fjármagni er búizt við að þær niðurgreiðslur nemi á yfirstandandi ári.

Ég hygg, að það muni nú liggja fyrir hjá hæstv. ríkisstj., hve miklu niðurgreiðslur hafa numið árið sem leið, og væri þá fróðlegt að fá að heyra það.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Spurt er um það, hvaða vörutegundir séu nú greiddar niður og hversu miklu nemi niðurgreiðslan á hverri vörutegund, miðað við kg eða lítra, og hvað áætlað sé, að niðurgreiðslur á hverri vörutegund muni nema miklu samtals á yfirstandandi ári eða á árinu 1960. Ég mun sem svar við þessum fsp. lesa skrá um þær vörutegundir, sem nú í maíbyrjun 1960 voru greiddar niður, hversu miklu niðurgreiðslan nemur á einingu 2. maí 1960 og hver heildarkostnaðurinn við þær niðurgreiðslur verður á árinu 1960. Áður en ég les þessar tölur upp, vil ég gjarnan taka fram, að mér skal vera ánægja að því að afhenda fulltrúum þingflokkanna, sem þess óska, skýrslu um þessi efni til þess að spara þeim að skrifa upp þessar mörgu tölur, og auk þess er hægt að láta fylgja nokkru ýtarlegri upplýsingar um niðurgreiðslumálið en beinlínis er spurt um, þ. e. um áætlað ársmagn af þessum vörutegundum og hver árskostnaður er gert ráð fyrir að verði á hverri vörutegund og í heild, en á því er eilítill munur og á þeim kostnaði, sem mun til falla á árinu 1960.

Þær vörutegundir, sem greiddar eru niður, eru nú í maíbyrjun 1960 þessar:

Dilka- og geldfjárkjöt 9.53 kr. á kg, heildarkostnaður árið 1960 65 millj. 280 þús. kr. Ærkjöt, niðurgreiðsla á einingu 3.80 kr., heildarkostnaður 1 millj. 330 þús. Geymslukostnaður á kjöti 6 millj. *Mjólk frá mjólkurbúum*, niðurgreiðsla á einingu 2.53 kr., heildarkostnaður 83 millj. 796 þús. kr. Mjólk, send beint til neytenda, niðurgreiðsla á einingu kr. 1.61, heildarkostnaður 9 millj. 570 þús. kr. Rjómi frá 1. marz 1960 0.60 kr. á einingu, heildarkostnaður 500 þús. kr. Undanrenna 0.16 kr. á lítra, heildarkostnaður 124 þús. kr. Smjör, niðurgreiðsla á kg 34.35 kr., heildarkostnaður 36 millj. 979 þús. Skyr, niðurgreiðsla á kg 0.80 kr., heildarkostnaður 1 millj. 496 þús. kr. Mjólkurostur, niðurgreiðsla á kg 5.25 kr., heildarkostnaður 3 millj. 330 þús. Mysuostur, niðurgreiðsla á einingu 2.50 kr., heildarkostnaður 112 þús. kr. Nýmjólkurduft, einingarniðurgreiðsla 4.55 kr., heildarkostnaður 312 þús. kr. Undanrennuduft, niðurgreiðsla á kg 1.50 kr., heildarkostnaður 175 þús. kr. Niðursoðin mjólk, einingarniðurgreiðsla 56 aurar, heildarkostnaður 82 þús. kr. Kartöflur, niðurgreiðsla á kg 2.40 kr., heildarkostnaður 16 millj. 884 þús. kr. Geymslukostnaður kartaflna 900 þús. kr. Smjörlíki, niðurgreiðsla á kg 7.99 kr., heildarkostnaður 16 millj. 115 þús. kr. Saltfiskur, niðurgreiðsla á kg 6.30 kr., heildarkostnaður 5 millj. 670 þús. kr. Þorskur, nýr, niðurgreiðsla á einingu 1.90 kr., heildarkostnaður 3 millj. 675 þús. kr. Ýsa, ný, niðurgreiðsla á einingu 60.00 kr., heildarkostnaður 6 millj. 260 þús. kr. 20.6% niðurgreiðsla á kaffi, niðurgreitt af fob-verði kaffis frá 3. apríl 1960, 6 millj. 400 þús. kr. Sjúkrasamlagsiðgjöld 16 millj. 200 þús. kr. Samtals nema þessir liðir 281 millj. 190 þús. kr.

Auk þess ber að geta um *tvenns konar* niðurgreiðslu, sem hefur verið felld niður frá 1. maí 1960. Það er niðurgreiðsla á ull, gærum og skinnum, sem felld var niður í byrjun þessa mánaðar, 3 millj. kr., og niðurgreiðsla á manneldiskorni, kaffi og sykri á tímabilinu frá febrúarlokum til 8. apríl 1960, er sú niðurgreiðsla var felld niður, en hún nam á þessu tímabili 3 millj. 239 þús. kr., þannig að áætlaður kostnaður við niðurgreiðslur á árinu 1960 mun nema í heild 287 millj. 429 þús. kr.

Til viðbótar því, sem nú hefur verið gerð grein fyrir, skal það tekið fram, að ríkisstj. ákvað, um leið og efnahagsmálalögin voru samþ. á Alþ., að greiða niður innfluttan fóðurbæti og tilbúinn áburð, sem svarar til þess, að yfirfærslugjald á þessum

vörum hækkaði úr 55% í 90%, en ekki í 133%, eins og almennt átti sér stað og svaraði til gengisbreytingarinnar. Hefur þetta verið framkvæmt á þann hátt, að fob-verð þessara vara, tilbúins áburðar og innflutts fóðurbætis, er greitt niður um 18.61%. Kostnaður við þetta er í ár áætlaður sem hér segir:

Niðurgreiðsla á innfluttum fóðurvörum 10 millj. kr., niðurgreiðsla á innfluttum tilbúnum áburði 6 millj. kr., eða samtals 16 millj. kr. Hér er þó ekki um að ræða viðbót við þann niðurgreiðslukostnað, sem ég nefndi áðan, þar eð ríkisstj. ákvað, um leið og þessi niðurgreiðsla kom til framkvæmda, að niðurgreiðsla á landbúnaðarvörum til neytenda skyldi lækkuð sem henni svarar. Er gert ráð fyrir því, að niðurgreiðsla á landbúnaðarvörum til neytenda verði lækkuð um sömu tölu visitölustiga og niðurgreiðslu innflutts fóðurs og áburðar nemur.

Vænti ég, að með þessu sé fullsvarað fsp. tveimur á þskj. 342.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. viðskmrh. fyrir mjög greinargóð svör. Það er auðséð, að hann gerir sér far um að svara fsp. og leggur svör sín greinilega fram, og vænti ég þess, að sú skýrsla, sem hann gat um, liggi nú þegar fyrir þingheimi og almenningur geti fylgzt með þessum málum.

Á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er áætlað, að niðurgreiðslur nemi 302 millj. kr., og mér skilst að fengnum þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf, að þá sé sú áætlun, sem gerð hefur verið, mjög nærri því. Hins vegar skilst mér, að það liggi ekki fyrir enn þá, hverjar breytingar verða á árinu á niðurgreiðslukerfinu vegna þess, að nú skal greiða niður fóðurbæti um 10 millj. kr. og áburð um 6 millj. og þær niðurgreiðslur takast af þeim niðurgreiðslum, sem nú eru á matvörutegundum, — að þá liggi það ekki ljóslega fyrir, á hvaða matvörutegundum niðurgreiðslan verði minnkuð. Mér skilst, að það liggi ekki nógu ljóslega fyrir, en máske getur hæstv. ráðh. upplýst þetta eitthvað frekar, því að sjálfsagt hefur það komið til tals hjá hæstv. ríkisstj., hverjar þessar vörutegundir verða. Ef það liggur fyrir, þá vænti ég þess, að hæstv. ráðh. vilji upplýsa það hérna.

En það, sem ég vildi almennt benda á í sambandi við niðurgreiðslurnar, er, að ég hef alltaf talið þær nokkuð hættulegar og ekki sízt framleiðslu á vörum, sem mikið eru greiddar niður. Og þegar farið er að greiða niður landbúnaðarvöruverðið, ef svo mætti segja, frá báðum endum, annars vegar fóðurbætinn og áburðinn, þ. e. a. s. minnka á þann hátt framleiðslukostnaðinn, og hins vegar vöruna fullunna til neytandans, þá finnst mér, að þar sé hætta á ferðum, og ef einhver meining hefur fylgt því á s. l. hausti fyrir kosningarnar, þegar Sjálfstfl. prédikaði, að það ætti að losna við allar uppbætur og allar niðurgreiðslur, þá efast ég um, að hægt verði að komast þannig frá þeim hlutum, að fyrst og fremst þeir, sem framleiða þessar vörur, verði ekki fyrir meiri skakkaföllum en aðrir. Þessi hætta finnst mér að hljóti jafnan að vofa yfir, á meðan niðurgreiðslur eru, og sú hætta vex að sjálfsögðu, um leið og verið er að auka niðurgreiðslukerfið og auka niðurgreiðslurnar á einstökum vörutegundum, fyrir utan svo það, að þegar greitt er niður meira af vörutegundunum en framleiðslukostnaði nemur, þá hlýtur neytandinn allajafna að verða að nota dýrari vörur til sinna heimilisnota en almenni neytandinn í landinu, sem kaupir þær út úr búðum.

Ég þakka hæstv. ráðh. að lokum fyrir greinargóð svör við þessum fsp., en ég vænti þess, að ef eitthvað liggur fyrir um þessar breytingar, sem kunna að verða á niðurgreiðslukerfinu á næstunni, þá gæti hann frekar upplýst það nú hér.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég get því miður ekki á þessu stigi svarað þeirri fsp. hv. þm., á hvaða vörutegundum muni verða lækkuð niðurgreiðsla vegna niðurgreiðslnanna, sem teknar voru upp á innfluttum áburði og fóðurbæti, því að um það hefur ekki verið tekin ákvörðun enn. Verði sú ákvörðun tekin, meðan þing situr, er sjálfsagt að skýra hv. þingheimi frá því. Ég get hins vegar getið þess til viðbótar í framhaldi af þessari fsp. hv. þm., að niðurgreiðslan á verði innflutts fóðurbætis og tilbúins áburðar veldur 0.5 stiga lækkun á visitölunni, miðað við óbreytta álagningu í krónum. Ef niðurgreiðsla á landbúnaðarvörum til neytenda er lækkuð um sömu stigatölu, þýðir það aðeins 6 millj. kr. viðbótarkostnað á ári. Ástæðan er sú, að niðurgreiðslukostnaður á stig er dýrari fyrir fóður og tilbúinn áburð en fyrir fullunnu vöruna, og á þetta einkum við um áburðinn.

10. Framlag til byggingarsjóðs ríkisins.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt:

Fsp. til félmrh. um framlag til byggingarsjóðs ríkisins [139. mál, 2] (A. 342).

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fsp. tekin til *meðferðar, hvort leyfð skyldi.*

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh., sem prentuð er á þskj. 342, um það, hvenær vænta megi framlags þess til byggingarsjóðs ríkisins, sem ríkisstj. tilkynnti hinn 21. febr. s. l. að hún mundi útvega sjóðnum.

Spurning þessi er svo einföld í sniðum og um svo alkunnugt málefni, að það er óþarfi að hafa um hana langt mál, enda mun ég ekki gera það við þetta tækifæri eða fara almennt út í að ræða byggingarmálin, en aðeins fylgja fsp. eftir með nokkrum orðum í von um, að hæstv. félmrh. geti gefið skýrt svar við spurningunni.

Hinn 21. febr. s. l. gaf ríkisstj. út fréttatilkynningu, þar sem m. a. var boðuð mjög veruleg almenn vaxtahækkun í landinu, og náði þessi vaxtahækkun m. a. til hinna sérstöku byggingar- og

stofnlánasjóða, þ. á m. til byggingarsjóðs ríkisins. Í sambandi við þessa miklu vaxtahækkun og þar með verulega skert lánskjör til íbúðarhúsabyggjenda tilkynnti ríkisstj., að hún hefði ákveðið að gera ráðstafanir til þess að afla 40 millj. kr. til íbúðalána á þessu ári umfram fastar tekjur byggingarsjóðsins. Þessari yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. var að sjálfsögðu fagnað af öllum þeim mörgu mönnum, sem í húsbyggingum standa, og var það almennt trú manna, enda studd við gild rök, að mjög fljótlega yrði hægt að úthluta þeirri upphæð, sem þarna var um talað. En svo sem mönnum er kunnugt, hefur dráttur orðið á því, að ríkisstj. framkvæmdi fyrirheit sitt um aukna fjárveitingu til húsbyggingarlána, en því meir sem það dregst, því ákafar fýsir almenning að vita, hverjar lyktir málið fær, og því er þessi fsp. fram komin, að mér er það ljóst, að húsbyggjendur í landinu bíða í ofvæni eftir því, að ríkisstj. efni fyrirheit sitt.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um fjölda þeirra manna, sem sótt hafa um lán hjá húsnæðismálastjórninni og enga úrlausn hafa fengið eða þá aðeins úrlausn að nokkru leyti, þá voru þeir hinn 1. apríl s. l., eða fyrir rúmum mánuði, 1842 talsins og þar af höfðu 1130 alls ekkert lán fengið, en bíða nú með íbúðir sínar fokheldar og þannig lánshæfar. 217 af þessum 1842 umsækjendum hafa þegar fengið 70 þús. kr. lán, en sækja um a. m. k. 30 þús. kr. viðbótarlán hver, og 495 umsækjendur, sem fengið hafa mjög óveruleg lán til þessa, sækja um hærri viðbótarlán, og má gera ráð fyrir, að þau verði vart undir 60 þús. að meðaltali á umsækjanda. Lánsfjárþörf, miðað við þessar 1842 umsóknir, er áætluð um 150 millj. kr. Þar af eru þessir nýju umsækjendur 1130, og ef reiknað er með, að það yrðu 100 þús. kr. á íbúð, þá yrðu það 113 millj., viðbótarlán við 70 þús. kr. lánið, sem menn hafa fengið, mundu verða 6.5 millj. og önnur viðbótarlán 29 millj. eða nær 30 millj.

Auk þessara 1842 umsókna liggja fyrir húsnæðismálastjórninni 127 umsóknir um lán út á íbúðir, sem ekki standast það mat, sem húsnæðismálastjórn leggur á, er hún dæmir um lánshæfi íbúðanna. Ef svo færi, að þessar íbúðir, sem ekki eru taldar lánshæfar eftir núgildandi reglum, væru teknar með, t. d. vegna breytts mats um lánshæfi, mundi lánsfjárþörfin aukast a. m. k. um 12.7 milljónir eða verða alls rúmlega 160 milljónir króna.

Þetta eru aðeins litlar upplýsingar um lánsfjárþörf húsbyggjenda, sem sýna, hve knýjandi nauðsyn það er, að ríkisstj. geri allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að afla fjár til húsbygginganna. Að minnsta kosti verður að krefjast þess, að hún dragi það ekki lengur að standa við fyrirheit sitt um 40 millj. kr. framlagið, sem hún gaf 21. febr. Lánsfjárþörfin í heild er að sjálfsögðu miklu meiri en því nemur, og er vonandi, að ríkisstj. finni ráð til þess að bæta um það. En meðan það verður ekki, er henni þó ekki annað sæmandi en standa við fyrirheit sitt frá í vetur. Það væri þó a. m. k. nokkur úrlausn, þó að það leysi ekki allan þann vanda, sem húsbyggjendur eru í.

Ég mun ekki hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að hæstv. félmrh. geti veitt mér og öðrum hv. þingmönnum nokkurt svar við spurningu minni.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er, hvenær megi vænta framlags þess til byggingarsjóðs ríkisins, sem ríkisstj. tilkynnti 21. marz s. l. að hún mundi útvega sjóðnum til útlána.

Framlögin, sem getið var um í tilkynningunni 21. febr. s. l., voru tvenns konar: í fyrsta lagi 25 millj. kr., sem kæmu beinlínis til úthlutunar, og 15 millj. kr., sem notaðar yrðu til þess að breyta stuttum bráðabirgðalánum húsbyggjenda í föst, löng lán, þannig að unnt yrði á árinu 1960 u. þ. b. að tvöfalda venjuleg útlán húsnæðismálastjórnar.

Um fyrri hlutann, 25 milljónirnar, er það að segja, að gert er ráð fyrir, að helmingi þeirrar upphæðar eða 12½ millj. kr. verði úthlutað í þessum mánuði og hinum næsta og að upphæðin komi til greiðslu í júní og júlí. Hinum helmingnum verður úthlutað síðar, og hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um, hvenær það verður gert. Um 15 millj. kr. „konverteringuna" hefur enn ekki verið tekin endanleg ákvörðun. Málið hefur verið rætt nokkuð við viðkomandi bankastjórnir og sparisjóðsstjórnir, sem þessi stuttu lán hafa veitt, og hafa þau viðtöl gefið fulla von um, að í það mál verði unnt að ganga til framkvæmda mjög bráðlega, þó að ég telji út af fyrir sig, að það sé ekki eins aðkallandi með afgreiðslu 25 millj.

Ég held, að ég hafi með þessum fáu orðum svarað því, sem um er spurt.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Hæstv. félmrh. svaraði spurningu minni skýrt og greinilega, þó að e. t. v. megi segja, að ekki séu allir ánægðir með það, sem í svarinu fólst. Það er að vísu gott að fá að vita, að helmingur 25 millj. framlagsins komi fljótlega til úthlutunar og hinn helmingurinn síðar. Að vísu er það mjög óákveðið orðalag og getur sjálfsagt orðið enn dráttur á því, að það komi til úthlutunar. Og hvað snertir 15 millj. kr. framlagið, sem var sérstakur þáttur í þessu máli, þá er ánægjulegt, að það skuli vera unnið að því að reyna að koma því máli á rekspöl. Ég er sammála hæstv. ráðh. um, að það er auðvitað ekki eins aðkallandi, að það mál leysist, eins og hitt, en samt sem áður er þó full ástæða fyrir ríkisstj. að hraða því máli sem allra mest, því að eins og hæstv. ráðherrum er kunnugt, er það mikill fjöldi manna, sem bíður í ofvæni eftir því að fá úrlausn einmitt í þessu, því að þeir hafa gert sér miklar vonir um, að í fyrirheiti ríkisstj. frá í vetur væri um að ræða lausn, sem þeir gætu sætt sig við á þessu ári. — Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf.

Jón Skaftason: Herra forseti. Eins og tilkynning ríkisstj. frá 21. febr. um það, að ríkisstj. mundi útvega 40 millj. kr. til útlána á vegum byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári, ber með sér, átti þetta að vera aukaframlag til byggingarsjóðsins umfram þær hinar venjulegu tekjur, sem sjóðurinn hefur tryggða tekjustofna til. Nú vildi ég mega spyrja hæstv. félmrh. að því í þessu sambandi, hvort hann geti gefið upplýsingar um það, hverjar tekjur sjóðsins á þessu ári muni verða af þeim tekju-

stofnum, sem hann nú býr við, og hvort megi vænta þess, að þegar þessu aukaframlagi, 12½ millj. kr., verði úthlutað nú í þessum mánuði, komi einnig til úthlutunar einhver hluti af föstum tekjum sjóðsins, og þá helzt, ef hann gæti svarað því, hversu stór hluti það mundi verða.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég er nú ekki undirbúinn undir að svara þessari spurningu hv. 4. þm. Reykn. (JSk), en ég ætla þó, að venjulegir tekjustofnar húsnæðismálasjóðsins, sem — eins og hann tók réttilega fram — eiga náttúrlega að koma til útlána ásamt þessum nýju lánsútvegunum, verði ekki mjög ósvipaðir því, sem verið hefur, nema hvað mér er tjáð, að skyldusparnaðurinn hafi eitthvað dregizt saman. Hversu mikið það er og hvað það muni nema miklu, get ég ekki sagt á þessari stundu, því að ég hef ekki um það neinar tölur og veit einu sinni ekki, hvort þær liggja fyrir. En í heildinni ætla ég, að með þessum nýju framlögum, sem húsnæðismálastjórn eru fengin, muni vera nokkuð nærri því að vera möguleiki fyrir því, að útlánamöguleikar sjóðsins tvöfaldist, miðað við það, sem orðið hefði, ef ekki hefði verið til þessara nýju úrræða gripið.

11. Vörukaupalán í Bandaríkjunum (síðari fsp. EystJ).

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um vörukaupalán í Bandaríkjunum [139. mál, 3] (A. 342).

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 6. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Fyrirspurnin er svo hljóðandi: „Hverju nemur nú samtals andvirði þeirra vara, sem keyptar hafa verið frá Bandaríkjunum skv. sérstökum vörukaupasamningum (P. L. 480)? Hve mikið af andvirðinu verður til útlána í landinu, og hve miklu hefur þegar verið ráðstafað og til hvaða framkvæmda? Hve miklar vörukaupaheimildir eru ónotaðar, og hve mikið lánsfé fellur til skv. þeim? Hefur ríkisstjórnin gert áætlanir um, hvernig því lánsfé verði varið?"

Það er ekki ástæða til að flytja neinar skýringar á þessum fsp. En ég vil aðeins minna á, að þegar farið var að gera þessa samninga við Bandaríkin um vörukaupin skv. sérstökum l. þar í landi og þar með ráðgert, að nokkur hluti af andvirðinu yrði til útlána hér innanlands, þá var gert ráð fyrir, að Sogsvirkjuninni yrði lánað talsvert mikið af því til að standa undir kostnaði við virkjunina, innlendum kostnaði, og enn fremur yrði lánað rafmagnsveitum ríkisins til þess að standa undir kostnaði við Reykjanesveitu. Mér vitanlega hafa ekki verið gerðar fleiri ákvarðanir um, hvernig þessu lánsfé verði varið. En ætlun mín með þessari fsp. var að reyna að fá yfirlit um það, hversu miklu væri óráðstafað af lánsfé þessu innanlands. Vonast ég eftir, að það komi fram með svörum hæstv. ráðh. við þessum spurningum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrsta spurningin er á þessa leið: „Hverju nemur nú samtals andvirði þeirra vara, sem keyptar hafa verið frá Bandaríkjunum skv. sérstökum vörukaupasamningum (P. L. 480)?" Svarið er á þessa leið: Andvirði þeirra vara, sem keyptar höfðu verið 1. maí 1960 og greiddar hafa verið í Landsbankanum, nemur samtals 180 millj. 709 þús. kr.

Önnur spurningin er á þessa leið: „Hve mikið af andvirðinu verður til útlána í landinu, og hve miklu hefur þegar verið ráðstafað og til hvaða framkvæmda?" Svar við þessu er á þá leið, að af andvirðinu má verja til útlána innanlands alls 143 millj. 349 þús. kr. Af þessari fjárhæð hefur þegar verið ráðstafað tæpum 84 millj. kr. Það skiptist sem hér segir: til virkjunar Efra-Sogs 72.7 millj., til rafmagnsveitna ríkisins 10 millj. og til einkafyrirtækja 1.3 millj., samtals rétt um 84 millj. kr.

Þriðja spurningin er á þessa leið: „Hve miklar vörukaupaheimildir eru ónotaðar, og hve mikið lánsfé fellur til skv. þeim? Hefur ríkisstj. gert áætlanir um, hvernig því lánsfé verði varið?" Andvirði ónotaðra kaupheimilda, sem nú eru í gildi og ætla má að notist á þessu ári og fyrstu mánuðum ársins 1961, er 73 millj. rúmar. Þar af má ætla að verði til útlána innanlands um 55½ millj. kr. Ákvarðanir hafa ekki enn verið teknar um ráðstöfun þessa fjár.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Skv. þessu skilst mér, að óráðstafað muni vera um 59 millj. af því, sem nú þegar hefur verið notað, og væntanlega 55 millj. af því, sem ónotað er, eða samtals um 114 millj. Og ef búið er að afgreiða Sogið til fulls og Reykjanesveituna með þessum 82 millj., ætti þetta að geta verið til ráðstöfunar í annað. Ég vil biðja hæstv. ráðh. að leiðrétta, ef þetta er ekki rétt skilið. Ég þakka fyrir svörin.

12. Lántaka í Bandaríkjunum (síðari fsp. EystJ).

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um lántöku í Bandaríkjunum [139. mál, 4] (A. 342).

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Fsp. er svo hljóðandi: „Hve mikið af 6 millj. dollara láninu í Bandaríkjunum hefur nú verið tekið og notað, og hverju nemur sá hluti lánsins í ísl. krónum?" Þetta þarfnast ekki skýringar. En ég vil aðeins minna á í þessu sambandi, að samkv. till. hæstv. ríkisstj. var talsvert verulegum hluta af þessu lánsfé ráðstafað í vetur sem leið. Ég man ekki nákvæmlega, hvort það voru 98 millj., sem þá var ráðstafað, ég held það þó. En þessi fsp. er gerð til þess að finna, hve mikið muni vera eftir óráðstafað af þessu láni í íslenzkum krónum, og það ætla ég að megi sjá, eftir að hæstv. ráðh. hefur svarað spurningunni.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Af þessu láni hafa nú verið notaðar 2 millj. 570 þús. dollarar. Mótvirði þess í ísl. krónum nemur 79.2 millj. kr. Til frekari skýringa skal ég geta þess, eins og fyrirspyrjandi raunar minntist á, að í fjárlögum fyrir árið 1959 var ráðstafað 98 millj. kr. af þessu 6 millj. dollara láni, og skiptist það þannig, að raforkusjóður átti að fá 45 millj., ræktunarsjóður 25 millj. og til hafnarframkvæmda 28 millj., samtals 98 millj. Eins og sjá má af þessum upplýsingum, er þessi upphæð ekki enn að fullu komin inn, heldur aðeins 79.2 millj. króna.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar, því að samkv. þeim má sjá það, sem til var ætlazt.

13. Reikningar ríkisins í seðlabankanum.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt:
Fsp. til viðskmrh. um reikninga ríkisins í seðlabankanum [139. mál, 5] (A. 342).

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Fsp. er á þessa lund: „Hvernig standa reikningar ríkisins við seðlabankann, þegar viðskiptin samkv. efnahagslöggjöfinni hafa verið gerð upp?"
Ég vil aðeins rifja upp 5. gr. efnahagslöggjafarinnar, með leyfi hæstv. forseta, en hún er svo hljóðandi:
„Stofna skal sérstakan vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í seðlabankanum, og skal færa til gjalda á honum hækkun þá í krónum, sem verður á skuldum ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu vegna gengisbreytingarinnar. Á þennan reikning skal sömuleiðis færa þann gengismun, er fram kemur hjá einstökum bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er gengisbreyt. kemur til framkvæmda. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gull seðlabankans.
Gengismunur, sem myndast, þá er banki hefur fyrir gildistöku þessara laga innt af hendi greiðslur vegna bankaábyrgðar, sem gerð er upp á hinu nýja gengi, skal færður á reikning þann, er um ræðir í 1. mgr. þessarar gr.
Gengismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri frá varnarliðinu eftir gildistöku þessara laga vegna ákvæðis 3. gr., skal færður á reikning útflutningssjóðs hjá seðlabankanum."
Í grg. efnahagsmálafrv. var ekki nein tilraun gerð til þess að áætla, hvernig þessi reikningur mundi verða að loknum þessum viðskiptum, og vegna þess, í hve mörg horn var að líta, þegar efnahagslöggjöfin var rædd, gafst ekkert tóm til þess að ganga eftir því að fá slíka áætlun fram þá. En mér sýnist, að mönnum hljóti að leika nokkur forvitni á að vita, hvernig þessi reikningur verður, þegar þessum viðskiptum er lokið, og þeim hlýtur nú að vera lokið að miklu leyti. Því er þessi fsp. fram komin til að reyna að fá af þessu mynd.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Samkv. 5. gr. efnahagsmálal. skyldi stofna sérstakan vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í seðlabankanum og færa á hann gengistap vegna skulda ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og sömuleiðis gengismun, er fram kæmi hjá þeim bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. Skuld á þessum reikningi er nú 181 millj. kr. Enn er ekki endanlega gengið frá færslum á þennan reikning, þar sem nokkur vafaatriði bíða úrskurðar, en það er ekki ástæða til að gera ráð fyrir, að upphæðin breytist, svo að teljandi sé.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar, og er augljóst af þessu, að hér hefur myndazt allstórfelld skuld ríkisins við seðlabankann við þessi viðskipti. Frekar er ekki um það að segja í dag. Ég þakka ráðh. fyrir upplýsingarnar.

14. Lán út á afurðir.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt:
Fsp. til viðskmrh. um lán út á afurðir [139. mál, 6] (A. 342).

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þegar efnahagsmálalöggjöfin var sett eða flutt,

var því lýst yfir af hæstv. ríkisstj., að einn liður í hinni nýju stefnu væri sá að taka upp nýja útlánapólitík, og ýmsar yfirlýsingar gefnar í því sambandi. Ekki var þó alveg ljóst í einstökum atriðum, hversu þeim málum yrði háttað, en nú hlýtur þetta að vera orðið skýrt. Einn liður í útlánapólitíkinni eru reglur þær, sem á hverjum tíma eru hafðar um lán út á afurðir, bæði landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir, og þær reglur, sem hafðar eru um endurkaup seðlabankans á víxlum þeim, sem keyptir eru út á þessar afurðir af viðskiptabönkunum. Þessi fsp. er gerð til þess að reyna að fá það skýrt fram hér á hv. Alþ., hvaða útlánastefna hefur nú verið tekin upp að þessu leyti, og vil ég taka það greinilega fram, sem ég vona að hafi ekki misskilizt í sambandi við fsp., að ég á ekki aðeins við, hvernig lánað er út á þessar afurðir hjá viðskiptabönkunum, heldur einnig, hvernig háttað er endurkaupunum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Um lán seðlabankans út á landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir gilda nú reglur, sem stjórn seðlabankans setti með ályktun á fundi sínum 22. febr. s. l. Ályktunin er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn seðlabankans ákveður, að fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, endurkaupi seðlabankinn afurðavíxla eftir sömu reglum og verið hefur fyrirfarandi með eftirtöldum takmörkunum:

1) Á hverja einingu fisks og fiskafurða verður ekki endurlánuð hærri krónutala en gert var 1959.

2) Endurkaup á landbúnaðarafurðavíxlum takmarkast mánaðarlega af þeirri hámarksfjárhæð, sem seðlabankinn endurkeypti í hverjum mánuði á árinu 1959, og hámarksupphæð endurkaupa landbúnaðarafurðalána á árinu 1960 takmarkast við 291 millj. kr."

Ríkisstj. hefur ekki sett viðskiptabönkunum neinar reglur um lán út á afurðir. Það hefur verið og verður áfram ákvörðunarmál viðskiptabankanna sjálfra.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, og þó að það sé tæpast aðstaða til þess að ræða efnislega um ákvarðanir í þessum málum í sambandi við fsp. og þær séu fyrst og fremst til þess að fá upplýsingar, þá vil ég þó, vegna þess að ég hef fimm mínútur til umráða, taka þetta fram:

Í fyrsta lagi er auðséð á því, sem hæstv. ráðh. nú upplýsir, að ríkisstj. hefur látið verða úr þeirri hótun sinni — ég segi hótun — að takmarka stórkostlega lán út á afurðir landsmanna af seðlabankans hendi frá því, sem áður hefur verið. Enginn efast um, að það, sem hér hefur skeð, er frá ríkisstj. komið og í samræmi við hennar efnahagsmálastefnu, sem sé þá að þrengja að á öllum sviðum, þ. á m. útlánunum. Samkv. þessu, sem hér liggur fyrir, er gerð tilraun til þess að lækka stórkostlega útlán seðlabankans á fisk. Ætli það láti ekki nærri, að það sé um þriðjungslækkun? Mér skilst, að það hljóti að láta nærri, að það sé um þriðjungslækkun, sem þarna á að framkvæma samkv. endurkaupareglunni nýju. Og það sama á að ganga um landbúnaðarafurðir, en þó gengið þar enn þá lengra, því að þar er einnig ákveðið, að það skuli ekki undir neinum kringumstæðum endurkaupa fyrir hærri krónutölu í heild út á landbúnaðarafurðir en var í fyrra, þannig að þó að t. d. framleiðsla á landbúnaðarafurðum fari vaxandi, á ekki að lána neitt út á framleiðsluaukninguna, ekki eina krónu. Það á að halda sig við þá sömu heildarfjárhæð og lánað var út á árið 1959.

Ég vil nú, alveg eins og ég gerði í sambandi við efnahagsmálalöggjöfina, lýsa eindreginni andstöðu við þessar ráðstafanir, sem gerðar eru í samræmi við efnahagsmálastefnu ríkisstj., og láta í ljós þá skoðun mína, að þetta sé alveg óframkvæmanlegt, því að ef meiningin er að standa á þessu, þá hlýtur annaðhvort að verða, að viðskiptabankarnir fari gersamlega í strand og verði gerðir ófærir til þess að annast nokkur önnur útlán að ráði, sem sé með því að lána framleiðendunum til viðbótar við það, sem endurkeypt er af seðlabankanum. Mundu það verða gífurlegar fjárhæðir, sem viðskiptabankarnir verða þannig að lána, ef framleiðendur eiga að hafa nokkra minnstu möguleika til þess að gera upp atvinnurekstur sinn og komast af stað aftur. Þetta á alveg jafnt við um sjávarsíðuna og landbúnaðinn. En ef viðskiptabönkunum er ætlað að gera þetta, þá hlýtur þeirra fjármagn að festast í því, þannig að þeir verða þá algerlega að kippa að sér hendinni um önnur lán, og vafasamt, að þeir gætu þetta, þó að þeir gerðu það. Sérstaklega vil ég mótmæla því — ég vil segja gerræði, sem kemur fram í garð landbúnaðarins, þar sem ég gat ekki betur skilið en sett væri algert hámark á það, sem lánað væri út á landbúnaðarvörur í heild, þannig að út á framleiðsluaukningu á landbúnaðarvörum væri ekki lánað neitt. Er þá auðséð, hvert er áhugamál ríkisstj. að því leyti.

Ég hef að vísu heyrt það utan að mér, að einhverjar „manipúlasjónir" hafi verið gerðar til þess að gera viðskiptabönkunum léttara að veita einhver aukalán út á fisk og afurðir umfram það, sem þeir fá endurkeypt. Ég hef heyrt, að það væri eitthvað á þá lund, að seðlabankinn hafi lánað útflutningssjóðnum talsvert mikið fé til þess að greiða fyrir fram útflutningsuppbætur út á afurðir ársins í fyrra. Ég veit ekki, hvort þetta er rétt eða þá hversu mikið hér er um að ræða, og því síður, hvaða áhrif það hefur á möguleika viðskiptabankanna til þess að greiða úr þeirri klípu, sem framleiðendur eru settir í með þessari ákvörðun ríkisstj. og seðlabankans. En mér leikur þó grunur á, að jafnvel þessar „manipúlasjónir" muni skammt hrökkva til þess, að hægt verði að koma þessum málum í eðlilegt horf.

Ég þakka hæstv. ráðh. að vísu fyrir upplýsingarnar. En ég vil mótmæla þeirri stefnu, sem þarna kemur fram, sem er einn höfuðþátturinn í samdráttarstefnu stjórnarinnar og hlýtur að verða til þess að lama alla framleiðslustarfsemi í landinu, ef hún verður áfram framkvæmd.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af því, að hv. 1. þm. Austf. lýsti mjög eindreginni andstöðu sinni og þá væntanlega einnig flokks síns gegn þeirri stefnu, sem núv. ríkisstj.

hefur beitt sér fyrir að tekin yrði upp í bankamálum, vildi ég taka þetta fram:

Stefna núv. ríkisstj. í bankamálum er mjög einföld. Hún grundvallast á því meginatriði, að útlán bankanna skuli miðast við það sparifé, sem þeir hafa til umráða, að útlánaaukning bankanna frá ári til árs skuli takmarkast við þá aukningu, sem verður á sparifjárinnlögum í bankana frá ári til árs.

Þetta er allt og sumt, sem um það mál er að segja. Þeir, sem lýsa sig andvíga þessari grundvallarstefnu í bankamálum, hljóta að hafa einhver önnur sjónarmið en þau að varðveita jafnvægi í efnahagsmálum innanlands, að vilja varðveita gildi krónunnar inn á við og út á við.

Þessi stefna í bankamálum, sem fylgt hefur verið undanfarna mánuði eða síðan efnahagsmálalöggjöfin kom til framkvæmda, hefur ekki orðið til þess, sem hv. þm. lét í ljós ótta um, að hún mundi leiða til. Hún hefur ekki orðið til þess að draga úr framleiðslu í landinu, hvað þá stöðva hana. Framleiðslan í landinu hefur haldið áfram með alveg eðlilegum hætti, eins og líka á að geta orðið og hlýtur að geta orðið, þó að útlán bankanna séu miðuð við jafneinfaldar og sjálfsagðar grundvallarreglur og hér er um að ræða. Það, sem hins vegar verður að hætta, en gerzt hefur undanfarinn áratug og raunar lengur, er, að útlán bankanna aukist ár frá ári um tugi, ef ekki hundruð milljóna umfram þá eðlilegu aukningu, sem verður á sparifé landsmanna, þ. e. a. s. um þá eðlilegu aukningu, sem verður á heilbrigðu ráðstöfunarfé bankanna.

Af því að hv. þm. gat sérstaklega um það, að landbúnaðinum mundi stafa hætta af þessum reglum, sem ég lýsti áðan að seðlabankinn hefði samþykkt, það mundi stafa sérstök hætta af því, ef hin sjálfvirku afurðalán úr seðlabankanum út á afurðavíxla landbúnaðarins færu ekki fram yfir það, sem þau fóru í fyrra, vil ég aðeins geta þess, að frá því að þær reglur, sem gilt hafa um sjálfvirk afurðalán út á landbúnaðarafurðir, voru teknar upp á árinu 1953, hafa þessi sjálfvirku endurkaupalán til landbúnaðarins aukizt um að meðaltali 50 milij. kr. á ári. Þau hafa aukizt að meðaltali síðan 1953 um hvorki meira né minna en 50 milij. kr. á ári. Þessi þróun getur ekki haldið áfram. Hér verður að verða nokkur breyting á. Ég óttast ekki, að af því muni hljótast nein vandræði fyrir íslenzkan landbúnað, og er raunar nokkuð til efs, að það hafi verið íslenzkum landbúnaði til góðs, að hin sjálfvirku afurðakaupalán honum til handa hafa verið látin aukast jafngífurlega og hér hefur átt sér stað, eða milli 300 og 400 milij. kr. á því tímabili, sem þetta kerfi hefur staðið.

Að gefnu þessu tilefni frá hv. þm., þar sem hann lét í ljós nokkurn ótta um, að þessi þáttur í stefnu ríkisstj. og hún í heild muni hafa varhugaverðar afleiðingar fyrir íslenzkt atvinnulíf, vil ég skýra hv. þingheimi frá nýjustu tölum, sem fyrir hendi eru um gjaldeyrisstöðu landsmanna, en gjaldeyrisstaðan er sannarlega nokkur mælikvarði á, hvort stefnan í efnahagsmálum er að heppnast eða er að misheppnast. Ég ætla að bera saman gjaldeyrisstöðuna í frjálsum gjaldeyri, vöruskiptagjaldeyri og í heild, eins og hún var í febrúarlok og eins og hún er samkvæmt nýjustu tölum, sem fyrir liggja, en þær eru frá 20. apríl.

Í febrúarlok, 29. febr., var gjaldeyrisskuld landsins í frjálsum gjaldeyri 182.6 milij. kr., en hinn 20. apríl 1960 hafði skuldin í frjálsum gjaldeyri lækkað ofan í 75.6 milij., hafði m. ö. o. lækkað um 107 milij. kr.

Um vöruskiptagjaldeyri eru tölurnar þannig: Í febrúarlok áttu Íslendingar inneign í vöruskiptagjaldeyri, sem nam 11.2 milij. kr. Hinn 20. apríl hafði þessi inneign vaxið upp í 74 milij. kr. Vöxturinn nam m. ö. o. 62.8 milij. kr.

Heildartölurnar voru þannig í febrúarlok, að þá nam gjaldeyrisskuld landsmanna 171.6 milij. kr., en 20. apríl s. l. nam heildargjaldeyrisskuld landsmanna aðeins 1.6 milij. kr. Hefur gjaldeyrisstaða landsins þannig batnað á þessum tæpum tveim mánuðum um réttar 170 milij. kr. Allar þessar tölur eru miðaðar við nýja gengið, og þar er meðtalin staða allra bankanna og staðan við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Evrópusjóðinn, þ. e. sá hluti, sem búið er að nota af yfirdráttunum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusjóðnum, er talinn með til skulda í þessum heildarreikningsskilum.

Ég vona, að þessar tölur, sem ég hér nefni að gefnu tilefni frá hv. þm., sýni hv. þingheimi fram á, að sú svartsýni, sem orð hans áðan einkenndust af, og þær hrakspár, sem oft heyrast af hálfu hv. stjórnarandstæðinga um, að sú stefna, sem nú er verið að framkvæma í efnahagsmálum, sumpart sé að misheppnast og sumpart muni áreiðanlega misheppnast, eru algerlega úr lausu lofti gripnar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. segir, að stefna ríkisstj. sé sú, að ekki verði lánað meira út frá bönkunum en sem nemur sparifénu. Þetta hefur heyrzt áður, en afleiðingarnar af þessu hljóta að verða þær, að það er ekki mögulegt að auka framleiðsluna, t. d. útflutningsvöruframleiðsluna, nema það mikil aukning verði á sparifénu í bönkunum, að mögulegt sé með því fé að fullnægja þörfum framleiðenda fyrir rekstrarlán.

Nú sýnist mér ákaflega hætt við því, að sparifé aukist ekki svo mikið, að af því verði hægt að fullnægja þessum þörfum framleiðendanna, og það verður ekki heldur séð, að það sé nein hætta því samfara fyrir efnahagslíf þjóðarinnar, þó að það séu aukin rekstrarlán í hlutfalli við aukna framleiðslu á vel seljanlegum útflutningsvörum eða nauðsynjavörum til innanlandsnotkunar, sem seljast örugglega og þörf er fyrir.

Nú vita það allir, að tilkostnaðurinn við framleiðsluna hefur aukizt geysilega frá því í fyrra, og er því ekki hægt að koma auga á, að mögulegt sé að framkvæma þessa stefnu ríkisstj., að lána ekki meira út á hvert tonn af útfluttum fiski t. d. eða aðrar framleiðsluvörur heldur en gert var árið sem leið. Þetta hlýtur að leiða til stöðvunar.

Hæstv. ráðh. sagði, að síðan tekið var að veita rekstrarlán til landbúnaðarins, hefðu þau aukizt um 50 milij. á ári að meðaltali. Þetta er ósköp eðlilegt, vegna þess að landbúnaðarframleiðslan hefur aukizt stórkostlega á þessu tímabili. En það er langt frá því, að hún sé of mikil enn þrátt fyrir þessa aukningu, sem orðið hefur. Það var

fyrr á þessu ári, sem þurfti að flytja inn danskt smjör, og það eru horfur á því, að það verði að gera meira að því að flytja inn landbúnaðarvörur til neyzlu frá útlöndum, ef ríkisstj. heldur fast við þá stefnu sína að leyfa ekki meiri rekstrarlán til framleiðslunnar en voru í fyrra þrátt fyrir stóraukinn framleiðslukostnað og þrátt fyrir vaxandi framleiðslu.

Það lítur út fyrir samkvæmt þessu, að það sé ákveðin stefna hæstv. stjórnar að koma í veg fyrir það, að framleiðslan á nauðsynjavörum bæði til útflutnings og innanlandsnotkunar geti aukizt. Ég fæ ekki séð, að þessi stefna geti staðizt, — það er óhugsandi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG), að það sé aðalatriði, hvað þá atriði í stefnu ríkisstj. í bankamálum, að ekki komi til nokkurra mála að auka lán út á útflutningsafurðir, ef um framleiðsluaukningu er að ræða. Það er verkefni viðskiptabankanna að gera það. Því verkefni hafa þeir sinnt, eru þegar búnir að sýna í reynd á vertíðinni, að þeir hafa sinnt því, og því verkefni mun að sjálfsögðu verða sinnt áfram.

Verði á þessu ári um að ræða verulega aukningu á framleiðslu í landinu, sérstaklega útflutningsframleiðslunni, mun eðlilega þurfa að leiða af því nokkra aukningu á útlánum til útflutningsfyrirtækjanna, en það verður verkefni viðskiptabankanna að sjá um það. Það hafa þeir gert, það sem af er yfirstandandi ári, yfirstandandi vertíð, og það munu þeir halda áfram að gera.

Þær reglur, sem ég las upp áðan, og þær hámarkstölur áttu við um hin sjálfvirku endurkaupalán seðlabankans á afurðavíxlum viðskiptabankanna.

15. Efnahagsmál sjávarútvegsins.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um sérstakar ráðstafanir eða fyrirætlanir í efnahagsmálum sjávarútvegsins [139. mál, 7] (A. 342).

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Fsp. okkar hv. 4 þm. Vestf. á þskj. 342 er í þremur liðum.

Við spyrjum í fyrsta lagi: Hefur hæstv. ríkisstj. nú eftir áramótin tekið ákvörðun um að auka uppbætur á sjávarafurðir, sem framleiddar voru á árinu 1959, eða um að auka rekstrarstyrk eða rekstrarstyrki til eða vegna útgerðar á því ári, og ef svo er, hve mikið? Þessi spurning er borin fram vegna þess, að okkur hefur borizt til eyrna, að ákveðið hafi verið að verja fé úr útflutningssjóði í þessu skyni til togaraútgerðarinnar og að sú ákvörðun hafi verið tekin, eftir að lögin um efnahagsmál gengu í gildi. Við teljum æskilegt, að Alþingi fái vitneskju um það beint frá hæstv. ríkisstj., hvort þessi ákvörðun hefur verið tekin um greiðslu úr útflutningssjóði í einhverju formi, og ef svo er, hve mikið fé þar er um að ræða og hvernig greiðslu þess er hagað.

Í öðru lagi spyrjumst við fyrir um það, hvað hæstv. ríkisstj. ætli að gera til að bæta úr erfiðleikum við sjávarsíðuna vegna niðurfalls verðbóta á einstakar fisktegundir, smáfisk og fisk veiddan á vissum tímum árs. Þegar ríkisstj. lagði frv. til laga um efnahagsmál fyrir Alþingi í vetur, var tekið fram í grg. frv., að hækkun sú á skráningarverði erlends gjaldeyris, sem till. var gerð um og síðan samþykkt, væri við það miðuð, að þorskveiðar bátanna í heild bæru sama úr býtum og þær hafa áður gert, meðan útflutningsbætur voru greiddar. Síðan segir í grg., að þessar bætur nemi nú, þ. e. a. s. áður en lögin eru samþ., 94.5% af útflutningsverðmæti bátafisksins. Þetta var sem sé meðaltal bótanna, 94.5%, en sérbætur höfðu verið greiddar á sumar fisktegundir, steinbít, ýsu og flatfisk og enn fremur smáfisk og fisk veiddan á vissum tímum árs, og er þar átt við a. m. k. aðallega sumarveiddan fisk. En ef sá hluti aflans, sem sérbótanna naut, er tekinn út af fyrir sig, voru uppbæturnar á hann miklu hærri en 94.5%. Skýrsla um það efni er í grg. frv., sem ég nefndi áðan.

Af setningu hinna nýju laga samhliða afnámi bótanna hlaut því að leiða a. m. k. hlutfallslega mikla verðlækkun á þeim afla, sem áður naut sérbótanna, og sú lækkun kemur fyrst og fremst mjög tilfinnanlega niður á þeim sjávarplássum, þar sem sérbótafiskurinn var og er mikill hluti heildaraflans, en þeir staðir eru sérstaklega margir á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Tvisvar sinnum á þessu þingi hafa verið bornar fram till. um að gera ráðstafanir til þess að mæta þeim áföllum, sem afnám sérbótanna hlýtur að hafa í för með sér, en þær till. hafa verið felldar og gefið í skyn, að málið væri enn ekki tímabært. Við sjáum þó ekki annað en langt sé síðan það varð tímabært í sambandi við steinbítsaflann á Vestfjörðum a. m. k., og nú er vor- og sumarútgerðin að hefjast um norðan- og austanvert landið. Við göngum þess vegna út frá því, að það sé a. m. k. tímabært nú að spyrja hæstv. ríkisstj., hvað hún ætli að gera í þessu máli, og að hún sjái sér fært að gefa um það upplýsingar.

Þriðja spurningin er svo um það, hvort hæstv. ríkisstj. hafi í hyggju að beita sér fyrir ráðstöfunum til að létta undir með þeim, sem eiga fiskiskip í smíðum erlendis eða skulda verulegan hluta af andvirði fiskiskipa í erlendum gjaldeyri.

1. jan. s. l. voru að ég ætla samkvæmt skýrslu Skipaskoðunar ríkisins 57 fiskiskip í smíðum erlendis. Auk þess er kunnugt, að á undanförnum árum hefur verið flutt inn mikið af fiskiskipum, sem standa að veði fyrir lánum, sem eigendur skipanna verða að greiða í erlendum gjaldeyri.

Hækkun stofnkostnaðar eða tekinna lána í íslenzkum krónum mun reynast flestum erfið og

hætt við, að það vandamál verði torleyst fyrir marga og óleysanlegt fyrir suma, nema einhvers konar fyrirgreiðslu megi vænta umfram það, sem ráð var fyrir gert í öndverðu.

Á þessu stigi þykir okkur fyrirspyrjendum ástæða til að grennslast eftir því, hvort ríkisstj. telji sér fært eða geri ráð fyrir því nú að hafa hér um einhverja forgöngu, enda gerum við ráð fyrir, að marga hlutaðeigendur fýsi að vita, hvort þess sé að vænta af hennar hálfu.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hefur ríkisstj. nú eftir áramótin tekið ákvörðun um að auka uppbætur á sjávarafurðir ársins 1959 eða rekstrarstyrki til útgerðar á því ári, og ef svo er, hve mikið?"

Þessu vildi ég svara þannig, að með bréfi 18. febr. s. l. tilkynnti sjútvmrn. útflutningssjóði þá ákvörðun ríkisstj. að greiða uppbætur á fisk veiddan á togurum árið 1959, þannig að þessar uppbætur yrðu sem næst því að vera jafnar því, sem bátarnir höfðu fengið áður, enda eru margir, sem halda því fram, að mismunurinn á verði fisksins úr bátunum og togurunum hafi ekki verið réttlætanlegur að því marki, sem hann hefur verið.

Með síðara bréfi rn. til útflutningssjóðs voru bætur þessar síðar endanlega ákveðnar sem hér segir: Á allan fisk, sem togararnir hafa lagt á land hér á landi á s. l. ári, greiðast 22.4 aurar á kg, miðað við landað magn. Á fisk, sem togararnir hafa landað erlendis á s. l. ári, greiðast 11.74% á reiknað fob-verðmæti aflans. Í þriðja lagi: Hámarksgreiðslu á skip skal þó miða við meðaltalsgreiðslu til allra togaranna, sem telst vera 850 þús. kr., og uppbætur greiðast ekki á fisk, sem fer til fiskmjölsvinnslu.

Bætur þessar voru áætlaðar samtals 31 millj. 897 þús. kr. rúmar, og hafa þegar verið greiddar 31 millj. 547 þús. kr. rúmar, eða til allra togaranna, sem út voru gerðir á s. l. ári, nema eins.

Þetta er raunar allt það, sem ég hef um þetta að segja. Þó má kannske bæta því við, að uppbótargreiðslur úr útflutningssjóði, eftir að efnahagslöggin tóku gildi, þ. e. a. s. eftir að tekjurnar í sjóðinn hættu að koma inn eftir venjulegum leiðum, eru mikið annað en þær uppbætur, sem áður voru greiddar, því að nú greiðast þessar uppbætur í raun og veru aðallega af 5% útflutningsskattinum, sem ákveðinn hefur verið, og kemur því allt öðruvísi niður en þessar uppbætur gerðu áður.

Í öðru lagi er spurt: „Hvað ætlar ríkisstj. að gera til að bæta úr erfiðleikum við sjávarsíðuna vegna niðurfalls sérbóta á einstakar fisktegundir, smáfisk og fisk veiddan á vissum tímum árs?"

Svar við þessu er ekki annað en það, að um þetta hefur engin ákvörðun verið tekin.

Í þriðja lagi er spurt: „Ætlar ríkisstj. að beita sér fyrir ráðstöfunum til að létta undir með þeim, sem eiga fiskiskip í smíðum erlendis eða skulda verulegan hluta af andvirði fiskiskipa í erlendum gjaldeyri?"

Þessari spurningu get ég svarað þannig, að í fyrsta lagi var leitað til fiskveiðasjóðs um það, að hann breytti lánsupphæðum sínum úr sjóðnum og miðaði þær eftirleiðis við raunverulegt kostnaðarverð skipanna heimkominna í íslenzkum krónum, þannig að tekið væri tillit til þeirrar hækkunar, sem yrði á verði skipanna og leiddi af gengislækkuninni, og útlánin úr sjóðnum miðuð við þessa upphæð eða þetta kostnaðarverð skipsins, þegar það væri komið heim, en ekki við þá samninga, sem áður höfðu verið gerðir um lántökurnar, m. ö. o., lánin hækkuð til jafns við gengisbreytinguna. Í öðru lagi hefur ríkisstj. ákveðið að leita til þeirrar nefndar, sem væntanlega verður kosin og er reyndar á dagskrá þessa fundar að kjósa til úthlutunar á atvinnuaukningarfé, um það að taka eins ríflega og mögulegt er fyrir nefndina tillit til þeirra erfiðleika, sem innflytjendur mótorbáta eða fiskiskipa hafa orðið fyrir vegna gengisbreytingarinnar. Í þriðja lagi hefur verið leitað til gjaldeyrisbankanna, sem hafa með yfirfærslu á kaupverði skipanna að gera og ábyrgjast hana, að þeir leituðust við að aðstoða þá menn, sem fyrir gengisbreytinguna höfðu ákveðið að panta ný fiskiskip og gert um það samninga, en urðu fyrir þessari óvæntu kaupverðsaukningu við breytinguna, að gefa þeim kost á aðstoð, sem þeir þyrftu á að halda í því sambandi, og hefur verið vel undir það tekið, og veit ég, að í mörgum tilfellum hafa bankarnir greitt götu þeirra.

Þetta er það, sem ég hef um þessar spurningar að segja, og vænti ég, að hv. fyrirspyrjendur telji þeim með þessu svarað.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, enda þótt ég hefði kosið, að hann hefði séð sér fært að haga a. m. k. sumum þeirra á annan veg. Ég á þar ekki sízt við svar hans við annarri fsp., þar sem hann skýrði frá því, að í ríkisstj. hefði enn engin ákvörðun verið tekin um að rétta hlut þeirra, sem verða fyrir miklu áfalli vegna setningar efnahagslaganna við það, að niður falla þær sérbætur, sem greiddar voru á sérstakar fisktegundir og smáfisk og fisk veiddan á ýmsum tímum árs.

Eins og ég tók fram í ræðu minni áðan og allir vita reyndar, sem kunnugir eru, þá er þessi fiskur, sem sérbæturnar voru greiddar á, hlutfallslega mjög mikill hluti aflans, einkum í þeim landshlutum, sem ég nefndi, og þar hlutfallslega meiri en annars staðar, og þess vegna kemur þar mjög tilfinnanlega niður sú verðlækkun, sem á sér stað vegna niðurfalls sérbótanna. Ég vil leyfa mér að benda á það til athugunar fyrir þá, sem hafa einhvern áhuga á því, sem kallað er jafnvægi í byggð landsins, að það hefur áreiðanlega mikla þýðingu fyrir þá stefnu, að heldur sé hlynnt að sjávarútveginum í þorpunum í þessum landshlutum, þannig að hann geti vaxið og veitt fleirum verkefni. En með svona breytingum eins og þarna hafa átt sér stað er því miður alveg stefnt í öfuga átt. Og ég vil enn trúa því, að þó að hæstv. ríkisstj. sé ekki búin að taka ákvörðun, eins og ráðherrann sagði, þá hafi hún samt hugleitt þetta mál og muni þar einhverja forgöngu hafa. Verði það ekki og ekki á annan hátt sinnt þessu máli, er stofnað til mikilla vandræða.

Í svari við 3. fsp. gat ráðherra þess, að ríkisstj. hefði óskað eftir því við Fiskveiðasjóð Íslands, að lán út á skip, sem hafa verið í smíðum undanfarið, yrðu afgreidd miðað við andvirði hins er-

lenda gjaldeyris í íslenzkum krónum, og sýnist mér reyndar sjálfsagt mál, að þannig hafi átt að fara að. Hins vegar vil ég leyfa mér að vekja athygli á því í þessu sambandi, að í lögum um fiskveiðasjóð er ekki heimilað að lána út á skipasmíði erlendis nema ⅔ af kostnaðarverði, sem er töluvert lægra en lánað er út á skipasmíði innanlands, og eins og nú standa sakir, kynni að vera ástæða til að taka það ákvæði til sérstakrar endurskoðunar.

Að öðru leyti var ekki að heyra, að ríkisstj. hefði í hyggju að beita sér fyrir neinum ráðstöfunum í þessu skyni. Hún kveðst raunar hafa rætt við þá nefnd, sem úthlutar atvinnuaukningarfé, að líta með skilningi á þarfir þeirra, sem nú eru að eignast skip í smíðum erlendis. En eins og kunnugt er, hefur það verið venja að veita lán af atvinnuaukningarfénu út á ný skip, og er auðvitað vel farið, ef hægt væri að auka það eitthvað. Þá sagði hæstv. ráðherra, að rætt hefði verið við gjaldeyrisbankana, sem jafnframt eru viðskiptabankar, um að aðstoða eftir megni þá aðila, sem hér eiga hlut að máli. Hins vegar gat hann ekki um það nánar, í hverju stjórnin gæti hugsað sér, að sú aðstoð væri fólgin, eða hvort það hefur verið nánar íhugað.

Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég þakka fyrir svörin, þó að ég hefði kosið, að sumt í þeim hefði verið á annan veg og þó einkum svarið við annarri fsp.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er út af 3. lið í 7. fsp., sem ég vildi víkja aðeins að með nokkrum orðum. Hæstv. sjútvmrh. gat þess, að ríkisstj. hefði mælzt til þess við gjaldeyrisbankana að greiða fyrir þeim mönnum, er yfirfæra þurfa andvirði báta, sem keyptir hafa verið erlendis, og sagði hann, að bankarnir hefðu greitt götu ýmissa þessara manna. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Á hvern hátt hafa bankarnir greitt götu þessara manna? Hafa þeir veitt viðbótarlán, eða á hvern annan hátt hefur gata þessara manna verið greidd?

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það var svo um ýmsa þá, sem höfðu gert ráðstafanir til skipakaupa fyrir gengisbreytinguna, að þeir áttu eða höfðu til umráða þann þriðjung kaupverðsins, sem fiskveiðasjóður lánaði ekki.

Þegar gengisbreytingin hafði komið til framkvæmda og fiskveiðasjóður hafði hækkað lán sitt í samræmi við það, þannig að hann veitti ⅔ af endanlegum kostnaði, þá þurfti eigandinn enn að sjá um viðbótina á þeim þriðjungi, sem hann átti að greiða sjálfur, og þessi aðstoð, sem ég sagði í minni fyrri ræðu að ég vissi til að viðskiptabankarnir hefðu veitt í ýmsum tilfellum, var á þann hátt að lána kaupendunum upp í þennan þriðjung það, sem þá vantaði.

16. Stofnlánasjóðir Búnaðarbankans.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um lánsfjármál stofnlánasjóða Búnaðarbankans [139. mál, 8] (A. 342).

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér hér ásamt hv. 5. þm. Austf. að bera fram fsp. varðandi stofnlánasjóði Búnaðarbankans. Það er í fyrsta lagi: „Hefur byggingarsjóði sveitabæja verið útvegað fjármagn til útlána á þessu ári, og ef svo er, hve mikið?"

Í öðru lagi: „Hvenær verða afgreidd lán úr sjóðnum út á íbúðarhús þeirra bænda, sem samkvæmt reglum bankans gátu fengið fyrstu útborgun lána á árinu 1959, en hafa ekki fengið hana enn þá?"

Í þriðja lagi: „Verður veðdeild Búnaðarbankans útvegað fjármagn til útlána á þessu ári, og ef svo er, hve mikið?"

Í fjórða lagi: „Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að ræktunarsjóður geti veitt lán út á þær framkvæmdir ársins 1959, sem enn hafa ekki verið veitt lán út á, og út á framkvæmdir ársins 1960?"

Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. geti svarað þessum fyrirspurnum nú.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var umræðu um fsp. fram haldið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að það hafi ekki verið löng framsöguræða í sambandi við þessar fsp. og aðeins áréttíng á því, sem spurt er um, og get ég þess vegna svarað fsp. án þess að hafa heyrt framsöguræðuna.

Ég vil þá byrja á því að svara 2. fsp.: Hvenær verða afgreidd lán úr sjóðunum", þ. e. byggingarsjóði og ræktunarsjóði, „út á íbúðarhús þeirra bænda, sem samkvæmt reglum bankans gátu fengið fyrstu útborgun lána á árinu 1959, en hafa ekki fengið hana enn þá?" Það er aðeins eitt stutt svar við þessu, og það er, að þessi lán hafa verið veitt. Þetta mál hefur verið afgreitt.

Þá vil ég svara 4. spurningunni: „Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að ræktunarsjóður geti veitt lán út á þær framkvæmdir ársins 1959, sem enn hafa ekki verið veitt lán út á, og út á framkvæmdir ársins 1960?" Ég vil þá fyrst svara fyrri liðnum, og það er stutt svar, að það hefur verið lánað út á þær beiðnir, sem liggja fyrir vegna framkvæmda ársins 1959. En um seinni hluta spurningarinnar er það að segja, að ekki hefur enn verið útvegað fé til framkvæmda á þessu ári, enda koma ekki til greina lánveitingar út á þær framkvæmdir fyrr en í haust eða væntanlega í desembermánuði n. k. Og í sambandi við það er fróðlegt að gera sér grein fyrir því, hver fjárþörf

ræktunarsjóðs er á þessu ári, og hefur það verið gert í lausum dráttum. Það er vitanlega aldrei hægt að áætla það alveg nákvæmlega, en fjárþörfin virðist vera eitthvað á þessa leið:

Það þarf að greiða skuld við seðlabankann, bráðabirgðalán, sem reyndar er orðið nú næstum þriggja ára gamalt. Það eru 5 millj. kr. Það eru framkvæmdalán gjaldfallin fyrir 1. júlí þ. á., sem nú hafa verið veitt, 11 millj. kr. Það er í Framkvæmdabanka Íslands, afborgun og vextir af lánum, sem gjaldfalla fyrir 1. júlí, 12.4 millj. Það eru önnur lán, sem gjaldfalla 1. júlí til 31. des., 8 millj. Og rekstrarkostnaður er 3—4 millj. Útlán haustið 1960 45 millj., sem er vitanlega áætlun. Með þessu virðist fjárþörf ræktunarsjóðs vera á þessu ári 85.4 millj. Tekjuáætlun: Tillag ríkissjóðs 1.6 millj. Árgjöld af útlánum 19.2 millj. Lán frá Framkvæmdabanka 25 millj., sem gæti eins orðið allt að 30 millj., en hér er áætlað 25 millj. Þetta eru samtals 45.8 millj., sem virðast vera nokkuð öruggar tekjur. En til þess að ná jöfnuði vantar 39.6 millj., sem þarf að útvega fyrir haustið. Og nú er eðlilegt, að spurt sé: Verður þetta lán útvegað? Reyndar er sú spurning ekki eðlileg, vegna þess að þetta lán hlýtur að verða útvegað nú eins og áður, því að engum hefur komið til hugar, að ræktunarsjóður hætti starfsemi sinni. Það, sem ég vil þess vegna segja, er það, að fyrir haustið mun ræktunarsjóði verða útveguð þessi upphæð eða sem næst því.

Tel ég þá, að 2. og 4. spurningunni sé svarað.

Ég vil þá svara 1. spurningunni: „Hefur byggingarsjóði sveitabæja verið útvegað fjármagn til útlána á þessu ári, og ef svo er, hve mikið?“ Það er fljótt að svara því, að byggingarsjóði sveitabæja hefur ekki enn verið útvegað fjármagn til að lána út á framkvæmdir þessa árs. Það hefur ekki verið gert. Það hefur verið útvegað fé til þess að ljúka við að lána út á það, sem var gjaldfallið frá fyrra ári. En vitanlega þarf að útvega byggingarsjóðnum fjármagn, til þess að hann geti starfað á svipaðan hátt og áður, og það er enn nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr, ef möguleiki væri á því að hækka lánin úr 75 þús. kr. Eins og kunnugt er, er heimild í lögum að lána allt að 75% af byggingarkostnaði sveitabæja, en lánin hafa verið bundin við 75 þús. kr. á hús, enda þótt húsið hafi kostað 300—400 þús. kr. Þegar byggingarkostnaðurinn hækkaði verulega á árinu 1958, var lán byggingarsjóðsins ekki hækkað, enda þótt þörfin væri þá brýn. Ég segi nú: Það er brýn nauðsyn á að hækka þessi lán úr 75 þús. kr., og verði það gert, vex vitanlega þörf byggingarsjóðsins.

Hér hefur verið gerð lausleg áætlun um fjárþörf byggingarsjóðs á þessu ári, en þá er miðað við 75 þús. kr. lán. Þá er gert ráð fyrir að greiða skuld við seðlabankann, sem nú er að verða þriggja ára gömul, 7.5 millj. kr., skuld við sparisjóðsdeild Búnaðarbankans 1 millj. kr., lánsumsóknir fyrir 1959 5.3 millj., sem búið er að lána, og til viðbótar 5 millj., sem gjaldfalla hinn 31. des., það eru hús, sem eru þegar í smíðum. Þetta er samtals 10.3 millj. Svo eru vextir og afborganir lána 7 millj., rekstrarkostnaður 1½—2 millj. og áætluð lán haustið 1960 10 millj. Fjárþörfin er því, ei á að gera skil á skuldum við seðlabankann, sparisjóðsdeild Búnaðarbankans og standa í skilum við Framkvæmdabankann, 37.8 millj. Og þá er eðlilegt að gera sér grein fyrir því, hvernig á að afla þessa fjár. Tillag ríkissjóðs er ekki mikið, það er 2.5 millj., og árgjöld eldri lána aðeins 4.5 millj., eða 7 millj. Það, sem vantar á, til þess að byggingarsjóðurinn geti þá fullnægt því, sem óskað er eftir, eru 30.8 millj. Þessa fjár hefur ekki enn verið aflað, en mun verða aflað fyrir haustið, svo að sjóðurinn geti starfað á líkan hátt og áður. Ég ætla ekki að þessu sinni að segja meira um það, hvernig að því verður farið. Ég hygg, að hv. alþm. sé nægjanlegt að vita, að ríkisstj. ætlar sér að skaffa þetta fé.

Þá er það 3. spurningin: „Verður veðdeild Búnaðarbankans útvegað fjármagn til útlána á þessu ári, og ef svo er, hve mikið?“ Ég mundi segja, að það væri ákaflega mikil þörf á því að útvega veðdeild Búnaðarbankans fé til útlána á þessu ári, en sú raunasaga er, sem flestir þekkja, að veðdeild Búnaðarbankans hefur haft ákaflega lítið fjármagn til útlána á undanförnum árum. Vissulega væri æskilegt að bæta úr því. Búnaðarþing samþykkti í vetur ályktun í þessu efni og benti á nauðsynina, og hér í Alþingi er till. til umr. og athugunar, sem sjálfstæðismenn hafa flutt varðandi veðdeildina. Ég verð að segja, að enn hefur ekki verið útvegað fé handa veðdeildinni, en ég vil bæta því við, að ríkisstj. hefur fullan hug á því að bæta úr fjárþörf veðdeildarinnar.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Það, sem fram hefur komið, frá því er þessi fsp. var lögð fram í þinginu, er það, að samkvæmt 2. fsp.-liðnum hafa verið veitt lán úr byggingarsjóði. Hitt var vitað, að það hafði verið lánað út á framkvæmdir úr ræktunarsjóði fyrir árið 1959, þau lán, sem tilbúin voru fyrir áramót. Hins vegar vissi ég ekki fyrr en nú, ef það reynist rétt, sem ráðh. sagði, að það sé einnig búið að lána út á framkvæmdir fyrir árið 1959 samkvæmt þeim skjölum og gögnum, sem lögð voru inn í bankann, eftir að efnahagsmálalöggjöfin var samþykkt. Það var mér ekki kunnugt um, en vonandi er það svar rétt hjá hæstv. ráðh.

Þá er aðalatriðið í þessum fsp., og það er það, hvernig komið verður á móts við þá bændur í landinu, sem nú hugsa sér að hefja framkvæmdir á þessu vori og voru með óloknar framkvæmdir á árinu, sem leið, því að þótt segja megi, að einstaka sinnum hafi verið uggur í bændastétt landsins út í framtíðina, þá hygg ég, að það hafi aldrei nokkurn tíma verið jafnmikið og nú og það er hreint ekki að ástæðulausu, enda eru engar fsp., sem frá bændum koma, sem ekki eru á þann veg: Er óhætt fyrir mig að ráðast í nokkra framkvæmd nú með tilliti til þess, að mér verði séð fyrir hliðstæðum lánum og á undanförnum árum? — Og ég verð að játa það, að út frá svari hæstv. ráðh. er þetta hreint ekki svo jákvætt, að bændastéttin sé örugg með að leggja út í þær framkvæmdir, sem hún hugsar sér, samkv. þeim svörum, því að eina svarið um útvegun fjármagns eftirleiðis er það, að nauðsynlegt sé að útvega fjármagn. Það vita vitanlega allir. En hins vegar liggur ekkert fyrir um það, hvað gert er í því, og

það upplýsti ráðh. ekki heldur, en sagði, að stjórnin hefði þetta í hyggju allt saman, og það má vel vera. En ég segi bara, að þessi hæstv. ríkisstj. má hafa hraðari hendur um þessa hluti eftirleiðis en hún hefur haft um þessi mál frá því á Þorláksmessu 1958.

Sama máli gegnir vitanlega um veðdeild Búnaðarbankans. Það var satt hjá hæstv. ráðh., að búnaðarþing samþykkti till. í þessum efnum. En þar sem ráðh. nefndi það, vildi ég leyfa mér að spyrja hann að því, hvort ríkisstj. væri eitthvað farin að vinna í þeim málum samkvæmt þeirri till., sem þar var samþ.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er ósköp lítið, sem ég þarf að segja til viðbótar því, sem ég áðan sagði. Ég sagði, að ríkisstj. mundi útvega ræktunarsjóði og byggingarsjóði fé, og það er ekki mín sök, þótt hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) láti sér ekki nægja það. Hann talaði um, að ríkisstj. þyrfti að hafa hraðari hendur með útvegun lána en hún hefði gert undanfarið, — og það er ástæða til þess að óska þessum hv. þm. til hamingju með það, hve hann er ánægður með sjálfan sig og sinn flokk og þá stjórn, sem hann hefur stutt, í sambandi við landbúnaðarmálin, því að það er eins og það hafi aldrei komið fyrir, að það hafi verið fjárskortur í Búnaðarbankanum, fyrr en nú. Hann minnist þess ekki, að veðdeildin hefur verið févana undanfarin ár. Nei, nei, það er bara þörf á því núna að útvega veðdeildinni fé. Núv. stjórnarflokkar hafa áreiðanlega hug á að bæta úr því, og ég segi: Það er ekki stórt spor að stiga að jafnast á við það, sem gert hefur verið í því efni. Ég segi: Það er þörf á að gera meira, og ríkisstj. hefur hug á því.

Í sambandi við till., sem búnaðarþing samþ., get ég alveg sagt það hreinskilnislega, að ríkisstj. hefur ekki enn tekið afstöðu til hennar og er ekki enn farin að vinna að framkvæmd hennar. Það er í samræmi við það, sem ég áður sagði, að veðdeildinni hefur ekki enn verið útvegað fjármagn, enda þótt ég hygg allir hv. alþm. viðurkenni nauðsynina á því.

Um það, að bændur séu svartsýnir á framtíðina, þá er nú misjafnt með það. Hitt er rétt, að bændur eiga í ýmiss konar fjárhagserfiðleikum. Það er mér kunnugt um eins og hv. 1. þm. Vesturl. Mér er vel kunnugt um þá erfiðleika, sem margir bændur áttu í um síðustu áramót að gera upp reikninga sína. Ég gæti bezt trúað því, að hv. 1. þm. Vesturl. kæmi hér upp í ræðustólinn og segði: Ja, það er núv. ríkisstj. að kenna. Það er sök núv. ríkisstj., hversu fjárhagur bænda var aumur á s. l. ári, allt henni að kenna. Nei, ekki framsóknarmönnum, ekki fyrrv. stjórn, sem framsóknarmenn stóðu að, þeir eiga enga sök á því. — Og þannig eru þessir sjálfsánægðu menn, sem eru alveg kritiklausir á sjálfa sig og sína flokka. Það fyrsta, sem þeir gera, er að reyna að velta sökinni á aðra, og þeir fara fyrst að gera kröfur fyrir sína umbjóðendur, þegar þeir sjálfir eru komnir úr ábyrgðarstöðunum og valdastöðunum. Þá fyrst fara þeir að gera kröfur til annarra og gera meiri kröfur til annarra en sjálfs sín. Það hefur ekki fram að þessu þótt gæfulegt. En það hefur komið fram hjá hv. framsóknarmönnum, m. a. hv. 1. þm. Vesturl., að það er fyrst nú, þegar hann er kominn í stjórnarandstöðu, að hann gerir kröfu til stjórnarvaldanna og lokar algerlega augunum fyrir því, sem vel hefur verið gert.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það var aðeins í tilefni af því, að það ætlar að verða erfitt að kenna hæstv. landbrh. að svara fsp. kurteislega og skætingslaust. Samt er það spá mín, að það muni takast að lokum, þótt það sé ekki enn þá orðið. — Hann var í sambandi við þessa fsp. að kasta nokkrum kekkjum að fyrirspyrjanda, eftir að hann hafði lokið máli sínu og gat ekki tekið til máls aftur. Einn kökkurinn var sá, að það hefði ekki bólað á áhuga hjá hv. fyrirspyrjanda fyrir málefnum landbúnaðarins, fyrr en hann hafi verið kominn í stjórnarandstöðu. Það vita allir, sem til þekkja, að þetta er mælt algerlega út í hött hjá hæstv. ráðh., því að hv. fyrirspyrjandi hefur verið, frá því að hann fyrst kom hér á þing, mestur áhugamanna á þingi fyrir öllum málefnum landbúnaðarins og manna ötulastur við að minna á þau mál og ýta á eftir þeim, hver sem í hlut hefur átt eða setið í stjórn. Hæstv. landbrh. veit vel, að þannig er þessu háttað.

Annars skal ég ekki fara að taka hér þátt í umr. um þessa fsp. að öðru leyti en í sambandi við þennan leiðinlega derring, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. Voru þetta þó raunar ekki nema leifar af því, sem við höfum áður þekkt, en leifar þó. Ég vil taka fram, að það er engin ástæða til þess fyrir hæstv. ráðh. að vera með slíkt í sambandi við þessa fsp. af þeirri einföldu ástæðu, að það mun aldrei hafa komið fyrir fyrr — á síðari áratugum a. m. k. — að það hafi ekki verið hægt að fá byggingarsjóðslán fyrir áramót. En nú hefur þetta gengið þannig, að menn fengu ekki lánin fyrir áramót, vegna þess að hæstv. ráðh. og hans félagar höfðu ekki getað leyst fjármál byggingarsjóðs sveitanna. Ekki var því hægt fyrir áramót að fá lán nema handa þeim, sem voru að ljúka við byggingu, en allir þeir, sem höfðu hafið byggingar, og þótt þær væru fokheldar og þeir ættu rétt á lánum, gátu ekki fengið afgreiðslu fyrir áramót og hafa beðið alveg fram á þennan dag, og það er fyrst núna þessa dagana, sem verið er að leysa úr þessu.

Hæstv. ráðh. þarf þess vegna ekkert að undrast, þó að það sé nokkuð gengið eftir þessum málum og mönnum þyki eðlilegt að spyrja, hvers þeir megi vænta um framtíðina í þessu sambandi, þegar reynslan er þessi. Og um þetta þarf því ekkert að vera að kýta. Þess vegna þarf hæstv. ráðh. ekki að vera með nein ólíkindalæti í sambandi við þetta eða telja það einhverja sérstaka goðgá, þótt um þetta sé spurt. Það er alveg eðlilegt og ætti að vera hægt að svara því án þess að hreyta nokkru að mönnum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins í tilefni af einu, sem hv. 1. þm. Austf. (EystJ) tók fram. Hann sagði, að það væri í fyrsta sinn núna, sem ekki hefði verið unnt að ljúka lánum fyrir áramót. Það vill svo til, að ég hef hér bréf í höndunum frá bankastjóra Búnaðarbankans, þar sem stendur, að á tímabilinu 1. jan.

til 30. apríl í fyrra var lánað 6.4 millj. kr. úr ræktunarsjóði vegna lánsbeiðna, sem höfðu borizt í desember, en ekki var hægt að ljúka. Og ég veit, að hv. fyrirspyrjandi og hv. 1. þm. Austf. vita, að það hefur alltaf verið venjan að lána í marz út á það, sem var óafgreitt frá fyrra ári. Það hafa alltaf verið nokkrar milljónir. Það getur verið, að það hafi dregizt fram í apríl núna og meira að segja kannske fyrstu dagana í maí, og það er þá höfuðsyndin, sem um er að ræða. Úr byggingarsjóði hefur alltaf verið lánað einnig í marzmánuði út á leifarnar frá fyrra ári. Höfuðsynd núv. stjórnar er sú, að það hefur sennilega dregizt fram í apríl. Nú eru komin mánaðamót, — ég veit ekki, hvort það er búið. Þetta er stóra syndin þeirrar ríkisstj., sem tók við skuldabagganum, óreiðuskuldunum í seðlabankanum, sem hún verður að sjá um greiðslu á nú á þessu ári.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta var út í hött hjá hæstv. ráðh., vegna þess að ég var að ræða hér um byggingarsjóðinn. Það er alveg rétt, sem ráðh. tók fram, að það hefur oftast nær verið eitthvað óafgreitt af lánum frá ræktunarsjóði frá árinu áður, sem hefur dregizt yfir á næsta ár að veita. En meginreglan hefur verið sú um byggingarsjóðinn, að það hefur verið fyrir áramót lánað út á byggingar þær, sem framkvæmdar hafa verið. Það veit hæstv. ráðh. vel, að það hefur verið meginreglan. En nú var allt öðru til að dreifa, því að meginhluti lánanna hefur beðið fram á þennan dag. Það er ástæðulaust að vera að þræta um þetta, því að það vita allir, að það hefur orðið nú sérstakur dráttur á byggingarsjóðslánunum. Það á eingöngu við þau. Hitt er ekki óalgengt, að það hafi verið nokkuð óafgreitt af ræktunarsjóðslánunum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki leggja mikið til þeirra mála, sem rædd hafa verið í sambandi við fsp., en mér skildist, að hæstv. ráðh. svaraði 4. tölul. fsp. á þá leið, að þau lán, sem þar er spurt um, hafi þegar verið veitt. Þessi tölul. fsp. hljóðar svo: „Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að ræktunarsjóður geti veitt lán út á þær framkvæmdir ársins 1959, sem enn hafa ekki verið veitt lán út á, og út á framkvæmdir ársins 1960?"

Hæstv. ráðh. segist hafa svarað fyrra atriðinu játandi, þannig að hann segir, að lán hafi þegar verið veitt út á þær framkvæmdir, sem unnar voru á árinu 1959.

Ég vildi aðeins vita vissu mína um þetta, að ráðh. hefði svarað þessu á þessa leið, að lán hafi þegar verið veitt út á þær framkvæmdir, sem unnar voru á árinu 1959, því að auðvitað getur verið, að lánin hafi verið veitt, þó að ekki sé búið að afgreiða þau. En mér er kunnugt um lán, sem svona stendur á um, þar sem sótt hefur verið um lán út á framkvæmdir, sem unnar voru á árinu 1959. Þau lán er ekki búið að afgreiða, en auðvitað getur það verið, og ég vil ganga út frá því, að það sé svo, eins og ráðh. segir, að það sé búið að veita þessi lán, að ekki þurfi annað en ganga eftir þeim. En þannig hefur það verið undanfarin ár um lánveitingar úr ræktunarsjóði, að ég hygg, eftir þeim kynnum, sem ég hef haft af þessu sem umboðsmaður fyrir ýmsa lántakendur, að ræktunarsjóðurinn hefur afgreitt lán út á framkvæmdir, sem búið er að skila skjölum um, fyrir 1. des. En hins vegar hefur það dregizt fram yfir áramót að afgreiða lán út á framkvæmdir, sem að vísu voru unnar á árinu, en það seint, að ekki var búið að skila skjölum um þau fyrir 1. des. Við því er ekkert að segja. Það hefur þá verið vegna anna í bankanum rétt fyrir áramótin. Núna var það einnig að sjálfsögðu svo, að það var nokkuð af slíkum lánum, sem sótt var um út á framkvæmdir, sem búið var að vinna, en skjölum hafði ekki verið skilað um 1. des. Framkvæmdirnar voru unnar á árinu 1959, og ég vænti, að ég hafi fengið glöggt svar um það, að búið sé að veita lán út á þessar framkvæmdir, þó að ekki væri búið að skila skjölunum fyrir 1. des.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi fá upplýst, svo að ekki verði um villzt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Skv. bréfi, sem ég hef hér frá stjórn Búnaðarbankans, hefur mér skilizt, að þetta væri fullgert, og hv. þingmönnum til upplýsingar vil ég upplýsa það, að skv. þessu bréfi er sagt, að frá 1. jan. til 30. apríl þessa árs hafi ræktunarsjóður lánað 11725399 kr., tilbúið til útborgunar, en ekki afgreitt, 1343000 kr.

Ég hef skilið það svo, að þetta væru lánbeiðnir út á framkvæmdir í Búnaðarbankanum árið 1959, og skv. viðtali, sem ég átti við einn mann úr bankanum, sem ég ætla að þekki þetta, hafði ég ástæðu til að ætla það. Ég get ekki ábyrgzt, hvort eitt og eitt lán er eftir, en þetta virðist vera alveg tæmandi skýrsla, sem ég tel gilda.

17. Sjúkrahúsalög.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt:

Fsp. til heilbrmrh. um framkvæmd laga nr. 36 4. apríl 1956, um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953 [139. mál, 9] (A. 342).

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Daníel Ágústínusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 342 um framkvæmd l. um sjúkrahús, en þann 4. apríl 1956 var samþ. á Alþ. svofelld breyt. á l. um sjúkrahús, sem eru nr. 93 frá 31. des. 1953, að aftan við 10. gr. l. bætist ný málsgr., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar byggingarstyrkur ríkissjóðs til sjúkrahúsa er ákveðinn, skal miða styrkinn við eðlilegan kostnað af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og

naglföstu og við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja öll meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, sem notast eiga til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélar í þvottahúsi, svo og þegar um er að ræða 20 rúma sjúkrahús og stærri, aðalröntgentæki, enda sé búnaður þess við hæfi sjúkrahússins. Styrkur ríkissjóðs til kaupa á tækjum skv. þessari málsgr. skal þó ekki nema meiru en 2/5 hlutum af kostnaðarverði tækjanna."

2. gr. í þessum breyt. á 1. um sjúkrahús er þannig: „Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæðin einnig ná til sjúkrahúsa, sem tekin hafa verið í notkun síðan 1. jan. 1952."

Enda þótt 4 ár séu liðin frá samþykkt framannefndra laga, virðist enn engin hreyfing í þá átt að framkvæma lög þessi. Það geta vissulega verið skiptar skoðanir um lagasetningar og ekki sízt um það, hve langt ríkið á að ganga í stuðningi sínum við ein og önnur þjóðþrifamál, — það má segja að það sé matsatriði á hverjum tíma, — en um hitt held ég að ekki þurfi að deila, að l., sem Alþ. hefur sett, ber að framkvæma.

Um sjúkrahúsamálin er svo það að segja, að stofnkostnaður þeirra er mjög mikill, eigi þau að uppfylla hinar margþættu kröfur, sem gera verður til nýtízku sjúkrahúsa. Rekstur þeirra á einnig í vök að verjast. Fjárl. sýna bezt, hversu rekstur sjúkrahúsa er alvarlegt fjárhagsmál, þar sem t. d. hallarekstur landsspítalans er áætlaður á þessu ári í fjárl. ársins 1960 13 millj. kr.

Allir, sem eitthvað þekkja til rekstrar sjúkrahúsa, vita, að nauðsynlegt er að búa þau vel að hvers konar tækjum og áhöldum, langt umfram það, sem lagagr. þessi kveður á um, enda ná sjúkrahúsin ekki tilgangi sínum, nema það sé gert. Húsið sjálft nægir ekki. Hversu stórt og glæsilegt sem það er, kemur það að litlu haldi, ef fjölbreytt lækningatæki og áhöld eru ekki jafnframt keypt í húsið og allur búnaður þess þannig, að það geti á hverjum tíma leyst þann vanda, sem kallar að. Það er enn fremur mjög nauðsynlegt, að sjúkrahúsin úti á landi geti verið þess umkomin að veita svipaða þjónustu og Reykjavík, svo að ekki þurfi sí og æ að leita þangað með sjúklinga með ærinni fyrirhöfn og stundum um torfærar leiðir að ræða.

Í ýmsum öðrum efnum, t. d. skólum, nær styrkur einnig til alls innbús og þykir jafnsjálfsagt og að styrkja sjálfa bygginguna. Svo langt ná lögin um sjúkrahús ekki enn, og ætti því að vera auðveldara um vik með framkvæmdina.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er eðlilegt, að spurt sé um það, hvernig á því stendur, að l. nr. 36 frá 1956, um breyt. á sjúkrahúsalögunum, hafa ekki verið framkvæmd. En ég hygg þó, að hv. fyrirspyrjandi sé þessum málum nokkuð kunnugur, enda kom það fram í hans ræðu, að honum er ljóst, hversu þarfirnar eru miklar, ekki aðeins á Akranesi, heldur um land allt.

Ástæðan til þess, að þessi lög hafa ekki verið framkvæmd, hlýtur að vera aðeins sú ein, að fjárveitingar hafa verið of litlar til sjúkrahúsa á undanförnum árum. Fjárveitingar til byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða hafa verið þessar á tímabilinu frá 1952: þá var aðeins 1 millj. á fjárl., 1953 1½ millj., 1954 1½ millj., 1955 2 millj., 1956 2 millj. og 300 þús., 1957 3 millj., 1958 3 millj., 1959 2 millj. 850 þús. og 1960 2 millj. 850 þús. Ég hygg, að segja megi, að ráðh. heilbrigðismála á þessum árum hafi allir haft hug á því að fá þessa fjárveitingu hækkaða miklu meira en raun ber vitni til þess að geta mætt þörfinni, en þörfin hefur verið miklu meiri en svo, að fyrrv. landlækni og fyrrv. heilbrmrh. hafi fundizt mögulegt að bæta þarna á, enda er það svo, að sjúkrahúsin úti um land bíða eftir framlagi ríkisins.

Þessi lög voru samþykkt að tilstuðlan þáv. þm. Ak., Jónasar Rafnars, 1956, og hefði því átt að byrja að framkvæma þau á árinu 1957. Hér er ekki um heimildarlög að ræða, og þess vegna má segja, að úr því að l. fyrirskipa beinlínis, að þetta skuli gert, þá sé óeðlilegt, að þau hafi ekki verið framkvæmd.

Ég hef í rauninni ekkert um þetta að segja meira en það, að ástæðan fyrir því, að þetta hefur ekki verið gert, er einfaldlega sú, að fjárveitingarnar hafa ekki verið nægilega miklar til þess að verða við þessum óskum, og enn hafa í rauninni ekki verið dregnar hreinar línur um, hvað það er, sem á að styrkja og ekki styrkja. Og mér er kunnugt um það af plöggum, sem ég hef í mínum höndum, að bæjarstjórinn á Akranesi hefur leitað eftir þessu hjá heilbrigðisyfirvöldunum undanfarin ár án árangurs, og er þess vegna ekki ástæða til þess, að ég eyði fleiri orðum um það sem svar við þessari fsp. hans. En ég vil aðeins segja það, að það er vitanlega nauðsynlegt, að fjárveitingarnar hverju sinni séu sem mest í samræmi við framkvæmdirnar. En framkvæmdaviljinn hefur ávallt verið mikill hjá þjóðinni, sjúkrahúsaskorturinn hefur verið mikill um land allt og framkvæmdirnar hafa þess vegna ekki verið í hlutfalli við fjárveitingarnar. Sjúkrahúsunum hefur eigi að síður verið komið upp með fjármagni úr héruðum og lánsfé annars staðar frá, og má segja, að það sé gott, það sem komið er, og verjandi að vissu leyti, þótt ríkissjóður sé í talsverðri skuld vegna þessara framkvæmda.

Fyrirspyrjandi (Daníel Ágústínusson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. svör hans við þessari fsp. minni, en jafnframt vil ég vænta þess, að hæstv. ríkisstj. taki þessi mál til athugunar í sambandi við fjárveitingar til sjúkrahúsa. Og ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að mér finnst ekki viðkunnanlegt, að rn. geti á hverjum tíma sagt: Við styrkjum byggingarframkvæmdirnar skv. þessari lagagrein, en við styrkjum ekki þann tiltekna hluta af tækjum og áhöldum, sem á að styrkja skv. hinni lagagreininni.

Það, sem hér gerist, er það, að framkvæmdavaldið framkvæmir þá lagagrein, sem það telur eðlilegast að framkvæma, en skilur svo aðra lagagrein eftir og segist ekki sjá ástæðu til þess að framkvæma hana.

Það er vissulega rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að fjárveitingin þyrfti á hverjum tíma að vera í samræmi við framkvæmdirnar, og fjárþörf til þessara framkvæmda er vissulega mjög mikil. En hitt vil ég segja, að lög þau, sem ég vitnaði í, eru það afmörkuð og upphæðirnar ekki svo stórar, að það ætti að vera fullkomlega framkvæmanlegt fyrir fjárveitingavaldið að koma hér nokkuð til móts við

þá lagagrein, sem hér hefur verið gerð að umræðuefni. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. beiti sér fyrir því, að þessi lagagrein verði framkvæmd jafnt og aðrar greinar sjúkrahúsalaganna og þar verði enginn mismunur gerður á.

18. Þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var útbýtt:
Fsp. til menntmrh. um athugun á þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk [148. mál, 1] (A. 382).

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Á þskj. 382, í fyrsta tölulið, hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um, hvað líði framkvæmd þál. um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.

Hér á hv. Alþ. var hinn 11. marz 1959 samþ. svo hljóðandi þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að koma á fót starfsemi, sem miði að því, að jafnan séu tiltækar sem gleggstar og nýjastar upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk."

Mig langar sem flm. þessarar þáltill. að fá vitneskju um, hvernig þessu er nú farið. Á þessu máli má segja að séu tvær hliðar: annars vegar sú, sem veit að unga fólkinu, sem er við nám hverju sinni og býr sig undir lífsstarf, og hins vegar sú, sem veit að þörf þjóðfélagsins fyrir starfskrafta þessa fólks.

Árlega útskrifast þúsundir æskufólks úr hinum almennu skólum þessa lands, og fer þá stór hópur beint út í atvinnulífið, en annar stór hópur hyggur á ýmiss konar sérnám. Er þá ekki lítils virði að geta með hægu móti fengið upplýsingar um, í hvaða starfsgreinum væri þörf á fólki með þá sérfræðimenntun, er til greina kæmi. Þá hefðu menn hugboð um, á hvaða sviði atvinnumöguleikar væru mestir og þá að öðru jöfnu afkomumöguleikar beztir. Sérnámið er oft langt, erfitt og kostnaðarsamt. Upplýsingastarfsemin gæti því gefið námsfólkinu nokkra leiðbeiningu um, út í hvað væri verið að fara og hvað biði þess að námi loknu.

Ef vikið er að hinni hliðinni, er á að líta, að hjá þjóð, sem á atvinnulíf sitt í uppbyggingu og þar sem svo margt stendur til bóta sem í okkar landi, er þörf á hinum færustu og fróðustu mönnum hverrar greinar til atvinnuveganna, ef þeir eiga að geta skilað þeim arði, sem á þarf að halda. Veltur þar ekki á minnstu að hafa á að skipa fólki, sem getur kynnt og fært sér í nyt hagnýtar nýjungar, sem gerast svo örar nú á þessum tímum framfara og tækni. Ég hygg, að ekki þurfi að leiða frekari rök að þessu máli, svo ljóst er, að um er að ræða hagsmunamál bæði unga fólksins og atvinnulífsins.

Nú er mér kunnugt, að skipuð var nefnd s. l. vor til að gera till. til menntmrn. um, með hvaða hætti skuli aflað upplýsinga um og hvernig fylgzt verði með þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk. Nefnd þessi skilaði áliti í nóvemberlok í vetur og gerði eftirfarandi tillögur, sem ég ætla að leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„1) Menntamálaráði Íslands sé falið að hafa með höndum söfnun upplýsinga um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.

2) Ríkið veiti til þeirra framkvæmda nauðsynlegt fé, sem áætlað er allt að 20 þús. kr. í fyrsta sinn."

Ég vil skjóta því hér inn í lesturinn, að þessi fjárveiting var aðeins áætluð til að byrja með, en gert ráð fyrir, að hún gæti fallið niður síðar eða a. m. k. yrði þarna um hverfandi lítinn kostnað að ræða. Ég vil svo leyfa mér að halda áfram lestri tillagnanna, með leyfi hæstv. forseta:

„3) Upplýsingasöfnun þessi sé í fyrstu einkum miðuð við þarfir atvinnuveganna, en þyrfti smám saman að verða viðtækari, svo að hún geti orðið grundvöllur að áætlun um þörf þjóðarinnar fyrir sérmenntað fólk í sem flestum starfsgreinum, og nái sú áætlun jafnan nokkur ár fram í tímann.

4) Áætlun sú, sem um ræðir í 3. tölulið, verði endurskoðuð á tveggja ára fresti."

Nú vildi ég leyfa mér að spyrja, hvort till. nefndar þessarar hefðu verið teknar til greina, og ef svo er ekki, hvort hæstv. ráðh. hefði í hyggju að gera það eða hafa annan hátt á. M. ö. o., eins og segir á þskj., hvað líður framkvæmd þál. um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í framhaldi af þeirri þál., sem hv. fyrirspyrjandi lýsti og samþ. var 11. marz 1959, skipaði menntmrn. 13. apríl f. á. þá Finnboga R. Þorvaldsson prófessor, Gils Guðmundsson framkvæmdastjóra menntamálaráðs, Svein Björnsson framkvæmdastjóra Iðnaðarmálastofnunar Íslands, Steingrím Hermannsson framkvæmdastjóra rannsóknaráðs ríkisins og Hrólf Ásvaldsson fulltrúa í hagstofunni til þess að gera till. til rn. um, með hvaða hætti skuli aflað upplýsinga um og hvernig fylgzt verði með þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk. Þessir menn skiluðu áliti til rn. í nóvemberlok 1959, og gat hv. fyrirspyrjandi um það í ræðu sinni, hverjar hefðu verið tillögur þessara manna. Rn. taldi þær skynsamlegar og féllst algerlega á þær fyrir sitt leyti að lokinni athugun á málinu.

Í sambandi við afgreiðslu síðustu fjárlaga fór menntmrn. þess vegna hinn 14. jan. s. l. fram á 20 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni, en sú till. náði ekki fram að ganga. Var litið svo á af fjárveitingavaldinu, að menntamálaráði væri unnt að sinna þessu verkefni án sérstakrar greiðslu eða án sérstakrar þóknunar. Ráðuneytinu hefur hins vegar ekki enn tekizt að fá menntamálaráð til þess að taka þetta starf að sér án endurgjalds. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, og mun rn. halda áfram tilraunum sínum til þess að hrinda því í framkvæmd

á þeim grundvelli, sem lagður var með till. fyrrgreindra manna og lýst hefur verið. Það mun halda áfram tilraunum sínum til þess að hrinda málinu áfram, annaðhvort á þann hátt, að menntamálaráð taki að sér að vinna verkið án sérstaks endurgjalds, eða ef það reynist ekki unnt, þá að næsta þing veiti 20 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. skýr og greinargóð svör við þessari fsp. Eins og hv. þm. heyra, mun hann hafa góðan skilning og áhuga á þessu máli og virðist hafa fullan hug á að gera reka að því, að úr framkvæmd þessa máls geti orðið. Aðrar þjóðir hafa séð sér hag í upplýsingagerð sem þessari, og hygg ég, að það væri ekki síður nytsamlegt fyrir okkur Íslendinga, að sem fyrst hefjist starfsemi, er miði að því, að jafnan séu tiltækar sem gleggstar og nýjastar upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vona, að sem fyrst geti orðið af framkvæmdum, og vil endurtaka þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir svörin.

19. Gjaldeyrislántaka.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var útbýtt:

Fsp. til viðskmrh. um gjaldeyrislántöku [148. mál, 2] (A. 382).

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Fsp. er þannig: „Hvað er búið að nota mikið af heimildum þeim til gjaldeyrislántöku, sem ríkisstj. aflaði sér með efnahagslöggjöfinni í vetur?" Ég vona, að fyrirspurnin sé svo skýr, að það þurfi ekki neinn formála með henni, og mun því ekki flytja neinn slíkan.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í samræmi við kvóta sinn hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þá samninga, sem gerðir voru við sjóðinn á s. l. vetri, getur Ísland keypt af sjóðnum fyrir samtals 8.4 millj. Bandaríkjadollara. Af þessari heimild hafa nú verið notaðar 2.8 millj. dollara, en það samsvarar gullinnborgun Íslands í sjóðinn. Yfirdráttarlánið hjá Evrópusjóðnum er 12 millj. dollarar. Af þeirri upphæð hafa nú verið notaðar 5 millj. dollara. Samtals hafa því verið notaðar 7.8 millj. dollara af þeim 20 millj., sem til ráðstöfunar eru hjá þessum tveimur stofnunum. Þetta fé hefur eingöngu verið notað til þess að greiða yfirdráttarskuldir íslenzkra banka við erlenda banka, sem voru mjög háar, þegar gengisbreytingin var framkvæmd.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið. Ég sé ekki ástæðu til þess að hefja neinar umræður í framhaldi af því, vil aðeins enn þá einu sinni í framhaldi af því, sem ég og fleiri höfum sagt í sambandi við umr. um efnahagsmálin, vara hæstv. ríkisstj. við gjaldeyrislántökum, einnig gjaldeyrislántökum af þessu tagi, og það geri ég vegna þess m. a., að ég tel augljóst mál, að af þeim ráðstöfunum, sem nú hafa verið gerðar, þó að þær séu hugsaðar til jafnvægis, muni, áður en mjög langir tímar líða, leiða mikið ójafnvægi og nýja verðbólguöldu. Og þá getur auðveldlega farið svo, að þau gjaldeyrislán, sem tekin hafa verið, frjósi og verði að varanlegum skuldum, sem verði landinu fjötur um fót. Þetta er nákvæmlega sama skoðun og kom fram af minni hálfu við efnahagsmálaumr. Ég vil láta hana í ljós með þessum örfáu orðum enn á ný, en þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar.

20. Fræðsla í þjóðfélagsfræðum.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var útbýtt:

Fsp. til menntmrh. um athugun á aukinni fræðslu fyrir almenning í þjóðfélagsfræðum [148. mál, 3] (A. 382).

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Á Alþ. 1956 var borin fram till. til þál. um aukna fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum og var hún samþ. þann 22. marz þ. á. Flutningsmenn þeirrar till. voru þeir Bernharð Stefánsson fyrrv. alþingisforseti og núverandi hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson. Skömmu síðar voru nokkrir menn skipaðir í nefnd til athugunar á þessum málum, og hefur sú nefnd setið að störfum síðan.

Tilgangur minn með því að bera fram fsp. þessa er í fyrsta lagi sá, að ég tel nauðsynlegt, að Alþ. fylgist með störfum þeirra nefnda, sem skipaðar eru samkvæmt ályktunum þess, en því miður hefur oft viljað vera svo, að Alþ. verður alls ekki vart við annað viðvíkjandi störfum slíkra nefnda en að samþ. er á ríkisreikningi þóknun til þeirra allmörgum árum eftir, að þær hafa verið skipaðar. Til að fyrirbyggja misskilning skal það þó tekið fram, að mér er vel kunnugt um, að þannig er því ekki varið með þessa nefnd. Hún hefur starfað og mun þegar hafa skilað einhverri álitsgerð til stjórnarráðsins, þó að mér sé hins vegar ekki kunnugt um, hvort störfum hennar sé þar með lokið.

Í öðru lagi er hér um að ræða merkilegt málefni,

sem talsverður áhugi hefur verið fyrir hér á hv. Alþ. Ég átti að vísu ekki sæti á þingi, þegar umrædd till. var borin fram og samþ., en hún mun hafa verið samþ. ágreiningslítið eða ágreiningslaust. Á næstu þingum voru einnig bornar fram till., er hnigu í svipaða átt, þó þannig, að þar var markað nokkru þrengra svið, svo sem með till., sem ég man að hv. núverandi 10. þm. Reykv. flutti á þingi 1957 eða 1958 um fræðslustofnun fyrir launþega.

Það ætti varla að vera álitamál, að aukin fræðsla almennings um þessi efni er æskileg. Í lýðræðislegu þjóðfélagi, þar sem úrslitavald í þjóðmálum er í höndum hins almenna kjósanda, hlýtur stjórnarfarið ætíð, þegar til lengdar lætur, að verða spegilmynd af þroska og þekkingu hins almenna kjósanda, þannig að hinu gamla orðtaki, að eftir höfðinu dansi limirnir, má hvað þetta snertir að vissu leyti snúa við, að höfuðið verður að dansa eftir limunum, ef það á þá ekki að detta af. Á hinn bóginn má ekki loka augunum fyrir því, að framkvæmdarörðugleikar á því að stofna til slíkrar fræðslu fyrir almenning eru miklir, og kemur þar margt til greina, m. a. það, að markalínurnar milli hlutlægrar fræðslu, er skírskotar til skynsemi manna, og áróðurs, sem skírskotar til tilfinninga manna og hvata, æðri sem lægri, eru ógleggri í þjóðfélagsfræðum en á öðrum sviðum mannlegrar þekkingar. En auðvitað er það aðeins hið fyrrnefnda, hin hlutlæga fræðsla, sem fellur undir verksvið hins opinbera. Áróðurinn hlýtur hins vegar að verða verkefni frjálsra samtaka, stjórnmálasamtaka og þess háttar. En eitt af hlutverkum n. þeirrar, er hér er um að ræða, hlýtur einmitt að hafa verið að athuga þessa hlið málsins, og er mér því nokkur forvitni á því, hvaða niðurstöðu hún kann að hafa komizt að.

Að öðru leyti var það ekki tilgangur minn með fsp. þessari að kynna hv. þingheimi mínar skoðanir á því, hvernig slíkri starfsemi ætti að haga, heldur aðeins að leita upplýsinga. En hvað persónulegt álit mitt snertir á þessum efnum vil ég aðeins taka eitt fram og það er þetta:

Það er allra góðra gjalda vert, að stofnað sé til fræðslu fyrir almenning um þessi efni í einhverri mynd. Ég tel þó, að annað, sem þessi mál snertir, sé meira aðkallandi, og það er, að hægt sé að fá áreiðanlegri tölulegar upplýsingar um grundvallaratriði þjóðarbúskaparins og þróun hans en nú er kostur á. Meðan slíkar upplýsingar eru ekki fyrir hendi, er hætt við því, að allur málflutningur í þessum efnum verði háður meira með almennum vígorðum en tölulegum staðreyndum. Það er ekki svo að skilja, að menn vilji ekki hér á hv. Alþ. rökstyðja mál sitt með tilvísun til staðreynda, ef slíks er kostur, og í umr. þeim um efnahagsmál, sem farið hafa fram á þessu þingi, hafa menn, bæði ég og aðrir, reynt að vitna í tölulegar upplýsingar um þróun þjóðarbúskaparins í heild og einstakra þátta hans, svo sem um aukningu þjóðartekna, um framleiðslu, fjárfestingu, kaupmátt launa o. fl. En því miður eru þessar upplýsingar ekki áreiðanlegri en svo, að auðvelt er að vefengja þær. Af því leiðir, að ókleift verður að færa fyrir því óvefengjanlegar sannanir, að ein skipan mála sé hagkvæmari en önnur, þannig að vígorð koma í stað raka, svo að erfitt verður fyrir hinn óháða kjósanda að dæma um, hvort einn málstaðurinn sé öðrum betri. Er þetta auðvitað ekki þannig að skilja, að umræddar upplýsingar, hversu fullkomnar sem væru, mundu geta skorið úr öllum deilum á sviði þjóðmála, en þær mundu þrengja það svið, sem ágreiningur gæti verið um, og lít ég svo á, að slíkt gæti verið mikill vinningur.

Ég tel þetta fyrsta verkefnið á umræddu sviði, sem leysa þarf, en fjölyrði annars ekki meira um það að svo stöddu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hinn 22. marz 1956 var samþ. á Alþ. till. um skipun nefndar, sem gera skyldi till. um aukna fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum. Áttu ýmsir aðilar að tilnefna menn í þessa nefnd. Hinn 15. júní 1956 óskaði menntmrn. eftir tilnefningu í n. frá þeim aðilum, sem nefndir voru í sjálfri till. Tók nokkurn tíma að fá tilnefningu frá öllum aðilunum, en þær voru komnar allar 26. marz 1957, og hinn 9. apríl sama árs skipaði rn. þannig nefndina, að í henni áttu sæti þessir menn:

Hannibal Valdimarsson þáverandi félmrh., tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Finnbogi Guðmundsson útgerðarmaður, tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, Þorgils Guðmundsson fulltrúi, tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, Páll S. Pálsson héraðsdómslögmaður, tilnefndur af Iðnaðarmálastofnun Íslands, og Theódór B. Lindal prófessor, tilnefndur af Háskóla Íslands, og var hann jafnframt kjörinn formaður nefndarinnar.

Nefndin skilaði álitsgerð til rn. 11. des. 1959. Till. nefndarinnar eru þessar:

„1) A. Fella ber inn í skyldunámið á seinasta ári þess kennslu í þjóðfélagsfræðum, helzt eigi minna en 75 stundir samtals á vetri. Leggja ber höfuðáherzlu á meginatriðin í byggingu þjóðfélagsins og rétt og skyldur íslenzkra þjóðfélagsþegna.

B. Rækilegri fræðslu í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum ber að veita í framhaldsskólum, sem hið opinbera starfrækir eða styrkir. Æskilegt er, að slík fræðsla sé eigi veitt skemur en 60 stundir á síðari hluta námstímans.

2) Fræðslumálastjórn beiti sér fyrir:

A. Að einkaskólar, hvort heldur einstakra manna, félaga eða stofnana, samtök eða hópar áhugamanna um fræðslu fyrir almenning eða aðrir aðilar, er áhuga hafa á fræðslu fyrir almenning að skyldunámi loknu, hafi samvinnu sín á milli um leiðbeiningarstarf og fyrirlestra á sviði þjóðfélags- og þjóðhagsmála, enda sé leitað samvinnu við ríkisútvarpið.

B. Að ríkið og eftir atvikum aðrir opinberir aðilar styrki þá starfsemi, sem rætt er um í A-lið, með fjárframlögum og á annan hátt, t. d. útvegun hæfra leiðbeinenda og fyrirlesara, útvegun námsbóka og tækja, fyrirgreiðslu um húsnæði og því um líkt.

3) Leitað sé samvinnu við háskólann og stofnanir honum tengdar til þess að koma á fræðslu og leiðbeiningastarfi um tiltekna þætti þjóðfélags- og þjóðhagsmála:

A. Fyrir opinbera starfsmenn.

B. Fyrir hópa áhugamanna, sem vilja búa sig undir stjórnsýslustörf, enda fái þeir skírteini um,

að þeir hafi fengið slíka fræðslu og stundað hana af kostgæfni, ef því er til að dreifa.

C. Fyrir hópa áhugamanna, sem óska aukinnar fræðslu á nánar tilteknum sérsviðum þjóðfélags- og þjóðhagsmála.“

Þetta voru till. nefndarinnar, sem, eins og ég sagði áðan, bárust rn. 11. des. s. l.

Undanfarin ár hefur verið unnið að samningu nýrrar námsskrár fyrir skyldunámið allt. Er því verki nú nýlokið, og vona ég, að það verði talið hið merkasta. Menntmrn. mun nú í sumar gefa þessa nýju námsskrá út, og byrjað mun verða að starfa eftir henni í öllum skólum landsins næsta haust. Verður þá um margar endurbætur og ýmsar nýjungar að ræða í námsefni og starfi skólanna. Ein nýjungin verður einmitt sú, að kennsla í þjóðfélagsfræði verður aukin og endurbætt. Fyrsta atriðinu í till. n. hefur því þegar verið fullnægt. Um hin atriðin er það að segja, að nú í sumar munu fara fram viðræður við forstöðumenn framhaldsskóla landsins og háskólans um hugsanlega fræðslu um þjóðfélagsmál í þeim skólum.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þær greinargóðu upplýsingar, sem hann hefur gefið, og ég tel, að í þeim felist fullnægjandi svar við því, sem um hefur verið spurt. Um efnishlið þessa máls, sem hér liggur fyrir, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða, þó að ástæða gæti verið til þess á einhverjum öðrum vettvangi.

21. Vextir af íbúðalánum sparisjóða.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var útbýtt:

Fsp. til félmrh. um vexti af íbúðalánum sparisjóða [148. mál, 4] (A. 382).

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Daníel Ágústínusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. á þskj. 382, sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Hvaða ráðstafanir ætlar ríkisstj. að gera til hjálpar þeim mörgu húseigendum í kaupstöðum og kauptúnum víðs vegar um land, sem eiga föst húsnæðislán í sparisjóðum og verða nú að greiða af þeim 11% vexti.“

Það er af flestum viðurkennt, að vextir af íbúðarhúsnæði þurfa að vera lægri en venjulegir bankavextir. Þetta kemur m. a. fram í vaxtabreytingum þeim, sem gerðar voru í vetur sem einn liður í efnahagsráðstöfunum þeim, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir. Þrátt fyrir 11—12% vexti af víxlum og hlaupareikningslánum eru lán veðdeildar Landsbankans, sem veitt eru samkvæmt ákvörðun húsnæðismálastjórnarinnar, með 9% vöxtum, og eldri lán halda óbreyttum vöxtum, sem eru 7%.

Á undanförnum árum hefur mjög skort á það, að veðdeildin hafi fullnægt eftirspurn eftir lánum, a. m. k. í kaupstöðunum við Faxaflóa. Mér er kunnugt um það, að t. d. á Akranesi hafa fjöldamargir menn tekið húsnæðislán í sparisjóðnum á staðnum, því að afgreiðsla þeirra hefur gengið miklu fyrr en frá veðdeildinni, og hefur það eðlilega komið mönnum ákaflega vel. Þetta hefur orðið til þess, að miklu fleiri hafa þar á undanförnum árum fengið lán út á 1. veðrétt í húsum sínum í sparisjóðnum en veðdeildinni, enda munu fáir hafa óttazt nokkuð í því sambandi, þótt sparisjóðurinn tryggði sig fyrir breytingu á vöxtum, því að annað gat hann ekki, þar sem veltufé hans er nær eingöngu sparifjárinnlög. Eftir vaxtabreytinguna varð mönnum hverft við. Þá er þeim, sem eiga lán í sparisjóðnum, gert að greiða 11% vexti, en þeir, sem eiga lán sín í veðdeildinni, greiða áfram 7% vexti. Á nýjum lánum að upphæð 70—100 þús. kr. verður vaxtamismunurinn einn 2800—4000 kr. á ári. Hér er aukaskattur á manninn, sem í góðri trú valdi heldur þá leið að taka sparisjóðslánið en bíða árum saman eftir láni í veðdeildinni.

Ég hygg, að þessi dæmi séu algeng í kauptúnum og kaupstöðum víðs vegar um land, og þau eru hættuleg einmitt fyrir framkvæmd efnahagsmála hæstv. ríkisstj.

Allt misræmi er varhugavert, og þeir, sem verða þarna sérstaklega illa úti vegna hækkunar á vöxtum, komast ekki hjá því margir hverjir að gera einhvern mótleik, því að fjárhagur þeirra, sem nýlega hafa byggt, má oft ekki tæpara standa. Hann þolir engan árlegan skatt til viðbótar, hvorki í vöxtum né öðru. Mér er ekki kunnugt um það, hversu háar þessar lánsupphæðir í sparisjóðnum eru til íbúðarhúsa, en ég hygg, að þær séu þó hærri en svo, að veðdeildin geti nú veitt ný lán með 7% vöxtum til að greiða þau upp, þar sem stöðugur fjárskortur hefur ríkt í henni og eftirspurn er mikil, jafnvel þótt byggingarframkvæmdir dragist nú stórlega saman. Þess vegna væri nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj. gerði einhverjar ráðstafanir til að draga úr því hættulega misræmi, sem hér hefur verið gert að umtalsefni og sýnt fram á.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er spurt: „Hvaða ráðstafanir ætlar ríkisstj. að gera til hjálpar þeim mörgu húseigendum í kaupstöðum og kauptúnum víðs vegar um land, sem eiga húsnæðislán í sparisjóðum og verða nú að greiða af þeim 11% vexti?“

Ég ætla, að það sé nokkuð mismunandi, hvernig þessi sparisjóðslán hafa verið veitt. Sum munu hafa verið veitt þannig, að þau eru með föstum vöxtum, sem ekki breytast við vaxtahækkunina, en önnur eru með breytilegum vöxtum.

Mitt svar við þessari fsp. er það, að ríkisstj. hafði ekki í upphafi ætlazt til, að í þessu efni væri neitt aðhafzt, og hún hefur ekki heldur uppi neinar ráðagerðir í því sambandi, enda ekki ætlazt til, að þessir háu vextir standi nema tiltölulega stuttan tíma.

Fyrirspyrjandi (Daníel Ágústínusson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans. Mér þykir miður, að þarna er ekki von um neinar úrbætur, vegna þess að ég tel, að þetta mál sé miklu alvarlegra en hæstv. ríkisstj. hefur gert ráð fyrir. Það kann að vísu að vera rétt, sem hæstv. ráðherra sagði, að sparisjóðslán til fasteigna séu nokkuð mismunandi, ýmist með lausum vöxtum eða föstum. En yfirleitt mun reglan vera sú, að sparisjóðsíbúðarlán eru með lausum vöxtum, og það kemur til af þeirri einföldu ástæðu, að fé sparisjóðanna er yfirleitt bundið þeim vöxtum, sem sparifjárinnstæðueigendur á hverjum tíma geta krafizt.

Hæstv. ráðherra sagði að lokum, að þessir háu vextir ættu að standa stuttan tíma. Ég vildi nú leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er það, sem hann meinar, þegar hann talar um stuttan tíma, og hvað er það, sem hæstv. ríkisstj. meinar, þegar hún talar um, að fólk verði að sætta sig við þessar efnahagsráðstafanir í bili? Hvað táknar stuttur tími hjá hæstv. ríkisstj., og hvað táknar „í bili", þegar talað er almennt um efnahagsráðstafanirnar og árangur og afleiðingar þeirra?

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessari síðustu spurningu hv. þm. er vitaskuld ekki hægt að svara nákvæmlega, því að þetta getur enginn sagt fyrir með neinni vissu. Þessar efnahagsaðgerðir, sem gerðar hafa nú verið, miða að því að ná vissu ástandi í efnahagskerfi þjóðarinnar, og þegar því ástandi er náð, er ætlað að aflétta sumum þeim ráðstöfunum, sem erfiðast er að sætta sig við fyrir almenning í landinu, eins og t. d. hinum háu vöxtum.

Þeir, sem bjartsýnir eru, hafa t. d. vonazt eftir því, að þessar vaxtahækkanir þyrftu ekki að vera í gildi meira en 1, 2 eða 3 ár eða eitthvað þess háttar, og þá væri hægt að afnema þær eða lækka. Hvað verður í þessu efni, er vitaskuld erfitt eða ómögulegt að segja. En sem sagt, þær miðast við það, að viss árangur náist og vextirnir verði aðlagaðir því ástandi, sem stefnt er að því að ná.

22. Alþýðuskólar.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var útbýtt:

Fsp. til menntmrh. um framkvæmd þál. um undirbúning löggjafar um óháða alþýðuskóla frá 2. des. 1955 [160. mál] (A. 429).

Á 49. fundi í Sþ., 12. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þar sem hv. þm. Daníel Ágústínusson, sem er fyrri fyrirspyrjandi, er ekki á þingi nú, vil ég leyfa mér að gera grein fyrir fsp., sem er á þskj. 429, en hún hljóðar þannig: „Hvað líður framkvæmd þál. um undirbúning löggjafar um óháða alþýðuskóla frá 2. des. 1955?"

En þál. frá 2. des. 1955 hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að undirbúa löggjöf um stofnun eins eða fleiri æskulýðsskóla með lýðháskólasniði, án sambands við menntaskóla og sérskóla, enda verði landspróf ekki haldið í þeim skólum. Jafnframt verði athugað, hvort ekki er hægt að ná þessu marki með því að breyta einum eða fleiri skólum gagnfræðastigsins í þessa átt. Leitað sé m. a. álits Ungmennafélags Íslands um þetta mál og till. ríkisstj. um það lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Síðan till. þessi var samþ. hér á hv. Alþ., eru liðin tæplega fimm ár, og ég vænti því þess, að einhver undirbúningur sé hafinn að máli þessu, og óska eftir því, að hæstv. menntmrh. svari fyrirspurn þessari.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda, samþykkti Alþ. 2. des. 1955 að skora á ríkisstj. að undirbúa löggjöf um stofnun æskulýðsskóla með lýðháskólasniði. 31. des. sama ár, 1955, fól menntmrn. þeim Helga Eliassyni fræðslumálastjóra, sr. Eiríki J. Eiríkssyni forseta Ungmennafélags Íslands og Magnúsi Gíslasyni námsstjóra að athuga þetta mál og gera um það till. til ráðuneytisins. Álitsgerð þeirra barst menntmrn. með bréfi, dags. 9. nóv. 1957, og leggur n. til í álitsgerðinni, að stofnaður verði lýðháskóli á einhverjum sögufrægum stað, t. d. Þingvöllum eða nágrenni, og hafi helztu félagasambönd landsins forgöngu um stofnun hans. Er bent á eftirtalda aðila sem stofnendur skólans: Ungmennafélag Íslands, Íþróttasamband Íslands, Stórstúku Íslands, Norræna félagið, Búnaðarfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands. Aðalmarkmið skólans skal vera að efla þjóðrækni, íslenzk fræði, félagsþroska og kristilegt siðgæðisuppeldi. Stofnendur skólans útvegi fé til þess að greiða a. m. k. ¼ stofnkostnaðar og annist greiðslu á a. m. k. helmingi rekstrarkostnaðar. Ríkissjóður greiði kostnað að öðru leyti.

Þetta mál hefur síðan verið í athugun í rn., en ekki enn þótt tímabært að hefjast handa um framkvæmdir, m. a. vegna þess, að staðið hefur yfir endurskoðun fræðslulöggjafarinnar í heild og þess vegna þótt rétt að bíða eftir því, hverjar lyktir yrðu þeirrar endurskoðunar, áður en ráðizt er í að stofna nýjar tegundir skóla. Þessari endurskoðun fræðslulöggjafarinnar er nú nýlokið, og eru tillögur þeirrar nefndar, sem um það mál fjallaði, til athugunar í rn., og mun menntmrn. leggja sérstaka áherzlu á að ljúka þeirri athugun af sinni hálfu í sumar, þannig að það af till. þeirrar n., sem menntmrn. vill gera að sínum, verði komið fyrir Alþ. næsta haust. Í því sambandi er einnig eðlilegt, að þetta mál komi til athugunar.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. menntmrh. fyrir greinargóð svör, og ég vil mjög mælast til þess, að hæstv. ráðh. láti fljótlega til skarar skríða í þessum málum, því að hér er um mjög mikið nauðsynjamál

að ræða. Það má segja, að með endurskoðun fræðslulaganna og þeirri nýju löggjöf um fræðslustarfsemi í landinu, sem samþykkt var 1946, hafi hinir almennu alþýðuskólar, sem áður voru, verið teknir inn í kerfisbundið skólakerfi, sem nú er alþekkt í landinu. En þess eru dæmi í mörgum löndum og ekki sízt á Norðurlöndum, og þar hygg ég, að Danmörk muni vera einna fremst, að þar eru margir lýðháskólar, þar sem nemendur, sem ekki mega vera undir 18 ára aldri og kannske allt upp í 30 ára eða eldri, geta valið á milli námsefna. Þarna er frjálst val á námsefnum, en ekki skyldufög. Slíkir skólar eru mjög nauðsynlegir í hverju landi, því að þeim aðilum, sem hafa hug á því að mennta sig sjálfstætt án þess að nema þau fög, sem þeir hafa ekki með að gera, hlýtur að verða til bóta að eiga þess kost að ganga á slíka skóla. Og þar sem alþýðuskólarnir hérna voru upphaflega frjálsir skólar, óháðir kerfisbundnu skólakerfi í landinu, þá er enn meiri þörf nú, eins og komið er, að lýðháskólar verði reistir hér á landi. Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. sýni bæði metnað og dugnað sinn í því að hrinda þessu stórnauðsynlega máli í framkvæmd, á meðan hann hefur jafnmikil völd í landinu og hann nú hefur.

23. Lögbirtingablað og Stjórnartíðindi.

Á 36. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt:

Fsp. til dómsmrh. um Lögbirtingablað og Stjórnartíðindi [125. mál] (A. 296).

Á 38. fundi í Sþ., 7. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 41., 43., 46. og 48. fundi í Sþ., 20. og 27. apríl, 4. og 11. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Tilefni þessarar fsp. er það, að fyrir nokkru var Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri látinn hætta ritstjórn Lögbirtingablaðsins án þess, að nokkrar frekari skýringar væru gefnar, a. m. k. opinberlega, á þeirri ráðstöfun.

Það vill jafnan verða svo, þegar menn eru látnir hætta störfum eða víkið úr störfum, án þess að nokkrar sérstakar skýringar séu á því gefnar, að ýmsar ágizkanir og kviksögur komast á kreik. Ýmsum vill þá koma það fyrst til hugar, að ástæðan til brottvikningarinnar sé sú, að viðkomandi starfsmaður hafi ekki leyst starf sitt nægilega vel af hendi og hann sé látinn fara af þeirri ástæðu, og það má vel vera, vegna þess að engar skýringar voru á þessu gefnar, að ýmsum hafi komið þetta til hugar í sambandi við þessa brottvikningu. Hins vegar má óhætt fullyrða það um alla þá, sem þekkja Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra og störf hans, að þeim kemur ekki slíkt til hugar, vegna þess að hann nýtur alveg sérstakrar viðurkenningar sem samvizkusamur og röskur embættismaður, og það er líka almennt viðurkennt, að hann hefur leyst starf sitt sem ritstjóri Lögbirtingablaðsins mjög vel af hendi um 17 ára skeið og það svo vel, að það mun aldrei hafa verið að því fundið af neinum af yfirboðurum hans. Þess vegna getur þeirri ástæðu ekki verið til að dreifa hér, að viðkomandi starfsmaður hafi leyst starf sitt þannig af hendi, að brottrekstur sé eðlilegur af þeirri ástæðu.

Þá getur sú skýring að sjálfsögðu komið til greina, að hér hafi verið um óeðlilegar og of háar launagreiðslur að ræða og þess vegna hafi verið þörf á breyttu fyrirkomulagi. En ég hygg, að reynslan sýni það einnig í sambandi við þetta atriði, að þessi ástæða sé tæplega þarna fyrir hendi, því að ef t. d. er gerður samanburður á ritstjórnarkostnaði við Lögbirtingablaðið og Stjórnartíðindin, þá var þessi kostnaður mörgum sinnum lægri við Lögbirtingablaðið, meðan Birgir Thorlacius var ritstjóri þess, og er þar þó óneitanlega um meira verk að ræða en ritstjórn Stjórnartíðinda. Það mun líka hafa komið fyrir oftar en einu sinni, að af hálfu ríkisendurskoðunarinnar hafi verið á það bent, að ekki væri óeðlilegt að lækka eitthvað kostnaðinn við ritstjórn Stjórnartíðindanna með hliðsjón af því, hve kostnaðurinn við ritstjórn Lögbirtingablaðsins væri lágur. Ég held því, að þessari skýringu sé hér tæpast til að dreifa.

Fleiri skýringar kunna að vera á þessari ráðstöfun eða þessu tiltæki, eins og t. d. þær, sem stundum hafa komið fyrir, að viðkomandi ráðamaður hafi haft einhverja pólitíska óvild á þeim starfsmanni, sem hér var látinn hætta starfi, eða hann hafi þurft að koma einhverjum flokksmanni sínum í embætti og þess vegna gripið til þessa ráðs. Um þetta skal ég ekkert frekar fjölyrða á þessu stigi og engan dóm á það leggja, fyrr en ég hef heyrt svör hæstv. dómsmrh.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í 5. gr. laga nr. 64 frá 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, segir:

„Dómsmrn. gefur Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út. Ræður dómsmrh. mann eða menn til útgáfunnar og segir fyrir um tilhögun hennar“ o. s. frv.

Í 6. gr. sömu laga segir:

„Kostnaður af útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs telst til skrifstofukostnaðar dómsmrn., enda kveður dómsmrh. á um gjöld fyrir auglýsingar, er aðilar eiga að greiða. Einnig getur dómsmrh. sett fyrirmæli um annað, er að útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs lýtur.“

Í 4. gr. sömu laga segir:

„Vafamál um það, hvar birta skuli atriði þau, er í 1.—3. gr. segir, eða hvort erindi skuli birt eða eigi, úrskurðar dómsmrh.“

Þetta hygg ég þau lagaákvæði vera, sem hér skipta máli. Svo sem sjá má af þessum lagatilvitnunum, er náið lagalegt samhengi milli þessara tveggja rita og til þess ætlazt, að dómsmrh. hafi yfirumsjón með útgáfu þeirra beggja og úrskurðarvald í sambandi við vafaatriði, er upp kunna að rísa hennar vegna. Má og benda á, að við flutning frv.

til laga þessara á Alþ. 1943 segir flm., þáverandi dómsmrh. Einar Arnórsson, í Alþt. B. 369, er hann ræðir um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablaðið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi tvö útgáfurit eru í raun og veru skyldari en menn skyldu ætla að órannsökuðu máli, því að stundum kann að vera nokkur vafi á um það, í hvoru þessara útgáfurita sumt eigi að birtast" o. s. frv.

Framkvæmd þessara mála hefur hins vegar orðið sú, að starfsmaður sá, sem á sínum tíma var fenginn útgáfa Lögbirtingablaðsins, er nú orðinn ráðuneytisstjóri í öðru ráðuneyti. Hinn, er annast útgáfu Stjórnartíðinda, vann einnig lengi í öðru ráðuneyti, þó að aðalstarf hans hafi síðari ár verið þessi útgáfa og hann hafi nú bækistöð í dómsmrn. Sá maður verður sjötugur á þessu ári. Þykir sjálfsagt, þegar hann lætur af störfum, að sameina útgáfu beggja ritanna í dómsmrn., eins og lög standa til. Ætla má, að með hagkvæmum vinnubrögðum verði hvort tveggja starfið ekki ofætlun einum manni, og mun þess vegna sameiningin í senn hafa í för með sér sparnað og aukin þægindi fyrir alla aðila.

Mér þótti einsætt að hefja nú þegar undirbúning þessara endurbóta og þá eðlilegast að láta þann mann, sem fyrirhugað er að taki við öllu starfinu, fá nú þegar færi á því að setja sig inn í það og taka við nokkrum hluta þess, þar sem unnt var að gera það með þeim sjálfsagða hætti, að dómsmrn. tæki aftur við því starfi, sem því lögum samkvæmt er skylt að inna af hendi.

Með því, sem ég hef nú greint, ætla ég að svarað sé fyrsta lið fsp. og þar með höfuðefni hennar, og mun nú stuttlega skýra frá öðrum atriðum, sem um er spurt.

Það er þá um annan tölulið að segja, að greiðslur fyrir ritstjórn og fjárhald Lögbirtingablaðsins á undanförnum 5 árum hafa verið: 1955 11070 kr., 1956 10300 kr., 1957 11840 kr., 1958 26200 kr., 1959 35800 kr. Hefur þóknunin vegna ritstjórnarinnar verið 2000 kr. á mánuði nú undanfarið, en þóknunin fyrir fjárhaldið 1000 kr. á mánuði frá ársbyrjun 1958, en þá var þóknunin fyrir ritstjórnina samkvæmt ákvörðun þáverandi dómsmrh., Hermanns Jónassonar, hækkuð úr 11070 kr. á ári í 24000 kr. á ári, en ritstjórinn jafnframt leystur frá störfum við fjárhald blaðsins og það starf fengið öðrum manni, starfsmanni í fjmrn., og launað með 12000 kr. á ári.

Þá er í þriðja lagi spurt um, hvort ráðinn hafi verið starfsmaður eða starfsmenn í stað þeirra, er áður störfuðu við ritstjórnina og fjárhaldið, og þá hver eða hverjir og fyrir hvaða greiðslu. Ráðinn hefur verið dr. phil. Jón Ragnarsson með sömu kjörum og þeir höfðu, þ. e. 3000 kr. á mánuði.

Loks er í fjórða lagi spurt um útgáfu Stjórnartíðinda, hverjir starfi við þau, hverjar greiðslur hafi verið fyrir þau störf og hvort þeim hafi verið sagt upp störfum um leið. Þessu síðasta atriði er raunar svarað með því, sem hér áður var sagt um þessar ráðstafanir.

Um greiðslur fyrir útgáfu Stjórnartíðinda er það að segja, að ráðuneytisstjórar, áður skrifstofustjórar dómsmrn., hafa um marga áratugi, a. m. k. frá því fyrir fyrra stríð, fengið nokkra þóknun fyrir umsjá með útgáfu Stjórnartíðinda. Sú þóknun nemur nú 7200 kr. á ári, og hefur svo verið síðustu árin. Ritstjórn Stjórnartíðinda hefur um langt árabil annazt Jón Gunnlaugsson fulltrúi, sá starfsmaður stjórnarráðsins, sem áður var frá greint. Hefur hann nú, er hann á þessu ári nær aldurshámarki, verið í 40 ár starfsmaður stjórnarráðsins. Hefur hann gegnt ýmsum störfum á þessu tímabili og verið að nokkru leyti starfsmaður atvmrn., síðar félmrn. og dómsmrn. Hafa störf hans því verið nokkuð breytileg, en nú rúman áratug hefur hann aðallega starfað við ritstjórn Stjórnartíðindanna, en launakjör hans markast nokkuð af þessum breytingum á störfum hans. Hann hefur um árabil auk fulltrúalauna haft sérstakar greiðslur fyrir afgreiðslu Stjórnartíðindanna og útsendingu ásamt bifreiðastyrk, en vegna húsnæðisskorts eru Stjórnartíðindi geymd á fjórum stöðum, þar á meðal á lofti Bessastaðakirkju. Greiðslur þessar nema á s. l. 5 árum 16452 kr. hvert árið, og auk þess hefur hann fengið greidd innheimtulaun.

Svo sem áður var sagt, eru nú fyrirhugaðar breytingar í sparnaðarskyni á öllu þessu fyrirkomulagi við sameiningu umræddra starfa.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég er ánægður með svör ráðherrans að vissu marki, vegna þess að hann hefur þar gefið ýmsar upplýsingar, sem ég óskaði eftir, eins og t. d. varðandi kostnaðinn við ritstjórn Lögbirtingablaðsins og Stjórnartíðinda. Ég held, að þær tölur, sem hann nefndi í því sambandi, hafi fullkomlega sýnt, að launagreiðslum í sambandi við ritstjórn og fjárreiður Lögbirtingablaðsins hefur mjög verið í hóf stillt, þar sem tölur hans raunverulega sýndu, að þær hafa verið mörgum sinnum lægri á ári en sambærilegur kostnaður við Stjórnartíðindin hefur verið.

Hins vegar verð ég að segja það, að ég var ekki jafnánægður með sumt annað í svörum hans, eins og t. d., að það hafi verið sérstök nauðsyn á að gera þessa breytingu vegna þeirra lagaákvæða, sem hann minntist á hér áðan, því að sú skipun, sem verið hefur að undanförnu, er nú búin að standa um 17 ára skeið, án þess að þótt hafi sérstök ástæða til þess að fara svo nákvæmlega eftir þeim. Og hvað ritstjórn Lögbirtingablaðsins snertir, þá hefur hún vel reynzt.

Það upplýstist einnig hjá hæstv. ráðh., að sú breyting, sem hann ráðgerir, á ekki að ganga í gildi fyrr en um næstu áramót, og af þeirri ástæðu hefði ekki verið þörf á því að hverfa að henni fyrr en þá, jafnvel þó að hæstv. ráðh. liti svo á, að hún væri nauðsynleg. Þess vegna virðast hafa legið þarna til einhverjar sérstakar ástæður, þannig lagaðar, að ráðh. hafi talið þörf á því að hraða þessum aðgerðum, og aðra skýringu er ekki hægt að fá á því en þá, að hér hafi verið um mann að ræða, sem hafi verið honum nokkuð vandabundinn, a. m. k. pólitískt, og hann hafi þurft að flýta því að koma honum í eitthvert starf og þess vegna hafi þessi ráðstöfun verið gerð svona fljótt. En það mun áreiðanlega sýna sig í framkvæmdinni, hvað ritstjórn Lögbirtingablaðsins snertir, að það mun ekki verða sparnaður í sambandi við þessa ráðstöfun, vegna þess að hún var ódýr, eins og

hér hefur komið fram samkv. upplýsingum sjálfs ráðh.

Hvort ritstjórn Stjórnartíðindanna hafi hins vegar verið óhæfilega kostnaðarsöm og þess vegna kunni að verða einhver sparnaður í sambandi við þessa breytingu, það á eftir að sýna sig, og það er bezt bæði fyrir mig og hæstv. ráðh. að spá ekki neinu um það, reynslan mun leiða í ljós, hver niðurstaðan verður í þeim efnum, og það verður áreiðanlega fylgzt með því, hvernig útkoman verður í því sambandi, og verður þá ástæða til þess að ræða það, þegar þar að kemur. Hinu er hins vegar hægt að slá föstu samkvæmt þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. hér gaf, að hann hefur ráðizt í þessa ráðstöfun með mikilli skyndingu og látið hana bera þannig að, vegna þess að henni fylgdu engar opinberar skýringar frá hans hálfu á sínum tíma, að það hefur ef til vill í augum ýmissa fallið sá grunur á þann starfsmann, sem látinn var fara, að það hafi verið vegna þess, að hann hafi ekki rækt starf sitt nægilega vel, og að því leyti er rétt að átelja, hvernig þetta hefur verið gert, og eins hitt, sem virðist gægjast fram í og mátti lesa óbeint úr svörum hæstv. ráðh., að hér hefur verið hafður sérstakur hraði á framkvæmdum vegna þess, að ráðh. mun hafa þurft að koma pólitiskum vandamanni eða aðstoðarmanni sínum í starf.

24. Endurskoðun laga um verkamannabústaði.

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var útbýtt:
Fsp. til félmrh. um endurskoðun laga um verkamannabústaði [167. mál, 1] (A. 476).

Á 51. fundi í Nd., 19. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það mun vera almennt viðurkennt um alllangt skeið, að núgildandi lög um verkamannabústaði séu orðin úrelt og nái ekki þeim tilgangi, sem upphaflega var með þeirri löggjöf. Ýmislegt mætti benda á í sambandi við þessi l., sem þarf að breyta, og skal ég láta nægja að benda á eitt höfuðatriði, en það er annars vegar það tekjutakmark, sem l. setja í sambandi við þá, sem falla undir þau, og hins vegar þær háu útborganir, sem eru nú á verkamannabústaðabyggingum. Þetta hefur þær afleiðingar víða um land, að verkamenn ráða illa við að eignast slíkar íbúðir sem þessar.

Vegna þess, hve augljóst er, að þessari löggjöf þarf að breyta, skipaði fyrrv. hæstv. félmrh. nefnd til að endurskoða lögin um þessi mál 20. des. 1958. Nú er liðið hálft annað ár, síðan þessi nefnd var skipuð, og opinberlega hefur ekkert heyrzt af hennar störfum. Þess vegna er það, sem ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. félmrh., hvað líði störfum þessarar nefndar og þar með hvað líði endurskoðun laganna um verkamannabústaði.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, var skipuð n. 20. des. 1958 til að endurskoða l. um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, og voru skipaðir í n. eftirgreindir menn: Finnbogi R. Valdimarsson bankastjóri, Eggert Þorsteinsson alþm., Jóhannes Elíasson bankastjóri.

Um störf þessarar n. hefur rn. ekki borizt nein skýrsla, en við eftirgrennslan hefur komið í ljós, að rn. hefur útvegað n. skv. beiðni formannsins lög og reglur bæði frá Norðurlöndum og Englandi um húsnæðismál og opinbera aðstoð í því sambandi.

Annað og meira er mér ekki kunnugt um að n. hafi gert, og raunar virðist svo sem hennar starf hafi fram til þessa ekki verið mikið, ef marka má af fundarhaldi nefndarinnar. En ég hef eiginlega engu við þetta að bæta. Skýrsla frá n. hefur mér ekki borizt, og ég get þess vegna ekki gefið önnur svör en þessi. Hins vegar mun ég að sjálfsögðu, ef þess verður óskað, inna n. eftir því, hvenær hún treystir sér til að hafa lokið störfum, eða þá, ef hún ekki getur annazt þau eða innt þau af hendi, þá verði aðrir fengnir þar til, því að verkefnið er þannig vaxið, að það er nauðsynlegt, að málinu verði hraðað.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, en verð þó að lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að þessi n. skuli augsýnilega litið sem ekkert hafa starfað. Ég skil það á svari hæstv. ráðh., að það sé rétt, sem mér hafði raunar borizt til eyrna, að þessi n. hafi aldrei komið saman í eitt og hálft ár og að þessi söfnun á gögnum, sem hæstv. ráðh. skýrði frá, hafi átt sér stað, án þess að nefndarmenn *hafi komið saman.*

Ég vil því vænta þess, að hæstv. ráðh. sjái til þess á einn eða annan hátt, annaðhvort að þessi n. starfi og vinni það hlutverk, sem henni er ætlað, eða endurskoðun laganna um verkamannabústaði verði undirbúin á annan hátt. Það er ekki hægt að una við, að þessari löggjöf verði ekki breytt þannig, að hún nái hinum upprunalega tilgangi sínum, að það verði verkamenn og aðrir láglaunamenn í þessu landi, sem njóti þeirra hlunninda, sem framkvæmd þessara l. getur veitt.

25. Skaðabótakröfur á hendur ríkissjóði.

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um skaðabótakröfur, sem gerðar eru á hendur ríkissjóði [167. mál, 2] (A. 476).

Á 51. fundi í Sþ., 19. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég sé, að hæstv. ríkisstj. hefur gert sér ljóst, hvert er tilefni þessarar fsp., vegna þess að á borð þm. í morgun hefur verið dreift úrskurði gerðardóms þess, sem fjallaði um mál kaupfélagsins á Hellu gegn ríkissjóði, og það er alveg rétt og eðlileg tilgáta hjá hæstv. ríkisstj., að það mál er tilefni þessarar fsp.

Ég er þeirrar skoðunar, að það hafi verið farið rangt að, þegar það mál var lagt undir gerðardóm, og skal reyna að færa fyrir því rök í stuttu máli á þann hátt að rifja upp þær afsakanir, sem hafa verið færðar fyrir því, að málið var látið ganga þá leið.

Fyrsta afsökunin er sú, að með þessum hætti hafi úrslit málsins fengizt fyrr en ella. En mér finnst það alveg nægilegt svar við þeirri spurningu, að það lá ekkert á því að fá þennan úrskurð og þurfti þess vegna ekki að gera neinar sérstakar ráðstafanir til þess að hraða málinu.

Önnur afsökunin er sú, að fyrir gerðardómi hafi verið fjallað um sömu atriði og hefði verið fjallað um, ef málið hefði farið hina venjulegu dómstólaleið. Um þetta atriði er ekki neitt hægt að fullyrða, því að við frekari athugun málsins í tveimur dómstigum hafa bæði getað komið fram ný atriði og ný sjónarmið, sem hefðu getað valdið því, að niðurstaðan hefði orðið önnur.

Þriðja afsökun er sú, að með þessu hafi málsmeðferðin orðið ódýrari. Ef þessi röksemd væri yfirleitt tekin upp, mætti náttúrlega leggja alveg niður hin tvö dómstig og hafa það bara eitt, vegna þess að það er óneitanlega ódýrara að hafa eitt dómstig heldur en tvö. En hingað til hefur það ekki verið talið heppilegt í réttarríki að hafa dómstigið eitt og yfirleitt farin sú regla að hafa þau tvö og jafnvel fleiri. En þó að maður sleppi þessu atriði, þá hygg ég, að það sé líka vafasöm fullyrðing, að nokkuð ódýrari málsmeðferð hafi fengizt með þessum hætti, því að samkv. gerðardómnum fær sækjandi málsins 40 þús. kr. málflutningslaun, vafalaust hefur verjandi málsins fengið sömu upphæð greidda, og dómendurnir hafa fengið um 60 þús. kr. samanlagt, þannig að málsmeðferðin virðist hafa kostað um 140 þús. kr., og það liggja engin rök fyrir um það, að hún hefði orðið ódýrari, þó að venjuleg málsmeðferð hefði verið viðhöfð.

Þá er það fjórða afsökunin, að gerðardómurinn hafi verið skipaður þremur hæstaréttardómurum eða meiri hluta hæstaréttar og þess vegna mundi hafa orðið sama niðurstaða, þó að hæstiréttur hefði fjallað um málið. Þetta er líka fullyrðing út í bláinn, og ég vil minna á í þessu sambandi, þegar það var rætt á Alþ. á sínum tíma, að þá var það talið tryggja betur öryggi í dómum hæstaréttar, að þar sætu fimm menn heldur en þrír, og ef hinir fimm hæstaréttardómarar hefðu allir fjallað um málið, þá hefði það vel getað orðið til þess, að einhver ný atriði og ný sjónarmið hefðu komið fram, sem hefðu valdið því, að úrslitin hefðu orðið önnur.

Þá er það fimmta röksemdin, að þetta kunni að hafa verið gert einhvern tíma áður. Ég skal ekki um það fullyrða, hvort það hafi ekki átt sér stað, að gerðardómur hafi verið settur í einhverju skaðabótamáli á hendur ríkissjóði áður. En hitt held ég að sé alveg hægt að staðhæfa, að í jafnstóru og þýðingarmiklu prinsipmáli, sem getur dregið fjölda skaðabótakrafna á eftir sér, hefur það ekki verið áður gert að láta einungis gerðardóm um slík mál fjalla.

Þau atriði, sem ég hef nú rifjað upp, sýna ljóslega frá minu sjónarmiði a. m. k., að það hafi verið röng stefna að fara inn á þá leið í þessu máli að láta gerðardóm fjalla um það í staðinn fyrir að láta það ganga hina venjulegu dómstólaleið, og ég teldi mjög hættulegt, ef ríkisstj. færi almennt inn á þá braut að láta slík mál ganga undir gerðardóm í stað þess að láta hina venjulegu dómstóla fjalla um þau. Af því tilefni er þessi fsp. mín fram komin, sem er í höfuðatriðum sú, hvort það sé orðin hin almenna stefna ríkisstj. að láta gerðardóma fella úrskurð um skaðabótakröfur, sem gerðar eru á hendur ríkissjóði, í stað þess að dómstólarnir fjölluðu um þær, og við þessari spurningu vænti ég þess að fá greinileg svör frá hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þar sem vitað er, enda viðurkennt af hv. fyrirspyrjanda, að tilefni fsp. er dómur þriggja hæstaréttardómara í máli ríkissjóðs og kaupfélagsins Þórs á Hellu út af brúargerð á Ytri-Rangá, hefur mér þótt rétt að láta öllum hv. alþm. í té eintak af dómi þessum og gera um leið nokkra grein fyrir meðferð þessa máls. Ég vil enn fremur beina því til hæstv. forseta, að leyft verði, að dómurinn verði prentaður í Alþt. sem fskj. með svari mínu við þessari fsp. [Sjá viðbæti, 507—516. dálk].

Nokkru eftir að ég tók sæti í ríkisstj. 20. nóv. s. l., kom lögmaður kaupfélagsins Þórs, Ólafur Þorgrímsson hrl., að máli við mig og skýrði mér frá skaðabótakröfum félagsins á hendur ríkissjóði út af þeirri ákvörðun, sem tekin var á s. l. ári af ríkisstj. að till. vegamálastjóra að breyta brúarstæði yfir Ytri-Rangá frá því, sem gert hafði verið ráð fyrir í skipulagsuppdrætti af Hellukauptúni. Ég kynnti mér málið og tjáði hæstaréttarlögmanninum að því loknu, að af hendi ríkissjóðs yrði ekki samið um neinar skaðabætur og engar bætur yrðu greiddar af hendi nema að undangengnum dómi. Þessi afstaða var í beinu framhaldi af og í samræmi við þá ákvörðun, sem hæstv. fyrrv. forsrh., Emil Jónsson, tók á s. l. ári, þegar stjórn kaupfélagsins tilkynnti þáv. stjórn bótakröfur sínar.

Nú kom tvennt til greina: Annað að láta málið ganga almenna dómstólaleið, þ. e. fyrst til héraðsdóms og síðan til hæstaréttar. Hin leiðin var sú, að sérstaklega tilnefndur gerðardómur fjallaði um málið og felldi úrskurð í því. Eftir að málið hafði verið kannað ýtarlega í rn., varð það niðurstaðan, að fyrir hagsmuni ríkisins væri sú leiðin betri og hagkvæmari að semja um gerðardóm, sem skipaður væri þremur dómendum hæstaréttar, en láta málið ganga fyrir hin tvö venjulegu dómstig. Lögmaður kaupfélagsins Þórs samþykkti fyrir hönd umbjóðanda síns þessa málsmeðferð, og 19. febr.

1960 var af hálfu beggja aðila undirritaður svofelldur *gerðardómssamningur:*

„Með því að nauðsyn þykir bera til að fá um það dómsúrskurð, hvort ríkissjóður Íslands kunni að bera bótaskyldu gagnvart kaupfélaginu Þór á Hellu í Rangárvallasýslu vegna fyrirhugaðra breytinga á brúarstæðinu yfir Ytri-Rangá og þá um leið á þjóðveginum á þeim slóðum, þá hafa aðilar gert með sér svo hljóðandi samkomulag:

1. Aðilar komi sér saman um að tilnefna þrjá af dómurum hæstaréttar Íslands, er skipi gerðardóm í máli þessu. Skal niðurstaða dómsins verða endir þeirrar þrætu.

2. Gerðardómurinn velur sér sjálfur dómsformann.

3. Gerðardómurinn dæmir bæði um bótaskylduna og um upphæð bóta, ef til kemur.

4. Heimilt er gerðardóminum að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn um mats- og virðingargjörðir, eftir því sem hann telur nauðsyn bera til.

5. Gerðardómurinn getur sjálfur hlýtt á framburð vitna.

6. Gerðardómurinn gefur málflytjendum aðila tækifæri til þess að upplýsa málið og fylgjast með gangi þess með venjulegum hætti.

7. Gerðardómurinn úrskurðar sjálfur þóknun sína svo og um málskostnaðargreiðslu milli aðila.

Samningi þessum til staðfestu rita aðilar nöfn sín undir samning þennan í viðurvist þar til kallaðra vitundarvotta.

Reykjavík, 19. febrúar 1960,
f. h. ríkissjóðs,
Sigtryggur Klemenzson,
Sigurður Jóhannsson,
f. h. kaupfélagsins Þórs,
Ólafur Þorgrímsson."

Það hefur tíðkazt frá fornu fari að leggja mál í gerð, bæði ágreining milli einstaklinga og milli hins opinbera og einstaklinga. Geta legið til þess ýmsar ástæður, en segja má, að höfuðástæður séu þær, að gerðardómsmeðferð tekur oftast skemmri tíma og er ódýrari en venjuleg málsmeðferð. Í mörgum lögum er svo fyrir mælt, að ágreiningur, sem upp kann að koma milli aðila í sambandi við tilteknar framkvæmdir, skuli ekki ganga venjulega dómstólaleið, heldur fara fyrir gerðardóm. Enn fremur er altítt í verksamningum um ýmsar framkvæmdir, að samið er um það fyrir fram, að ágreiningur, sem upp kann að koma um framkvæmd samningsins, skaðabætur og annað, skuli ekki fara fyrir venjulega dómstóla, heldur dæmdur af gerðardómi. Og loks er það algengt, þegar tilteknir ágreiningur er upp kominn, að aðilar, þ. á m. ríkið, telji sér betur henta að semja um gerðardómsmeðferð en venjulega dómstólaleið. Fyrir þessu er fjöldi fordæma. Skal ég hér nefna örfá, þar sem ríkisstjórnir Íslands á undanförnum árum hafa talið rétt að semja um gerðardómsmeðferð:

1) Árið 1950 kom upp ágreiningur milli ríkisstj. *Íslands og útgerðarfélags Akureyringa út af kaupverði á togurum.* Varð um það samkomulag að láta málið ekki ganga til dómstóla, heldur skyldi það lagt í gerð, og skipuðu gerðardóminn eins og nú þrír dómendur hæstaréttar og kváðu upp fullnaðarúrskurð í málinu.

2) Sams konar ágreiningur kom upp milli ríkisstj. og h/f Júpiters, og var hafður sami háttur á að leggja málið í gerð.

3) Árið 1951 kröfðust eigendur jarðarinnar Þingness í Borgarfirði skaðabóta frá ríkissjóði vegna veiðilitaks í Grímsá í Borgarfirði, en ríkissjóður var þar aðili vegna Hvanneyrar-, Hests- og Reykholtskirkju. Landbúnaðar- og kirkjumálaráðherra samdi þá um það við eigendur Þingness að láta málið ekki ganga venjulega dómstólaleið, heldur fara fyrir gerðardóm. Í þeim gerðardómi var einn af dómendum hæstaréttar, og skipaði hann forsæti.

4) Árið 1952 hafði h/f Björgvin uppi skaðabótakröfur á hendur ríkissjóði vegna sölu á ísvörðum fiski í Þýzkalandi. Ríkisstj. ákvað að leggja málið fyrir gerðardóm, en ekki hina almennu dómstóla. Í honum átti sæti einn af dómendum hæstaréttar og skipaði forsæti.

5) 1953 varð ágreiningur milli kennara gagnfræðaskóla Vesturbæjar og menntmrn. út af launakjörum. Málið var lagt í gerð, og áttu þrír af dómendum hæstaréttar sæti í þeim gerðardómi.

6) 1953 ákvað ríkisstj., að gerðardómur þriggja tilgreindra manna skyldi úrskurða bætur og endurgjald til eigenda Hafnajarða í Hafnahreppi í Gullbringusýslu fyrir landssvæði og beitarrétt.

7) 1954 var ákveðið, að gerðardómur skyldi meta leigu á landssvæði í Miðnesheiði úr landi jarðarinnar Sandgerðis.

8) 1951 var gerður samningur milli flugráðs fyrir ríkisins hönd og tiltekins verktaka um að fullgera flugbraut í Egilsstaðalandi í Suður-Múlasýslu. Enda þótt í samningnum væri allnákvæm verklýsing, kom seinna til ágreinings milli aðila, m. a. vegna þess, að verktaki hafði ekki lokið verkinu á tilsettum tíma, en verktaki taldi sig hafa orðið fyrir töfum sem verksali, þ. e. a. s. ríkið, bæri ábyrgð á. Verktakinn gerði kröfu til skaðabótagreiðslu frá flugráði eða ríkissjóði vegna tafa þessara við framkvæmd verksins, og árið 1954 var samið um það milli verktakans og flugráðs, að gert yrði út um kröfur hans á hendur ríkinu af þriggja manna gerðardómi.

9) 1956 var samið um það, að sérstakir þar til kvaddir menn skyldu meta til fullnaðar tjón, sem orðið hafði í landinu Vogum í Vatnsleysustrandahreppi vegna skotæfinga varnarliðsins.

10) Á árinu 1959 reis ágreiningur um það, hvort ríkissjóður ætti að greiða skaðabætur og þá hversu háar fyrir takmörkun á netjalögnum í Hvítá í Borgarfirði. Ríkisstj. ákvað að láta málið ekki ganga hina venjulegu dómstólaleið, heldur var gerðardómi falið málið til úrskurðar.

Af þessu yfirliti, sem er engan veginn tæmandi, má sjá, að það hefur verið mjög algengt, að ríkisstjórnir á ýmsum tímum sömdu um að leggja deilumál, m. a. stórfelld skaðabótamál, fyrir gerðardóma, en ekki fyrir hina venjulegu dómstóla.

Ég gat þess áðan, hver væru hin almennu rök fyrir því, að stundum þætti betur henta, bæði hjá einstaklingum og opinberum aðilum, að leggja mál í gerð heldur en láta það fara hina venjulegu dómstólaleið. Skal ég rekja þetta nokkru nánar varðandi þetta tiltekna mál.

Ég vil segja, að meginástæðan fyrir ákvörðun um gerðardómsmeðferð hafi verið kostnaðarhliðin. Ég hef látið reikna, miðað við gjaldskrá Lögmanna-

félags Íslands, hver kostnaður hefði orðið við venjulegt mál fyrir héraðsdómi og hæstarétti, og er þá að sjálfsögðu miðað við sömu niðurstöðu um bótagreiðslur og hinir 3 hæstaréttardómendur komust að. Í slíku máli fyrir héraðsdómi og hæstarétti hefði þurft að kveðja til matsmenn, væntanlega bæði undirmat og yfirmat, til að framkvæma þá skoðun og það mat, sem gerðardómendur sjálfir inntu af hendi nú. Fyrir tveim dómstigum hefði málskostnaður orðið sem hér segir: Þóknun til lögmanna fyrir báðum dómum samkv. lágmarksgjaldskrá Lögmannafélagsins 174 þús. kr. Kostnaður við undir- og yfirmat lágmark 100 þús. kr. Annar kostnaður a. m. k. 25 þús. kr. Samtals hefði því kostnaður við slíkt mat fyrir báðum dómum orðið a. m. k. 299 þús. kr. Kostnaður við gerðardóminn varð hins vegar sem hér segir: Þóknun gerðardómsmanna 57 þús. kr., þóknun lögmanna 80 þús. kr., annar kostnaður kr. 2577.10. Samtals varð því kostnaður við gerðardóminn rúml. 139 þús. kr., hefði orðið fyrir tveim dómstigum a. m. k. sem algert lágmark 299 þús. kr., og samkv. þessu munar a. m. k. um 160 þús. kr., sem kostnaður hefði orðið meiri við dómstólaleiðina venjulegu heldur en gerðardómsmeðferð, og hefur sú upphæð, eins og úrslit málsins urðu, því sparazt ríkissjóði.

Í þessu sambandi er þó ótalið eitt stórt atriði, sem ég hef ekki tekið með í þennan samanburð, og það er vaxtaatriðið. Úrskurður gerðardómsins var á þá leið, að kaupfélaginu voru dæmdar 750 þús. kr. í skaðabætur og skuli ríkissjóður greiða 10% í vexti frá 1. júní n. k., ef bæturnar eru ekki inntar af hendi fyrir þann tíma. Ef málið hefði farið hina venjulegu leið og endanlegur dómur hæstaréttar komið fyrst eftir t. d. 2½ ár, þá er vel hugsanlegt, að hæstiréttur hefði dæmt ríkissjóð til að greiða vexti af skaðabótaupphæðinni í 2—3 ár. Með núgildandi vöxtum, 10%, nema vextir af þessu í tvö ár 150 þús. kr., í þrjú ár 225 þús. kr. En þótt svo háir vextir, sem nú eru, haldist ekki svo lengi, þá hefðu vextir fyrir þetta tímabil þó bersýnilega numið einhverju á annað hundrað þús. kr. Ég segi um þetta atriði: Frá hvaða tíma vextir hefðu verið dæmdir, er ekkert hægt að fullyrða, en ég taldi það einnig nokkru skipta að eiga ekki á hættu, að á ríkissjóð féllu slíkar vaxtagreiðslur til viðbótar hugsanlegri skaðabótaupphæð, ef hægt væri hjá því að komast.

Fyrir gerðardóminum var að sjálfsögðu fjallað nákvæmlega um sömu atriði og gert hefði verið fyrir hinum reglulegu dómstólum, eins og skýrt er fram tekið í gerðardómssamningnum, þ. e. hvort ríkissjóður væri skaðabótaskyldur og ef svo væri, þá um ákvörðun bótahæðar. Niðurstaðan hlaut að verða sú sama og jafnörugg fyrir þessum gerðardómi, sem skipaður var þremur hæstaréttardómurum, eins og ef hæstiréttur hefði um málið fjallað.

Þegar samið er um gerðardóma í málum, er það að sjálfsögðu með margvíslegum hætti, hvernig dómendur eru tilnefndir. Stundum er tilnefndur einn maður frá hvorum aðila og samkomulag um oddamann o. s. frv. Í þessu máli kom frá minni hendi ekkert slíkt til greina. Það var meginatriði og ákvörðunarástæða, að í þessum gerðardómi sætu hæstaréttardómendur einir, til þess þar með að tryggja, að niðurstaða gerðardómsins yrði sú sama og orðið hefði í hæstarétti með venjulegri málsóknarleið.

Fsp. hv. þm. er á þessa leið: „Er það stefna ríkisstj. að láta gerðardóma fella úrskurði um skaðabótakröfur, sem gerðar eru á hendur ríkissjóði, í stað þess að dómstólarnir fjalli um þær?“ Svar mitt við fsp. er því þetta: Ríkisstj. mun eins og fyrri ríkisstj. meta það hverju sinni, hvort betur henti hagsmunum ríkisins að láta hina almennu dómstóla eða gerðardóma fjalla um bótakröfur á hendur ríkissjóði, og velja þá leiðina, sem að hennar dómi er hagkvæmust fyrir þjóðina.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég verð að lýsa því yfir í upphafi, að ég get ekki verið ánægður með svar hæstv. ráðh., vegna þess að það var mjög loðið og raunverulega alveg út í hött, svo að af því er ekki hægt að marka neitt ákveðið um það, hver stefna stjórnarinnar muni vera í þessum málum eftirleiðis. Helzt mátti þó e. t. v. lesa það á milli línanna út frá því, sem hann sagði um það mál, sem hann ræddi aðallega, að stjórnin ætlaði að fara lengra inn á þá braut að nota gerðardómsleiðina heldur en hún hefur áður gert, því að það kom alveg greinilega fram af þeirri upptalningu, sem hæstv. ráðh. var hér með um þau fordæmi, sem áður væru fyrir um gerðardóma, að þar var yfirleitt um allt önnur málsatriði að ræða en þau, sem hér var fjallað um. Þar var um minni háttar atriði að ræða og ekki um slík atriði að ræða, að því er fram virtist koma, sem fælu í sér dóma um prinsipatriði, sem gætu leitt til þess, að af þeim úrskurðum hlytust mjög mörg skaðabótamál eða skaðabótakröfur á hendur ríkinu. En af þeim dómi, sem hefur fallið í umræddu máli, má vel búast við því, að í framtíðinni hljótist margar og jafnvel miklar skaðabótakröfur á hendur ríkinu. Þess vegna stóð þar öðruvísi á en um þau mál, sem hann nefndi sérstaklega, og þess vegna var það skylda hæstv. ríkisstj. að láta þetta mál ganga hina venjulegu dómstólaleið.

Hæstv. ráðh. var með útreikninga um það, hver kostnaður hefði orðið af málinu, ef það hefði farið hina venjulegu dómstólaleið. Þessir útreikningar hans eru að sjálfsögðu alveg út í loftið, vegna þess að hann hefur ekki minnstu hugmynd um það, hver niðurstaða málsins hefði orðið, ef það hefði gengið hina venjulegu dómstólaleið. Það eina, sem liggur fyrir um það þá, er, að þá hefði málið fengið miklu vandlegri athugun, þá hefði um það verið fjallað í tveimur dómstólum í staðinn fyrir einn, og þá hefðu fimm hæstaréttardómarar fjallað um það í staðinn fyrir þrjá, og það hefur komið hvað eftir annað fram hér á Alþingi, að Alþingi teldi hæstarétt skipaðan fimm mönnum öruggari dómstól heldur en rétt, sem væri skipaður þrem mönnum. Þess vegna hefði vel getað svo farið, ef málið hefði gengið þennan venjulega dómstólaveg, að úrskurðurinn hefði orðið á allt aðra leið og ríkið hefði engan kostnað þurft að hafa af málinu. Hins vegar liggur það fyrir, að með þeirri leið, sem hæstv. fjmrh. hefur valið, verður ríkið nú að borga 140 þús. kr. í laun til málfærslumanna og gerðardómsmanna og 750 þús. kr. í skaðabætur, sem ríkið hefði e. t. v. getað

alveg losnað við, ef málið hefði fengið fullkomnari meðferð og farið hina venjulegu dómstólaleið.

Hæstv. ráðh. hélt því m. a. fram, að það hefði verið fjallað um nákvæmlega sömu atriði fyrir gerðardómi og hefði verið fjallað um, ef málið hefði farið venjulega dómstólaleið. Um það getur hann ekkert fullyrt, vegna þess að ef málið hefði farið hina venjulegu dómstólaleið, þá hefðu getað komið einhver ný atriði og ný sjónarmið, sem hefðu kollvarpað þeirri niðurstöðu, sem varð hjá gerðardómnum, *og þess vegna er ekki hægt að halda* þessu fram, eins og hann gerði.

Mér virðist það ljóst af öllu þessu máli, að hér er um ranga stefnu að ræða, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp, að fara gerðardómsleiðina í jafnstóru prinsipmáli sem þessu, máli, sem er algerlega ólíkt öllum málum, sem gerðardómar hafa áður fjallað um, sem er miklu stærra og áhrifaríkara, sérstaklega þegar dómur hefur fallið á þá leið, eins og hér varð, og þess vegna verð ég að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að ég tel, að ríkisstj. hafi farið hér rangt að. Og ég tel eftir þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. gaf, að hún ætli líka að fara rangt að í framtíðinni, ef hún ætlar að halda áfram að beita gerðardómum með svipuðum hætti og hún hefur gert í þessu máli.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þessum ummælum hv. þm. kom ekki fram neitt nýtt, sem í rauninni þurfi að svara. En það varpar nokkru ljósi á hugsunarhátt hans, að nú á gerðardómsmeðferð að vera alröng og háskaleg, þó að í þeim tíu dæmum, sem ég nefndi hér og öll hafa gerzt á undanförnum áratug, hafi ekkert gagnrýnisorð komið fram á þá málsmeðferð, og hefur þó í mörgum þeirra mála verið um *stórfelldar* fjárupphæðir að ræða og prinsipmál. En þessum hv. þm. hefur ekki dottið í hug að koma fram með *eina aths. eða eitt gagnrýnisorð, þegar fyrrv. ráðh.*, í flestum tilfellum flokksbræður hans, hafa samið um að ganga fram hjá dómstólum og fara gerðardómsleiðina. Það er mín skoðun, að í þessum tilfellum hafi yfirleitt verið farið rétt að, þeim tilfellum, sem ég hér nefndi, og gagnrýni það ekki. Ég tel, að í mörgum tilfellum sé hagkvæmara fyrir ríkissjóðinn sjálfan að semja um gerðardómsmeðferðina.

Það er annað atriði, sem hér kom fram hjá hv. þm., sem veldur nokkurri furðu. Látum það vera, þó að þessi hv. þm. og málgagn hans reyni að nota hvert tækifæri, m. a. þetta, til þess að kasta hnútum að pólitískum andstæðingum sínum og gera það allt sem tortryggilegast, sem þeir gera. Ég hefði þó sannast sagna ekki búizt við hinu, að hann leyfði sér á Alþingi að vera með önnur eins ummæli í garð hinna þriggja hæstaréttardómara og lesa mátti út úr hans ræðu. Hann gefur fyllilega í skyn, að þessir þrír hæstaréttardómarar hafi alls ekki kynnt sér málið nógu vel eða til fullnustu, áður en þeir kváðu upp sinn dóm, og þess vegna sé viðbúið eða jafnvel líklegt, að niðurstaðan hefði orðið allt önnur, ef málið hefði fengið nægilega athugun. Ég vil telja þessi ummæli svo *fyrir neðan allar hellur*, að það er furðulegt jafnvel, að þessi þm. skuli láta sér sæma slík ummæli. Það vita allir, að hæstaréttardómararnir á Íslandi njóta alveg óvenjulegs trausts fyrir sakir hæfileika, heiðarleika, réttdæmis og reynslu sinnar sem dómendur. Og þó að menn einstaka sinnum af pólitískum ástæðum í ómerkilegum blöðum teiji sér sæma til þess að reyna að ná sér niðri á pólitískum andstæðingum að láta þá hæstaréttardómarana fá einhverjar hnútur í leiðinni, þá finnst mér það fyrir neðan virðingu Alþingis, að þm. skuli leyfa sér slíkt eins og þessi þm. hefur gert hér, og mótmæli því algerlega.

Eysteinn Jónsson: Það var aðeins út af þessu síðasta, sem hæstv. ráðh. sagði, sem ég vildi segja fáein orð, vegna þess að fyrirspyrjandi hefur ekki rétt til að taka til máls aftur. Þessi hæstv. ráðh. hafði sama hátt á og aðrir hans kollegar hafa stundum haft, að hann virðist ætla að notfæra sér það ósleitilega, nú síðast til að koma þeirri hugmynd inn hjá hv. alþm. og þeim, sem á hlýða, að hv. fyrirspyrjandi hafi verið með ósæmilegar dylgjur í garð þeirra hæstaréttardómara, sem voru skipaðir í gerðardóminn. En það, sem fyrirspyrjandi sagði, var, að það lægi ekkert fyrir, sem tryggði eða gerði augljóst, að það hefði orðið nákvæmlega sama niðurstaða, ef það hefði verið farin venjuleg leið, sem sé dæmdur undirréttardómur og málið sótt þar og varið og síðan dæmdur hæstaréttardómur. Hann sagði, að það væri engin ástæða til þess að slá því föstu eða það væri nokkur trygging fyrir því, að það hefði orðið *sama* niðurstaða með því móti. Út úr þessu snýr svo hæstv. ráðh. — lætur sér sæma að snúa þannig út úr *þessu, að þetta beri að skoða sem dylgjur í garð* þeirra þriggja dómara, sem voru skipaðir í gerðardóminn.

En samkvæmt þeim hugsunarhætti þessa hæstv. ráðh., ef það er alveg fullkomið réttaröryggi í því að hafa aðeins þrjá af dómurum hæstaréttar til þess að fjalla um mál og einskis annars þarf með, til þess að það sé algerlega öruggt, að með þau sé tryggilega farið, hvers vegna hafa Íslendingar þá tvö dómstig? Vill ekki hæstv. ráðh. svara því? Hvers vegna hafa Íslendingar þá tvö dómstig, og hvers vegna eru þá hafðir fimm dómarar í hæstarétti, ef það eru ósæmilegar dylgjur í garð þriggja af dómurunum, þegar þeir sitja saman, að segja, að það sé ekki tryggt, að út úr því komi undir öllum kringumstæðum hið sama og ef málið fer venjulega leið fyrir dómstólunum? Ég segi: Er það sæmilegt af hæstv. ráðh. að leyfa sér slíkan málflutning eins og þennan? Og hvernig ber að skilja svona málflutning? Það ber auðvitað helzt að skilja þetta þannig af hendi hæstv. ráðh., að það sé algerlega óþarfi að hafa tvö dómstig, það sé út í bláinn að hafa þau tvö og út í bláinn að hafa fimm dómara í hæstarétti.

En til hvers er það gert? Það er gert til þess, að málin fái ýtarlegri athugun, fram komi meiri sókn og meiri vörn fyrir tveimur dómstólum, og til þess, að fleiri menn fjalli um málin. Þetta veit hæstv. ráðh. mætavel, en samt sem áður lætur hann sér sæma að leggja orð hv. þm. út á þessa lund, sem hann gerði.

Vitanlega eru dómstigin höfð tvö til að tryggja meira réttaröryggi, til að tryggja, að málin séu betur skoðuð, og einmitt þetta, að það eru tvö

dómstig, er gleggsta yfirlýsingin um, að það er ekki talið nógu öruggt að hafa eitt.

Ég skal svo ekki blanda mér að öðru leyti inn í þessar umr. og hefði ekki gert það, ef þetta tilefni hefði ekki gefizt. En ég vil svo segja, að mér koma þannig fyrir sjónir þau fordæmi, sem hæstv. ráðh. nefndi, að þar sé ekki í raun og veru fordæma að leita fyrir því, sem hér hefur átt sér stað. Get ég þó ekki fullkomlega um það dæmt, þó að ég heyri málin nefnd á þá lund, sem hæstv. ráðh. gerði. En mér heyrðust flest af þessum málum vera þannig vaxin, að þar væri um að ræða að meta upphæðir skaðabóta, flest af þeim voru þannig vaxin og svo t. d. kaupverð á togurum. Það mun hafa verið deila um, hvernig ætti að skipta heildarkaupverði heils togaraflota á einstök skip. Og er það — og sennilega flest, ef ekki allt það, sem hæstv. ráðh. þarna taldi, alls ósambærilegt við að leggja undir slíkan gerðardóm stórkostlegt prinsipmál, eins og hér hefur verið gert. En það hefði verið eðlilegra, þar sem um svo stórfellt prinsipmál var að ræða, að það hefði gengið sinn eðlilega gang.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Tilraun hv. 1. þm. Austf. (EystJ) til þess að bera blak af hv. fyrirspyrjanda var mjög misheppnuð. Hann lagði hv. fyrirspyrjanda í munn allt önnur orð en þau, sem hann viðhafði. Það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði og ég gagnrýndi harðlega, var, að þetta mál mundi ekki hafa fengið nægilega athugun í gerðardóminum og viðbúið, að allt önnur niðurstaða hefði fengizt í hæstarétti við nánari athugun málsins. Nú er það vitanlegt, að það eru þessir hinir sömu hæstaréttardómendur, sem mundu að sjálfsögðu dæma um málið í hæstarétti, og ummæli þessa hv. þm. sögðu því það beinlínis, að hinir þrír hæstaréttardómendur í gerðardóminum hefðu alls ekki athugað málin nægilega vel ofan í kjölinn og þess vegna væri dómur þeirra væntanlega að litlu hafandi. Slíkum ummælum vil ég ekki láta vera ómótmælt.

Eysteinn Jónsson: Eins og allir hv. þm. hafa sjálfsagt áttað sig á, fór ég alveg rétt með það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði. En það var þetta: að það væri engin trygging fyrir því, að það hefði orðið sama niðurstaða, ef málið hefði gengið fyrir tvö dómstig og hæstiréttur verið fullskipaður, byggði það á því, að þegar málið færi fyrir tvö dómstig, eins og ætlazt er til um þess konar mál, þá væri aukin trygging fyrir því, að öll atriði kæmu fram, sem máli skiptu í því sambandi. Þetta eru einfaldlega rökin fyrir því, að dómstigin í landinu eru höfð tvö. Rökin eru þau, að málin fái betri athugun og meiri athugun. Það voru þessi almennu rök fyrir því, að á Íslandi eru tvö dómstig, sem hæstv. ráðh. leyfði sér að leggja út sem svívirðingar í garð þriggja gerðardómsmanna. Og hann kemst engan veginn út úr því, að vilji hann standa við gífuryrði sín í þessu sambandi, þá er það sama og yfirlýsing um, að það sé algerlega ófyrirsynju að hafa tvö dómstig.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. leggur á það mikla áherzlu nú, hversu mikil trygging sé að tveim dómstigum og það sé þess vegna rangt að gera undanþágur frá því og semja um gerðardóm. En ef þessi er skoðun þessa hv. þm., hvernig í ósköpunum stendur á því, að hann hefur í fleiri dæmum en nokkur annar ráðh. á Íslandi samið um að víkja frá hinni venjulegu dómstólaleið um tvö dómstig og samið sjálfur um gerðardóm? Í flestum þeim dæmum, sem ég gat um hér áðan, er það þessi hv. þm., Eysteinn Jónsson, sem hefur samið um gerðardóm. Og eins og ég segi, ég veit ekki til, að neinn annar ráðh. á Íslandi hafi samið jafnoft um gerðardóm. En núna, þegar ég sem um gerðardóm með þremur hæstaréttardómurum til að úrskurða í þessu máli, þá á það að vera eitthvert reginhneyksli. Nei, það vantar hér eins og oftar samræmið hjá þessum hv. þm.

26. Málaleitan Nýasalandsmanna.

Á 28. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um málaleitan Nýasalandsmanna um að kæra Breta fyrir mannréttindanefnd Evrópuráðsins [102. mál] (A. 223).

Á 29. fundi í Sþ., 24. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 32. og 36. fundi í Sþ., 30. marz og 6. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 20. apríl, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum kom hingað til lands einn af foringjum þjóðfrelsishreyfingar Nýasalandsmanna, Kayama Kiume, ásamt fylgdarliði sínu. Erindi hans hingað var að reyna að fá ríkisstj. Íslands til þess að leggja fram kæru í mannréttindanefnd Evrópuráðsins á hendur Bretum fyrir framferði þeirra í heimalandi hans á s. l. ári, en þá sendu Bretar herlið inn í landið frá Suður-Rhódesíu undir því yfirskini, að íbúar Nýasalands brugguðu samsæri í þeim tilgangi að myrða hvítu landnemana þar. Í þessum herleiðangri felldu Bretar 60 menn, þ. á m. konur og börn, og handsömuðu um 1000 menn án dóms og laga og halda mörgum þeirra enn þá föngnum. Meðal þeirra manna, sem Bretar handtóku í þetta skipti, var dr. Kamutsu Banda, leiðtogi þjóðfrelsishreyfingar Nýasamanna. Dr. Banda er hámenntaður maður, læknir, sem um margra ára skeið hafði stundað læknisstörf í Bretlandi og Bandaríkjunum við góðan árangur, en hvarf frá starfi sínu og öryggi og fluttist til heimalands síns í þeim tilgangi að gerast foringi þjóðernishreyfingarinnar þar, hvað hann varð og mjög brátt.

Einmitt vegna þess, að Íslendingar eru smáþjóð, sem skilur, að tilvera hennar er undir því komin, að réttur og réttlæti ríki í skiptum stórra og

smárra þjóða heimsins, og sérstaklega vegna sögulegrar, aldalangrar baráttu fyrir eigin frelsi munu Nýasamennirnir, sem hér voru á ferðinni, hafa gert sér vonir um, að Íslendingar mundu fúsir til að hjálpa smáþjóð suður í hinni svörtu Afríku, sem nú heyr frelsisstríð sitt með því að kæra villimannlegt framferði í þeirra garð fyrir þeirri stofnun Evrópuráðsins, sem dæma á um, hvort sjálfsögð og viðurkennd mannréttindi séu í heiðri höfð í aðildarríkjunum. Það einasta eina, sem um var beðið, var, að íslenzka ríkisstj. kæmi málefnunum fyrir dóm, sem síðar mundi um þau fjalla eftir löglegum leiðum.

Þegar Kiume fór héðan, lét hann m. a. hafa það eftir sér í blöðum, að hann væri mjög ánægður með erindislokin. Tveir stjórnmálaflokkar, Framsfl. og Alþb., hefðu lýst yfir fylgi sínu við erindi sitt. Ýmsir þm. og ráðamenn aðrir hefðu tekið mjög vel undir málaleitan sína, m. a. var því yfirlýst, að stjórn SUJ, Sambands ungra jafnaðarmanna, mundi málinu fylgjandi. Kiume fór héðan í þeirri góðu trú, að Íslendingar mundu bráðlega verða við beiðni sinni.

Þegar rúmar fimm vikur voru liðnar frá brottför Kiumes héðan af landi, án þess að nokkuð heyrðist frá hæstv. ríkisstj. um málið, og mjög mikil óvissa var ríkjandi um afstöðu hennar í því, var ákveðið af þingflokki Framsfl., að ég bæri fram fsp. þá, sem liggur frammi á þskj. 223. Þingflokkur framsóknarmanna hafði samþ. á fundi 22. febr. s. l. að styðja af alefli málaleitan Nýasamanna, og fulltrúi flokksins í utanrmn. hafði skýrt þar frá þessari afstöðu hans. Fsp. þessa átti að ræða á fundi í Sþ. þann 30. marz s. l., en var þá frestað að beiðni hæstv. utanrrh. Nú í dag eru aðstæður allar breyttar við það, að dr. Banda hefur verið látinn laus og viðræður hafa verið upp teknar á milli hans og nýlendustjórnarinnar brezku um framtíð Nýasalands. Breytir þetta að sjálfsögðu málinu öllu, og vafasamt er, hvort Nýasalandsmenn halda fast við málaleitan sína, þótt mér sé ekki kunnugt um, að þeir hafi afturkallað hana formlega enn þá. Vegna þessara breyttu ástæðna sé ég ekki ástæðu til þess að leita eftir svari hæstv. ráðh. við fsp. minni.

27. Útflutningssjóður.

Á 5. fundi í Sþ., 2. des., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um afkomu útflutningssjóðs [31. mál, 2] (A. 41).

Á 6. fundi í Sþ., 3. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 44 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sþ., 3. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Það er aðdragandi þessarar fsp., að ég sneri mér til fyrrv. hæstv. ríkisstj. og bað hana um að fá upplýsingar um efnahagsmálin, sem ég vissi að hlutu að hafa verið teknar saman af efnahagsmálaráðunaut hæstv. ríkisstj. Bað ég um annaðhvort að fá það, sem ríkisstj. hefði sjálf fengið handa sér um þessi efni, eða þá a. m. k. útdrátt úr því, en mér var neitað um þessar upplýsingar. Ég fór enn fremur fram á það við núv. hæstv. ríkisstj. að fá upplýsingar um þessi efni, og útkoman varð sú sama. Þá vildi ég reyna þá leið til þess að fá þó einhverja hugmynd um vissa þætti í þessum efnum að notfæra mér þann rétt, sem þingmenn hafa til þess að gera fyrirspurnir, og samdi þess vegna þá fsp., sem hér liggur fyrir, um afkomu útflutningssjóðs á árinu 1959 og hvers væri að vænta fyrir það ár, sem nú er byrjað.

Ég ætlaðist auðvitað til þess að fá svar við þessari fsp. fyrir jól, áður en ráðstafanir væru ákvarðaðar í efnahagsmálunum, og er löng saga af því öllu. En fyrir ofríki hæstv. ríkisstj. og hv. þingmeirihluta og ofurkapps að senda þingið heim, án þess að upplýsingar væru gefnar um þessi mál, þá komst þessi fsp. ekki á dagskrá fyrir jólin. Það má kannske segja, að hún sé að vissu leyti úrelt orðin, ef það kæmi nú t. d. fram, að í grg. þeirra frv., sem nú á að fara að leggja fram hér á Alþingi, væru þær upplýsingar, sem þarna er beðið um.

En ég sé enga ástæðu til að taka þessa fsp. til baka, því að það er þýðingarmikið að fá þessar upplýsingar, jafnvel þótt seint sé, og jafnvel þótt þær kynnu að koma annars staðar fram einnig, þá sé ég ekki annað en fyrirspurnin eigi fullan rétt á sér. Ég þarf ekki að endurtaka efni hennar, og hún skýrir sig sjálf.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér þykir leitt, að ég vissi ekki fyrr en ég kom á fundinn, að þetta mál yrði tekið hér fyrir, og hef þess vegna ekki undirbúið mig undir það að svara því. Hins vegar skal ég lofa hv. þm. því, að ég skal hafa þetta til á næsta fundi, sundurliðuð svör við öllum þessum fjórum fsp.

En út af því, sem hv. þm. sagði að öðru leyti um það, að ef til vill mundi ekki lengur vera tímabært að spyrja á þá leið, sem hér er gert, vegna þess að efnahagsráðstafanirnar, sem spurningarnar eru bornar fram í sambandi við, mundu nú vera ráðnar, þá er því til að svara, að væntanlega verður frv. um þær lagt fram hér á Alþingi í dag. Í grg. fyrir því frv. felast að nokkru leyti svör við þeim spurningum, sem hér eru settar fram. En ef hv. þm. óskar eftir því, að þeim sé svarað eins og spurningar á þessu þskj. eru settar fram, þá skal ég að sjálfsögðu gera það, næst þegar málið verður tekið á dagskrá. En ég vil endurtaka það, að ég hafði ekki séð dagskrána, þegar ég kom hingað niður eftir, og gat þess vegna ekki undirbúið mig undir að svara þessari fyrirspurn hv. 1. þm. Austf.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins geta þess til skýringar, að þar sem ég talaði um, að þessar fsp. væru máske óþarfar, þá átti ég við, að það kynni að vera, að í grg. frumvarpanna frá hæstv. ríkisstj. væri allt, sem þyrfti, til þess að

sjá svörin við þeim. En ef það sést ekki allt í þeim greinargerðum, vil ég eindregið óska eftir því, að hæstv. ráðherra svari þeim, eins og hann hefur gert ráð fyrir.

Umr. frestað, en fsp. var ekki á dagskrá tekin framar.

28. Skaðabætur vegna endurbóta á vegakerfi.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um skaðabætur vegna endurbóta á vega- og brúakerfi landsins [177. mál] (A. 581).

Fsp. var aldrei tekin á dagskrá.

VIÐBÆTIR

Gerðardómur

í málinu Kaupfélagið Þór á Hellu gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.
(Sbr. svar við fsp.: Skaðabótakröfur á hendur ríkissjóði, 488. dálk að framan).

I.

Með gerðardómssamningi, dags. 19. febrúar 1960, undirrituðum af Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Kaupfélagsins Þórs á Hellu í Rangárvallahreppi og Sigtryggi Klemenzsyni ráðuneytisstjóra og Sigurði Jóhannssyni vegamálastjóra f. h. ríkissjóðs, var ákveðið, að gerðardómur, skipaður þremur af dómurum Hæstaréttar, skyldi úrskurða, „hvort ríkissjóður Íslands kunni að bera bótaskyldu gagnvart Kaupfélaginu „Þór" á Hellu í Rangárvallasýslu vegna fyrirhugaðra breytinga á brúarstæðinu yfir Ytri-Rangá og þá um leið þjóðveginum á þeim slóðum." Gerðardómurinn skyldi bæði dæma um bótaskylduna og upphæð bóta, ef til kæmi, og niðurstaða gerðardómsins verða fullnaðarúrlausn. Aðiljar nefndu síðan í gerðardóminn hæstaréttardómarana Þórð Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson.

Fyrir gerðardóminum hafa flutt málið þeir Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður f. h. sóknaraðilja, Kaupfélagsins Þórs, og Einar Ásmundsson hæstaréttarlögmaður f. h. varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Fyrirsvarsmenn aðilja hafa safnað gögnum og lagt fram greinargerðir um málið. Þá hafa gerðardómendur og fyrirsvarsmenn aðilja farið austur að Hellu og kynnt sér staðhætti og húsakost Kaupfélagsins Þórs. Samkvæmt heimild í gerðardómssamningnum hafa gerðardómendur kvatt Björn Rögnvaldsson byggingameistara sér til aðstoðar og leiðbeiningar um tæknileg atriði. Að lokinni gagnasöfnun fór fram munnlegur málflutningur fyrir gerðardóminum.

II.

Kaupfélagið Þór var stofnað árið 1939. Valdi það sér stað að Hellu í Rangárvallahreppi og reisti þar verzlunarhús við þjóðveginn skammt frá austurenda brúarinnar á Ytri-Rangá. Eftir að kaupfélagið hóf starfsemi sína, myndaðist smám saman kauptún á Hellu, og hefur íbúum farið þar fjölgandi. Auk venjulegrar verzlunar, þar á meðal sölu á olíu og benzíni, rekur kaupfélagið brauðgerðarhús, frystihús, bifreiðaviðgerðir, járnsmiðju, trésmiðju og kvikmyndahús.

Árið 1947 fór Kaupfélagið Þór þess á leit við Skipulagsnefnd ríkisins, að hún hlutaðist til um, að kauptúnið að Hellu yrði fljótlega skipulagt með tilliti til áframhaldandi bygginga. Í Skipulagsnefnd ríkisins eiga sæti vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari ríkisins. Fer hún með stjórn skipulagsmála undir yfirstjórn stjórnarráðsins samkvæmt 14. gr. laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa nr. 55/1921, sbr. 4. gr. laga nr. 64/1938. Skipulagsstjóri ríkisins, sem skipaður er af ríkisstjórninni, annast framkvæmd skipulagsmála.

Hinn 19. janúar 1951 var uppdráttur að skipulagi kauptúnsins að Hellu, dags. 8. s. m., lagður fyrir Skipulagsnefnd ríkisins. Voru þá á fundi vegamálastjóri og vitamálastjóri, en húsameistari ríkisins fjarverandi. Á fundi þessum var rætt um brúarstæði á Ytri-Rangá og legu þjóðvegarins gegnum kauptúnið. Var það álit nefndarinnar, að brúin yrði breikkuð og höfð á sama stað og hún er nú, en þjóðbrautin í beinu framhaldi af brúnni upp í gegnum kauptúnið, í stað þess að beygja til hægri niður með ánni, eins og vegurinn hefur legið.

Hinn 30. janúar 1951 sendi Skipulagsnefnd ríkisins oddvita Rangárvallahrepps skipulagsuppdráttinn. Oddvitinn hlutaðist til um, að uppdrátturinn væri almenningi til sýnis tilskilinn tíma samkvæmt 12. gr. laga nr. 55/1921. Komu þá fram nokkrar athugasemdir við uppdráttinn, sem skipulagsnefndin virðist ekki hafa viljað taka til greina. Lá málið svo niðri um hríð.

Árið 1953 brunnu verzlunarhús Kaupfélagsins Þórs á Hellu. Vegna væntanlegrar endurbyggingar verzlunarhúss varð nú aðkallandi að fá skipulagsuppdráttinn staðfestan, svo að unnt yrði að reisa húsið í samræmi við skipulagið.

Vegamálastjórnin hafði samið frumvarp til laga um brúargerðir, sem lagt var fyrir Alþingi 1953. Var þá á Alþingi tekið upp í frumvarpið ákvæði um endurbyggingu brúar yfir Ytri-Rangá á Suðurlandsvegi, og varð það að lögum, sbr. lög nr. 37 8. apríl 1954, 2,d,5. Á þessum tíma var fyrirhugað af vegamálastjórninni, eins og nánar verður getið síðar, að nýja brúin yrði sett um 60 metra fyrir ofan (norðan) gömlu brúna. Hafði þegar í júní **1953 verið teiknuð brú með þessa staðsetningu fyrir augum.**

Skipulagsnefndin tók nú skipulagsmál Hellukauptúns fyrir að nýju. Var skipulagsuppdrættinum frá 8. janúar 1951 breytt til samræmis við hina nýju fyrirætlun vegamálastjórnarinnar um brúarstæðið. Eftir að hinn breytti uppdráttur hafði legið frammi í Rangárvallahreppi lögmæltan tíma og engar at-

hugasemdir borizt, samþykkti hreppsnefnd Rangárvallahrepps hann fyrir sitt leyti, eins og hann lá fyrir. Félagsmálaráðuneytið staðfesti síðan skipulagsuppdráttinn hinn 2. apríl 1954 samkvæmt 15. gr. laga nr. 55/1921.

Þegar eftir að skipulagsuppdrátturinn hafði verið staðfestur, ákvað Kaupfélagið Þór að hefja byggingu verzlunarhússins. Í aprílmánuði 1954 fór þáverandi skipulagsstjóri ríkisins austur að Hellu ásamt arkitekt kaupfélagsins til þess að velja húsinu stað. Á hinum staðfesta skipulagsuppdrætti var gert ráð fyrir einu verzlunarhúsi miðsvæðis í kauptúninu, en í samráði við skipulagsstjóra ríkisins og hreppsnefnd var nú ákveðið að staðsetja hið fyrirhugaða verzlunarhús um 170 metrum norðar, á þeim stað, sem verzlunarhús kaupfélagsins hafði áður staðið. Hefur þáverandi skipulagsstjóri vottað, að eðlilegast hafi þótt að velja húsinu þennan stað, miðað við brúarstæðið og þjóðbrautina.

Kaupfélagið hóf byggingarframkvæmdir í maímánuði 1954, en smíði hússins var lokið fyrra hluta árs 1955. Húsið er byggt úr steinsteypu, tvær hæðir og kjallari undir því hálfu. Grunnflötur þess er 318,15 fermetrar, en rúmmál 2463,92 rúmmetrar. Kveður kaupfélagið byggingarkostnað hafa numið kr. 2.600.000,00.

Í greinargerðum núverandi vegamálastjóra, sem lagðar hafa verið fyrir gerðardóminn, er frá því skýrt, að á árunum 1952 og 1953 hafi verið uppi ráðagerðir um flugvallargerð á Rangársöndum á vegum varnarliðs Bandaríkjanna og vegalagningu í því sambandi. Af því tilefni hafi verið gerðar athuganir um endurbyggingu brúarinnar á Ytri-Rangá. Voru þá mæld tvö brúarstæði, annað (brúarstæði I) um 60 metra fyrir ofan gömlu brúna, en hitt (brúarstæði II) um 500 metra fyrir neðan hana. Hafi brúarstæði II verið augljóslega heppilegast af tæknilegum ástæðum fyrir Suðurlandsveg. Varnarlið Bandaríkjanna og aðili á þess vegum hafi hins vegar talið brúarstæði I hentara fyrir hinn fyrirhugaða flugvöll, með því að væntanlegan veg að honum átti að leggja upp með austurbakka Ytri-Rangár. Af þessum ástæðum muni brúarstæðið á Ytri-Rangá hafa verið markað inn á hinn staðfesta skipulagsuppdrátt, svo sem þar var gert. Hvað sem líði ráðagerðum Skipulagsnefndar ríkisins á árunum 1950—1951 um endurbyggingu og breikkun brúarinnar, þá hafi engar mælingar né áætlanir verið gerðar um brúargerðina fyrr en haustið 1952. Árið 1953 hafi verið unnið fyrir aðilja á vegum varnarliðsins að teikningum og botnrannsóknum að brú á Ytri-Rangá 60 metrum fyrir ofan gömlu brúna (brúarstæði I), en engar áætlanir eða rannsóknir gerðar á neðra brúarstæðinu (brúarstæði II).

Þá kveður vegamálastjóri, að á næstu árum eftir 1953 hafi ekki verið unnið frekar að áætlunum um nýja brú á Ytri-Rangá, þar sem fyrirætlanir varnarliðsins um flugvallargerð á Rangársöndum hafi verið lagðar á hilluna, en ekkert fé verið fyrir hendi í brúasjóði til brúargerðarinnar. Leið svo og beið til ársins 1958, en þá ákvað samgöngumálaráðuneytið eftir tillögu vegamálastjóra í bréfi, dags. 1. júlí 1958, að á árunum 1959—1961 skyldi fé brúasjóðs meðal annars varið til að byggja nýja brú á Ytri-Rangá. Var þá síðara hluta sumars 1958 og veturinn 1959 unnið að viðbótarmælingum við Ytri-Rangá til þess að fá úr því skorið, hvaða lausn á brúarmálinu væri hagkvæmust bæði fjárhagslega og tæknilega. Um þessi atriði segir svo í greinargerð vegamálastjóra, dags. 11. marz 1960:

„Við val á veglínum og brúarstæðum er miðað við vegareglur frá 1958, en þar eru allir vegir flokkaðir í fjóra flokka. Vegareglur þessar eru að mestu leyti sniðnar eftir vegareglum norsku vegamálastjórnarinnar, og samkvæmt þeim er gert ráð fyrir, að Suðurlandsvegur austan Selfoss verði í öðrum flokki. Um vegi í þessum flokki eru gerðar þær lágmarkskröfur, að vegbreiddin sé 7 metrar, minnsta sjónlengd milli farartækja á veginum 150 metrar og minnsti radíus í lóðréttum fleti sé á hæð 1600 metrar og í lægð 1000 metrar. Minnsti radíus í beygjum sé 300 metrar og halli hvergi meiri en 7%, eða 1:14. Á vegi, sem uppfyllir þessar kröfur, er talið óhætt að aka með fullu öryggi á 80 km hraða, en verði að slaka á einhverjum af þessum lágmarkskröfum, verður að minnka hraðann sem því svarar. Við val á veglínum í mishæðóttu landi og fjallendi veldur það einna mestum erfiðleikum að uppfylla lágmarkskröfur um sjónlengd, þ. e. a. s. uppfylla lágmarkskröfurnar um radíus í beygjum í láréttu og lóðréttu plani, þar sem það er talið mjög óráðlegt hér að skera vegi niður í hæðir vegna þess, að slíkir staðir safna yfirleitt að sér fönn að vetrarlagi.

Að nýrri brú á Ytri-Rangá voru aðallega athugaðar tvær tillögur, I og II. Samkvæmt tillögu I yrði hin nýja brú um 60 m ofan við gömlu brúna, eða á svipuðum stað og sýnt er á skipulagsuppdrætti frá 2. apríl 1954. Þar sem vesturbakki árinnar er um 14 m hærri en vatnsborðið á brúarstæðinu, verður að mynda 130 m langa skeringu í bakkann til þess að koma vegi niður að brúnni, og liggur þó veglínan í lítils háttar lægð í bakkanum. Á 60 m kafla af þeim 130 m, sem skera þarf veginn niður á, er gröfturinn 4 m djúpur um vegmiðju, en 6—8 m til hliðanna vegna þess, að bakkinn hækkar til beggja handa. Þrátt fyrir þennan mikla niðurskurð verður ekki hægt að fá minni halla en 1:12 og radíus í lóðréttu plani verður ekki gerður stærri en 1250 metrar, þó að 1600 metrar sé talið lágmarkið, og við það minnkar sjónviddin úr 150 m í um 100 m. Til þess að ná sambandi við gamla veginn verður að leggja bugðu með 215 m radíus, þó að lágmarkið sé talið 300 m. Þegar austur fyrir brúna kemur, verður vegurinn að liggja allnærri húsum, sem þegar hafa verið byggð, og síðan verður að sveigja veginn með 140 m radíus austan við þorpið, þar sem ekki þótti tiltækilegt að leggja veginn austur í gegnum hæðirnar austan við þorpið og þvert yfir flugvöllinn, sem nýlega hefur verið gerður austan við Hellu. Verður veglínan því að liggja austan við þorpið um 200 m austan við núverandi veg og nær samsíða honum, og liggur vegurinn þá um mýrarslakka, sem í myndast tjörn að vetrarlagi, er getur orðið allt að 1½ m að dýpt. Til þess að tengja veginn við núverandi veg sunnan og austan þorpsins yrði að hafa bugðu með 160 m radíus. Öll þessi veglína verður um 1500 m á lengd, og á henni eru 3 láréttar bugður með mun minni radíus en lágmarkskröfur heimta af vegi í þessum flokki, og minnsta sjónlengd vestan brúar verður um 50 m minni en lág-

markskröfur segja til um, og yrði þar af þeim sökum að minnka leyfilegan aksturshraða niður í 45 km. Í sveignum næst austan við þorpið, sem er með 140 m radius, yrði 150 m sjónlengd ekki náð nema með því að rífa niður tvö útihús við íbúðarhús, sem þegar eru komin þar. Á þessum stað kemur einnig gata úr þorpinu á veginn, og yrði að öllum líkindum að loka þeirri innkeyrslu á hinn nýja veg vegna hinnar takmörkuðu sjónlengdar. Þessi veglína liggur í 7—9 m fjarlægð frá tveimur íbúðarhúsum, sem þegar eru komin á þessum stað, og nokkur hús standa einnig norðan veglínunnar. Búast má við því, að byggðin færist norður fyrir veginn, og eykur það að sjálfsögðu mjög slysahættu á svo fjölförnum vegi sem Suðurlandsvegur er.

Á veglínu þeirri, sem merkt er tillaga II, er gert ráð fyrir, að ný brú komi um 500 m sunnar en núverandi brú, og er gert ráð fyrir því, að þar sem brúin kemur örlítið skáhallt á ána, þá verður hún 84 m löng, eða um 4 m lengri en brúin samkvæmt tillögu I. Á þessari veglínu þarf hvergi að skera veginn niður í árbakkana, og aðeins á einum stað þarf að nota lágmarksradíus í láréttri beygju, eða 300 m radíus, og er það skammt vestan við brúna. Mesti halli á þessari veglínu verður 1:25, eða 4%, og er hann helmingi minni en mesti halli á tillögu I. Rifleg sjónlengd er alls staðar á þessari veglínu.

Gerðar voru kostnaðaráætlanir um byggingu brúa og nauðsynlega vegagerð samkvæmt tillögu I og II, og reyndist kostnaður við þær vera nær alveg hinn sami, eða 5.1 millj. kr. Þar sem enginn kostnaðarmunur var á þessum tillögum, en tillaga I hafði marga og mikla tæknilega galla, taldi ég sjálfsagt, að tillaga II yrði valin."

Með skírskotun til framangreindra raka lagði vegamálastjóri svo til í bréfi til samgöngumálaráðuneytisins, dags. 21. júlí 1959, að hin nýja brú yrði staðsett samkvæmt tillögu II.

Þegar stjórn Kaupfélagsins Þórs varð þess áskynja, að fram var komin tillaga um annað brúarstæði en það, sem skipulagsuppdrátturinn var miðaður við, ritaði hún samgöngumálaráðuneytinu bréf, dags. 25. júlí 1959, og benti á, að vegna staðsetningar verzlunarhúss kaupfélagsins mundi hin ráðgerða breyting á brúarstæðinu draga mjög úr viðskiptum ferðamanna við kaupfélagið og baka því margvíslegt óhagræði. Geti ekki hjá því farið, að kaupfélagið bíði gífurlegt tjón, verði brúin byggð samkvæmt hinni nýju ráðagerð.

Hinn 13. ágúst 1959 fóru fram umræður um málefni þetta milli samgöngumálaráðherra og vegamálastjóra annars vegar og framkvæmdastjóra Kaupfélagsins Þórs hins vegar. Var þá gert ráð fyrir, að bótakröfur yrðu uppi hafðar af hálfu kaupfélagsins, ef breytt væri um staðsetningu brúarinnar frá því, sem sýnt væri á skipulagsuppdrætti. Hinn 18. ágúst 1959 ritaði kaupfélagið vegamálastjóra og gerði nánari grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Samkvæmt skýrslu vegamálastjóra ákvað samgöngumálaráðherra hinn 31. ágúst 1959, að hefja skyldi framkvæmdir við byggingu brúar yfir Ytri-Rangá samkvæmt tillögu II. Var byrjað á verkinu í lok september 1959 og á því ári gerðar undirstöður flestra brúarstöpla. Ráðgert er, að brúargerðinni verði lokið á árinu 1960.

Þegar fullnaðarákvörðun hafði verið tekin um, að brúin skyldi byggð á þeim stað, sem að framan greinir, hóf Skipulagsnefnd ríkisins undirbúning að því að gera nýjan skipulagsuppdrátt fyrir Hellukauptún. Samkvæmt endurriti úr fundagerðabók skipulagsnefndarinnar var á fundi hennar hinn 15. janúar 1960 lagður fram nýr skipulagsuppdráttur, „er miðaður er við það brúarstæði, sem ákveðið hefur verið yfir Rangá". Samþykkti skipulagsnefndin hina nýju staðsetningu brúarinnar og hinn nýja tillöguuppdrátt í aðalatriðum. Var uppdráttur þessi síðan hinn 22. janúar 1960 sendur hreppsnefndaroddvita Rangárvallahrepps til athugunar, og er það mál ekki lengra á veg komið. Þess má geta, að í bréfi, dags. 5. september 1959, hafði hreppsnefndin mótmælt hinni nýju brúarstaðsetningu og breytingu á hinum staðfesta skipulagsuppdrætti.

III.

Fyrir gerðardóminum hefur Kaupfélagið Þór gert þær kröfur, að því verði ákveðnar bætur úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 3.033.333,33 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. júlí 1959 til 1. marz 1960, en 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafizt annarrar fjárhæðar eftir mati gerðardómsins. Þá krefst kaupfélagið og þess, að ríkissjóði verði gert að greiða allan kostnað af rekstri málsins fyrir gerðardóminum, þar á meðal málflutningsþóknun til fyrirsvarsmanns félagsins.

Af hálfu ríkissjóðs er krafizt sýknu og að Kaupfélaginu Þór verði gert að greiða allan kostnað við gerðardóminn, þar á meðal málflutningsþóknun til fyrirsvarsmanns ríkissjóðs fyrir gerðardóminum.

Bótakröfu sína rökstyður kaupfélagið með því, að verzlunarhús þess hafi verið staðsett við þjóðveginn meðal annars með það fyrir augum að ná viðskiptum við ferðamenn, sem um veginn fara, enda séu slík viðskipti drjúgur þáttur í rekstri þess. Með hinu staðfesta skipulagi og íhlutun skipulagsyfirvalda um staðsetningu hússins hafi verið lagður sá traustgrundvöllur, sem félagið hafi byggt á, er það réðst í að reisa hið dýra verzlunarhús á árunum 1954—1955. Staðsetning nýju brúarinnar og hið breytta skipulag hafi í för með sér, að verzlunarhúsið komist úr þjóðleið og almannaumferð bægt frá því. Til þess að ná sömu ferðamannaviðskiptum eftir breytinguna og áður hafa átt sér stað, verði félagið að ráðast í mjög fjárfrekar aðgerðir, annaðhvort með byggingu nýs fullkomins verzlunarhúss við þjóðveginn í nánd við nýju brúna, en við það rýrni mjög notagildi núverandi verzlunarhúss, eða með byggingu annars smærra verzlunarhúss á svipuðum stað, en slíkt hafi einnig í för með sér mikið óhagræði, meðal annars í auknu mannahaldi. Er hin tilgreinda fjárkrafa kaupfélagsins við það miðuð, að reist verði nýtt fullkomið verzlunarhús í stað hins eldra. Þá kveður kaupfélagið og, að mjög muni rýrna verðgildi annarra húsa þess, sem það notar í rekstri sínum og staðsett eru í nánd við verzlunarhúsið.

Af hálfu ríkissjóðs er sýknukrafan rökstudd með því, að af tæknilegum ástæðum og með greiða og örugga umferðarleið fyrir augum hafi verið óhjákvæmilegt að staðsetja nýju brúna svo sem gert hefur verið. Hafi vegamálastjóri gert glögga grein

fyrir þessu í erindum þeim, sem fram hafa komið í málinu af hans hendi. Þessi breyting hafi horft svo til bóta, að ekki hafi verið áhorfsmál að gera hana. Ákvörðunin um nýju brúna sé tekin af samgöngumálaráðherra eftir tillögum vegamálastjóra, þ. e. af réttum yfirvöldum, sem óbundin séu af gerðum skipulagsyfirvalda, þegar ákveða þarf vegarstæði eða brúarstæði. Mörkun brúarstæðis á hinn staðfesta skipulagsuppdrátt heyri ekki til sjálfu skipulaginu, og taki því staðfesting félagsmálaráðuneytisins ekki til þess. Þegar kaupfélagið reisti verzlunarhús sitt, hafi það því tekið á sig áhættuna á því, að brúnni kynni að verða valinn annar staður. Þróunin gangi nú hvarvetna í þá átt að leggja alfaravegi fram hjá bæjum og þorpum til að bægja frá umferðarhættu og öðru óhagræði af óhóflegri umferð í þéttbýli. Þá kveður fyrirsvarsmaður ríkissjóðs ekki ástæðu til að ætla, að verzlunarhús kaupfélagsins ónýtist að verulegu leyti, þó að leið til þess frá þjóðvegi lengist lítils háttar. Þess beri og að gæta, að kaupfélagið reki fyrst og fremst viðskipti við bændur, og muni breyting á brúarstæðinu ekki raska neitt viðskiptum við þá. Og sama gildi um viðskipti við íbúa kauptúnsins. Tap á viðskiptum við ferðamenn geti á engan hátt rýrt verzlunarhúsið svo í verði sem haldið sé fram af hálfu kaupfélagsins, enda vært auðvelt að bæta úr því með því að reisa söluskála við þjóðbrautina fyrir smávarning, sem ferðamenn tíðast kaupa. Ekki muni heldur draga neitt úr notagildi annarra atvinnuhúsa félagsins. Loks geti komið til greina, að núverandi brú verði látin standa áfram um óákveðinn tíma, og muni þá umferð um hana haldast að einhverju leyti.

IV.

Hér að framan hefur verið greint frá sögu máls þessa, kröfugerð aðilja og rökstuðningi þeirra. Kemur þá til athugunar, hvort ríkissjóður sé bótaskyldur, eins og hér stendur á.

Með skipulagslögunum nr. 55/1921, sbr. lög nr. 64/1938, er ríkisvaldinu veitt mjög víðtæk heimild til skipulagningar bæja og kauptúna, þar á meðal til að breyta eldra staðfestu skipulagi, þó að breytingin hafi í för með sér röskun á hagsmunum einstakra aðilja. Réttur vegamálastjórnarinnar til að ákveða brúnni yfir Ytri-Rangá annan stað en þann, sem hinn staðfesti skipulagsuppdráttur sýnir, verður ekki dreginn í efa. Fer sú ákvörðun eftir mati ríkisvaldsins á ástæðum, og hefur vegamálastjóri í framanskráðri greinargerð sinni fært full rök að því, að með tilliti til samgangna hafi verið nauðsynlegt og rétt að velja brúnni þann stað, sem nú hefur gert verið. Af skýrslu hans má einnig ráða, að fyrirhuguð vegalagning samkvæmt hinum staðfesta skipulagsuppdrætti hefði orðið mjög kostnaðarsöm og væntanlega ekki orðið framkvæmd án eignarnáms og skaðabótagreiðslna.

Við úrlausn máls þessa ber samkvæmt framansögðu að leggja til grundvallar, að þær aðgerðir ríkisvaldsins, sem mál þetta er af risið, hafi verið gerðar með fullri heimild. Annað mál er það, hvort Kaupfélagið Þór eigi samkvæmt lögum rétt til að fá bætt tjón, sem það kann að hafa beðið vegna umræddrar breytingar.

Í IV. kafla skipulagslaganna nr. 55/1921 eru ákvæði um eignarnám og skaðabætur. Samkvæmt 25. gr. laganna er heimilt að dæma aðilja skaðabætur, ef fasteign hefur „rýrnað í verðmæti" vegna skipulagsaðgerða, þó að ekki fari fram beint eignarnám samkvæmt 24. eða 26. gr. laganna. Bæði hér á landi og annars staðar, þar sem svipuð ákvæði eru eða hafa verið í lögum, hefur þótt ástæða til að skýra þau þröngt og þó sérstaklega þegar um frumskipulagningu er að ræða, en ekki breytingu á eldra staðfestu skipulagi.

Þegar athugað er mál það, sem hér liggur fyrir, þá er auðsætt, að skipulag það á Hellukauptúni, sem staðfest var 2. apríl 1954, er gert á þeirri forsendu, að brúin á Ytri-Rangá verði byggð á þeim stað, sem uppdrátturinn sýnir, og að þjóðvegurinn austur af brúnni verði lagður eins og þar er markað. Skipulagsuppdrátturinn er gerður í samræmi við fyrirætlanir þáverandi vegamálastjóra og yfirstjórnar vegamála um brúarstæðið, enda hafði þá þegar verið gerð teikning að brúnni á þessum stað. Í skipulagslögunum er ákveðið, að vegamálastjóri eigi sæti í Skipulagsnefnd ríkisins, svo að samræmi verði milli ákvarðana vegamálastjórnar og skipulagsyfirvalda. Mörkun brúarstæðisins á skipulagsuppdráttinn var þannig í föstum tengslum við skipulagninguna og grundvöllur hennar. Ákvörðun sú, sem nú hefur verið tekin um staðsetningu nýju brúarinnar, hefur því í för með sér breytingu á hinum staðfesta skipulagsuppdrætti Hellukauptúns. Hefur og Skipulagsnefnd ríkisins talið nauðsyn bera til að gera nýjan skipulagsuppdrátt, sem miðaður sé við hið nýja brúarstæði.

Afstaða verzlunarhúss Kaupfélagsins Þórs til skipulagningarinnar hefur áður verið rakin, en rétt þykir að taka hér fram eftirgreind aðalatriði:

Kaupfélagið Þór æskti þegar á árinu 1947, að Hellukauptún yrði skipulagt vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda. Var þá á næstu árum hafinn undirbúningur að skipulagsgerð. Eftir að verzlunarhús kaupfélagsins hafði brunnið árið 1953, var þegar hafizt handa um að fullgera skipulagið, áður en nýju verzlunarhúsi yrði valinn staður. Skipulagsuppdráttur var síðan gerður með samþykki þáverandi vegamálastjóra, eins og áður hefur verið lýst, og staðfestur af stjórnarráðinu 2. apríl 1954. Í sama mánuði var hinu fyrirhugaða verzlunarhúsi valinn staður í samráði við þáverandi skipulagsstjóra ríkisins og hreppsnefnd Rangárvallahrepps. Hóf kaupfélagið þá byggingarframkvæmdir í maímánuði 1954 og hafði lokið smíði hins nýja húss fyrra hluta árs 1955.

Hin staðfesta skipulagning Hellukauptúns er stjórnarathöfn, sem kaupfélaginu var rétt að miða framkvæmdir sínar við. Vegna skipulagningarinnar valdi kaupfélagið í samráði við skipulagsyfirvöldin verzlunarhúsinu þann stað, sem það nú stendur á, í því skyni að tryggja því sem bezta viðskiptaaðstöðu gagnvart umferð um Suðurlandsveg, og hafði kaupfélagið ástæðu til að treysta því, að sú aðstaða mundi haldast um allangan tíma. Á þessu verður nú, aðeins 5—6 árum eftir byggingu verzlunarhússins, mikil röskun vegna hins nýja brúarstæðis og þar af leiðandi breytingar á heildarskipulagi Hellukauptúns. Af þessum sökum þykir kaupfélagið tvímælalaust eiga rétt til nokkurra bóta, sbr. fyrrnefnda 25. gr. laga nr. 55/1921. Í

28. gr. sömu laga segir, að skaðabætur, meðal annars eftir 25. gr., skuli greiddar úr bæjar- eða hreppssjóði. Er þá gert ráð fyrir, að skipulagsframkvæmdir hafi verið gerðar í þágu bæjar- eða sveitarfélags. Skipulagsbreyting sú, sem mál þetta snýst um, er hins vegar gerð eftir ákvörðun ríkisvaldsins og með ríkishagsmuni fyrir augum, en gegn mótmælum hreppsnefndar Rangárvallahrepps. Ber ríkissjóði því að greiða bæturnar. Í málflutningi fyrir gerðardóminum hefur fyrirsvarsmaður ríkissjóðs lýst því, að verði bætur dæmdar, geti umbjóðandi hans fallizt á, að greiðsluskylda sé nú þegar fyrir hendi.

Að undanskildu umræddu verzlunarhúsi voru öll atvinnuhús kaupfélagsins byggð, áður en staðfesting skipulagsins fór fram hinn 2. apríl 1954. Við ákvörðun bóta verður því ekki, eins og á stendur, tekið tillit til þess, þó að notagildi þessara húsa kunni að rýrna vegna skipulagsbreytingar þeirrar, sem nú er á döfinni. Þá ber og að ákveða bætur með það fyrir augum, að kaupfélagið mátti ekki treysta því, að hið staðfesta skipulag héldist um ótakmarkaðan tíma. Þegar virt eru þau atriði í heild, sem til greina koma við matið, þykja bætur hæfilega ákveðnar kr. 750.000,00. Ber fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að greiða Kaupfélaginu Þór þá fjárhæð ásamt 10% ársvöxtum frá 1. júní 1960 til greiðsludags, verði hún ekki greidd fyrir lok maímánaðar 1960. Svo greiði og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs allan kostnað af gerðardóminum, þar á meðal málflutningslaun fyrirsvarsmanns Kaupfélagsins Þórs, sem ákveðast kr. 40.000,00.

Dómsorð:

Varnaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði sóknaraðilja, Kaupfélaginu Þór á Hellu, kr. 750.000,00 ásamt 10% ársvöxtum frá 1. júní 1960 til greiðsludags, ef greiðsla hefur ekki farið fram fyrir lok maímánaðar 1960.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði allan kostnað af gerðardóminum, þar á meðal málflutningslaun fyrirsvarsmanns Kaupfélagsins Þórs, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000,00.

Reykjavík, 23. apríl 1960.

Alþingisreikningur 1959.

(Yfirlit.)

Tekjur:

I. Fyrir seld Alþingistíðindi		kr.	2430,00
II. Vextir af innstæðu í hlaupareikningi í Landsbankanum		—	1754,75
III. Ávísað úr ríkissjóði samkv. ávísana- og gjaldabókum þingsins, þar með talin millifærsla í ríkisbókhaldinu:			
a. Alþingiskostnaði	kr. 8586335,96		
b. Fyrir yfirskoðun ríkisreikninga	— 78959,67		
		—	8665295,63
	Samtals	kr.	8669480,38

Gjöld:

A. Samkv. 9. gr. 1 í fjárlögum (alþingiskostnaður):

I. Þingtararkaup alþingismanna:			
a. Á síðari hluta þings 1958—59 (sjá fylgiskjal I)	kr. 2563359,32		
b. Á aukaþingi 1959 (sjá fylgiskjal II)	— 598729,05		
c. Á fyrri hluta þings 1959—60 (sjá fylgiskjal III)	— 856241,05		
d. Keypt orlofsmerki	— 35000,00		
		kr.	4053329,42
II. Goldið starfsmönnum:			
a. Föst laun o. fl. [laun skrifstofustjóra kr. 101204,44, Jóhannesar Halldórssonar fulltrúa kr. 79306,71 + yfirvinna kr. 37460,87, Ólafs Ólafssonar fulltrúa kr. 74570,85 + yfirvinna kr. 26387,93, Markúsar Jónssonar húsvarðar kr. 52946,35 + yfirvinna kr. 5104,80 + húsaleigustyrkur kr. 3600,00]	kr. 380582,21		
b. Lausum starfsmönnum:			
1. Á síðari hluta þings 1958—59 [skrifst. og prófarkalestur kr. 98165,62; skjalavarzla og afgreiðsla kr. 34838,47; lestrarsalsgæzla kr. 24738,30; vélræn upptaka á þingræðum og ræðuritun kr. 208514,76; þingfréttamaður í útvarpi kr. 29802,65; dyra- og pallavarzla kr. 164996,19; þingsveinsstörf kr. 53254,68; símavarzla kr. 47807,97; fatagæzla kr. 33534,45]	kr. 695653,09		
2. Á aukaþingi 1959 [skrifstofa og prófarkalestur kr. 39452,31; skjalavarzla og afgreiðsla kr. 6738,46; lestrarsalsgæzla kr. 5716,80; vélræn upptaka á þingræðum og ræðuritun kr. 44175,28; þingfréttamaður í útvarpi kr. 3302,08; dyra- og pallavarzla kr. 31760,92; þingsveinsstörf kr. 10480,80; símavarzla kr. 8221,20; fatagæzla kr. 6193,20]	— 156041,05		
3. Á fyrri hluta þings 1959—60 [skrifstofa og prófarkalestur kr. 17086,38; skjalavarzla og afgreiðsla kr. 8522,17; lestrarsalsgæzla kr. 10004,40; vélræn upptaka á þingræðum og ræðuritun kr. 57924,80; þingfréttamaður í útvarpi kr. 8400,00; dyra- og pallavarzla kr. 60340,98; þingsveinsstörf kr. 9993,62; símavarzla kr. 8853,60; fatagæzla kr. 10004,40]	— 191130,35		
	— 1042824,49		
c. Keypt orlofsmerki	— 55000,00		
		—	1478406,70

III. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda og önnur prentun:
a. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda:
1. Skjalapartur og þingskjöl [prentun 2.—4. heftis A-deildar 1958 (90 arkir)] ..... kr. 236845,85
2. Umræðupartur [prentun 5. heftis B-deildar 1956 (36 arkir), 1. heftis B-deildar 1957 (30 arkir) og D-deildar s. á. (33 arkir)] ..... — 239974,85
3. Útsending [burðareyrir, umbúðapappír o. fl.] — 16432,95
kr. 493253,65
b. Önnur prentun [prentun dagskráa kr. 16735.55, laga og þál. kr. 34760,00, þingmannaskráa o. fl. kr. 13389,20, fjölritun kr. 4259,50] — 69144,25
kr. 562397,90

IV. Bókband (kr. 39298,00), bækur (kr. 4896,95), ritföng (kr. 29510,25) ..... — 73705,20

V. Ljós, hiti, ræsting og kostnaður af húsi og munum:
a. Ljós og önnur raforka (kr. 19282,28), ljósfæri (kr. 5798,91) .. kr. 25081,19
b. Hiti ..... — 32752,52
c. Ræsting [ræstingarvinna kr. 164776.32, ræstingarvörur kr. 4539.13] — 169315,45
d. Kostnaður af húsi [handlaugar, miðstöð o. fl. kr. 40783,29; málun kr. 65090,75; dúklagning og veggfóðrun kr. 14683.76; niðurföll kr. 14887,87; gluggar kr. 3557,60; ýmsar aðgerðir kr. 11500,93] — 150504,20
e. Kostnaður af munum [forsetaborð, skrifaraborð, ræðustóll, þingmannaborð, þingmannastólar, ráðherrastólar, stólar og borð í flokksherbergi og lestrarsal o. fl. kr. 287787,25; kevptir munir kr. 104765.11; viðhald á ritvélum kr. 3523,03; viðhald á rafmagnsáhöldum kr. 1064,50; ýmsar aðgerðir og endurbætur kr. 18421,14] ..... — 415561,03
— 793214,39

VI. Önnur gjöld:
a. Aðstoð og aukavinna [aðstoðarvinna Ólafs Þorvaldssonar kr. 17911,80; prófarkalestur kr. 10965,71; vinna við bókasafn og skjalasafn kr. 9118,71; þýðingar kr. 2401,00] ..... kr. 40397,22
b. Kostnaður af einstökum nefndum [til ritara fjárveitinganefndar kr. 20046,98; til ritara utanríkismálanefndar kr. 11071,00; risnukostnaður fjárveitinganefndar o. fl. kr. 6251,55; risnukostnaður fjárhagsnefndar Nd. kr. 220.00] ..... — 37589,53
c. Símagjöld Alþingis [afnotagjald af símum Alþingis kr. 53996,92; símtöl og símskeyti frá skrifstofu þingsins kr. 5788.05] ..... — 59784,97
d. Símanot þingmanna [símtöl og símskeyti kr. 210700,08; endurgreiðsla til þingmanna á kostnaði þeirra af heimasíma kr. 43637,55] — 254337,63
e. Þinghúsgarðurinn ..... — 30735,54
f. Opinber gjöld [framlag Alþingis til Lífeyrissjóðs alþingismanna 1959 kr. 406664,73; fasteignaskattur og brunabótaiðgjald af alþingishúsinu og Kirkjustræti 12 kr. 24652,00; iðgjald af lausafjártryggingu kr. 5555,00; iðgj. skv. l. um almannatryggingar kr. 30353,00; iðgj. skv. l. um atvinnuleysistryggingar kr. 1531,00] .. — 468755,73
g. Ýmis gjöld [kostnaður af Norðurlandaráði (fargjöld fimm fulltrúa og ritara á þing ráðsins í Stokkhólmi og fulltrúa á laganefndarfund í Kaupmannahöfn og stjórnarnefndarfund í Kungälv kr. 76340.80, farareyrir sömu fulltrúa og ritara að meðtöldu gjaldi til dýrtíðarsjóðs og útflutningssjóðs og leyfisgjaldi kr. 71081,64, slysatryggingariðgjald kr. 5049,00, hluti Íslands af sameiginlegum kostnaði og ráðstefndum og annar kostnaður kr. 70224.79, kostnaður af útgáfu tímaritsins Nordisk kontakt kr. 13425.88) kr. 236122,11; kostnaður af Alþjóðaþingmannasambandinu (fargjöld tveggja fulltrúa og ritara á þing sambandsins í Varsjá kr. 55170,80, farareyrir sömu fulltrúa að meðtöldu gjaldi til dýrtíðarsjóðs og útflutningssjóðs og leyfisgjaldi kr. 47080,17, slysatryggingariðgjald kr. 4009,50, árstillag til sambandsins kr. 2647,97) kr. 108908.44; kostnaður af samtökum þingmanna Norður-Atlantshafsbandalagsríkjanna (fargjöld briggja fulltrúa á fund samtakanna í New York og fulltrúa á fund fastanefndar þeirra kr. 22588,60, farareyrir sömu fulltrúa að meðtöldu gjaldi til dýrtíðarsjóðs og útflutningssjóðs og leyfisgjaldi kr. 32098,10, slysatryggingariðgjald kr. 1759,00, árgjald til samtakanna kr. 1420,15) kr. 57865,85; kostnaður af veitingum í alþingishúsinu (rekstrarstyrkur kr. 27226,00,

veitingar á kvöldfundum kr. 61315,00) kr. 88541,00; kostnaður af boðsferð til Stokkhólms á 150 ára afmæli sænsku stjórnarskrárinnar kr. 81411,43; risnukostnaður forseta (þingveizla og starfsmannaveizla) kr. 88367,87; bílleiga fyrir dreifingu dagskráa kr. 14900,00; annað kr. 61749,78]	kr.	737866,48	
			kr. 1629467,10
			kr. 8590520,71
B. Samkv. 9. gr. 2 í fjárlögum (yfirskoðunarmenn ríkisreikninga):			
VII. Laun tveggja yfirskoðunarmanna fyrir yfirskoðun RR 1957 (kr. 41807,78); laun eins yfirskoðunarmanns fyrir yfirskoðun RR 1958 (kr. 29903,89); húsaleigaí Arnarhvoli (kr. 7248,00)			— 78959,67
		Samtals	kr. 8669480,38

Skrifstofu Alþingis, 15. janúar 1960.

Friðjón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

Þingfararkaup alþingismanna á síðari hluta þings 1958-59.

	Nöfn	Dagpeningar: Kr. 292,27 á dag (þar í 102% verðlagsuppbót) í jan.mán.	Dagpeningar: Kr. 253,21 á dag frá 1. febr. til þingloka (þar í 75% verðlub.)	Dvalarkostnaður	Ferðakostnaður	Húsaleiga	Þingfararkaup alls
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1	Alfreð Gíslason, 1. landsk. þm.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
2	Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn.	9060,37	26333,84	15525,00	200,00	5000,00	56119,21
3	Áki Jakobsson, þm. Siglf.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
4	Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.	9060,37	26333,84	15525,00	180,00	6000,00	57099,21
5	Benedikt Gröndal, 5. landsk. þm.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
6	Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.	9060,37	26840,26	15755,00	1200,00	12000,00	64855,63
7	Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
8	Björgvin Jónsson, þm. Seyðf.	9060,37	27346,68	15985,00	675,00	13500,00	66567,05
9	Björn Fr. Björnsson, 2. (vara)þm. Rang.	„	4304,57	1955,00	400,00	2777,60	9437,17
10	Björn Jónsson, 8. landsk. þm.	9060,37	27346,68	15985,00	700,00	20121,88	73213,93
11	Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
12	Eggert G. Þorsteinsson, 4. þm. Reykv. ..	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
13	Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
14	Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.	9060,37	27599,89	16100,00	550,00	19601,59	72911,85
15	Emil Jónsson, þm. Hafnf.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
16	Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
17	Finnbogi R. Valdimarsson, 4. landsk. þm.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
18	Friðjón Skarphéðinsson, þm. Ak.	9060,37	26080,63	„	„	13000,00	48141,00
19	Friðjón Þórðarson, 11. landsk. þm.	9060,37	26333,84	15525,00	250,00	15000,00	66169,21
20	Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
21	Guðm. Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
22	Gunnar Jóhannsson, 6. landsk. þm.	9060,37	23801,74	14375,00	900,00	26504,40	74641,51
23	Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv. ..	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
24	Gunnl. Þórðarson, 10. landsk. (vara)þm.	„	4557,78	„	„	„	4557,78
25	Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
26	Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.	4091,78	28359,52	14490,00	372,00	14500,00	61813,30
27	Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr.	9060,37	26587,05	15640,00	120,00	7500,00	58907,42
28	Hannibal Valdimarsson, 7. þm. Reykv.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
29	Hermann Jónasson, þm. Str.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
30	Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.	9060,37	26333,84	15525,00	200,00	15000,00	66119,21
31	Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
32	Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
33	Jón Kjartansson, þm. V-Sk.	9060,37	26587,05	15640,00	250,00	24552,00	76089,42
34	Jón Pálmason, þm. A-Húnv.	9060,37	26587,05	15640,00	400,00	8000,00	59687,42
35	Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.	9060,37	26587,05	15640,00	550,00	7500,00	59337,42
36	Jónas Árnason, 6. landsk. (vara)þm. ..	„	3544,94	805,00	„	„	4349,94
37	Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm.	9060,37	26587,05	15640,00	995,00	14954,40	67236,82
38	Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.	9060,37	26587,05	15640,00	800,00	22915,20	75002,62
39	Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.	9060,37	26587,05	15640,00	900,00	10000,00	62187,42
40	Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M.	9060,37	27346,68	15985,00	675,00	15000,00	68067,05
41	Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
42	Ólafur Björnsson, 9. landsk. þm.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
43	Ólafur Thors, þm. G-K.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
44	Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
45	Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.	9060,37	26333,84	15525,00	500,00	6000,00	57419,21
46	Pétur Ottesen, þm. Borgf.	9060,37	26587,05	15640,00	100,00	7500,00	58887,42
47	Pétur Pétursson, 10. landsk. þm.	9060,37	21522,85	„	„	„	30583,22
48	Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
49	Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.	9060,37	26587,05	15640,00	600,00	15000,00	66887,42
50	Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
51	Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.	9060,37	26333,84	15525,00	200,00	10000,00	61119,21
52	Sigurvin Einarsson, þm. Barð.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
53	Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.	9060,37	26587,05	15640,00	150,00	6300,00	57737,42
54	Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.	9060,37	26080,63	„	„	„	35141,00
55	Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang. ..	9060,37	22029,27	13570,00	300,00	14619,60	59579,24
56	Tómas Árnason, 2. (vara)þm. N-M.	4968,59	„	„	„	„	4968,59
	Samtals	471139,24	1372651,41	374555,00	12167,00	332846,67	2563359,32

Fylgiskjal II.

Þingfararkaup alþingismanna á aukaþingi 1959.

	Nöfn	Dagpeningar kr. 253,21 á dag	Dvalarkostnaður	Ferðakostnaður	Húsaleiga	Þingfararkaup alls
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1	Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn.	6583,46	3680,00	300,00	1000,00	11563,46
2	Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.	7089,88	3795,00	610,00	2678,40	14173,28
3	Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.	8102,72	4025,00	1500,00	3600,00	17227,72
4	Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv. ..	6583,46	„	„	„	6583,46
5	Björgvin Jónsson, þm. Seyðf.	7596,30	3910,00	1340,00	6813,20	19659,50
6	Björn Fr. Björnsson, 2. þm. Rang.	6836,67	3680,00	300,00	5158,40	15975,07
7	Björn Jónsson, 8. landsk. þm.	8102,72	3910,00	1500,00	5338,00	18850,72
8	Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv.	6583,46	„	„	„	6583,46
9	Björn Pálsson, þm. A-Húnv.	6836,67	3680,00	600,00	2256,80	13373,47
10	Eggert G. Þorsteinsson, 2. landsk. þm. ..	6583,46	„	„	„	6583,46
11	Einar Ingimundarson, þm. Siglf.	8609,14	4140,00	1200,00	2800,00	16749,14
12	Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.	6583,46	„	„	„	6583,46
13	Emil Jónsson, 4. landsk. þm.	6583,46	„	„	„	6583,46
14	Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.	6583,46	„	„	„	6583,46
15	Finnbogi R. Valdimarsson, 5. landsk. þm.	6583,46	„	„	„	6583,46
16	Friðjón Skarphéðinsson, 11. landsk. þm.	6583,46	„	„	2600,00	9183,46
17	Geir Gunnarsson, 7. landsk. (vara)þm.	1266,05	287,50	„	„	1553,55
18	Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.	6583,46	„	„	„	6583,46
19	Gísli Jónsson, þm. Barð.	6583,46	„	„	„	6583,46
20	Guðlaugur Gíslason, þm. Vestm.	8102,72	3910,00	420,00	3291,60	15724,32
21	Guðm. Í. Guðmundsson, 6. landsk. þm.	6583,46	„	„	„	6583,46
22	Gunnar Gíslason, 2. þm. Skagf.	7089,88	3795,00	340,00	500,00	11724,88
23	Gunnar Jóhannsson, 3. landsk. þm.	8609,14	4025,00	1200,00	2500,00	16334,14
24	Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.	6583,46	„	„	„	6583,46
25	Gylfi Þ. Gíslason, 5. þm. Reykv.	6583,46	„	„	„	6583,46
26	Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.	7089,88	1150,00	2380,00	1500,00	12119,88
27	Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr.	6583,46	3680,00	150,00	3000,00	13413,46
28	Hannibal Valdimarsson, 1. landsk. þm.	6583,46	„	„	„	6583,46
29	Hermann Jónasson, þm. Str.	6583,46	„	„	„	6583,46
30	Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.	7089,88	3795,00	400,00	5000,00	16284,88
31	Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv.	5823,83	„	„	„	5823,83
32	Jón Árnason, þm. Borgf.	6836,67	3795,00	200,00	3000,00	13831,67
33	Jónas Rafnar, þm. Ak.	7343,09	4025,00	1500,00	4860,80	17728,89
34	Karl Guðjónsson, 7. landsk. þm.	6330,25	3105,00	420,00	2000,00	11855,25
35	Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.	7849,51	4140,00	1500,00	5555,20	19044,71
36	Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.	7849,51	4025,00	1600,00	3000,00	16474,51
37	Lúðvík Jósefsson, 10. landsk. þm.	7849,51	4025,00	1500,00	5600,00	18974,51
38	Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.	6583,46	„	„	„	6583,46
39	Matthías Á. Mathiesen, þm. Hafnf.	6583,46	1840,00	„	„	8423,46
40	Ólafur Björnsson, 4. (vara)þm. Reykv. ..	759,63	„	„	„	759,63
41	Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Skagf.	6583,46	„	„	„	6583,46
42	Ólafur Thors, þm. G-K.	6583,46	„	„	„	6583,46
43	Óskar Jónsson, þm. V-Sk.	7596,30	3910,00	1275,00	4389,50	17170,80
44	Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.	6583,46	„	„	„	6583,46
45	Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.	7343,09	3910,00	900,00	2800,00	14953,09
46	Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.	6583,46	„	„	„	6583,46
47	Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.	7343,09	3910,00	800,00	3750,00	15803,09
48	Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.	6583,46	„	„	„	6583,46
49	Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.	6583,46	3680,00	400,00	3000,00	13663,46
50	Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.	7089,88	3795,00	260,00	2000,00	13144,88
51	Stefán B. Björnsson, 2. (vara)þm. S-M.	2025,68	920,00	1720,00	500,00	5165,68
52	Steindór Steindórsson, 9. landsk. þm. ..	7596,30	3910,00	880,00	5952,00	18338,30
53	Tómas Árnason, 2. (vara)þm. N-M. ..	5064,20	„	„	„	5064,20
54	Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M. ..	6077,04	3335,00	3150,00	1200,00	13762,04
55	Þorvaldur G. Kristjánsson, þm. V-Ísf.	6583,46	„	„	„	6583,46
56	Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv. ..	6583,46	„	„	„	6583,46
	Samtals	370952,65	103787,50	28345,00	95643,90	598729,05

Fylgiskjal III.

Þingfararkaup alþingismanna á fyrri hluta þings 1959-60.

	Nöfn	Dagpeningar kr. 245,21 frá þingbyrjun til áramóta	Dvalarkostnaður	Ferðakostnaður	Húsaleiga	Þingfararkaup alls
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1	Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm.	10634,82	2990,00	„	1800,00	15424,82
2	Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.	10634,82	„	„	„	10634,82
3	Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.	10634,82	„	„	„	10634,82
4	Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.	10634,82	2990,00	200,00	2000,00	15824,82
5	Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.	11394,45	3335,00	700,00	3000,00	18429,45
6	Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.	10634,82	„	„	„	10634,82
7	Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.	11141,24	3220,00	830,00	1800,00	16991,24
8	Birgir Kjaran, 6. landsk. þm.	10634,82	„	„	„	10634,82
9	Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.	10634,82	„	„	„	10634,82
10	Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm.	11141,24	3220,00	950,00	500,00	15811,24
11	Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.	10888,03	3105,00	400,00	4557,00	18950,03
12	Björn Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.	11141,24	3220,00	1700,00	6465,00	22526,24
13	Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.	9621,98	1840,00	600,00	1075,10	13137,08
14	Davíð Ólafsson, 5. (vara)þm. Reykv. ..	4557,78	„	„	„	4557,78
15	Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.	10634,82	„	„	„	10634,82
16	Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv.	10634,82	„	„	„	10634,82
17	Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.	11141,24	3220,00	1000,00	4135,40	19496,64
18	Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.	10634,82	„	„	„	10634,82
19	Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.	10634,82	„	„	„	10634,82
20	Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.	10634,82	„	„	„	10634,82
21	Finnb. R. Valdimarsson, 5. þm. Reykn.	10634,82	„	„	„	10634,82
22	Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm.	10634,82	2990,00	500,00	5200,00	19324,82
23	Garðar Halldórsson, 4. þm. Norðurl. e.	11141,24	3220,00	920,00	1800,00	17081,24
24	Geir Gunnarsson, 7. landsk. þm.	10634,82	1495,00	„	„	12129,82
25	Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e. .	10634,82	„	„	„	10634,82
26	Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf.	10634,82	„	„	„	10634,82
27	Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.	11141,24	3220,00	445,00	2605,00	17411,24
28	Guðm. Í. Guðmundsson, 3. landsk. þm.	10634,82	„	„	„	10634,82
29	Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v. ..	10381,61	2875,00	635,00	800,00	14691,61
30	Gunnar Jóhannsson, 11. landsk. þm. ..	12660,50	3910,00	1800,00	10416,00	28786,50
31	Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.	10634,82	„	„	„	10634,82
32	Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.	10634,82	„	„	„	10634,82
33	Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.	11394,45	3335,00	1428,00	5800,00	21957,45
34	Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl. .	11141,24	3220,00	300,00	3000,00	17661,24
35	Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm.	8355,93	„	„	„	8355,93
36	Hermann Jónasson, 2. þm. Vestf.	10634,82	„	„	„	10634,82
37	Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.	11394,45	„	„	„	11394,45
38	Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.	10888,03	3105,00	175,00	4923,40	19091,43
39	Jón Kjartanss., 5. (vara)þm. Norðurl. v.	1519,26	„	„	„	1519,26
40	Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.	10634,82	„	„	„	10634,82
41	Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm.	10634,82	„	„	„	10634,82
42	Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.	10888,03	3105,00	1450,00	1000,00	16443,03
43	Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e. ..	10634,82	2990,00	1000,00	3298,40	17923,22
44	Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.	11394,45	3335,00	1390,00	3906,00	20025,45
45	Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e. ..	11141,24	3220,00	1500,00	3900,00	19761,24
46	Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf. ..	10888,03	3105,00	1000,00	3038,00	18031,03
47	Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.	12407,29	3795,00	1300,00	5600,00	23102,29
48	Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e. ..	10634,82	„	„	„	10634,82
49	Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn. ..	10634,82	1495,00	„	„	12129,82
50	Ólafur Björnsson, 11. þm. Reykv.	10634,82	„	„	„	10634,82
51	Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.	10634,82	„	„	„	10634,82
52	Ólafur Thors, 1. þm. Reykn.	10634,82	„	„	„	10634,82
53	Páll Kristjánsson, 4. landsk. (vara)þm.	2785,31	1265,00	1800,00	1432,20	7282,51
54	Páll Þorsteinsson, 5. þm. Austf.	11647,66	3450,00	1100,00	2850,00	19047,66
55	Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.	10634,82	„	„	„	10634,82
56	Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.	10634,82	„	„	„	10634,82
57	Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl. ..	11141,24	3220,00	800,00	3750,00	18911,24
58	Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.	10634,82	„	„	„	10634,82
59	Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl. ..	10888,03	3105,00	200,00	4000,00	18193,03
60	Sigurvin Einarsson, 4. þm. Vestf.	10634,82	„	„	„	10634,82
61	Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.	11141,24	3220,00	300,00	2400,00	17061,24
62	Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv. ..	10634,82	„	„	„	10634,82
	Samtals	646951,55	89815,00	24423,00	95051,50	856241,05

Reikningur Alþingissjóðs 1959.

(Skipulagsskrá sjóðsins er prentuð í Alþt. 1936, B. 1452—53.)

Tekjur:

1.	Eign við árslok 1958:	
	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 8047,96
2.	Vextir 1959 af innstæðu í Söfnunarsjóði	— 450,05
3.	Verðlaun vaxtabætis Söfnunarsjóðs	— 16,06
	Samtals	kr. 8514,07

Gjöld:

Eign við árslok 1959:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 8514,07
Samtals	kr. 8514,07

Skrifstofu Alþingis, 15. janúar 1960.

Friðjón Sigurðsson.